	f. Styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga 25497200		
		32 044 620	
	2. Önnur ríkisframfærsla:		
	a. Gjöld samkv. 21. gr., 22. gr. og 23. gr. framfærslulaga 150000		
	b. Gjöld samkv. 12. gr. laga nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna 20000		
	c. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis 20000		
	d. Greiðsla með börnum erlendra manna samkv. 3. bráðabirgðaákvæði framfærslulaga 2300000		
		2 490 000	
	3. Elliheimili:		
	a. Til Elliheimilisins Grundar, Reykjavík 60000 Skilyrði fyrir styrknum er, að vistmenn, sem framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur, greiði ekki hærri daggjöld en bæjarmenn.		
	b. Til átta elliheimila utan Reykjavíkur, kr. 40000 til hvers 320000		
		380 000	
	4. Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga, þar af rekstrarstyrkur vegna læknislauna kr. 91079	394 079	
	5. Til almennra slysavarna	300 000	
	6. Til lífeyrissjóðs togarasjómanna	500 000	
	7. Til barnavinafélagsins Sumargjafar:		
	a. Rekstrarstyrkur gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ 200000		
	b. Til starfskvennaskóla, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 35000		
		235 000	
	8. Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að	200 000	

17. gr.

		kr.	kr.
9.	Byggingarstyrkur til sumardvalarheimilis Rauðakrossdeildar Hafnarfjarðar o. fl.	40 000	
10.	Til Barnaverndarfélags Akureyrar, byggingarstyrkur	20 000	
11.	Til heimilishjálpar samkv. lögum nr. 10/1952	150 000	
12.	Til Kvenréttindafélags Íslands	20 000	
13.	Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
	a. Til Rauða Kross Íslands 25000		
	b. Til Blindravinafélagsins, til útgáfu bóka á blindraletri 20000		
	c. Til félagsins Heyrnarhjálpar 10000		
	d. Til styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 17000		
	e. Til mæðrastyrksnefnda 70000		
	Þar af 35 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu.		
	f. Til orlofs- og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum ... 40000		
	g. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins 40000		
		222 000	
14.	Til Rósu A. Georgsdóttur (lokagreiðsla)	50 000	
15.	Styrkur til neytendasamtaka Reykjavíkur	35 000	
16.	Til Dýraverndunarfélags Íslands	10 000	
17.	Til ungmennastarfsemi:		
	a. Til Ungmennafélags Íslands 75000		
	Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
	b. Til Bandalags íslenzkra skáta 10000		
	c. Til Bandalags íslenzkra farfugla 10000		
		95 000	
			37 185 699
	Samtals ...	. . .	149 440 231

18. gr.

Til styrktarfjár, lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna, biðlauna og heiðurslauna er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	166 686	
	b. Embættismannaekkjur	165 532	
		332 218	
	Verðlagsuppbót	275 740	
			607 958
II.	Eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna og lífeyris, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé:		
	a. Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
	Aðalheiður Albertsdóttir, fyrrv. kennslukona	4095.00	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2007.00	
	Ágúst Elíasson, fyrrv. yfirfiskmatsm.	3561.00	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	15750.00	
	Andrés Johnson, fornminjasafnari	26085.00	
	Andrés Ólafsson, fyrrv. fiskmatsmaður	2662.00	
	Anna Þórhallsdóttir, fyrrv. aðstoðargjaldkeri	5935.00	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	2625.00	
	Árni Árnason, fyrrv. héraðslæknir	2100.00	
	Árni S. Bjarnason, fyrrv. húsvörður Alþingis	14742.00	
	Árni Thorsteinsson, tónskáld	18407.00	
	Arnleif Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2007.00	
	Ásdís M. Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	2007.00	
	Ásgeir Jónsson, fyrrv. póstur	2662.00	
	Ásgeir Jónsson frá Gottorp	2007.00	
	Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari	8925.00	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	3276.00	
	Bjarni Jónsson, vígslubiskup	37800.00	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2048.00	
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2100.00	
	Björgvin Guðmundsson, tónskáld	17804.00	
	Björn O. Björnsson, fyrrv. sóknarpr.	7166.00	
	Björn Einarsson	13289.00	
	Björn Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsm.	2007.00	
	Björn Helgason, fyrrv. fiskmatsm.	2662.00	
	Björn Jakobsson, fyrrv. skólastjóri	12600.00	
	Björn Jósefsson, fyrrv. héraðslæknir	9496.00	
	Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgreiðslumaður	4200.00	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	2048.00	
	Björn Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur	7122.00	
	Björn Þórðarson, fyrrv. forsætisráðherra	11025.00	
	Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður	10290.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Daníel Sveinsson, fyrrv. póstur	1331.00		
Davíð Jóhannesson, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslumaður	6143.00		
Eggert Stefánsson, söngvari	18900.00		
Egill Hallgrímsson, fyrrv. barnakennari .	5250.00		
Egill Tryggvason, fyrrv. póstur	2617.00		
Eiður Albertsson, fyrrv. barnaskólastjóri	4154.00		
Einar Ástráðsson, fyrrv. héraðslæknir ..	6300.00		
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	12600.00		
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur	26395.00		
Eiríkur Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur	7166.00		
Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	5250.00		
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	4154.00		
Finnbogi Arndal, fyrrv. fulltrúi	17804.00		
Friðleifur Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm.	4748.00		
Friðrik Bjarnason, fyrrv. barnaskólastj.	6655.00		
Friðrik J. Rafnar, vígslubiskup	14244.00		
Geir Sigurðsson, fyrrv. lögregluþjónn ...	8190.00		
Geir G. Zoëga, fyrrv. vegamálastjóri	12285.00		
Gísli Eiríksson, fyrrv. póstafgreiðslum. .	6528.00		
Gísli Sveinsson, fyrrv. sendiherra	8621.00		
Guðbrandur Björnsson, fyrrv. sóknarpr.	7123.00		
Guðbrandur Magnússon, fyrrv. forstjóri	8610.00		
Guðjón Bachmann, fyrrv. vegaverkstjóri	3150.00		
Guðjón Einarsson, fyrrv. fiskmatsm. ...	4725.00		
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	2007.00		
Guðjón Sigurðsson, fyrrv. póstur	1664.00		
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur ..	3338.00		
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi .	2007.00		
Guðmundur Benónýsson, fv. fiskmatsm. .	2625.00		
Guðmundur Einarsson, fyrrv. fiskmatsm.	2275.00		
Guðmundur Einarsson, fyrrv. póstafgr.m.	2018.00		
Guðmundur Gissurarson, fv. fiskmatsm. .	2662.00		
Guðmundur Guðmundsson, fv. héraðsl. .	16380.00		
Guðmundur Hannesson, fv. bæjarfógeti .	14742.00		
Guðmundur Hlíðdal, fyrrv. póst- og símamálastjóri	17535.00		
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	4668.00		
Guðmundur Pétursson, fyrrv. póstur ...	4550.00		
Guðni Stígsson, fyrrv. starfsm. Löggildingarstofunnar	14742.00		
Guðný Þórarinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	2100.00		
Guðrún Indriðadóttir, leikkona	5324.00		
Guðrún Reykholt	3150.00		
Gunnlaugur Björnsson, fyrrv. kennari ..	9496.00		
Guttormur Pálsson, fyrrv. skógarvörður .	5688.00		
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	2007.00		
Halla Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	2100.00		
Halldór Jónsson, fyrrv. yfirfiskmatsm. .	9496.00		
Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslumaður	5324.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Halldór Steinsen, fyrrv. héraðslæknir ...	13288.00		
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	13650.00		
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fv. póstur .	1331.00		
Hallgrímur Jónsson, fyrrv. barnaskólastj.	14885.00		
Hannes Jónsson, fyrrv. póstur	4668.00		
Haraldur Brynjólfsson, fyrrv. fiskmatsm.	2662.00		
Haraldur Leósson, fyrrv. kennari	3413.00		
Haraldur Þórarinsson, fv. sóknarprestur	5688.00		
Helgi Jónasson, fyrrv. héraðslæknir	3697.00		
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2048.00		
Hólmgeir Jensson, fyrrv. dýralæknir	2007.00		
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	4550.00		
Ingibjörg Jóhannsdóttir, fyrrv. kennari .	4748.00		
Ingibjörg Loftsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	2007.00		
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	2007.00		
Ingibjörg Sigurðardóttir, fv. póstafgr.k. .	3993.00		
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og síma-afgreiðslumaður	5688.00		
Ingimundur Steingrímsson, fyrrv. póstaf-greiðslumaður	5250.00		
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	2007.00		
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	42210.00		
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2018.00		
Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslumálastj.	27515.00		
Jakob J. Smári, fv. adjunkt, biðlaun ...	31548.00		
Jes Á. Gíslason, fyrrv. sóknarprestur ...	3338.00		
Jóhann Briem, fyrrv. sóknarprestur	7122.00		
Jóhann H. Havsteen, fyrrv. fiskmatsm. .	2374.00		
Jóhann Scheving, fyrrv. kennari	4095.00		
Jóhann Sveinbjörnsson, fyrrv. tollþjónn .	3413.00		
Jóhanna Friðriksdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	4095.00		
Jóhannes Guðmundsson, fyrrv. póstur ..	1331.00		
Jóhannes Jónasson, fyrrv. yfirfiskmatsm.	4154.00		
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsm.	2662.00		
Jón Bach, fyrrv. dyravörður	8190.00		
Jón Benjamínsson, fyrrv. fiskmatsm. ...	2007.00		
Jón Brandsson, fyrrv. sóknarprestur ...	7122.00		
Jón Eiríksson, fyrrv. skólastjóri	3150.00		
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustjóri, biðlaun	47250.00		
Jón Hallvarðsson, fyrrv. sýslumaður ...	16617.00		
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsm.	2374.00		
Jón Jónsson, fyrrv. kennari	2100.00		
Jón Ólafsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	5250.00		
Jón Sverrisson, fyrrv. fiskmatsm.	6654.00		
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2007.00		
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm.	2662.00		
Jónas Eyvindsson, fyrrv. símaverkstjóri .	3561.00		
Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir .	6654.00		
Jónas Rafnar, fyrrv. yfirlæknir	29006.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Jónas Stefánsson, fyrrv. póstur	2625.00		
Jónas Þorbergsson, fyrrv. útvarpsstjóri	19656.00		
Jónína Stefánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2100.00		
Jórunn Þórðardóttir, fyrrv. handavinnukennari	8308.00		
Jósef Jónsson, fyrrv. sóknarprestur	7122.00		
Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur	2374.00		
Karl Einarsson, fyrrv. bæjarfógeti	20914.00		
Karl Steingrímsson, fyrrv. fiskmatsm.	2007.00		
Kjartan Ólafsson, fyrrv. yfirfiskmatsm.	9983.00		
Klemenz Samúelsson, fv. barnakennari	2374.00		
Kristín Bjarnadóttir, fv. starfsk. Alþingis	2007.00		
Kristín Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2007.00		
Kristinn Benediktsson, fyrrv. póstafgr.m.	6256.00		
Kristjana V. Hannesdóttir, fv. skólastjóri	4095.00		
Kristjana Jónsdóttir, fyrrv. ritari	14742.00		
Kristján Jónsson, fyrrv. póstur	1331.00		
Kristján Sigurðsson, fyrrv. barnakennari	4154.00		
Kristján Steingrímsson, fyrrv. bæjarfógeti	14244.00		
Kristján Þorlákssson, fyrrv. vitavörður	2662.00		
Lárus Rist, fyrrv. kennari	3993.00		
Lárus Sigurjónsson, skáld	14244.00		
M. E. Jessen, fyrrv. skólastjóri	2625.00		
Magnús Gíslason, fyrrv. skrifstofustjóri	7122.00		
Magnús Pétursson, fyrrv. héraðslæknir	13971.00		
Margrét Rasmus, fyrrv. skólastjóri	18408.00		
Sama, húsaleigukostn. (án verðl.uppb.)	1800.00		
María Sigurðardóttir, fv. starfsk. Alþingis	2007.00		
Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri	2625.00		
Marsibil Sigurðardóttir, fv. fiskmatsk.	2007.00		
Matthías Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsm.	2625.00		
Matthías Þórðarson, fiskifræðingur	11870.00		
Matthías Þórðarson, fv. þjóðminjavörður	13960.00		
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2100.00		
Nikólína Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2137.00		
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur	2662.00		
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	4200.00		
Oddur Ívarsson, fv. póstafgreiðslumaður	2374.00		
Oddur Valentínusson, fv. leiðsögumaður	4914.00		
Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	6655.00		
Ólafur Friðriksson, fyrrv. ritstjóri	11978.00		
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur	1638.00		
Ólafur Jónsson, fyrrv. dyravörður	4200.00		
Ólafur Lárusson, prófessor	16740.00		
Ólafur Sigurðsson, fyrrv. ráðunautur	5688.00		
Ólafur Thorarensen, fyrrv. símstjóri	2662.00		
Ólafur Thors, fyrrv. forsætisráðherra	31028.00		
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2137.00		
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	2625.00		
Pétrína Jónsdóttir, fv. starfsk. Alþingis	6300.00		
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	3276.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	5250.00		
Ragnheiður Pétursdóttir, fyrrv. ráðuneytisbókari	12300.00		
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	11375.00		
Sigdór V. Brekkan, fyrrv. kennari	7715.00		
Sigríður Einarsdóttir, fv. póst- og símaafgreiðslukona	3561.00		
Sigríður Jónasdóttir, fv. ljósm., Miðhópi	2007.00		
Sigríður Jónasdóttir, fv. ljósm., Þórshöfn	2007.00		
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari ...	5688.00		
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	2275.00		
Sigtryggur Guðlaugsson, fyrrv. sóknarpr.	18405.00		
Sigurður Benediktsson, fyrrv. póstur ...	2007.00		
Sigurður Fr. Einarsson, fv. fiskmatsm. .	2007.00		
Sigurður Heiðdal	5341.00		
Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskmatsm.	2007.00		
Sigurður Nordal, prófessor	12656.00		
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	3150.00		
Sigurður Sigurðsson, fv. barnakennari .	6300.00		
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari	3982.00		
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	2625.00		
Sigurjón Jónsson, fyrrv. sóknarprestur .	4725.00		
Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður ...	18832.00		
Sigurmundur Sigurðsson, fyrrv. héraðslæknir	4505.00		
Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri	5935.00		
Stefán Hannesson, fyrrv. barnakennari .	5935.00		
Stefán Stefánsson, fyrrv. húsvörður	2100.00		
Stefán Þorvaldsson, fyrrv. póstur	2662.00		
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	2843.00		
Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari	5688.00		
Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólastjóri .	4748.00		
Sveinn Þorláksson, fyrrv. símstjóri	4200.00		
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur ..	1187.00		
Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	5935.00		
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	1638.00		
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsm. ..	2660.00		
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm. .	2625.00		
Valdimar Snævarr, fv. barnaskólastjóri .	10975.00		
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	4095.00		
Vernharður Þorsteinsson, fyrrv. menntaskólakennari	8902.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	1331.00		
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	2100.00		
Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari	4154.00		
Viktoría Kristjánsdóttir	3276.00		
Vilhjálmur Briem, fyrrv. sóknarprestur .	15925.00		
Vilhjálmur Finsen, fyrrv. sendiherra ...	33852.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
W. Thomas Möller, fyrrv. síma- og póstafgreiðslumaður	4748.00		
Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	6300.00		
Þóra Bjarnadóttir	2033.00		
Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm.	2625.00		
Þórarinn Grímsson, fyrrv. símstjóri og vitavörður	4154.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm.	2007.00		
Þorbjörn Þórðarson, fyrrv. héraðslæknir	4668.00		
Þórður Jónsson	3150.00		
Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur	7166.00		
Þorkell Þorkelsson, fv. veðurstofustjóri	44415.00		
Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari	2457.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	7122.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm.	2662.00		
Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri	7394.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fv. hagstofustjóri	15238.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fv. sýslumaður	13442.00		
Þórunn Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2018.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsm.	2662.00		
	1722696.00		
Verðlagsuppbót	1429837.00		
		3 152 533	
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Jakobsdóttir	3338.00		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	7985.00		
Agnethe Kamban	4914.00		
Anna Bjarnadóttir	2007.00		
Anna Guðmundsdóttir	7350.00		
Anna Kl. Jónsson	2989.00		
Anna Kristjánsdóttir	3982.00		
Anna Ólafsdóttir	3413.00		
Anna Pálsdóttir	4914.00		
Anna Sigurðardóttir	9746.00		
Anna Stefánsdóttir	3993.00		
Anna Þorgrímsdóttir	4748.00		
Anna Þorkelsdóttir	4134.00		
Arndís Sigurðardóttir	2007.00		
Árný Stígsdóttir	2007.00		
Arnþrúður Daníelsdóttir	3413.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	2007.00		
Áslaug Thorlacius	6143.00		
Ásta Einarsson	3993.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	18375.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdals	4550.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	2007.00		
Ástríður Eggertsdóttir	9100.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ástríður Magnúsdóttir	1331.00		
Auður Gísladóttir	3404.00		
Auður Jónasdóttir	12285.00		
Bentína Hallgrímsson	11087.00		
Björg Guðmundsdóttir	2662.00		
Björg Jónasdóttir	4668.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	7122.00		
Camilla Hallgrímsson	5341.00		
Davína Sigurðsson	11375.00		
Dorothea Guðmundsson	4668.00		
Edith Möller	3982.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	7985.00		
Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir	4193.00		
Elín Jónsdóttir	3675.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	2662.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guðmundssonar	2007.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Ríkharðs Kristmundssonar	5935.00		
Ellen Einarsson	26904.00		
Ellen Sveinsson	6758.00		
Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen	15750.00		
Emilía P. Briem	12285.00		
Ethel Arnórsson	6143.00		
Finnbjörg Kristófersdóttir	8309.00		
Fríða Hlíðdal	22727.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	3338.00		
Guðbjörg Grímsdóttir	2625.00		
Guðbjörg Guðmundsdóttir	3675.00		
Guðbjörg Hermannsdóttir	3869.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	7985.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	3992.00		
Guðfinna Þórðardóttir	1996.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	13289.00		
Guðný Björnsdóttir	3982.00		
Guðríður Eiríksdóttir	3338.00		
Guðríður Ólafsdóttir	3747.00		
Guðrún Arinbjarnar	6143.00		
Guðrún Egilson	13289.00		
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	6655.00		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	5935.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	2374.00		
Guðrún Hermannsdóttir	2661.00		
Guðrún Jónsdóttir	7985.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	7985.00		
Guðrún Oddgeirsdóttir	4748.00		
Guðrún Oddsdóttir	7715.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	21622.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	5935.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Guðrún Ragúels	2007.00		
Guðrún Sveinsdóttir	12802.00		
Guðrún Þorvarðsson	10089.00		
Gunnhildur Jónsdóttir	3150.00		
Halldóra Ólafsdóttir	12285.00		
Halldóra Þórðardóttir	3993.00		
Hansína Pálsdóttir	1780.00		
Harriet Jónsson	2989.00		
Hedvig Blöndal	2007.00		
Helga Arngrímsdóttir	3675.00		
Helga Finnsdóttir	14244.00		
Helga I. Stefánsdóttir	2007.00		
Hildur Björnsdóttir	5250.00		
Hlíf Böðvarsdóttir	4550.00		
Hlín Johnson	13553.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	7985.00		
Hrefna Jóhannesdóttir	3993.00		
Hulda Þ. Björnæs	6300.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	4154.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	4668.00		
Ingveldur Einarsdóttir	4668.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	1996.00		
Jakobína Sigr. Torfadóttir	2843.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	4154.00		
Jóhanna Jónsdóttir	5935.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	4668.00		
Jóhanna Pálmadóttir	9446.00		
Jóna Jakobsdóttir	3413.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	5733.00		
Jónheiður Eggerz	10500.00		
Júliana M. Jónsdóttir	5401.00		
Karen Jónsson	6300.00		
Katrín Sveinsdóttir	4154.00		
Klara Helgadóttir	4748.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	3150.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	1996.00		
Kristín Pálsdóttir	3338.00		
Kristín Sigurðardóttir	3561.00		
Kristín Thorberg	2457.00		
Kristín Thoroddsen	2457.00		
Kristín Þórarinsdóttir	5935.00		
Kristólína Kragh	2662.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	5036.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	4154.00		
Lára Skúladóttir	3561.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	15848.00		
Lilja Eyþórsdóttir	9450.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	20844.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Magdalena Ásgeirsdóttir	819.00		
Magnea Magnúsdóttir	10089.00		
Málfríður Árnadóttir	2100.00		
Málfríður Jónsdóttir	5341.00		
Margrét Árnadóttir	5773.00		
Margrét Ásmundsdóttir	2662.00		
Margrét Blöndal	4154.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	8704.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	2007.00		
Margrét Lárusdóttir	6143.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2662.00		
Margrét Þórðardóttir	3993.00		
María Guðlaugsson	4914.00		
María J. Klemenz	2007.00		
María Thoroddsen	10238.00		
María Tómasdóttir	2967.00		
Nanna Jónsdóttir	5688.00		
Nielsína Ólafsdóttir	3993.00		
Oddný Pétursdóttir	6300.00		
Oktavía Sigurðardóttir	5341.00		
Ólafía Einarsdóttir	7122.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1331.00		
Ólafía Jónsdóttir	3185.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	3561.00		
Olga E. Jónsson	5935.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	4668.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	6655.00		
Ólöf Sigurðardóttir	3150.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	6655.00		
Ragnheiður Straumfjörð	2007.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	4200.00		
Ragnhildur Teitsdóttir	1899.00		
Ragnhildur Thorlacius	7122.00		
Ragnhildur Thoroddsen	7875.00		
Rannveig Tómasdóttir	3993.00		
Rigmor Ófeigsson	5324.00		
Rósa Eggertsdóttir	3150.00		
Rósa Jónsdóttir	1331.00		
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen	4200.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	6300.00		
Sigríður Bjarnason	10683.00		
Sigríður Einarsson	20475.00		
Sigríður Finnbogadóttir	5324.00		
Sigríður Fjeldsted	5341.00		
Sigríður Gísladóttir	2007.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	2007.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	10033.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	3338.00		
Sigríður Kjartansdóttir	7985.00		
Sigríður Pétursdóttir	5935.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	3338.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Sigríður Snæbjörnssen	5341.00		
Sigríður Þorláksdóttir Arnórsson	20475.00		
Sigrún Bjarnason	7122.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	4748.00		
Sigurlaug G. Gröndal	2662.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5935.00		
Sólveig Árnadóttir	2007.00		
Sólveig Eggerz	17539.00		
Sólveig Pétursdóttir	5935.00		
Stefanía Hjaltested	3338.00		
Stefanía Stefánsdóttir	6528.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	3537.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	3993.00		
Súsanna Friðriksdóttir	5935.00		
Unnur Guðjónsdóttir	10500.00		
Unnur Skúladóttir	6655.00		
Valborg Einarsson	6655.00		
Valborg Haraldsdóttir	5688.00		
Valgerður Halldórsdóttir	9496.00		
Valgerður Helgadóttir	5250.00		
Valgerður Ólafsdóttir	4748.00		
Vigdís G. Blöndal	3338.00		
Viktoría Bjarnadóttir	1004.00		
Vilborg Bjarnadóttir	3798.00		
Vilborg Torfadóttir	2007.00		
Þóra L. Björnsson	7122.00		
Þóra Hjartar	2374.00		
Þóra Jónasdóttir	3413.00		
Þóra Sigurðardóttir	2007.00		
Þóra Skaftason	2007.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	6655.00		
Þórunn Hafstein	2662.00		
Þórunn Pálsdóttir	6655.00		
Þórunn Sigurðardóttir	2007.00		
Þórunn Þórðardóttir	1228.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	4154.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	3276.00		
Þuríður Benediktsdóttir	6675.00		
Þuríður Káradóttir	7715.00		
Þuríður Nielsdóttir	5688.00		
	1215041.00		
Verðlagsuppbót	1008484.00		
		2 223 525	
c. Barnastyrkur:			
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur	2007.00		
Verðlagsuppbót	1665.00		
		3 672	
			5 379 730

18. gr.

	kr.	kr.
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)		12 800 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955		158 000
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		23 500
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		4 800 000
Samtals ...	. . .	23 769 188

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 6 500 000 krónur.

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar		1 850 000
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
	Samtals ...	. . .	2 450 000
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán ... 10833419		
	b. Lán í dönskum bönkum ... 486524		
	c. Lán í Bandaríkjunum ... 126500		
		11 446 443	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	Landssíminn (3. gr. A. 2) ...	3 500 000	
			14 946 443
II.	Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		30 000 000
III.	Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2) ...		8 330 000
IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins ...		2 300 000
V.	Til ræktunar á jörðum ríkisins ...		135 000
VI.	Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna, og verði leitað samkomulags við Vestmannaeyinga um stofnframlag og rekstur skipsins		2 500 000
VII.	1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana ...	4 740 000	
	2. Til byggingar fávitahælis ...	450 000	
			5 190 000
VIII.	Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		1 700 000
IX.	Til flugvallagerðar ...		8 000 000
X.	Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum ...		700 000
XI.	Til sjúkraflugvalla ...		518 000
XII.	1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri ...	300 000	
	2. Til byggingar sjómannaskólans ...	800 000	
	3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum ...	67 500	
	4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík ..	1 200 000	
	5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	450 000	
	6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands ...	1 000 000	

20. gr.

		kr.	kr.
	7. Til framkvæmda á Hvanneyri, samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000	
			4 417 500
XIII.	Til bygginga á prestssetrum		1 700 000
XIV.	Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum ...		144 000
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		720 000
XVI.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		540 000
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		800 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		360 000
XIX.	Til byggingar mjólkurhúss á Hólum		35 000
XX.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		405 000
XXI.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		360 000
XXII.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		100 000
XXIII.	Til atvinnu- og framleiðsluaukningar þar sem ríkisstjórnin telur hennar mest þörf og samkvæmt því, sem nánar verður samþykkt í ríkisstjórninni, og má setja þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt		13 500 000
XXIV.	Til byggingar stjórnarráðshúss		1 000 000
XXV.	Til byggingar Kjarvalshúss		500 000
XXVI.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna ..		360 000
XXVII.	Til aukningar landhelgisgæzlu		6 000 000
	Samtals ...	. . .	105 260 943

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		688 200 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		200 700 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		7 000 000
	Samtals ...	. . .	897 910 000

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	897 910 000
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Samtals ...	900 360 000

firlit.

firlit. 21. gr.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		5 353 787
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 338 260
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		9 052 797
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		31 622 826
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	62 866 014	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	25 696 564	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	1 285 000	89 847 578
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		39 418 244
13. gr.	A.	Vegamál	82 841 036	
—	B.	Samgöngur á sjó	19 078 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	21 748 705	
—	D.	Flugmál	9 514 032	
—	E.	Veðurþjónusta	4 296 425	
—	F.	Ýmis mál	3 712 775	141 190 973
14. gr.	A.	Kennslumál	137 064 031	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	10 255 506	147 319 537
15. gr.		Kirkjumál		13 255 433
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	76 750 984	
—	B.	Sjávarútvegsmál	16 032 006	
—	C.	Iðnaðarmál	3 477 000	
—	D.	Raforkumál	31 344 361	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	7 668 923	135 273 274
17. gr.		Til félagsmála		149 440 231
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		23 769 188
19. gr.		Til óvissra útgjalda		6 500 000
		Rekstrarafgangur		104 527 872
		Samtals	. . .	897 910 000

'firlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	793 382 128
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	105 260 943
	Greiðslujöfnuður	1 716 929
	Samtals	900 360 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1959 hjá allt að 10 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

V. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

VI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1958 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VII. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

IX. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.

X. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 2000000 kr. lán fyrir Síldarvinnsluna h/f, Neskaupstað, til að reisa síldarverksmiðju í Neskaupstað.

XII. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

XIII. Að ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða til smíða á nýjum flóabát fyrir Eyjafjörð og nálægar hafnir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir 80% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)

XIV. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 3.5 millj. kr.

XV. Að gefa eftir aðflutningsgjald af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

XVI. Að endurgreiða aðflutningsgjald af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XVII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XVIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XIX. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1960.

XX. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting.)

XXI. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XXII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXIII. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XXIV. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 3 millj. kr. lán fyrir Vopnafjarðarhrepp til að reisa síldarverksmiðju á Vopnafirði.

XXV. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.

XXVI. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XXVII. Að afhenda Fiskimálasjóði gegn þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þær skuldakröfur, sem ríkissjóður eignast fyrir innlausn á lánum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

XXVIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.

XXIX. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 28500000 kr. og Sementsverksmiðju ríkisins allt að 14100000 kr.

XXX. Að ákveða, að 387000 kr., sem geymdar eru í ríkissjóði, til byggingar æfingaskóla fyrir kennaraskólann, megi nota til greiðslu byggingarkostnaðar við kennaraskólann.

XXXI. Að kaupa af Flugfélagi Íslands h/f flugvélaverkstæði við flugskýli nr. 5 á Reykjavíkurflugvelli, ef samningar takast.

XXXII. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða áfallinn rekstrarhalla Þjóðleikhússins.

23. gr.

Á árinu 1959 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1958 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Áætlanir fjárlagafrumvarpsins hafa verið miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu þá, er í gildi var fram til 1. september (183). Hér mun verða gerð grein fyrir þeim ástæðum, er liggja til grundvallar þeirri viðmiðun.

Samkvæmt lögum um útflutningssjóð o. fl., sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, skyldi kaupgreiðsluvísitala haldast óbreytt 183 stig, þar til vísitala framfærslukostnaðar hefði hækkað um 9 stig, eða upp í 200 stig. Þegar lögin voru samþykkt, var búizt við, að vísitala framfærslukostnaðar myndi ekki hækka upp fyrir 200 stig fyrr en eftir 1. ágúst, og myndi því kaupgreiðsluvísitalan ekki hækka fyrr en 1. desember, en sú vísitala er, sem kunnugt er, reiknuð út á þriggja mánaða fresti. Eins og fram var tekið í athugasemdum við frumvarpið um útflutningssjóð o. fl., var það fyrirsjáanlegt, að hækkun kaupgjalds umfram þau 5%, er ákveðin voru í lögunum um útflutningssjóð, myndi leiða til krafna um „nýja hækkun á útflutnings- og yfirfærslubótum. Hækkun þeirra hefði í för með sér meiri hækkun á framfærsluvísitölunni, og hún ylli svo á hinn bóginn nýrri hækkun á kaupgjaldi og afurðaverði, og þannig koll af kolli". Ríkisstjórnin tók því fram í athugasemdunum við frumvarpið, að til þess að leysa þau efnahagsvandamál, sem hér er við að etja, væri „nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu". Var það enn fremur tekið fram, að „ríkisstjórninni (væri) ljóst, að slíkt mál verður að leysa í nánu samstarfi við stéttarsamtökin í landinu, og mun beita sér fyrir samstarfi við þau um þetta efni. Munu mál þessi verða tekin til nánari athugunar, þegar þessi samtök halda þing sín síðari hluta þessa árs".

Þegar undirbúningur að samningu fjárlagafrumvarpsins hófst í júnímánuði s. l., var því ljóst, að það yrði ekki fyrr en í lok ársins, sem hægt væri um það að segja, hver skipan kaupgjaldsmála yrði á árinu 1959. Var því sá kostur tekinn að miða áætlanir frumvarpsins við þá kaupgreiðsluvísitölu, sem þá var í gildi, og búizt var við, að yrði í gildi fram til 1. desember.

Síðan í júní hefur það skeð, að kaupgreiðsluvísitalan hefur hækkað nokkuð fyrr en búizt hafði verið við, eða um 2 stig 1. sept. Þá hafa orðið verulegar hækkanir á grunnkaupi verkamanna og iðnaðarmanna umfram þau 5%, sem ákveðin voru með lögunum um útflutningssjóð o. fl. Þetta hefur aftur gert það að verkum, að framfærsluvísitala hækkar um meira en ella hefði orðið og að fram hljóta að koma rökstuddar kröfur um nýjar hækkanir útflutnings- og yfirfærslubóta. Þær hækkanir munu svo að nýju orka á framfærslu- og kaupgjaldsvísitölurnar að óbreyttri skipan þessara mála. Vegna þeirrar óvissu, sem þannig er ríkjandi í kaupgjalds- og verðlagsmálum, hefur ekki þótt annað fært en að miða áætlanir frumvarpsins að svo stöddu við það ástand, er ríkjandi var, þegar það var samið.

Breytt er nokkuð niðurröðun efnis í fjárlagafrv. Nokkur mál eru færð á milli greina. Breytingin miðar að því, að öll þau mál, sem fé er veitt til á hverri grein um sig, heyri undir sama ráðuneyti, og að það verði einnig meginregla, að allar fjárveitingar, sem heyra undir hvert ráðuneyti um sig, standi á sömu grein. Frá þessu verða þó lítils háttar undantekningar af sérstökum ástæðum, en þær raska þó ekki því, að heildarmyndin verður í aðalatriðum sem til er ætlazt.

Ætlunin með þessu er sú, að það verði mun skýrara í fjárlögum en áður hefur verið, undir hvaða ráðuneyti einstakir gjaldaliðir fjárlaganna falla. Með þessu móti kemur það skýrt fram, að hvert ráðuneyti um sig hefur sinn eigin fjárlagakafla, sem það annast framkvæmd á, enda á sá kafli fjárlaganna einnig að vera undirbúinn af því ráðuneyti og stofnunum þess, ásamt fjármálaráðuneytinu.

Í Danmörku og Svíþjóð er þessu þannig háttað, að útgjaldahlið fjárlaga er skipt í greinar eftir ráðuneytunum, þannig að hvert ráðuneyti sér um sína grein og ber þá auðvitað höfuðábyrgð á henni gagnvart fjármálaráðuneyti og Alþingi.

Með því að færa nú til nokkur mál og málaflokka á fjárlagafrumvarpinu eins og að framan er getið, verður þetta í svipuðu horfi hér framvegis.

Um 2. gr.

1. Tekju- og eignarskattur er áætlaður 130 millj. kr. í stað 118 millj. kr. í fjárlögum nú. Er þá höfð hliðsjón af álögðum sköttum á yfirstandandi ári og þeim breytingum, sem gerðar voru á lögum um tekju- og eignarskatt á síðasta Alþingi. Samkvæmt þeim breytingum fellur og stríðsgróðaskattur niður.
2. Vörumagnstollur er áætlaður 35 millj. kr. eða 1 millj. lægra en í fjárlögum nú.
3. Verðtollur er áætlaður 270 millj. í stað 174 millj. kr. í fjárlögum nú. Tekjur af verðtolli hækka að sjálfsögðu við það, að hann leggst á yfirfærslugjald það, er ákveðið var með lögum nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. 33. gr. þeirra laga. Áætlunin er gerð með hliðsjón af þessu svo og væntanlegum innflutningi á árinu 1959.
4. Innflutningsgjald af benzíni er áætlað 17 millj. kr. eða óbreytt frá gildandi fjárlögum.
5. Gjald af innlendum tollvörutegundum áætlað óbreytt frá fjárlögum nú, 11 millj. kr.
6. Tekjur samkv. lögum um útflutningssjóð eru 20 millj. kr. í samræmi við 48. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.
7. Lestagjald af skipum, óbreytt 300 þús. kr.
8. Bifreiðaskattur er með hliðsjón af reynslu í ár áætlaður 15 millj. kr. eða 2 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.
9. Aukatekjur eru áætlaðar óbreyttar, 12.5 millj. kr.
10. Stimpilgjald er áætlað 23 millj. kr. eða 3 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Er stuðzt við reynsluna að undanförnu.
11. Vitagjald, óbreytt 1.7 millj. kr.
12. Leyfisbréfagjald er áætlað 0.4 millj. kr. eða 0.2 millj. kr. lægra en í fjárlögum nú.
13. Útflutningsleyfagjöld, óbreytt 800 þús. kr.
14. Söluskattur er áætlaður 145 millj. kr. í stað 115 millj. kr. í fjárlögum nú. Tekjur af söluskatti af innfluttum vörum hækka af sömu ástæðum og hér að framan var rakið um verðtoll. Í þessum lið eru líka taldar söluskattstekjur af innlendri þjónustu og framleiðslu. Þessar tekjur hafa farið heldur minnkandi, og dregur það úr heildarhækkun skattsins, sem að öðru leyti er miðuð við sömu forsendur og verðtollsáætlunin.
15. Leyfisgjald, óbreytt 6.5 millj. kr.

Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður.* Rekstrarhalli póstsjóðs er áætlaður 800 þús. kr. eða 300 þús. kr. lægri en í fjárlögum nú. Tekjur eru nú áætlaðar 25 640 þús. kr. eða 5 090 þús. kr. hærri en í fjárlögum, sem stafar af gjaldskrárhækkun á bréfasendingum, áætlaðri greiðslu fyrir að sjá um framkvæmd á skyldusparnaði, aukinni sölu til frímerkjasafnara og af nokkuð auknu póstmagni. Gjöldin hækka um 4 790 þús. kr. Hækkun gjaldanna má að mestu leyti rekja til: 1) áhrifa laganna um útflutningssjóð, 2) kostnaðar við framkvæmd skyldusparnaðarins, 3) aukins póstmagns.

2. *Landssíminn.* Áætlað er að greiðsluhalli landssímans verði 2 780 þús. kr. eða 72 þús. kr. hærri en á fjárlögum nú. Tekjur eru áætlaðar 96 310 þús. kr., eða 13 213 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú, og stafar hækkunin bæði af hækkun á gjaldskrá og fjölgun símanotenda. Gjöldin eru nú áætluð 87 260 þús. kr. á móti 75 685 þús. kr. í fjárlögum nú eða 11 575 þús. kr. hærri. Gætir hér áhrifa laganna um útflutningssjóð á laun, efnisverð, samningsbundnar greiðslur til útlanda o. fl. Enn fremur stafar hækkunin af auknum viðskiptum og vaxandi viðhaldi vegna fjölgunar síma og símarása. Eyðublöð eru áætluð 1 300 þús. kr. hærri en í fjár-

lögum nú, þar eð gefin mun verða út ný heildarsímaskrá á árinu 1959. Til eignabreytinga eru nú áætlaðar 11 830 kr. eða 1 710 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Starfsfólki fjölgar um 1 bókara, 1 ritara og 1 símastúlku. Er hér um að ræða fólk, sem að undanförnu hefur unnið hjá stofnuninni, en hefur ekki verið fastráðið fyrr en nú. Kostnaður við áfengisútsölur hækkar um 943 þús. kr., einkum vegna hinnar nýju áfengisútsölu á Keflavíkurflugvelli, í sambandi við millilandaflug. Annar kostnaður hækkar um 989 þús. kr. Hagnaður er áætlaður 112 millj. kr. og er það 16 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Er þar miðað við reynslu síðasta og yfirstandandi árs, svo og þær verðbreytingar, sem orðið hafa.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 769 þús. kr. Hagnaður er áætlaður 80 millj. kr. eða 10 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú.

5. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 45 þús. útvarpsnotendur og hækka um 400 þús. kr. frá fjárlögum. Aðrar tekjur útvarpsins eru áætlaðar 1 430 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú. Miðað er við óbreytt starfsmannahald. Aukavinna hækkar um 400 þús. kr. og til útvarpsefnis um 225 þús. kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 150 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 600 þús. kr., til útvarpsstöðva um 550 þús. kr. og iðgjöld í lífeyrissjóð um 10 þús. kr. Greiðslur vegna höfundalaganna hækka um 150 þús. kr., óviss útgjöld hækka um 150 þús. kr. og bifreiðakostnaður um 90 þús. kr. Rekstrarafgangur er áætlaður 693 685 kr., sem færður er sem aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins. Ekki er nú gert ráð fyrir fé í framkvæmdasjóð, en er 1 millj. kr. á yfirstandandi ári.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Hér er áætlun forstjórans tekin óbreytt. Starfsmannahald breytist ekki. Tekjuafgangur er áætlaður 450 þús. kr., og er það 50 þús. kr. lægra en á fjárlögum nú.

7. *Áburðarsala ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Tillögur forstjórans eru teknar hér óbreyttar og eru tekjur og gjöld jafnhá og áður.

8. *Landssmiðjan.* Tillögur forstjórans eru teknar óbreyttar. Gert er ráð fyrir 15 þús. kr. rekstrarafgangi, sem færður er sem aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar.

9. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Tillögur verksmiðjustjórnarinnar eru teknar óbreyttar. Gert er ráð fyrir smíði á 140 þús. tunnum og er það 20 þús. tunnum færra en á yfirstandandi ári. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

10. *Innkaupastofnun ríkisins.* Tekjur og gjöld standast á, eins og áður, og eru tillögur forstjórans teknar óbreyttar.

11. *Ríkisbú.* Gert er ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum allra ríkisbúanna, og hverfur því rekstrarhallinn, sem í gildandi fjárlögum er 59 þús. kr.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Áætlað er að tekjur samkvæmt þessari grein verði óbreyttar, 2 millj. kr.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 7 millj. kr., sem er 500 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr. 6 035 800	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 718 947	
			kr. 5 316 853
2.	Lán í dönskum krónum		— 14 164
3.	Lán í £ (£ 40 295)	kr. 2 854 498	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 854 498	

4. Lán í $ ($ 95 876)	kr.	2 425 663	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	—	2 402 893	
			kr. 22 770
5. Lán hjá Alþjóðabankanum (£ 46 742 og $ 30 651)	kr.	4 086 674	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	—	4 086 674	
			Kr. 5 353 787

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán:

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1, a. kr.	
4 675	42 500	Innanríkislán 1938.
11 624	70 450	Innanríkislán 1940.
144 000	400 000	Innanríkislán 1941.
36 750	150 000	Innanríkislán 1944.
100	1 000	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.
3 266	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
1 800	10 000	Lán vegna byggingar Þjóðminjasafnshúss.
52 382	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (B-flokkur).
1 786	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur vegna Drápuhlíðar 4.
3 034	1 041	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna sakadómarabústaðar.
220 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Ísl. vegna Skipaútgerðar ríkisins.
16 500	75 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsm. ríkisins vegna Þjóðleikhússins.
11 550	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Ísl. vegna jarðarinnar Drangsnes.
150 000	1 000 000	Lán vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
247 203	1 112 275	Lán hjá Landsb. Ísl. til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
6 720	84 000	Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda milli Héraðsvatna og Blöndu 1950.
44 610	743 500	Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1954.
9 350	10 000	Lán vegna eignarnáms í Egilsstaðalandi.
6 750	37 500	Lán hjá Sjóvátrygg.fél. Ísl. vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
20 100	115 000	Handhafaskuldabréfalán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
105 600	480 000	Lán hjá Landsbanka Ísl. vegna skuldaskilasjóðs útvegsm.
14 500	58 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á Syðstabæjareigninni í Hrísey.
13 860	14 000	Lán hjá Brunabótafél. Ísl. vegna Byggingasamvinnufél. Seyðisfjarðar.
8 617	23 333	Lán hjá Tryggingast. ríkisins vegna Byggingasamvinnufélags Seyðisfjarðar.
19 067	26 667	Lán hjá gjafasj. Sigurg. Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
232 143	714 286	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar hjúkrunarkvennaskóla og fávitahælis í Kópavogi.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1, a. kr.	
10 420	173 667	Lán vegna kaupa á Grafarholti.
2 133 018	2 343 976	Lán hjá Landsbanka Ísl. vegna húsnæðismálastjórnar.
56 875	125 000	Lán hjá Tryggingast. ríkisins vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
149 500	287 500	Lán hjá Tryggingast. ríkisins vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
800 000		Vextir af yfirdráttarláni í Landsbanka Íslands.
6 035 800	10 866 097	
÷ 718 947	÷ 32 678	
5 316 853	10 833 419	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Sviþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánabréfum vegna togara ..... kr. 160 300.00
2. Vextir af skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara ..... — 120 000.00
3. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta .. — 89 182.00

Kr. 369 482.00

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar kr. 199 200.00 og endurgreiddir vextir vegna skuldaskilasjóðs kr. 122 749.00.

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 32 678.00, vextir kr. 27 516.00.

Frádráttur verður því samtals: Vextir kr. 718 947.00 og afborganir kr. 32 678.00.

Erlend lán:

1. Lán í Danmörku.

Vextir: 7. gr. 2. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1. kr.	
711	6 626	Lán hjá Forsörgelsesforeningen Bikuben, Kbh., 1909 til Vífilsstaðahælis.
1 578	63 103	Lán hjá Det Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
1 578	63 103	Lán hjá Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
3 867	132 832	danskar kr. eða
14 164	486 524	ísl. kr. (100 kr. d. = 366.27 ísl. kr.).

2. Lán í Bretlandi.

£	£	
40 295	65 697	Togaralán 1949.
÷ 40 295	÷ 65 697	Sömu upphæðir til frádráttar (innborg. af togurum).

Vextir: 7. gr. 2. $	Afborganir: 20. gr. út, I, 1. $	3. Lán í Bandaríkjunum.
50 826	82 142	Lán hjá Export-Import Bank, Washington 1948, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. $ 2 300 000.00.
÷ 50 826	÷ 82 142	Sömu upphæðir til frádr., innb. af skuldunautum.
44 150	72 000	Lán 1949—1950 til Laxár- og Sogsvirkjana $ 2 millj.
÷ 44 150	÷ 72 000	Sömu upphæðir til frádr., innb. af virkjununum.
900	5 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiherrabústað í Washington $ 50 000.00.
900	5 000	bandarískir dollarar eða
22 770	126 500	íslenzkar krónur (1 $ = 25.30 ísl. kr.).

		4. Lán hjá Alþjóðabankanum.
£ 32 331	£ 39 000	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 850 000–0–0 (Laxárv. £ 151 800–0–0, Sogsv. £ 727 200–0–0).
÷£ 32 331	÷£ 39 000	Sömu upph. til frádr., innb. af virkjununum.
£ 14 411	£ 15 500	Landbúnaðarlán 1951.
÷£ 14 411	÷£ 15 500	Sömu upph. til frádr., innb. af skuldunautum.
$ 30 651	$ 50 000	Lán vegna Áburðarverksmiðjunnar 1952.
÷$ 30 651	÷$ 50 000	Sömu upph. til frádr., innb. af Áburðarverksm. h.f.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við æðstu stjórn landsins hækki um 226 600 kr. Er einkum um að ræða hækkun á skrifstofu forseta í Reykjavík og forsetasetrinu á Bessastöðum, en miðað er við reynslu síðastliðins árs. Þá hækkar framlag til Bessastaðakirkju um 15 þús. kr.

Um 9. gr.

Greinin í heild hækkar um 2 millj. kr. Alþingiskostnaður mun undanfarið hafa reynzt allt of lágt áætlaður.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Í dómsmálaráðuneytinu lækka laun um laun ½ fulltrúa. Í fjármálaráðuneytinu fjölgar um einn bókara, en fulltrúi, sem unnið hefur fullt starf, vinnur nú aðeins hluta úr degi. Í forsætis- og menntamálaráðuneytinu fjölgar um einn fulltrúa og eina skrifstofustúlku. Kostnaður við fálkaorðuna hækkar um 20 þús. kr. með hliðsjón af reynslu. Í samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytinu fjölgar um einn fulltrúa. Í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins fækkar um einn ritara.

Kostnaður við hagstofuna og þjóðskrána hækkar um 234 þús. kr., einkum vegna hækkunar á pappír og prentvinnu og öðrum kostnaði.

Símakostnaður og burðargjöld hækka um 225 þús. kr. og annar kostnaður ráðuneytanna um 926 þús. kr. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins hækkar um 121 þús. kr. Ýmis kostnaður hækkar um 180 þús. kr., vegna hækkunar á pappír og prentun Stjórnartíðinda og ríkisreiknings.

II. *Utanríkismál.* Neðantaldir kostnaðarliðir hækka allir vegna hækkaðs yfirfærslugjalds:

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Fjárveiting til sendiráðsins í Kaupmannahöfn er nær óbreytt í dönskum krónum. Ekki er gert ráð fyrir nema smávægilegum launabreytingum til starfsfólks.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Allir kostnaðarliðir við sendiráðið eru óbreyttir í sænskum krónum, nema húsaleiga, sem hækkar um sænskar kr. 1400.00.

3. *Sendiráðið í London.* Fjárveitingin er óbreytt í pundum, nema hvað laun hækka um 5% til sendiráðsritara og þriggja ritara.

4. *Sendiráðið í Washington.* Kostnaður við sendiráðið er áætlaður svo til óbreyttur í dollurum, nema smávægis hækkun á burðargjöldum og viðgerðum á skrifstofuvélum.

5. *Sendiráðið í París.* Gert er ráð fyrir að laun hækki um 10% vegna vaxandi dýrtíðar í Frakklandi.

6. *Sendiráðið í Osló.* Heildarkostnaðurinn er áætlaður í norskum krónum sá sami og á yfirstandandi ári, nema hvað laun eru áætluð 10% hærri vegna vaxandi dýrtíðar í Noregi, og er það nokkurn veginn í samræmi við hækkun vísitölu þar.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Gert er ráð fyrir 10% launahækkun til starfsfólks, sem talin er óhjákvæmileg vegna hækkaðs framfærslukostnaðar í Þýzkalandi.

8. *Sendiráðið í Moskva.* Kostnaðurinn er áætlaður nær óbreyttur í erlendri mynt.

9. *Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC.* Gert er ráð fyrir 10% launahækkun til starfsfólks (sbr. grg. með sendiráðinu í París).

10. *Aðalræðismannsskrifstofan í New York.* Kostnaðurinn er óbreyttur í dollurum.

11. *Ræðismannsskrifstofan í Hamborg* hækkar um 31 þús. kr.

12. *Ferðakostnaður* hækkar um 160 þús. kr.

13. *Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins* hækkar um 300 þús. kr.

14. *Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins* hækkar um 370 þús. kr.

15. *Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi* hækkar um 47 þús. kr.

16. *Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis* hækkar um 13 þús. kr.

17. *Til kjörræðismanna* hækkar um 7 þús. kr.

18.—31. *Tillög til alþjóðastofnana* hækka um 564 þús. kr., svo til eingöngu vegna hækkaðs yfirfærslugjalds.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 75 þús. kr.

2. *Borgardómaraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt, en húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 45 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

3. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík.* Bætt er við einum fulltrúa. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 9 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

4. *Sakadómaraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 65 þús. kr. og annar kostnaður um 110 þús. kr., einkum vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar bifreiða.

5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 23 þús. kr., ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 70 þús. kr. og annar kostnaður um 79 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Starfsmannahald er óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 14 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.

7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:*

a. Grunnlaun sýslumanna og bæjarfógeta eru óbreytt, nema hækkun sem leiðir af lögum nr. 33/1958.

b. Grunnlaun annars starfsfólks hækka nokkuð vegna aldurshækkana og að bætt hefur verið við tveim fulltrúum við embættin í Stykkishólmi og Húsavík. Annar kostnaður hækkar um 1 780 þús. kr., en þessi liður hefur reynzt allt of lágt

áætlaður að undanförnu. Endurgreiðsla frá Tryggingarstofnun ríkisins hækkar um 150 þús. kr.

c. Einkennisbúningur héraðsdómara lækkar um 75 þús. kr.

9. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Hér er gert ráð fyrir 40 ríkislögregluþjónum eins og á þessa árs fjárlögum. Grunnlaun hækka nokkuð vegna aldurhækkana. Áhættuþóknun, 132 þús. kr., er nýr liður. Er það í samræmi við samkomulag, sem gert hefur verið um að greiða lögregluþjónum 6% af launum þeirra sem áhættuþóknun.

Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 90 þús. kr. og einkennisfatnaður og tryggingar um 32 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 225 þús. kr. vegna hækkandi rekstrarkostnaðar og einnig er gert ráð fyrir að keypt verði ein ný bifreið. Æfingaskáli og gufubaðstofa hækkar um 10 þús. kr. og kostnaður vegna kvenlögreglu um 7 500 kr. Áhöld og námskeiðskostnaður hækkar um 5 þús. kr.

b. *Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.* Grunnlaun hækka nokkuð, þar eð lögregluþjónum fjölgar um 2, en annar þeirra var áður talinn á launaskrá hjá tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli. Þá er gert ráð fyrir launum staðgengla í sumarleyfum. Inn kemur nýr liður, áhættuþóknun, 140 þús. kr. Álag á næturvinnu hækkar um 50 þús. kr., einkennisfatnaður um 40 þús. kr. og bifreiðakostnaður um 80 þús. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Lögregluþjónum fjölgar um einn, og hækka grunnlaun sem því svarar svo og vegna aldurshækkana. Er þá gert ráð fyrir launum 7 lögregluþjóna og 9 manna að hálfu á móti tollgæzlunni utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Áhættuþóknun, 44 582 kr., er nýr liður. Einkennisfatnaður og tryggingar hækkar um 13 580 kr. og álag á næturvinnu um 9 þús. kr.

d. *Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði* hækkar um 40 þús. kr.

e. *Sumarlöggæzla á Raufarhöfn* hækkar um 50 þús. kr.

f. *Sumarlöggæzla á Seyðisfirði og Vopnafirði* hækkar um 10 þús. kr.

g. *Sumarlöggæzla á Þórshöfn* hækkar um 5 þús. kr.

h. *Sumarlöggæzla á Húsavík* hækkar um 5 þús. kr.

m. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 800 þús. kr., en samkvæmt lögum greiðir ríkissjóður ⅙ af þeim kostnaði.

o. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 100 þús. kr.

p. *Kostnaður við löggæzlu í sveitum* er nýr liður, 200 þús. kr. Er óhjákvæmilegt annað en taka upp sérstaka fjárveitingu í þessu skyni, þar eð þeim sýslufélögum fjölgar stöðugt, sem samþykkt hafa reglugerðir um löggæzlu á skemmtisamkomum. Reglugerðir þessar hafa verið staðfestar samkv. 11. gr. laga nr. 50/1940, um lögreglumenn.

10. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Næturvinnuálag hækkar um 6 500 kr. og annar kostnaður um 66 þús. kr.

b. *Vinnuhælið að Litla-Hrauni.* Bætt er við einum gæzlumanni og hækka grunnlaun sem því nemur, svo og vegna aldurshækkana. Álag á næturvinnu 51 500 kr. er nýr liður. Þá er fjárveiting til aukavinnu tekin hér upp sérstaklega, en hefur áður verið inn í öðrum kostnaði, sem hefur reynzt of lágt áætlaður. Vegna síendurtekinna óeirða og stroks fanga er ekki talið unnt að áætla þennan lið lægri en 175 þús. kr., enda hefur gæzla verið efld. Annar kostnaður hækkar um 235 þús. kr. Tekjur hækka um 100 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 513 þús. kr.

c. Hér kemur inn nýr liður, 100 þús. kr., *til greiðslu á rekstrarskuldum vinnuhælisins að Kvíabryggju.* Er það skuld, sem ógreidd er vegna rekstursins 1955 og 1956.

d. *Kostnaður við fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Reykjavík* hækkar um 10 þús. kr.

e. *Kostnaður við önnur fangahús* hækkar um 30 þús. kr.

f. *Sjúkrakostnaður refsifanga,* 100 þús. kr., er nýr liður. Sjúkrakostnaður þessi nemur töluverðum upphæðum á hverju ári og er því gert ráð fyrir honum sérstaklega. Ógreiddir reikningar í þessu sambandi nema nú um 70 þús. kr.

12. *Kostnaður við sakamál og lögreglumál* hækkar um 200 þús. kr., en þessi kostnaður hefur verið vanáætlaður.

15. *Laun sjó- og verzlunardómsmanna* hækka um 20 þús. kr.

16. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 70 þús. kr., en kostnaður þessi hefur verið of lágt áætlaður undanfarið.

17. *Kostnaður við meðdómendur í einkamálum* er nýr liður, 50 þús. kr. Sjálfsagt þykir að áætla sérstaklega fjárveitingu í þessu skyni, þar eð kostnaður er alltaf töluverður.

18. *Kostnaður vegna landhelgisgæzlunnar* hækkar um 8 228 þús. kr., sem helgast í höfuðatriðum af eftirfarandi: 1) Tryggingariðgjöld hækka um 1 millj. kr., mest vegna hækkaðs yfirfærslugjalds og nýrrar flugvélar. 2) Olíukostnaður hækkar um 875 þús. kr., bæði vegna hækkaðs verðs á olíu og aukinnar keyrslu skipanna vegna nýju landhelginnar. 3) Áætlað er að launakostnaður hækki um 2.3 millj. kr. Kemur þar einkum til aukið úthald, aukið starfslið við varðstöð og breyttir samningar. 4) Viðhaldskostnaður hækkar um 550 þús. kr. 5) Fæðiskostnaður hækkar m. a. vegna aukins úthalds, um 650 þús. kr. 6) Gert er ráð fyrir nýrri flugvél í rekstri árið 1959, og mun það valda kostnaðarauka, sem nemur 1.5 millj. kr. 7) Ýmsir smærri rekstrarliðir hækka nokkuð og gert er ráð fyrir minni tekjum nú en á yfirstandandi ári, en tekjurnar hafa að mestu byggzt á því, að sum varðskipanna hafa verið notuð til rannsókna hluta úr árinu. Er óvíst, að því verði við komið í jafnríkum mæli og verið hefur.

19. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Áætlað er að fjölga eftirlitsmönnum um tvo frá því sem er á yfirstandandi ári, og hækka grunnlaun í samræmi við það. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

20. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Miðað er við óbreytt starfslið. Inn kemur nýr liður, áhættuþóknun, 5 343 kr., sem eru 6% af launum eftirlitsmanna. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

21. *Húsameistari ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 157 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið. Tekjur hækka um 50 þús. kr. og rekstrarhalli um 152 þús. kr.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar.*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Miðað er við óbreytt starfsmannahald, en nokkrar stúlkur færast á milli launaflokka. Lausavinna hækkar um 90 þús. kr.

Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 40 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 160 þús. kr. vegna hækkunar á gjaldskrá pósts og síma, enn fremur leiðir af fyrirframinnheimtu skatta, að nú þarf að senda skattseðla út tvisvar á ári í stað einu sinni áður. Annar kostnaður hækkar um 650 þús. kr. og koma þar til áhrif laga um útflutningssjóð, aukavinna við fyrirframinnheimtu skatta og sívaxandi afgreiðslufjöldi á skrifstofunni.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Starfsmannahald er óbreytt að öðru leyti en því, að bætt er við einum sendli. Grunnlaun hækka einnig nokkuð vegna aldurshækkana. Álag á næturvinnu, 170 þús. kr., er nú áætlað sérstaklega, en var áður falið í öðrum kostnaði. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 50 þús. kr. Símakostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 441 þús. kr., sem bæði stafar af of lágri áætlun undanfarið, en þó einkum af því, að sífellt er að því unnið að efla og bæta tolleftirlitið. Þá kemur hér inn nýr liður, til kaupa á talstöðvum, 85 þús. kr.

2. *Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli.* Grunnlaun lækka, þar eð löggæzlumaður, sem hér er talinn á þessa árs fjárlögum, flyzt nú í ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli. Álag á næturvinnu hækkar um 15 þús. kr. og einkennisfatnaður um 11 þús. kr. Hiti og ljós lækkar um 12 þús. kr. með hliðsjón af reynslu undanfarið. Annar kostnaður hækkar um 26 þús. kr. og inn kemur nýr liður, breyting á húsnæði tollgæzlunnar vegna opnunar útsölu Áfengisverzlunar ríkisins, 47 þús. kr. Kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar hækkar um 70 þús. kr.

3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Frá fjárlögum nú er bætt við einum tollverði, og hækka grunnlaun sem því svarar, svo og vegna aldurshækkana. Einkennisfatnaður er nú áætlaður sérstaklega 130 þús. kr., en var áður í öðrum kostnaði. Annar kostnaður er áætlaður 750 þús. kr. eins og í fjárlögum nú, en það svarar til þess að hann hækki um 130 þús., þar eð einkennisföt eru áætluð sérstaklega nú.

II. *Skattar.*

a. *Ríkisskattanefnd.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 65 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Bætt er við einum fulltrúa og einum bókara. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 100 þús. kr., og tímavinna hækkar um 350 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Kostnaður við skattstofur utan Reykjavíkur hækkar um 350 þús. kr.

d. *Kostnaður við undirskattanefndir* hækkar um 550 þús. kr., en þessi liður hefur bæði reynzt of lágt áætlaður, og svo eykst vinna skattanefndarmanna með tíðum og flóknum breytingum, sem gerðar hafa verið á skattalögum.

e. *Kostnaður við yfirskattanefndir* hækkar um 200 þús. kr.

f. *Millimatskostnaður* hækkar um 25 þús. kr.

V. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* hækkar um 15 þús. kr.

VI. *Framlag til skýrsluvéla* er nýr liður, 225 þús. kr. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurbæjar, sem er sameignarfyrirtæki þessara aðila (stofnað 1952), hefur aukið mjög starfsemi sína síðustu árin, og er ársvelta þess nú komin upp í 2 millj. kr. Til þessa hefur fyrirtækið ekki haft neitt annað eigið starfsfé en tekjuafgang af rekstrinum, sem lagður hefur verið í varasjóð og nemur nú um 200 000 kr. Hrekkur það skammt til að fullnægja fjárþörf fyrirtækisins, sem hefur aukizt mikið upp á síðkastið vegna vélakaupa og öflunar nýrra leiguvéla. Er því lagt til, að ríkissjóður leggi fyrirtækinu til starfsfé í formi innskotsfjár að upphæð 450 000 kr., er greiðist á tveimur árum, 1959 og 1960. Gert er ráð fyrir, að Reykjavíkurbær leggi fyrirtækinu til innskotsfé að sömu upphæð.

Um 11. gr. C.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur hækkar um 235 þús. kr. vegna hækkunar á pappírsvörum og prentvinnu.

Um 12. gr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir 56 héraðslæknum, 6 aðstoðarlæknum og einum staðgengli. Er það tveim læknum fleira, þar eð tvö ný læknishéruð hafa bætzt við á árinu, Raufarhafnarhérað og Suðureyrarhérað. Hins vegar er nú gert ráð fyrir einum staðgengli í stað tveggja áður.

Símkostnaður og burðargjöld hækka um 45 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Gert er ráð fyrir, að rekstrarhalli ríkisspítalanna hækki um 948 þús. kr.

A. Landsspítali. Óhjákvæmilegt er talið að bæta við nokkru starfsliði, og er gert ráð fyrir nýjum aðstoðarlækni á barnadeild, 1 námskandídat, 2 aðstoðarhjúkrunarkonum, annarri fyrir barnadeild, en hinni fyrir röntgendeild. Á barna-

deild spítalans þurfa sjúklingar yfirleitt meiri og nákvæmari umönnunar en á öðrum sjúkradeildum, en aukning á röntgendeild stafar af síauknum verkefnum, m. a. vegna aukins vélakosts deildarinnar. Þá er bætt við einum ritara á barnadeild, einum viðgerðarmanni og einum röntgenvéla- og rafmagnsviðgerðarmanni. Það er skoðun forstjóra ríkisspítalanna, að ráðning þessara viðgerðarmanna horfi til verulegs sparnaðar, þar eð til þessara starfa hafa verið keyptir lausamenn. Hefur það reynzt óhentugt og dýrt. Grunnkaupshækkun vegna þessa nýja starfsliðs nemur 222 þús. kr. Þá hækka grunnlaun um 139 þús. kr., sem eru aukagreiðslur til lækna. Hér kemur inn nýr liður, bifreiðastyrkir til lækna, 144 þús. kr. Er þar um hækkun að ræða um 84 þús. kr., en 60 þús. kr. voru áætlaðar í bifreiðastyrki á þessa árs fjárlögum og taldar með grunnlaunum.

Matvörur eru áætlaðar 500 þús. kr. hærri en á fjárlögum nú, sem er vegna hækkaðs verðlags og of lágrar áætlunar í ár. Fjárveiting til Ljósmæðraskólans hækkar um 17 þús. kr. og annar kostnaður Landsspítalans hækkar um 1 232 þús. kr. Þeir liðir, sem teljast til annars kostnaðar og hækka einkum, eru: Lyf og sáraumbúðir, 385 þús. kr., þvottur og hreinlætisvörur, 313 þús. kr., viðhald fasteigna, 200 þús. kr. (sbr. greinargerð með fjárlagafrv. í ár) svo og röntgenfilmur og áhöld, m. a. vegna ógreidds hluta af kostnaðarverði nýrra röntgenvéla.

Tekjuáætlun hækkar um 1 940 þús. kr. Er nú miðað við 130 kr. daggjald í stað 100 kr. í gildandi fjárlögum. Rekstrarhalli hækkar um 1 123 þús. kr.

B. Fæðingardeild Landsspítalans. Nýtt starfslið er einn aðstoðarlæknir og einn námskandídat. Einnig vinnustúlka, sem ráða verður sökum breytinga á störfum hjúkrunarnema. Grunnlaun hækka vegna þessa nýja starfsliðs um 94 þús. kr. Þá hækka grunnlaun um 42 þús. kr. vegna aukagreiðslna til lækna. Inn kemur nýr liður, bifreiðastyrkir, 33 þús. kr., en þar er þó ekki um hækkun að ræða nema um 9 þús. kr., þar eð bílastyrkir að upphæð 24 þús. kr. voru taldir með í grunnlaunatölu fjárlaga í ár. Þá kemur inn nýr liður, sem ekki hefur verið tekinn í fjárlög áður, iðgjöld til lífeyrissjóðs, 110 þús. kr.

Fæðiskostnaður hækkar um 194 þús. kr. og annar kostnaður um rúma 1 millj. kr. Það, sem einkum hækkar og telst til annars kostnaðar, er: lyf og sáraumbúðir, 120 þús. kr., þvottur og hreinlætisvörur, 145 þús. kr., og viðhald fasteigna um 650 þús. kr., en óhjákvæmilegt er talið að hefja á næsta ári gagngera lagfæringu á þaki deildarinnar, sem lekur, og þakskeggi, sem talið er gerónýtt.

Tekjuáætlun hækkar um 860 þús. kr.

Rekstrarhalli hækkar um 289 þús. kr.

C. Hjúkrunarkvennaskóli Íslands. Starfsmannahald er óbreytt. Fæðiskostnaður lækkar um 100 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 184 þús. kr., sem stafar einkum af hækkun á ljósi og hita og viðhaldskostnaði. Tekjur (innborgað fyrir hlunnindi) lækka um 6 þús. kr.

D. Vífilsstaðahæli. Starfsmannahald er óbreytt, en grunnlaun hækka nokkuð vegna aukagreiðslna til lækna og aldurshækkana. Bifreiðastyrkir er nýr liður, 33 þús. kr. Matvörur hækka um 142 þús. kr. og annar kostnaður um 764 þús. kr. Það, sem mest veldur þessari hækkun, eru lyf og sáraumbúðir, ljós og eldsneyti og þvottur og hreinlætisvörur, en þó einkum, að í ráði er að kaupa nýjar röntgenvélar, sem kosta munu 750 þús. kr., og er helmingur þess verðs tekinn inn á fjárlagafrv. nú, en hinn helmingurinn væntanlega á næsta ári.

Tekjuáætlun hækkar um 740 þús. kr., og rekstrarhalli hækkar um 502 þús. kr.

E. Kristneshæli. Starfsmannahald er óbreytt, en grunnlaun hækka lítillega vegna aldurshækkana og greiðslu vaktpeninga yfirlæknis. Matvörur hækka um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 95 þús. kr. Tekjur hækka um 339 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 94 þús. kr.

F. Geðveikrahælið á Kleppi. Starfsmannahald er óbreytt. Nokkrar launahækkanir verða vegna aukagreiðslna til lækna, og allmikið er um aldurshækkanir

starfsfólks. Matvörur hækka um 375 þús. kr. og annar kostnaður um 480 þús. kr., sem aðallega liggur í lyfjum og sáraumbúðum og ljósum og eldsneyti.

Tekjuáætlun er hækkuð um 2 535 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 1 115 þús. kr.

G. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi. Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur hækka um 8 þús. kr. og annar kostnaður um 2 þús. kr. Tekjur (innborgað fyrir hlunnindi) lækka um 10 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 50 þús. kr.

H. Fávitahælið í Kópavogi. Starfsmannahald er óbreytt, en nokkrar grunnlaunahækkanir verða vegna aldurshækkana.

Matvörur hækka um 114 þús. kr. og annar kostnaður um 175 þús. kr. Tekjuáætlun hækkar um 522 þús. kr., og rekstrarhalli lækkar um 63 þús. kr.

I. Blóðbankinn. Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 78 þús. kr., sem aðallega stafar af því, að áætlað er að kaupa kæliskáp til blóðgeymslu, en það fyrirkomulag, sem nú er á blóðgeymslu, er dýrt. Tekjur hækka um 10 þús. kr. og rekstrarhalli hækkar um 103 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa háskólans.* Starfsmannahald er óbreytt, en grunnlaun hækka nokkuð vegna vaktpeninga til lækna og aldurshækkana. Annar kostnaður hækkar um 162 þús. kr., tekjur hækka um 116 þús. kr., og rekstrarhalli eykst um 180 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa* samkv. lögum hækkar um 700 þús. kr. Samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi hækkar rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa, og er áætlað, að sú hækkun muni nema um 1 millj. kr. Hins vegar hefur fjárveiting síðustu fjárlaga reynzt nokkru hærri en þörf er á.

VII. *Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði* hækkar um 200 þús. kr., en styrkurinn hækkar úr 7 kr. á hvern legudag í 10 kr.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva* hækkar um 75 þús. kr.

XIII. *Til ónæmisaðgerða* hækkar um 214 þús. kr., sem eru eftirstöðvar af skuld vegna kaupa á mænusóttarbóluefni.

XIX. *Til sérnáms lækna erlendis* eftir úthlutun landlæknis, 50 þús. kr., fellur nú niður, samkvæmt tillögu landlæknis, en inn kemur nýr liður jafnhár, til námsferða héraðslækna og annarra embættislækna.

XXII. *Kostnaður við eyðingu á rottum* hækkar um 40 þús. kr.

XXIV. *Til umbúðasmiði vegna fatlaðra* hækkar um 6 þús. kr.

XXVI. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra* hækkar um 125 þús. kr.

XXVII. *Matvælaeftirlitið.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr.

XXVIII. *Tillag til World Health Organization* hækkar um 41 700 kr. vegna hækkaðs yfirfærslugjalds.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Fjöldi starfsmanna er óbreyttur. Ferðakostnaður verkfræðinga hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 165 þús. kr., m. a. vegna reynslu síðustu ára.

II. *Þjóðvegir.* Til nýrra akvega og til endurbyggingar þjóðvega er áætlað óbreytt, en viðhald hækkar um 11 millj. kr.

VII. *Til sýsluvega.* Tillög til akfærra sýsluvega hækka um 50 þús. kr. og til sýsluvegasjóða um 500 þús. kr., en sýsluvegasjóðsgjaldið miðast við fasteignamatsverð húseigna og jarðeigna.

XII. *Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum* hækkar um 25 þús. kr.

XV. *Iðgjöld til slysatrygginga* hækka um 20 þús. kr.

XVI. *Gjöld samkv. lögum um orlof verkamanna* hækka um 150 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Áætlað er, að rekstrarhalli skipaútgerðarinnar hækki um 300 þús. kr. frá því, sem er í fjárlögum nú. Ýmsir rekstrarliðir hækka verulega, svo sem tryggingar skipa vegna hins nýja 55% yfirfærslugjalds, launagreiðslur til áhafna vegna nýrra kjarasamninga, brennsluolía, viðhald o. fl., en þó er ekki gert ráð fyrir neinum stórvægilegum viðgerðum á skipunum á næsta ári. Þar á móti kemur, að reiknað er með, að tekjur skipaútgerðarinnar hækki um 30% frá því, sem nú er, og hækkar því rekstrarhallinn ekki nema um 300 þús. kr. eins og áður segir.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Miðað er við óbreytt starfslið. Aukavinna hækkar um 12 þús. kr. Hluti af launum verkfræðinga, sem færður er á hafnir, hækkar um 55 þús. kr. Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr. og ferðakostnaður og fæðispeningar hækka um 15 þús. kr.

II. *10 ára áætlun um hafnargerðir* er nýr liður, 150 þús. kr. Með þingsályktun samþykktri á Alþingi 26. marz 1958 var ríkisstjórninni falið að láta gera, í samráði við vitamálastjóra, 10 ára áætlun um nauðsynlegar hafnarframkvæmdir í landinu. Til að byrja með mun þurfa að framkvæma umfangsmiklar botnrannsóknir, og er áætlað, að nauðsynleg tæki í því sambandi muni kosta um 150 þús.

III. *Laun vitavarða* hækka nokkuð til samræmis, en vitaverðir hafa enga kjarabót fengið um nokkurra ára skeið. Aukagæzla og aðstoð hækkar um 5 þús. kr.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna.* Rekstrarkostnaður vitaskips hækkar um 550 þús. kr., sem aðallega stafar af hækkun á rekstrarvörum og hækkun á mannakaupi. Rekstur vitanna hækkar um 550 þús. kr., sem bæði stafar af fjölgun vita og hækkun á rekstrarvörum.

V. *Viðhald og endurbætur vitanna* hækkar um 100 þús. kr., m. a. vegna fjölgunar á vitum.

VI. *Sjómerki og viðhald sæluhúsa* hækkar um 100 þús. kr., sökum þess að óhjákvæmilegt er talið að endurnýja legufæri ljósdufla.

IX. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er áætlað óbreytt, 10 775 þús. kr.

X. *Til dýpkunarskipsins Grettis* er nýr liður, 1 133 þús. kr. Rekstrarhalli Grettis var orðinn um síðustu áramót rúmlega 1 600 þús. kr., og er gert ráð fyrir, að einn þriðji af þeirri upphæð verði greiddur á næsta ári. Þá er áætlað að veita 600 þús. kr. til kaupa á skóflubeltum á Gretti, en hin gömlu skóflubelti eru orðin slitin og óhjákvæmilegt talið að endurnýja þau á næsta ári.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Starfsmannahald er óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustunnar hækkar um 25 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. Slökkviliðsdeild. Sú breyting er hér á gerð, að sjóflughöfn er nú lögð niður sem sérstakur fjárlagaliður, en þeir tveir menn, sem taldir hafa verið á launum hjá sjóflughöfn, eru færðir á slökkvistöð, enda hafa þeir starfað þar undanfarin ár. Hækka því launagreiðslur á þessum lið sem því nemur. Aukavinna hækkar um 30 þús. kr., álag á næturvinnu um 31 þús. kr. og annar kostnaður um 75 þús. kr. Í stað þess fellur niður fjárveiting til sjóflughafnar, alls um 132 þús. kr.

3. Vélaverkstæði. Tekjur og gjöld vélaverkstæðis eru áætluð jafnhá.

4. Trésmíðaverkstæði. Tekjur áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. Viðhald og varðveizla mannvirkja. Laun verkamanna hækka um 100 þús. kr. og efni og aðkeypt vinna um 280 þús. kr. Malbikun flugbrauta hækkar um 140 þús. kr.

6.—7. Rafmagnsdeild. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður á Reykjavíkurflugvelli um 100 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. Skrifstofukostnaður. Auk lögboðinna hækkana hækka grunnlaun um 5 400 kr., þar eð skrifstofustjóri hækkar úr VIII. launaflokki í VI. Annar kostnaður hækkar um 60 700 kr., sem er einkum vegna hækkandi bifreiðakostnaðar og kostnaðar vegna einkennisfata, en hann var of lágt áætlaður á síðasta ári.

2. Flugumferðarstjórn. Starfsmannahald er óbreytt. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 75 þús. kr., vegna of lágrar áætlunar, og annar kostnaður um 163 þús. kr. Eru það einkum radíóviðgerðir og einkennisföt, sem valda þessari hækkun.

3. Flugumsjón. Starfsmannahald er óbreytt. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 42 þús. kr., einkum vegna umsaminnar yfirvinnu, sem samþykkt var að greiða á síðastliðnu ári. Annar kostnaður hækkar um 77 þús. kr.

4. Flugvélaafgreiðsla. Starfsmannahald er óbreytt. Álag á næturvinnu og aukavinna lækkar um 68 þús. kr. vegna breyttrar starfstilhögunar. Laun afgreiðslumanna hækka um 77 þús. kr. vegna lögboðinna launahækkana. Annar kostnaður hækkar um 175 þús. kr., einkum vegna hækkunar á rekstrarkostnaði bifreiða og vegna einkennisfata.

5. Flugvirkjadeild. Laun flugvirkja lækka um 60 þús. kr., þar eð breytt hefur verið um rekstrarfyrirkomulag þessarar deildar. Efni og annar kostnaður hækkar um 83 500 kr.

6. Tryggingariðgjöld hækka um 94 300 kr. Hækkunin stafar af því, að af þessum lið hefur til þessa einungis verið greidd flugvallartrygging, en aðrar tryggingar viðkomandi Keflavíkurflugvelli hafa verið greiddar af fjárveitingum til Reykjavíkurflugvallar. Nú er gert ráð fyrir, að allar tryggingar af vellinum verði greiddar af þessum fjárlagalið.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir:*

Sú breyting er hér gerð, að kostnaður við snjómokstur er nú áætlaður sérstaklega 225 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 299 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

B. 1. Upplýsingaþjónustan. Annar kostnaður hjá upplýsingaþjónustunni hækkar um 299 þús. kr.

2. Flugumferðarstjórn, Reykjavík. Starfsmannahald óbreytt. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr.

3. Flugumferðarstjórn, Akureyri. Aukavinna hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

4. Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum. Aukavinna hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

5. Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum. Aukavinna hækkar um 28 þús. kr.

C. *Flugfjarskiptistöðvar.*

Radíóverkstæðið í Reykjavík. Efni og varahlutir hækka um 25 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna um 40 þús. kr. Hér er gert ráð fyrir 256 þús. kr. tekjum, sem er nýtt. Eru það einkum radíóviðgerðir, sem verkstæðið framkvæmir fyrir flugumferðarstjórn á Keflavíkurflugvelli. Rekstrarhalli verkstæðisins lækkar um 180 þús. kr.

Radíóverkstæðið á Akureyri. Efni og varahlutir hækka um 10 þús. kr. og ferðakostnaður og aukavinna um 20 þús. kr.

Rekstur stöðvanna hækkar um 40 þús. kr.

VII. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur.* Framlag til ICAO hækkar um 45 þús. kr., vegna hins nýja yfirfærslugjalds. Ferðakostnaður hækkar um 150 þús. kr. Vandlega var athugað, hvaða ráðstefnur myndi verða óhjákvæmilegt að sækja af Íslands hálfu vegna þátttöku í ICAO, og var talið óvarlegt að áætla þennan kostnað lægri en hér er gert. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

VIII. *Þjálfun starfsmanna í flugvallarrekstri* hækkar um 25 þús. kr.

X. *Loftferðaeftirlitið.* Starfsliði fækkar um einn eftirlitsmann og lækka laun sem því nemur. Til flugskráningar hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr. Tekjur hækka um 5 þús. kr.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan:*

1. Flugumferðarstjórn hækkar um 157 þús. kr. vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar.

2. Fjarskiptiþjónustan hækkar um 1 153 þús. kr. samkv. áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, sem send hefur verið ICAO og tekin óbreytt upp í frv.

3. Veðurþjónustan hækkar um 292 þús. kr. samkv. áætlun veðurstofustjóra, sem tekin hefur verið óbreytt. Til endurgreiðslu kemur alþjóðatillag, sem hækkar um 1 439 þús. kr. Hlutur Íslands af kostnaðinum hækkar um 162 þús. kr. frá fjárlögum nú.

XII.—XIII. *Framlag til veðurathugunarskipa á Norður-Atlantshafi og til veðurþjónustu á Grænlandi* hækkar um 550 þús. kr. vegna yfirfærslugjalds og of lágrar áætlunar á fjárlögum nú.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar óbreyttar nema af Keflavíkurflugvelli, en þar lækka þær um 47 þús. kr., og er þar miðað við reynslu yfirstandandi árs.

Um 13. gr. E.

1. *Almenn veðurþjónusta.*

A. Yfirstjórn og skrifstofa. Starfsmannahald er óbreytt, en laun hækka lítillega sökum tilfærslu milli launaflokka. Aukavinna hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.

B. Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli. Tala starfsfólks er óbreytt. Aukavinna hækkar um 21 þús. kr., þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 32 þús. og annar kostnaður um 130 þús. kr., að langmestu leyti vegna hækkana á síma- og skeytasendingum, sem er stór kostnaðarliður í sambandi við veðurathuganir út um allt land.

C. Loftskeytadeild. Grunnlaun lækka, þar eð loftskeytamönnum fækkar um 4. Aukavinna og næturálag hækkar um 43 þús. kr. og annar kostnaður um 13 þús. kr. Hér kemur inn nýr liður, sem er lán til ICAO til kaupa á nýjum tækjum, 450 þús. kr. 60% af þeirri upphæð mun ICAO endurgreiða á 10 árum.

D. Veðurfarsdeild. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 45 þús. kr. Þá kemur inn nýr liður, þóknun til veðurathugunarmanna, 88 600 kr., sem áður var talin með öðrum kostnaði.

E. Áhaldadeild. Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 3 þús. kr. og veðurathugunaráhöld um 44 þús. kr., og er þar komið til móts við tillögur veðurstofustjóra um fjárveitingu til kaupa á tækjum. Annar kostnaður hækkar um 65 þús. kr.

F. Jarðeðlisfræðideild. Aukavinna hækkar um 4 þús. kr. Jarðskjálftamælingar utan Reykjavíkur hækka um 1 þús. kr., og annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr. Til kaupa á jarðskjálftamæli, 30 þús. kr., fellur niður.

G. Bóka- og skjalasafn. Aukavinna hækkar um 1 500 kr. og annar kostnaður um 16 þús. kr.

2. Tillag til alþjóðaveðurrannsóknarstofnunarinnar hækkar um 7 741 kr.

3. Veðurþjónusta vegna millilandaflugs. Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frv., þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr. Landkynning hækkar um 95 þús. kr., en upplýsingaskrifstofan á Akureyri lækkar um 10 þús. kr. Tekjuáætlunin hækkar um 45 þús. kr., og er þar miðað við reynslu ársins 1958. Hallinn hækkar um 92 þús. kr., og er eins og áður greiddur úr sérleyfissjóði.

II. *Skipaskoðun ríkisins.* Starfsmannahald er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Þóknun til skipaskoðunarmanna hækkar um 30 þús. kr. og ferðakostnaður um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 120 þús. kr., en sá kostnaður hefur reynzt allt of lágt áætlaður undanfarið. Tekjur hækka um 180 þús. kr., og er þar miðað við, að gjaldskránni verði breytt á næsta Alþingi. Rekstrarhalli hækkar um 16 500 kr.

III. *Stýrimannaskólinn.* Starfsmannahald er óbreytt. Stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 65 þús. kr., m. a. vegna þess, að undir þennan lið er nú tekinn kostnaður við leikfimi og sundkennslu, sem áður var færður undir annan kostnað. Inn kemur nýr liður, húsaleiga, 122 þús. kr. Er það samkvæmt ákvörðun samgöngumálaráðuneytisins um, að skólar, sem til húsa eru í sjómannaskólahúsinu, skuli greiða húsaleigu. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 25 þús. kr. og til áhalda um 15 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr., sbr. það, sem áður segir um stundakennslu, en til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 18 þús. krónur.

IV. *Sjómannaskólahúsið.* Annar kostnaður hækkar um 234 600 kr., m. a. vegna þess, að komið er til móts við tillögur húsvarðar um málningu á nokkrum hluta hússins.

Tekjur hækka um 357 þús. kr. vegna þeirrar ákvörðunar samgöngumálaráðuneytisins, að þær stofnanir, sem til húsa eru í skólahúsinu, skuli eftirleiðis greiða húsaleigu. Rekstrarhalli, sem áætlaður er 119 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, hverfur, og eru tekjur og gjöld áætluð jafnhá.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla* hækkar um 104 þús. kr., og er stærsti liðurinn greiðsla húsaleigu til sjómannaskólahússins, 56 þús. kr., sem er nýtt. Hækkun að öðru leyti stafar af hækkunum á rekstrarvörum skólans.

VI. *Landmælingar.* Starfsmannahald er óbreytt, en grunnlaunahækkun stafar af tilfærslu milli launaflokka. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

VII. *Sjómælingar.* Starfsmannahald er óbreytt. Til sjókortagerðar hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 40 þús. kr. Til kaupa á nýjum vélum í sjómælingabát er nýr liður, 300 þús. kr., þar eð eldri vélarnar eru ónýtar.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Starfslið er óbreytt að öðru leyti en því, að nú er gert ráð fyrir sendikennaralaunum í ensku, kr. 16 050, sem ekki er á þessa árs fjárlögum. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 40 þús. kr. og til tannlæknastofu um 105 þús. kr. Er þar gert ráð fyrir aukinni starfsemi deildarinnar og að tannlæknakennsla verði færð í svipað horf og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Hefur menntamálaráðuneytið lagt áherzlu á þessa auknu fjárveitingu til tannlæknadeildarinnar. Liðirnir til rannsóknarstofu í lyfjafræði, heilbrigðisfræði og lífeðlisfræði hækka um 3 þús. kr. hver, og inn kemur nýr liður, til verklegrar kennslu í lyfjafræði, 7 þús. kr. Til stundakennslu og landmælinga hækkar um 55 þús. kr. og til áhaldakaupa læknadeildar um 10 þús. kr. Til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna hækkar um 10 þús. kr., og inn kemur nýr liður, eðlisfræðirannsóknir, 212 þús. kr. Er hér þó reyndar að mestu um tilfærslu að ræða en ekki nýja útgjaldaliði, þar eð tveir liðir á 15. gr. B. núgildandi fjárlaga falla niður í þess stað. Eru það liðirnir til segulmælingastöðva og segulmælinga í bergi og til mælinga geislavirkra efna, sem nema samtals 185 þús. kr. Hækkun er því 27 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Til kennslutækja í eðlisfræði, sem nú er 7 þús. kr., fellur niður, en inn kemur nýr liður, til verklegrar kennslu í guðfræði, 3 þús. kr. Fasteignagjöld og tryggingar hækka um 3 þús. kr., prófkostnaður um 40 þús. kr., íþróttakennsla um 10 þús. kr. og ýmis gjöld um 146 þús. kr. Endurgreiðsla af dánargjöf Aðalsteins Kristjánssonar er áætluð 30 þús. kr.

b. *Tilraunastofa Háskólans á Keldum.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 562 þús. kr. Tekjur hækka um 510 þús. kr.

II. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum:*

a. Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis og til námslána hækkar um 725 þús. kr., sem gert er til að mæta hinu nýja yfirfærslugjaldi svo og vegna nokkurrar aukningar námsmanna.

b. Til Lánasjóðs stúdenta hækkar um 250 þús. kr.

III. *Fræðslumálastjóraembættið.* Starfsmannahald er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 90 þús. kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Kennarafjöldi er óbreyttur, en laun hækka lítillega sökum aldurshækkana auk lögboðinna hækkana. Stundakennsla hækkar um 251 þús. kr., og er þá miðað við, að bekkjardeildir verði 25 eða fjölgi um þrjár. Prófkostnaður hækkar um 10 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Starfsmannahald er óbreytt. Stundakennsla hækkar um 171 þús. kr. vegna nemendafjölgunar og fjölgunar bekkjadeilda um eina. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr., til kennsluáhalda um 3 þús. kr., annar kostnaður um 10 þús. kr. og viðhald húss og muna um 20 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Tala starfsmanna er óbreytt. Stundakennsla hækkar um 5 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 40 þús. kr., prófkostnaður um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn.* Grunnlaun hækka um ½ kennaralaun auk lögboðinna hækkana. Stundakennsla hækkar um tæpl. 4 þús. kr., ljós, hiti og ræsting um 9 þús. kr., og inn kemur nýr liður, prófkostnaður, 30 þús. kr. Til kennsluáhalda hækkar um 2 þús. kr., viðhald um 15 þús. kr., húsnæði utan skólans um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

Í handíðadeild kennaraskólans hækkar stundakennsla um 3 þús. kr., húsaleiga, hiti, ljós og ræsting um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

VIII. *Vélskólinn.* Starfsmannahald er óbreytt. Stundakennsla hækkar um 105 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir, að 1. og 2. bekkur verði þrískiptir í stað tvískiptir áður, ljós, hiti og ræsting hækkar um 35 þús. kr., til verklegrar kennslu um 5 þús. kr., en til áhaldakaupa lækkar um 100 þús. kr. Þá kemur inn nýr liður, húsaleiga, 150 þús. kr., sbr. það, sem fyrr var sagt um sjómannaskólann. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

IX. *Iðnfræðsla.* Sú breyting er gerð á uppsetningu þessa liðs, að fjárveiting til Iðnskólans í Reykjavík er nú greind sérstaklega og til skóla utan Reykjavíkur sérstaklega. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka laun fastra kennara (að verðlagsuppbót meðtalinni) um 74 720 kr., þar af eru 55 121 kr. vegna áhrifa laga nr. 33/1958, en 19 599 kr. vegna fjölgunar kennara. Annar kostnaður en laun hækka um 249 þús. kr. Þar af eru 162 þús. kr. vegna verðhækkana. Búist er við færri nemendum næsta vetur, og er því gert ráð fyrir lægri tekjum af skólagjöldum.

Til listiðnaðardeildar Handíðaskólans hækkar um 200 þús. kr. Í 7. gr. laga um iðnskóla nr. 45/1955, segir, að heimilt sé að láta listiðnaðardeild Handíðaskólans njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði og iðnskóladeildir gagnfræðaskólanna njóta. Heimild þessi var notuð með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags 24. sept. 1955. Mun fjárveiting í gildandi fjárlögum reynast of lág um 110 þús. kr.

X. *Almenn barnafræðsla.* Hér er sú breyting gerð á uppsetningu frá gildandi fjárlögum, að veitt er fé sérstaklega til allra barnaskólanna í Reykjavík, sérstaklega til hvers skóla í kaupstöðum utan Reykjavíkur og loks til annarra skóla. Miðað við fjárlög 1958 hækka laun (verðlagsuppbót meðtalin) kennara í föstum skólum um 4 166 651 kr. Hækkun þessi stafar af því, að bætt er við 47 nýjum kennurum, vegna aukins nemendafjölda og vegna aukinnar forfallakennslu. Hækkun vegna þessa nemur 2 408 466 kr. Þá hækka laun samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/1958 um 1 758 095 kr. Farkennaralaun hækka einungis um 16 þús. kr., en farkennurum fækkar um 2. Laun ráðskvenna hækka um 50 þús. kr. vegna áhrifa laga nr. 33/1958. Stundakennsla og þóknun til skólastjóra í tví- og þrískipuðum skólum hækkar um 847 þús. kr.

Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði barnaskólanna hækkar um 1 578 þús. kr. Veldur þar mestu hækkun á ljósi, hita, ræstingu og viðhaldi skólahúsa.

Til skíðakennslu í barnaskólum er nýr liður, 60 þús. kr. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 262 þús. kr.

Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir kennara hækkar um 1 541 þús. kr. Samkvæmt lögum frá 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, er ríkissjóði skylt að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára frá því er fyrsta framlag var innt af hendi. Til þess að ljúka þeim skólabyggingum, sem fé er byrjað að veita til, á tilskildum tíma, verður að áætla framlag þetta eins og hér er gert.

Til fyrrverandi barnakennara hækkar um 12 þús. kr.

Alls nemur hækkunin á barnafræðslunni frá gildandi fjárlögum 8 550 þús. kr.

XI. *Gagnfræðamenntun:*

1. Alþýðuskólinn á Eiðum. Til verklegs náms og aukakennslu hækkar um 22 þús. kr., ljós, hiti og ræsting um 25 þús. kr., og annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Til byggingar stíflugarðs við rafveitu lækkar um 64 þús. kr. Inn koma tveir nýir liðir, til útgáfu 75 ára afmælisrits 10 þús. kr. og til að mála heimavist 50 þús. kr.

Fjárveiting til héraðs- og gagnfræðaskóla er nú meira sundurliðuð eftir skólum en áður hefur verið. Miðað við fjárlög 1958 hækka laun kennara (verðlagsuppbót meðtalin) um 3 315 þús. kr. Gert er ráð fyrir 39 nýjum kennurum, og nema launagreiðslur til þeirra 2 297 þús. kr. Hækkun launa vegna laga nr. 33/1958 nemur 1 018 þús. kr. Stundakennsla og þóknun til skólastjóra í tví- og þrískipuðum skólum hækkar um 826 þús. kr. Þessi hækkun stafar af: 1) að fræðslumálastjórnin gerði ekki tillögu um fjárveitingu til stundakennslu í skólum í Reykjavík, en hefði átt að vera 660 þús. kr. Hér er því ekki um beinan kostnaðarauka að ræða, heldur leiðréttingu. 2) Hækkun á stundakennslu í unglingaskólum og miðskólum um 69 þús. kr. 3) Umsjónarlaun í héraðsskólum og vegna tví- og þrískipunar hækkar um 47 þús. kr.

Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði hækkar um 2 205 þús. kr., sem liggur í eftirfarandi: 1) Hækkun á ljósi, hita og ræstingu, 234 þús. kr. 2) Hækkun viðhaldskostnaðar um 505 þús. kr. 3) Tekjurýrnun um 492 þús. kr. vegna lagabreytingar á síðasta Alþingi, sem gekk í þá átt að tryggja hlutaðeigandi sýslufélögum leigutekjur af húsnæði og heimavistargjöld nemenda, en áður skiptust tekjur þessar milli skólanna og ríkissjóðs, þannig að af leigutekjum fékk ríkissjóður ¾, en af heimavistargjöldum ½. 4) Hækkun á ýmsum kostnaði um 549 þús. kr., sumpart vegna verðhækkana og sumpart vegna of lágrar áætlunar.

Til skíðakennslu í skólum er nýr liður, 100 þús. kr.

Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 768 þús. kr. Er hér um að ræða sömu ástæður sem valda hækkun á framlagi til byggingar barnaskóla, sbr. greinargerð með næsta lið hér að framan.

Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra hækkar um 155 þús. kr., þar eð hagkvæmara er talið að styrkja unglingafræðslu á þennan hátt heldur en að lengja skólaskyldu sumra héraða til 15 ára aldurs, en við það mundu flestir unglingaskólar, sem hér eiga hlut að máli, öðlast rétt til fasts kennara að hálfu a. m. k. eða sem svarar til stundakennslu fyrir 30—35 þús. kr. miðað við 7—8 mánaða árlegan starfstíma.

Til námsflokka undir eftirliti fræðslumálastjóra hækkar um 2 þús. kr.

Hækkun frá gildandi fjárlögum nemur alls á gagnfræðafræðslunni 6 947 þús. kr.

XIII. *Húsmæðrafræðslan.*

1. Húsmæðrakennaraskólinn. Undanfarin ár hefur húsmæðrakennaraskólinn ekki starfað, og hefur því fjárveiting til hans verið af mjög skornum skammti. Nú mun skólinn taka til starfa á hausti komanda. Gert er ráð fyrir launum til skólastjóra

og tveggja kennara. Stundakennsla og aðstoð er áætluð 74 þús. kr. og prófkostnaður 15 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting er áætlað 48 þús. kr. og annar kostnaður 70 þús. kr.

2.—6. Almenn húsmæðrafræðsla. Hér verður gerð grein fyrir allri húsmæðrafræðslunni, bæði í kaupstöðum og utan kaupstaða (16. gr. A. 47.). Í fjárlögum undanfarið hefur fjárveiting til skólanna verið áætluð í einu lagi, en nú er lagt til, að tekin verði upp sérstök fjárveiting til hvers skóla um sig. Miðað við fjárlög 1958 hækka laun kennara (verðlagsuppbót meðtalin) um 166 þús. kr. vegna áhrifa laga um útflutningssjóð og vegna aldurshækkana. Heildarrekstrarkostnaður allra skólanna hækkar um 418 þús. kr., sem stafar bæði af hækkuðu verðlagi og vegna tekjumissis, sbr. lagabreytingu á síðasta þingi, um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, en samkvæmt lögum þessum ganga nú leigutekjur af húsnæði og heimavistargjöld nemenda til skólanna sjálfra í stað þess, að áður skiptust tekjur þessar milli ríkissjóðs og skólanna.

XIV. *Til íþróttamála.*

1. Til Íþróttakennaraskóla ríkisins. Stundakennsla hækkar um 15 þús. kr. og inn kemur nýr liður, prófkostnaður, 3 500 kr. Ræsting, ljós og hiti hækkar um 40 þús. kr., og er þar tilfærsla frá öðrum kostnaði, sem lækkar um 40 þús. kr. Kostnaður vegna stofnunar heimavistar lækkar um 10 þús. kr.

11. Til Íþróttasambands Íslands vegna þátttöku í Evrópumeistaramóti 40 þús. kr. fellur niður, en inn kemur nýr liður, til Ólympíunefndar Íslands til undirbúnings Ólympíuleikanna 1960, 100 þús. kr.

XV. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.*

Fæðiskostnaður hækkar um 20 þús. kr., kaup starfsstúlkna um 18 þús. kr., til áhaldakaupa um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 25 900 kr.

XVI. *Styrkur til heimavistarskóla Áfengisvarnanefndar kvenna að Hlaðgerðarkoti* er nýr liður, 120 þús. kr.

XVII. *Kostnaður við barnaverndarráð* er nú áætlaður 30 þús. kr. hærri en 1958. Stafar hækkunin af því, að þóknun ráðsmanna hefur verið hækkuð nokkuð, en hún hefur verið óbreytt um árabil. Er nú gert ráð fyrir 12 þús. kr. þóknun til formanns í stað 8 áður og 9 þús. kr. til hinna ráðsmannanna í stað 6 þús. áður. Þóknun sérfræðings er nú áætluð 16 200 kr. í stað 10 800 áður.

XXV. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 150 þús. kr.

XXVIII. *Til styrktar erlendum námsmönnum í íslenzkum skólum* hækkar um 25 þús. kr.

XXXIII. a. *Námstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.* Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr.

b. Annar kostnaður fræðslufulltrúans í Reykjavík hækkar um 10 þús. kr.

XXXV. *Til ríkisútgáfu námsbóka* hækkar um 175 þús. kr., sem er eingöngu miðað við hækkun á pappír og prentvinnu. Hins vegar er gert ráð fyrir óbreyttu starfssviði frá því sem verið hefur.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Starfsmannahald er óbreytt. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa hækkar um 30 þús. kr., til að gera mikrofilmur af handritum hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Tala starfsmanna er óbreytt og aðrir kostnaðarliðir einnig, en inn kemur nýr liður, til spjaldskrár yfir manntöl, 25 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Starfsmannahald er óbreytt. Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. hækkar um 25 þús. kr., rannsókna- og ferðakostnaður um 5 þús. kr., til viðhalds gamalla bygginga hækkar um 20 þús. kr. Til verndunar fornleifanna að Stöng

lækkar um 30 þús. kr. og er fjárveiting þessi til greiðslu eftirstöðva af þeim kostnaði. Til rekstrar hússins hækkar um 40 þús. kr.

IV. *Listasafn ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

V. *Náttúrugripasafnið.* Starfsmannahald er óbreytt, en grunnlaunahækkun stafar af tilfærslu á milli launaflokka. Eftirtaldir liðir hækka: Til kaupa á bókum um 2 þús. kr., til kaupa á safnhirzlum, áhöldum og tækjum um 5 þús. kr., til rannsókna og ferðakostnaðar um 20 þús. kr., til fuglamerkinga um 1 þús. kr., hiti, ljós og ræsting og önnur gjöld um 55 þús. kr. og stafar sú hækkun af því, að safnið mun væntanlega verða flutt í nýtt húsnæði á næstunni. Þar sem safnið hefur verið til húsa fram að þessu hefur það ekki þurft að greiða fyrir ljós eða hita. Þá er lagt til, að inn komi nýr liður, til flutninga og kaupa á húsgögnum og innréttingum, 100 þús. kr. Þessi útgjöld eru óhjákvæmileg, þegar safnið verður flutt í hið nýja húsnæði.

IX. *Safnahúsið.* Til hita, ljóss og opinberra gjalda hækkar um 5 þús. kr., til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 5 þús. kr. og ýmis gjöld hækka um 5 þús. kr.

X. *Framlög til bókasafna samkvæmt lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn.* Til bókasafna skóla og annarra opinberra stofnana hækkar um 25 þús. kr., vegna þess að æ fleiri skólar og stofnanir notfæra sér heimild þá, er felst í 22. gr. laganna um almenningsbókasöfn. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum nú.

XI. *Styrkir til bókaútgáfu.* Eftirtaldir liðir breytast frá fjárlögum nú: Til fornritaútgáfunnar til ljósprentunar fornrita lækkar um 20 þús. kr. Til útgáfu kennslubókar í íslenzku fyrir erlenda stúdenta 15 þús. kr. fellur nú niður. Til héraðsskjalasafna hækkar um 5 þús. kr. vegna fjölgunar héraðsskjalasafna. Til Ingvars Brynjólfssonar vegna íslenzk-þýzkrar orðabókar hækkar um 15 þús. kr. Vegna þátttöku Íslands í útgáfu safnrita um menningarsögu Norðurlanda hækkar um 3 þús. kr.

XII. *Til skálda, rithöfunda og listamanna* hækkar um 5% og verður 1 260 þús. kr.

XXXVII. *Til tónlistarstarfsemi* hækkar um 20 þús. kr., þar eð tekin er upp fjárveiting til tónlistarskóla Eskifjarðar, 10 þús. kr., og til lúðrasveitar Eskifjarðar, 10 þús. kr.

LXXV. *Til Matthíasarfélagsins á Akureyri* er nýr liður, 25 þús. kr. Félagið hefur það markmið að koma upp safni á Akureyri til heiðurs minningu þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar. Akureyrarbær hefur veitt fé í þessu skyni, 25 þús. kr. hvort árið 1957 og 1958.

Um 15. gr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Gert er ráð fyrir launum til 119 presta, og er það óbreytt frá því sem er í þessa árs fjárlögum. Síma- og frímerkjakostnaður presta hækkar um 25 þús. kr. Prestmötuandvirði og úttektarkostnaður á prestssetrum hækkar um 100 þús. kr. Til fyrningarsjóðs prestsseturshúsa hækkar um 5 þús. kr. og viðbót við eftirlaun uppgjafapresta og prestsekkna hækkar um 20 þús. kr.

X. *Lokagreiðsla af láni til kirkjubyggingasjóðs* er nýr liður, 325 þús. kr.

XIII. *Til framkvæmda í Skálholti* lækkar um 200 þús. kr.

XIV. *Til kaupa á pípuorgeli í Hóladómkirkju* voru veittar 165 þús. kr. árin 1956 og 1957. Nú hefur komið í ljós, að þessi fjárveiting nægir ekki, m. a. af því, að aðflutningsgjöld hafa hækkað. Er því lagt til, að veittar verði 85 þús. kr. til þess að greiða eftirstöðvar af kostnaðarverði orgelsins.

Kostnaður vegna Skálholtshátíðar 1956, 350 þús. kr., fellur nú niður.

XVI. *Til eftirlits með kirkjugörðum,* 7 200 kr., er nýr liður, en kostnaði þessum hefur undanfarið verið vísað beint á viðkomandi lög.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Liðurinn hækkar um 266 450 kr., og er það áætluð hækkun vegna laganna um útflutningssjóð.

2. *Til kynnisferða bænda* hækkar um 5 þús. kr.

3. *Til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra* hækkar um 21 þús. kr.

	Forstöðumaður	1	U.	kr. 24 885
	Hjúkrunarkona	1	IX.	— 34 650
	Aðstoðarstúlka	1	X.	— 32 445
	Vinnukona	1	XIV.	— 20 109
	Ritari	1	XIII.	— 24 909
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 27 810
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 7 200
		5		kr. 172 008

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
12. IV.	**Holdveikraspítalinn í Kópavogi:**			
	Læknir	1	U.	kr. 19 224
	Forstöðukona	1	VIII.	— 37 170
	Vinnustúlkur	4	XIV.	— 81 780
	Prestsþjónusta			— 7 500
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 21 851
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 3 000
		6		kr. 170 525
12. V.	**Rannsóknarstofa háskólans:**			
	Forstöðumaður		U.	kr. 24 885
	Læknar	4	V.	— 219 960
	Aðstoðarmenn	3	VIII., X.	— 106 785
	Aðstoðarstúlkur	6	X.—XIII.	— 164 526
	Vinnustúlkur	3	U.	— 32 098
	Sendisveinn	1	U.	— 16 500
	Bókavarzla			— 7 200
	Ritarar	2	XI.	— 54 834
	Sumarleyfi og forfallavinna			— 81 482
	Aðalskrifstofan, hlutagr.			— 24 000
		19		kr. 732 270
12. XXVII.	**Matvælaeftirlitið:**			
	Eftirlitsmaður	1	VII.	kr. 39 690
	Aðstoðarmaður	1	U.	— 9 360
	Ritari	1	XIII.	— 24 909
		3		kr. 73 959
13. A. I.	**Vegamál:**			
	Verkfræðideild:			
	Vegamálastjóri	1	III.	kr. 53 865
	Yfirverkfræðingur	1	IV.	— 49 770
	Mælingamaður	1	VI.	— 42 210
	Verkfræðingar	6		— 303 874
	Teiknari	1	X.	— 32 445
	Iðnfræðingur	1	VII.	— 32 366
	Skrifstofa:			
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 42 210
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 37 170
	Bókarar	6	X.—XI.	— 189 630
	Ritari	1	XIV.	— 22 509
	Skjalavörður	1	X.	— 26 775
	Birgðavarzla og verkstjórn:			
	Birgðaverðir	3	IX.	— 103 950
	Aðalverkstjórar	2	X.	— 64 890
		26		kr. 1 001 664

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. B. I.	**Skipaútgerð ríkisins:**			
	Forstjóri	1	III.	kr. 51 300
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 42 210
	Aðalbókari	1	VII.	— 39 690
	Lögfræðingur	1	VII.	— 39 690
	Eftirlitsmenn	2	VIII.—XI.	— 67 095
	Gjaldkeri	1	VII.	— 39 690
	Afgreiðslustjóri	1	VIII.	— 37 170
	Innkaupastjóri	1	IX.	— 34 650
	Bókarar	9	X.—XI.	— 287 280
	Sendisveinar	3	U.	— 35 438
	Símastúlka	1		— 21 309
	Ritarar	4	XIV.	— 92 553
	Verkstjóri	1	IX.	— 34 650
	Birgðaverðir	2	X.—XI.	— 64 890
		29		kr. 887 615
13. C. I.	**Vitamál:**			
	Vita- og hafnarmálastjóri	1	III.	kr. 53 865
	Verkfræðingar	5	U.	— 229 887
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 42 210
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 37 170
	Bókarar	3	X.	— 89 799
	Ritarar	2	XIII.	— 45 753
	Teiknari	1	X.	— 24 909
	Áhaldavörður	1	VIII.	— 37 170
	Efnisverðir	2	IX.	— 69 300
	Kafari	1	XI.	— 29 925
	Viðgerðarmaður	1	IX.	— 34 650
	Aukavinna verkfræðinga			— 67 444
		19		kr. 762 082
13. D. I.	**Flugmál:**			
	Flugráð:			
	Formaður Flugráðsmenn			kr. 61 830
	Skrifstofa:			
	Flugmálastjóri	1	III.	— 53 865
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 42 210
	Aðalbókari	1	VII.	— 39 690
	Bókarar	4	VIII.—XII.	— 125 685
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 29 925
	Húsvörður	1	XI.	— 29 925
	Reykjavíkurflugvöllur:			
	Flugvallarstjóri	1	V.	— 45 990
	Bókari	1	VIII.	— 37 170
	Slökkviliðsstjóri	1	VIII.	— 37 170

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. I.	Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1	IX.	kr. 34 650
	Slökkviliðsmenn	6	X.	— 194 670
	Sjóflughafnarmenn	2	IX.—X.	— 67 095
	Birgðavörður	1	VIII.	— 37 170
	Vinnuvélastjóri	1	IX.	— 34 650
	Verkstjóri	1	X.	— 32 445
	Yfirverkstjórar	2	VII.—IX.	— 74 340
	Rafvirkjameistari	1	IX.	— 34 650
	Keflavíkurflugvöllur:			
	Flugvallarstjóri	1	V.	— 45 990
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 42 210
	Fulltrúi	1	VIII.	— 37 170
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 37 170
	Varðstjórar	4	VII.	— 158 760
	Flugumsjónarmenn	6	VIII.—IX.	— 200 714
	Yfirflugumsjónarmaður	1	VI.	— 42 210
	Deildarstjóri	1	VI.	— 42 210
	Eftirlitsmenn	2	VII.—VIII.	— 76 860
	Varðstjórar	4	VIII.	— 148 680
	Hleðslustjórar	8	IX.	— 254 030
	Afgreiðslustúlkur í flugv.	4	IX.—XI.	— 109 542
	Aðrir flugvellir og sjóflughafnir:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	— 45 990
	Gæzlumaður flughafna	1	VIII.	— 37 170
	Framkvæmdastjóri	1	V.	— 45 990
	Aðstoðarflugumferðarstjóri	1	VIII.	— 37 170
	Flugumferðarstjórn:			
	Reykjavík:			
	Flugumferðarstjórar	12	VIII.—IX.	— 402 184
	Keflavík:			
	Yfirflugumferðarstjóri	1	VI.	— 42 210
	Varðstjórar	4	VII.	— 158 760
	Flugumferðarstjórar	4	VIII.	— 142 380
	Aðstoðarflugumferðarstjórar	7	IX.	— 213 454
	Akureyri:			
	Varðstjóri	1	VIII.	— 37 170
	Flugumferðarstjóri	1	VIII.	— 37 170
	Aðstoðarflugumferðarstjóri	1	IX.	— 31 188
	Vestmannaeyjum:			
	Flugumferðarstjórar	2	VIII.	— 74 340
	Egilsstöðum:			
	Aðstoðarflugumferðarstjóri	1	IX.	— 32 208
	Radíóverkstæði, Reykjavík:			
	Yfirverkstjóri	1	VIII.	— 37 170
	Viðgerðarmenn	3	X.	— 97 335

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. D. I.	**Radíóverkstæðið, Akureyri:**			
	Yfirverkstjóri	1	VIII.	kr. 37 170
	Alþjóðaflugmálastofnunin:			
	Deildarstjóri	1	VI.	— 42 210
	Loftferðaeftirlitið:			
	Framkvæmdastjóri	1	V.	— 45 990
	Eftirlitsmaður	1	VIII.	— 32 445
	Fulltrúi	1	IX.	— 34 650
	Alþjóðaflugþjónustan:			
	Yfirflugumferðarstjóri	1	V.	— 45 990
	Varðstjórar	4	VII.	— 158 760
	Flugumferðarstjórar	10	VII.—VIII.	— 385 560
		123		kr. 4 463 340
13. E.	**Veðurþjónusta:**			
	Innanlandsþjónusta:			
	Skrifstofa:			
	Forstjóri	1	IV.	kr. 49 770
	Skrifstofustjóri	1	VII.	— 39 690
	Ritarar	2	X.—XIII.	— 56 154
	Bókari	1	X.	— 32 445
	Veðurspádeild:			
	Deildarstjóri	1	V.	— 45 990
	Veðurfræðingar	3	VI.	— 126 630
	Aðstoðarmenn	6	X.	— 178 605
	Loftskeytadeild:			
	Deildarstjóri	1	VII.	— 39 690
	Varðstjórar	4	VIII.	— 148 680
	Loftskeytamenn	6	IX.	— 201 285
	Veðurfarsdeild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	— 42 210
	Aðstoðarmenn	2	X.	— 64 890
	Jarðeðlisfræðideild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	— 42 210
	Áhaldadeild:			
	Deildarstjóri	1	VI.	— 42 210
	Bifreiðarstjóri	1	X.	— 32 445
	÷ Laun loftskeytamanna 60%			— 233 793
		32		kr. 909 111

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
13. E	**Flugveðurþjónusta:**			
	Flugveðurstofan í Keflavík:			
	Deildarstjóri	1	V.	kr. 45 990
	Veðurfræðingar	6	VI.—VII.	— 250 740
	Aðstoðarmenn	9	X.	— 265 474
	Háloftstöðin í Keflavík:			
	Háloftsathugunarmenn	7	IX.	— 242 550
	+ Laun loftskeytamanna 60%			— 233 793
		23		kr. 1 038 547
13. F. I.	**Ferðaskrifstofa ríkisins:**			
	Forstjóri	1	IV.	kr. 49 770
	Fulltrúar	2	VIII.	— 74 340
	Afgreiðslumenn	2	X.—XIII.	— 57 354
	Verzlunarstjóri	1	VII.	— 39 640
	Aðalgjaldkeri	1	X.	— 32 445
		7		kr. 253 599
13. F. II.	**Skipaskoðun ríkisins:**			
	Skipaskoðunarstjóri	1	V.	kr. 45 990
	Skoðunarmenn	4	X.	— 129 780
	Bókari	1	X.	— 32 445
	Eftirlitsmenn	4	U.	— 90 036
	Vélaeftirlitsmaður	1	VII.	— 39 690
	Aukaaðstoð			— 12 492
		11		kr. 350 433
13. F. III.	**Stýrimannaskólinn:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 42 210
	Kennarar	5	VIII.	— 183 330
		6		kr. 225 540
13. F. IV.	**Sjómannaskólahúsið:**			
	Húsvörður	1	XII.	kr. 34 605
		1		kr. 34 605
13. F. V.	**Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:**			
	Forstöðumaður	1	VII.	kr. 39 690
	Kennari	1	IX.	— 34 650
		2		kr. 74 340

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. I.	**Kennslumál:**			
	Háskólinn:			
	Rektor	1	III.	kr. 53 865
	Prófessorar	30	II.—IV.	— 1 509 390
	Háskólabókavörður	1	IV.	— 49 770
	Dósent	1	V.	— 45 990
	Aukakennarar			— 170 902
	Íþróttakennari	1	VII.	— 39 690
	Háskólaritari	1	VI.	— 42 210
	Fulltrúi	1	IX.	— 34 650
	Húsvörður	1	XII.	— 27 405
	Sendikennarar			— 112 350
		37		kr. 2 086 222
14. A. I. b.	**Tilraunastöð Háskólans á Keldum:**			
	Forstöðumaður	1	IV.	kr. 49 770
	Efnafræðingur	1	VI.	— 42 210
	Sérfræðingur	1	VI.	— 42 210
	Dýralæknir	1	VI.	— 42 210
	Aðstoðarmenn	4	VII.—X.	— 126 969
	Bókari	1	XI.	— 29 925
	Ráðsmaður	1	X.	— 32 445
	Bifreiðarstjóri	1	X.	— 32 445
	Aðstoðarstúlka	1	XIII.	— 22 041
		12		kr. 420 225
14. A. III.	**Fræðslumálaskrifstofan:**			
	Fræðslumálastjóri	1	III.	kr. 53 865
	Íþróttafulltrúi	1	VII.	— 39 690
	Fulltrúar	4	VII.	— 158 760
	Ritarar	3	XIII.	— 74 727
	Bókafulltrúi	1	VII.	— 39 690
		10		kr. 366 732
14. A. IV.	**Menntaskólinn í Reykjavík:**			
	Rektor	1	V.	kr. 45 990
	Kennarar	19	VI.—VII.	— 776 790
	Húsvörður	1	XII.	— 21 909
	Bókari	1	XI.	— 29 925
		22		kr. 874 614
14. A. V.	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
	Skólameistari	1	V.	kr. 45 990
	Kennarar	12	VI.—VII.	— 486 370
	Söngkennsla (½ laun)			— 19 845
	Dyravörður	1	XII.	— 27 405
		14		kr. 579 600

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. VI.	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
	Skólameistari	1	V.	kr. 45 990
	Kennarar	5	VII.	— 195 326
		6		kr. 241 316
14. A. VII.	**Kennaraskólinn:**			
	Skólastjóri	1	V.	kr. 45 990
	Kennarar	9	VII.	— 377 055
	Húsvarzla			— 12 455
		10		kr. 435 500
	Handavinnudeild:			
	Kennarar	3	VII.	kr. 119 070
		3		kr. 119 070
14. A. VIII.	**Vélskólinn í Reykjavík:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 42 210
	Kennarar	5	VIII.	— 173 250
		6		kr. 215 460
14. A. IX.	**Iðnskólar:**			
	Iðnskólinn í Reykjavík	13	V.—VIII.	kr. 465 570
	Iðnskólar utan Reykjavíkur	4		— 76 911
		17		kr. 542 481
14. A. X.	**Almenn barnafræðsla:**			
	1. Skólastjórar og kennarar í Reykjavík	254+⅓ af 16	VI.—IX.	kr. 7 590 448
	2. Skólastjóri og kennarar á Akranesi	14	VII.—IX.	— 460 994
	3. Skólastjóri og kennarar á Ísafirði	12	VII.—IX.	— 340 214
	4. Skólastjóri og kennarar á Sauðárkróki	3	VIII.—IX.	— 148 447
	5. Skólastjóri og kennarar á Siglufirði	11	VII.—IX.	— 343 186
	6. Skólastjóri og kennarar á Ólafsfirði	6	VIII.—IX.	— 161 126
	7. Skólastjórar og kennarar á Akureyri	36+2	VI.—IX.	— 1 104 122
	8. Skólastjóri og kennarar á Húsavík	6	VIII.—IX.	— 178 360
	9. Skólastjóri og kennarar á Seyðisfirði	4	VIII.—IX.	— 125 440
	10. Skólastjóri og kennarar í Neskaupstað	5	VIII.—IX.	— 179 737
	11. Skólastjóri og kennari í Vestmannaeyjum	18+2	VII.—IX.	— 532 347
	12. Skólastjóri og kennari í Keflavík	18+2	VII.—IX.	— 513 409
	13. Skólastjóri og kennarar í Hafnarfirði	24+2	VI.—IX.	— 710 780

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. A. X.	14. Skólastjórar og kennarar í Kópavogi Áætluð aukning haustið 1959 ⅓ af 9 kennurum. Laun þeirra þegar talin.	26+2	VI.—IX.	kr. 876 236
	15. Skólastjórar og kennarar í föstum skólum utan kaupstaða	261	VIII.—IX.	— 7 274 415
	16. Farskólakennarar	80	IX.	— 1 547 693
	17. Forfalla- og orlofskennarar	8+6		— 370 440
		807		kr. 22 457 394
14. A. XI.	**Gagnfræðamenntun:**			
	1. Eiðaskóli, skólastjóri og kennarar .	6	VI.—VIII.	kr. 217 980
	2. Reykholtsskóli	6	VI.—VIII.	— 210 471
	3. Núpsskóli	4	VI.—VIII.	— 125 055
	4. Reykjanesskóli	4	VII.—VIII.	— 61 307
	5. Reykjaskóli	4	VI.—VIII.	— 142 116
	6. Laugaskóli	7	VI.—VIII.	— 255 936
	7. Skógaskóli	6	VI.—VIII.	— 223 020
	8. Laugarvatnsskóli	6	VI.—VIII.	— 224 962
	9. Gagnfræðaskólar í Reykjavík	166	VI.—VIII.	— 6 071 856
	10. Gagnfræðaskólinn á Akranesi	9	VII.—VIII.	— 360 045
	11. Gagnfræðaskólinn á Ísafirði	10	VI.—VIII.	— 358 774
	12. Gagnfræðaskólinn á Siglufirði	8	VII.—VIII.	— 284 760
	13. Gagnfræðaskólinn á Akureyri	20	VI.—VIII.	— 717 570
	14. Gagnfræðaskólinn á Húsavík	3	VIII.	— 122 220
	15. Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað ..	3	VIII.	— 98 910
	16. Gagnfræðaskólinn í Vestmannaeyj. .	10	VII.—VIII.	— 313 740
	17. Gagnfræðaskólinn í Keflavík	12	VI.—VIII.	— 362 250
	18. Gagnfræðaskólinn í Hafnarfirði ...	17	VI.—VIII.	— 602 910
	19. Miðskólinn í Borgarnesi	2	VIII.	— 66 780
	20. Miðskólinn í Stykkishólmi	2	VIII.	— 71 820
	21. Miðskólinn á Sauðárkróki	3	VII.—VIII.	— 106 155
	22. Miðskólinn á Selfossi	3	VIII.	— 122 220
	23. Miðskólinn í Hveragerði	1	VIII.	— 32 130
	24. Unglingaskólar	12	VIII.	— 422 493
	25. Forfalla- og orlofskennarar fyrir gagnfræðastigið	10		— 321 300
	Fjölgun kennara haustið 1958 og 1959.	30		
		364		kr. 11 896 780
XIII.	**Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:**			
	1. Húsmæðrakennaraskólinn, skólastjóri og kennarar	3	VI.—VIII.	kr. 116 550
	2. Húsmæðraskólinn í Reykjavík	6	VIII.—IX.	— 210 420
	3. Húsmæðraskólinn á Ísafirði	4	VIII.—IX.	— 133 796
XIV.	Íþróttakennaraskólinn	2	VI.—VIII.	— 79 380
XV.	Málleysingjaskólinn	4	VII.—VIII.	— 158 400
XXXIII.	Námsstjórar	9	VI.	— 344 715
XXXIV.	Endurskoðun skólakostnaðar	4	V., VII., XIII.	— 150 279

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
14. B. I.	**Landsbókasafnið:**			
	Landsbókavörður	1	V.	kr. 45 990
	Bókaverðir	8	VII.	— 294 012
	Ritari	1	XIII.	— 24 909
		10		kr. 364 911
14. B. II.	**Þjóðskjalasafnið:**			
	Þjóðskjalavörður	1	V.	kr. 45 990
	Skjalaverðir	4	VII.	— 168 636
	Æviskrárritari	1	VII.	— 39 690
		6		kr. 254 316
14. B. III.	**Þjóðminjasafnið:**			
	Þjóðminjavörður	1	V.	kr. 45 990
	Minjaverðir	2	VII.	— 69 615
	Bókari	1	X.	— 32 445
	Húsvörður	1	XII.	— 27 405
		5		kr. 175 455
14. B. IV.	**Listasafn ríkisins:**			
	Safnvörður	1	VII.	kr. 39 690
		1		kr. 39 690
14. B. V.	**Náttúrugripasafnið:**			
	Forstöðumaður	1	V.	kr. 45 990
	Dýrafræðingur	1	VI.	— 42 210
	Grasafræðingur	1	VI.	— 42 210
	Jarðfræðingur	1	VI.	— 42 210
	Ritari	1	X.	— 32 445
		5		kr. 205 065
14. B. IX.	**Safnahúsið:**			
	Dyravörður	1	XII.	kr. 27 405
		1		kr. 27 405
15. I.	**Kirkjumál:**			
	Biskupsembættið:			
	Biskup	1	III.	kr. 53 865
	Biskupsritari	1	VI.	— 42 210
	Ritari	1	XIII.	— 24 909
		3		kr. 120 984
15. II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	119	VI.—VIII.	kr. 4 629 870
		119		kr. 4 629 870

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
15. III.	**Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:**			
	Söngmálastjóri	1	VI.	kr. 42 210
		1		kr. 42 210
16. A. 26.	**Sandgræðslan:**			
	Sandgræðslustjóri	1	VI.	kr. 42 210
	Ráðsmaður	1	X.	— 32 445
	Sandgræðsluverðir		U.	— 16 520
		2		kr. 91 175
A. 29.	**Skógræktin:**			
	Skógræktarstjóri	1	V.	kr. 45 990
	Skógfræðingur	1	VI.	— 42 210
	Skógarverðir (3 á ½ launum)	5	X.	— 210 892
		7		kr. 299 092
A. 35.	**Dýralæknar:**			
	Yfirdýralæknir	1	V.	kr. 45 990
	Dýralæknar	12	VIII.—X.	— 394 929
		13		kr. 440 919
A. 46. a.	**Bændaskólinn á Hólum:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 42 210
	Kennarar	3	VIII.	— 111 510
		4		kr. 153 720
46. b.	**Bændaskólinn á Hvanneyri:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 42 210
	Kennarar	4	VIII.	— 148 680
		5		kr. 190 890
46. c.	**Garðyrkjuskólinn á Reykjum:**			
	Skólastjóri	1	VI.	kr. 42 210
	Kennari og aukakennsla	3	VIII.—XIII.	— 86 440
		4		kr. 128 650
16. A. 47.	a. Húsmæðraskólinn, Varmalandi	4	VIII.—IX.	kr. 136 237
	b. Húsmæðraskólinn, Staðarfelli	3	VIII.—IX.	— 92 886
	c. Húsmæðraskólinn, Blönduósi	5	VIII.—IX.	— 157 521
	d. Húsmæðraskólinn, Löngumýri	4	VIII.—IX.	— 152 456
	e. Húsmæðraskólinn, Laugalandi	4	VIII.—IX.	— 128 913
	f. Húsmæðraskólinn, Laugum	4	VIII.—IX.	— 136 237
	g. Húsmæðraskólinn, Hallormsstað	3	VIII.—IX.	— 90 879

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
16. A. 47.	h. Húsmæðraskólinn, Laugarvatni	3	VIII.—IX.	kr. 96 564
	i. Húsmæðraskólinn, Hverabökkum ..	1	VIII.	— 24 780
	j. Orlofs- og forfallakennarar			— 29 767
		31		kr. 1 046 240
16. A.	**Kjötmat:**			
51. a.	Kjötmatsformaður	1	U.	kr. 7 020
	Yfirkjötmatsmenn	3	U.	— 10 530
		4		kr. 17 550
16. A.	**Ullarmat:**			
51. b.	Ullarmatsformaður	1	U.	kr. 6 240
	Ullarmatsmenn	4	U.	— 20 670
		5		kr. 26 910
16. D.	**Raforkumál:**			
	Skrifstofa raforkumálastjóra:			
	Raforkumálastjóri	1	III.	kr. 53 865
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 42 210
	Fulltrúi	1	IX.	— 34 650
	Aðalbókari	1	VIII.	— 37 170
	Gjaldkeri	1	VIII.	— 37 170
	Bókarar	3	X.–XI.–XIII.	— 79 767
	Hagfræðingur	1	VII.	— 39 690
	Umsjónarmaður	1	VIII.	— 37 170
	Ritarar	3	XIII.	— 74 727
	Sendisveinn	1	U.	— 16 905
		14		kr. 453 325
	Orku- og vatnamáladeild:			
	Deildarverkfræðingur	1	U.	kr. 61 538
	Fulltrúi	1	VIII.	— 37 170
	Verkfræðingar	3	U.	— 158 002
	Teiknari	1	IX.	— 34 650
	Vatnamælingamaður	1	VII.	— 39 690
	Landmælingamaður	1	VII.	— 39 690
		8		kr. 370 740
	Rafmagnseftirlit ríkisins:			
	Rafmagnseftirlitsstjóri	1	V.	kr. 45 990
	Skoðunarmenn	3	IX.	— 103 950
	Bókari	1	X.	— 32 445
	Ritari	1	XIII.	— 24 909
	Verkfræðingur	1	U.	— 50 470
		7		kr. 257 764

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
16. D.	**Jarðhitadeild:**			
	Yfirverkfræðingur	1	U.	kr. 63 936
	Verkfræðingur	1	U.	— 61 538
		2		kr. 125 474
	Rafmagnsveitur ríkisins:			
	Rafmagnsveitustjóri	1	IV.	kr. 49 770
	Deildarverkfræðingar	2	U.	— 121 951
	Birgðavörður	1	IX.	— 34 650
	Verkfræðingar	3	U.	— 160 533
	Deildarstjóri	1	VI.	— 42 210
	Raffræðingar	5	VII.	— 158 760
	Verkstjórar	7	VIII.—X.	— 243 180
	Bifreiðarstjóri	1	XI.	— 29 925
	Byggingarfræðingur	1	VII.	— 39 690
	Rafvirkjar	2	X.	— 64 890
	Bókarar	3	X.	— 64 890
	Línumenn	2	XI.	— 59 850
	Vélgæzlumaður	1	IX.	— 34 650
	Rafveitustjórar	5	VII.	— 198 450
	Teiknari	1	X.	— 32 445
	Fulltrúi	1	VIII.	— 37 170
		37		kr. 1 440 109
16. E. I.	**Atvinnudeild háskólans:**			
	Iðnaðardeild:			
	Deildarstjóri	1	U.	kr. 52 529
	Efnafræðingar	4	U.	— 179 802
	Gerlafræðingar	2	VI.	— 84 420
	Jarðfræðingur	1	VI.	— 42 210
	Aðstoðarmenn	2	X.	— 57 354
	Aðstoðarstúlkur	5	X.—XIII.	— 153 489
	Verkfræðingar	2	U.	— 91 350
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			— 67 681
		17		kr. 728 835
	Fiskideild:			
	Deildarstjóri	1	V.	kr. 45 990
	Sérfræðingar	8	VI.	— 324 009
	Aðstoðarmenn	8	VIII.—X.	— 241 762
	Aðstoðarstúlkur	4	X.—XIII.	— 111 108
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			— 51 925
		21		kr. 774 794

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Grunnlaun
16. E. I.	**Landbúnaðardeild:**				
	Deildarstjóri (½ laun)			kr.	30 660
	Tilraunastjóri	1	VI.	—	42 210
	Sérfræðingar	6	VI.	—	253 260
	Aðstoðarmenn	2	VIII.—X.	—	66 780
	Verkfræðingur	1	U.	—	47 754
	Umsamin aukaþóknun sérfræðinga			—	58 476
		10		kr.	499 140
	Sameiginlegur kostnaður:				
	Skrifstofustjóri	1	VII.	kr.	39 690
	Ritarar	3	XIV.	—	66 927
	Aðstoðarmaður	1	IX.	—	34 650
		5		kr.	141 267
16. E. II.	**Rannsóknaráð ríkisins:**				
	Framkvæmdastjóri	1	V.	kr.	45 990
	Ráðsmeðlimir		U.	—	28 080
	Umsamin aukaþóknun til framkvæmdastj.			—	8 518
		1		kr.	82 588
16. E. III.	**Löggildingarstofan:**				
	Forstjóri	1	VIII.	kr.	37 170
	Aðstoðarmenn	4	XI.	—	119 700
		5		kr.	156 870
17. I. 1.	**Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**				
	Nefndarmenn			kr.	9 000
	Skipulagsstjóri	1	IV.	—	49 770
	Arkitektar	3	VI.—VII.	—	114 345
	Verkfræðingur	1	U.	—	36 900
	Teiknari	1	XIV.	—	21 209
		6		kr.	231 224

Nd. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1959 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.

b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 83/1957, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Á árinu 1959 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

Á árinu 1959 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1959.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A.- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

Tollskrárkafli 24 nr. 1—9, tóbak.
— 25 — 10, salt.
— 27 — 1—4, kol.
— 27 — 14, steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1959 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlenging ákvæða, sem eru í lögum nr. 85/1957.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1959 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e.-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1958, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1959, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1959, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
3. Á árinu 1959 skal innheimta innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir framlengingu ákvæða um sama efni, sem nú eru í lögum nr. 92/1957.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um eflingu landhelgisgæzlunnar og aukna vernd íslenzkra fiskiskipa.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Jóhann Jósefsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Ágústsson, Gunnar Thoroddsen, Kjartan J. Jóhannsson, Jóhann Hafstein, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefjast handa um byggingu nýrra og fullkominna varðskipa; enn fremur að leigja þegar í stað hentug skip til eftirlits og verndar fiskiskipaflota Íslendinga við strendur landsins og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bægja þeirri hættu frá íslenzkum sjómönnum og skipum þeirra, sem átökin um fiskveiðitakmörkin hafa í för með sér.

Heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr landhelgissjóði og ríkissjóði til framkvæmdar þessum ráðstöfunum.

Greinargerð.

Með útfærslu fiskveiðitakmarka Íslands í 12 sjómílur hefur skapazt stóraukin þörf fyrir bætta landhelgisgæzlu.

Íslenzka landhelgisgæzlan hefur nú á að skipa 6 skipum. Eru það varðskipin Þór, sem er 700 tonn að stærð og gengur 18 sjómílur, og Ægir, sem er 500 tonn að stærð og gengur 13 sjómílur. Ægir er byggður árið 1929 og Þór árið 1951. Var samningur gerður um smíði hans árið 1948 og þá höfð í huga fyrirhuguð útfærsla landhelginnar, sem síðan kom til framkvæmda árin 1950 og 1952.

Þá hefur landhelgisgæzlan á að skipa varðbátunum Sæbjörgu, sem byggð er árið 1937 og er nú um 100 tonn að stærð, Óðni, byggðum 1938, tæp 100 tonn að stærð, Maríu Júlíu, sem byggð er árið 1950 og er 130 tonn að stærð, og Albert, sem byggður er árið 1957 og er um 200 tonn að stærð. Einnig hefur landhelgisgæzlan leigt vitaskipið Hermóð, sem byggt er árið 1947 og er um 200 tonn að stærð. Ganghraði ofangreindra varðbáta er frá 9 til 13½ míla.

Loks á landhelgisgæzlan eina flugvél til afnota við gæzluna. Var hún tekin í notkun árið 1955, og hefur orðið af henni mikið gagn.

Notkun flugvélar við landhelgisgæzluna hófst fyrst að ráði árið 1952, eftir að hin nýja friðunarreglugerð hafði tekið gildi. Voru þá notaðar leiguflugvélar við gæzluna. Síðan hefur fluggæzlan verið skipulögð betur og er nú merkilegur þáttur landhelgisgæzlunnar.

Fljótlega eftir að flóum og fjörðum hafði verið lokað og fiskveiðitakmörkin færð út í 4 mílur árið 1952, þótti sýnt, að skipakostur landhelgisgæzlunnar væri ekki nægur þrátt fyrir byggingu Þórs, sem var langsamlega stærsta og ganghraðasta skip hennar. Árið 1956 flutti því þáverandi dómsmálaráðherra tillögu um það, að nýtt varðskip skyldi byggt. Samþykkti Alþingi þá tillögu hinn 28. marz það ár. Var ríkisstjórninni þar með veitt heimild til þess að hefja undirbúning að smíði nýs varðskips. Jafnframt var heimilað að verja fé úr Landhelgissjóði Íslands til byrjunarframkvæmda við smíði skipsins.

Þessi heimild hefur ekki enn þá verið notuð, og ekki hefur verið hafizt handa um byggingu nýs skips. Kemur það sér mjög bagalega nú, eftir að fiskveiðitakmörkin hafa verið færð út í 12 sjómílur og þörf hefur skapazt fyrir stóraukna landhelgisgæzlu.

Óhjákvæmilegt er, að úr þessu verði bætt hið skjótasta. Flutningsmenn þessarar tillögu leggja því til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta nú þegar hefjast handa um byggingu nýrra og fullkominna varðskipa. Er það skoðun flutningsmanna, að þörf muni vera á tveimur nýjum ganghröðum og fullkomnum skipum.

Öllum hlýtur að vera ljóst, að útfærsla fiskveiðitakmarkanna í 12 sjómílur krefst aukins skipakosts við landhelgisgæzluna, jafnvel án tillits til þess óvenjulega

ástands, sem nú ríkir á miðunum við strendur Íslands, en eins og kunnugt er, hefur brezki flotinn hindrað íslenzk varðskip með ofbeldi í því að verja hin nýju fiskveiðitakmörk og koma lögum yfir landhelgisbrjótana.

Bygging nýrra varðskipa og stórbætt landhelgisgæzla er aðkallandi nauðsyn. Íslenzka þjóðin stendur nú í örlagaríkri baráttu fyrir rétti sínum til verndar fiskimiðunum umhverfis land sitt. Engra framkvæmanlegra úrræða má láta ófreistað til þess að tryggja þennan rétt þjóðarinnar.

Þá er það einnig ljóst, að mikil og geigvænleg hætta vofir nú yfir vélbátaflota Íslendinga og veiðarfærum hans, þegar hann hefur haust- og vetrarvertíð. Stafar sú hætta fyrst og fremst frá þeim togurum, sem stjórnað er af mönnum, sem eru fullir óvildar gegn Íslendingum fyrir ráðstafanir þeirra í landhelgismálinu. Á undanförnum árum hefur það hent, að brezkir togarar hafa siglt á íslenzka fiskibáta með þeim árangri, að íslenzkir sjómenn hafa farizt. Síðast á s. l. vori lá við borð, að brezkur togari sigldi niður lítinn vélbát með 5 mönnum út af Ísafjarðardjúpi.

Vegna anna landhelgisgæzlunnar og varðskipa hennar við sjálf gæzlustörfin gagnvart erlendum landhelgisbrjótum er auðsýnt, að hún getur ekki sinnt eftirlitinu með bátaflotanum eins vel og skyldi á komandi vertíð, ef það ástand ríkir þá, sem nú ríkir á miðunum. Til þess ber þess vegna brýna nauðsyn, að landhelgisgæzlan fái heimild til þess að leigja nú þegar hentug skip til að stunda eftirlit og vernd bátaflotans á komandi vetri.

Hér skal ekki um það fullyrt, hve mörg skip mundi þurfa að leigja í þessum tilgangi. En augljóst er, að slík eftirlitsskip með bátaflotanum yrðu á vetrarvertíðinni að vera fyrir Vestfjörðum, við Suðausturland, við Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka, á Faxaflóa og Breiðafirði. Fjöldi eftirlitsskipanna færi nokkuð eftir stærð þeirra.

Til þess að auka öryggi bátaflotans og bægja yfirvofandi hættu frá sjómönnum hans, koma aðrar ráðstafanir til greina, til dæmis bætt talstöðvasamband milli bátanna og lands. Enn fremur væri mikils virði, að talstöð væri alltaf opin á neyðarbylgju í hverjum einasta fiskibát. Fiskibátar nágrannaþjóða okkar eru einnig farnir að nota lítil senditæki, sem senda út neyðarkall „automatiskt", þegar þörf er á. Með notkun slíkra tækja skapast stórauknir möguleikar fyrir því að finna báta, sem eru í hættu staddir.

Þá er og nauðsynlegt, að hver einasti fiskibátur hafi radarmerki í mastri, þannig að hann verði auðveldlega greindur í ratsjám. En mikill misbrestur vill oft verða á því, að litlir vélbátar komi fram á ratsjám stærri skipa.

Loks kemur mjög til athugunar að auka fluggæzluna, bæði í þágu landhelgisgæzlunnar og vegna eftirlitsins með bátaflotanum.

Þá er það einnig þýðingarmikið atriði, að bátarnir hjálpi hver öðrum eftir fremsta megni, þegar þörf er á. Má í því sambandi benda á, að vátryggingarfélög hækki greiðslu til bátanna fyrir slíkar björgunarráðstafanir. Undanfarið hafa þeir aðeins fengið smágreiðslur fyrir slíka aðstoð, sem ekki hafa verið í samræmi við útlagðan kostnað við björgunarstörfin.

Allt þetta verður að taka til skjótrar yfirvegunar og framkvæmda. Hér er vissulega mikið í húfi. Einstæðar ofbeldisaðgerðir landhelgisbrjótanna hafa leitt mikla hættu yfir sjómenn vélbátaflotans og veiðarfæri þeirra. Raunhæfar ráðstafanir verður að gera þegar í stað til þess að bægja þeirri hættu frá. En þar að auki er efling landhelgisgæzlunnar þjóðinni hið mesta metnaðar- og hagsmunamál. Baráttan fyrir vernd fiskimiðanna er snar þáttur íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu. Fiskveiðarnar eru hyrningarsteinn íslenzkra bjargræðisvega. Þess vegna stendur öll þjóðin sameinuð í baráttunni gegn rányrkjunni og mun ekki hika við að leggja á sig fjárhagslegar byrðar til þess að halda uppi óhjákvæmilegri réttarvörzlu og lífsnauðsynlegu eftirliti með fiskiskipaflota sínum. Það er því von flutningsmanna þessarar tillögu, að hún fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu á Alþingi.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
b. Á eftir B. 88 komi nýr liður:
Grunnavíkurvegur: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
c. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Laugardalsárbrú fram Laugardal að Efstadal.
d. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
1. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungavíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
2. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungavík um Skálavík ytri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu frv. var flutt á tveimur síðustu þingum, en náði þá eigi afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Með frv. þessu er lagt til, að nokkrir vegir í Norður-Ísafjarðarsýslu verði teknir í þjóðvegatölu. Brestur enn þá mikið á, að sveitir héraðsins séu komnar í vegasamband. Veldur það bændum og markaðssvæði þeirra í sjávarþorpunum og Ísafjarðarkaupstað miklu óhagræði. Greiðar samgöngur eru hyrningarsteinn atvinnulífsins, ekki síst í sveitunum.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefnda í ýmsum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nánar í framsögu.

Sþ. 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um innflutning varahluta í vélar, verkfæra og áhalda til landbúnaðar og sjávarútvegs.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Zóphóníasson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við innflutningsskrifstofuna og gjaldeyrisbankana, að framkvæmd gjaldeyrisúthlutunar verði framvegis hagað á þá leið, að ekki verði af gjaldeyrisástæðum skortur á varahlutum í vélar og nauðsynlegustu verkfærum og áhöldum til landbúnaðar og sjávarútvegs, enda verði haft samráð um innflutningsþörfina við Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur verið tilfinnanleg tregða á innflutningi ýmissa nauðsynlegra hluta til sjávarútvegs og landbúnaðar. T. d. hefur bæði í fyrra og nú í ár verið tilfinnanlegur skortur á ýmiss konar vélahlutum, sem á þarf að halda, þegar

vinnuvélar taka að slitna, svo og verkfærum og áhöldum ýmiss konar, svo sem mjaltavélum, jarðvinnsluverkfærum fyrir dráttarvélar o. fl. Er óhjákvæmilegt, að innflutningsskrifstofan og gjaldeyrisbankarnir geri nú þegar gangskör að því að skipuleggja gjaldeyrisúthlutunina þannig, að innflutningur þessara framleiðslunauðsynja sitji fyrir því, sem frekar er hægt án að vera, enda verði leyfi og yfirfærslur veitt nægilega snemma ár hvert. Vegna breytinga þeirra, sem hin nýju lög um útflutningssjóð o. fl. hafa í för með sér, ætti nú að vera hægara en áður að koma við slíkum vinnubrögðum. Þykir rétt, að Alþingi láti þetta mál til sín taka og feli ríkisstjórninni að hlutast til um, að lausn þess verði hraðað.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir B. 101 kemur nýr liður:
   Klúkuvegur: Frá Hjarðardalsvegi í Valþjófsdal upp dalinn, yfir Klúku og á Ingjaldssandsveg á Sandsheiði.
2. Á eftir B. 106 kemur nýr liður:
   Hokinsdalsvegur: Af Arnarfjarðarvegi um Mosdal, hjá Laugabóli til Hokinsdals.
3. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 kemur: um Álftamýri til Stapadals.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að þrír stuttir vegir í Vestur-Ísafjarðarsýslu verði teknir í þjóðvegatölu. Varða þessir vegir atvinnu- og markaðsmöguleika bænda á þessum svæðum og stuðla því að sjálfsögðu að jafnvægi í byggð landsins eins og fleira, sem gert er til þess að efla atvinnumöguleika í dreifbýlinu.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk bænda á hlutaðeigandi svæðum.

Ed. 9. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jón Kjartanssyni.

Framan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir A. 59 komi nýr liður:
   Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.
2. Á eftir A. 65 komi nýr liður:
   Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.

3. A. 66 orðist svo:
Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftárdal að Búlandi í Skaftártungu.

Ed. 10. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni og Björgvin Jónssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:
1. Á eftir D. 3 komi nýr liður:
Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar inn Selárdal að Fagurhól.
2. D. 7 orðist svo:
Sunnudalsvegur í Vopnafirði: Af Strandavegi nálægt Syðri-Vík um Borgir, Síreksstaði og að Vopnafjarðarvegi innan við Hof.
3. D. 9 orðist svo:
Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabrú og að Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum.
4. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
5. D. 17 orðist svo:
Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð og Húsavík til Borgarfjarðar.

Ed. 11. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við a-lið 1. gr. bætist nýir stafliðir:
1. A. 21 orðist svo:
Sólheimavegur: Af Biskupstungabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
2. Á eftir A. 30 koma tveir nýir liðir:
a. *Skarðsvegur:* Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.
b. *Laxárdalsvegur:* Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skáldabúðum, að Laxárdal.

Nd. 12. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Á undan 1. tölul. koma nýir liðir, svo hljóðandi:
1. Á eftir B. 10 kemur nýr liður:
Botnsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.

2. Á eftir B. 11 kemur nýr liður:
   Grafardalsvegur: Af Draghálsvegi hjá Geldingadraga um Dragháls að Grafardal.
3. Á eftir B. 12 koma nýir liðir:
   a. *Vatnshamravegur:* Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggsstaði á þjóðveginn hjá Skjólborg.
   b. *Sarpsvegur:* Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxahryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 koma nýir liðir:
   a. *Katanesvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
   b. *Reynisvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
   c. *Hvítanesvegur:* Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi.
5. Á eftir B. 21 koma nýir liðir:
   a. *Eyrarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
   b. *Bæjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
   c. *Stórakroppsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvellinum á Kálfanesmelum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) kemur: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 koma nýir liðir:
   a. *Hálsasveitarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
   b. *Skáneyjarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.

Nd. 13. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. C. 30 orðist svo:
   Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.
2. Á eftir C. 32 komi nýr liður:
   Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flatatungu.
3. C. 34 orðist svo:
   Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir væntanlega brú á Jökulsá eystri að Merkigili.
4. Á eftir C. 34 komi tveir nýir liðir:
   a. *Kjálkavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.
   b. *Norðurárdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi sunnan Norðurárbrúar hjá Skeljungshöfða um Norðurárdal að Borgargerði.
5. Á eftir C. 37 komi nýr liður:
   Hegranesvegur vestri: Af Hofsósvegi hjá Hellulandi að Keldudal.

6. Á eftir C. 38 komi nýr liður:
   Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.
7. Aftan við C. 39 bætist: með álmu um Unadal að Hrauni.
8. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
   Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.
9. Á eftir C. 40 komi nýr liður:
   Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.

Nd. 14. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingólfi Jónssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Framan við 1. tölul. 1. gr. bætist:

1. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
   Háfsósabraut: Af þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á þjóðveginn hjá Sandhólaferju.
2. Á eftir A. 41 koma fjórir nýir liðir:
   a. *Útkróksvegur:* Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
   b. *Lækjarvegur:* Af þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
   c. *Hvammsvegur:* Af þjóðveginum hjá Múla um Hellur að Hvammi.
   d. *Bjallavegur:* Af þjóðveginum við Bjallalæk, um Bjalla og Húsgarð að Hrólfsstaðahelli.
3. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
   Keldnavegur: Af þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
4. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
   Árgilsstaðavegur: Af þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
5. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
   Sigluvíkurvegur: Af þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.
6. Á eftir A. 50 koma tveir nýir liðir:
   a. *Krossvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Sel og Hildisey að uppþurrkunarskurðinum sunnan Kross.
   b. *Affallsvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
7. A. 53 orðist svo:
   Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot og Barkarstaði að Fljótsdal.
8. Á eftir A. 53 koma tveir nýir liðir:
   a. *Vatnsdalsvegur:* Af þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
   b. *Markarfljótsvegur:* Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
9. Á eftir A. 55 kemur nýr liður:
   Hólmabæjavegur í Vestur-Eyjafjallahreppi: Af þjóðveginum austan Steinmóðarbæjarhólma að Dalsseli, um Borgareyrar og Vatnahjáleigu á þjóðveginn ofan Miðeyjar.

10. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
Leirnavegur: Af þjóðveginum vestan Hlíðar um Berjanes, Leirnahverfi og Miðbælishverfi, um Klömbru, Hólakot að Eyvindarhólum og á þjóðveginn vestan við Hrútafell.

Nd. 15. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Á undan 1. tölul. 1. gr. koma nýir liðir, svo hljóðandi:
a. Á eftir B 25 kemur nýr liður:
Gufuárvegur: Af Borgarnesbraut við Gufuá um Staðarhús að Laxholti.
b. Á eftir B. 28 kemur nýr liður:
Neðranesvegur: Af Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalsstaði að Neðranesi.
c. Á eftir B. 29 koma þrír nýir liðir:
1. *Ásbjarnarstaðavegur:* Af Þverárhlíðarvegi í Kleifum um Sleggjulæk að Selhaga.
2. *Hlíðarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Karlsbrekku, Grjót og Sigmundarstaði á Þverárhlíðarveg hjá Hermundarstöðum.
3. *Veiðilækjarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi hjá Lindarhvoli um Höll og Svartagil á Glitstaðaveg.
d. B. 32 orðast svo:
Króksvegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Króki um Hárekssstaði og Skarðshamra, á Glitstaðaveg.
e. Á eftir B. 32 kemur nýr liður:
Hreðavatnsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Bifröst um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóru-Skóga, á Vesturlandsveg á Kolás.
f. B. 36 orðast svo:
Grímsstaðavegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú um Grímsstaði, Syðri-Hraundal á Staðarhraunsveg hjá Svarfhóli.
g. Á eftir B. 39 kemur nýr liður:
Seljavegur: Af Hraunhreppsvegi á Kolás um Selja í Hólstanga.
h. Á eftir B. 40 kemur nýr liður:
Hítarárvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Brúarfossi um Lækjarbug að Skiphyl.

Nd. 16. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Ólafur Thors.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
Nú verður biskup Íslands sjötíu ára að aldri, og skal hann þá, ef aðrar ástæður valda ekki, halda embætti sínu, þar til hann verður 75 ára, ef ⅔ þeirra, sem atkvæðisrétt hafa við biskupskjör, bera fram ósk um það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til núverandi biskups Íslands.

Greinargerð.

Úrskurðað hefur verið, að biskup Íslands megi ekki vegna ákvæða 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 1. gr. laga nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, sitja lengur í embætti en til sjötugs. Um þá túlkun skal ekki deilt, þó að hún brjóti í bága við það, sem gert var um hinn eina biskup, sem þar til nú hefur náð sjötugsaldri, eftir að lögin frá 1935 tóku gildi, en engin efnisbreyting hefur orðið að þessu leyti frá því, sem í þeim lögum var ákveðið.

Ef réttur skilningur laganna er sá, sem nú hefur verið úrskurðað, er rík ástæða til að breyta þessu lagaboði. Sízt eru minni rök til, að maður haldi embætti biskups fram til 75 ára aldurs, en þeir, sem til starfs eru kosnir almennri kosningu, eins og sóknarprestar, ef kjósendur æskja þess. Prestastéttinni er fulltreystandi til þess að óska ekki eftir því, að maður verði áfram biskup, nema hann sé að öllu leyti fær um að gegna starfinu.

Í frv. er lagt til, að ⅗ hlutar kjósenda biskups, þ. e. þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar sem og guðfræðikennarar háskólans, þurfi að bera fram ósk um, að biskup haldi embætti sínu. Er það hinn sami meiri hluti og áskilinn er til þess, að biskup sé í upphafi rétt kjörinn. Óráðlegt er af ríkisvaldinu að ganga gegn jafn-eindregnum óskum prestastéttarinnar. Hitt er sjálfsagt, að biskup verði að láta af embætti eins og aðrir, ef sérstakar ástæður, svo sem elliglöp, koma til. Um það haggar nýmæli frv. engu frá því, sem nú er.

Mestu máli skiptir, að maður, sem fullfær er til að gegna hinu vandasama og virðulega embætti biskups, sé ekki skyldaður til að láta af störfum, á meðan svo er. Munu þeir fáir, sem ekki viðurkenna sérstöðu biskupsembættisins einmitt að því, er aldurshámark varðar. En einnig má á það minna, að safnast þegar saman kemur í útgjöldum ríkisins, og ef stöðugt er haldið áfram að bæta við þau að óþörfu, verður ekki hjá því komizt, að bagginn verði býsna þungur að lokum.

Ed. 17. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Framan við a-lið 1. gr. bætist:

1. Á eftir B. 64 komi nýr liður:
   Hamraendavegur: Af þjóðveginum (Skógarstrandarvegi) hjá Snóksdal að Bæ í Miðdölum.
2. Á eftir B. 66 komi nýr liður:
   Seljalandsvegur: Af þjóðveginum hjá Blönduhlíð um Hörðadal vestan ár að Seljalandi.
3. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
   Neðribyggðarvegur: Af þjóðveginum nálægt Knarrarhöfn um „Neðribyggð", fyrir Skorravíkurmúla, á þjóðveginn hjá Hellu.
4. Á eftir B. 70 komi nýr liður:
   Dagverðarnesvegur: Af þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
5. B. 73 orðist svo:
   Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt, norðan Laxár í Dölum að Sámsstöðum.

Ed. 18. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni og Friðjóni Skarphéðinssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Fyrir „Urðum“ í C. 51 komi: Skallá.
2. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan brúar á Skíðadalsá, inn Skíðadal að vestan að innri brú á Skíðadalsá.
3. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga, með álmu að gamalmennahælinu í Skjaldarvík, um Dagverðareyri, Gásir, Skipalón og Hlaðir á Dalvíkurveg við Hörgárbrú.
4. C. 57 orðist svo:
   Tjarnavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjarðará að Tjörnum.
5. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
   Sölvadalsvegur: Frá brú á Eyjafjarðará hjá Saurbæ inn Sölvadal að Þormóðsstöðum.

Ed. 19. Frumvarp til laga [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1959 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Nd. 20. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

13. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni, frá því að þau voru keypt.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru á árunum 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, en náði þó ekki afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera rekin sem hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin nú eru, er ákveðið svo í 3. gr.: „Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“ En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan „rekin sem hlutafélag“.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Þess misskilnings hefur gætt, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, þrátt fyrir skýr lagaákvæði um hið gagnstæða. Er þess því brýn þörf, að af séu tekin öll tvímæli í þeim efnum, þar sem hér er um mikið hagsmunamál alþjóðar að ræða.

Áburðarverksmiðjan kostaði um 130 millj. kr. Þar af nemur hlutafé 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga ⅖ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið hefur ríkið lagt fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem nema um 120

millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Fjármagn það, er ríkið lánar verksmiðjunni, á að greiðast á 20 árum með 5—6% vöxtum.

Ef hlutafélagið ætti að fá eignarrétt verksmiðjunnar, í stað þess að fylgt verði ákvæðum 3. gr. laganna um, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, þá þýðir það, að þeir hluthafar, sem eiga 4 millj. kr. hlutafé á móti ríkinu, eiga að þessum 20 árum liðnum ⅖ hluta fyrirtækisins, þegar skuldir eru greiddar, og mundu þá þessir ⅖ hlutar nema að verðgildi 52 millj. kr., miðað við peningagildi 1955. Hins vegar er ljóst, að hér yrði um enn meira peningagildi að ræða, ef verðgildi peninga heldur enn áfram að minnka.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að þess misskilnings fer að gæta, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætlað var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stundu málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki sé og eigi að vera ríkiseign, sjálfseignarstofnun, eins og ýmsar aðrar stærstu stofnanir lýðveldisins.

Nd. 21. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni og Pétri Péturssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

a. Á eftir B. 41 koma fimm nýir liðir:
   1. *Snorrastaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
   2. *Syðri-Rauðamelsvegur:* Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.
   3. *Stórahraunsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
   4. *Höfðavegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Haffjarðarár upp með ánni að Höfða.
   5. *Ytri-Rauðamelsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergs að Ytri-Rauðamel.

b. B. 46 orðist svo:
   Skógarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.

c. B. 49 orðist svo:
   Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.

d. Á eftir B. 53 kemur nýr liður:
   Miðhúsavegur: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.

e. Á eftir B. 60 koma tveir nýir liðir:
   1. *Hofstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.
   2. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.

f. Á eftir B. 62 kemur nýr liður:
Haukabrekkuvegur: Af Skógarstrandarvegi innan Stóra-Langadalsár að Haukabrekku og Stóra-Langadal.

Nd. 22. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 42 24. maí 1958, um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Pálmason, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Í stað orðanna „1. nóvember til 1. júní“ í 2. mgr. 2. gr. laganna komi: 1. desember til 1. júní.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um útflutning hrossa. Er ákveðið í lögunum, að heimilt skuli vera að flytja út hross frá 1. júní til 1. nóvember. Neðri deild Alþingis taldi réttara, að heimildin væri bundin við 1. desember. Búnaðarþing hefur einnig sent Alþingi áskorun um að leyfa útflutning hrossa frá 1. júní til 1. desember.

Hross eru aðallega flutt út á haustin. Verði um frambúðarmarkað að ræða, er eðlilegast að leigja skip, sérstaklega innréttað, til gripaflutninga, sem gæti farið nokkrar ferðir hvert haust.

Frumvarp þetta er flutt til þess að fá þá breytingu á lögunum, sem nauðsynleg er að áliti þeirra, sem hafa reynslu og þekkingu á þessum málum.

Nd. 23. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Á undan 1. tölul. 1. gr. komi nýir tölul.:

1. Á eftir B. 64 komi nýr liður:
Snóksdalsvegur: Af Skógarstrandarvegi sunnan Miðár á Vesturlandsveg hjá Gröf í Miðdölum.
2. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
Neðribyggðarvegur: Af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi utan Hafnarár um Neðribyggð á þjóðveginn hjá Hellu.
3. Aftan við B 72 bætist
með álmum: a) að Bjarnarstöðum, Þverdal og Kverngrjóti; b) að Kjarlaksvöllum.
4. B. 73 orðist svo:
Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt á Laxárdalsveg hjá Svalhöfða.

Ed. 24. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin tók frv. fyrir á fundi sínum í dag og bar það saman við gildandi lög, en frv. er aðeins framlenging um eitt ár á lögum, sem nú gilda.

Á fundi nefndarinnar mætti Sigurður Bjarnason fyrir hönd Jóhanns Þ. Jósefssonar, sem er erlendis. Annar nm. (GTh) mætti ekki á fundinum. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. okt. 1958.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.

Sigurður Bjarnason.

Nd. 25. Frumvarp til laga [13. mál]

um eftirlit með happdrættum og almennum fjársöfnunum.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra einstaklinga eða félaga, sem efna til happdrætta, merkjasölu eða samskota, þar sem leitað er til almennings um þátttöku.

2. gr.

Þeir aðilar, sem um getur í 1. gr., skulu strax að fjáröflun lokinni birta skýrslu um árangurinn í Lögbirtingablaði. Í skýrslunni skal vera vinningaskrá, ef því er að skipta, heildarupphæð fjáröflunar, kostnaður, hvert fé hafi runnið eða eigi að renna.

Sé um skyndisöfnun að ræða, skal skýrslan birt strax að söfnun lokinni, en annars einu sinni á ári og eigi síðar en 1. apríl fyrir liðið ár.

3. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til þess að hafa með höndum eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

Telji nefndin, að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir hagnaði af fjáröflun samkv. 1. gr. eða að honum hafi ekki verið varið í samræmi við yfirlýstan tilgang, að öllu eða einhverju leyti, skal nefndin tilkynna það tafarlaust dómsmálaráðuneytinu. Dómsmálaráðuneytið getur svipt hlutaðeigandi aðila leyfi til þess að hafa fjársöfnun með höndum um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt, ef um ítrekað brot er að ræða.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, og má setja í reglugerðina ákvæði um gjaldskyldu þeirra, er standa fyrir fjáröflun skv. 1. gr., til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit skv. 3. gr. og um skilyrði, er fullnægja þarf til þess að mega standa fyrir slíkri fjáröflun.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða allt að 100 000 kr. sektum.

Mál út af brotum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég frumvarp þetta, en það náði þá ekki fram að ganga. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi þá frumvarpinu:

Á hverju ári fá fjölmargir aðilar leyfi til þess að safna fé meðal almennings með happdrættum, merkjasölu, undanþágu frá greiðslu á sköttum o. s. frv. Þetta er vitaskuld gert til þess að styrkja þau málefni, sem þessir aðilar berjast fyrir, og er hér einkum um að ræða ýmiss konar menningar-, félags- og mannúðarstarfsemi.

Á þennan hátt er geysimiklu fé safnað árlega. Nema þær upphæðir milljónatugum. Það virðist því einsýnt, að hið opinbera hafi eftirlit með því, hvernig fé þessu sé varið, og er það raunar sjálfsögð ráðstöfun, er almenningur á heimtingu á.

Með þessu er ekki verið að tortryggja þá aðila, sem nú annast þessi mál, heldur þvert á móti verið að koma í veg fyrir hugsanlega tortryggni og slúðursögur.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um ráðstafanir til að greiða fyrir votheysverkun og öðrum heyverkunaraðferðum, sem að gagni mega komi í óþurrkum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að því í samráði við Búnaðarfélag Íslands og tilraunaráð búfjárræktar, að tilraunir með votheysgerð og votheysfóðrun verði auknar svo og leiðbeiningarstarfsemi á þessu sviði; enn fremur að stuðla, eftir því sem við verður komið, að útbreiðslu annarra heyverkunaraðferða, er að gagni mega komi í óþurrkum.

Greinargerð.

Tjón það, sem orðið hefur af völdum óþurrka í ýmsum sveitum á norðan- og austanverðu landinu s. l. sumar, hefur enn á ný vakið þjóðina til umhugsunar um það öryggisleysi, sem landbúnaðurinn á við að stríða í sambandi við fóðuröflun handa bústofninum.

Rétt þykir að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að aukin verði tilrauna- og leiðbeiningastarfsemi í því skyni að stuðla að útbreiðslu heyverkunaraðferða, sem að gagni mega koma í óþurrkum. Er þá einkum átt við votheysgerð. En gera má ráð fyrir, að fleiri aðferðir komi einnig til greina. Votheysgerðin er þó sú aðferð, sem telja má öruggasta, þegar mjög illa viðrar. Verkun og notkun votheys er samt talsverðum vandkvæðum bundin, sem síðar verður að vikið; og brýna nauðsyn ber til að ráða bót á þeim vandkvæðum eftir föngum.

Votheysgerð er ekki ný heyverkunaraðferð, þótt margt nýtt hafi verið tekið upp við framkvæmd hennar. Sagnir herma, að her Rómverja hafi notað vothey handa stríðsfákum sínum í herferðum og að votheysgeymslur hafi verið gerðar

við hervegi, þar sem leiðir hersins helzt lágu milli heimalands og setuliðs eða vígstöðva. En franskur maður, Auguste Goffert að nafni, hefur verið nefndur faðir nútíma votheysgerðar, og var það um 1870, sem kenningar hans um votheysgerð tóku að berast út um lönd Norðurálfu og víðar.

Hér á landi var byrjað á votheysgerð rétt eftir 1880. Árið 1883 hófu tveir landskunnir bændur votheysgerð samtímis og héldu henni síðan áfram mjög lengi. Það voru þeir Torfi Bjarnason skólastjóri í Ólafsdal og Eggert Finnsson á Meðalfelli í Kjós. Árið 1907 hóf Halldór Vilhjálmsson skólastjóri votheysgerð á Hvanneyri. Birti hann langa og ýtarlega ritgerð um reynslu sína í Búnaðarritinu 1916, en löngu áður höfðu Torfi í Ólafsdal (1884), Eggert á Meðalfelli (1902) o. fl. ritað um málið. Votheysgerð náði þá þegar á fyrsta og öðrum tug aldarinnar talsverðri útbreiðslu. Einnig var reynt að verka þara á sama hátt. Búnaðarfélag Íslands samdi við allmarga bændur hér og þar á landinu um að gera tilraunir og birti skýrslur þeirra í ritinu, t. d. 1912 og 1917. Síðan hefur öðru hverju komizt skriður á votheysgerðina, einkum eftir óþurrkasumur, og nýjungar á þessu sviði verið reyndar, svo sem sýruíblöndun, votheysturnar o. fl. Framlög til votheysgeymslu samkv. jarðræktarlögum hafa verið hækkuð í því skyni að stuðla að útbreiðslu hennar. Fróðir menn telja, að nú séu votheysgeymslur fyrir 12—15% af heyfeng landsmanna.

Mikið vantar til þess, að hægt sé að segja, að votheysgerðin hafi orðið það bjargráð fyrir bændastéttina, sem Eggert á Meðalfelli, Halldór á Hvanneyri o. fl. gerðu sér vonir um fyrir nokkrum áratugum. Til þess að svo mætti verða, þyrfti hún í rauninni að verða eins algeng og þurrkun, en því fer mjög fjarri, að svo sé. Í einstaka sveitum og á einstaka heimilum má þó segja, að hún hafi náð tilgangi sínum fyllilega, og mjög víða hefur hún orðið að góðu gagni. Ástæðurnar til þess, að þessi heyverkunaraðferð hefur enn ekki orðið það bjargráð, sem menn vonuðust eftir, eru einkum þær, að oft og tíðum hefur ekki tekizt að verka votheyið svo vel sem vera þarf og að þess eru dæmi, að sauðfé hefur ekki þolað votheysgjöfina. Hafa bændur stundum misst fé af þessum sökum eða fjármissir verið rakinn til votheysgjafar. Hefur þá komið afturkippur í votheysgerðina, þar sem talið var, að tjón hefði orðið af völdum hennar. Fæstir bændur eru svo efnum búnir, að þeir telji sig hafa ráð á áhættusömum tilraunum á þessu sviði eða öðrum.

Eins og kunnugt er, má telja, að aðallega sé um tvær aðferðir við votheysgerð að ræða. Önnur er sú að verka heyið við 20—25 stiga hita, hin að verka það við 50—60 stiga hita. Kaldverkaða heyið, ef svo mætti nefna það, hefur oft verið nefnt súrhey, hitt sæthey. Báðar þessar aðferðir hafa verið notaðar, með ýmsum afbrigðum, viljandi eða óviljandi. Votheysgeymslur hafa verið og eru með ýmsu móti, moldargryfjur, turnar og ýmislegt þar á milli. Aðstaða og vinnubrögð með mörgu móti. Oft gripið til votheysgerðar í skyndingu og flausturslega út úr neyð, þegar óþurrkar hafa gengið langan tíma. Votheyið hefur því verið næsta misjafnt fóður og aðgæzla að sjálfsögðu misjöfn við notkun þess, svo sem vænta má, þar sem margir hafa gripið til votheysgerðar og votheysgjafar án þess að reynsla eða glöggar leiðbeiningar væru fyrir hendi. Þess er svo ekki að dyljast, að hjá mjög hirðusömum bændum með sæmilegar votheyshlöður hefur, að því er virðist, stundum orðið tjón af votheysgjöf. Slíkt má helzt ekki koma fyrir, ef votheysgerðin á að ná tilgangi sínum sem almennt og öruggt bjargráð.

Bóndi, sem vill hefja votheysgerð, þarf margs að spyrja og búvísindi, byggð á íslenzkri reynslu, þurfa að geta svarað. En aðalspurningarnar eru þessar: Hvernig á að koma í veg fyrir skemmdir í heyinu? Hvað þarf að varast í sambandi við votheysgjöf? Er hægt að koma í veg fyrir, að fé veikist af heyskemmdum eða einhverju, sem er í fóðrinu? Og er hægt að lækna fé, sem veikist af gjöfinni? Að því þarf að vinna, að við þessum meginspurningum og ýmsum öðrum fáist svör, sem borið geti viðhlítandi árangur.

Að tilhlutan tilraunaráðs búfjárræktar voru nýjar tilraunir með votheysgerð og votheysfóðrun hafnar í sérstökum tilraunabúum árið 1955. Þessa tilraunastarf-

semi eða aðra þarf að efla, svo sem frekast er kostur. Og jafnskjótt sem tilraunirnar bera árangur, eða jafnvel fyrst á grundvelli þeirrar reynslu, sem fyrir hendi er, þarf að reka sérstaka leiðbeiningarstarfsemi fyrir bændur í þessum efnum. Starfsmenn tilraunastöðvarinnar á Keldum munu einnig hafa áhuga fyrir þeirri hlið málsins, sem að þeim snýr, og þarf að styðja þá og styrkja til rannsókna.

Eitt af því, sem ganga þarf úr skugga um, er, hvort gera megi votheysgerð örugga með íblöndun efna í heyið og hvort það sé fjárhagslega framkvæmanlegt, t. d. með því að framleiða íblöndunarefni innanlands og draga þannig úr flutningskostnaði. Tilraunir með íblöndun hafa að vísu verið gerðar hér á landi, en því fer fjarri, að úr því hafi enn verið skorið, hvaða möguleikar séu fyrir hendi í þessu efni.

Þá þarf einnig að athuga mjög vandlega, hvaða gerð votheysgeymslna hentar bezt og hvaða efni eru varanlegust í slíkar byggingar og ódýrust. Til þess að fá öruggar bendingar í þá átt þarf að rannsaka, hvernig reynzt hafi þær ýmsu gerðir votheysgryfja og turna, sem komið hefur verið upp í landinu, bæði að geymsluhæfni og endingu.

Í seinni tíð hafa margir bændur tekið upp súgþurrkun, og er enginn vafi á því, að sú heyverkunaraðferð hefur þegar orðið til stórmikils gagns, bæði til að flýta fyrir heyverkun og koma í veg fyrir hita í heyjum, enda þótt þessari aðferð verði naumlega við komið í verstu sumrum, nema blásið sé heitu lofti, sem eykur þurrkunarkostnaðinn til mikilla muna. Notkun þessarar heyverkunaraðferðar þarf að aukast á næstu árum. Og auðvitað er ekki loku fyrir það skotið, að enn eigi eftir að koma til sögunnar nýjar heyverkunaraðferðir, sem komið gætu að gagni hér á landi. Ber nauðsyn til að fylgjast vel með hvers konar nýjungum á þessu sviði, sem fram kunna að koma hér eða annars staðar.

Ed. 27. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað „togarasjómönnum“ í 1. gr. laganna komi: sjómönnum, — og í stað „togarasjómanna“ komi: sjómanna.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzk skip.

3. gr.

Í stað „togarasjómenn“ í 4. gr. laganna komi: sjómenn.

4. gr.

Fyrri málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, annar skal tilnefndur af sjómannasambandi Íslands, en hinn þriðji af samtökum skipaútgerðarmanna sameiginlega.

5. gr.

Í stað „35 ár“ í síðustu málsgr. 9. gr. laganna komi: 30 ár.

6. gr.

a. 3. málgsr. 11. gr. laganna orðist svo:
Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem skráður sjómaður á íslenzku skipi 9 mánuði eða lengur á sama almanaksári. Hafi sjóðfélagi verið skráður á skip minnst 10 mánuði á tveimur árum, telst það eitt ár samkv. grein þessari. Orlofs- eða veikindatími dregst ekki frá starfstíma.

b. Í stað „togarasjómanna“ í síðustu málsgr. sömu lagagreinar komi: sjómanna.

7. gr.

Í stað „togara“ í fyrstu og síðustu málsgr. 12. gr. laganna komi: skipi.

8. gr.

Í stað „togara“ í síðari málsgr. 14. gr. laganna komi: skipi.

9. gr.

Í stað „togara“ í síðari málsgr. 16. gr. laganna komi: skipi.

10. gr.

Í stað „togarasjómanna“ í fyrri málsgr. 17. gr. laganna komi: sjómanna.

11. gr.

Í stað „togara“ í bráðabirgðaákvæði laganna komi alls staðar: skipi.

12. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um lífeyrissjóð sjómanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Sjómannasambands Íslands.

Helztu breytingar frv. á lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna eru þær, að í 1.—3. gr. er hér gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðurinn verði fyrir alla sjómenn í stað þess að vera eingöngu fyrir togarasjómenn. 4. gr. felur í sér þá breytingu, að í stað þess, að Alþýðusamband Íslands tilnefni mann í stjórn sjóðsins, tilnefni Sjómannasamband Íslands einn fulltrúa og þriðji maður í stjórn sjóðsins verði tilnefndur af skipaútgerðarmönnum sameiginlega í stað Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda áður. Efni 5. gr. er nánast leiðrétting á lögunum. Alþingi gerði þá breytingu frá frv. að ákveða 30 ára greiðslutíma í stað 35 ára, en sézt hefur yfir að breyta 9. gr. laganna til samræmis.

Eins og að framan segir, voru samþykkt á síðasta Alþingi lög um lífeyrissjóð togarasjómanna, og munu flestir sammála um, að setning þeirra laga hafi verið fullkomlega réttmæt og nauðsynleg. Höfuðrökin fyrir setningu þessara laga voru þau, að með gildistöku þeirra væri sjósókn gerð eftirsóknarverðara starf en áður hvað öryggi og hlunnindi snertir. En tilfinnanlegur og stórkostlega alvarlegur skortur hafði þá reynzt vera um nokkurt skeið á mönnum til þessara mikilvægu starfa fyrir þjóðfélag, sem byggir útflutningsverzlun sína að 95% á fiskafurðum.

Síðan fyrrnefnd lög voru sett, hefur það gerzt, að Sjómannafélag Reykjavíkur hefur samið um, að lífeyrissjóðum verði komið á fyrir farmenn (á strandferða- og verzlunarflotanum) frá næstu áramótum að telja. Í hópi sjómanna er þá aðeins eftir einn flokkur þeirra, þ. e. vélbátasjómenn.

Með hliðsjón af framansögðu er það skoðun Sjómannasambands Íslands og flutningsmanns, að útilokað sé að gera upp á milli hinnar íslenzku sjómanna-

stéttar varðandi hlunnindi þau, er lífeyrissjóðir eru, einungis eftir því, hvar sjómenn inna mikilvæg skyldustörf sín af hendi. Með frv. þessu er því gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðurinn verði einnig fyrir bátasjómenn.

Þá þykir það einnig eðlileg afleiðing, að í stað þess, að margir lífeyrissjóðir verði fyrir sjómenn á farskipaflotanum, verði farmenn einnig í lífeyrissjóði sjómanna sem heild.

Þá þykir og rétt, að skyldan til þess að vera í sjóðnum og greiða til hans sé bundin því, að sjómaður sé skráður á skip.

Nd. 28. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við 1. gr. komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir C. 16 komi:
   Hagavegur: Af Húnvetningabraut hjá Sveinsstöðum að Þingeyrum.
2. C. 21 orðist svo:
   Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar að Bollastöðum.
3. Aftan við C. 22 bætist: með hliðarálmu að Rútsstöðum.
4. Fyrir orðin „að Stafnsrétt“ í C. 23 komi: að Fossum.
5. Á eftir C. 23 komi nýr liður, þannig:
   Svartárdalsvegur vestan ár: Frá Skeggsstöðum að Hóli, með hliðarálmu um væntanlega brú á Svartá og á Svartárdalsveg austan ár.
6. Fyrir orðin „að Skrapatungu“ í C. 25 komi: að Núpi.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um skipun nefndar til þess að gera athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir bátasjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Björgvin Jónsson, Sveinbjörn Högnason, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli 5 manna nefnd til þess að athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum, og gera tillögu um það efni, eftir því sem rétt þykir að athuguðu máli. Fjórir nefndarmenn séu kosnir af sameinuðu Alþingi, en fimmti nefndarmaðurinn sé skipaður af ráðherra og sé hann formaður.

Greinargerð.

Á Alþingi 1956—57 var samþykkt till. til þál., er Ólafur Jóhannesson, er þá átti sæti á Alþingi um stundarsakir sem varaþm. Skagfirðinga, flutti ásamt flutningsmönnum þessarar tillögu. Var hún um svipað efni og þessi tillaga. Þar var þó ekki gert ráð fyrir nefndarskipun, eins og hér er gert. Síðan sú tillaga var sam-

þykkt, hefur það gerzt í málinu, að sett hafa verið lög um lífeyrissjóð togarasjómanna og iðnverkafólk í Reykjavík o. fl. hafa samið um lífeyrissjóðsréttindi. Þá samþykkti síðasti aðalfundur Stéttarsambands bænda tillögu um athugun á möguleikum til stofnunar lífeyrissjóðs fyrir bændur. Almennur áhugi er fyrir framkvæmd málsins og fer vaxandi. Þingsályktunin frá 1957 hefur verið send nokkrum stéttarfélögum og Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar. Flutningsmönnum þykir nú tímabært að gera tillögur um kosningu milliþinganefndar.

Þá þykir okkur rétt að birta á ný greinargerð þá, er fylgdi tillögunni á Alþingi 1957, er hún svo hljóðandi:

„Á síðari árum hefur þeim starfsmannahópum stöðugt fjölgað, sem njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum, sem ýmist hafa verið stofnaðir með lögum eða samningum launþega og atvinnurekenda. Er nú svo komið, að yfirleitt allir fastráðnir starfsmenn þess opinbera njóta eða eiga kost á að njóta lífeyristryggingar hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða öðrum sérstökum lífeyrissjóðum, svo sem lífeyrissjóði barnakennara eða lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. En upphaflega var lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins aðeins ætlaður embættismönnum. Bankarnir hafa sérstaka lífeyrissjóði fyrir starfsmenn sína, og svo er um ýmis viðskiptafyrirtæki, þ. á m. Samband ísl. samvinnufélaga. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur sinn eigin lífeyrissjóð. Njóta skrifstofu- og verzlunarmenn í Reykjavík, sem í því félagi eru, lífeyristryggingar í þeim sjóði.

Það leikur ekki á tveim tungum, að lífeyrisréttindin eru veruleg hlunnindi. Sjóðfélagar njóta ellilífeyris, sem getur farið allt upp í 60% af meðallaunum þeirra síðustu árin, auk þess sem maka og börnum sjóðfélaga er tryggður nokkur lífeyrir. Sjóðfélagi kaupir sér að vísu þessi lífeyrisréttindi með því að greiða til lífeyrissjóðsins ákveðinn hundraðshluta af launum sínum. En jafnframt greiðir atvinnuveitandi, hvort heldur er ríki eða annar, tillag til sjóðsins. En auk þess hafa sjóðfélagar, a. m. k. í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, átt þess kost að fá lán úr sjóðnum til byggingar eigin íbúða. Hafa lán þessi verið sérlega hagfelld. Hafa sjóðfélagar notið þar mikils hagræðis, og má fullyrða, að þeir margir hverjir hefðu alls ekki eignazt þak yfir höfuðið, ef ekki hefði notið við þessara lána. En með þessum hætti hafa lífeyrissjóðirnir einnig gert mikið gagn. Hjá þeim hefur orðið fjársöfnun, og með því fé hafa þeir bætt úr lánsfjárþörf.

Væntanlega verður því ekki mótmælt, að æskilegt sé, að öllum þjóðfélagsþegnum, hvar í stétt sem standa, sé séð fyrir viðunandi ellilífeyri. Það er aðalsmerki hvers þjóðfélags að búa vel að gömlu fólki. Það er auðvitað ekkert réttlæti í því, að fólk, sem á að baki langa og stranga starfsævi, verði í elli sinni að búa við öryggisleysi og stórum lakari kjör en fyrr á ævi. Með lögunum um almannatryggingar er vissulega stefnt í rétta átt, þó að ellilífeyrir samkvæmt þeim lögum sé auðvitað langt frá því að vera fullnægjandi. En skilyrði þess, að viðunandi ellilífeyrir verði greiddur, er auðvitað það, að myndaður hafi verið nægilega öflugur sjóður í því skyni. Þann sjóð þarf fyrst að mynda. Hér er því eigi aðeins spurning um það, hvað sé æskilegt, heldur og hitt, hvað sé framkvæmanlegt. Um það verður ekkert sagt nema að undangenginni ýtarlegri rannsókn.

Flutningsmönnum þessarar tillögu virðist tímabært, að það sé tekið til rækilegrar og gagngerrar athugunar, hvort tök séu á að stofna lífeyrissjóð, er veitti öllum þeim, sem ekki eru nú sjóðfélagar í hinum sérstöku lífeyrissjóðum, hliðstæð réttindi þeim, sem opinberir starfsmenn njóta. Að sjálfsögðu er þá gert ráð fyrir því, að slíkur sjóður starfaði á hreinum lífeyrisgrundvelli, þ. e. a. s. að lífeyririnn yrði keyptur gegn iðgjöldum samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga og að menn gætu ekki öðlazt lífeyrisréttindi, fyrr en þeir hefðu greitt til sjóðsins iðgjöld í tiltekinn tíma.

Það er skoðun flutningsmanna, að það sé í alla staði réttmætt, að þær fjölmennu starfsstéttir, sem nefndar eru í ályktun þessari, njóti hliðstæðra réttinda sem opinberir starfsmenn að því er lífeyristryggingu varðar, enda væri með þeim hætti

stuðlað að auknu öryggi í þessum starfsstéttum, og e. t. v. geti það ýtt undir, að ungir menn sæktu þangað meir en nú. Hins vegar má vel vera, að á því séu ýmsir framkvæmdarerfiðleikar að láta lífeyristryggingu taka til þessara stétta. Hinir sérstöku lífeyrissjóðir hafa yfirleitt hingað til verið bundnir við fastráðna starfsmenn, en hafa ekki tekið til þeirra, sem fengizt hafa við sjálfstæðan atvinnurekstur, né heldur til lausráðinna manna. Hér hljóta fjölmörg atriði að koma til athugunar. Er eigi á færi flutningsmanna að fullyrða neitt um það á þessu stigi, hvort fært sé að taka þannig upp almenna lífeyristryggingu landsmanna allra, þótt slíkar alþjóðartryggingar muni nú hafa verið upp teknar annars staðar og almannatryggingarnar hér hjá okkur séu vísir að slíkri alþjóðarlífeyristryggingu. Við athugun máls þessa yrði að sjálfsögðu haft samráð við stéttarsamtökin. Vera má, að þessi athugun leiði í ljós, að takmarka verði trygginguna við einhverjar þeirra stétta, sem hér eru nefndar.

En sé framkvæmanlegt að taka upp slíka alþjóðartryggingu, er ljóst, að hún mundi stuðla að eðlilegu og sjálfsögðu jafnrétti meðal þegnanna. Enn fremur mundu safnast sjóðir, sem að sjálfsögðu yrðu m. a. lánaðir sjóðfélögum með hliðstæðum hætti og átt hefur sér stað um lánveitingar úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Með stofnun slíks lífeyrissjóðs væri fólki fyrst og fremst tryggt fjárhagslegt öryggi í elli sinni. En auk þess gæti slík sjóðsstofnun stuðlað að varanlegri fjármagnsmyndun, ef rétt væri á haldið, og sjóðfélögum gætu opnazt lánsmöguleikar. Slíkur sjóður gæti t. d. létt undir með hinu almenna veðlánakerfi. Sömuleiðis væri sennilegt, að bændur og útvegsmenn gætu, ef þeir væru tryggðir í sjóðnum, fengið þar hagstæð lán til nauðsynlegra framkvæmda o. fl.

Eitt þeirra atriða, sem athuga þarf, er hversu háttað yrði stjórn alþjóðartryggingarinnar, ef til kæmi, hvort setja ætti á fót sjálfstæða stofnun eða fela Tryggingastofnun ríkisins þetta verkefni. Er engin afstaða tekin til þess hér.“

Ed. 30. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir C. 60 komi nýr liður:
   Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan, um Vaglaskóg að Lundi.
2. Á eftir C. 63 komi nýr liður:
   Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu, á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.
3. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
   a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi.
   b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.
4. Liður C. 67 orðist svo:
   Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfandafljóts, að Halldórsstöðum; með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfandafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um undirbúning löggjafar um ríkisábyrgðir.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða og samræmdar þær mismunandi reglur, sem um þetta efni hafa gilt. Enn fremur verði kannaðar orsakir sívaxandi vanskila á ríkisábyrgðarlánum og tillögur gerðar um úrbætur.

Greinargerð.

Í árslok 1956 höfðu samkvæmt ríkisreikningi verið veittar ríkisábyrgðir fyrir lánum, er samtals námu tæpum 870 millj. kr. Á hverju þingi eru veittar heimildir til ríkisábyrgða fyrir háum fjárhæðum, og enn fremur eru í mörgum sérlögum almennar heimildir til ríkisábyrgða.

Um veitingu ríkisábyrgða gilda mjög mismunandi reglur. Yfirleitt ákveður Alþingi hverju sinni upphæð þá, sem ábyrgð má ná til, en oftast er ríkisstjórninni fengið vald til þess að setja önnur þau skilyrði fyrir ábyrgðinni, sem hún telur við eiga hverju sinni.

Ekki er með tillögu þessari ætlazt til þess, að ríkisstjórninni verði veitt almennt vald til þess að veita ríkisábyrgðir. Ákvörðun um það, hvort ábyrgð skuli veitt eða ekki, verður að vera í hendi Alþingis. Hins vegar er að því stefnt, að settar verði almennar reglur um þau skilyrði, sem uppfylla verði til þess að fá ríkisábyrgð, svo sem um ábyrgðarhlutfall, tryggingar og ráðstafanir í sambandi við vanskil, þannig að sem líkastar reglur gildi um allar ríkisábyrgðir. Er í því sambandi einnig nauðsynlegt að taka til athugunar þau sérlög, sem hafa að geyma ákvæði um ríkisábyrgðir.

Segja má sem svo, að sérstök lög um ríkisábyrgðir hafi litla þýðingu, því að Alþingi geti hverju sinni ákveðið frávik frá þeim reglum, sem þar eru settar. Þetta er að vissu leyti rétt, en reynslan er samt sú, að þegar menn hafa komið sér saman um almennar reglur, þá er ógjarnan vikið frá þeim.

Þörfin á endurskoðun ríkisábyrgðanna í heild verður æ brýnni fyrir þá sök, að útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum vaxa ár frá ári. Er í fjárlagafrv. fyrir 1959 gert ráð fyrir 10 millj. kr. útgjaldaaukningu ríkissjóðs af þessum sökum. Virðist því full ástæða til að íhuga, hvort hægt sé að koma þessum málum í betra horf. Í því sambandi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir orsökum vanskilanna í einstökum tilfellum og reyna að finna viðunandi úrræði til þess að koma í veg fyrir sívaxandi vanskil. Er sú hlið málsins að verulegu leyti tengd því vandamáli, hversu auðið sé að bæta fjárhag sveitarfélaganna.

Ed. 32. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og borið saman við gildandi lög og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni var Jóhann Jósefsson.

Alþingi, 21. okt. 1958.

Bernh. Stefánsson, form.	Björn Jónsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen.

Ed. 33. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess án breytinga. Einn nm. (JJós) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 21. okt. 1958.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., frsm. Gunnar Thoroddsen.
Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 34. Fyrirspurn [18. mál]

til ríkisstjórnarinnar um smíði 15 togara.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað líður smíði þeirra 15 togara, sem ríkisstjórninni var heimilað að láta smíða með lögum nr. 94 1956?

Hafa lán verið fengin til þessara skipakaupa og þá hve há og hvar?

Ed. 35. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Framan við a-lið 1. gr. bætist:
   B. 76 orðist svo:
   Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla og Stað að Laugalandi, af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum, um Hofstaði að Hlíð og af Vesturlandsvegi á Hrísholsmelum um Hafrafell að Borg.
2. Aftan við 1. gr. bætist:
   a. B. 111 orðist svo:
      Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal um Suðurfirði til Langabotns í Geirþjófsfirði, með álmu frá Trostansfirði á Arnarfjarðarveg.
   b. B. 115 orðist svo:
      Rauðasandsvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum í Patreksfirði, um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi, með álmu frá Helguþúfu við Bjarnkötludalsá að Melanesi.
   c. B. 116 orðist svo:
      Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita, með álmu frá Geitagili að Gjögrum.
   d. Á eftir B. 117 komi nýir liðir:
      1. *Hænuvíkurvegur:* Af Örlygshafnarvegi á Gjögrum, um Hænuvík til Kollsvíkur.
      2. *Siglunesvegur:* Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá, um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.

3. *Hjarðarnesvegur:* Af Barðastrandarvegi í Smiðjukleifum í Þingmannadal, um Fossá og Auðshaug, fyrir Kjálkafjörð að Litlanesi.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um birtingu skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þýða og prenta á íslenzku skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið og selja hana síðan með sambærilegu verði við Alþingistíðindin.

Greinargerð.

Hinn 23. október eru liðin tvö ár frá upphafi byltingarinnar í Ungverjalandi. Þeir atburðir, sem þá gerðust, mega ekki falla úr minni manna.

Sameinuðu þjóðirnar megnuðu ekki að forða Ungverjum undan kúgun. Ungverjaland liggur þar á heimskringlunni, að viðbúið er, að heimsstyrjöld hljótist af, ef reynt yrði að láta Ungverja njóta laga og réttar. Sameinuðu þjóðirnar treystu sér þess vegna ekki til að veita Ungverjum samningsbundna vernd. Í stað þess efndu þær til skýrslugerðar um málið. Sú ráðstöfun var ungversku þjóðinni að vísu lítil raunabót, en til þess löguð að verða öðrum til lærdóms. Sjálf skýrslugerðin tókst með afbrigðum vel og vakti mikla athygli um allan hinn frjálsa heim, þegar skýrslan var gefin út í fyrra.

Á síðasta þingi var flutt tillaga um þýðingu skýrslunnar og prentun hennar á íslenzku. Tillagan fékkst þá ekki afgreidd. Vonandi hefur það verið af vangæzlu, en ekki vegna þess, að alþingismenn vilji ekki eiga hlut að því, að Íslendingum gefist færi á að kynna sér hina gagnmerku skýrslu. Þykir því rétt að flytja tillöguna að nýju og vísa um frekari rökstuðning fyrir henni til greinargerðar hennar í fyrra. Hún hljóðaði svo:

„Skýrsla hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið er viðurkennd óyggjandi sönnunargagn um þá hörmulegu atburði, er hún fjallar um. En þeir eru þess eðlis, að öllum ber skylda til að kynna sér þá eftir föngum, bæði vegna hinnar hugprúðu ungversku þjóðar, sem þola varð ógnirnar, sem í skýrslunni segir frá, og lærdóma þeirra, sem af atburðum þessum verða dregnir og alla varða.

Í skýrslunni kemur t. d. glögglega fram, hvernig fer, þegar ríkisstjórnin reynir að dylja mikilsverðar staðreyndir og leggur lygafjötur á þjóðina, svo og þegar verkalýðsfélögunum er breytt úr því að vera tæki almennings til að fá betri lífskjör í handbendi ríkisstjórnarinnar til að eyða kröfum verkalýðsins og beita hann kúgun. Þá er þar og að finna dæmi þess, hvernig sumir valdhafar vilja láta umrita söguna sjálfum sér til hags, og þess uppáhaldsbragðs kommúnista og sumra samstarfsmanna þeirra að ásaka aðra einmitt um það, sem þeir sjálfir iðka.

Vonandi er meiri hluti alþingismanna sammála um, að Íslendingum sé hollt að kynnast þessari stórmerku skýrslu, og samþykkir því þessa tillögu.“

Sþ. 37. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um námskeið í meðferð fiskileitartækja.

Flm.: Björn Jónsson, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp, eigi síðar en fyrir næstu síldarvertíð, námskeiðum fyrir skipstjórnarmenn á fiskiskipum, þar sem veitt verði fræðsla um meðferð og gerð fiskileitartækja. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegan kostnað, er af þessari framkvæmd leiðir.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa nýjar gerðir fiskileitartækja rutt sér til rúms hér á landi. Er nú svo komið, að nær allir togararnir eru búnir slíkum tækjum og langflestir fiskibátanna, og þykja þeir nú naumast sæmilega búnir til veiða, nema svo sé. Miklum fjármunum hefur verið varið til kaupa á þessum tækjum.

Árangur af þessum nýja búnaði fiskibátaflotans er þegar orðinn mikill og auðsær, ekki sízt að því er síldveiðarnar varðar. Telja síldveiðimenn, að mjög mikill hluti síldaraflans síðustu vertíðir sé fenginn fyrir tilstuðlan þessara tækja, enda hefur samanburður á aflamagni þeirra báta, sem beitt hafa þessum hjálpartækjum við veiðarnar, og hinna, sem ekki hafa haft þau innanborðs, leitt þessa staðreynd í ljós.

Hins vegar er vitað, að mjög er vandasamt og engan veginn auðlært að nota fiskileitartækin svo, að fullur árangur náist við veiðar. Hefur gagnsemi þeirra því ekki orðið janfmikil og orðið gæti, þar sem lítið eða ekki hefur verið aðhafzt í þá átt að veita fiskiskipstjórum almennt aðstöðu til að ná þessari nýju tækni fyllilega á sitt vald.

Þáltill. þeirri, sem hér er flutt, er ætlað að bæta hér úr, og er þá haft í huga, að einhverjir þeirra fiskiskipstjóra, sem náð hafa framúrskarandi árangri með notkun fiskileitartækjanna, svo og tæknilega sérfróðir menn um gerð þeirra yrðu fengnir til að miðla skipstjórnarmönnum af þekkingu sinni og reynslu.

Til frekari áréttingar því, sem hér hefur verið sagt, skulu hér tilfærð ummæli Bjarna Jóhannessonar, skipstjóra á m/s Snæfelli, en hann hefur verið aflahæsti síldveiðiskipstjórinn þrjár síðustu vertíðir. Í viðtali við vikublaðið Dag á Akureyri 10. sept. s. l. segir Bjarni Jóhannesson m. a., aðspurður um, hvað helzt valdi hinum mikla aflamismun skipanna: „Þeir, sem fram úr skara um aflann, munu kunna betur en aðrir að nota hin nýju hjálpartæki. Mér er heldur ekki grunlaust um, að ábótavant sé um niðursetningu þeirra í sumum bátum, og auðvelda þau þá ekki síldarleitina sem skyldi".

Ekki leikur vafi á, að það, sem hér kemur fram, er almennt álit sjómannastéttarinnar.

Nd. 38. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 24. maí 1958, um breyt. á l. nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir. — Einn nefndarmanna, Gunnar Jóhannsson, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 23. okt. 1958.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Pálmason, frsm.	Ágúst Þorvaldsson.

Nd. **39. Breytingartillaga** [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Á undan 1. tölul. 1. gr. komi nýr tölul.:
Á eftir A. 68 komi nýr liður:
Salthöfðavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

Sþ. **40. Tillaga til þingsályktunar** [21. mál]

um athugun á aðbúnaði fanga.

Flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd, er í eigi sæti lögfræðingur, geðlæknir og sálfræðingur. Skal nefndin rannsaka allan aðbúnað þeirra manna, sem dæmdir eru hér á landi til refsivistar. Komi í ljós við þá athugun, að aðbúnaðinum sé í einhverjum atriðum áfátt frá sjónarmiði betrunar, skal nefndin gera tillögur um nauðsynlegar endurbætur. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað álitsgerð fyrir 1. október 1959.

Greinargerð.

Sú skoðun mun almenn, að fangelsismálum þjóðarinnar sé í ýmsu mjög ábótavant. Á það ekki hvað sízt við um þann þátt þeirra, sem mikilsverðastur er, meðferð brotamanna og afvegaleiddra ungmenna. Í menningarþjóðfélagi hlýtur sú meðferð að miðast við það að ná sem beztum árangri í lækningu þeirra sálrænu meinsemda, sem orsaka misgerðir og afbrot. Þessum þætti mun lítill sómi sýndur í verki og árangur refsivistar reynast í samræmi við það.

Meðal afbrotamanna eru margir, sem orðið hafa fyrir óhollum áhrifum á viðkvæmu aldursskeiði og af þeim sökum leiðzt af réttri braut. Aðrir vinna óhappaverk undir áhrifum áfengis eða á annan hátt í sambandi við drykkjuskap. Loks eru í hópi afbrotamanna geðveilir menn og geðveikir, þótt sú bilun þeirra liggi ekki ætíð í augum uppi.

Sú skoðun á nú orðið almennu fylgi að fagna með menningarþjóðum, að með réttum, mannúðlegum og félagslega vekjandi aðferðum megi í flestum tilfellum leiða þetta fólk á rétta braut og bjarga þannig lífi þess því sjálfu og þjóðfélaginu til handa. Áherzla er lögð á að veita hverjum einstökum afbrotamanni þá meðferð, er honum hæfir bezt. Ástand hans er vandlega rannsakað, og í samræmi við niðurstöðu þeirrar rannsóknar er meðferðin ákveðin. Jafnvel fyrir meðfæddri glæpahneigð gefast menn ekki upp, heldur leitast við að uppræta hana og með vaxandi árangri.

Íslenzk fangelsismál virðast bera þess lítil merki, að teknar hafi verið til fyrirmyndar þær miklu framfarir, sem í slíkum málum hafa orðið víða um heim, m. a. á Norðurlöndum. Á eina svokallaða vinnuhælið, Litla-Hraun, hefur um áraskeið verið safnað saman flestum eða öllum afbrotamönnum, sem dæmdir hafa verið til verulegrar refsivistar, og hefur þá ekkert tillit verið tekið til þess, hvers eðlis afbrotin voru eða manngerðirnar, sem látnar voru deila aðbúð og kjörum. Afleiðing þessa hefur orðið sú m. a., að óhörðnuð ungmenni, sem fyrst og fremst þarfnast sálarlegrar aðhlynningar og nytsamra starfa, hafa verið ofurseld áhrifum van-

ræktra og forhertra glæpamanna. Munu þess dæmi, að slík ungmenni hafi þá fyrst orðið löggæzlumönnum alvarlegt viðfangsefni og hættulegt, er þau höfðu afplánað hegningu sína á þessum stað.

Hælið á Litla-Hrauni er í rauninni hvorki vinnuhæli með nútímasniði né heldur innilokunarfangelsi fyrir hættulega glæpamenn. Virðist þar helzt hafa ráðið ríkjum tætingslegt sambland af átjándu aldar hugmyndum um meðferð fanga og nýrri skoðunum um frjálsræði, en þær skoðanir þó án allra tengsla við þau vinnubrögð, sem nútímaþekking á þeim sviðum segir fyrir um. Mun þetta óhæfilega sambland af hörku og agaleysi oftar en einu sinni hafa leitt til hinna alvarlegustu árekstra.

Það skal fram tekið, að hér er ekki verið að veitast að löggæzlumönnum. Þeir hafa sannarlega átt erfiða aðstöðu. Meinið á rætur sínar fyrst og fremst í vanrækslu stjórnarvalda. Nauðsynlegar umbætur á þessu sviði hafa aldrei komizt í framkvæmd. Það hefur verið vanrækt allt í senn, að koma upp sómasamlegum stofnunum, að fá sérfróða menn til að móta betrunarmeðferð fanga í samræmi við fengna reynslu erlendis og að framkvæma síðan þá meðferð.

Með þeirri þáltill., sem hér er fram borin, er gerð tilraun til þess að undirbyggja á raunhæfan hátt þær aðgerðir, sem telja verður fullkomna nauðsyn í þessu efni. Nákvæm athugun sérfræðinga á ástandinu, eins og það er nú, ásamt sundurliðuðum tillögum um endurbætur er óhjákvæmilegur undanfari framkvæmda, sem síðan verða að fylgja í kjölfarið. Þann vansæmdarblett, sem fangelsismálin eru nú, ber að afmá hið allra fyrsta.

Nd. 41. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum stofnlánum. Helmingur gjalds af innlendum tollvörutegundum, sem á er lagt með sérstökum lögum, rennur til sjóðsins.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en felur Iðnaðarbanka Íslands h/f stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Er iðnlánasjóður sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu. Lán úr sjóðnum skal veita eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Lán veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og til að koma upp nauðsynlegum húsum fyrir rekstur sinn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum eða fasteignum eða á annan hátt, sem sjóðsstjórnin telur tryggan.

5. gr.

Fyrir orðið „atvinnumálaráðherra“ í 9. gr. laganna komi: iðnaðarmálaráðherra.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Í stað síðari málsliðar 13. gr. laganna komi:

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að fasteign, sem sett er að veði fyrir láni úr sjóðnum, sé jafnan vel við haldið. Ef veði er ekki haldið vel við, svo að hætta getur verið á, að það verði ekki næg trygging fyrir láni úr sjóðnum, getur sjóðsstjórnin sagt því upp fyrirvaralaust.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því að iðnlánasjóður tók fyrst til starfa, samkvæmt lögum frá 1935, hefur sjóðurinn verið svo til eina lánsstofnun í landinu, sem veitt hefur iðju og iðnaði samningsbundin lán til langs tíma og með hagstæðum vaxtakjörum. Hefur starfsemi sjóðsins því komið mörgum að góðum notum, svo langt sem hún hefur náð. Frá byrjun hefur starfsfé sjóðsins verið allt of lítið, enda þarfir iðnaðarins fyrir aukið lánsfé vaxið með ári hverju.

Þróun iðnaðarins hefur verið sérstaklega ör undanfarin ár, og er iðnaðurinn nú mikilsverður þáttur í atvinnulífi landsmanna, þriðji höfuðatvinnuvegurinn við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs. Með því að auka fjárráð iðnlánasjóðs eru iðju og iðnaði veittir auknir möguleikar til nauðsynlegrar fjárfestingar.

Eðlilegt virðist vera að binda starfsemi iðnlánasjóðs við fjárfestingarlán (stofnlán), þar sem það á fyrst og fremst að vera í verkahring Iðnaðarbankans og annarra bankastofnana að veita iðnaðinum nauðsynleg rekstrarlán.

Með frv. þessu er lagt til, að lögum um iðnlánasjóð verði breytt þannig, að sjóðurinn veiti framvegis eingöngu stofnlán til nýrra og eldri iðju- og iðnfyrirtækja í landinu, þ. e. a. s. til kaupa á vélum, stærri áhöldum og til þess að koma upp nauðsynlegum húsakosti. Er samtímis gert ráð fyrir því, að fjárráð sjóðsins verði aukin mjög verulega. Fellt er niður hið árlega framlag ríkissjóðs, sem er 300 þús. kr. í núgildandi lögum, en lagt til, að helmingur þess gjalds, sem lagt er á innlendar tollvörutegundir, renni í iðnlánasjóð. Ætti hlutur iðnlánasjóðs af því gjaldi að nema að minnsta kosti 5—6 millj. kr. á ári. Þá er tekin upp í frv. sú tilhögun á stjórn og starfrækslu sjóðsins, sem ákveðin er í IV. kafla laga nr. 113 frá 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Með frv. eru og felld niður ákvæði 12. gr. laganna um iðnlánasjóð, en eftir þeim mun ekki hafa verið farið við lánveitingar úr sjóðnum.

Nd. 42. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Gjald það, sem á er lagt samkvæmt þessari grein, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Greinargerð.

Jafnhliða þessu frumvarpi er endurflutt frv. það um breyting á lögum um iðnlánasjóð, sem sjálfstæðismenn hafa áður flutt á fjórum þingum, en eigi náð fram að ganga. Er þar lagt til, að iðnlánasjóður veiti framvegis eingöngu stofnlán, enda ástæðulaust, að sjóðurinn veiti rekstrarlán, eftir að Iðnaðarbankinn er kominn til sögunnar.

Það er að vonum mikið áhugamál iðnrekenda og iðnaðarmanna, að iðja og iðnaður eignist sérstakan byggingarlánasjóð, hliðstæðan stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Er hér auðvitað um fullkomið sanngirnismál að ræða vegna hins mikla þjóðhagslega gildis þessa atvinnuvegar. Íslenzkum iðnaði hefur fleygt fram á undanförnum árum og íslenzkar iðnaðarvörur í mörgum greinum fullkomlega sambærilegar við erlenda iðnframleiðslu. Þótt einstakar greinar iðnaðarins kunni að eiga vafasaman rétt á sér, þá er það hin mesta þjóðarnauðsyn að efla sem mest heilbrigðan iðnað í landinu og tryggja íslenzkum iðnaðarmönnum viðunandi aðstöðu til þess að inna af hendi sem flesta þá þjónustu, sem ella yrði að kaupa erlendis frá.

Iðnlánasjóður er þess nú alls ómegnugur að veita nokkur teljandi lán til stofnframkvæmda í iðnaðinum, og eins og nú standa sakir, er það nær eingöngu fiskiðja, sem á kost á stofnlánum, ef undan eru skilin einstaka stórfyrirtæki, svo sem áburðarverksmiðja og sementsverksmiðja. Hið lögboðna framlag til iðnlánasjóðs hefur að vísu verið hækkað allverulega, en þó nægir sú hækkun engan veginn til þess að leggja viðunandi grundvöll að byggingarlánasjóði. Með núverandi framlagi er sjóðnum aðeins auðveldað að hlaupa undir bagga með smálánveitingum, svo sem verið hefur, því að þótt sjóðurinn hafi ekki getað veitt stórlán, hefur hann samt með lánum sínum tryggt mörgum iðnfyrirtækjum starfsgrundvöll.

Flm. þessa frumvarps telja sjálfsagt, að Alþingi mæti sanngjörnum óskum samtaka iðnrekenda og iðnaðarmanna um stofnlánasjóð, er veitt geti lán til nauðsynlegra bygginga og vélakaupa til eflingar iðju og iðnaði í landinu. Nú er lagt hátt tollgjald á ýmsar innlendar iðnaðarvörur. Fiskveiðasjóður er fyrst og fremst byggður upp af sjávarútveginum sjálfum með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Á sama hátt sýnist eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn njóti sjálfur að verulegu leyti þess gjalds, sem honum er gert að greiða af framleiðslu sinni. Þar sem gjald af innlendum tollvörum er allstór tekjustofn fyrir ríkissjóð, þykir flm. ekki fært að svipta ríkissjóð þessum tekjum að öllu leyti, en leggja til, að gjaldið skiptist að hálfu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

Með hliðsjón af því, að flm. þessa frv. hafa í frv. um breyting á lögum um iðnlánasjóð lagt til, að sá sjóður verði eingöngu stofnlánasjóður, virðist heppilegra að leysa stofnfjárþörfina á þann hátt að efla iðnlánasjóð heldur en stofna nýjan byggingarlánasjóð fyrir iðnaðinn.

Nd. 43. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. okt. 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.
Emil Jónsson, fundaskr.
Jóhann Hafstein.
Einar Olgeirsson.
Ólafur Björnsson.

Nd. 44. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, þannig:

Með tekjum, sem takmörkun á lífeyrisgreiðslum miðast við samkv. þessari grein, skal ekki telja lífeyri eða aðrar greiðslur frá sérstökum lífeyris- eða eftirlaunasjóðum og eigi heldur lífeyri, sem menn hafa keypt hjá tryggingarfélögum eða stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu árin hafa verið stofnaðir allmargir sérstakir lífeyris- eða eftirlaunasjóðir. Þeir eru margir stofnaðir af einstökum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra, og er það aðalreglan, að bæði atvinnufyrirtækin og starfsmennirnir greiða iðgjöld til sjóðanna, ákveðinn hundraðshluta af útborguðum launum. Sjóðunum hefur einkum fjölgað síðan 1954, en þá var með breytingu á skattalögunum veitt heimild til þess að draga iðgjöld af lífeyristryggingu að vissu marki frá tekjum við skattaálagningu. Um síðustu áramót var fjármálaráðuneytið búið að staðfesta reglugerðir samkvæmt lagaákvæðinu frá 1954 fyrir rúmlega 20 lífeyris- og eftirlaunasjóði. Samanlagðar eignir þeirra sjóða voru þá um það bil 90 millj. kr., en tekjur þeirra árið 1957 voru yfir 20 millj. kr. Og enn fer sjóðunum fjölgandi. Eru því horfur á, að með þessum hætti safnist allmikið fé á næstu árum til hagsbóta fyrir sjóðfélagana og þjóðfélagið í heild.

Nokkrir af þessum sjóðum hafa fengið svonefnda viðurkenningu hjá Tryggingastofnun ríkisins, samkv. 85. gr. laganna um almannatryggingar. Að fenginni þeirri viðurkenningu fá sjóðfélagar lækkun á tryggingargjaldi til Tryggingastofnunarinnar, en njóta þá heldur ekki nema takmarkaðra réttinda þar. En um aðra lífeyrissjóði, sem stofnaðir hafa verið að undanförnu, er það að segja, að sjóðfélagarnir hafa ekki óskað slíkrar viðurkenningar hjá Tryggingastofnuninni og greiða því eftir sem áður tryggingargjöld þangað án nokkurrar takmörkunar. Má því telja, að með þátttöku í stofnun sérstakra lífeyrissjóða ætli þeir að tryggja sér lífeyri til viðbótar væntanlegum lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins.

En til þess að menn geti á þennan hátt tryggt sér lífeyri hjá sérstökum lífeyrissjóðum eða tryggingarstofnunum, en þó haldið lífeyrisréttindum hjá Tryggingastofnun ríkisins, þarf að gera breytingar á þeim ákvæðum tryggingalaganna, sem takmarka lífeyrisgreiðslur, þegar aðrar tekjur hinna tryggðu fara yfir ákveðið mark. Og um það efni er frumvarpið, sem hér er flutt. Þar er lagt til, að sú breyting verði gerð á takmörkunarákvæðum 22. gr. laganna, að með þeim tekjum, sem valdið geta lækkun eða niðurfellingu lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, skuli ekki telja þann lífeyri, sem menn hafa keypt hjá öðrum tryggingarstofnunum eða sérstökum lífeyrissjóðum.

Á næstliðnu vori samþykkti Alþingi lög um lífeyrissjóð togarasjómanna. Í 4. gr. þeirra segir, að þau réttindi, er togarasjómenn öðlast þar, skuli í engu rýra rétt þeirra til lífeyris samkv. lögum um almannatryggingar. Togarasjómenn munu því halda áfram að greiða full tryggingargjöld til almannatrygginganna og njóta þar lífeyris á sínum tíma til jafns við aðra, án þess að tekjur þeirra frá hinum sérstaka lífeyrissjóði hafi þar nokkur áhrif til takmörkunar.

Með því ákvæði í lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem hér hefur verið nefnt, hefur verið stigið skref inn á þá braut að gera mönnum fært að kaupa

viðbótartryggingu hjá sérstökum lífeyrissjóðum, án þess að það valdi skerðingu á lífeyri þeirra frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta gildir enn sem komið er aðeins um ákveðinn hóp manna, en sjálfsagt virðist, að þessi regla gildi um alla, sem kaupa slíka viðbótartryggingu, en greiða eftir sem áður full gjöld til almannatrygginganna. Og til þess að svo megi verða, er frumvarp þetta flutt.

Lífeyrisgreiðslur frá þeim sjóðum, sem ekki hafa fengið viðurkenningu Tryggingastofnunar ríkisins, eru enn litlar, því að flestir eru þeir nýlega stofnaðir. Samþykkt frv. hefur því mjög lítil áhrif til hækkunar á útgjöldum Tryggingastofnunarinnar fyrst um sinn. Hitt yrði vafalaust óhagstæðara fyrir Tryggingastofnunina, ef félagsmenn þessara sjóða óskuðu viðurkenningar fyrir þá og hlytu þá lækkun á gjöldum til almannatrygginganna, sem þar með fylgir.

Nd. 45. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Björn Ólafsson, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

h-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Kaup skipverja, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip, þar með talin sel- og hvalveiðiskip, yfir lengri eða skemmri tíma á skattárinu. Skal þetta gilda jafnt um þá, er taka kaup í hlut af afla, sem hina, sem greitt er kaup í peningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi numinn a-liður 4. gr. laga nr. 36 29. maí 1958, um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum vér frv., að mestu samhljóða frv. því, sem vér flytjum nú, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Á undanförnum árum hefur þess orðið vart, að sjómenn hafa horfið að öðrum störfum, jafnframt því sem færri ungir menn hafa lagt sjómennsku fyrir sig. Þessi óheillaþróun á sér margar rætur, sem hér skulu ekki raktar. Telja verður, að það valdi mestu, að önnur störf eru betur borguð, en þjóðfélaginu þó ekki jafngagnleg.

Segja má, að fyrst hafi keyrt um þverbak í þessum efnum eftir verkföllin vorið 1955. Kauphækkanir, sem þá voru knúnar fram, leiddu af sér óbærilega hækkun á hverju handtaki, sem unnið er á landi í þágu útvegsins, án þess að sjávarafurðir hækkuðu í verði. Af þessu leiddi að sjálfsögðu þverrandi getu útvegsmanna til þess að tryggja sjómönnum lífvænleg kjör, — en það hefur aftur valdið því, að stór hópur valinna sjómanna hefur horfið að öðrum betur greiddum störfum, svo að til stórvandræða horfir fyrir þjóðarheildina, þar sem hér er um að ræða annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar — atvinnuveg, sem færir þjóðarbúinu 90—95% af þeim gjaldeyri, sem þjóðin eignast árlega fyrir seldar afurðir á erlenda markaði.

Forráðamenn þjóðarinnar viðurkenna þá nauðsyn, að útvegsmenn eignist stærri og vandaðri fiskiskip, enda hefur skipastóll landsmanna aukizt verulega á undanförnum árum. Hafa nú verið gerðir samningar um kaup á 12 stálskipum, 240—250 rúml., frá Þýzkalandi, sem eiga að koma til landsins á næstu árum. Ráðgert er og, að byggð verði 15 botnvörpuskip á vegum ríkisstjórnarinnar til aukningar á togaraflotanum. Þá eru í smíðum hér á landi og erlendis nokkrir fiskibátar á vegum útgerðarmanna.

Af reynslu undanfarinna ára er augljóst, að þegar þessi mikla aukning á fiskiskipum þjóðarinnar er komin í notkun, verður um þrennt að velja:

1. að gera hlut fiskimannanna svo góðan, að enn verði þetta þjóðholla starf eftirsóknarvert fyrir unga og hrausta menn að leggja fyrir sig, alþjóð til efnahagslegs öryggis;
2. að leggja á land stóran hluta af hinum eldri fiskiskipum eða gera tilraun til að selja þau úr landi;
3. að fjölga enn að stórum mun erlendum sjómönnum á íslenzkum fiskiskipum.

Reynslan hefur nú fært oss heim þau sannindi, að vér erum hættulega á vegi staddir í þessum efnum. Mikill fjöldi færeyskra sjómanna hefur verið ráðinn á fiskiskipin, bæði togara og línubáta, því að öðrum kosti hefði rekstur fjölda skipa stöðvazt, þar sem íslenzkir sjómenn voru ekki fáanlegir til að manna þau að fullu. Þannig munu á síðastliðinni vetrarvertíð hafa verið ráðnir nær 1400 sjómenn frá Færeyjum á íslenzku fiskiskipin. Hæpið er að treysta því, að til langframa verði hægt að tryggja það að ráða færeyska sjómenn á fiskiskip vor. Færeyingar hafa sterkan hug á því að auka útgerð sína, ekki síður en vér Íslendingar, og hafa þeir gert ráðstafanir þar að lútandi. Og hvar stöndum vér Íslendingar, er Færeyingar hafa skapað sér þá aðstöðu hvað skipastól þeirra snertir, að fiskimenn þeirra þurfa ekki lengur að leita til annarra þjóða eftir atvinnu, eins og nú á sér stað í ríkum mæli? Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að þá muni verða vá fyrir dyrum hjá oss Íslendingum.

Vér flm. teljum því nauðsynlegt og mjög aðkallandi, að íslenzk stjórnarvöld geri ráðstafanir til þess, að þeir einstaklingar, sem gerast sjómenn, njóti ekki lakari efnahagslegrar afkomu en þeir, sem stunda vinnu í landi. Allt mælir með því, að sjómannsstarfið gefi þeim, sem það leggja fyrir sig, hærri tekjur en landvinnufólk hefur. Þegar það er haft í huga, að sjómaðurinn, sem oft er langvistum frá heimili sínu, hefur erfiðara og áhættusamara starf með höndum en landvinnumaðurinn, auk þess sem vinnudagur hans á vélbátaflotanum er í mörgum tilfellum um og yfir 20 stundir á sólarhring, er ekki að undra, að sjómaðurinn sé á stundum óánægður með hlutskipti sitt, og hefur það í mörgum tilfellum valdið því, að ungir menn gerast fráhverfir því að leggja fyrir sig sjómennsku.

Frv. það, sem hér er flutt um að fella niður tekjuskatt sjómanna af þeim tekjum, sem þeir afla yfir þann tíma, sem þeir eru lögskráðir á íslenzk fiskiskip á skattárinu, teljum vér flm. einn lið í þeim aðgerðum, sem óhjákvæmilega verður að gera af hendi Alþingis og ríkisstjórnar til að hvetja menn til að leggja stund á aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn."

Að vísu fengu sjómenn á íslenzkum fiskiskipum nokkur fríðindi í sambandi við greiðslu tekjuskatts með frv. því um breyting á lögum frá 1954, um tekju- og eignarskatt, er lögfest var á síðasta þingi. Fríðindi þessi eru ekki stórvægileg — og ná ekki þeim tilgangi, sem frv. vor flutningsmanna mun hafa í för með sér, ef lögfest verður, sem sé að gera sjómannsstarfið eftirsóknarvert fyrir unga menn. Það er hvöt fyrir unga og efnilega menn að leggja fyrir sig sjómannsstarfið, þegar markvíst er unnið að því af löggjafans hálfu að viðurkenna mikilvægi þess fyrir þjóðarheildina — með því að vinna að því, að atvinnutekjur fiskimanna megi draga frá öðrum tekjum þeirra, áður en skattur er lagður á.

Með hverju ári sem líður aukast þarfir þjóðarinnar fyrir erlendan gjaldeyri, og hans verður bezt aflað með því að leggja höfuðáherzlu á aukna fiskiskipaútgerð. Á sviði framleiðslu sjávarafurða eru Íslendingar fullkomlega samkeppnisfærir á heimsmarkaðinum hvað vörugæði snertir, þó að um harða samkeppni sé að ræða við aðrar þjóðir, enda hafa þeir vissulega sýnt það á undanförnum árum.

Ekki verður séð, á hvern hátt á að leysa þau vandkvæði, sem hin svonefndu „bjargráð" hæstv. ríkisstjórnar, eða löggjöfin um útflutningssjóð o. fl., leiddu yfir fiskiskipaeigendur og það á mörgum sviðum. Ákvæði löggjafarinnar að gera erlendum fiskimönnum skylt að greiða 55% yfirfærslugjald af þeim hluta teknanna, sem þeir fá leyfi til að yfirfæra til heimila sinna erlendis, veldur því, að engar líkur

benda til þess, að útgerðarmenn fái erlenda fiskimenn á fiskiskipaflotann á komandi vetrarvertíð. Á undanförnum vetrarvertíðum, 1957 og 1958, hafa útgerðarmenn orðið að ráða 1000—1400 erlenda fiskimenn á skip sín til að geta fleytt þeim á veiðar. Nú er fyrirsjáanlegt, að fjöldi fiskiskipa, bæði togarar, línu- og netaskip, verða ekki gerð út á komandi vertíð, nema ráðin verði bót á ákvæði laganna um útflutningssjóð o. fl. frá 29. maí s. l. hvað yfirfærslugjald af tekjum erlendra fiskimanna snertir.

Þegar það er haft í huga, að eftir röska tvo mánuði hefst aðalvertíð fiskiskipaflotans, virðist óhjákvæmilegt að gera sér nú þegar grein fyrir því, á hvern hátt á að tryggja fiskiskipunum nægilegan mannafla. Óhætt er að fullyrða, að það mun ekki takast að ná erlendum fiskimönnum á skipin, nema þeir losni að mestu eða öllu leyti við að greiða yfirfærslugjald af þeim hluta teknanna, er þeir fá leyfi til að yfirfæra til heimila sinna. Að leggja þær kvaðir á fiskiskipaeigendur að greiða yfirfærslugjaldið virðist ekki koma til greina. Að sjálfsögðu væri æskilegt, ef unnt væri að komast hjá því að flytja til landsins mikinn fjölda erlendra sjómanna, — en það virðist þó enn um sinn óumflýjanlegt, eða þar til Íslendingar verða þess umkomnir að manna skipin einvörðungu eigin sjómönnum. Frv. vor flutningsmanna, ef að lögum verður, er gifturíkt spor í þá átt, að þetta megi takast á komandi árum.

Nd. 46. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Verzlunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, ½ af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins. Einnig skulu þær greiða 4½ af hundraði af nettóágóða sínum í byggingarsjóð ríkisins, og skal húsnæðismálastjórn ráðstafa að minnsta kosti helmingi þeirra tekna, er byggingarsjóður ríkisins fær samkvæmt ákvæðum þessara laga, til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, meðan þess er þörf, en að öðru leyti má verja því til byggingarlána samkvæmt hinum almennu reglum húsnæðismálastjórnar um lán til íbúðarhúsabygginga.

Skattar þessir skulu greiðast 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.

Aðrar stofnanir greiða ekki skatta þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um aukaútsvör ríkisstofnana er ákveðið, að 5% af nettóhagnaði verzlunarfyrirtækja ríkisins renni sem útsvar í sveitar- eða bæjarsjóði, þar sem fyrirtækin hafa verzlunaraðsetur. Eru lögin einkum miðuð við Áfengisverzlunina og Tóbakseinkasöluna.

Þótt vafasamt megi teljast að gera hreinar landsverzlanir ríkisins eins og þær, sem hér um ræðir, útsvarsskyldar til einstakra sveitar- eða bæjarfélaga og miða í því efni við ágóðahlut af viðskiptum þeirra við landslýð allan, þá virðist löggjafinn á sínum tíma hafa talið nokkur rök hníga að þessu. En lögin, sem um þetta voru sett fyrir 34 árum, eru þó mörkuð þeirri varfærni, sem þá hefur átt við og

er fólgin í því að banna, að annað en beinn hagnaður sé gert að skattstofni, og reglan um álagningu útsvars eftir efnum og ástæðum því ekki látin gilda í þessu efni. Með því að sköttun þessi þótti réttmæt, gátu ákvæðin um 5% hreins hagnaðar til útsvarsgreiðslu tæpast talizt óeðlileg, þegar fyrirtæki þessi voru metin sem venjuleg verzlunarfyrirtæki, en ekki sem skattheimtustofnanir.

Nú hefur þróun síðari ára orðið sú, að einkasölur þessar hafa stöðugt verið gerðar að vaxandi tekjuöflunartækjum fyrir ríkisbúskapinn, og ágóði þeirra nú er í engu venjulegu hlutfalli við vörumagnsveltuna, heldur er verðlag þess varnings, er þær selja, miðað við ágóða, sem í raun réttri er ekki verzlunarhagnaður nema þá að litlum hluta, heldur fyrst og fremst skattur á vörur þessar til ríkissjóðs.

Það er því augljóst, að eins og málum háttar nú um Áfengisverzlunina og Tóbakseinkasöluna, þá eru útsvör þau, er þessi fyrirtæki greiða, að mestu hlutdeild, sem fáum bæjarfélögum er gefin í almennri skattheimtu ríkisins, en allur þorri sveitar- og bæjarfélaga verður hér einskis aðnjótandi, þótt hinn skattlagði ágóði sé að sínum hluta allt eins frá þegnum hinna hjásettu byggðarlaga runninn.

Samkvæmt ríkisreikningnum fyrir árið 1957 var nettóágóði Áfengisverzlunar ríkisins 104.7 millj. kr., en Tóbakseinkasölunnar 70.6 eða samtals 175.3 millj. kr. Útsvar stofnana þessara mun því nema um 8.8 millj. kr. á þessu ári, og þegar á næsta ári mun útsvar þessara stofnana vafalaust verða um 10 millj. kr.

Eins og nú er háttað verzlunarrekstri þessara fyrirtækja og lögum um útsvar þeirra, rennur langmestur hluti þessa útsvars til aðeins eins bæjarfélags, og verður að teljast óeðlilegt, að ríkisstofnanir þessar leggi einu bæjarfélagi til fram undir milljónatug króna af almennri verzlun sinni við landsmenn, eða álíka háa upphæð og öll útsvör í meðalstórum íslenzkum kaupstað nema.

Þegar tillit er tekið til þess, hvernig til hagar um ágóða nefndra ríkisstofnana, hlýtur að teljast eðlilegra, að meginhluta útsvars þeirra sé varið til að leysa almenn félagsleg vandamál þjóðarinnar allrar, en útsvarsgreiðslan sé ekki skorðuð að öllu leyti við aðsetur verzlana þessara.

Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstofnanir þessar greiði ½% af ágóða sínum til þeirra bæjar- eða sveitarfélaga, þar sem verzlanir þeirra eru, eftir sömu reglum og þau greiða 5% ágóðahlut nú. En 4½% af ágóðanum er hér lagt til að renni til byggingarsjóðs ríkisins og verði þaðan veitt sem lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til almennra lána á vegum húsnæðismálastjórnar, en fjárþörf til húsnæðislána er óumdeilanlega eitt af alvarlegustu félagslegu vandamálum þjóðarinnar nú. Ætti frumvarp þetta, ef að lögum verður, að ráða þar á verulega bót, enda má ætla, að til húsnæðislána mundu þá renna um 9 millj. kr. hinn 1. marz n. k. umfram þær tekjur, sem byggingarsjóður hefur samkvæmt öðrum lögum, og síðan álíka eða hækkandi upphæð árlega, ef svo heldur fram sem horfir.

Nd. 47. Frumvarp til laga [27. mál]

um veltuútsvör.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarfélög hafa rétt til að leggja veltuútsvör á þá gjaldendur, sem selja vörur eða þjónustu.

2. gr.

Veltuútsvör skulu vera misjöfn eftir tegund atvinnu. Velta gjaldanda telst sala hans á vörum eða þjónustu. Ekki má leggja nema einu sinni á sömu veltu.

3. gr.

Eftir tillögum Sambands íslenzkra sveitarfélaga ákveður ráðherra með reglugerð útsvarstölu hverrar starfsgreinar til fimm ára í senn. Hámark útsvars skal vera 3% af veltu.

4. gr.

Heimilt er gjaldanda veltuútsvars að taka tillit til þess í verðreikningum sínum, enda sé það fært sem sérstakur liður í bókhaldi hans og skal ekki teljast með tekjum gjaldanda við ákvörðun sveitarútsvars og tekjuskatts.

5. gr.

Gjaldendur veltuútsvara skulu senda skýrslu um veltu sína mánaðarlega til viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags, og greiðist útsvarið mánaðarlega til bæjar- eða sveitarsjóðs. Um veltuútsvör gilda ákvæði 33. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör. Veltuútsvör og dráttarvexti má taka lögtaki.

6. gr.

Undanþegið veltuútsvari er þjónusta og vörur, sem undanþágu njóta frá söluskatti, samkvæmt 23. gr. laga nr. 100/1948.

7. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal áætla útsvar af veltu þeirra fyrirtækja, sem enga skýrslu senda um veltu sína, sbr. 5. gr. Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun nefndarinnar um veltuútsvar, geta áfrýjað máli sínu til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1959.

Greinargerð.

Tvo síðustu áratugi hefur löggjafinn stöðugt bætt á bæjar- og sveitarfélögin nýjum gjöldum í félagslegum efnum án þess að sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum. Verða þau enn að mestu að sjá sér farborða með hinum gamla og einhæfa tekjustofni sínum, útsvörunum, sem enn eru lögð á „eftir efnum og ástæðum". En þessi tekjustofn hefur sín takmörk, og fyrir fáum árum var svo komið, að hann var orðinn gersamlega ófullnægjandi, ef mæta átti þeim kröfum, sem nú eru gerðar um þjónustu bæjar- og sveitarfélaganna.

Til þess að geta haldið rekstri sínum gangandi og staðið undir hinni öru þróun í félagslegum efnum urðu bæjarfélögin að afla sér tekna umfram það, sem hægt var að ná með hinu venjulega sveitarútsvari. Var þá af bæjarfélögunum gripið til þess örþrifaráðs að leggja á nokkurn hluta gjaldendanna sérstakt útsvar á veltu og þjónustu án nokkurs tillits til tekna þeirra eða efnahags, í viðbót við venjulegt sveitarútsvar og lögboðna skatta til ríkisins. Á þennan hátt er á nokkurn hluta skattgreiðenda lagður þungur og ósanngjarn aukaskattur til sveitarsjóðs, sem nú tekur að mestu það, sem sveitarútsvar og ríkisskattar skilja eftir af nettóárstekjum gjaldendanna, en margir verða að greiða miklu meira en tekjunum nemur, og verður þá veltuútsvarið beinn skattur á eignir þeirra. Eru dæmi um, að á þennan hátt hafi verið lagt á gjaldendur svo að hundruðum þúsunda króna skipti umfram tekjur þeirra.

Þessi tekjuöflun er í senn óréttlát og hættuleg. Óréttlát er hún vegna þess, að hún lendir með miklum þunga á aðeins nokkurn hluta gjaldendanna, án tillits til tekna þeirra og efnahags. Þessi tekjuöflun er hættuleg vegna þess, að hún dregur til sín eignir og veltufé atvinnuveganna og stöðvar eðlilega og nauðsynlega þróun atvinnufyrirtækjanna. Þessi tekjuöflun getur ekki verið til frambúðar. Hún getur að-

eins staðið takmarkaðan tíma, og því lengur sem henni er haldið áfram í því formi, sem hún er nú, því meira tjón mun af henni hljótast.

Þess vegna er nauðsynlegt að breyta nú þegar þessari tekjuöflun bæjarfélaganna í það horf, að þau geti til frambúðar haft veltuútsvar sem tekjustofn, án þess að gengið sé í berhögg við gjaldþol skattgreiðendanna og allar viðteknar reglur um opinbera skattheimtu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að lögfesta rétt bæjar- og sveitarfélaga til þess að leggja veltuútsvör á þá aðila, sem selja vörur eða þjónustu. En jafnframt eru þau takmörk sett, að þetta útsvar megi hæst vera 3% af veltu. Venjan hefur verið sú, að veltuútsvarið er misjafnt eftir tegund starfsgreinar, frá 0.6% til 5%. Gjaldendum er heimilað að taka tillit til veltuútsvarsins í verðreikningum sínum, og skulu þeir færa það sem sérstakan lið í rekstri sínum og gera viðkomandi bæjarfélagi mánaðarlega skil á útsvarinu. Með þessu móti verður veltuútsvarið gert að óbeinum skatti, enda er engin leið að innheimta það framvegis á annan hátt.

Alþingi getur ekki lengur daufheyrzt við kröfum bæjar- og sveitarfélaga um nýjan, heilbrigðan tekjustofn til viðbótar sveitarútsvarinu. Með frumvarpi þessu er bent á leið fyrir bæjar- og sveitarfélögin til eðlilegrar tekjuöflunar, sem staðið getur til frambúðar.

Hins vegar er atvinnurekstrinum í landinu lífsnauðsyn, að hætt verði að innheimta veltuútsvör með þeim hætti, sem nú er, því að með sama áframhaldi má búast við, að fjöldi atvinnufyrirtækja verði gerður gjaldþrota á skömmum tíma.

Nd. 48. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Birni Ólafssyni.

Á eftir 13. gr. laganna komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Til ársloka 1960 er hlutafélögum og sameignarfélögum heimilt að hækka hlutafé eða stofnfé félaganna í samræmi við eignir þeirra 31. desember 1958. Þó má hækkun hlutafjár eða stofnfjár aldrei vera meiri en sem svarar vísitöluhækkun dagvinnukaups í almennri verkamannavinnu í Reykjavík, frá því að hlutafé eða stofnfé var greitt. Ekki má hlutafé eða stofnfé á þennan hátt vera hærra en raunverulegt verðgildi eigna.

Verðgildi eigna skal fundið með því, að lagt er til grundvallar bókfært verðmæti sjóða, vörubirgða, útistandandi skulda og verðbréfa, en fasteignir, skip, vélar, innbú og önnur tæki skal metið eftir meðaltryggingarfjárhæð síðustu þriggja ára.

Með skattaframtali næsta árs eftir breytinguna skal gerð fullnægjandi grein fyrir hækkun hlutafjár eða stofnfjár samkvæmt þessari heimild.

Ný hlutabréf eða stofnbréf, sem út eru gefin fyrir hækkuninni í réttu hlutfalli við eign hvers hluthafa í félaginu, skulu ekki vera skattskyld sem úthlutun til félagsmanna, þrátt fyrir ákvæði d-liðs 7. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Vegna langvarandi verðbólgu hefur stofnfé og hlutafé flestra félaga rýrnað stórkostlega að verðgildi síðustu árin. Auk þess hefur höfuðstóll fjölda margra félaga gengið mjög til þurrðar vegna óeðlilegrar skattheimtu ríkis og bæjarfélaga.

Þetta veldur svo því meðal annars, að vegna rýrnandi verðgildis hlutafjárins er hætt við, að traust félaganna fari þverrandi, sérstaklega út á við. Hins vegar eiga ýmis félög, sérstaklega hin eldri, varasjóði og eignir umfram hið skráða stofnfé eða hlutafé.

Nú er orðið tímabært og nauðsynlegt vegna hinnar miklu og langvarandi verðbólgu að heimila félögunum að hækka stofnféð eða hlutaféð í hlutfalli við eignir þeirra og í samræmi við þá verðrýrnun, sem orðið hefur síðan hlutaféð eða stofnféð var greitt.

Í löndum, þar sem mikil verðgildisröskun hefur orðið af völdum verðbólgu, hafa svipaðar ráðstafanir verið gerðar. Er þetta eðlileg ráðstöfun, eins og nú er komið hér á landi, og mundi gefa réttari mynd af raunverulegum efnahag félaganna en nú er.

Slíka ráðstöfun er þó ekki hægt að framkvæma, nema gefin sé undanþága frá ákvæði d-liðs 7. gr. laganna.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um skipulagningu hagrannsókna.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til þess að gera tillögur um skipulagningu hagrannsókna á vegum hins opinbera. Skal nefndin skipuð 5 mönnum. Eftirtaldar stofnanir skulu tilnefna sinn manninn hver til þess að taka sæti í nefndinni: Hagstofa Íslands, Landsbanki Íslands, Framkvæmdabanki Íslands og laga- og viðskiptadeild háskólans, en einn nefndarmanna skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar.

Nefndin athugi, hvernig koma megi á sem hagkvæmastri verkaskiptingu milli þeirra opinberra stofnana, er nú hafa með höndum hagrannsóknir í einhverri mynd, og geri enn fremur tillögur um það, hvernig hagkvæmast muni að leysa önnur viðfangsefni á þessu sviði, er hingað til hefur eigi verið unnt að sinna.

Greinargerð.

Þótt hagrannsóknum sé enn svo skammt á veg komið hér á landi, að varla sé hægt að tala um meira en vísi til þeirra, má þó telja tímabært, að hafizt sé handa um skipulagningu þeirra af hálfu hins opinbera. Verkefni nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, væri í fyrsta lagi það að athuga, hvort koma mætti á hagkvæmari verkaskiptingu milli þeirra stofnana, er að einhverju leyti hafa slík störf með höndum nú, og í öðru lagi að gera tillögur um það, hvernig bezt verði sinnt öðrum viðfangsefnum á þessu sviði, er aðkallandi má telja, þótt eigi hafi enn verið unnt að taka þau til meðferðar.

Í nágrannalöndum vorum er miklu fé varið til hagrannsókna, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Er ekki ástæða til þess að ætla annað en íslenzkum atvinnuvegum og þjóðarbúskap í heild gæti einnig orðið mikið gagn að slíkum rannsóknum, ef þeim væri skynsamlega hagað og þær framkvæmdar af hæfum mönnum.

Hvað kostnað við rannsóknir þessar snertir, verðum við auðvitað að sníða okkur stakk eftir vexti, enda er megintilgangur tillögu þeirrar, er hér liggur fyrir, sá, ef samþykkt verður, að tryggja sem skynsamlegasta ráðstöfun þess fjár, er hér er til þessarar starfsemi veitt og veitt kann að verða til viðbótar, eftir því sem fært þykir að sinna nýjum viðfangsefnum.

Eðlilegt er, að nefnd sú, er hér er lagt til að skipuð sé, verði einkum skipuð fulltrúum þeirra opinberu stofnana, er hingað til hafa einkum haft slíka starfsemi með höndum og hafa því einkum hagsmuna að gæta í sambandi við afgreiðslu máls þessa, og eru þær tillögur, er hér eru gerðar um skipun nefndarinnar, við það miðaðar.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um endurskoðun ákvæða III. kafla almannatryggingalaga, um upphæð slysabóta.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á þeim ákvæðum III. kafla almannatryggingalaga, er fjalla um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur verði hækkaðar.

Greinargerð.

Fyrsti vísir að lögboðinni slysatryggingu hér á landi kom fram með lögum nr. 40 10. nóv. 1903, um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskveiðar á þilskipum. Allt til ársins 1925 náðu lögboðnar slysatryggingar einungis til lögskráðra sjómanna, en það ár var sett löggjöf um slysatryggingu, nr. 44 27. júní, sem einnig náði til verkamanna á landi og iðnaðarmanna. Slysatryggingarlöggjöfin var síðan sameinuð löggjöf um alþýðutryggingar 1936, sbr. lög nr. 26 1. febr. það ár, og hafa síðan verið liður í þeirri löggjöf og síðar lögum um almannatryggingar.

Á fyrstu áratugum slysatryggingar hér á landi voru slysabætur skornar mjög við nögl, vegna þess að slys voru þá svo tíð, að hæfilegar slysabætur voru taldar atvinnuvegunum ofviða. Skýrslur um slysatíðni eru ekki til, en vitað er, að hún hefur lækkað verulega og slysatrygging því orðin ódýrari en áður var.

Árið 1939 nam vikuiðgjald til slysatryggingar af vinnu við húsagerð kr. 0.60. Árið 1958 er iðgjald þetta orðið kr. 4.00, þ. e. 666 ⅔% af iðgjaldinu 1939. Árið 1939 nam vikuiðgjald til slysatryggingar sjómanni á 60 tn. fiskiskipi kr. 2.00. Árið 1958 er iðgjald þetta orðið kr. 25. 00, þ. e. 1250% af iðgjaldi 1939, en dánarbætur vegna lögskráðra sjómann eru síðan 1954 allmiklu hærri en vegna annarra launþega.

Til samanburðar iðgjaldabreytingum síðan 1939 má benda á, að árið 1939 nam tímakaup Dagsbrúnarmanns kr. 1.36, en er nú kr. 21.85, eða 1607% af tímakaupinu 1939, og fylgja því þó nú ýmis fríðindi, sem ekki var til að dreifa 1939. Sýnist ljóst af þessu, að hægt muni nú að greiða mun hærri bætur fyrir sambærilegt iðgjald við það, sem atvinnurekendum var gert að greiða 1939.

Slysadagpeningar fyrir einhleypan mann eru nú kr. 22.50 og verðlagsuppbót á dag. Dagpeningar gifts manns með eitt barn eru kr. 29.50 með verðlagsuppbót. Dánarbætur, sem ekkja eða ekkill fær, eru kr. 9000.00 og verðlagsuppbót, nema um ekkju eða ekkil sé að ræða, sem er 50 ára eða eldri og hefur misst 50% eða meira af starfsorku sinni. Þá greiðist auk þess dálítill árlegur lífeyrir. Sé um börn innan 16 ára aldurs að ræða, greiðist auk þess barnalífeyrir, 2400 kr. á ári og verðlagsuppbót, fyrir hvert barn. Foreldri fær frá 3000—9000 kr. og verðlagsuppbót í dánarbætur, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Dánarbætur eftir lögskráða sjómenn eru ríflegri, þótt lágar séu, og gilda þar um sérstakar reglur.

Af dæmum þeim, sem hér hafa verið nefnd, liggur í augum uppi, að slysabætur þær, sem nú eru greiddar samkvæmt almannatryggingalögum, eru svo lágar, að þær bæta einungis lítið brot af því tjóni, sem slys valda, og dánarbætur eru það lágar, að ekki er vansalaust. Er því nauðsynlegt, að á þessu verði ráðin bót að því marki, sem fært verður talið að dómi kunnáttumanna.

Nd. 51. Frumvarp til laga [31. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Ágústsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist jafnvægissjóður. Er sjóðurinn eign ríkisins.

Hlutverk jafnvægissjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita lán til eflingar atvinnulífi og til framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, þar sem við atvinnuörðugleika er að stríða, en framleiðsluskilyrði þannig, að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði við þjóðhagslega hagkvæma framleiðslu.

Verði sveitarfélög fyrir sérstökum áföllum vegna aflabrests eða af öðrum sökum, þannig að annaðhvort sé þörf tímabundinnar aðstoðar eða breyta þurfi um atvinnuhætti, skulu þau sveitarfélög sitja fyrir um lán úr sjóðnum.

Lán úr sjóðnum má veita bæði sveitarfélögum, einstaklingum og félögum. Lán til hinna síðarnefndu aðila verða þó eigi veitt, nema sveitarstjórn telji viðkomandi framkvæmdir vera til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Heimilt er sjóðsstjórninni að krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs, ef lántaki getur ekki sett viðunandi tryggingar fyrir láni úr jafnvægissjóði.

2. gr.

Stofnfé jafnvægissjóðs er:

1. 75 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, sem greiðist jafnvægissjóði með jöfnum greiðslum á næstu 5 árum, í fyrsta sinn árið 1959.
2. Fé það, sem við gildistöku þessara laga er útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán til greiðslu stofnframlagsins, ef hún telur eigi auðið að greiða það að fullu af árlegum tekjum ríkissjóðs.

3. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi minna en 5 millj. kr. á ári, og skulu þær greiðslur hefjast árið eftir að stofnfjárgreiðslum lýkur.

4. gr.

Vextir af lánum jafnvægissjóðs skulu vera 4% á ári, en lánstímann ákveður sjóðsstjórnin, og má hann vera mismunandi eftir aðstæðum og greiðslugetu.

Heimilt er sjóðsstjórn að lengja lánstímann frá því, sem upphaflega er ákveðið. Enn fremur skal setja ákvæði í skuldabréf fyrir lánum sjóðsins þess efnis, að heimilt sé að stytta lánstímann, ef afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarsjóðs leyfir það að dómi allra sjóðsstjórnarmanna.

Enn fremur skal í skuldabréfum fyrir lánum til kaupa á atvinnutækjum taka fram, að lánið sé allt fallið í gjalddaga, ef atvinnutæki er flutt burt úr hlutaðeigandi sveitarfélagi, nema sjóðsstjórnin samþykki flutninginn.

Stjórn jafnvægissjóðs ákveður, hvaða tryggingar séu viðunandi fyrir lánum sjóðsins.

Heimilt er stjórn jafnvægissjóðs við sérstakar aðstæður að veita fé úr sjóðnum sem óafturkræft framlag, ef öll sjóðsstjórnin er því samþykk.

5. gr.

Stjórn jafnvægissjóðs skal skipuð fimm mönnum, sem sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Stjórnin velur sér sjálf formann.

Ráðherra ákveður laun sjóðsstjórnarmanna, og skulu launin og annar kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Lán úr jafnvægissjóði skulu að jafnaði veitt einu sinni á ári, nema einstök mál krefjist skjótrar úrlausnar á öðrum tímum árs.

Stjórn jafnvægissjóðs skal, áður en lán er veitt, kynna sér rækilega atvinnuástand á viðkomandi stöðum og rannsaka, hvaða framkvæmdir séu líklegastar til þess að bæta mest afkomu íbúanna. Stjórn jafnvægissjóðs gerir jafnframt, þegar ástæða þykir til, heildaryfirlit yfir atvinnuástandið í landinu og áætlun um æskilegar atvinnuframkvæmdir í samvinnu við Framkvæmdabanka Íslands.

Skylt er ríkisstofnunum og embættismönnum að veita stjórn jafnvægissjóðs sérfræðilega aðstoð og leiðbeiningar við athugun á atvinnuástandi og mat á gildi framkvæmda.

Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald jafnvægissjóðs eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningar sjóðsins birtir árlega í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Nú eru í gildi hömlur á fjárfestingu eða innflutningi framleiðslutækja eða skortur á lánsfé til framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum stjórnar jafnvægissjóðs, að vissir staðir, sem við sérstaka atvinnuörðugleika eiga að stríða, skuli sitja fyrir um þessa fyrirgreiðslu varðandi tilteknar framkvæmdir, sem í senn séu þjóðhagslega skynsamlegar og til mikilvægrar atvinnutryggingar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að setja fastar reglur um framkvæmd ráðstafana til atvinnuaukningar. Er gert ráð fyrir 15 millj. kr. árlegu ríkisframlagi til jafnvægissjóðs næstu árin, en til þessa hefur aldrei verið hægt að vita með vissu, hvaða fé yrði til ráðstöfunar nema eitt ár í senn, og því ekki verið unnt að gera neinar áætlanir um kerfisbundna uppbyggingu atvinnulífs á einstökum stöðum, því að til þess hefði þurft að gera ráð fyrir lánveitingum um tveggja eða þriggja ára skeið.

Þótt lánveitingar af atvinnuaukningarfé hafi á undanförnum árum víða komið að góðum notum, er engum efa bundið, að með kerfisbundnum ráðstöfunum og skipulagi hefði fé nýtzt enn betur. Var þetta vel ljóst þeim mönnum, sem upphaflega beittu sér fyrir samþykkt þingsályktunar um ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og þeir Gísli Jónsson og Gísli Guðmundsson, sem voru af fyrrverandi ríkisstjórn skipaðir til að rannsaka og gera tillögur um þetta efni, lögðu einmitt í sínu ýtarlega og fróðlega nefndaráliti mikla áherzlu á, að unnið væri að þessum málum á kerfisbundinn hátt.

Reynslan ætti nú ótvírætt að hafa fært mönnum heim sanninn um það, að óviðunandi er að hafa lengur meira eða minna handahófskennda úthlutun þess fjár, sem varið er til atvinnuaukningar. Í trausti þess, að sá skilningur sé nú til staðar á Alþingi, er þetta frv. flutt.

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um vinnuskilyrði og stofnun vist- og vinnuheimila fyrir aldrað fólk.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Björgvin Jónsson, Páll Þorsteinsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til að athuga, á hvern hátt hægt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína.

Nefndin skal þannig skipuð: Einn sé tilnefndur af Tryggingastofnun ríkisins, annar af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, ríkisstjórnin skipi þrjá án tilnefningar og formann úr þeirra hópi.

Nefndin skal m. a. taka til athugunar þessi atriði:

1. Stofnun vinnuheimila fyrir aldrað fólk og þá, sem hafa skerta starfsorku.
2. Stofnun vist- og hjúkrunarheimila.
3. Aðild að greiðslu stofnkostnaðar.
4. Fyrirkomulag á rekstri þessara heimila.

Að athugun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frv. um þetta efni.

Greinargerð.

Tveir af flm. þessarar tillögu fluttu á síðasta Alþingi till. til þál. um svipað efni og þessi tillaga fjallar um. Hún varð ekki afgreidd. Þess vegna er flutningur málsins hafinn á ný og í nokkuð öðru formi. Greinargerð sú, sem fylgdi þeirri tillögu, er hér endurprentuð, en hún var svo hljóðandi:

Á síðustu árum hefur meðalaldur þjóðarinnar hækkað nokkuð. Mun sú þróun standa í sambandi við aukna þekkingu læknavísindanna og almenna velmegun í landinu.

Það mun nokkuð algengt, þegar fólk er komið yfir sjötugt og jafnvel fyrr, hverfi það frá sínum fyrri störfum og láti af hendi forstöðu á atvinnurekstri, þó að það hafi haft hann á hendi þangað til. Þessi þróun er eðlileg, vegna þess að slík störf krefjast fullrar starfsorku og þátttaka næstu kynslóðar í athafnalífinu er nauðsynleg. Hitt er þó augljóst mál, að mikill meiri hluti þessa fólks, er lætur af störfum, hefur yfir starfsorku að ráða, sem skapað gæti mikil verðmæti, ef það hefði aðgang að verkefnum við sitt hæfi og byggi við skilyrði til að framkvæma þau. Auk þess er iðjuleysi fólki á þessum aldri mjög fjarlægt og gerir því ellina lítt bærilega.

Á síðari árum hefur verið unnið nokkuð að því að koma upp heimilum fyrir aldrað fólk. Eiga brautryðjendur í þeim málum þakkir skyldar fyrir framtak sitt. Þessi heimili búa hins vegar við þau skilyrði, að erfitt er þar að fá verkefni við hæfi, svo að því takmarki, sem hér er stefnt að, að aldrað fólk verði þátttakendur í sköpun verðmæta, að því leyti sem starfsorka þess leyfir, verður ekki náð þar.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að eftir því sem öldruðu fólki fjölgar og þéttbýli eykst í landinu, knýi lausn þessa máls meira á og að þjóðfélagið hafi ekki efni á að láta starfsorku þessa fólks ónotaða, auk þess sem ævikvöld þess verði þá gert að skugga starfsamrar ævi.

Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að leita eftir leiðum, sem markað geti ákveðna stefnu í þessu máli út frá því sjónarmiði, er að framan greinir.

Nd. 53. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. Á eftir D. 2 komi nýr liður:
   Gunnarsstaðavegur: Af Strandavegi austan við Hölknárbrú í Gunnarsstaði.
2. Aftan við D. 5 bætist: með álmu frá Oddsgili í Hauksstaði.
3. Á eftir D. 6 komi nýr liður:
   Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar, um Fagurhól, Ljótsstaði á Strandaveg hjá Torfastöðum.
4. Aftan við D. 12 bætist: og þaðan á Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.
5. Aftan við D. 20 bætist: og þaðan á Hjaltastaðaveg nálægt Hjaltastöðum.

Sþ. 54. Breytingartillögur [7. mál]

við till. til þál. um innflutning varahluta í vélar, verkfæra og áhalda til landbúnaðar og sjávarútvegs.

Frá Gunnari Thoroddsen.

1. Í stað orðanna „og sjávarútvegs“ í tillgr. komi: sjávarútvegs og iðnaðar.
2. Í stað orðanna „og Fiskifélag Íslands“ í tillgr. komi: Fiskifélag Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda.
3. Í stað orðanna „og sjávarútvegs“ í fyrirsögn till. komi: sjávarútvegs og iðnaðar.

Nd. 55. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 49 14. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarrétt og prentrétt.

Flm.: Magnús Jónsson, Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Aftan við síðustu mgr. 2. gr. laganna bætist:

Sams konar undanþága skal gilda um upptöku talaðs máls eða tónlistar á segulband eða á annan vélrænan hátt, ef upptakan er aðeins ætluð til heimilisnotkunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkru hóf STEF að innheimta sérstakt afnotagjald af segulbandstækjum. Beitti félagið við innheimtu þessa ýmsum miður sæmilegum hótunum. Er líklegt, að allmargir hafi greitt hið krafða afnotagjald, en þó munu margir að vonum hafa látið þessa fjárkröfu sem vind um eyru þjóta.

Það er sjálfsagt, að tónskáld og aðrir eigendur hugverka fái sanngjarna greiðslu fyrir notkun verka sinna, en krafa um greiðslu fyrir flutning eða upptöku hugverka á að takmarkast af því, að þetta sé gert í hagnaðarskyni. Við það sjónarmið eru líka höfundarréttarákvæði íslenzkra laga miðuð.

Með kröfunni um afnotagjald til STEFs af segulbandstækjum er gengið út í öfgar. Yfirleitt eru segulbandstæki notuð til þess að taka upp útvarpsefni, ef fólk hefur ekki aðstöðu til þess að hlusta á einstaka útvarpsþætti, þegar þeir eru fluttir, eða til upptöku á ýmsu persónulegu efni á heimilum eigendanna. Er fráleitt, að STEF eigi nokkra sanngirniskröfu til árlegs afnotagjalds af segulbandstækjum, sem eingöngu eru til heimilisnota. Séu aftur á móti segulbandstæki eða önnur slík tæki notuð til opinbers flutnings hugverka í ábataskyni, er sjálfsagt að greiða höfundargjald af þeim flutningi.

Mjög er vafasamt, að heimilt sé eftir gildandi höfundarréttarlögum að innheimta afnotagjald af segulbandstækjum, en frv. þetta er flutt til að taka af öll tvímæli.

Nd. 56. Frumvarp til laga [34. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öll leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

Gistihús: Gististaður (hótel) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

Gistiskáli: Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.

Gististaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.

Greiðasala: Sala á veitingum rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.

Söluskýli: Staður, þar sem seldir eru gosdrykkir, öl og sælgæti og salan er ekki háð reglum sölubúða um lokunartíma og annað.

Tækifærisveitingar: Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Veitingahús: Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga.

3. gr.

Enginn má gera sér gististaðahald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráður.
2. Hefur forræði á búi sínu.
3. Hefur óskert borgaraleg réttindi.
4. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.
5. Hefur ekki síðustu 3 ár verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan innflutning, sölu eða veitingu áfengis.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að um þau sé leitað álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

5. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að meiri hluti stjórnarmanna, þar á meðal allir þeir, er firmað rita, og þeir, sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjar eru, fullnægi skilyrðum 4. gr.

6. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað, að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, er hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 4. gr. er ekki lengur fullnægt.
2. Ef leyfishafi hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.
3. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni eða fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting er tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram, meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

9. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur, svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

III. KAFLI

Gistihús (hótel).

10. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa heimild til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda). Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem til er tekið í leyfisbréfi.

11. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:

1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti. Í reglum, sem ráðuneytið setur, skulu vera sérstök ákvæði um búnað gistiherbergja á einkaheimilum, sem leigð eru ferðafólki fyrir milligöngu gistihúsa.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri maður, er fullnægi skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé, að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og Ferðaskrifstofu ríkisins, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

12. gr.

Hver sá, er öðlast vill viðurkenningu á því að hafa sérþekkingu til að starfa í gistihúsi, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal fullnægja skilyrðum 1.—5. tölul. 4. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

13. gr.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að flokka gistihús eftir gæðum og auðkenna þannig, að hægt sé að átta sig á, í hvaða flokki þau eru. Um þetta setur ráðuneytið reglur.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús“ eða önnur heiti, sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel“, nema eigandinn hafi áskilin leyfi.

IV. KAFLI

Veitingahús, gistiheimili, gistiskálar, greiðasala og söluskýli.

14. gr.

Veitingahúsleyfi veitir réttindi til veitingastarfsemi í veitingahúsi. Leyfi til rekstrar gistiskála eða gistiheimilis veitir og réttindi til veitingastarfsemi, en greiðasöluleyfi veitir aðeins heimild til veitingastarfsemi. Leyfi til að reka söluskýli veitir aðeins rétt til takmarkaðrar veitingastarfsemi (sölu á gosdrykkjum, öli, sælgæti og tóbaksvörum), allt innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Heimilt er að takmarka veitingaleyfið við ákveðna tegund veitinga. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfsemi (eiganda). Leyfið heimilar eingöngu rekstur á þeim stað, sem til er tekinn í leyfinu.

15. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 14. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að krefjast þess, að í veitingahúsum og í gistiskálum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

V. KAFLI
Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

16. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins hefur á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða. Í kaupstöðum, þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi, skulu þeir annast daglegt eftirlit.

Heimilt er Ferðaskrifstofunni að fá sér til aðstoðar heilbrigðisnefndir eða héraðslækna, þar sem hún telur þess þörf. Ákvörðunum Ferðaskrifstofunnar (og heilbrigðisnefndar) má skjóta til ráðuneytis.

17. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrirmælum Ferðaskrifstofunnar og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðuneytið skal gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirmælum þessum má ákveða sameiginlegan opnunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja einstaka grein veitingastarfsemi.

Sveitarstjórn getur ákveðið opnunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan síns umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirmælum þeim, sem ráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á slíkum ákvæðum.

Ákvæði þau, er gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara um opnunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út fyrirmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipan þessara mála, nema ráðuneytið ákveði annað.

19. gr.

Gjalda skal fyrir:

Gisti- og veitingahúsleyfi	kr.	1000.00
Önnur gististaða- og greiðasöluleyfi (söluskýli)	—	500.00
Leyfi til tækifærisveitinga	—	100.00
Bráðabirgðaleyfi samkv. 21. gr.	—	100.00

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá gjald greiðast fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fimm ára fresti gegn 200.00 kr. gjaldi. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá Ferðaskrifstofunni eða heilbrigðisnefnd um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

20. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir 1. marz ár hvert eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

21. gr.

Hver sá, sem við gildistöku þessara laga rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið útgefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 1. tölul. 12. gr., allt til ársloka 1962.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt hann hafi ekki í þjónustu sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss í minnst 2 ár, getur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—5. tölul. 4 gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlazt nægilega þekkingu á gistihúsastarfsemi.

23. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti samgöngumálanefnd Nd. frv. um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Var það afgreitt nær óbreytt frá Nd., en fellt í Ed.

Nefndin flytur frv. þetta að nýju eftir beiðni samgöngumálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Greinargerð milliþn., sem samdi frv. um þetta efni 1949, er birt hér óbreytt sem fylgiskjal til skýringar á málinu, þó að tilvitnanir í fylgiskjalinu í einstakar greinar eigi ekki að öllu leyti við þetta frv. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1949 skipaði þáverandi samgöngumálaráðherra milliþinganefnd til að endurskoða lög um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Nefndina skipuðu Brynjólfur Ingólfsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Jón Sigurðsson, borgarlæknir í Reykjavík, báðir skipaðir án tilnefningar, Böðvar Steinþórsson, tilnefndur af Sambandi matreiðslu- og framreiðslumanna, Hörður Ólafsson, lögfræðingur, tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda, og Sigurjón Danívalsson, tilnefndur af Ferðaskrifstofu ríkisins.

Milliþinganefndin samdi frumvarp til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl., og var það lagt fyrir Alþingi 1951, en varð ekki útrætt.

Frumvarp nefndarinnar frá 1951 hefur nú verið endurskoðað af hálfu samgöngumálaráðuneytisins og er nú flutt með nokkrum breytingum.

Aðalbreytingarnar eru þessar:

1. Í frv. eru nú orðaskýringar um einstök heiti, sbr. 1. gr.
2. Fellt er niður það skilyrði, að forstöðumaður gistihúss verði að hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, en í þess stað er leyfishafa samkvæmt þessu frv. gert að skyldu að ráða mann með þá sérþekkingu í þjónustu sína.
3. Ákvæði IV. kafla þessa frv. ná eigi aðeins til gistiskála og veitingahúsa, heldur og til gistiheimila og söluskýla.
4. II. kafli frv. frá 1951, um gisti- og veitingastaðaeftirlit, er samhljóða V. kafla þessa frv.
5. Samkvæmt þessu frv. skal endurnýja leyfi til gististaðahalds á 5 ára fresti, en ekki árlega, eins og lagt var til af milliþinganefndinni.

Greinargerð milliþinganefndarinnar er birt hér sem fylgiskjal.“

Fylgiskjal.

Greinargerð milliþinganefndarinnar.

Frumvarp þetta, sem samið er að tilhlutan samgöngumálaráðuneytisins, miðar að því að bæta úr þeim ágöllum, sem vera þykja á gildandi veitingalögum, koma á opinberu eftirliti með rekstri gisti- og veitingastaða og skapa stoð undir reglugerð um hreinlæti og aðbúnað þeirra, því til tryggingar, að bættri skipan verði komið á slíka starfsemi fyrr en ella. Verða naumast bornar á það brigður, að þessa sé full þörf, þar sem það er á almanna vitorði, að í flestu, er hér að lýtur, stöndum vér að baki öðrum sæmilegum menningarþjóðum.

Skulu nú einstakar greinar frumvarpsins skýrðar stuttlega.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Grein þessi er að efni til sama og 1. gr. gildandi veitingalaga.

Um 2. gr.

Lagt er til, að gististaðahald og veitingasala verði áfram bundin leyfi, eins og nú er samkvæmt gildandi lögum, enda skiptir miklu máli, að vandaðir menn og heiðvirðir veljist til þessara starfa. Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú, að útgáfa leyfa er á sömu hönd og verið hefur, hjá lögreglustjórum á hverjum stað, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 3. gr., 2. mgr.

Túlkun á því, hvenær menn teljast „gera sér að atvinnu“ sölu þá, er frumvarpið fjallar um, hlýtur að fara mjög eftir atvikum í hverju einstöku tilfelli. Ljóst er þó, að hér fellur ekki undir, þótt menn hýsi gesti við og við og þiggi greiðslu fyrir. Til þess að um „atvinnu“ í skilningi frumvarpsins geti verið að ræða, verður starfsemin að vera rekin að staðaldri. Ekki fellur heldur hér undir leiga á herbergjum í venjulegri fjölskylduíbúð.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru talin þau persónulegu skilyrði, sem sá, er leyfi vill fá út gefið, verður að fullnægja. Eru þetta sömu ákvæði og í 3. gr. gildandi laga, 1.—4. tölul. Í gildandi veitingalögum (3. gr., 5. tölul.) er það eitt skilyrði fyrir útgáfu leyfis, að umsækjandi hafi „meðmæli“ bæjar- eða sveitarstjórnar. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að álit þessara aðila liggi fyrir, ásamt áliti heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Ætti að vera tryggt, að með umsögn heilbrigðisnefndar um húsnæðið og umsögn bæjar- eða sveitarstjórnar um ástæður umsækjanda og annað, er máli gæti skipt, sé lögreglustjóri allvel undir það búinn að úrskurða, hvort veita skuli hið umbeðna

leyfi eða ekki. Þá má einnig benda á, að minna væri í húfi en áður, þótt eitthvað bregði út af með veitingu leyfis, ef eftirlit það, sem frumvarpið felur í sér, kemst á, og einnig stað- og tímabundið gildi leyfanna. Þá er heimilað að skjóta til ráðuneytis úrskurði lögreglustjóra um veitingu eða synjun leyfis.

Loks er lagt til, að heimild hreppstjóra til að leyfa tækifærisveitingar (sbr. 2. gr. gildandi laga) haldist, og enn fremur, að lögreglustjóri geti leyft slíkar veitingar í sínu umdæmi án þess að leita þar um umsagnar á venjulegan hátt. Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í réttum, þar sem almennur mannfagnaður er, o. s. frv.

Um 4. gr.

Svipað ákvæði er í gildandi lögum (5. gr.). Þó er þar gert að skilyrði, til þess að hlutafélag fái leyfi, að meira en helmingur atkvæðisbærs hlutafjár sé í eigu manna búsettra hérlendis. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að meiri hluti stjórnarmanna sé þeim kostum búinn, að þeir hefðu sjálfir getað fengið leyfi.

Endurnýjun leyfanna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu (sbr. 19. gr., 3. mgr.), gerir lögreglustjóra kleift að fylgjast með því, að stjórn félags, er leyfi hefur fengið, sé jafnan svo skipuð, að fullnægt sé þessari grein. Að öðrum kosti mundi leyfið afturkallanlegt (sbr. 6. gr.). Í gildandi lögum virðist ákvæðið um skilyrði þau, er félag skal fullnægja til að fá leyfi út gefið, aðeins skipta máli á útgáfudaginn, en síðan hefur lögreglustjóri enga aðstöðu til að fylgjast með hreyfingu hlutafjár, hverjum kostum stjórnendur séu gæddir o. þ. h. Má því segja, að þrátt fyrir orðalag frvgr. gangi hún í framkvæmdinni engan veginn skemmra en 5. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Greini þessi er að efni til sama og 4. gr. gildandi laga, nema hér er fellt niður bann við að veita skipstjórum leyfi. Virðist ekki meiri ástæða til að undanskilja þá en t. d. flugmenn eða jafnvel alla farmenn og aðra sjómenn, er sigla milli landa.

Um 6. gr.

Aðallega er ætlazt til, að afturköllun leyfis verði beitt, er sá aðili, sem leyfi hefur fengið, hættir að fullnægja einhverju þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir útgáfu leyfisins.

Athugandi er þó, að enda þótt skilyrðum 12. gr., 1. tölul. frv. sé ekki fullnægt lengur, veldur það ekki afturköllun, heldur skerst þá eftirlitið í leikinn með þeim ráðum, sem um getur í 10. gr. Afturköllun leyfa má áfrýja til ráðuneytis innan 14 daga.

Um 7. gr.

Verði leyfishafi gjaldþrota, er búinu heimilt að nota leyfi þrotamannsins áfram, meðan skipti standa yfir. Forstöðumaðurinn verður þó að hafa leyfi til gistihússtjórnar, ef starfsemin hefur verið rekin með gistihúsleyfi; þá geta einnig eftirlifandi maki og lögerfingjar leyfishafa gengið inn í rétt arfleifanda samkvæmt leyfinu og rekið starfsemina í heilt ár frá dauða leyfishafa án forstöðumanns með réttindum. Þykir rétt að létta undir með erfingjum þeim, sem við rekstrinum taka, með því að gefa þeim þennan frest. Í 7. gr. gildandi laga er að finna skyld ákvæði.

Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 33 1. febr. 1936 er Ferðaskrifstofu ríkisins skylt að halda uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum í landinu. Hefur þótt rétt að halda hinu

opinbera eftirliti áfram og efla það og er sú stefna tekin í frumvarpinu. Hefur einnig þótt rétt að fela ferðaskrifstofunni eftirlitið áfram, enda er ljóst, að ef setja ætti á stofn sérstaka stofnun til að annast slíkt eftirlit, mundi það verða mjög kostnaðarsamt. Hins vegar er ferðaskrifstofunni kleift að sameina eftirlitið að talsverðu leyti ferðum á vegum skrifstofunnar og því unnt að komast af með minni kostnað en ef hin leiðin, sem minnzt var á, væri farin. Þá má einnig benda á, að starfsmenn ferðaskrifstofunnar eru tíðir gestir einmitt á þeim gisti- og veitingastöðum, sem ríkust ástæða er til að hafa strangt eftirlit með, þeim stöðum, sem innlendir og erlendir ferðamenn sækja mest. Gera verður þó ráð fyrir því, ef eftirlit það, er frumvarpið felur í sér, kemst á, að nauðsynlegt verði að ætla því hærri fjárveitingu en á fjárlögum undanfarinna ára. Til þess að tryggja sem bezt, að heilbrigðisöryggis sé gætt, er í frumvarpinu gert ráð fyrir nánu samstarfi milli ferðaskrifstofunnar og eftirlitsmanna hennar annars vegar, og heilbrigðisnefnda og héraðslækna hins vegar. Er jafnvel gert ráð fyrir því, að þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi í kaupstöðum, annist þeir daglegt eftirlit undir yfirumsjón ferðaskrifstofunnar.

Um 10. gr.

Hingað til hefur eftirlit ferðaskrifstofunnar ekki haft nægileg áhrif, og liggja til þess ýmsar orsakir. Bæði er, að eftirlitsmenn hefur skort vald til að fylgja eftir aðfinnslum sínum, og einnig er óljóst, hvaða kröfur núgildandi lög heimila að gerðar séu til gisti- og veitingastaða. Úr síðarnefnda atriðinu mun verða bætt, ef frumvarp þetta verður að lögum og gefnar verða út reglugerðir þær, sem hér er gert ráð fyrir. Fyrrnefnda atriðinu ræður frumvarpið einnig bót á. Eftirlitinu er gert kleift að knýja fram kröfur sínar um lagfæringar og breytingar til samræmis við ákvæði frumvarpsins og reglugerðar. Sjálfum eftirlitsmanninum er þó ekki gefið vald til að hefjast handa um stöðvun starfseminnar, heldur verður hann að leita fulltingis lögreglustjóra. Er á valdi lögreglustjóra að meta, hvort stöðva skuli reksturinn að gefinni aðvörun eða ekki eða grípa til annarra ráða, t. d. neita um endurnýjun leyfisins næst, er endurnýja skal, unz aðfinnslur eftirlitsins hafa verið teknar til greina.

Um III. kafla.

Hér er lagt til, að heitið „gistihús“ (hótel) verði löghelgað sem heiti á gististöðum vissrar stærðar og með ákveðnum búnaði, en í IV. kafla koma aftur ákvæði um aðra gististaði, sem lagt er til, að nefndir verði „gistiskálar“, og sömuleiðis um veitingastaði almennt. Þau rök, sem færa má fram fyrir því að flokka gististaði eftir stærð og búnaði, eru aðallega þau, að slíkt sé til þæginda fyrir ferðamenn. Óhætt ætti að vera að treysta því, að gististaður, sem hefur orðið „gistihús“ eða „hótel“ í nafni sínu, fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað. Hefur þessi háttur verið hafður í sumum mestu ferðamannalöndum Evrópu, t. d. Noregi. Sérfróðir menn hafa fullyrt, að Ísland eigi mikla framtíð fyrir sér sem ferðamannaland, ef réttilega er á málunum haldið. Veltur þá ekki hvað minst á, að aðbúnaður sé sómasamlegur á þeim gististöðum, sem erlendir ferðamenn eru líklegir til að heimsækja. Það má því með sanni segja, að framtíð Íslands sem ferðamannalands velti á því, hvernig á gistihúsmálum vorum er haldið.

Þungamiðja III. kafla frumvarpsins er í tveimur atriðum:

a. Þau ein fyrirtæki mega bera gistihúsnafn (eða hótel), hvort sem er einstakt eða í samsettu heiti, er hlotið hafa til þess sérstakt leyfi lögreglustjóra, — gistihúsleyfi — og þannig fengið viðurkenningu um, að þau fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað.
b. Eigandi gisthúss (hótels) eða leigutaki má ekki hefja reksturinn, enda þótt hann hafi gistihúsleyfi fullgilt, fyrr en fenginn er forstöðumaður, sem hefur réttindi til að veita gistihúsi forstöðu.

Um 11. gr.

Jafnframt því að heimila gistihúsrekstur felur gistihúsleyfi einnig í sér heimild til að reka veitingastarfsemi í sambandi við gistihúsið fyrir dvalargesti og aðra. Um vínveitingar fer eftir áfengislögum.

Gistihúsleyfi er gefið út til þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum, en það mundi venjulega vera eigandi, eða þá leigutaki. Í gildandi veitingalögum eru leyfi ekki staðbundin að öðru leyti en því, að þau gilda aðeins í ákveðnum hreppi eða kaupstað (sbr. 9. gr. laganna) Í frumvarpinu er lagt til, að leyfin verði bundin við ákveðinn stað og einnig tímabundin. Nýr eigandi mundi þannig þurfa að afla sér nýs leyfis, og einnig mundi leyfishafa verða leyfi ónýtt, ef hann flytti starfsemina í annað húsnæði og vildi hefja rekstur þar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu, að sami eigandi geti rekið mörg gistihús, en til þess þarf hann jafnmörg gistihúsleyfi og auk þess að fullnægja ákvæðinu um forstöðumann með réttindum á hverjum stað.

Oft nær sama gistihús yfir fleiri en eina byggingu, og er nauðsynlegt, ef þær eru aðskildar, að taka greinilega fram, til hvaða bygginga starfsemin taki.

Um 12. gr.

Með orðunum „sérstakar ástæður“ er aðallega átt við, að óheppilegt geti verið af félagslegum orsökum að leyfa starfsemina á þeim stað, sem óskað er eftir, t. d. í nágrenni sjúkrahúss, heimavistarskóla, elli- eða barnaheimilis. Þá gæti einnig hugsazt, að á högum umsækjanda væru einhverjir þeir annmarkar, sem gerðu hann að dómi lögreglustjóra óhæfan til að hafa ábyrgð á gistihúsrekstri, og mundi þá heimilt að beita þessu ákvæði.

Ef eigandi (leyfishafi) hefur sjálfur ekki réttindi til að veita gistihúsi forstöðu, annaðhvort samkv. 13. gr. frv. eða bráðabirgðaákv. 22. gr., 2. mgr., verður hann að afla sér manns, sem hefur réttindi til þessa. Fyrr getur gistihúsið ekki tekið til starfa.

Um 13. gr.

Störf þeirra manna, er annast stjórn gistihúsa, eru ærið margbrotin og vandasöm, en enginn skóli hérlendis til þess ætlaður að búa menn sérstaklega undir þau. Þykir þó rétt að krefjast þess, að þeir menn, sem stjórna eiga gistihúsi, hafi öðlazt nokkra þekkingu á slíkri starfsemi, annaðhvort lokið prófi í sérskóla, sem ráðuneytið viðurkennir, eða lokið sveinsprófi í þeim iðngreinum, sem veita ættu að nokkru leyti hliðstæða þekkingu, enda hafi í öllum tilfellum bætzt við nokkur reynslutími umsækjanda við þau gistihússtörf, sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Er sér í lagi ætlazt til, að umsækjandi hafi kynnzt sem flestu, er að rekstri gistihúss lýtur. Þar sem forstöðumaðurinn hefði oftast nær reikningshald starfseminnar á hendi, er ekki síður nauðsynlegt, að hann hafi þekkingu á bókhaldi en leyfishafi sjálfur.

Samkvæmt 22. gr. 2. mgr. munu auk þeirra, sem öðlast réttindi til gistihússtjórnar samkv. þessari grein, margir geta fengið sömu réttindi án sérstaks prófs.

Um 14. gr.

Ekki þykir rétt, að þeir, sem gerzt hafa sekir um alvarlegt brot gegn áfengislögunum eða reglugerðum þeim, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, haldi réttindum til gistihússtjórnar, og er því leyfi afturkallanlegt, ef þannig stendur á. Enn fremur er leyfið afturkallanlegt, ef einhverju hinna persónulegu skilyrða 3. gr., 1.—5. tl., er ekki lengur fullnægt.

Um 15. gr.

Í sambandi við grein þessa er rétt að geta þess, að nefnd sú, er frumvarp þetta samdi, leitaði aðstoðar og álits nokkurra þekktra málfræðinga um val á hentugum nöfnum á þeim greinum gisti- og veitingastarfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Voru þeir allir mótfallnir lögfestingu orðsins „hótel“, en mæltu með heitum þeim, sem notuð eru í frumvarpinu: Gististaður, samnefni á öllum þeim stöðum, þar sem seld er næturgisting, enda þurfi gistihús- eða gistiskálaleyfi til að reka starfsemina. Gistihús (hótel) nefnist fyrsta flokks gististaður, en aðrir gististaðir nefnast gistiskálar.

Um IV. kafla.

Um 16. gr.

Grein þessi hefur að geyma samsvarandi ákvæði um gistiskála og veitingahús eins og 11. gr. frv. um gistihús.

Um 17. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis til að reka gistiskála eða veitingahús eru hér talin, og eru þau samhljóða skilyrðum 12. gr. fyrir veitingu gistihúsleyfa, enda þótt kröfur þær, sem gerðar verða í reglugerð, hljóti að verða að ýmsu leyti gerólíkar.

Ekki er samkvæmt frumvarpinu skylt að hafa mann með sérþekkingu við stjórn starfseminnar, nema um gistihús sé að ræða (hótel). Hins vegar verður því ekki neitað, að ekki er síður nauðsynlegt, að tryggt sé eftir föngum, að stórum gistiskála eða stóru veitingahúsi sé vel stjórnað og heilbrigðisöryggis gætt, og því er hér tekin upp heimild fyrir lögreglustjóra til að krefjast þess, að forstöðumaður gistiskála hafi réttindi til gistihússtjórnar eða matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðsluiðn starfi að staðaldri í eldhúsi veitingahúss.

Um 18. gr.

Hér er lagt fyrir ráðherra að gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti og hollustuháttu þeirrar starfsemi, sem frumvarpið fjallar um. Verða ekki bornar brigður á nauðsyn þessa, þar sem ýmis þeirra ákvæða, sem setja þarf, hljóta að verða reglugerðarákvæði, t. d. um gerð herbergja og stærð, húsgögn, uppþvott o. fl., o. fl.

Ákvæðin um opnunar- og lokunartíma eru nýmæli. Er talið nauðsynlegt, að hægt sé að tryggja, að gisti- og veitingastaðir loki ekki almennt t. d. á hátíðisdögum, en að því hafa verið nokkur brögð, viðskiptavinum til mikils óhagræðis. Ekki er síður ástæða til að setja ákvæði um lokunartíma slíkra staða.

Um 19. gr.

Hér eru ákveðin gjöld fyrir hin ýmsu leyfi, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Eru gjöldin ekki há, miðað við gjöld fyrir sambærileg leyfi, t. d. verzlunarleyfi, og ef höfð er í huga verðbreyting sú, er orðið hefur á krónunni síðan gildandi veitingalög voru sett og gjöldin ákveðin kr. 150.00 og kr. 200.00, er ljóst, að hér er ekki um að ræða raunverulega hækkun frá því, sem þá (1926) var ákveðið.

Í 2. mgr. er nýmæli, þar sem leyfishöfum er gert að skyldu að endurnýja leyfi sín árlega. Er þetta gert til að koma á nánara og lifrænna sambandi milli lögreglustjóra og leyfishafa en verið hefur og opna lögreglustjóra leið til að fylgja aðfinnslum eftirlitsins eftir án þess að nota lokunarheimild 10. gr., 2. mgr.

Um 20. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. gildandi laga, með þeim breytingum, sem leiðir af skipulagsbreytingu þeirri, er felst í frumvarpinu.

Um 21. gr.

Grein þessi stefnir að því að veita þeim, sem nú reka gististaði undir nafninu gistihús eða hótel og ekki fullnægja um stærð eða annað þeim kröfum, sem gerðar eru um gistihús í frumvarpinu (og reglugerð, sem sett verður, ef frumvarpið verður að lögum), nokkurn frest til að ráða bót á því, sem á skortir, eða að öðrum kosti breyta nafni fyrirtækisins.

Um 22. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til, að ákvæði 12. gr. frumvarpsins um, að ekki megi nota gistihúsleyfi án starfandi forstöðumanns með réttindi samkvæmt 13. gr. frumv., gildi ekki um gistihús (hótel) þar, sem sami eigandi hefur staðið fyrir rekstrinum í 6 mánuði fyrir gildistöku laganna.

Í síðari málsgrein er ívilnun fyrir þá, sem unnið hafa við gistihús eða hótel í 10 ár eða unnið við stjórn slíkrar starfsemi eða verið þar forstöðumenn í ákveðinn tíma, enda hafi þeir unnið slík störf, að þeir hafi að dómi ráðuneytisins öðlazt staðgóða þekkingu á stjórn og rekstri gistihúsa. Þessir menn geta í næstu 5 ár fengið út gefið leyfi sér til handa til að veita gistihúsi forstöðu, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 13. gr. um sérmenntun. Athugandi er, að til þess að leyfi fáist út gefið á framangreindan hátt, verður umsækjandi að fullnægja ákvæðum 3. gr., 1.—5. tl. Ef leyfishafi hættir að fullnægja einhverju framangreindra skilyrða, er leyfi samkvæmt þessari grein afturkallanlegt, sbr. 14. gr. Tilgangurinn með ákvæði þessarar mgr. er að gera þeim mönnum kleift að halda áfram atvinnurekstri sínum, sem eytt hafa við hann löngum starfstíma, hætt þar til fé sínu og byggt þar á framtíðar afkomuvon sína.

Um 23.—25. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 57. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim, ef fram koma.

Alþingi, 3. nóv. 1958.

Pétur Pétursson, form., með fyrirvara. Bjarni Benediktsson, frsm. Ásg. Sigurðsson.

Gunnar Jóhannsson.

Nd. 58. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 36 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. Fyrir orðinn „yfir Sandárbrú“ í C. 74 komi: um Sandárbrú og Austur- og Vestursand að Lindarbrekku.
2. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
   Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.

Nd. 59. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

a. 9. töluliður 1. gr. laga nr. 19/1955 orðist svo:
Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Berufirði.

b. Á eftir 9. tölulið 1. gr. laga nr. 19/1955 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Hornafjarðarumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Búlandshreppur og Geithellnahreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frv. samhljóða þessu frv. Það var samþykkt óbreytt í Nd., en Ed. vísaði því frá með rökstuddri dagskrá.

Málið er nú borið fram að nýju.

Á síðasta þingi fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Þjónusta sú, sem dýralæknar veita, reynist bændastétt landsins mjög mikils virði. Eftir því sem árangur verður betri af kynbótum búfjár og fóðrun búpenings batnar, verða störf dýralækna æ nauðsynlegri fyrir bændastéttina.

Með lögum nr. 19/1955, um dýralækna, var dýralæknaumdæmunum í landinu fjölgað frá því, sem áður var. Þrátt fyrir það eiga Austur-Skaftfellingar mjög erfiða aðstöðu til þess að geta notið þjónustu dýralæknis. Umdæmi dýralæknis á Austurlandi nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu. Er það stærra landssvæði og torveldara yfirferðar en svo, að einn dýralæknir geti veitt þar fullnægjandi þjónustu. Dýralæknir á Austurlandi hefur aðsetur á Egilsstöðum. Á veturna er oft illfært þaðan til Hornafjarðar. En sá dýralæknir á Suðurlandi, sem næstur er Austur-Skaftfellingum, hefur aðsetur á Hellu í Rangárvallasýslu.

Í frv. þessu felst sú breyting á gildandi lögum um dýralækna, að Austurlandsumdæmi verði skipt, þannig að lögfest verði nýtt umdæmi, Hornafjarðarumdæmi, er nái frá Skeiðarársandi að Berufirði."

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um niðursuðuverksmiðju á Akureyri.

Flm.: Björn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 3 manna nefnd til að gera áætlanir um stofnkostnað og rekstur hæfilegrar niðursuðuverksmiðju á Akureyri, er einkum yrði ætlað að nýta smásíld þá, sem veiðist í Eyjafirði. Einnig skal nefndin gera athuganir á öðrum vinnsluaðferðum, sem til greina gætu komið til nýtingar á þessari veiði. Leiði athuganir nefndarinnar í ljós, að hagkvæmt sé að byggja slíka niðursuðuverksmiðju sem að framan greinir, skal hún einnig gera tillögur um þá fyrirgreiðslu, sem hún teldi nauðsynlega af opinberri hálfu, ef í framkvæmdir yrði ráðizt.

Greinargerð.

Akureyringar hafa um langan aldur stundað síldveiðar á Eyjafirði. Upphaflega voru veiðarfærin landnætur, en síðar komu herpinætur til sögunnar og þar með hin svonefndu „nótabrúk“, en þau hafa um áratuga skeið verið fastur þáttur í atvinnulífi kaupstaðarins og hafa aflað nær allrar þeirrar beitu, sem verstöðvarnar við Eyjafjörð hafa þarfnazt, og einnig að nokkru fyrir fjarlægari staði.

Vitneskja manna um árlegar síldargöngur á Eyjafirði er því engan veginn ný. En það er þó ekki fyrr en á allra síðustu árum, að ljóst verður, að um mjög mikið síldarmagn er að ræða, og að því er margir telja óbrigðult mestan hluta árs eða jafnvel árið um kring. Með þeim veiðarfærum, sem bezt þekkjast nú, eru veiðimöguleikar á þessu síldarmagni orðnir mjög miklir, enda öll aðstaða til veiðanna hin ákjósanlegasta.

Allt fram til s. l. vetrar hefur veiði svo til eingöngu verið bundin við öflun hæfilegs beitumagns og lítils háttar til niðursuðu í lítilli verksmiðju, sem framleitt hefur síldar-„sardínur“ fyrir innanlandsmarkað. Á s. l. vetri varð hins vegar sú breyting á, að nokkrir hringnótabátar stunduðu síldveiðar á Inn-Eyjafirði og lögðu afla sinn upp til bræðslu í síldarverksmiðjunni í Krossanesi, en lítið eitt til frystingar. Varð veiði í bræðslu að samanlögðu um 40000 mál, og mun útflutningsverðmæti mjöls og lýsis úr þessu magni hafa numið um 5.5 millj. kr.

Þessi nýting á smásíldinni verður þó að teljast algerlega ófullnægjandi, þar sem hér er um að ræða mjög verðmæta vöru til manneldis. Má í því sambandi benda á, að samkvæmt verðtilboðum erlendis frá, sem flm. er kunnugt um að liggja fyrir í niðursoðna smásíld þeirrar tegundar, sem hér er um að ræða, mundi söluverðmæti þess magns, er að framan er greint frá, hafa orðið um 58 millj. kr., ef það hefði allt verið unnið í niðursuðuverksmiðju. Vitað er, að Norðmenn og fleiri þjóðir hafa mikla atvinnu og útflutningstekjur af niðursuðu smásíldar, sem þó er miklum mun lakara hráefni en hér er um að ræða. Er Eyjafjarðarsíldin t. d. mun feitari (allt að 13% fitumagni) en sú síld, sem Norðmenn sjóða niður.

Flm. virðist harla sennilegt, að með því að koma upp fullkominni og stórvirkri niðursuðuverksmiðju á Akureyri, sem einkum væri ætlað að hagnýta smásíldina í Eyjafirði, mætti skapa nýja útflutningsgrein, sem gæfi milljónatugi í gjaldeyri og veitti jafnframt mikla atvinnu, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að grundvalla slíka framkvæmd svo vel sem kostur er á, og í því skyni er þáltill. þessi fram borin, að svo megi verða.

Enn er sú hlið á þessu máli, sem ekki skiptir minnstu máli. Full ástæða er til að ætla, að veruleg hætta geti orðið á ofveiði ungsíldar þeirrar, sem hér er um að ræða, ef áframhaldandi veiðar verða stundaðar í bræðslu með sílfellt öruggari og stórtækari veiðarfærum og vaxandi fjölda báta, en veiðar til bræðslu verða ekki stundaðar með viðunandi árangri, nema um mikið magn sé að ræða. Fiskifræðingar munu nú hafa gert sér þessa hættu ljósa, enda þótt þeir muni telja, að viðlíka veiðimagn og dregið var að landi s. l. vetur sé óskaðlegt síldarstofninum. En einsætt virðist, að hætta á ofveiði styðji mjög þá ályktun, að leita beri fremur ráða til betri hagnýtingar ungsíldarinnar en verið hefur og auka þannig afrakstur af veiði hennar heldur en að auka að mun veiðarnar og hætta á að skerða þannig afla fullvaxinnar síldar.

Sþ. 61. Fyrirspurnir. [37. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um endurheimt íslenzkra handrita í Danmörku.

Frá Pétri Ottesen og Sveinbirni Högnasyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framfylgja samþykkt Alþingis um endurheimt íslenzkra handrita, sem geymd eru í dönskum söfnum, og hverjar horfur eru um lausn þess máls?

II. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir o. fl.

Frá Ásgeiri Sigurðssyni.

Hvað hefur gerzt í sambandi við þingsályktun þá, er samþykkt var á síðasta þingi um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir, endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð?

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um vegagerð úr steinsteypu.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela vegamálaráðherra að láta fram fara rannsókn á því, hvort fært þyki að hefja á næstkomandi sumri vegagerð úr steinsteypu með því að fá sement frá Sementsverksmiðju ríkisins á niðursettu verði.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að viðhald malarveganna á Íslandi er mjög kostnaðarsamt. Margir aðalvegir eru þannig nú, að þeir eru sokknir og þola illa mikla umferð og þungar flutningabifreiðar. Marga vegi verður því að leggja að nýju, og kemur þá til athugunar, hvort mögulegt sé að gera á þá slitlag úr varanlegu efni. Meðal þeirra vega, sem liggur fyrir að byggja að nýju og enga bið þolir, er vegurinn um Ölfus, Flóa og Holt, en umferðin á þessari leið með þungar bifreiðar mun vera sú mesta, sem gerist hér á landi.

Sementsverksmiðja ríkisins mun framleiða, eftir því sem framkvæmdastjóri, Jón Vestdal, upplýsir, um 110 þús. tonn af sementi árlega. Árleg notkun í landinu til venjulegra framkvæmda mun vera um 80 þús. tonn. Má því gera ráð fyrir, að framleiðsla sementsverksmiðjunnar umfram venjulega notkun innanlands fyrst um sinn verði um 30 þús. tonn árlega, eða rúmlega fjórði hluti framleiðslunnar. Erfitt mun vera að finna markað erlendis fyrir sementið. Flestar þjóðir framleiða sement og eru því ekki kaupendur að innfluttu sementi. Geti sementsverksmiðjan ekki útvegað markað fyrir það sement, sem er umfram það, sem þarf til venjulegra framkvæmda í landinu, liggur ekki annað fyrir en stöðva verksmiðjuna þrjá mánuði á ári. Það mun leiða til þess, að sementsverðið hækkar, þar sem fastur kostnaður verksmiðjunnar er mikill hluti af rekstrarkostnaðinum. Vaxtagreiðslur eru hinar sömu, hvort sem verksmiðjan er stöðvuð eða í gangi. Kaupgreiðslur til starfsfólks hljóta einnig að verða miklar þann tíma, sem verksmiðjan væri ekki starfandi, þar sem varhugavert væri að segja upp starfsfólki, sem kann orðið vel til verka við fyrirtækið, en ráða síðan óvant fólk, þegar fyrirtækið tæki til starfa á ný. Á það má einnig benda,

að við fyrirtæki sem þetta eru margir fagmenn, sem ómögulegt væri að segja upp starfi, þótt verksmiðjan væri stöðvuð í bili.

Það er nauðsynlegt að finna grundvöll fyrir því, að verksmiðjan geti starfað allt árið með fullum afköstum. Þótt umframframleiðslan væri seld á lágu verði til vegagerðar, væri það sýnilegur hagur fyrir verksmiðjuna og þjóðarheildina, miðað við það, að verksmiðjan gæti ekki starfað fjórða hluta ársins. Verðlag á sementi frá Sementsverksmiðju ríkisins mun vera nokkru lægra en innflutt sement mundi kosta. Sementsnotendur í landinu hafa þess vegna ekki ástæðu til þess að kvarta, þótt hluti af sementsframleiðslunni væri seldur með niðursettu verði til vegagerðar.

Það hlýtur að vera framtíðaráform Íslendinga að gera helztu þjóðvegina úr varanlegu efni og lækka á þann hátt viðhaldskostnað veganna. Með því er mögulegt að nota burðarmeiri bifreiðar og gera flutningana ódýrari en verið hefur. Ending ökutækjanna mun einnig verða mun betri og minni gjaldeyrir fara til endurnýjunar. Þá mun brennsluefnið nýtast á annan og betri hátt en áður. Augljóst er, að með því að gera steinsteypt slitlag á þá vegi, þar sem umferð er mest, eru gerðar raunhæfar ráðstafanir til þess að draga úr gjaldeyriseyðslu og kostnaði ríkissjóðs við viðhald veganna. Sementsverksmiðjan er eign ríkisins, og er þess vegna auðveld ráðstöfun sú, sem hér er um rætt, að hafa annað og lægra verð á því sementi, sem notað er til vegagerðar, en því, sem fer til venjulegra framkvæmda og selt er einstaklingum og verzlunum. Tillaga þessi er flutt til þess, að stjórn vegamálanna taki þetta mál til skjótrar athugunar og hefji, ef fært þykir, framkvæmdir við endurlagningu þjóðvega með slitlagi úr steinsteypu, en það virðist vera hagkvæmt, þegar nægilegt sement er fyrir hendi á vægu verði.

Nd. 63. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins,[1]) segir svo:

„Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri. — Heimilt er þó starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, eða fyrr, ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum. — Ákvæði þessarar greinar ná ekki til ráðherra og opinberra fulltrúa í þjónustu ríkisins, sem kosnir eru almennri kosningu. — Ef embættismaður, sem hlotið hefur embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal honum heimilt að sækja um embættið að nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár — Halda skulu gildi sínu sérákvæði þau um dómara, er um ræðir í lögum nr. 32. 1. apríl 1948."

En í nefndum lögum frá 1948 segir svo:

„Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið, ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs."

Samkvæmt þessu ber að veita hverjum föstum starfsmanni ríkisins lausn frá starfi, þegar hann er 70 ára, ef hann hefur ekki látið af starfinu fyrir þann tíma. Frá þessu eru þó tvær undantekningar. Hin fyrri varðar ráðherra og aðra opinbera fulltrúa í þjónustu ríkisins, sem kosnir eru almennri kosningu. Hin síðari varðar embættismenn, sem hlotið hafa embætti sitt með almennri kosningu. Þessir embættis-

1) Sbr. og lög nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

menn eru sóknarprestar þjóðkirkjunnar. Sóknarprestur, sem er orðinn 70 ára, má sækja um embætti sitt að nýju, og skal hann, ef hann hlýtur kosningu, fá veitingu fyrir embættinu í 5 ár, þ. e. til 75 ára aldurs.

Þetta undantekningarákvæði um sóknarprestana munu ýmsir kirkjumálaráðherrar, sennilega að tillögu biskups, hafa framkvæmt á þá leið, að sóknarprestar hafa fengið að sitja í embætti eftir sjötugt, ef fyrir hafa legið áskoranir úr söfnuðum þeirra. Varla mun þessi framkvæmd geta talizt í fullu samræmi við lögin, en e. t. v. má þó réttlæta hana með því, að skortur hafi verið á prestum og mörg brauð að jafnaði staðið auð, nauðsyn hafi því brotið lög í þessu efni. Skal þessi framkvæmd ekki nánar rædd að þessu sinni.

Þegar að því kom á þessu ári, að núverandi biskup Íslands skyldi hætta störfum vegna aldurs, höfðu kirkjumálaráðuneytinu borizt undirskriftir mikils hluta þeirra sóknarpresta og annarra, er atkvæðisrétt hafa við biskupskjör, en með þeim undirskriftum var þess farið á leit, að núverandi biskup yrði látinn gegna embætti „enn um sinn", án þess að tími væri til tekinn.

Vegna þessara undirskrifta leitaði kirkjumálaráðuneytið álits tveggja prófessora við lagadeild háskólans um það, hvort telja bæri, að undantekningarákvæðið um embættismenn, sem kjörnir eru almennri kosningu (prestar), tæki til biskupsins yfir Íslandi. Álit prófessoranna var samhljóða, og töldu þeir, að svo væri ekki, biskup væri kosinn af takmörkuðum hópi manna (sem bundinn væri við stétt), og væri það ekki „almenn kosning". Samkvæmt þessu taldi ráðuneytið, að undantekning samkv. 13. gr. laga nr. 38 1954 kæmi ekki til greina, en núverandi biskupi var falið að gegna embætti, þangað til biskupskosning hefði farið fram.

Þá gerðist það í þessu máli, að frumvarp það, er hér liggur fyrir, var lagt fram á Alþingi. Er þar lagt til, að ákveðið verði með lagabreytingu, að biskup skuli hafa rétt til að sitja í embætti til 75 ára aldurs, ef ⅗ atkvæðisbærra manna við biskupskjör óska þess, og er ekki gert ráð fyrir, að kosning þurfi til að koma. Á því ber að vekja athygli, að frumvarpið er ekki um breytingu á 13. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, heldur um breytingu (eða viðauka) á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu. Hér er því lagt til, að aldurshámarki eins embættismanns sé breytt og það hækkað með sérstökum lögum og ákvæði um þetta eina embætti þar með tekið út úr hinni almennu löggjöf um starfsmenn ríkisins. Með þessu frumvarpi eða breytingum á því er því varla gerlegt að breyta öðrum ákvæðum í þeirri löggjöf, þótt einhverjir kynnu að telja það eðlilegt til samræmis.

Á þessa aðferð getur minni hl. ekki fallizt. Ef breyta skal ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna, er eðlilegast að gera það með breytingu á þeim lögum, sem um það efni fjalla almennt, og að ekki komi þá aðeins einn starfsmaður til álita, heldur fleiri eða jafnvel allir, sem í hlut eiga.

Löggjafarvaldið hefur— með réttu eða röngu — talið, að heppilegt sé að setja þá reglu, að opinberir starfsmenn — nema þeir, sem kosnir eru almennri kosningu — láti af föstu embætti eða starfi eigi síðar en um sjötugt. Það er þó fullvíst, að ýmsir mundu sjálfir kjósa að gegna starfi lengur og telja sig hafa til þess þrek og heilsu. Stundum kann það sjálfsmat að vera rétt, stundum ekki. Yfirleitt hafa opinberir starfsmenn sætt sig við regluna, sem sett var. En ef nú væri að því ráði horfið að gera undantekningu um eitt og eitt embætti, t. d. með sérstökum lögum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., er hætt við, að ýmsir uni illa sínum hlut og verði þá reglunni stefnt í hættu. Menn verða því að gera það upp við sig, hvort þeir vilji setja regluna í hættu með undantekningum af þessu tagi. Þess ber að minnast, að nú nýlega, m. a. á þessu ári, hafa ýmsir þjóðkunnir starfsmenn látið af störfum eða eru í þann veginn að gera það vegna lagafyrirmælanna um aldurshámark. Eflaust hefðu einhverjir þessara manna haldið áfram starfi, ef ákvæði landslaga hefðu ekki verið því til fyrirstöðu. Vera má, að einhverjir séu þeirrar skoðunar, að aldurshámarkið sé of lágt. Það mál verður ekki rætt hér. En hámarksreglan, hver sem hún er eða verður á komandi árum, mun standa völtum fótum, ef Alþingi fer inn

á þá braut að lögfesta undantekningar, ef fram á það er farið að lengja starfstíma einstakra embættismanna, þegar að því kemur, að ákvæði gildandi laga taki til þeirra.

Þótt núverandi biskup sé mikilhæfur maður og talinn fær til að gegna embætti sínu enn um sinn, nægir það ekki sem rök í þessu máli, því að ákvæði frv., ef að lögum yrði, taka ekki til hans eins, þau taka til allra, sem biskupsembætti gegna, meðan lögin eru í gildi. Og ekki mundi Alþingi þykja fýsilegt að breyta lögum til þess að taka embætti af aldurhnignum biskupi, sem kynni að vera heilsutæpur og miður fær til embættisstarfs á efri árum en sá, sem nú gegnir þessu virðulega embætti.

Með engu móti verður fallizt á þau rök, sem heyrzt hafa í þessu máli og raunar fyrr, að biskupsembættið sé vandalítið og létt, samanborið við önnur embætti. Slíkt er fjarstæða, a. m. k. í augum allra, sem áhuga hafa á kirkju og kristindómi.

Að dómi minni hl. er það óviðfelldið að leiða nú í lög undirskriftasöfnun meðal presta, þegar lengja skal embættistíma biskups, og slíkar undirskriftir geta ekki jafngilt leynilegri kosningu. Segja má, að þær jafngildi kosningu í heyranda hljóði. Sú kosningaraðferð tíðkaðist fyrrum við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, en fáum mun nú koma til hugar að leiða hana í lög á ný. Eins og áður var sagt, hefur undirskriftaaðferðin eitthvað verið notuð, er lengja skyldi embættistíma sóknarpresta. Þá aðferð, sem vafasamt er að samrýmist lögum, ætti sennilega að leggja niður, en ekki taka hana til eftirbreytni. Og sennilega verða þeir sóknarprestar nokkuð margir, sem að athuguðu máli kæra sig ekki um að geta átt undirskriftalista í vændum í hvert sinn, sem biskup verður sjötugur, og að sá vandi sé á þá lagður að meta starfsgetu hans opinberlega.

Það hefur verið fært fram þessu máli til stuðnings, að mikill hluti sóknarpresta hafi með undirskrift sinni mælt með því, að núverandi biskup sitji áfram í embætti („enn um sinn"). Þetta er rétt. En biskup hefur í umsögn sinni um frv. skýrt frá því, að sá skilningur hafi ríkt meðal presta, að þetta væri heimilt samkv. gildandi lögum. Nú er hins vegar komið í ljós, að svo er ekki. Og það er allt annað að fallast á að nota heimild í gildandi lögum eða óska eftir, að landslögum sé breytt. Prestum eru vafalaust, eins og fleirum, ljósar þær afleiðingar, sem lagabreyting getur haft í för með sér, eins og rakið hefur verið hér að framan.

Allsherjarnefnd hefur sent frumvarpið til umsagnar biskupi Íslands, kirkjuþingi, kirkjuráði, Prestafélagi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Biskup Íslands telur frumvarpið „til bóta", ef lögfest yrði, af því að það gerði lagaákvæði skýrari en þau nú eru. Kirkjuþing mælir með frv. „að efni til", og er ekki fullljóst, hvað þetta orðalag („að efni til") þýðir. Kirkjuráð kveðst vera samþykkt umsögn kirkjuþings, enda er það kosið af kirkjuþingi og starfar í umboði þess. Stjórn Prestafélags Íslands skýrir frá því, sem upplýst er um fram komnar óskir presta um lengingu embættistíma biskups, en segir sér ókunnugt um afstöðu presta til þessa frumvarps. Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hefur enn engin umsögn borizt.

Með tilvísun til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, leggur minni hl. nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem í gildi eru almenn ákvæði um aldurshámark starfsmanna ríkisins, í 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, telur deildin varhugavert að breyta með sérstökum lögum aldurshámarki eins starfsmanns og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. nóv. 1958.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um fullgildinu á sáttamála um stofnun Atómvísindastofnunar Norðurlanda til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda.

(Lögð fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda sáttmála um stofnun Atómvísindastofnunar Norðurlanda til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda, ásamt fjárhagssamþykkt vegna sáttmálans.

Fylgiskjal.

SÁTTMÁLI UM STOFNUN ATÓMVÍSINDASTOFNUNAR NORÐURLANDA TIL SAMVINNU Á SVIÐI FRÆÐILEGRA ATÓMVÍSINDA

Stjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með tilvísun til tillögu þeirrar nr. 10/1957, sem samþykkt var á 5. þingi Norðurlandaráðsins hinn 21. janúar 1957 í Helsingfors (Helsinki) um að koma á fót norrænni rannsóknastöð fyrir fræðileg atómvísindi,
orðið á eitt sáttar um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.
Um stofnun Atómvísindastofnunarinnar.

1. Atómvísindastofnun Norðurlanda til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda, sem verður framvegis nefnd „Stofnunin", er hér með stofnuð.
2. Hvert hinna fimm Norðurlanda, sem fullgilt hefur þennan sáttmála, verður aðili að Stofnuninni.
3. Aðsetursstaður Stofnunarinnar er Kaupmannahöfn.

2. gr.
Tilgangur.

1. Það er hlutverk Stofnunarinnar að örva samvinnu Norðurlandaríkjanna um fræðileg atómvísindi og aðrar skyldar rannsóknir. Hún skal ekki fást við starfsemi í hernaðarlegum tilgangi. Árangur af starfseminni

KONVENTION OM OPRETTELSE AF EN NORDISK ORGANISATION FOR SAMARBEJDE INDEN FOR TEORETISK ATOMFYSIK

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige er undir henvisning til den på Nordisk Råds 5. session i Helsingfors den 21. januar 1957 vedtagne rekommendation nr. 10/1957 om oprettelsen af et nordisk institut for teoretisk atomfysik
blevet enige om følgende:

Artikel I
Oprettelse af Organisationen.

1. Nordisk Organisation for Samarbejde inden for Teoretisk Atomfysik, i det følgende betegnet „Organisationen" er herved oprettet.
2. Medlem af Organisationen bliver enhver af de fem nordiske stater, som har ratificeret denne konvention.
3. Organisationen skal have sæde i København.

Artikel II
Formål.

1. Organisationen skal fremme samarbejdet mellem de nordiske lande inden for videnskabelig og grundlæggende teoretisk atomforskning og dermed i væsentlig grad beslægtet forskning. Organisationen, hvis ar-

verður birtur opinberlega, eða gerður almenningi tiltækur á annan hátt.

2. Aðalverkefni Stofnunarinnar eru:
   1) Að reka norræna rannsóknastöð í fræðilegum atómvísindum í Kaupmannahöfn, framvegis nefnd „Stöðin", sem hafi þessum hlutverkum að gegna:
      a) Að skipuleggja og framkvæma rannsóknir á sviði fræðilegra atómvísinda og fylgjast jafnframt vel með þróun og framförum á þessu sviði vísindalegra rannsókna með því að hafa samband við aðrar eðlisfræðistofnanir.
      b) Að vera miðstöð fyrir norræna eðlisfræðinga, sem vinna að fræðilegum rannsóknum, þar sem þeir geti stundað rannsóknir sínar um lengri eða skemmri tíma og fengið tækifæri til að efla vísindastarfsemi sína og fylgjast með framförum á hinum ýmsu sviðum fræðigreinarinnar í samvinnu við starfsbræður sína á Norðurlöndum og í öðrum löndum.
      c) Að þjálfa unga eðlisfræðinga á Norðurlöndum og leiðbeina þeim við rannsóknarstörf innan fræðilegra atómvísinda.

   2) Að efla vísindalega samvinnu milli norrænna eðlisfræðinga, meðal annars með því:
      a) að stuðla að skiptum á norrænum eðlisfræðingum á milli hinnu einstöku landa,
      b) að skapa möguleika til þess að eðlisfræðingar frá öðrum löndum geti dvalizt í lengri eða skemmri tíma við norrænar eðlisfræðistofnanir,
      c) að halda umræðufundi og ráðstefnur á Norðurlöndum.

bejdsresultater vil blive offentliggjort eller på anden måde gjort alment tilgængelige, skal ikke befatte sig med virksomhed, der tjener militære formål.

2. Organisationens hovedopgaver er:
   1) At drive et Nordisk Institut for Teoretisk Atomfysik i København, i det følgende kaldet „Instituttet", som skal
      a) tilrettelægge og gennemføre et forskningsprogram for teoretisk atomfysik og samtidig ved opretholdelse af forbindelse med andre fysikinstitutioner nøje følge udviklingen på dette forskningsområde,
      b) være et samlingssted, hvor nordiske forskere med teoretisk fysik som fag, ved kortere ellere længere besøg kan drive forskning og gennem samarbejde og kontakter med kolleger fra nordiske og andre lande kan få øgende muligheder for at fremme deres forskningsarbejde og holde sig underrettet om fremskridt inden for fagets forskellige grene, samt
      c) tjene til videre uddannelse af unge nordiske fysikere og til almindelig vejledning for disse i forskningsarbejdet inden for den teoretiske atomfysik.
   2) At fremme det videnskabelige samarbejde mellem nordiske fysikere bl.a. ved
      a) udveksling af fysikere mellem de nordiske lande,
      b) tilvejebringelse af muligheder for kortere eller længere besøg ved fysikinstitutioner i de nordiske lande af fysikere fra andre lande, og
      c) afholdelse af symposier og kongresser i de nordiske lande.

3. gr.

Starfsskipting innan stofnunarinnar

Fyrir Stofnuninni er stjórn og starfslið, þar á meðal framkvæmdastjóri Stöðvarinnar.

4. gr.

Stjórnin.

1. Stjórnina skipa eigi fleiri en þrír fulltrúar frá hverju aðildarríki. Fulltrúarnir eru tilnefndir af stjórn hvers ríkis, og skulu þeir vera fulltrúar fyrir fræðileg atómvísindi og hafa yfirsýn yfir það, sem starfað er á þessu sviði. Á stjórnarfundum geta þeir haft með sér ráðgefendur.

2. Með tilliti til ákvæðanna í þessum sáttmála skal stjórnin:
   a) ákveða starfsreglur fyrir stofnunina hvað snertir vísindaleg störf og almenn framkvæmdaatriði,
   b) segja fyrir um fjárhagslegar framkvæmdir stofnunarinnar og samþykkja fjárhagsáætlun,
   c) hafa umsjá með útgjöldum, samþykkja og birta opinberlega endurskoðaða ársreikninga,
   d) ákveða, hvernig nauðsynlegt starfslið sé skipað,
   e) birta ársskýrslu,
   f) og að öðru leyti gera þær ráðstafanir, sem þörf er á vegna tilgangs þessa sáttmála.
3. Stjórnin kemur saman til fundar að minnsta kosti einu sinni á ári á þeim stað, sem hún ákveður sjálf.
4. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði í stjórninni.
5. Samþykktir stjórnarinnar skulu, þegar ekki er öðruvísi ákveðið í sáttmála þessum, gerðar með einföldum meirihluta fulltrúa þeirra aðildarríkja, sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
6. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur, þegar fulltrúar meiri hluta aðildarríkjanna eru mættir til fundar.

Artikel III

Organer

Organisationen består af en styrelse og et personale, herunder en direktør for Instituttet.

Artikel IV

Styrelsen.

1. Styrelsen består af højest tre delegerede fra hver medlemsstat. De delegerede, som udnævnes af vedkommende stats regering, bør være repræsentanter for den teoretiske atomfysik med overblik over den aktuelle forskning på dette område. De kan ved styrelsens møder være ledsaget af rådgivere.
2. Styrelsen skal under iagttagelse af bestemmelserne i denne konvention:
   a) fastlægge retningslinier for Organisationen i videnskabelige og administrative anliggender,
   b) træffe bestemmelser angående Organisationens finansielle anliggender, herunder vedtage dens budget,
   c) kontrollere Organisationens udgifter samt godkende og offentliggøre dens reviderede årsregnskaber,
   d) træffe bestemmelser om sammensætningen af det fornødne personale,
   e) offentliggøre Organisationens årsberetninger, og
   f) udøve de funktioner, som følger af denne konventions formål.
3. Styrelsen skal træde sammen mindst een gang om året på det sted, som den selv bestemmer.
4. Hver medlemsstat har een stemme i styrelsen.
5. Styrelsens beslutninger skal, hvor intet andet er bestemt i denne konvention, træffes ved simpel stemmeflerhed blandt de medlemsstater, som er repræsenteret og deltager i afstemningen.
6. Styrelsen er beslutningsdygtig, når et flertal af medlemsstaterne er repræsenteret på mødet.

7. Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi.

8. Stjórnin getur, ef nauðsyn krefur að hennar dómi, skipað framkvæmdanefnd og aðrar nefndir.
9. Stjórnin getur, að svo miklu leyti sem hún telur nauðsyn bera til, gefið framkvæmdastjóra eða nefndum þeim, sem vikið er að í 8. tölulið, úrskurðarvald í vissum málum.
10. Með tilliti til ákvæðanna í sáttmála þessum, ákveður stjórnin sjálf dagskrá sína.

5. gr.

Starfslið.

1. Starfslið Stofnunarinnar er þannig skipað:
   a) Vísindamenn, sem ráðnir eru við Stöðina um árabil til þess að stjórna starfinu og að sjá um samfellt framhald þess.
   b) Vísindamenn, sem um stundarsakir taka þátt í rannsóknarstörfunum.
   e) Styrkþegar frá Norðurlöndum, sem taka þátt í störfum stofnunarinnar til þess að afla sér framhaldsmenntunar.
   d) Starfslið, sem sér um almennar framkvæmdir.
2. Stjórnin setur nánari reglur um skipun starfsmanna og með hverjum hætti þeir láta af störfum.
3. Ráðningarskilyrði starfsliðs og annað þess háttar skal nánar ákveðið í starfsmannareglugerð, sem stjórnin setur.
4. Úr hópi vísindalegs starfsliðs Stöðvarinnar skipar stjórnin framkvæmdastjóra Stöðvarinnar til ákveðins tíma samkvæmt nánari ákvæðum starfsmannreglugerðarinnar.
5. Framkvæmdastjórinn er yfirmaður vísindastarfsemi Stöðvarinnar í samræmi við ákvarðanir stjórnarinnar og stjórnar einnig almennum framkvæmdum Stofnunarinnar og Stöðvarinnar. Hann skal starfa í samræmi við þennan sáttmála, fjárhagssamþykkt hans og ákvarðanir stjórnar-

7. Styrelsen vælger blandt sine medlemmer en formand og en viceformand.
8. Styrelsen kan, dersom den anser det for påkrævet, nedsætte et forretningsudvalg og andre udvalg.
9. Styrelsen kan, i det omfang den anser det for påkrævet, delegere beføjelser til direktøren eller til de i punkt 8 nævnte organer.

10. Under iagttagelse af bestemmelserne i denne konvention fastsætter styrelsen selv sin forretningsorden.

Artikel V

Personale.

1. Organisationens personale består af:
   a) Videnskabelige medarbejdere med ansættelse ved Instituttet for længere tidsrum til ledelse af arbejdet og til sikring af kontinuiteten i dette,
   b) Videnskabelige medarbejdere, der i kortere perioder deltager i forskningsarbejdet,
   c) Stipendiater fra de nordiske lande, som med videreuddanelse for øje deltager i arbejdet på Instituttet,
   d) Administrativt personale.
2. Styrelsen fastsætter de nærmere regler for ansættelse og afskedigelse af Organisationens personale.
3. Personalets ansættelsesbetingelser m. m. fastsættes i et personalereglement, der vedtages af styrelsen.

4. Styrelsen udnævner blandt Instituttets videnskabelige personale en direktør for Instituttet med den i personalereglementet fastsatte funktionsperiode.
5. Direktøren forestår i overensstemmelse med de af styrelsen fastlagte retningslinier Instituttets videnskabelige virksomhed og har tillige den administrative ledelse af Organisationen og Instituttet. Han skal iøvrigt handle i overensstemmelse med denne konvention med tilhørende finansproto-

innar, þ. á m. starfsmannareglugerðina. Hann skal og gefa ársskýrslu til stjórnarinnar og tekur þátt í fundum hennar, þó án atkvæðisréttar.

6. gr.

Fjárframlög.

1. Stjórnin semur fjárhagsáætlun Stofnunarinnar. Til fjárhagslegra ákvarðana, þar á meðal samþykktar fjárhagsáætlunar þarf ⅔ atkvæða þeirra aðildarríkja, sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

2. Framlög aðildarríkja til Stofnunarinnar skal ákveða í fjárhagsáætluninni í hlutfalli við íbúatölu einstakra landa.

3. Framlög þau, sem um getur í 2. tölulið þessarar greinar, skulu greiðast samkvæmt fjárhagssamþykkt þeirri, sem fylgir þessum sáttmála.

4. Danska ríkið skuldbindur sig til að láta í té þau húsakynni, sem nauðsynleg mega teljast fyrir starfsemi Stofnunarinnar, og að greiða allan kostnað við notkun þeirra.

5. Stjórnin getur fyrir hönd Stofnunarinnar veitt viðtöku almennum gjöfum og erfðagjöfum, en þó því aðeins, að slíkar gjafir séu ekki bundnar neinum skilyrðum, sem ósamrýmanlegar eru tilgangi Stofnunarinnar.

7. gr.

Réttarstaða.

1. Stofnunin er viðurkennd réttarfarslegur aðili í öllum aðildarríkjunum.
2. Með tilliti til þess, að starfsemi Stofnunarinnar er byggð á víðtækri alþjóðasamvinnu, skulu henni tryggð forréttindi og friðhelgi eftir því sem nauðsyn krefur til þess að Stofnunin geti gegnt hlutverki sínu, enda eru slík friðindi skilyrði fyrir stofnun og starfsemi Stofnunarinnar. Helztu friðindin eru þessi:

kol og de af styrelsen trufne beslutninger, herunder personalereglementet. Han afgiver en årlig beretning til styrelsen, i hvis møder han deltager uden stemmeret.

Artikel VI

Finansielle bidrag.

1. Organisationens budget udfærdiges af styrelsen. Til beslutninger af finansiel karakter, herunder til vedtagelse af budgettet, kræves ⅔ flertal blandt de medlemsstater, som er repræsenteret og deltager i afstemningen.
2. Medlemsstaternes andele i Organisationens driftsudgifter fastsættes i hvert budget forholdsmæssigt på grundlag af de enkelte landes befolkningstal.
3. De efter bestemmelsen i stykke 2 fastsatte medlemsbidrag til Organisationen betales i overensstemmelse med den til denne konvention knyttede finansprotokol.
4. Den danske stat forpligter sig til at stille de lokaliteter til rådighed, som må anses for nødvendige til Institutets forsvarlige virke, og til at afholde de udgifter, der er forbundet med lokaliteternes anvendelse til dette formål.
5. Styrelsen kan på Organisationens vegne modtage gaver, herunder testamentariske, under forudsætning af, at der ekki til gaven er knyttet betingelser, som er uforenelig med Organisationes formål.

Artikel VII

Retlig status.

1. Organisationen anerkendes som juridisk person i alle medlemsstaterne.
2. Under hensyn til at Organisationens virke er baseret på omfattende internationalt samarbejde, indrømmes der den de rettigheder og immuniteter, som er nødvendige for opfyldelsen af Organisationes formål og dermed en betingelse for Organisationens oprettelse og virke, herunder navnlig:

a) Skjalasöfn Stofnunarinnar og skjöl eru friðhelg.
b) Stofnunin skal vera undanþegin tekju- og eignarsköttum.
c) Stofnuninni er heimilt, innan takmarka starfsemi sinnar, að veita viðtöku, geyma, flytja út og ráðstafa eftir þörfum gjaldeyri og verðbréfum hverrar tegundar sem er.
d) Stofnunin hefur rétt til að flytja frjálst inn, án tolla og gjalda, hluti, efni og rit til eigin notkunar, þó ekki vélknúin farartæki, benzín og olíu, matvörur og annan neyzluvarning.

e) Eftirtaldir skulu undanþegnir sköttum af launum og öðrum greiðslum, svo sem eftirlaunum, ritlaunum o. þ. h., sem þeir fá frá Stofnuninni vegna starfs þeirra þar:
   1°) Fulltrúar aðildarríkjanna í í stjórninni.
   2°) Vísindamenn, sem vinna við stöðina.
   3°) Styrkþegar frá Norðurlöndum, sem taka þátt í starfi Stöðvarinnar til þess að afla sér framhaldsmenntunar.
   4°) Almennt starfslið Stofnunarinnar aðrir en þeir, sem vinna í tímavinnu.
f) Þeir meðlimir starfsliðs stofnunarinnar, sem nefndir eru undir e)2°—4°, hafa við komu sína rétt til að flytja inn búslóð sína án tolla og gjalda, þó ekki áfenga drykki, tóbak eða matvöru.

g) Vísindamenn, sem starfa við stofnunina og ekki eru af dönsku þjóðerni, skulu hafa rétt til að flytja inn til Danmerkur vélknúið ökutæki fimmta hvert ár, án þess að greiða tolla eða önnur lögskipuð gjöld, en mega ekki, án leyfis viðkomandi danskra yfirvalda, láta ökutæki, sem þannig er fengið, af hendi í Danmörku.
h) Þeir starfsmenn Stofnunarinnar, sem ekki eru ríkisborgarar í að-

a) Organisationens arkiver og dokumenter er ukrænkelige.
b) Organisationen er fritaget for indkomst- og formueskat.
c) Organisationen er inden for rammerne af sin virksomhed berettiget til at modtage, opbevare og udføre samt til frit at disponere over valuta og værdipapirer af enhver art.
d) Organisationen har ret til told- og afgiftsfri samt restriktionsfri ind- og udførsel af genstande, materialer og publikationer til eget officielt brug, undtagen motorkøretøjer, benzin og olie, samt levneds- og nydelsesmidler.
e) Nedennævnte fritages for beskatning af lønninger og andre ydelser, som pensioner, honorarer o. lign., som de modtager fra Organisationen i forbindelse med deres virksomhed hos denne:
   1°) Medlemsstaternes repræsentanter i styrelsen,
   2°) Videnskabelige medarbejdere ved Instituttet,
   3°) Stipendiater fra de nordiske lande, som i udannelsesesøjemed deltager i Instituttets arbejde,
   4°) Organisationens administrative personale undtagen det timelønnede.
f) De ovenfor under e), 2°—4°), angivne medlemmer af Organisationens personale har ved tiltrædelse ret til told- og afgiftsfri indførsel af deres bohave, herunder ikke indbefattet alkoholholdige drikke, tobaksvarer og levnedsmidler.
g) Videnskabelige medarbejdere ved Organisationen, som ikke har dansk indfødsret, har ret til hvert femte år told- og afgiftsfrit at indføre motorkøretøj til Danmark, men må ikke uden vedkommende danske myndigheders tilladelse afhænde et således indført motorkøretøj i Danmark.

h) Medlemmer af Organisationens personale, som ikke har indføds-

ildarríki, skulu undanþegnir sérhverri grein herskyldu í aðildarríkjunum.

3. Framkvæmdastjóri Stöðvarinnar skal tilkynna stjórnum aðildarríkjanna nöfn þeirra manna, sem ákvæði þessarar greinar ná til, og senda ríkisstjórnunum að minnsta kosti hálfsárslega fullkomna skrá yfir þessa menn.

ret i en medlemsstat, fritages for militærpligt af enhver art i medlemsstaterne.

3. Instituttets direktør skal holde medlemsstaternes regeringer underrettet om navnene på de personer, som omfattes af denne artikel, og mindst hvert halve år tilsende regeringerne en fuldstændig fortegnelse over disse personer.

8. gr.

Breytingar.

Stjórnin getur gert tillögur til ríkisstjórna aðildarríkjanna um breytingar á þessum sáttmála og fjárhagssamþykkt þeirri, sem honum fylgir.

Artikel VIII

Ændringer.

Styrelsen kan afgive forslag til medlemsstaternes regeringer om ændring i denne konvention og i den dertil knyttede finansprotokol.

9. gr.

Deilumál.

Deilumál milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun á sáttmála þessum eða framkvæmd hans, sem ekki tekst að leysa með meðalgöngu stjórnarinnar, getur hver deiluaðili lagt fyrir Alþjóðadómstólinn til úrskurðar, nema samkomulag verði um aðrar leiðir.

Artikel IX

Tvistigheder.

Tvistigheder mellem to eller flere medlemsstater angående konventions fortolkning eller anvendelse, som ikke bilægges ved styrelsens mellemkomst, kan af enhver af parterne forelægges Den mellemfolkelige domstol til afgørelse, medmindre en anden fremgangsmåde aftales.

10. gr.

Úrsögn.

Þegar sáttmáli þessi hefur verið í gildi í 10 ár, getur aðildarríki sent skriflega tilkynningu til danska utanríkisráðuneytisins um að það hætti aðild að stofnuninni. Úrsögnin skal taka gildi frá lokum þess fjárhagsárs að telja, sem fer eftir því ári, sem tilkynningin um úrsögn er send.

Artikel X

Udmeldelse.

Når konventionen har været i kraft i 10 år, kan en medlemsstat ved skriftlig meddelse herom til det danske udenrigsministerium udmelde sig af Organisationen. Udmeldelse får virkning fra udgangen af det regnskabsår, som følger efter det, i hvilket meddelelse derom er indgivet.

11. gr.

Upplausn Stofnunarinnar.

1. Stofnunina má leysa upp eftir samkomulagi aðildarríkjanna.

2. Ef eignir hrökkva eigi til greiðslu á skuldbindingum stofnunarinnar, bera aðildarríkin hallann í þeim hlutföllum, sem lýst er í 2. tölulið 6. greinar.

Artikel XI

Opløsning.

1. Organisationen kan opløses efter overenskomst mellem medlemsstaterne.
2. Såfremt aktiverne ikke er tilstrækkelige til at dække de Organisationen påhvilende forpligtelser, hæfter medlemsstaterne i overensstemmelse med

Ef eignir eru fram yfir skuldir, skiptast þær eftir sömu reglum.

den i artikel VI, stykke 2, omhandlede fordelingsnorm. Et eventuelt overskud fordeles efter samme norm.

12. gr.
Fullgilding.

1. Fullgilda skal sáttmála þennan, svo og fjárhagssamþykkt þá, sem honum fylgir.
2. Öll skjöl varðandi fullgildinguna skulu varðveitt í utanríkisráðuneyti Danmerkur.

Artikel XII
Ratifikation.

1. Denne konvention og den dertil knyttede finansprotokol skal ratificeres.
2. Ratifikationsinstrumenterne skal deponeres i det danske udenrigsministerium.

13. gr.
Gildistaka.

1. Sáttmáli þessi og fjárhagssamþykkt sú, sem honum fylgir, taka gildi þegar þrjú ríki hafa fullgilt hann, en að því tilskildu:
   a) að samanlögð framlög þeirra, reiknuð út samkvæmt ákvæðum 2. töluliðs 6. greinar, nemi minnst 50% þeirrar upphæðar, sem væri til reiðu, ef öll fimm Norðurlandaríkin gerðust aðilar að Stofnuninni og
   b) að Danmörk, þar sem Stofnunin skal hafa aðsetur, sé eitt þessara þriggja ríkja.
2. Gagnvart öðrum ríkjum, sem gerast aðilar síðar, skal þessi sáttmáli og fjárhagssamþykktin, sem honum fylgir, taka gildi, þegar þau hafa afhent fullgildingarskjöl sín til varðveizlu.

Artikel XIII
Ikrafttræden.

1. Denne konvention og den dertil knyttede finansprotokol træder i kraft, når tre stater har ratificeret den, under forudsætning af:
   a) at summen af deres bidrag, beregnet efter bestemmelsen i artikel VI, stykke 2, udgør mindst 50% af det beløb, der ville være til rådighed, hvis alle fem nordiske stater havde været medlemmer af Organisationen, og
   b) at Danmark, hvor Organisationen skal have sit sæde, er blandt disse tre stater.
2. For senere tiltrædende stater træder konventionen med tilhørende finansprotokol i kraft ved deponering af deres radifikationsinstrumenter.

Sáttmálinn, sem saminn er á dönsku, skal geymdur í skjalasafni danska utanríkismálaráðuneytisins, og skal danska utanríkismálaráðuneytið afhenda öllum ríkisstjórnum aðildarríkjanna staðfest afrit.

Konventionen, der er affattet på dansk, skal være deponeret i det danske udenrigsministeriums arkiv, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de i konventionen deltagende staters regeringer.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn aðildarríkjanna undirritað sáttmála þennan.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtige undertegnet denne konvention.

Gjört í ..... í einu eintaki á dönsku hinn ..... 19..

Udfærdiget i ..... i et eksemplar på dansk den ..... 19..

FJÁRHAGSSAMÞYKKT VEGNA SÁTTMÁLA UM STOFNUN ATÓMVÍSINDASTOFNUNAR NORÐURLANDA TIL SAMVINNU Á SVIÐI FRÆÐILEGRA ATÓMVÍSINDA

Þau ríki, sem gerðust aðilar að sáttmála um að koma á fót Atómvísindastofnun Norðurlanda til samvinnu á sviði fræðilegra atómvísinda, sem var undirritaður í ..... hinn ..... 195..
hafa til þess að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir framkvæmdum nefndrar stofnunar
orðið á eitt sátt um það, sem hér segir:

1. gr.
Fjárhagsáætlun.

1. Reikningsár stofnunarinnar er frá 1. júlí til 30. júní.
2. Á hverju ári skal framkvæmdastjórinn leggja fyrir stjórnina sundurliðað yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrir komandi fjárhagsár.
3. Fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár skal afgreidd af stjórninni eigi síðar en 15. ágúst.

2. gr.
Greiðsla fjárframlaga.

1. Stjórnin ákveður, hver háttur skuli hafður á greiðslu fjárframlaga samkvæmt þeim reglum, sem samrýmanlegar eru hæfilegri fjáröflun fyrir Stofnunina.
2. Aðildarríkjunum skal því næst tilkynnt, hversu há fjárframlögin verða, svo og gjalddaga þeirra.

3. gr.
Gjaldmiðill reikningsfærslu og fjárframlaga.

Fjárhagsáætlun og reikningshald Stofnunarinnar skal gert á grundvelli gjaldmiðils þess lands, er Stofnunin hefur aðsetur sitt í. Fjárframlög aðildarríkj-

FINANSPROTOKOL TIL KONVENTION OM OPRETTELSE AF EN NORDISK ORGANISATION FOR SAMARBEJDE INDEN FOR TEORETISK ATOMFYSIK

De stater, der er deltagere i den i ..... den ..... 195..
undertegnede konvention om oprettelse af en Nordisk Organisation for Samarbejde inden for Teoretisk Atomfysik er udfra ønsket om at tilvejebringe det finansielle grundlag for nævnte Organisation
blevet enige om følgende:

Artikel 1
Budget.

1. Organisationens regnskabsår er 1. juli—30. juni.
2. Direktøren skal hvert år for styrelsen fremlægge detaljeret overslag over indtægter og udgifter for det følgende regnskabsår.
3. Beslutning angående budgettet for det kommende regnskabsår skal vedtages af styrelsen senest den 15. august.

Artikel 2
Indbetaling af bidrag.

1. Styrelsen fastsætter reglerne for indbetaling af medlemsbidrag efter retningslinier, som er forenelige med Organisationens behørige finansiering.
2. I overensstemmelse hermed underrettes medlemsstaterne om størrelsen af deres bidrag og om det seneste tidspunkt for indbetaling til Organisationen.

Artikel 3
Møntsort for regnskab og bidrag.

Organisationens budget anlægges, og regnskabet føres i det lands møntsort, hvor Organisationen skal have sæde. Medlemsstaternes bidrag skal erlægges

anna skal greiða í þeim sama gjaldmiðli eða öðrum gjaldmiðli, sem stjórnin telur heppilegan.

4. gr.

Reikningar og endurskoðun.

1. Haldnir skulu nákvæmir reikningar yfir allar tekjur og gjöld.
2. Stjórnin tilnefnir endurskoðanda, sem endurskoði reikninga Stofnunarinnar. Endurskoðandinn sé annaðhvort löggiltur endurskoðandi í aðildarríki eða starfsmaður ríkisendurskoðunar aðildarríkis.
3. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðandanum allar þær upplýsingar og alla þá aðstoð, sem hann kann að þarfnast til þess að framkvæma starf sitt.
4. Eigi síðar en hálfu ári eftir lok reikningsársins skal senda ríkisstjórnum aðildarríkjanna ársreikninginn, undirritaðan af formanni stjórnarinnar og framkvæmdastjóra og með áritun endurskoðanda.

Þessi fjárhagssamþykkt skal varðveitt í skjalasafni utanríkisráðuneytis Danmerkur, og staðfest afrit skal danska utanríkisráðuneytið afhenda ríkisstjórnum aðildarríkjanna.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmenn aðildarríkjanna undirritað samþykkt þessa.

Gjört í ..... í einu eintaki á dönsku hinn ..... 19..

i denne møntsort eller i anden eftir styrelsens bestemmelse formåltjenlig valuta.

Artikel 4

Regnskab og revision.

1. Der skal føres et nøjagtigt regnskab over samtlige indtægter og udgifter.
2. Styrelsen udpeger en revisor, som skal revidere Organisationens regnskaber. Revisoren skal være enten statsautoriseret i en medlemsstat eller ansat ved medlemsstats statsrevision.
3. Styrelsen og direktøren skal give revisoren alle oplysninger og yde al den bistand, som han behøver ved udførelsen af sit hverv.
4. Et af formanden for styrelsen og direktøren underskrevet eksemplar af årsregnskabet, forsynet med behørig revisionspåtegning, skal senest et halvt år efter regnskabsårets udløb tilstilles hver medlemsstats regering.

Denne finansprotokol skal være deponeret i det danske udenrigsministeriums arkiv, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende staters regeringer.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtigede undertegnet denne protokol.

Udfærdiget i ..... i et eksemplar på dansk den ..... 19..

Nd. 65. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 112 27. des. 1951, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 112 1951 gera ráð fyrir, að utanríkismálanefnd kjósi úr sínum hópi 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál. Reynslan hjá undanförnum ríkisstjórnum hefur sýnt, að fyrirkomulag þetta hefur ekki reynzt heppilegt, enda mun þriggja manna nefndin lítið hafa verið kvödd til starfa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ákvæði laga um þingsköp Alþingis standi óbreytt að því leyti, að til utanríkismálanefndar skuli vísað utanríkismálum. Hins vegar felst í frumvarpinu, að lögð verði niður þriggja manna nefnd sú, sem ræðir um í lögum nr. 112 1951.

Ed. 66. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 24. maí 1958, um breyt. á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að því sé nokkuð breytt. Henni þótti réttara að setja í eitt þau tvenn lög, sem gilda um útflutning hrossa, og flytur fram sem breytingar við þetta frumvarp ásamt þeim breytingum, er henni þótti rétt að gera á gildandi lögum frá 1932 og 1958.

Efnisbreytingar eru þessar:

1. Heimild er veitt til þess, að flytja megi út hross til 1. desember, enda séu þau flutt út í sérstökum viðurkenndum gripaflutningaskipum.
2. Sömu ákvæði eru látin gilda fyrir október.
3. Þá eru sett þau ákvæði í lögin, að óvanaða hesta á öllum aldri megi aldrei flytja út nema með sérstöku leyfi.

Að öðru leyti er eldri lögum ekki breytt.

Alþingi, 6. nóv. 1958.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.

F. R. Valdimarsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 67. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 24. maí 1958, um breyt. á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Í stað 1. gr. frv. komi nýjar greinar, er orðist svo:
   a. (1. gr.) Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.
   b. (2. gr.) Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og öðrum hestum óvönuðum svo og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

      Á tímabilinu frá 1. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir. Á tímabilinu frá 1. október til 1. desember er þó útflutningur hrossa heimill, enda séu þau flutt landa á milli í sérstökum viðurkenndum gripaflutningaskipum.
   c. (3. gr.) Áður en hross eru flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Dýralæknir semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.
   d. (4. gr.) Dýralækni er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í lagi, enn fremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræstingu, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.
   e. (5. gr.) Skylt er dýralækni að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.
   f. (6. gr.) Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni með nægum fyrirvara, enn fremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.
   g. (7. gr.) Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. gr.
   h. (8. gr.) Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.
   i. (9. gr.) Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða

samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

2. 2. gr. (verður 10. gr.) orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 50/1932, um útflutning hrossa, og lög nr. 42/1958, um breyting á þeim lögum.

3. Fyrirsögn orðist svo:
Frv. til l. um útflutning hrossa.

Ed. 68. Frumvarp til laga [12. mál]

um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og öðrum hestum óvönuðum svo og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir. Á tímabilinu frá 1. október til 1. desember er þó útflutningur hrossa heimill, enda séu þau flutt landa á milli í sérstökum viðurkenndum gripaflutningaskipum.

3. gr.

Áður en hross eru flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Dýralæknir semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.

4. gr.

Dýralækni er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í góðu lagi, enn fremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræstingu, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

5. gr.

Skylt er dýralækni að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

6. gr.

Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni með nægum fyrirvara, enn fremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

7. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. gr.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 50/1932, um útflutning hrossa, og lög nr. 42/1958, um breyting á þeim lögum.

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um endurskoðun ábúðarlaga.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða ábúðarlögin og leggja síðan fram á Alþingi frumvarp til nýrra ábúðarlaga.

Greinargerð.

Í landinu er mikið af jörðum í leiguábúð og ábúendaskipti alltíð á mörgum þeirra. Oft skapast vandamál milli jarðareiganda og leiguliða, einkum þegar ábúendaskipti verða. Dæmi eru til þess og þau ekki svo fá, að eigendur jarða halda þeim í eyði, þó að hægt sé að fá á þær ábúendur. Veldur slíkt viðkomandi sveitarfélögum ýmsum erfiðleikum.

Nokkrir forustumenn sveitarfélaga og allmargir jarðeigendur og leiguliðar hafa komið að máli við okkur flutningsmenn þessarar tillögu og óskað eftir, að við beittum okkur fyrir því, að ábúðarlögin yrðu endurskoðuð og þeim breytt. Við töldum ekki rétt að flytja frumvarp til breytinga á lögunum, enda hæpið að gera breytingar á svo umfangsmiklum lögum sem ábúðarlögin eru, án þess að rannsókn á málinu í heild eigi sér stað. Okkur finnst hins vegar eðlilegast, að ríkisstjórnin skipi nefnd manna til að endurskoða lögin og síðan að þeirri endurskoðun lokinni yrði frumvarp til nýrra ábúðarlaga lagt fram hér á Alþingi.

Í sambandi við hinar stórstígu umbætur, sem nú eiga sér stað í jarðrækt, byggingum og framleiðsluháttum, hafa skapazt ný vandamál milli jarðareiganda og leiguliða, einkum þó ef leiguliði, sem mikið hefur framkvæmt á ábýlisjörð sinni,

verður að hætta búskap. Ábúðarlögin þyrftu að tryggja betur en þau nú gera, að eðlilegar umbætur eigi sér stað á leigujörðum. En eins og lögin eru nú, óttast margir leiguliðar, að þeir fái það fé ekki aftur, — ef þeir fara frá jörðinni, — sem þeir hafa lagt þar í umbætur, og valda því þau ákvæði ábúðarlaganna, hversu fljótt framkvæmdir leiguliða eru látnar fyrnast og falla til jarðareiganda, ef leiguliði fer frá jörð. Þessi fyrningartími þyrfti að lengjast. Sé miðað við endingarhæfni nútímabygginga, hlýtur lánstími hinna almennu sjóða, sem lána til framkvæmdanna, að vera eðlilegur fyrningartími þeirra.

Í beinu framhaldi af því, sem hér hefur verið drepið á, kæmi þá einnig til athugunar, hvort ekki væri rétt að létta af landsdrottni þeirri skyldu að leggja fram fé til bygginga á jörð sinni, þar sem hann verður að veita veðleyfi til lántöku í ræktunarsjóði og byggingarsjóði.

Nd. 70. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp. Í því er lagt til, að felld verði niður ákvæði 16. gr. þingskapa um, að utanríkismálanefnd, sem er skipuð 7 þingmönnum, kjósi úr sínum hópi 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál. En ákvæðið um kosningu þessara þriggja manna var upp tekið með lagabreytingu árið 1951 (lög nr. 112 27. des. það ár).

Um þetta sagði utanríkisráðherra í ræðu, sem hann flutti í neðri deild við 1. umræðu þessa máls:

„Árið 1951 var sú breyting gerð á 16. gr. þingskapanna, að kjósa skyldi þrjá menn innan utanríkismálanefndar í sérstaka undirnefnd. Þingið skyldi eftir sem áður vísa málum, sem undir utanríkismál heyrðu, til utanríkismálanefndar til meðferðar, en utanríkismálanefnd skyldi sjálf ekki lengur vera til samstarfs og samráðs við ríkisstj., heldur átti þessi þriggja manna nefnd að gera það, bæði á þingtíma og utan þingtíma.

Reynslan af þessari breytingu hefur orðið sú að því er utanríkismálanefndina sjálfa varðar, að síðan 1951 hefur nefndin naumast leyst önnur störf af hendi en kjósa sér formann og ritara og kjósa þessa þriggja manna undirnefnd. Hafa sjaldan verið haldnir í nefndinni nema tveir fundir á ári. Á öðrum fundinum hefur formaður og ritari verið kosinn, á hinum fundinum hefur undirnefndin verið kosin.

Hafi utanríkismálanefnd haldið fundi utan þessara tveggja, þá hefur það eingöngu verið til þess að afgreiða tillögur, sem til hennar hefur verið vísað frá hv. sameinuðu Alþingi. Undirnefndin hefur átt að koma í staðinn fyrir aðalnefndina til samráðs og ráðuneytis við ríkisstjórnina. Ég hef athugað það í utanríkisráðuneytinu, hvor nokkur skjöl eða skilríki finnist þar fyrir því að hve miklu leyti samráð hefur verið haft við þessa þriggja manna undirnefnd, síðan hún var lögtekin, og ég hef ekki getað fundið þar nein skilríki fyrir því, að samráð hafi yfirleitt verið haft við þessa þriggja manna nefnd. Þar finnast engar fundargerðir og engin skjöl eða skilríki, sem benda til neins slíks samstarfs. Hygg ég þó, að eitthvert samráð hafi verið við þessa nefnd haft, en þá aðallega í formi þess, að ráðherra hefur rabbað við þessa nefndarmenn, þegar honum hefur þótt ástæða til, án þess að haldnir hafi verið formlegir fundir eða nokkrar bókanir eða skilríki finnist fyrir því, að nokkuð hafi gerzt.

Þetta er að sjálfsögðu mjög óviðkunnanlegt og óþægilegt fyrirkomulag. Það er nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina á hverjum tíma að geta haft samráð við utanríkis-

málanefnd um viss utanríkismál, og það er nauðsynlegt að geta haft það samráð á sem breiðustum grundvelli, þannig að hægt sé að hafa samstarf og samráð við þingflokkana yfirleitt."

Utanríkismálanefnd Alþingis þess, er nú situr, hefur enn ekki kosið þessa þrjá menn úr sínum hópi, enda engin ákvæði um það í þingsköpum, hvenær á þingtímanum kosningin skuli fara fram, og ríkisstjórnin hefur hingað til ekki óskað eftir að fá þá til ráðuneytis.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins (ÁsgSig og IngJ) létu þess getið á fundi, að þeir mundu gefa út sérstakt nál., en tóku ekki afstöðu til frv. Meiri hl. (PP, GJóh, GíslG) mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. nóv. 1958.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Gunnar Jóhannsson.

Ed. 71. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og sérstök aukaskoðun.

2. gr.

c-liður 24. gr. orðist þannig:

Á öllum öðrum skipum ár hvert.

d-liður sömu greinar falli niður.

3. gr.

27. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

4. gr.

28. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

31. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

6. gr.

53. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, endurskoðun smíðauppdrátta og aðrar skoðanir, skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

7. gr.

54. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns skipaskoðunar ríkisins greiðir eigandi þeim, sem hlut eiga að máli.

8. gr.

55., 56., 57., 58., 59. og 60. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

9. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist þannig:

Gjöldin skulu innheimt af skipaskoðun ríkisins eða lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjald, í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

10. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra svo og 1. gr. laga nr. 38 8. maí 1957 inn í lög nr. 68 5. júní 1947, og gefa þau út svo breytt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið samkvæmt tillögum skipaskoðunarstjóra, og eru efnisbreytingar þess tvenns konar.

Samkvæmt 1.—2. gr. er felld niður hin almenn aukaskoðun sú, sem nú er framkvæmd á skipum annað hvert ár samkvæmt IV. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, enda hefur skipaskoðunarstjóri upplýst, að í framkvæmd sé nú orðið enginn munur gerður á aukaskoðun og aðalskoðun, en þó 25% lægra gjald fyrir almenna aukaskoðun.

Önnur höfuðbreyting, sem frumvarpið felur í sér, er sú, að þar er lagt til að felld verði niður gjaldskrá sú, sem verið hefur í lögunum allt frá upphafi, sbr. IX. kafla.

Telja verður rétt að miða gjöldin við það, að þau standi nokkurn veginn undir kostnaði við skipaeftirlitið. Þegar gjaldskráin er lögbundin er einatt hætt við því, ef verðlag fer hækkandi, að gjöldin dragist aftur úr, þar sem lagabreytingu þarf til að hrófla við þeim. Er af þessu auðsætt, að nauðsynlegt er og eðlilegt, að gjöldin verði ákveðin með reglugerð, sem ráðherra setur.

Þar sem greinatala og tilvitnanir milli greina í lögum um eftirlit með skipum breytist, ef frumvarpið verður að lögum, er í 10. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir, að gefin verði út sem heildarlög lög nr. 68 5. júní 1947 ásamt síðari breytingum.

Nd. 72. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Árið 1951 beittu lýðræðisflokkarnir sér fyrir því, að lögum um þingsköp Alþingis var breytt (lögum nr. 115 19. nóv. 1936), þannig að kosnir skyldu 3 menn úr utanríkismálanefnd til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál. Tilgangurinn með þessari breytingu var — yfirlýstur af fulltrúum lýðræðisflokkanna — að útiloka kommúnista frá meðferð utanríkismála.

Síðan núverandi ríkisstjórn var mynduð, hefur undirnefndin ekki verið kosin og utanríkismálanefnd gerð óstarfhæf og þingsköp Alþingis þannig sniðgengin. Ástæðan fyrir þessu er augljós. Ef undirnefndin væri kosin, fengi stærsti stuðningsflokkur

ríkisstjórnarinnar, kommúnistar, fulltrúa í nefndinni, en það vill stjórnarliðið koma í veg fyrir að vitnist erlendis, þar sem tilkynnt hefur verið, að kommúnistar séu áhrifalausir í utanríkismálum, en utanríkisráðherra ráði öllu.

Með frumvarpi þessu gefa fulltrúar Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins í ríkisstjórninni kommúnistum löggildingu sem samstarfshæfum mönnum um utanríkismál. Geta kommúnistar að þessu leyti unað vel við sinn hlut, þótt ýmsir leyfi sér að telja, að þeir séu ekki traustsins verðir.

Væntanlega verður utanríkismálanefnd látin starfa, eftir að frumvarp þetta hefur fengið afgreiðslu. Þar sem ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar bera ábyrgð á gangi þessara mála, eins og þeim hefur verið hér lýst, teljum við undirritaðir ekki ástæðu til þess að taka þátt í afgreiðslu málsins með atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 13. nóv. 1958.

Ingólfur Jónsson, frsm. Ásg. Sigurðsson.

Ed. 73. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á póstlögum, nr. 31 1940.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

9. málsgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Eyðublöð, sem keypt eru, verða eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð og álímd frímerki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1959.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frumvarp sama efnis, en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu.

Í 17. gr. póstlaga hljóðar næstsíðasta (9.) málsgreinin svo: „Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð."

Það ákvæði þessarar greinar, að póststjórnin fái endurgjaldslaust verðmæt frímerki, sem hún þegar hefur selt fullu verði, hefur löngum sætt gagnrýni og það að vonum. Ólögfróðum manni virðist sem þetta ákvæði höggvi mjög nærri sjálfri stjórnarskránni, en í 67. gr. hennar segir svo um eignarréttinn:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Þetta hæpna ákvæði póstlaganna nær til notaðra íslenzkra frímerkja á fylgibréfum bögglapósts, póstkröfum, póstávísunum o. fl., en þau frímerki hafa yfirleitt mest verðgildi til söfnunar. Þessi verðmætu notuðu merki hrifsar póststjórnin til sín og selur síðan aftur háu verði. Hefur hún þá tvíselt sama hlutinn án þess að borga hann nema einu sinni. Mun þessi háttur, leyfður með lögum, væntanlega vera einsdæmi á viðskiptasviðinu.

Látið hefur verið í það skína, að þetta lagaákvæði væri í samræmi við alþjóðapóstsamninga og því mætti ekki afnema það. Staðhæfing í þá átt er þó röng, enda snertir ákvæðið ekki póstviðskipti við önnur lönd. Hér er um að ræða íslenzk eyðublöð og frímerki, send mönnum hér á landi. Hitt er annað mál, að þessi viðskiptaháttur mun tíðkaður víðar en hér, en það mælir ósómanum ekki bót.

Hagnaður póststjórnarinnar af þessari iðju nemur 70—80 þús. kr. árlega. Er það fé látið renna í Póstmannasjóð sem einn tekjuliður hans. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verðuga póstmenn til hressingar- og kynnisferða, og fá að jafnaði á ári 12—14 menn, aðallega reykvískir, styrk úr honum. Að óreyndu mætti ætla, að póstmönnum sjálfum væri ekki mikill akkur í þessum frímerkjahagnaði, þannig fengnum, og að þeim yrði innan handar að koma auga á aðra og smekklegri fjáröflunarleið.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að úr lögum verði numið fyrirmælið um, að póststjórnin eignist notuð frímerki, án þess að fullt verð komi fyrir, og að viðtakendum póstsendinga verði fenginn sá eignarréttur. sem telja verður að þeim beri.

Nd. 74. Frumvarp til laga [44. mál]

um stofnun og rekstur verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði.

Flm.: Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta reisa á Siglufirði verksmiðju til vinnslu sjávarafurða og niðurlagningar í dósir.

Heimilt er að afla fjár til framkvæmdanna með lántöku innan lands eða utan, allt að 15 milljónum króna.

2. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar 3 manna stjórn og 3 til vara til að sjá um byggingu og starfrækslu verksmiðjunnar, og skal hún skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Stjórnin hefur aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn og varamenn vera þar heimilisfastir.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnarnefndarmanna.

3. gr.

Stjórn verksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og skuldbindur hana eftir reglum um prókúru, nema öðruvísi sé ákveðið.

Stjórn verksmiðjunnar ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjóra og laun.

4. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar skulu vera tveir, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til eins árs í senn.

5. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar skal vera almanaksár. Stjórn verksmiðjunnar skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en svo, að

endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. júlí ár hvert. Að þeim tíma liðnum skal stjórn verksmiðjunnar tafarlaust senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjunnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda og ríkisreikningnum.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir og fasteignir á Siglufirði, eftir því sem verksmiðjan þarf á að halda. Um framkvæmd slíks eignarnáms fer eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

7. gr.

Verksmiðjan skal greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða til bæjarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur með byggingu niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði er sá að hagnýta yfir vetrar- og haustmánuðina það mikla vinnuafl, sem þar er fyrir hendi, og um leið breyta hluta af hráefni því, sem nú er flutt út árlega fyrir 100—150 millj. króna, í verðmæta og fullunna neyzluvöru.

Fyrst um sinn yrði aðallega unnið að því að sneiða niður salfisk og saltufsa og framleiða svonefndan „sjólax“ í olíu. Hefur neyzla þessarar vöru farið mjög ört vaxandi í þeim löndum, sem flytja inn fiskmeti, og hefur ein lítil verksmiðja á Suðurlandi flutt út s. l. tvö ár fyrir hátt á 6. millj. kr. og auðvitað engan veginn annað tíunda hluta eftirspurnarinnar.

Auðvelt er að afla sér hráefnis til þessarar framleiðslu, þar sem saltfiskur er framleiddur í hverju sjávarþorpi á Íslandi.

Útflutningsverðmæti fisksins allt að fjórfaldast með þessu móti.

Annað aðalverkefni verksmiðjunnar er að vinna úr saltsíld, sykursíld og kryddsíld flök og gaffalbita, sem lagt er í olíur og sósur ýmiss konar.

Ekki þarf að fjölyrða um það, að nægilegt hráefni til þessarar vinnslu er ávallt fyrir hendi, þó að aflabrestur verði.

Útflutningsverðmæti síldar, sem unnin er á þennan hátt, allt að því þrefaldast.

Ásamt þessum tveimur aðalframleiðslugreinum verksmiðjunnar mætti svo vinna hrogn, en þau eru flutt út, svo að tugþúsundum tunna skiptir, aðallega til Svíþjóðar, en Svíar vinna þau síðan og selja þau til Ameríku og Grikklands fyrir margfalt hærra verð.

Útflutningsverðmæti hrogna, sem unnin eru á þennan hátt, mundi allt að því sjöfaldast.

Marga mánuði ársins er mikið atvinnuleysi á Siglufirði, sökum þess að gæftir eru slæmar og sjósókn stopul yfir vetrarmánuðina, snjóþungt og óhagstætt fyrir smærri fiskibáta að starfrækja útgerð. Sækja flestir bátanna suður á land yfir vetrartímann og notast þar betur, því að afli er þar meiri og útgerðin þaðan hagstæðari þjóðarbúinu. Af þessu leiðir, að mikill fjöldi verkafólks er atvinnulítill og stundum atvinnulaus með öllu marga mánuði ársins, nema þegar togarar geta flutt afla norður fyrir land og nokkur hluti fólksins þá fengið dag og dag vinnu við nýtingu hans.

Er því brýn nauðsyn að hefjast þegar handa um að koma á fót verksmiðjurekstri, sem gæti hagnýtt sér allt þetta mikla vinnuafl. Slíkur verksmiðjurekstur mundi draga úr flótta fólksins suður á land og draga úr atvinnuleysinu heima fyrir og skapa aukinn gjaldeyri.

Nd. 75. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Pétur Ottesen, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur skortur á húsrými fyrir starfsemi Búnaðarfélags Íslands verið mjög tilfinnanlegur og háð starfi félagsins. Þetta hefur farið hraðvaxandi hin síðustu ár og þá meðal annars vegna þess, að æ bætast ný verkefni við. Alþingi og ríkisstjórn fela sífellt Búnaðarfélagi Íslands ný viðfangsefni. Má þar til nefna starfrækslu vélasjóðs, veiðistjórastarf, svo að dæmi frá síðustu árum séu nefnd. Þetta hefur leitt til þess, að félagið hefur orðið að leigja húsnæði á þremur stöðum úti um bæ, og er þó svo ásett í húsi félagsins, Lækjargötu 14 B, að vart er viðhlítandi.

Samkomulag náðist fyrir nokkrum árum milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um að reisa í félagi hús yfir starfsemi beggja þessara samtaka bændastéttarinnar. Fyrir velvilja og skilning bæjaryfirvalda Reykjavíkur á þessu máli fékkst ágæt lóð á einhverjum glæsilegasta stað í Reykjavík, þ. e. við Hagatorg. Er nú hafin vinna við að reisa hús þar sameiginlega fyrir þessi sambönd bæði. Bygging þessi er mikil og mun að sjálfsögðu kosta stórar fjárhæðir, enda ætlum vér landbúnaðinum það rúm í framtíðarþjóðfélagi voru, að miðstöð félagsmálastarfsemi landbúnaðarins hafi húsnæði, er sé vel við vöxt um alllangan tíma. Með það sjónarmið hefur verið hafizt handa um hið nýja heimili landbúnaðarins.

Á búnaðarþingi, er háð var í febrúarmánuði þ. á., kom fram frá fjárhagsnefnd svo hljóðandi tillaga:

„Búnaðarþing ályktar að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna að því, að lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs verði breytt þannig, að sett verði í lögin ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.“

Þessi tillaga var samþykkt með 18 atkv. gegn 2.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, er haldinn var að Bifröst í Borgarfirði 3.—4. sept. s. l., kom fram svo hljóðandi tillaga:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Bifröst dagana 3. og 4. sept. 1958, ályktar að fela stjórn Stéttarsambandsins að vinna að því, að lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs verði breytt þannig, að sett verði inn í lögin ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík í sömu hlutföllum og eignarhluti þeirra er í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjaldið, sem nú er."

Þessi tillaga var samþykkt með 39 atkv. gegn 8.

Þessar ályktanir sýna ljóslega, að yfirgnæfandi fylgi frá fulltrúum þessara aðalfélagssamtaka bændastéttarinnar er fyrir því að hækka búnaðarmálasjóðsgjaldið næstu fjögur ár og nota það fé, er þannig fæst, til þess að létta undir kostnað við bygginguna.

Ed. 76. Lög [40. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 13. nóv.)

Samhljóða þskj. 65.

Ed. 77. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7 apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, að upphæð kr. 4.88 miðað við vinnuviku, unna í þjónustu hans. Nú verður breyting á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og breytist þá iðgjaldið um næstu áramót í samræmi við það. Við ákvörðun iðgjaldsins skal miðað við meðaltalsgrunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu á síðastliðnu ári. Iðgjald þetta skal greiða með vísitöluálagi, samkvæmt meðalvísitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir árið á undan.

Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 stundir í viku, en brot úr viku telst heil vika.

2. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. bætist:

Nú breytist grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

3. gr.

Frestur sá til endurskoðunar á lögunum, sem settur er í 22. gr., framlengist um tvö ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið hefur verið samið í samráði við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, en meðal annars eiga þar sæti fulltrúar verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. Sjóðstjórnin hefur tjáð sig samþykka því, að frumvarp þetta verði að lögum.

Um 1. gr.

Í 5. gr. laga nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, segir m. a. svo: „Verði breyting á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, breytist iðgjaldið í samræmi við það.“ Á þessu ári hefur umrætt grunnkaup hækkað tvisvar sinnum eða 1. júní s. l. og síðast í september. Við álagningu iðgjalda á næsta ári verður þá að liggja fyrir uppgjöf á launagreiðslum atvinnurekenda í þrennu lagi, fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí, 1. júní til síðast í september og síðast í september til 31. desember. Slík aðgreining er nærri því óframkvæmanleg fyrir atvinnurekendur og skattayfirvöld, svo að nauðsynlegt er að breyta ákvæðum greinarinnar. Í greininni segir, að iðgjald skuli greitt með vísitöluálagi, samkvæmt meðalvísitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir árið á undan. Í samræmi við þetta er hér lagt til, að við ákvörðun iðgjaldsins, skuli miðað við meðaltalsgrunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu á síðastliðnu ári. Dæmi til skýringar: Grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns kr. 10.00 fyrir hvern klukkutíma á tímabilinu 1. janúar til 31. maí, kr. 10.50 á tímabilinu 1. júní til 30. sept. og kr. 12.00 á tímabilinu 1. október til 31. desember.

Meðaltalsgrunnkaup verður þá: (kr. 10.00×5 + kr. 10.50×4 + kr. 12.00×3) : 12 eða kr. 10.67.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 2. gr.

Eðlilegt virðist, að hlutfall bóta og vinnulauna þurfi ekki að raskast, þó að breyting verði á vinnulaunum, sbr. og 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958 um Útflutningssjóð o. fl.

Bætur eru ákveðnar í reglugerðum úthlutunarnefnda og þarf því breytinga á öllum þessum reglugerðum, ef samræma skal bætur breytingum á vinnulaunum nema sérstakt lagaákvæði komi til. Hér er því lagt til, að ráðherra fái heimild að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að breyta bótum í samræmi við breytingar á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu.

Um 3. gr.

Eigi þykir fengin næg reynsla enn af lögunum um atvinnuleysistryggingar til þess, að heppilegt sé, að hefja nú gagngerða endurskoðun á þeim. Það er því lagt til að frestur til endurskoðunarinnar verði lengdur um tvö ár, eða til ársins 1960.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um bann gegn togveiðum í landhelgi.

Flm.: Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta reglugerðum um fiskveiðilandhelgi Íslands frá 30. júní 1958 og 29. ágúst 1958 á þann veg, að bannaðar verði algerlega botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar innan núverandi fiskveiðilandhelgi Íslands.

Greinargerð.

Með reglugerðunum um ákvörðun núverandi fiskveiðilandhelgi Íslands frá 30. júní 1958 og 29. ágúst 1958 er íslenzkum togveiðiskipum veitt heimild til botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiða frá fjögurra til tólf mílna belti fiskveiðilandhelginnar á vissum svæðum og tilteknum tímum.

Hér skal það engan veginn átalið, að þessi ákvörðun var tekin á sínum tíma, en staðreyndin er hins vegar sú, að þessi sérstaða íslenzkra skipa hefur bæði sætt andúð margra Íslendinga og auk þess verið í ríkum mæli notuð af andstæðingum okkar erlendis til þess að torvelda Íslendingum sóknina í þessu lífshagsmunamáli þeirra.

Þessi tillaga er fyrst og fremst flutt til þess að sanna umheiminum það, að Íslendingar telja sérhverja fórn litla, ef hún mætti verða til þess að stuðla að sigri okkar í baráttunni fyrir framtíðartilveru íslenzku þjóðarinnar.

Ed. 79. Frumvarp til laga [48. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 16 9. apríl 1955.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Í heilbrigðisráði eiga sæti landlæknir, sem er forseti ráðsins og framkvæmdastjóri, og fjórir læknar aðrir, er ráðherra skipar til 5 ára í senn. Skal þess gætt eftir föngum, að jafnan eigi sæti í heibrigðisráði kunnáttumaður í hverri þessara sérgreina: heilbrigðisfræði, lyflæknisfræði, handlæknisfræði og geðveikrafræði.

Heilbrigðisráð hefur yfirumsjón með allri heilbrigðisstarfsemi í landinu og er æðsti ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, er varðar heilbrigðismál.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð nánar um starfshætti heilbrigðisráðs, verkaskiptingu innan þess og sérfræðilega aðstoð því til handa. Ráðherra ákveður þóknun ráðsmanna, annarra en landlæknis.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1959, og falla þá jafnframt úr gildi lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er það verksvið landlæknis að vera ráðunautur ráðherra í öllu, sem viðvíkur heilbrigðismálum, og að hafa eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum í landinu, en einkum héraðslæknum og öðrum opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Þessu ákvæði um starfssvið landlæknis hefur verið haldið óbreyttu í lögum í áratugi, enda þótt heilbrigðismálin hafi vaxið og margfaldazt og tekið miklum stakkaskiptum á ýmsan hátt. Það er nú jafnfráleitt að fela einum manni lögákveðið hlutverk landlæknis sem það var sjálfsagt fyrr á tímum. Sérstaklega er það á einksis manns færi lengur að vera ráðgjafi stjórnarvalda í öllu, sem heilbrigðismál varðar.

Í læknisfræði hafa orðið stórstígar framfarir á síðustu áratugum, og má heita, að hún bæti við sig á ári hverju nýjum, mikilsverðum atriðum þekkingar og tækni.

Er það raunar fyrir löngu orðinn ógerningur einum manni að fá nema rétt nasasjón af öllum greinum læknisfræðinnar eða fylgjast með öllum nýjungum á sviði hennar.

Samfara bættum lífskjörum þjóðarinnar hafa kröfurnar um aukna heilbrigðisþjónustu aukizt jafnt og þétt. Ný sjúkrahús og hæli rísa af grunni, víðtæku kerfi sjúkratrygginga er komið á fót og fjölþætt heilsuverndarstarfsemi, sem vart þekktist fyrir fáum áratugum, er nú í örum vexti. Jafnvel meginverkefni á sviði heilbrigðismála eru að breytast og verða önnur en þau voru. Heilsuverndin skipar þegar veglegan sess við hlið sjúkrahjálparinnar. Farsóttir og aðrir sjúkdómar voru áður brýnasta vandamálið, en eru það ekki lengur. Nú blasa önnur vandamál við, svo sem hrörnunarsjúkdómar og geðbilanir, og skapa ný viðhorf.

Það er ekki forsvaranlegt lengur að fela landlækni einum að vera æðsti ráðunautur hins opinbera í öllum heilbrigðismálum. Enginn einn maður hefur þar næga yfirsýn. Jafnvel þótt landlæknir eigi þess kost að leita álits sérfróðra aðila í einstökum málum og geri það, verður það um of háð hans eigin skapgerð, að hve miklu leyti önnur sjónarmið en hans persónulega fá að njóta sín, og þannig verður það, á meðan hann einn er æðsti ráðgjafinn.

Í nálægum menningarlöndum er fyrirkomulag þessara mála allt annað en hér og ekki treyst á hæfni eins manns. Í Danmörku er sérstakri stofnun (Sundhedsstyrelsen) falið það hlutverk að hafa yfirumsjón með heilbrigðisstarfseminni og vera æðsti ráðgjafi stjórnarvalda í heilbrigðismálum. Kjarni þeirrar stofnunar er ráð sjö lækna. Er „landlæknirinn“ einn þeirra og jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar, en ráðinu til aðstoðar er fjöldi fastra ráðunauta, sem eru sérfróðir hver á sínu sviði.

Þótt Ísland sé fámennt í samanburði við nágrannalöndin og umfang heilbrigðismála hér að sama skapi minna en annars staðar, þá eru heilbrigðisleg verkefni og vandamál þó hin sömu, jafnmargháttuð og jafnvíðtæk. Þörfin á glöggri yfirsýn er því engu minni hér en í öðrum menningarlöndum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að heilbrigðisráð hafi eftirlit með allri heilbrigðisþjónustu í landinu og sé æðsti ráðunautur hins opinbera í heilbrigðismálum, að þetta ráð verði skipað fimm læknum, er hver hafi sína sérkunnáttu, og að landlæknir verði forseti og framkvæmdastjóri ráðsins. Með slíkri skipun þessara mála mundi embætti landlæknis ekki setja neitt ofan, nema síður væri, en heilbrigðisstjórn landsins fá aukna tryggingu fyrir því, að heildarsýn mála væri jafnan sem gleggst og hverju einstöku máli gerð þau skil, er bezt hæfði

Það er gert ráð fyrir því, að landlæknir verði eftir sem áður fastur embættismaður, skipaður af forseta, en að aðrir ráðsmenn verði tilnefndir af ráðherra til fimm ára í senn. Má ganga út frá, að hinir síðarnefndu ráðsmenn gegni öðrum störfum jafnhliða og að eðlilegt þyki, að tilhögun starfs þeirra sem ráðsmanna svo og launakjör verði ákveðin síðar í reglugerð, er ráðherra setur.

Nd. 80. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Magnús Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959, og er jafnframt úr gildi numin 3. gr. laga nr. 20/ 1947.

Greinargerð.

Með lögum um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, nr. 22 30. jan. 1945, er sérleyfishöfum gert að greiða svokallað sérleyfisgjald. Er gjaldi þessu ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd umræddra laga, en í annan stað skal því varið til að koma upp afgreiðslustöðvum fyrir sérleyfisbifreiðar.

Með 3. gr. laga nr. 20 12. marz 1947 var gerð sú breyting á 7. gr. laga um Ferðaskrifstofu ríkisins, nr. 33 1. febr. 1936, að heimilt skuli vera að greiða kostnað við rekstur skrifstofunnar af sérleyfisgjaldi bifreiða. Felur því 7. gr. laga um Ferðaskrifstofu ríkisins nú í sér þessa heimild.

Í samræmi við þetta ákvæði hefur hallinn á rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins árum saman verið greiddur úr sérleyfissjóði með þeirri afleiðingu, að ekkert fé hefur safnazt í sjóðinn.

Vegna síaukinna flutninga með bifreiðum, einkum vöruflutninga, víðsvegar um landið hefur vaxið þörfin á afgreiðslumiðstöðvum fyrir sérleyfisbifreiðar. Er einkum brýn nauðsyn að koma upp slíkri afgreiðslumiðstöð í Reykjavík, því að þaðan og þangað eru flutningarnir mestir. Stundar fjöldi bifreiða þessa flutninga, en afgreiðsla þeirra er á mörgum stöðum í bænum. Veldur þetta miklum erfiðleikum fyrir bæði þá, sem flutningana annast, og þó eigi síður viðskiptavinina, og loks er hér um umferðarvandamál að ræða.

Félag sérleyfishafa hefur hvað eftir annað borið fram ósk um það, að sérleyfisgjaldinu yrði varið til að koma upp nauðsynlegum afgreiðslustöðvum. Verður sú ósk að teljast mjög sanngjörn og vitanlega miklu eðlilegra, að sérleyfisgjaldinu sé varið til afgreiðslustöðva fyrir bifreiðar, heldur en til að greiða kostnað við Ferðaskrifstofu ríkisins.

Nd. 81. Lög [12. mál]

um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Nd. 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 68.

Ed. 82. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Aftan við liðinn I. 2 bætist: eða í Vopnafjarðarkauptúni.
b. Liðurinn I. 3 orðist svo:
Kirkjubær: Kirkjubæjar-, Sleðbrjóts-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Stóri-Bakki eða þar, sem sameiginlegur barnaskóli fyrir Hlíðar- og Tunguhrepp verður byggður.
c. Liðurinn I. 4 orðist svo:
Eiðar: Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Eiðar.
d. Aftan við liðinn II. 11 bætist: eða í Búðakauptúni.
e. Aftan við liðinn III. 14 bætist: eða í Hafnarkauptúni.

f. Aftan við liðinn VI. 28 bætist: eða Torfastaðir.
g. Í stað „Hvanneyri“ í liðnum IX. 52 komi: Staðarhóll.
h. Aftan við liðinn X. 55 bætist: eða í Borgarnesi.
i. Aftan við liðinn XI. 60 bætist: eða í Grundarfjarðarkauptúni.
j. Liðurinn XV. 79 orðist svo:
Ögurþing: Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur í Súðavík.

2. gr.

Á eftir orðunum „Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum“ í 6. gr. laganna bætist: Kirkjubæ, Eiðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að nokkru flutt eftir óskum manna í Kirkjubæjar- og Hofteigsprestaköllum, en að nokkru til að gera mögulegt, að prestar geti búið á öðrum stöðum en þar, sem nú eru lögboðin prestssetur, ef slíkt þykir hentara í framtíðinni.

Framtíðin virðist bera í skauti sínu þær óskir fyrir hönd prestanna, að þeim sé ætlaður bústaður í þéttbýli, eftir því sem hægt er, og ekki neyddir til að stunda búskap. Miða breytingarnar að því að gera mögulegt að verða við þeim óskum án þess að þurfa að brjóta lög.

Ed. 83. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:
Fyrir „Flögu“ í C. 46 (Hörgárdalsvegur innri) komi: Ásgerðarstöðum.

Nd. 84. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
a. Fyrir orðin „Á eftir 4. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 5. gr.“ komi: Á eftir 2. málsgr. 13. gr. laganna komi ný málsgr.
b. Fyrir orðið „skal“ komi: má.
c. Fyrir orðið „valda“ komi: hindra.
2. Fyrirsögn orðist svo:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nd. 85. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:
Kirkjubær: Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:
Eiðar: Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Eiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram í samræmi við yfirlýstan vilja sóknarnefnda í hlutaðeigandi söfnuðum og miðar að því, að prestur verði búsettur á Eiðum og fái þannig betri aðstöðu til að vinna fyrir skólana þar, alþýðuskólann og barnaskólann.

Ed. 86. Frumvarp til laga [52. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1959 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir, eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim.

Nd. 87. Frumvarp til laga [53. mál]

um skipulagningu samgangna.

Frá samgöngumálanefnd.

I. KAFLI
Um sérleyfi.

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum né flugvélum, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni, samkvæmt því, sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Sérleyfi þarf til þess að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum sem stærri eru en svo, að þær rúmi 8 farþega. Sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 3—8 farþega. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðinni á ákveðinni leið.

Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, sem flytja að staðaldri framleiðsluvörur, en rúma auk þess allt að 8 farþega, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningaferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

3. gr.

Sérleyfi þarf til að halda uppi flugferðum í atvinnuskyni til flutninga á fólki eða varningi hér á landi.

Sérleyfi fylgir einkaréttur til reksturs áætlunarflugs á þeirri flugleið, sem leyfið gildir fyrir, og jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarflugi á flugleiðinni, eftir því, sem flutningaþörf á henni krefur.

Nú getur sérleyfishafi ekki haldið uppi áætlunarflugi í 3 daga samfleytt, vegna viðgerðar á flugvél eða af öðrum orsökum, sem varða sérleyfishafann, og getur þá ráðherra falið öðrum sérleyfið á meðan.

Nú verða óvenju miklir flutningar á flugleið, t. d. vegna héraðsmóta, hátíðasýninga eða annarra samkoma, og getur þá ráðherra heimilað fleiri aðilum að fljúga á sömu flugleið, á meðan hinir óvenjulegu flutningar standa yfir, enda geti sérleyfishafinn ekki fjölgað ferðunum nægilega.

Sérleyfi þarf ekki til tækifærisferða, þar með talið hringflug í nágrenni lendingarstaðar, með flugvélum, sem rúma fjóra farþega eða færri.

4. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri flug- eða landleið, og er ráðherra þá heimilt að veita það, með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. Að sérleyfið gildi fyrir fimm ár og sé óframseljanlegt.
b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða eða ákveðinn fjölda flugferða, á tilteknum leiðum og sé við það miðað, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfið við ákveðna gerð bifreiða eða flugvéla.
c. Að sérleyfishafinn fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð, um búnað bifreiða eða flugvéla, til öryggis og þæginda farþegum.
d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar eða flugvélar vera í förum samkvæmt áætlunum, reglum og flutningagjaldskrá, sem ráðherra setur.
e. Að sérleyfishafi sé skyldur til að flytja póst samkvæmt gjaldskrá og reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum póststjórnarinnar.
f. Að bifreiðastjórar á bifreiðum, sem lög þessi ná til, og áhafnir flugvéla fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru á hverjum tíma samkvæmt lögum eða öðrum ákvæðum til öryggis farþegum.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þremur mánuðum áður en sérleyfi fellur úr gildi.

II. KAFLI
Um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

6. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga bifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum sveitarstjórnar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur eru fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar takmarkaður er hverju sinni fjöldi leigubifreiða samkvæmt lögum þessum. Samgöngumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

7. gr.

Leyfi til leigubifreiðaaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

III. KAFLI
Um skipaútgerð ríkisins.

8. gr.

Skipaútgerð ríkisins, í lögum þessum nefnd Skipaútgerðin, sem starfað hefur síðan á árinu 1929, er eign ríkissjóðs og skal rekin sem ríkisstofnun, undir yfirstjórn samgöngumálaráðherra.

9. gr.

Skipaútgerðin skal hafa með höndum útgerðarstjórn allra strandferðaskipa ríkisins, svo og aðra útgerðarstjórn, sem henni kann að verða falin. Skipaútgerðin ákveður, frá hvaða höfnum skip hennar er gerð út. Um réttindi og skyldur Skipaútgerðarinnar sem útgerðaraðila fer eftir almennum lögum.

10. gr.

Forseti Íslands skipar forstjóra Skipaútgerðarinnar, en ráðherra setur honum erindisbréf. Um laun forstjórans fer eftir launalögum.

11. gr.

Ráðherra ákveður starfsmannahald Skipaútgerðarinnar, að fengnum tillögum forstjóra, en forstjóri ræður starfsmenn, nema annað sé ákveðið í lögum.

12. gr.

Ráðherra ákveður laun fastra starfsmanna, að því leyti sem þau eru ekki ákveðin í lögum.

13. gr.

Heimilt er ráðherra að veita Skipaútgerð ríkisins sérleyfi til allt að því fimm ára í senn til flutninga á fólki og vörum til og frá höfnum í sýslu eða kaupstað, enda liggi fyrir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

IV. KAFLI

Um skipulagsnefnd samgangna.

14. gr.

Samgöngumálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum, þar á meðal samræmingu ferðaáætlana sérleyfisbifreiða, flugvéla, strandferðaskipa ríkisins og flóabáta, er njóta styrks úr ríkissjóði, skal vera fimm manna nefnd, er nefnist skipulagsnefnd samgangna. Skulu nefndarmenn, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn.

Samgöngumálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðist hún af sérleyfisgjaldinu.

15. gr.

Nefndin skal í störfum sínum leita umsagna hjá þeim aðilum eða samtökum þeirra aðila, sem annast starfsemi þá, sem lög þessi ná til.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar til fólksflutninga með bifreiðum skulu greiða sérleyfisgjald, 3% — þrjá af hundraði — af andvirði seldra farmiða. Sérleyfishafar á flugleiðum skulu greiða sérleyfisgjald 0.5% — hálfan af hundraði — af andvirði seldra farmiða á innanlandsflugleiðum. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn samgangna samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar og til að bæta aðbúð farþega á langleiðum, enda komi mótframlag annars staðar að til þeirra framkvæmda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

17. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf skipulagsnefndar samgangna, að fengnum tillögum nefndarinnar, svo og um skipulagningu samgangna almennt samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 500—50 000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal með mál út af slíkum brotum farið að hætti opinberra mála. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 53 10. nóvember 1913, um strandferðir, lög nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og síðari breytingar á þeim lögum, og lög nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum ásamt breytingu á þeim lögum, nr. 29 14. maí 1958, svo og önnur ákvæði, sem í bága kunna að fara við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða:

Skipunarbréfi núverandi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins skal breytt til samræmis við erindisbréf það, er ráðherra setur honum skv. 10. gr.

Núverandi starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins skulu halda störfum sínum og launakjörum með sama hætti og fyrir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumvarp þetta að beiðni samgöngumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundna afstöðu til málsins. Frá ráðuneytinu fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er að mestu leyti samhljóða frumvarpi til laga um skipulagningu samgangna, sem samið var af milliþinganefnd í samgöngumálum, sem Alþingi kaus 15. marz 1956, samkvæmt þingsályktun sama dag, og skilaði áliti í febrúar 1958. Gerðar hafa verið breytingar á 14., 16. og 19. gr. frumvarps nefndarinnar.

Frumvarpi nefndarinnar fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Eitt af því, sem vakað mun hafa fyrir Alþingi, er það kaus milliþinganefnd til athugunar á skipulagi samgangna innanlands, er, að starfsemi hinna þriggja höfuð-samgönguþátta, á landi, á sjó og í lofti, verði samræmd og skipulögð á þann hátt, að óþörf samkeppni minnki. Kemur þetta m. a. bæði fram í orðalagi þingsályktunarinnar frá 15. marz 1956 og einnig í greinargerð þingsályktunartillögunnar. Í þingsályktunartillögunni er nefndinni falið að gera tillögur um „skipulag samgangna þessara," þ. e. innanlands, á landi, á sjó og í lofti, „þannig að þær verði í heild sem hagkvæmastar fyrir allar byggðir landsins, en kostnaði þó í hóf stillt svo sem auðið er." Í greinargerð þingsályktunartillögunnar (þskj. 446) segir m. a., að fyrir fjárveitinganefnd, sem flutti tillöguna, vaki, að „fundinn yrði grundvöllur fyrir heppilegu og hagkvæmu samstarfi allra þeirra aðila, sem að rekstri samgangna standa."

Nefndin hefur kynnt sér samgöngumál innanlands rækilega, og virðist að þörf sé bætts og aukins skipulags á þeim. Bæði er nauðsynlegt að tryggja betri þjónustu, með auknu eftirliti, og samræmi í far- og flutningsgjaldi og auk þess veita þeim, sem rekstur samgangna annast, aukna tryggingu fyrir að njóta þeirra viðskipta, sem til falla á sérleyfissvæðinu.

Fólksflutningar með bifreiðum, þ. e. samgöngur á landi, eru nú að heita má sá eini hinna þriggja þátta samgangnanna, sem skipulagður er. Sú skipulagning komst á með lögum nr. 62, 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og hafa þau lög haldizt lítið breytt til þessa dags, þótt þau hafi tvisvar verið gefin út að nýju með smávægilegum breytingum, nú síðast sem lög nr. 42, 4. apríl 1956. Munu flestir, sem til þekkja, vera sammála um, að skipulagning sú, sem komst á 1935 með framangreindri löggjöf, hafi orðið til þess að þoka þessum málum í betra horf. Þá eru einnig í gildi önnur lög, er varða samgöngur innanlands, en það eru lög um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 1957.

Um strandferðir og flutninga á sjó, eru engin slík ákvæði í lögum.

Í lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, segir svo í 3. gr.:

„Heimilt er ráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, að veita einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan."

Slíkar reglur voru settar þegar árið 1947, nr. 13 28. janúar, og byggðar á loftferðalögunum, nr. 32 14. júní 1929. Í framkvæmd hefur þessum málum verið þannig háttað síðustu árin, að Flugfélag Íslands h.f. hefur eitt haldið uppi reglubundnum áætlunarflugferðum innanlands. Flugfélag Íslands h.f. fékk sérleyfi til flugferða innanlands árið 1952, á sautján tilteknum flugleiðum. Sérleyfi þetta er nú runnið út, en hefur ekki verið endurnýjað, og starfrækir því Flugfélag Íslands h.f. innanlandsflugferðir sínar án sérleyfis.

Það er ljóst, að sérleyfi á ákveðinni flutningaleið tiltekinn tíma er mikilsverð atvinnutrygging hverjum þeim aðila, sem samgöngur annast. Með slíka tryggingu að bakhjarli um meiri og stöðugri viðskipti eru vaxandi líkur til, að sérleyfishafi sjái sér fært að bæta þjónustu sína fremur en ella, um leið og komið er á fót opinberu eftirliti með þjónustunni, verði og ferðafjölda.

Nefndin telur, að nauðsynlegt sé, að samgöngumálin í heild verði skipulögð undir sameiginlegri stjórn, á svipaðan hátt og ferðir sérleyfisbifreiða nú eru. Telur nefndin, að á þennan hátt megi koma í veg fyrir árekstra og kostnaðarsama samkeppni milli samgöngugreinanna.

Nefndin hefur því samið frumvarp til laga um skipulagningu samgangna. Frumvarpið miðar að því að koma á fót sameiginlegri stjórn allra samgöngumála, skipulagsnefnd samgangna, undir yfirstjórn samgöngumálaráðuneytisins. Myndi slík skipulagsnefnd samgangna ná til samgangna á landi og í lofti með sérleyfaákvæði frumvarpsins, sem lagt er til að nái áfram til fólksflutningsbifreiða, yfir tiltekinni stærð, og einnig til flugsamgangna. Til samgangna á sjó myndi skipulagsnefnd ná með íhlutunarrétti um áætlanir strandferðaskipa og ríkisstyrktra flóabáta. Ekki er lagt til, að Skipaútgerð ríkisins né flótabátum verði veitt almennt sérleyfi, en ráðherra heimilað að veita Skipaútgerðinni slíkt sérleyfi, ef samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar liggur fyrir.

Skal nú leitazt við að skýra frumvarpið nánar í einstökum atriðum.

Um 1. kafla.

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða hinu almenna ákvæði í 1. mgr. 1. gr. l. nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, nema hér er sérleyfisskyldan einnig látin ná til flugvéla.

Um 2. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 2. gr. laga nr. 42/1956.

Um 3. gr.

Hér er grein um sérleyfi til flugferða í atvinnuskyni, hliðstæð ákvæðum 2. gr. frumvarps þessa, um bifreiðar.

Gert er ráð fyrir, að skipulagsnefnd samgangna eða ráðuneytið meti, hvað telja skuli „flutningaþörf“ á ákveðinni flugleið, sbr. 2. mgr. Tryggja verður á þennan hátt, að sérleyfisfyrirkomulagið, sem í raun og veru veitir sérleyfishafa einkaaðstöðu, rýri ekki þjónustuna við almenning frá því, sem vera myndi, ef samkeppni væri frjáls. 4. mgr. greinarinnar á við það, er haldnar eru svo fjölsóttar skemmtanir eða samkomur (t. d. þjóðhátíð í Vestmannaeyjum) á stöðum, sem falla undir sérleyfisákvæðin, að sérleyfishafinn, hvort sem væri, gæti ekki annað flutningaþörfinni. Er ljóst, að sérleyfisskipanin má ekki vera tálmi fyrir ferðamenn, og verður því, er svo stendur á, sem í greininni víkur að, að leysa vandann með því að leyfa fleiri aðilum en sérleyfishafa að fljúga á sömu flugleið, á meðan hinir óvenjulegu flutningar standa yfir, ef sérleyfishafi sjálfur ekki getur fjölgað ferðum nægilega.

Um 4. gr.

Grein þessi felur í sér almenn ákvæði varðandi sérleyfin og réttindi og skyldur sérleyfishafa, bæði til fólksflutninga með bifreiðum, og er sá kafli mjög sniðinn eftir 3. gr. laga nr. 42/1956, og til fólksflutninga með flugvélum.

Nefndin hefur lagt til, að sérleyfistímabilið verði fimm ár. Þykir rétt að gefa þeim, sem kaupa dýr flutningatæki til að rækja sérleyfisskyldur sínar, eigi skemmri tryggingu en fimm ár fyrir að halda leyfinu, ef þeir rækja sérleyfisskyldur sínar vel.

Með b-lið greinarinnar er ráðherra, eða þeim sem fara með stjórn þessara mála fyrir hönd ráðherra, fengið vald til að hafa áhrif á ferðafjölda og tegundir farartækja, en þetta getur oft verið nauðsynlegt.

Í d-lið er ráðherra fengið vald til að setja gjaldskrá, sbr. nú 3. gr. laga nr. 42/1956, d-lið. Varðandi flugið er þetta nýmæli.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 5. gr. laga nr. 42/1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Um II. kafla.

Um 6. og 7. gr.

Kafli þessi er samhljóða lögum nr. 40/1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum. Hefur nefndinni þótt rétt að taka þessi lög hér upp í þennan lagabálk um skipulag samgangna innanlands.

Nefndin ætlast að sjálfsögðu til, að reglugerðir þær, sem settar hafa verið um takmörkun á tölu vöru- eða fólksflutningabifreiða í ýmsum kaupstöðum, með stoð í eldri lögum, haldi gildi sínu áfram fyrst um sinn.

Um III. kafla.

Kafli þessi er að miklu leyti samhljóða frumvarpi, sem tveir alþingismenn fluttu árið 1952 (þskj. 230).

Fylgdi frumvarpinu þá svo hljóðandi greinargerð:

„Starfsemi ríkisins er svo margþætt, að verkaskipting er óhjákvæmileg, enda hefur þeirri skipan verið komið á, að sérstakar ríkisstofnanir annist framkvæmd vissra starfsgreina. Ákvæði eru í lögum um flestar þessar ríkisstofnanir, þar sem mælt er fyrir um stjórn þeirra, verksvið, réttindi og skyldur. Þannig er því háttað um vegamál, vita- og hafnarmál, flugmál, póst- og símamál, raforkumál, landssmiðju og ýmsar heilbrigðis- og menntastofnanir. Skipaútgerð ríkisins hefur starfað síðan 1929. Hefur þegar fengizt góð reynsla af störfum hennar, og er tími til þess kominn að ákveða með lögum verksvið þeirrar ríkisstofnunar.

Ákvæði þessa frv. eru í samræmi við starfshætti Skipaútgerðarinnar og þá reynslu, sem fengizt hefur í þessu efni.“

Frumvarp þetta var eigi útrætt. Auk þess sem nefndin ekki hefur tekið upp nafnið „útgerðarstjóri“ á forstjóra Skipaútgerðarinnar, eins og gert var í fyrra frumvarpinu, heldur notar það heiti, sem nú er í launalögum, er í 13. gr. frumvarps þessa ákvæði, sem ekki var í frumvarpinu frá 1952.

Hér er lagt til að ráðherra verði heimilað að veita Skipaútgerðinni sérleyfi til fimm ára í senn til flutninga til eða frá ákveðnum höfnum í sýslu eða kaupstað, en þá verður að koma til samþykki sýslunefndar, ef um höfn er að ræða utan kaupstaðar, eða bæjarstjórnar, ef um kaupstað er að ræða.

Þetta ákvæði er sett til að tryggja Skipaútgerðina gegn óheilbrigðri samkeppni, en víða þykja brögð að því, að fiskibátar hlaupi inn í verkefni Skipaútgerðarinnar á þeim leiðum, sem arðvænlegar þykja, og reyna slíkir bátar þá að fá til flutnings þær vörutegundir, sem há farmgjöld eru greidd fyrir.

Slíkt verður að teljast óeðlilegt, ef þjónusta sú, sem strandferðaskipin veita, er fullnægjandi fyrir viðkomandi byggðarlag. Það er um þetta síðastnefnda atriði,

sem álit hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar á að votta. Sé þjónusta Skipaútgerðarinnar ekki talin fullnægjandi, væri ekki heimilt að veita Skipaútgerðinni sérleyfi.

Um IV. kafla.

Eins og skýrt kemur fram af orðalagi 14. gr., er gert ráð fyrir, að skipulagsnefnd starfi sem ráðgjafaraðili, undir yfirstjórn samgöngumálaráðuneytisins. Jafnframt fellur niður starf núverandi skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum, samkvæmt lögum nr. 42/1956.

Nefndin leggur ekki til, að fulltrúar samtaka hinna ýmsu aðila, er samgöngur annast, séu teknir inn í skipulagsnefnd samgangna. Er ljóst, að þá myndi skipulagsnefndin, sem samkvæmt því, sem lagt er til í frumvarpinu, myndi ná til allra þriggja þátta samgangnanna, verða allt of fjölmenn og þung í vöfum.

Með ákvæði 15. gr. er leitazt við að tryggja, að samtök þeirra aðila, sem afskipti skipulagsnefndarinnar beinast að, fái að koma tillögum sínum og skoðunum á framfæri við nefndina.

Um V. kafla.

Um 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 3. gr. l. nr. 42/1956, þó er aðeins heimilt að verja fé sérleyfisgjaldasjóðs til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, sem í gildandi lögum er ákveðið.

Nefndin hefur gert ráð fyrir, að sérleyfisgjald verði ekki aðeins greitt af ferðum sérleyfisbifreiða, heldur einnig af seldum flugfarmiðum á innanlandsleiðum, en lægra á flugleiðum. Þótti nefndinni rétt, að nokkuð af væntanlegum kostnaði við skipulag samgöngumálanna væri einnig lagt á flugfarmiða. Hins vegar telur nefndin, að skipulag samgangna á landi verði umsvifameira en í lofti, og er því gert ráð fyrir hærri hundraðshluta þar, enda skal einnig verja hluta af sérleyfisgjaldinu til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, og er ekki eðlilegt að miða sérleyfisgjald af flugfarmiðum við þátttöku í kostnaði við þær framkvæmdir.

Nefndin telur líklegt, að kostnaður við hið nýja skipulag verði litlu meiri en við skipulag fólksflutninga með bifreiðum nú, samkvæmt lögum nr. 42/1956. Þá telur nefndin rétt að hætta að greiða rekstursha lla Ferðaskrifstofu ríkisins af sérleyfisgjaldinu, eins og heimilað er í gildandi lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins og ákveðið hefur verið í fjárlögum undanfarinna ára (13. gr. B, III).

Um 17. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. laga nr. 42/1956, að öðru leyti en því, að lágmark og hámark sekta fyrir brot gegn lögunum eru hækkuð.

Um 19. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Ed. 88. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 20. nóv. 1958.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.
Jóhann Þ. Jósefsson. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 89. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Framan við 1. gr. bætist:
Á eftir A. 73 komi nýr liður:
Dalavegur í Vestmannaeyjum: Frá Landakirkju til flugvallar.

Nd. 90. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Kjartani J. Jóhannssyni og Eiríki Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður, svo hljóðandi:
Á eftir B. 114 kemur nýr liður:
Kletthálsvegur: Af Kletthálsi á Barðastrandarvegi á Ögurveg nálægt botni Ísafjarðar.

Nd. 91. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lagaákvæði, sem nú gilda, verði framlengd óbreytt fyrir árið 1959.
Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.
Einn nefndarm., JóhH, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 20. nóv. 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Ólafur Björnsson.

Nd. 92. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frumvarpinu er lagt til, að fyrirmæli laga nr. 92/1957 verði framlengd óbreytt um eitt ár.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Einn nefndarmanna, JóhH, var fjarstaddur, þegar málið var tekið fyrir í nefndinni.

Alþingi, 20. nóv. 1958.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Ólafur Björnsson, frsm.

Einar Olgeirsson.

Nd. 93. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er samhljóða lögum nr. 93/1957, sem gilda fyrir árið 1958.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

JóhH var fjarverandi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 20. nóv. 1958.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.

Ólafur Björnsson.

Sþ. 94. Breytingartillaga [41. mál]

við till. til þál. um endurskoðun ábúðarlaga.

Frá Jóni Pálmasyni.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 3 manna milliþinganefnd til að endurskoða ábúðarlögin, og sé því lokið svo fljótt, að frumvarp um breytingar á lögunum geti orðið lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 95. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna þeirra erfiðleika, sem nú eru á útvegun efnis til bygginga, þykir rétt að lengja um eitt ár þann frest, sem sá, er byggir, hefur til að fullgera hús.

Ed. 96. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

2. málsgr. 53. gr. orðist svo:

Frá 1. júní 1958 skulu bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24/1956 um almannatryggingar, svo og í 36., 37., 38. og 39. gr. sömu laga hækka um 5%. Frá sama tíma skal lágmark sjúkradagpeninga samkv. 53. gr. svo og hámark 3 mánaða fæðingarstyrks samkv. 84. gr. sömu laga hækka um 5%. Sama gildir um bætur samkv. lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að hækkun sú, sem ákveðin er á almannatryggingabótum í lögunum um útflutningssjóð taki einnig til slysadagpeninga og dánarbóta, þegar um er að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, svo og sjúkradagpeninga og fæðingarstyrks samkvæmt 84. gr. sömu laga, svo sem nánar segir í 1. gr. frv.

Frumvarp þetta þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um steinsteyptan veg frá Hafnarfirði til Sandgerðis yfir Keflavík og Garð.

Flm.: Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fullnaðaráætlun um lagningu steinsteypts vegar frá Hafnarfirði yfir Keflavík og Garð til Sandgerðis. Sé

að því stefnt, að áætlunin verði tilbúin það snemma, að auðið verði að hefja framkvæmdir á árinu 1959. Verði eigi talið fært að veita í fjárlögum nægilega háa fjárveitingu til þess, að verkinu geti orðið lokið á fáum árum, skal ríkisstjórnin afla sér heimildar til lántöku í því skyni.

Greinargerð.

Það er sízt vonum fyrr, að fram komi á Alþingi tillaga um, að lagður verði steinsteyptur vegur frá Hafnarfirði til verstöðvanna á Suðurnesjum, svo augljós þörf sem á því er, að bætt verði úr því vandræðaástandi, sem lengi hefur ríkt í þeim efnum og stöðugt fer versnandi. Drættinum veldur margt, sem hér skal ekki gert að umræðuefni, en mest þó það, að annars vegar er hér um að ræða dýra framkvæmd, en hins vegar jafnan margar kröfur gerðar á hendur ríkissjóði og flestar af nokkurri nauðsyn.

Nú er hins vegar svo komið, að ekki er auðið að láta lengur við svo búið standa um vegi eða öllu heldur þó vegleysur Reykjanesbúa.

Vegurinn frá Hafnarfirði til Keflavíkur er langsamlega fjölfarnasti vegur hér á landi. Fara daglega um nokkurn hluta hans 1800 stærri og smærri bifreiðar allan ársins hring, en færri um meginkaflann, þó ekki undir 1000—1200 bifreiðar daglega. Skal þess getið til fróðleiks, að sérleyfisbifreiðar einar flytja árlega um þennan veg nokkrum tugum þúsunda manna fleiri en allir landsmenn eru. Eru þá ótaldir einkabílar og leigubílar, sem alltaf eru þar á ferð, daga og nætur, allan ársins hring.

Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn vegagerðar þessarar. Þeir vita gleggst, sem reynt hafa, að lengst af má telja þennan veg nær ófæran, og í þeim efnum eru vitnin nægjanlega mörg, svo sem að framan greinir. En oft er það haft á orði, að þeir, sem á Suðurnes koma um langan veg, svo sem frá Hornströndum, Langanesi eða Austfjörðum, telja sig fyrst komast í hann krappan, þegar suður fyrir Hafnarfjörð kemur, og munu það engar ýkjur.

Ástandið í þessum efnum er orðið með öllu óþolandi. Gildir þar einu, hvort litið er á þægindi þeirra, er um veginn fara, eða eingöngu fjárhagshlið málsins. Er augljóst mál, að slit á vagni, vél og hjólbörðum er nú margfalt við það, sem verða mundi, ef um steinsteyptan veg væri að ræða. Hið sama gildir, þótt í minna mæli kunni að vera, um eyðslu á benzíni, og er þá ótalinn hinn gífurlegi viðhaldskostnaður, sem ríkissjóður greiðir, til þess að þetta Ódáðahraun íslenzkra vega eigi að heita bílfært.

Hér skal ekki rætt um kröfurétt Reykjanesbúa til þessarar vegagerðar, en verði hann vefengdur, er vandalítið að leiða að honum sterk rök og þar á meðal hvern skerf þetta hérað leggur í þjóðarbúið með hinni miklu framleiðslu sjávarafurða, og kemur þó margt fleira til.

Ekki skal fullyrt um, hver kostnaður fylgir þessari framkvæmd, en samkvæmt upplýsingum, sem hv. fyrri þingmaður Rangæinga, Ingólfur Jónsson, gaf í framsöguræðu, er hann flutti hér á Alþingi nýverið í sambandi við mjög athyglisverða tillögu hans um vegagerð úr steinsteypu, mundi vegur frá Hafnarfirði til Keflavíkur vart kosta yfir 30 millj. kr., en frá Keflavík til Sandgerðis yfir Garðinn um 10—15 millj.

Er þetta að sönnu mikið fé, en yrði framkvæmd t. d. deilt á fjögur ár, mundi árlegt framlag ríkissjóðs aðeins nema sem næst einum af hundraði af árlegum heildarútgjöldum ríkissjóðs. Að verkinu loknu mundi svo árlega sparast í viðhaldskostnaði og gjaldeyri til kaupa á farartækjum og benzíni sem nemur margföldum vöxtum þessa stofnkostnaðar ríkissjóðs.

Vaxi mönnum í augum kostnaður við þessa framkvæmd, er engin fjarstæða að taka til athugunar, hvort rétt þætti að leggja skatt, er næmi örfáum krónum, á hverja bifreið, er um veginn fer. Mundi með því móti auðið án tilfinnanlegra útgjalda fyrir ferðamenn að afla ríkissjóði tekna, er nægðu til vaxtagreiðslu af

stofnkostnaði og jafnvel að einhverju leyti til afborgana, sem þó ríkissjóður að eðlilegum hætti gæti staðið undir vegna sparnaðar á vegaviðhaldinu. Telji menn rétt að leggja inn á þessa braut, mun að sjálfsögðu af því leiða, að sams konar gjöld verður að leggja á þá, sem ferðast um aðra steinsteypta vegi, sem í framtíðinni hljóta að verða lagðir hér á landi.

Að lokum þykir rétt að benda á, að hér er ekki aðeins um að ræða hagsmuni Reykjanesbúa, heldur og hins mikla fjölda manna hvaðanæva af landinu, er þar stundar atvinnu um lengri eða skemmri tíma, ýmist við sjósókn eða á Keflavíkurflugvelli, og svo að sjálfsögðu allra annarra, er við þá eiga erindi og þurfa í því skyni að fara þessa torfæru.

Ed. 98. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess.

Tveir nefndarmanna (JJós og SB) áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 24. nóv. 1958

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. Sigurður Bjarnason.

Nd. 99. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að verja megi fé úr Styrktarsjóði vangefinna til endurbóta á stofnunum fyrir vangefið fólk en þetta virðist ekki vera heimilt samkvæmt gildandi lögum. Brýn nauðsyn getur verið á því að veita aðstoð við endurbætur eða stækkun á stofnun, sem þegar er tekin til starfa. Framtíðarstarf

þeirra stofnana, sem þegar eru fyrir hendi, kann að velta algerlega á því, hvort mögulegt sé að veita þeim aðstoð til nauðsynlegra endurbóta og stækkunar.

Þar eð breyting þessi getur naumast orkað tvímælis, þykir ekki ástæða til frekari skýringa.

Ed. 100. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á tveim fundum og mælir einróma með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1958.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun starfsmanna ríkisins.

(Lögð fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða frá 1. september 1958 uppbætur á laun starfsmanna ríkisins, sem hér segir:

a) Á grunnlaun samkvæmt I.—XI. flokki launalaga 6%.
b) Á grunnlaun samkvæmt XII.—XV. flokki launalaga 9%.

Á eftirlaun og lífeyri skal greiða 6% uppbætur, þó þannig að 9% uppbætur skulu greiddar á eftirlaun lífeyrisþega, sem hafa eigi hærri eftirlaun samtals en sem svarar hámarksgrunnlaunum í XII. flokki launalaga.

Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari reglur um framkvæmd uppbótargreiðslnanna.

Ríkisstjórnin skipi 5 manna nefnd, tvo eftir tilnefningu frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þrjá án tilnefningar, til þess að fylgjast með grunnlaunabreytingum almennt og gera tillögur um breytingar á grunnlaunum starfsmanna ríkisins, þegar nefndinni þykir ástæða til.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Síðan 5% hækkun grunnlauna var lögfest hefur orðið almenn hækkun á kaupi.

Að öllu athuguðu þykir réttmætt að leggja til, að opinberir starfsmenn fái yfirleitt 6% uppbót á kaup samkvæmt launalögum, en sú undantekning verði frá þessari reglu, að uppbætur í fjórum lægstu launaflokkum verði 9%. Sams konar uppbætur verði greiddar á eftirlaun og lífeyri. Þessar uppbætur eru ætlaðar til samræmingar við kauphækkanir, sem þegar hafa orðið hjá öðrum en opinberum starfsmönnum.

Þá er enn fremur í þingsályktuninni það nýmæli, að fastanefnd verði skipuð til þess að fylgjast með þróun kaupgjaldsins almennt í landinu og gera tillögur um breytingu á grunnlaunum starfsmanna ríkisins, þegar nefndinni þykir ástæða til.

Er ekki til þess ætlast, að nefndin fjalli um launakjör einstakra starfsmanna eða starfshópa, heldur launakjör almennt.

Nd. 102. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýr töluliður:
Á eftir D. 2 koma tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

a. *Eyjavegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Fögruhlíð um Árteig og Eyjasel á sama veg hjá Bakkagerði.
b. *Másselsvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi milli Kaldár og Sauðár að Másseli.

Nd. 103. Frumvarp til laga [59. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal heimill verðmunur ofangreindra vara, sem stafar af mismunandi kostnaði, svo sem mismunandi vörugjöldum á útsölustöðunum sjálfum eða umskipunarhöfnum til þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni viðskiptamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

„Einn kostnaðarliður í sambandi við flutning, sem verðjöfnunarsjóður hefur greitt, er vörugjöld. Þau eru nú mjög mishá á hinum ýmsu höfnum, allt upp í kr. 30.00 pr. tonn. Í núgildandi reglugerð um verðjöfnun er sett hámark þeirra vörugjalda, sem verðjöfnunarsjóður greiði, kr. 12.00 pr. tonn. Ef verðjöfnunarsjóður greiddi vörugjöldin að fullu, gæti verðjöfnunin valdið tilhneigingu hjá viðkomandi hafnaryfirvöldum til þess að hækka þessi gjöld. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til þess að ákveða mismunandi útsöluverð á olíu, sem stafar af mismunandi kostnaði, svo sem vörugjöldum, sem leggst á olíuna á útsölustöðum eða umskipunarhöfnum til þeirra. Verðjöfnunarsjóður mundi greiða þessa kostnaðarliði að vissu marki, en það, sem umfram væri, yrðu kaupendur olíunnar að greiða sjálfir í þeim tilfellum, þar sem þessir kostnaðarliðir væru óvenjulega háir.

Ákvæði frumvarpsins ættu að verða aðhald viðkomandi yfirvöldum um að stilla vörugjöldum og öðrum kostnaði í hóf.“

Sþ. 104. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um læknishjálp sjómanna á fjarlægum miðum.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, á hvern hátt hægt er að tryggja togarasjómönnum nauðsynlega læknishjálp, þegar togararnir eru að veiðum á fjarlægum miðum.

Greinargerð.

Nú um skeið hefur íslenzki togaraflotinn stundað veiðar á karfamiðunum við Nýfundnaland. Það tekur fjóra sólarhringa að minnsta kosti að komast á þessi mið. Til næstu hafnar við miðin mun vera sólarhrings sigling. Af þessu má ráða, við hve mikið öryggisleysi sjómennirnir eiga að búa á þessum miðum, ef slys ber að höndum eða bráð veikindi. Brýna nauðsyn ber til þess, að leitað verði ráða til þess að bæta úr þessu öryggisleysi. Bezt væri að sjálfsögðu fyrir þessu séð, ef sérstakt skip með lækni og aðstöðu til læknisaðgerða væri að staðaldri á þessum miðum, meðan togararnir stunda þar veiðar. Ef það teldist ofviða kostnaðar vegna, liggur næst að athuga þann möguleika til lausnar þessu vandamáli, að þar væri að staðaldri læknir um borð í einum togaranna, með þeim hætti, að hann flyttist jafnan úr togara, sem hefði lokið veiðiferð, í annan, sem nýkominn væri á miðin. — Aðstaða skipshafna á togurum vorum er einnig að þessu leyti mjög erfið og áhættusöm, þegar þeir eru á veiðum við Grænland.

Sþ. 105. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna, sem að meginefni gerir ráð fyrir hækkun launa starfsmanna ríkisins frá 1. september s. l. að telja til samræmis við þær kaupbreytingar, sem almennt hafa orðið í landinu á s. l. sumri og hausti.

Þá hefur nefndin kynnt sér, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja telur samþykkt tillögunnar og framkvæmd eftir atvikum viðunandi lausn á launamálum ríkisstarfsmanna.

Loks hefur nefndin aflað sér fullvissu um það, að ríkisstjórnin mun brátt leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp, þar sem gert er ráð fyrir hækkun elli- og örorkulífeyris — svo og barnalífeyris — hliðstæðri hækkun láglauna og frá sama tíma og þær launabreytingar ríkisstarfsmanna, sem þessi tillaga fjallar um.

Varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Einn nefndarmanna, Sveinbjörn Högnason, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 27. nóv. 1958.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Pétur Ottesen. Karl Kristjánsson. Jón Kjartansson.

Halldór E. Sigurðsson. Friðjón Skarphéðinsson.

Ed. 106. Frumvarp til skipulagslaga. [61. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

I. KAFLI
Um stjórn skipulagsmála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjóri og skipulagsnefnd ríkisins. Í skipulagsnefnd ríkisins eiga sæti 5 menn: Skipulagsstjóri, sem er formaður nefndarinnar, og 4 nefndarmenn aðrir, er skulu kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 6 ára í senn. Alþingi kýs 4 varamenn með sama hætti. Skipulagsstjóri tilnefnir varamann sinn úr hópi starfsmanna sinna.

Verkefni skipulagsnefndar ríkisins er að dæma um skipulagsuppdrætti þá, er staðfesta skal af félagsmálaráðherra, svo og að dæma um meiri háttar atriði, er skipulag varða, sem sveitarstjórnir eða skipulagsstjóri óska, að nefndin skeri úr um.

Félagsmálaráðherra ákveður nefndinnni þóknun, er greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skulu vera skipulagsnefndir, nema sveitarstjórn feli byggingarnefnd að annast störf þeirra.

Utan Reykjavíkur skulu vera 3 menn í skipulagsnefnd. Skal bæjarstjóri, oddviti eða sveitarstjóri vera sjálfkjörinn formaður, en hina tvo kýs sveitarstjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Á þeim stöðum, sem bæjarverkfræðingur er starfandi, skal hann og eiga sæti í skipulagsnefnd.

Í Reykjavík skal skipulagsnefnd skipuð 6 mönnum: borgarstjóra, sem er formaður hennar, skipulagsstjóra ríkisins, skipulagsstjóra bæiarins, bæjarverkfræðingi og tveim, er bæjarstjórn kýs, ásamt 2 varamönnum, til fjögurra ára í senn. Borgarstjóri tilnefnir varamann sinn svo og varamann bæjarverkfræðings og skipulagsstjóra bæjarins, en skipulagsstjóri ríkisins varamann sinn.

3. gr.

Verkefni skipulagsnefnda utan Revkjavíkur skal vera að aðstoða skipulagsstjóra ríkisins og sveitarstjórnir við gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra og sjá um, að einungis sé byggt samkvæmt gildandi skipulagi

Sveitarstjórum er skylt að geyma vandlega öll skjöl og uppdrætti, er lúta að skipulagi, auka þá eða breyta þeim jafnóðum og byggð eykst eða breytist, svo að ætíð megi glögglega sjá öll mannvirki á skipulagða svæðinu.

Sveitarstjórnir skulu senda skipulagsstjóra ríkisins árlega skýrslu um byggingarframkvæmdir hver í sínu umdæmi.

Verkefni skipulagsnefndar Reykjavíkur er að dæma um skipulagsuppdrætti þá, er skipulagsstjóri Reykjavíkur lætur gera, svo og að skera úr um öll meiri háttar atriði, er skipulag bæjarins varðar.

II. KAFLI
Um skipulagsskyldu o. fl.

4. gr.

Skylt er að gera skipulagsuppdrætti af öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri, svo og skólasetrum, þjóðgörðum, verksmiðjuhverfum og meiri háttar virkjunum.

Félagsmálaráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði laga þessara skuli einnig ná til annarra staða en 1. mgr. tekur til, þar sem ætla má, að þéttbýli myndist í náinni framtíð, enda þótt íbúatala þar sé innan við 100, svo sem sumarbústaðahverfa og byggðar meðfram þjóðvegum.

Félagsmálaráðherra úrskurðar í ágreiningsmálum um skipulagsskyldu.

5. gr.

Á skipulagsskyldum stöðum skulu allar byggingar og mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt.

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi um skipulagsskyldan stað eða aðeins til um hluta hans, og getur sveitarstjórn engu að síður leyft byggingarframkvæmdir, enda komi samþykki skipulagsstjóra ríkisins til hverju sinni.

III. KAFLI

Um mælingar skipulagsskyldra staða.

6. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla svæði það, er byggð nær yfir, og eigi minna land umhverfis en ætla má, að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 50 ár.

Félagsmálaráðherra ákveður í samráði við skipulagsstjóra, hvaða bæi skuli mæla hverju sinni og hvar gera skuli viðbótarmælingar.

7. gr.

Eftir mælingum og loftmyndum skal síðan gera uppdrætti, er fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

a. Mælikvarði sé að jafnaði 1:1000 og eigi minni en 1:2000, nema þegar sérstaklega stendur á.
b. Uppdrættir skulu miðaðar við réttar áttir, og sé þess kostur, skal mælingin tengd föstum mælingapunktum í aðalþríhyrningakerfi Íslands.
c. Miða skal hæðartölur og hæðarlínur við meðalsjávarmál, þar sem þess er kostur, en dýpt sjávar og dýptarlínur við stórstraumsfjöruborð.
d. Á uppdrættina séu markaðar byggingar og önnur mannvirki, svo sem bryggjur, vegir, girðingar og leiðslur hvers konar, skurðir og landamerki.
e. Jarðveg skal merkja með glöggum merkjum, svo að sjá megi, hvað ræktað er og hversu óræktað land er (klappir, sandur, melur, móar eða mýri).
f. Dýpt jarðvegs og eðli berglagsins, sem undir er, skulu könnuð, þar sem sérstök ástæða þykir til, og skal gera grein fyrir hvoru tveggja á uppdráttunum.

8. gr.

Skipulagsstjóri sér um framkvæmd mælinganna. Þó er sveitarstjórnum heimilt að annast mælingarnar á hverjum stað, sé þess óskað, enda sé verkið framkvæmt af verkfræðingum eða öðrum mælingafróðum mönnum, sem skipulagsstjóri samþykkir.

9. gr.

Í bæjum, sem þegar hafa verið mældir, skal mælingin aukin og endurskoðuð, þegar sveitarstjórn óskar og skipulagsstjóri telur þess þörf vegna endurskoðunar eða viðbótarskipulags viðkomandi byggðar.

10. gr.

Lóðareigendum er skylt að leyfa mælingamönnum nauðsynlega umferð um lóðir sínar, eftir því sem þörf krefur, vegna mælinganna og að setja föst merki

(hæðarmerki í hús og steypt merki eða járnrör í jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns við venjulega notkun landsins.

11. gr.

Kostnaður við mælingar, mælingauppdrætti, loftmyndun og loftmyndauppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sveitarsjóði. Þó skal mælingakostnaður greiðast að fullu úr sveitarsjóði, þar sem sveitarstjórnir annast sjálfar framkvæmd mælinganna.

IV. KAFLI
Um gerð skipulagsuppdrátta.

12. gr.

Skipulagsuppdrættir skulu vera þrenns konar:

a. Svæðaskipulagsuppdrættir.
b. Heildarskipulagsuppdrættir.
c. Hverfaskipulagsuppdrættir.

Getur félagsmálaráðherra ákveðið, hversu undirbúningi og gerð uppdrátta skuli háttað.

13. gr.

Svæðaskipulagsuppdrætti skal gera um landssvæði tveggja eða fleiri skipulagsskyldra sveitarfélaga, er mynda landfræðilega eða hagfræðilega heild.

Á svæðaskipulagsuppdrætti skal í stórum dráttum gera grein fyrir því, hversu landið skuli nýtt. Á slíkum uppdráttum skal m. a. sýna legu helztu umferðabrauta og skiptingu landsins í athafnasvæði, íbúðahverfi, iðnaðarhverfi og óbyggð svæði til almenningsþarfa.

Félagsmálaráðherra ákveður, hvar gera skuli svæðaskipulagsuppdrætti.

14. gr.

Heildarskipulagsuppdrætti skal gera yfir alla skipulagsskylda staði. Skulu uppdrættirnir auknir og endurbættir eftir því sem þörf krefur.

Við gerð skipulagsuppdrátta skal þess m. a. gætt, að eðlilegar aðstæður og staðhættir nýtist sem bezt, athafnasvæðum sé ekki skorinn of þröngur stakkur, umferðargötur nægilega breiðar, fullnægt sé þörf fyrir bílastæði, barnaleikvelli og önnur óbyggð svæði í þágu almennings.

Sé um náttúrumyndanir eða svæði að ræða, sem sérstæð eru vegna sögu eða landslags, innan endimarka skipulagsskylds svæðis, skal leitast við að vernda slík náttúruvætti eða landssvæði, svo framarlega sem þess er kostur.

Uppdrættirnir skulu sýna glögglega skiptingu byggðar í íbúðahverfi, iðnaðarhverfi og hafnarhverfi. Gera skal grein fyrir staðsetningu helztu mannvirkja, opinberra bygginga og verzlunar- og skrifstofuhúsa. Uppdrættirnir skulu sýna legu og breidd gatna, torg og bifreiðastæði, leikvelli, íþróttavelli, kirkjugarða, skrúðgarða og önnur óbyggð almenningssvæði.

15. gr.

Hverfaskipulag. Gera skal, eftir því sem þörf krefur, séruppdrætti af skipulagi ákveðinna hverfa innan marka heildarskipulagsins, er sýni glögglega nýtingu landsins, svo sem hæð og gerð húsa, húsalínur, gerð og breidd gatna, bílastæði, almenningssvæði og annað, er máli skiptir.

16. gr.

Við gerð hverfaskipulagsuppdrátta skal m. a. eftirfarandi gætt:

1. Fjarlægðir á milli húshliða í íbúðargötum skulu að jafnaði miðaðar við það, að horn milli láréttrar línu neðst úr gluggum íbúðaherbergja á aðalsólarhlið húsa

og línu frá næsta húsmæni sé eigi stærra en 26°, nema skipulag eða halli landsins geri það ókleift.

2. Á íbúðarhúsalóðum skal a. m. k. vera eitt ógirt bifreiðastæði fyrir hverja íbúð, og a. m. k. 3% hverrar íbúðarhússlóðar skal vera barnaleikvangur.

Við verzlunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús, skal að jafnaði gert ráð fyrir nauðsynlegum bílastæðum á lóð hússins eða í næsta nágrenni. Við kirkjur og samkomuhús skal að jafnaði vera eitt bílastæði fyrir hver 10 sæti, en við skrifstofu- iðnaðar- og verzlunarhús 1 bílastæði fyrir hverja 50 m² gólfflatar hússins.

17. gr.

Þar, sem þörf krefur, skal á skipulagsuppdráttum kveða á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, þ. e. hlutfallið milli samanlagðra gólfflata bygginga á lóð og lóðastærðar eða hlutfallið milli heildarrúmmáls byggingar og lóðastærðar.

18. gr.

Við torg, aðalgötur og á öðrum áberandi stöðum, þar sem sérstök nauðsyn þykir að vanda útlit húsa, skal bygingarleyfi bundið því skilyrði, að skipulagsnefnd hafi samþykkt útlitsuppdrátt. Skal merkja staði þessa sérstaklega á skipulagsuppdráttum.

19. gr.

Mælikvarði skipulagsuppdráttar má eftir aðstæðum vera 1 : 500, 1 : 1000 eða 1 : 2000, en svæðaskipulagsuppdrættir og aðrir yfirlitsuppdrættir mega þó vera í minni mælikvarða.

20. gr.

Skipulagsuppdráttum skal að jafnaði fylgja lýsing, er greini frá hinum helztu sjónarmiðum, sem ráðið hafa við gerð þeirra. Þá skulu og fylgja áætlanir þær, sem gerðar voru í sambandi við uppdrættina.

21. gr.

Skipulagsstjóri lætur gera skipulagsuppdrætti, viðbót við eldri uppdrætti og framkvæma endurskoðun á skipulagsuppdráttum, eftir því sem þörf krefur, sbr. þó 22. gr.

Uppdrættirnir skulu gerðir í samráði við sveitarstjórn og skipulagsnefnd.

Kostnaður við gerð þeirra skipulagsuppdrátta, er skipulagsstjóri lætur gera, greiðist úr ríkissjóði.

Félagsmálaráðherra ákveður ár hvert í samráði við skipulagsstjóra, hvaða staði skuli skipuleggja eða endurskoða skipulag á.

22. gr.

Sveitarstjórn getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra og á sinn kostnað, látið gera skipulagsuppdrætti, enda séu þeir gerðir í samráði við skipulagsstjóra og háðir samþykki skipulagsnefndar ríkisins.

Í Reykjavík lætur skipulagsstjóri bæjarins gera alla skipulagsuppdrætti, annast endurskoðun eldri uppdrátta og viðbætur, eftir því sem þörf krefur. Uppdrættirnir skulu gerðir í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og skipulagsnefnd Reykjavíkur.

23. gr.

Nú telur sveitarstjórn og skipulagsstjóri æskilegt að efna til opinberrar samkeppni um skipulag ákveðins bæjar eða svæðis, og getur félagsmálaráðherra þá, að fengnum tillögum skipulagsnefndar ríkisins, samþykkt, að slík samkeppni fari fram, enda sé samkeppnisútboðið gert í samráði við skipulagsstjóra.

Kostnað við slíka samkeppni greiðir sveitarsjóður að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Félagsmálaráðherra hefur úrskurðarvald um öll ágreiningsatriði í sambandi við slíka samkeppni.

V. KAFLI

Um samþykkt og staðfestingu skipulagsuppdrátta, endurskoðun þeirra og breytingar.

24. gr.

Þegar skipulagsuppdrætti er lokið, skal það auglýst opinberlega og uppdrátturinn ásamt lýsingu hafður almenningi til sýnis eigi skemur en 4 vikur. Skylt er að senda eigendum og umráðamönnum lóða, sem uppdrátturinn breytir verulega, skriflega tilkynningu um, að uppdrátturinn sé lagður fram.

Þeir, sem málið varðar, skulu hafa sent athugasemdir sínar til sveitarstjórnar eigi síðar en 2 vikum eftir að sýningu uppdráttarins lýkur.

Sveitarstjórn og skipulagsnefnd afgreiða síðan málið til skipulagsstjóra, með rökstöddu áliti um framkomnar athugasemdir og uppdráttinn í heild. Skipulagsnefnd ríkisins tekur síðan afstöðu til framkominna athugasemda.

Þegar sveitarstjórn og skipulagsnefnd ríkisins hafa orðið ásátt um skipulagsuppdráttinn, undirrita umboðsmaður sveitarstjórnar og skipulagsnefnd ríkisins uppdráttinn. Skipulagsstjóri sendir félagsmálaráðherra síðan hinn samþykkta uppdrátt til staðfestingar, og öðlast hann gildi sem lögmæt samþykkt fyrir það svæði, er hann nær yfir, jafnskjótt sem staðfestingin hefur verið auglýst opinberlega.

Félagsmálaráðherra leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining varðandi skipulag, milli sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins.

25. gr.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefur verið lagður fram skv. 24. gr., má engin mannvirki gera, er brjóti í bág við uppdráttinn.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að ákvæði þessu sé fylgt.

26. gr.

Nú óskar sveitarstjórn eða skipulagsnefnd ríkisins að breyta eða endurskoða staðfestan skipulagsuppdrátt, og fer þá um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 24. gr.

27. gr.

Nú óskar sveitarstjórn, að svæðaskipulagsuppdráttur, heildarskipulagsuppdráttur eða hverfaskipulagsuppdráttur, sem samþykktur hefur verið bæði af skipulagsnefnd ríkisins og sveitarstjórn (í Reykjavík skipulagsnefnd Reykjavíkur og bæjarstjórn), skuli ekki auglýstur né lagður fram opinberlega fyrst um sinn, og er félagsmálaráðherra þá heimilt, að fenginni umsögn skipulagsstjóra ríkisins, að fresta staðfestingu uppdráttarins um ákveðið árabil. Samþykktur skipulagsuppdráttur er jafnbindandi fyrir sveitarstjórn og staðfestur uppdráttur, og getur hún eigi breytt slíkum uppdrætti, nema með samþykki skipulagsnefndar ríkisins.

28. gr.

Þar sem sveitarstjórnir utan Reykjavíkur láta sjálfar gera skipulagsuppdrætti, skulu þeir gerðir í samráði við skipulagsstjóra ríkisins. Hinir fullgerðu uppdrættir, ásamt greinargerð og skýringu, skulu að því búnu sendir skipulagsstjóra, er leggur þá fyrir skipulagsnefnd ríkisins. Um frekari meðferð uppdráttanna, samþykkt og staðfestingu fer síðan sem segir í 24. gr.

29. gr.

Í Reykjavík er heildarskipulagsuppdráttur, svo og skipulagsuppdrættir hinna ýmsu bæjarhverja, háðir samþykki bæjarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins.

Uppdrættina skal síðan auglýsa og leggja fram opinberlega til sýnis eigi skemur en 4 vikur, og skulu athugasemdir hafa borizt innan 2ja vikna frá því er sýningu lýkur.

Bæjarráð og skipulagsnefnd Reykjavíkur taka síðan afstöðu til hinna framkomnu athugasemda, en er samkomulag hefur náðzt, skal uppdrátturinn undirritaður af borgarstjóra, skipulagsnefnd ríkisins og skipulagsstjóra bæjarins og sendur félagsmálaráðherra til staðfestingar, og öðlast hann þá gildi sem lögmæt samþykkt, þegar staðfestingin hefur verið auglýst opinberlega.

VI. KAFLI
Um framkvæmd skipulags.

30. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins annast framkvæmd skipulagsmála undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytins (sbr. þó 31. gr.). Hann ræður til sín aðstoðarmenn með samþykki ráðherra.

Skipulagsstjóri lætur vinna að mælingum og gerð skipulagsuppdrátta samkvæmt lögum þessum, nema sveitarstjórnir óski að annast þessi störf sjálfar.

Skipulagsstjóra ber að hafa yfirumsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir samþykktum eða staðfestum skipulagsuppdráttum og mannvirki brjóti ekki í bág við framlagða uppdrætti. Hann skal hafa eftirlit með starfi skipulagsnefnda, byggingarnefnda, byggingarfulltrúa og sveitarstjórna um allt, er að skipulagi lýtur, og skal veita þessum aðilum leiðbeiningar um þessi atriði eftir föngum.

Skipulagsstjóri skal gefa félagsmálaráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Laun skipulagsstjóra skulu ákveðin í launalögum og greiðast úr ríkissjóði, sem og annar kostnaður við embætti hans, svo sem laun aðstoðarmanna, skrifstofu- og ferðakostnaður.

31. gr.

Skipulagsstjóri Reykjavíkur annast framkvæmd skipulagsmála innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, undir yfirstjórn borgarstjóra. Hann ræður til sín aðstoðarmenn með samþykki borgarstjóra og bæjarráðs. Hann lætur vinna að skipulagsuppdráttum í samráði við skipulagsnefnd Reykjavíkur og bæjarráð.

Skipulagsstjóri Reykjavíkur skal hafa yfirumsjón með því, að einungis sé byggt í samræmi við gildandi skipulag og að engin varanleg mannvirki séu gerð innan lögsagnarumdæmisins, er brjóti í bág við gildandi skipulagsuppdrætti.

Hann skal gefa bæjarráði og skipulagsstjóra ríkisins árlega skýrslu um störf sín.

32. gr.

Nú hefur byggð verið reist, eða skipulögð til ákveðinna nota, og er þá óheimilt að taka hús í byggðinni til annarra nota, nema leyfi skipulagsnefndar og skipulagsstjóra komi til.

33. gr.

Sé bygging hafin á skipulagsskyldum stað, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, skal byggingarnefnd (byggingarfulltrúi) þegar stöðva slíkar framkvæmdir. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Nú hefur húsi verið breytt á þann hátt, er í 32. gr. segir, án tilskilins leyfis, og getur byggingarfulltrúi þá leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og fer um slík mál sem í 1. mgr. segir.

Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds á úrskurði, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni.

Nú kemur í ljós við eftirlit eða á annan hátt, að skipulagsákvæði eru brotin og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagsnefndar ríkisins, gera gangskör að því,

að mannvirki þau, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag (svo sem byggt fyrir götu eða á svæði, sem ekki hefur verið skipulagt, eða ákveðið var, að skyldi vera óbyggt), séu rifin niður og fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

VII. KAFLI
Um endurbyggingu eldri hverfa.

34. gr.

Nú er lóðaskiptingu þannig háttað í bæjarhverfi (byggingarreit eða hluta af byggingarreit), að eigi er unnt að framkvæma endurbyggingu í samræmi við samþykkt (staðfest) skipulag að dómi skipulagsnefndar ríkisins, nema ný lóðaskipting komi til, og skal mál með farið sem hér segir:

Ef meiri hluti lóðaeiganda (leigjenda), sem hér eiga hlut að máli, óskar að endurbyggja slíkan reit, skal sveitarstjórn hafa forgöngu um að koma á samkomulagi um nýja lóðaskiptingu og endurbyggingu reitsins, í samræmi við hið fyrirhugaða skipulag. Náist ekki samkomulag, skal sveitarstjórn hlutast til um, að skipuð verði 3ja manna matsnefnd, er meti hús og lóðir á reitnum og skeri úr um ágreiningsatriði, er upp kunna að rísa í sambandi við hina nýju lóðaskiptingu og endurbyggingu reitsins.

Með meiri hluta lóðaeiganda er átt við meiri hluta eigenda miðað við fasteignamat lóða.

35. gr.

Nú óskar meiri hluti lóðaeigenda byggingarreits endurbyggingar, og getur sveitarstjórn þá ákveðið, að endurbygging skuli fara fram innan ákveðins tíma.

36. gr.

Þeir eigendur, sem mótfallnir eru endurbyggingu á þann hátt og innan þess tíma, er skipulagsnefnd og sveitarstjórn hafa ákveðið, geta krafizt þess, að sveitarsjóður kaupi eignir þeirra eftir mati. Óski einhverjir hinna lóðareigendanna að kaupa eignir fyrir matsverð, getur sveitarstjórn heimilað það, enda taki þeir að sínu leyti þátt í endurbyggingu á reitnum, innan hins ákveðna tíma.

37. gr.

Héraðsdómari skipar formann matsnefndar skv. 34. gr., og skal hann vera embættisgengur lögfræðingur. Sveitarstjórn og hlutaðeigandi lóðaeigendur tilnefna hvor sinn matsmann í nefndina.

Starfi matsnefndarinnar lýkur eigi fyrr en endurbygging reitsins er til lykta leidd og ágreiningsmál í því sambandi úr sögunni. Þóknun til matsnefndar greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu af lóðaeigendum í hlutfalli við mat lóða.

38. gr.

Nú er lóðaskiptingu í bæjarhverfi háttað, svo sem um getur í 34. gr., 1. mgr., en meiri hluti eigenda óskar ekki að endurbyggja reitinn í samræmi við hið samþykkta skipulag, innan þess tíma sem sveitarstjórn hefur ákveðið, og getur sveitarstjórn þá, að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins, tekið allar þær lóðir eignarnámi sem hún telur nauðsynlegt vegna endurbyggingar reitsins.

VIII. KAFLI
Um forkaupsrétt á fasteignum.

39. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþykkt um að áskilja sveitarfélagi forkaupsrétt að öllum þeim lóðum og öðrum fasteignum innan lögsagnarumdæmisins,

sem hún telur rétt og nauðsynlegt að tryggja sveitarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á vegna framkvæmdar skiplags viðkomandi staðar.

40.

Samþykkt skv. 39. gr. skal gerð til 5 ára í senn og öðlast gildi, þegar félagsmálaráðherra hefur staðfest hana. Skulu í samþykktinni taldar allar þær fasteignir, er sveitarstjórn áskilur sér forkaupsrétt á. Samþykkt skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteigna.

Sveitarstjórn er skylt að tilkynna eigendum eða umráðamönnum fasteignar, jafnskjótt og hún hefur ákveðið að áskilja sér forkaupsrétt að fasteigninni.

41. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþykkt skv. 39. gr. tekur til, skulu skyldir að bjóða sveitarstjórn forkaupsrétt (forleigurétt), hvenær sem selja á eignina og hvernig sem sala og afsal fer fram. Undanskilið er þó afsal til maka, erfingja í beinan legg eða til tengdabarna.

Sveitarstjórn getur krafizt þess að fá til athugunar fullgildan, bindandi kaupsamning um eignina, til þess að ganga úr skuga um að, forkaupsrétturinn (forleiguréttur) sé henni boðinn með réttum kjörum.

Innan þriggja vikna frá því er forkaupsréttur (forleiguréttur) var boðinn, skal sveitarstjórn segja til um, hvort hún vilji nota forkaupsrétt (forleigurétt) sinn. Ella telst hún hafa hafnað forkaupsrétti í það sinn.

42. gr.

Nú er vanrækt að bjóða sveitarstjórn forkaupsrétt við sölu fasteignar, er samþykkt um forkaupsrétt nær til, og getur sveitarstjórn þá engu að síður gengið inn í kaupin, enda sé um það gerð krafa innan tveggja mánaða frá því er henni varð kunnugt um söluna.

Seljanda ber að bæta sveitarstjórn þann kostnað, er af því leiddi, að forkaupsrétturinn var ekki boðinn strax.

IX. KAFLI

Um eignarnám og skaðabætur.

43. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum er sveitarstjórnum heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að taka eignarnámi allt það ónotað byggingarland, sem skipulagsnefnd ríkisins telur nauðsynlegt vegna eðlilegrar stækkunar viðkomandi staðar.

44. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteigna eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi.

Um framkvæmd eignarnáms skv. 43. og 44. gr. fer eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

45. gr.

Ef fasteign skerðist við framkvæmd skipulags eða rýrnar svo, að eigi megi nýta hana á eðlilegan hátt, skulu skaðabætur metnar af dómkvöddum mönnum, og sé þá að jöfnu tekið tillit til þess hagnaðar og óhagnaðar, sem stafa kann af skipulaginu, og koma skaðabætur því aðeins til greina, að eignir hafi í heild sinni rýrnað að verðmæti.

46. gr.

Hafi hús eða lóð rýrnað svo mjög við skipulagið, að eigi megi nýta til bygginga, getur eigandi krafizt, að öll fasteignin sé keypt eftir mati.

Þá getur sveitarstjórn krafizt þess, að henni séu seldar eftir mati lóðir eða hlutar af lóðum, sem eru minni en svo, að nota megi undir sjálfstæðar byggingar.

47. gr.

Nú hefur skipulag breytt svo fasteignum og afstöðu þeirra til gatna, að eðlilegt notagildi þeirra rýrnar verulega. Skal þá sveitarstjórn beita sér fyrir að ná samkomulagi um nýja og hentugri lóðaskiptingu á reitnum.

Takist ekki samkomulag, skal málsmeðferð vera sem segir í VII. kafla.

48. gr.

Nú er land í einkaeign, og óskar eigandi að selja lóðir til byggingar í samræmi við gildandi skipulag, og skal eigandi þá skyldugur að láta endurgjaldslaust af hendi til sveitarsjóðs land undir nauðsynlegar götur, barnaleikvelli og önnur svæði til almenningsnota. sem skipulagsuppdrátturinn gerir ráð fyrir, þó aldrei meir en ¼ hluta af samanlögðu flatarmáli hinna seldu lóða. Gangi meira en ¼ hluti landsins undir götur og óbyggð svæði til almennra þarfa, skal sveitarsjóður bæta það, sem fram yfir fer, eftir mati.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða, að ⅕ hluti af söluverði lóðanna skuli greiðast í sveitarsjóð, vegna kostnaðar við gerð nauðsynlegra gatna og holræsa, enda skuli sveitarstjórn þá láta gera þessi mannvirki.

49. gr.

Bóta úr sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum verður eigi krafizt, fyrr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem bæturnar eru goldnar fyrir.

X. KAFLI

Um skipulagsgjöld og skipulagssjóði.

50. gr.

Til að standa straum af kostnaði ríkissjóðs við stjórn skipulagsmála, mannahald, skrifstofukostnað, ferðalög o. fl., skal greiða í ríkissjóð 3‰ af brunabótamati hverrar nýbyggingar, sem reist er á þeim stöðum, sem skipulagsskyldir eru.

Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um gjald þetta og hvernig það skuli innheimt.

51. gr.

Til fjáröflunar í því skyni að greiða kaupverð þeirra fasteigna, er sveitarstjórn þarf að taka eignarnámi eða kaupa vegna framkvæmdar á skipulagi, skal sveitarstjórn heimilt að gera samþykkt um stofnun sérstaks skipulagssjóðs fyrir sveitarfélagið.

Samþykkt þessi öðlast gildi, þegar félagsmálaráðherra hefur staðfest hana.

52. gr.

Skipulagssjóði skal m. a. aflað tekna með árlegu gjaldi af hverri fasteign innan lögsagnarumdæmisins, er nemi eigi hærri upphæð en fasteignaskattur er á hverjum tíma.

53. gr.

Fasteignamat lóða á skipulagsskyldum stöðum skal fara fram í næsta skipti árið 1960, og síðan á 5 ára fresti.

50% af þeirri verðhækkun lóða, sem á sér stað milli fasteignamata, skal greidd í skipulagssjóð viðkomandi sveitarfélags.

Meta skal lóðir í samræmi við áætlað gangverð lóðarinnar húsalausrar.

Við mat á verðhækkun skal hafa til hliðsjónar hækkun vísitölu framfærslukostnaðar á sama tímabili, og skal einungis greiða verðhækkunargjald af þeirri

verðhækkun, sem er umfram tilsvarandi vísitöluhækkun á sama tíma, samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Nú lækkar fasteignamat lóða, og skal þá skipulagssjóður endurgreiða 50% lækkunar þeirrar sem orðið hefur frá fyrra mati til lóðaeigenda. Framkvæmd matsins fer samkvæmt lögum nr. 70/1945.

Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd lóðamatsins og hvernig verðhækkunargjöldin og skipulagssjóðsgjöld (samkv. 52. gr.) skuli innheimt.

54. gr.

Skipulagsgjald, skipulagssjóðsgjald og verðhækkunargjald lóða samkvæmt lögum þessum er lögtakskræft á sama hátt og fasteignagjöld skv. lögum nr. 67/1945.

Fasteignir, sem erlend ríki eiga að nota í þágu utanríkisþjónustu sinnar, eru undanþegin gjöldum þessum.

XI. KAFLI
Um lóðaskrá o. fl.

55. gr.

Á öllum skipulagsskyldum stöðum skulu sveitarstjórnir láta á sinn kostnað gera lóðaskrá um öll lönd og lóðir innan lögsagnarumdæmisins. Skrá þessa er þeim skylt að auka og endurbæta eftir því sem þörf krefur.

Sveitarstjórn skal gefa götum bæjarins nöfn jafnskjótt og þær eru ákveðnar samkvæmt skipulagi og byggð hefst við þær. Lóðir allar og hús skulu síðan skilgreind með númerum við götur þessar.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að götunafnspjöld og númeraspjöld séu sett upp eftir því sem nauðsyn krefur.

Um gerð og færslu lóðaskrár skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

56. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skulu koma sektir, er nemi allt að 100 000.00 kr., enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

57. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 64 11. júní 1938, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 21. okt. 1955 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Steingrímur Steinþórsson, nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um skipulag kauptúna og sjávarþorpa og frumvörp þau til nýrra laga um þetta efni, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi árin 1948 og 1949, en hlutu ekki endanlega afgreiðslu.

Í nefndinni áttu sæti Zóphónías Pálsson, skipulagsstjóri, Hallgrímur Dalberg, lögfr., Gunnar Ólafsson, skipulagsstjóri Reykjavíkur og Einar Pétursson, lögfr.

Nefndin hóf störf strax og hún var skipuð og hefur unnið að því síðan að semja meðfylgjandi frumvarp til nýrra skipulagslaga. Hefur nefndin haldið fjölmarga fundi, auk þess sem nefndarmenn hafa hver í sínu lagi unnið að undirbúningi málsins á milli funda.

Nefndin hefur kynnt sér lög um skipulag í nágrannalöndunum, m. a. á Norðurlöndunum, Englandi, V.-Þýzkalandi, Sviss og Ísrael. Við þá athugun kom í ljós, að engin heildarlöggjöf er til um þetta efni í Sviss né í V-Þýskalandi, en þar er nú unnið að samningu heildarlöggjafar um skipulag bæja. Í Finnlandi liggur um þessar mundir nýtt frumvarp til skipulagslaga fyrir þinginu. Hins vegar hafa lög um

skipulag bæja í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Englandi öll verið endurskoðuð eftir síðasta stríð.

Við samningu frumvarpsins hefur nefndin haft hliðsjón af löggjöf þessara landa, hinu finnska frumvarpi og frumvarpi því, er lagt var fyrir Alþingi árin 1948 og 1949, ásamt álitsgerðum þeim, er Verkfræðingafélag Íslands, Arkitektafélag Íslands og samvinnunefnd um skipulagsmál Reykjavíkur létu félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis í té um frumvarpið.

Í nágrannalöndum vorum, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, hafa lög þau, er varða byggingar- og skipulagsmál, verið felld saman í sérstakan lagabálk. Telur nefndin þennan hátt mjög til fyrirmyndar, jafnnátengd og þessi mál eru.

Öllum, sem til þekkja, er ljóst, að hin ófullkomna löggjöf um byggingamál, sem sett var hér á landi árið 1905, er orðin úrelt og ófullkomin í alla staði. Nauðsynlegt er því að endurskoða hana sem allra fyrst, auka hana og endurbæta, þannig að hún fullnægi kröfum tímans. Jafnframt telur nefndin, að heppilegt væri, að öllum þeim lögum, er varða skipulag og byggingarmál, verði steypt saman í eina heildarlöggjöf.

Þar sem nefndinni er í skipunarbréfi sínu markaður sá þröngi bás að endurskoða gildandi lög um skipulag og frumvörp þau, er lögð voru fyrir Alþingi árin 1948 og 1949, en náðu ekki fram að ganga, var það ekki á færi nefndarinnar að fara út fyrir þetta takmarkaða svið.

Þess skal þó getið, að nefndin hafði á prjónunum ýmsar tillögur, er fjölluðu m. a. um gerð gatna úr varanlegu efni og fjáröflun til slíkra mannvirkja, gerð venjulegra gatna, holræsa, gangstétta o. fl., viðhald þessara mannvirkja, gatnahreinsun, snjómokstur, sorphreinsun o. fl., en samkomulag náðist ekki um að taka tillögur þessar inn í frv. þetta, enda þótt nefndin væri efnislega sammála í meginatriðum.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir einstökum köflum frumvarpsins.

Um I. kafla.

Svo sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu frá 1948, er skipulagsstjóra falin framkvæmd skipulagsmála undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins, en skipulagsnefnd ríkisins verði ráðuneytinu til aðstoðar við að dæma um skipulagsuppdrætti þá, er staðfesta skal af ráðherra. Svo sem segir í greinargerð með frumvarpinu 1948, var þessi skipan þá þegar komin á að verulegu leyti, og hefur svo verið síðan.

Þegar lög voru fyrst gerð um skipulag hér á landi árið 1921 var ákveðið, að stjórnarráðið skipaði 3ja manna skipulagsnefnd til 5 ára, en heimilt að skipa sömu menn á ný í nefndina. Í nefndinni skyldu eiga sæti einn fulllærður húsameistari, sem átt hefur kost á að kynna sér sérstaklega skipulag erlendra bæja, einn verkfræðingur og kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að í skipulagsnefnd skuli vera 4 nefndarmenn auk skipulagsstjóra og skuli þeir kosnir af Alþingi til 6 ára í senn. Er sá háttur á hafður m. a. á Norðurlöndum og í Englandi, að skipulagsnefndir eru kosnar eða tilnefndar til 4—6 ára í senn, en ekki bundnar við ákveðin embætti, svo sem nú er.

Í frumvarpinu 1948 var gert ráð fyrir 3 manna skipulagsnefnd á hverjum hinna skipulagsskyldu staða. Skyldi bæjarstjóri vera formaður nefndarinnar og einn kosinn af bæjarstjórn, en sá þriðji skipaður af ráðherra, að fenginni tillögu skipulagsstjóra.

Þótti nefndinni þetta ekki sem heppilegast fyrirkomulag og gerir því ráð fyrir, að tveir nefndarmanna séu kosnir af sveitarstjórn, en bæjarstjóri, oddviti eða sveitarstjóri skuli vera formaður nefndarinnar. Auk þeirra eigi bæjarverkfræðingar sæti í skipulagsnefnd, þar sem þeir eru starfandi. Þá er sveitarstjórnum heimilað að fela byggingarnefndum einnig störf skipulagsnefnda.

Í frumvarpinu 1948 var gert ráð fyrir, að í skipulagsnefnd Reykjavíkur sætu borgarstjóri, bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins, formaður skipulagsnefnd-

ar ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins, húsameistari ríkisins og einn maður, er bæjarstjórn kýs.

Nefndin leggur til, að skipan nefndarinnar sé breytt til samræmis við skipulagsnefndir utan Reykjavíkur, en auk þess skuli skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsstjóri bæjarins eiga sæti í nefndinni.

Um II. kafla.

Hér er kveðið nokkru nánar á um, hverjir staðir skuli skipulagsskyldir, og er lagt til, að skipulagsskyldan miðist við bæi með 100 íbúa, en í núv. lögum og í frumvarpinu 1948 er miðað við 200 íbúa. Þá er ráðherra heimilað að ákveða, að lög þessi skuli einnig ná til annarra staða, þar sem ætla má, að þéttbýli myndist, s. s. sumarbústaðahverfa eða byggð meðfram þjóðvegum.

Um III. kafla.

Kafli þessi er að mestu í samræmi við III. kafla frumvarps þess, er lagt var fyrir Alþingi 1948, þó er hér um einstakt nýmæli að ræða svo sem 10. gr. Kaflinn þarfnast ekki frekari skýringar.

Um IV. kafla.

Að efni til er kafli þessi í samræmi við ákvæði frumvarpsins frá 1948. Nokkur nýmæli eru þó í 16. gr., um bifreiðastæði og leikvelli barna. Eru ákvæði þessi áþekk norrænum ákvæðum um þetta efni.

17. gr., um nýtingarhlutfall lóða, er nýmæli hér á landi, en svipuðum ákvæðum er beitt í flestum borgum Evrópu.

23. gr., um samkeppni um skipulag bæja, er í samræmi við núgildandi lög um skipulag, en frumvarpið 1948 gerði ráð fyrir að fella þessi ákvæði niður

Um V. kafla.

Í höfuðdráttum eru ákvæði kafla þessa hin sömu og eru í IV. kafla frumvarpsins frá 1948. Nýmæli er þó 27. gr., er heimilar sveitarstjórnum með samþykki ráðherra að fresta staðfestingu skipulagsuppdráttar um visst árabil.

Reynslan sýnir, að þegar sveitarstjórnir hafa óskað staðfestingar á skipulagsuppdráttum, sem breyta að verulegu leyti aðstöðu lóðareiganda til notkunar lóðanna, hafa komið fram skaðabótakröfur, sem sveitarstjórnir hafa ekki séð sér fært að greiða af hendi. Ein afleiðingin af þessu hefur m. a. verið sú, að enginn skipulagsuppdráttur af Reykjavík hefur hingað til hlotið staðfestingu ráðuneytisins, og hefur slíkt þó ótvírætt verið tilgangur skipulagslaganna frá 1921.

Skipulagsuppdráttur, sem hefur verið samþykktur skv. 27. gr., er jafnbindandi fyrir sveitarstjórn sem um staðfestan uppdrátt væri að ræða.

Um VI. kafla.

Þessi kafli er nokkru ýtarlegri en tilsvarandi ákvæði í frumvarpinu 1948.

Tilgangur 32. gr. er að koma í veg fyrir, að eigendur húsa geti án leyfis breytt notkun þeirra frá því, sem skipulag gerir ráð fyrir, t. d. verkstæði í íbúðarhús, bílskúr í verzlun o. s. frv. Sama gildir um hús, sem reist hafa verið, áður en skipulagslögin 1921 voru sett.

Í 33. gr. eru nokkru fyllri ákvæði en nú gilda um málsmeðferð varðandi hús, sem byggð eru án leyfis eða á annan veg en samþykkt hefur verið.

Um VII. kafla.

Kafli þessi, sem er nýmæli í íslenzkum lögum, er að nokkru leyti sniðinn eftir dönskum lögum. Ætti hann að stuðla mjög að skynsamlegri endurbyggingu ýmissa gamalla bæjarhluta, sem eðlilegt er að endurbyggja á allt annan hátt en upprunalega var gert.

Ef meiri hluti lóðareigenda ákveðins reits í eldra hverfi óskar endurbyggingar og sveitarstjórn er því samþykk, getur minni hluti lóðareigenda ekki komið í veg fyrir, að endurbygging hefjist, en hver eigandi minni hlutans um sig getur krafizt þess, að sveitarsjóður kaupi eign hans eftir mati. Sérstökum nefndum er ætlað að skera úr um öll ágreiningsatriði, er varða nýjar lóðaskiptingar og endurbyggingu í samræmi við ákveðið skipulag.

Um VIII. kafla.

Kafli þessi er að mestu leyti sniðinn eftir frumvarpinu frá 1948 og í samræmi við lög nr. 22 frá 23. júní 1932.

Sumsstaðar erlendis, t. d. í Hannover, hafa verið lögfest ákvæði, er heimila bæjarfélögum forkaupsrétt á öllum fasteignum innan lögsagnarumdæmis, nema um afsöl innan nánustu fjölskyldu sé að ræða, og eru ákvæði þessi talin hafa reynzt mjög vel. Ekki varð samkomulag innan nefndarinnar um að taka upp svo víðtæk forkaupsréttarákvæði, enda þótt lög nr. 40 frá 5. apríl 1940, um forkaupsrétt á jörðum, virðist fullt eins víðtæk.

Um IX. kafla.

Mikil og góð reynzla er fengin fyrir því, bæði í Reykjavík og í ýmsum öðrum bæjum hér á landi, að bæirnir eigi sjálfir allt það ónotaða byggingarland, er þeir þurfa á að halda. Hefur sveitarfélagið þá mun betri tök á þróun byggðarinnar, og skipulagið verður allt auðveldara viðfangs heldur en ef bæjarlandið er í eigu margra einstaklinga. Kostir þessa fyrirkomulags eru svo margir og vel þekktir, að óþarfi er að rekja það nánar hér. Í norskum lögum eru hliðstæð ákvæði að því er þetta varðar.

44.—47. gr. eru næstum samhljóða 24.—27. gr. í núgildandi lögum. Hins vegar er 48. gr. nýmæli í íslenzkum lögum. Ákvæði 1. mgr. 48. gr. á sér hliðstæðu í sænskum lögum, en samkvæmt þeim skulu landeigendur skyldir að láta af hendi allt að ⅕ hluta lands undir götur og önnur svæði til almenningsþarfa, svo og í ísraelskum lögum, er ákveða, að allt að ¼ hluti lands skuli látinn af hendi ókeypis til slíkra sameiginlegra þarfa.

Víðast hvar hefur þeirri reglu verið fylgt hér á landi, að landeigandi hefur látið ókeypis land undir nauðsynlega vegi, en sveitarfélögin látið gera götur og holræsi, eftir því sem aðstæður og efnahagur hafa leyft. Lagafyrirmæli vantar ennþá varðandi þessi atriði.

Í 48. gr., 2. mgr. segir, að sveitarstjórn skuli heimilt að ákveða, að ⅕ hluti af söluverði lóða skuli greiðast í sveitarsjóð til þess að standast straum af nauðsynlegri gatna- og holræsagerð, enda sé sveitarstjórn þá jafnframt skylt að láta gera þessi mannvirki.

Benda má á, að í Reykjavík er til bæjarstjórnarsamþykkt frá 18. des. 1919, þar sem segir, að „þegar leggja þarf veg yfir eignarlönd til þess að gera þau hæf til bygginga, skal það því aðeins gert, að götustæðið sé látið af hendi ókeypis og til vegagerðarinnar sé greitt sama gjald og af erfðafestulöndum og gildi sömu skilyrði við vegalagninguna“, þ. e. auk vegagjaldsins, sem var 2 kr. af hverjum fermetra lóða, sem breytt er í bygginarlóð, greiðist ⅕ hluti af söluverðinu í bæjarsjóð.

49. gr. er samhljóða ákvæðum 28. gr. núgildandi laga.

Um X. kafla.

50. gr. er samhlóða 14. gr. 4. mgr. núgildandi laga.

Nefnd sú, er samdi frumvarp til skipulagslaga 1948, lagði til, að gjald þetta væri fellt niður, en kostnaður við skrifstofu skipulagsstjóra yrði greiddur úr ríkissjóði. Á þá tillögu féllst félagsmálaráðuneytið ekki.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins hefur gjald þetta numið til ársloka 1953 samtals 3 130 363 krónum. Kostnaður við skipulag bæja hefur hins vegar á sama

tíma numið kr. 3 318 808. Raunverulegur kostnaður ríkissjóðs vegna skipulags bæja hefur því numið 188 455 kr. á tímabilinu frá 1940 til ársloka 1953.

Með hliðsjón af viðhorfi ráðuneytisins til ákvæðisins um skipulagsgjöld, hefur nefndin ekki gert neina breytingartillögu um þetta atriði, enda þótt vitað sé, að gjald þetta kemur mjög óheppilega niður á gjaldendum, einmitt þegar þeir eiga við hvað mesta greiðsluörðugleika að etja.

51. og 52. gr. eru að mestu samhljóða ákvæðum 28. gr. og 29. gr. frumvarpsins frá 1948.

53. gr. er hins vegar nýmæli. Í frumvarpinu frá 1948 var gert ráð fyrir, að allt að 100% af þeirri verðhækkun, sem stafar af skipulagsbreytingu, hvort sem sú skipulagsbreyting er þegar komin til framkvæmda eða aðeins ráðgerð á staðfestum skipulagsuppdrætti, skuli greiðast í skipulagssjóð.

Þetta telur nefndin hvorki sanngjarnt né framkvæmanlegt, þar eð ógerlegt er að meta slíka verðhækkun, fyrr en þá í fyrsta lagi nokkrum árum eftir að skipulagsbreytingin kom til framkvæmda. Það verður að teljast ósanngjarnt að gera mönnum að greiða verðhækkunarskatt, áður en skipulagsbreytingin kemur til framkvæmda, sérstaklega af því að í núgildandi lögum og einnig í frumvarpinu frá 1948 er það meginregla, að skaðabætur vegna skipulagsbreytinga komi ekki fyrr til greiðslu en skipulagsbreyting sú er komin til framkvæmda, sem skaðabætur eru goldnar fyrir.

Nefndin leggur hins vegar til, að greiða skuli helming verðhækkunar allra lóða í skipulagssjóð. Er það gert út frá því sjónarmiði, að verðhækkun lóða í bæjum stafi að verulegu leyti af skipulagsbreytingum og hinum ýmsu tæknilegu framkvæmdum bæjarfélagsins, og sé því ekki óeðlilegt, að verulegur hluti þessarar verðhækkunar renni í sérstakan sjóð, til þess að standa straum af nauðsynlegum skipulagsbreytingum, svo sem kaupum fasteigna vegna breikkunar gatna, fjölgun bílastæða o. s. frv.

Á það skal bent, að í Danmörku hefur það ákvæði verið í lögum síðan árið 1933, að greiða skuli árlega 4% í skatt af helmingi þeirrar verðhækkunar lóða, sem er umfram meðalverðhækkun lóða og lenda alls landsins. Í Englandi var væntanleg verðhækkun ónotaðs bygingarlands þjóðnýtt með skipulagslögum þeim, er sett voru árið 1947. Þeim einum voru greiddar skaðabætur, sem gátu sýnt fram á, að þeir hefðu fyrir gildistöku laganna keypt slíkt land fyrir hærra verð en venjuleg notkun landsins gaf tilefni til.

Árið 1939 sömdu þeir próf. Ólafur Lárusson og Gunnlaugur E. Briem álitsgerð að tilhlutan skipulagsnefndar og Bæjarráðs Reykjavíkur varðandi möguleika á nýrri lagasetningu, er gæti komið í veg fyrir, að eignarnám vegna skipulagsframkvæmda hefði jafnmikinn kostnað í för með sér og nú er raun á.

Í álitsgerð sinni benda þeir á þrjár leiðir er þeir telja að geti komið til greina:

1. Að leggja kostnað við lóðakaup undir götu eða breikkun götu að nokkru á lóðaeigendur við götuna, sömuleiðis kostnaðinn við gatnagerðina; er skírskotað til hliðstæðra ákvæða norskra og sænskra.
2. Að leggja nýtt skattgjald á fasteignir.
3. Að leggja verðhækkunarskatt á fasteignir þær sem hækka í verði, bæði beint og óbeint af völdum skipulagsaðgerða.

Af þessum þrem leiðum telja þeir Ólafur og Gunnlaugur E. Briem hina síðasttöldu þá sanngjörnustu, og er nefndin þeim sammála.

Um XI. kafla.
Um lóðaskrá.

Til þess að unnt sé að koma skrásetningu (þinglýsingu) lóða og fasteignamati í viðunanandi horf, telur nefndin nauðsynlegt að koma á fót lóðaskrá á öllum hinum skipulagsskyldu stöðum.

Fyrir Reykjavík eru til lög um lóðaskrásetningu, 35/1914, og fyrir Akureyri lög nr. 16/1951.

Að sjálfsögðu er æskilegt, að lóðaskráin gefi sem fyllstar upplýsingar um hverja lóð.

Í fyrsta lagi er æskilegt að hún innihaldi updrátt af lóðinni, með þeim húsum, sem á henni eru á hverjum tíma, auk þess upplýsingar um stærð lóðarinnar, fasteignamat hennar, hvort og hvaða kvaðir hvíli á lóðinni, hvort um eignar- eða leigulóð sé að ræða, hve langur leigutíminn sé, hver sé eigandi og hver leigjandi, hver leigumálinn sé, stærð og rúmmál húsa á lóðinni, fasteignamat þeirra og brunabótamat, hvort húsið sé úr steini eða timbri o. s. frv.

Enginn efi er á því, að lóðaskrár þessar yrðu til margra annarra hluta nytsamlegar en til að reikna út verðhækkunarskattinn samkv. 53. gr.

Víðast í Evrópu er sá háttur hafður á lóðaskrám, að hver lóð hefur sitt sérstaka númer, sem er algjörlega óháð því, við hvaða götu lóðin er. Til þess að einfalda kerfið er lagt til, að notuð verði hér númer við götur, enda sé götum gefið nafn jafnskjótt og skipulag hefur verið ákveðið.

Ætlast er til, að félagsmálaráðuneytið gefi út reglugerð um færslu lóðaskránna, í samráði við fasteignamatsnefnd ríkisins, Hagstofu Íslands og skipulagsstjóra.

Sþ. 107. Þingsályktun [54. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða uppbætur á laun starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 101.

Nd. 108. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Auk þeirrar hækkunar á bótum samkvæmt almannatryggingalögum, sem ákveðin hefur verið með lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., skulu bótafjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 13., 14., 15., 17., 18., 21., 23., 37. og 38. gr. laganna, hækka frá og með 1. september 1958 um 9½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að helztu bótagreinar almannatryggingganna verði frá 1. september 1958 hækkaðar um 9½% til samræmis við þá hækkun, sem varð á dagkaupi verkamanna í almennri dagvinnu í síðastliðnum septembermánuði.

Bótagreinar þær, sem hér er um að ræða, eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir svo og aðrar þær bætur, sem miðaðar eru við elli- og örorkulífeyri, en þær eru þessar: Makabætur, mæðralaun, ekkjulífeyrir, uppbót á elli- og örorkulífeyri allt að 100%, sbr. 23. gr., svo og slysabætur, þegar um er að ræða varanlega örorku eða dauða, sbr. 37. og 38. gr.

Útgjaldaaukning sú, sem frumvarp þetta hefur í för með sér, ef að lögum verður, á tímabilinu 1. september til 31. desember miðað við 185 stiga vísitölu, mun verða ca. 4.0 millj. króna, en af þeirri fjárhæð koma 33% í hlut ríkissjóðs samkvæmt 24. gr. laganna, eða ca. 1.3 millj. króna.

Á árinu 1959 mun þessi útgjaldaaukning Tryggingastofnunar ríkisins miðað við fjárlagavísitöluna 183 stig verða samtals 11.0 millj. króna, þar af koma 33% í hlut ríkissjóðs, eða ca. 3.6 millj. króna.

Hækkun á bótum samkvæmt 37. og 38. gr. hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs, þar eð hér er um að ræða slysabætur, sem atvinnurekendur greiða að fullu með iðgjöldum sínum. Að sjálfsögðu kemur það einnig á ríkissjóð að því leyti, sem ríkið er atvinnurekandi.

Bótagreinar þær, sem hér eru undanskildar hækkun, eru þessar: Fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur, þriggja- og níu mánaða bætur til ekkna, slysadagpeningar samkvæmt 36. gr., viðbótardánarbætur samkvæmt 39. gr., sjúkradagpeningar samkvæmt 53. gr. svo og hámark þriggja mánaða fæðingarstyrks samkvæmt 84. gr. laganna.

Nd. 109. Lög [4. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 110. Lög [3. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 3.

Nd. 111. Lög [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959.

(Afgreidd frá Nd. 2. des.)

Samhljóða þskj. 19.

Sþ. 112. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um skipun nefndar til þess að vinna með ríkisstjórninni að framgangi handritamálsins.

Flm.: Pétur Ottesen, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess, undir forustu ríkisstjórnarinnar, að vinna að endurheimt íslenzkra handrita frá Danmörku.

Nefndin skal þannig skipuð, að þingflokkarnir tilnefna sinn manninn hver, en fimmti maðurinn skal tilnefndur af heimspekideild háskólans. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íslendingum hefur ekki enn tekizt að fá handritum þeim, sem þeir eiga í dönskum söfnum, skilað aftur. Verðum vér því óhjákvæmilega að herða róðurinn í sókn þessa réttlætismáls. Mikill einhugur og samstaða er ríkjandi með þjóð vorri um það að fá á því lyktir, að þessir bókmenntafjársjóðir vorir verði aftur fluttir heim til hagnýtingar og varðveizlu í æðstu menntastofnun landsins, háskólanum. Til þess að sýna í réttu ljósi út á við þá þjóðareiningu, sem stendur að baki kröfum vorum um, að handritunum verði skilað, mundi mega telja hyggilegt að skipa nefnd með þeim hætti, sem hér er lagt til, er vinni með ríkisstjórninni að framgangi málsins.

Það er augljóst mál, að ríkisstjórninni væri að því mikill stuðningur að hafa slíka nefnd sér við hlið í þeirri skeleggu baráttu, sem fram undan er í þessu máli.

Óþarft er að færa önnur eða frekari rök fyrir nefndarskipuninni.

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfsemi, sem miði að því, að jafnan séu tiltækar sem gleggstar og nýjastar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Greinargerð.

Árlega hverfur fjöldi æskufólks úr skólum landsins út í atvinnulífið. Sumir hafa lagt á sig langt og strangt sérnám, aðrir ekki. Áður en lagt er á þá braut að sérmenntast til ákveðins starfs, veitir það hverjum og einum leiðbeiningu og öryggi að vita með nokkurri vissu um þörf manna í það starf, sem um er að ræða, og þá um leið afkomumöguleika.

Á hinn bóginn eru ýmsar greinar atvinnulífsins, sem beinlínis komast ekki af án þar til sérhæfðra manna. Og þeim mun betur er hverri atvinnugrein borgið sem starfsliðið er betur að sér á sínu sviði.

Þess vegna er það nauðsyn, að jafnan séu tiltækar á einum stað nokkurn veginn nýjar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk, og markmiðið með flutningi þessarar tillögu er, að nokkurt liðsinni verði veitt í þessu efni.

Til þess að þetta yrði framkvæmt á sem auðveldastan hátt, mætti fela það stofnun, sem stendur í beinu sambandi við hinar ýmsu atvinnugreinar og getur starfað að skýrslugerð um þessi mál. Þar yrðu þá að jafnaði fyrir hendi þær upplýsingar, sem hér er um að ræða.

Ed. 114. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Nú verður biskup Íslands sjötíu ára að aldri, og má hann þá, ef aðrar ástæður hindra ekki, halda embætti sínu, þar til hann verður 75 ára, ef ⅗ þeirra, sem atkvæðisrétt hafa við biskupskjör, bera fram ósk um það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til núverandi biskups Íslands.

Ed. 115. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 4. des. 1958.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 116. Lög [2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 4. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Ed. 117. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á fundi í dag. Minni hl. nefndarinnar (JK, FÞ) leggur til, að frv. verði samþykkt. Undirritaðir eru andvígir því og leggja til, að það verði fellt.

Alþingi, 5. des. 1958.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.

Ed. 118. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1958.

Friðjón Þórðarson, frsm. Jón Kjartansson.

Nd. 119. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GJóh) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 1958.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.

Jón Pálmason.

Nd. 120. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956 um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 6. des. 1958.

Steingr. Steinþórsson, form. Benedikt Gröndal, frsm. Gunnar Jóhannsson, fundaskr.

Ragnhildur Helgadóttir. Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 121. Frumvarp til laga [65. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka skuldabréfalán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 30000000.00 — þrjátíu milljónum króna — enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga. Þessa verðtryggingu má miða hvort sem er við einstaka rafmagnstaxta eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk hæstv. fjmrh. í bréfi dags. 5. des., og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Fjáröflun til virkjunar Efra-Sogs er nú það langt komin, að tryggt er fé til greiðslu alls erlendis kostnaður og lán einnig fengin eða að mestu tryggð fyrir innlendum kostnaði. Enn er þó áætlað að vanti allt að 30 millj. kr. fyrir innlendum kostnaði, sem ráðgert er að afla með sölu skuldabréfa á innlendum markaði.

Með frumvarpi þessu, sem borið er fram eftir ósk stjórnar Sogsvirkjunarinnar, er farið fram á heimild til að taka slíkt lán með ábyrgð ríkissjóðs, en til þess að greiða fyrir sölu bréfanna er ráð fyrir því gert í frumvarpinu, að skuldabréf þessi verði verðtryggð með sérstökum hætti.

Mál þetta hefur verið undirbúið í samvinnu við Seðlabankann, og hefur hann fallizt á að aðstoða við sölu bréfanna, ef þau verða gefin út með þeim skilmálum, sem um getur í frumvarpi þessu.

Nd. 122. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess. — Einn nefndarmanna (GJóh) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 9. des. 1958.

Steingr. Steinþórsson, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson, frsm.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 123. Lög [62. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 9. des.)

Samhljóða þskj. 108.

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um sameiningu pósts og síma í Hafnarfirði og um stækkun sjálfvirku símstöðvarinnar þar.

Flm.: Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta landssímann nú þegar hefja byggingu nýrrar símstöðvar í Hafnarfirði, með það fyrir augum, að hægt verði að stækka sjálfvirku stöðina mjög verulega og koma þar fyrir póstafgreiðslu bæjarins.

Greinargerð.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði hefur með bréfi, dags. 3. þ. m., sem prentað er sem fylgiskjal I hér á eftir, sent mér ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, þar sem óskað er eftir því, að ég flytji þingsályktunartillögu um úrbætur á símamálum Hafnarfjarðar. Einnig hef ég fengið frá póst- og símamálastjóra afrit af bréfi hans til fjárveitinganefndar, dags. 18. marz s. l., þar sem hann gerir grein fyrir hinni brýnu nauðsyn á stækkun sjálfvirku stöðvarinnar í Hafnarfirði og öðrum nýframkvæmdum landssímans, sem nauðsynlegar verða á næstu árum. Þetta bréf er einnig prentað hér á eftir, sem fylgiskjal II.

Eins og nánar er rakið í bréfi póst- og símamálastjóra, er ástandið í símamálum Hafnarfjarðar orðið algerlega óþolandi. Um 500 númer mun nú vanta þar, til þess að hægt sé að fullnægja eftirspurninni, eða 50% af öllum þeim númerum, sem nú eru í notkun. Er slíkt ástand algerlega óviðunandi og krefst bráðrar úrlausnar.

Í bréfi sínu bendir póst- og símamálastjóri á, að þetta tækifæri mætti þá einnig nota til að flytja póstinn, sem nú er til húsa í ófullkomnu og of litlu leiguhúsnæði, og sameina þessar stofnanir, eins og lengi mun hafa staðið til, og því eru ákvæði um það einnig tekin upp í tillöguna.

Fylgiskjal I.

HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR
BÆJARSTJÓRI

Hafnarfirði, 3. desember 1958.

Hr. alþingismaður Emil Jónsson, Kirkjuvegi 7, Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 2. des. s. l. var eftirfarandi ályktun bæjarráðs Hafnarfjarðar, frá 27. nóv. s. l., samþykkt:

„Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að óska eftir því við þingmann Hafnfirðinga, að hann flytji þingsályktunartillögu um úrbætur á símamálum í Hafnarfirði."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Stefán Gunnlaugsson.

Fylgiskjal II.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

18. marz 1958.

Hér með leyfi ég mér samkvæmt samtali við póst- og símamálaráðherra að skýra háttvirtri fjárveitinganefnd frá hinni brýnu nauðsyn á stækkun sjálfvirku stöðvarinnar í Hafnarfirði svo og aðkallandi stækkun sjálfvirku stöðvanna fyrir Reykjavík og Kópavog. Jafnframt fylgir yfirlit yfir helztu nýframkvæmdir landssímans, sem nauðsynlegar verða á næstu árum.

Árið 1932 var sett upp sjálfvirk stöð í Hafnarfirði fyrir 300 númer, sem var stækkuð 1946 í 500 númer og 1949 í 1000 númer, sem varla nægði þá. Síðan hefur þar við setið, enda leyfði símahúsið þar ekki frekari stækkanir. Beiðnir um nýja síma hafa hlaðizt þar upp óafgreiddar, og sumar eru orðnar 8 ára, og í lok þessa árs mun vanta þar um 500 númer, eða sem svarar helming þess, sem fyrir er. Símaskorturinn veldur að sjálfsögðu miklum örðugleikum fyrir þá einstaklinga og fyrirtæki, sem vantar síma vegna atvinnu sinnar. Lausn þessa máls hefur dregizt vegna hinna miklu framkvæmda í Reykjavík undanfarið, en nú virðist alveg óhjákvæmilegt, að tekin verði ákvörðun um undirbúning framkvæmda þar, enda er afhendingarfrestur á stöðvaefni 2 ár, og ný húsbygging tekur líka tíma.

Í fyrstu var fyrirhugað að reisa viðbyggingu við gamla símahúsið í Hafnarfirði í þessu skyni, og var áætlað, að hún kostaði rúmlega 1 millj. króna. Við nánari athugun telst réttara að byggja alveg nýtt hús, bæði fyrir póst og síma og á betri stað í bænum, en að selja svo gamla símahúsið, þannig að heildarkostnaðurinn að frádregnu söluverði gamla hússins yrði svipaður og við viðbygginguna.

Pósturinn er nú í leiguhúsnæði, sem er orðið of lítið, og væri þannig hægt að leysa það mál samtímis hinu.

Fasteignamat gamla hússins með lóð er kr. 192700.00, og má væntanlega selja það fyrir 600000—700000 kr., en hið nýja póst- og símahús er áætlað að kosta 1¾—2 millj. kr.

Það virðist að ýmsu leyti hentugra að setja upp alveg nýja sjálfvirka stöð í Hafnarfirði fyrir 1800 númer í stað þess að bæta 800 númerum við gömlu stöðina og nota efnið úr gömlu stöðinni (1000 nr.) til nýrrar stækkunar í Reykjavík, sem verður orðin mjög aðkallandi á svipuðum tíma og hin kemst upp. Í byrjun árs 1959 vantar, eins og áður er sagt, 500 númer í Hafnarfirði, og ekkert verður þá laust af númerum í Reykjavík. Að jafnaði bætast árlega við 70 umsóknir í Hafnarfirði og 800 umsóknir í Reykjavík. Efni í sjálfvirkar stöðvar, sem yrði pantað í sumar, yrði ekki komið til landsins fyrr en sumarið 1960 og uppsetningu lokið um áramótin þar á eftir. Þá mun koma til að vanta 640 númer í Hafnarfirði og 1600 númer í Reykjavík/Kópavogi, og þetta mundi aukast með hverju ári. Til þess að halda nokkurn veginn í horfinu og komast hjá, að umsækjendur þyrftu að bíða lengur en 1—2 ár eftir síma, hafa verið gerðar áætlanir um eftirfarandi stækkanir:

Hafnarfjörður aukning 1960—1961 800 nr.

Reykjavík—Kópavogur aukning 1961 1000 nr., 1962 1500 nr., 1964 2000 nr.

Samanburður á símanúmeraþörf og stöðvarbúnaði liti þá þannig út:

Hafnarfjörður:	**1958**	**1959**	**1960**	**1961**	**1962**	**1963**	**1964**
Símanúmeraþörf	1500	1570	1640	1710	1780	1850	1920
Stöðvarbúnaður, númerafjöldi ..	1000	1000	1000	1800	1800	1800	1800
Númeraskortur	500	570	640	–	–	50	120
Reykjavík—Kópavogur:							
Símanúmeraþörf	17500	18300	19100	19900	20700	21500	22300
Stöðvarbúnaður, númerafjöldi ..	17500	17500	17500	18500	20000	20000	22000
Númeraskortur	–	800	1600	1400	700	1500	300

Fyrir utan þá hlið málsins, sem veit að símanotendum, sem bíða mörg ár eftir síma, er það mjög óhentugt að framkvæma stækkanir í of stórum skrefum, bæði vegna örðugleika á fjáröflun stórra upphæða og vegna takmarkaðs fjölda sérfróðra starfsmanna, þannig að þá verður ekki komizt hjá mjög mikilli yfirvinnu þeirra og jafnvel aðstoð erlendra manna við uppsetninguna. Ef stækkanir eru hins vegar framkvæmdar í minni skrefum, annað hvert ár eða svo á hverjum stað, verður allt miklu auðveldara, og stofngjöld og rekstrargjöld bæjarsímans gætu þá að mestu staðið undir kostnaðinum án sérfjárveitinga.

Stofnkostnað við sjálfvirkan stöðvarbúnað má í stórum dráttum reikna kr. 4000.00 pr. númer (þar af helmingur í erlendum gjaldeyri) og 4000—5000 kr. í tilheyrandi jarðsímalagnir (þar af 25% í erl. gjaldeyri), eða samtals 8000—9000 kr. pr. númer. Stofngjald er nú kr. 1800.00 pr. númer í Reykjavík og Hafnarfirði eða nærri 20% af stofnkostnaðinum. Þetta getur þó verið nokkuð breytilegt, sérstaklega við jarðsímalagnir, því að þær blandast mikið inn í jarðsímalagnir vegna flutninga símanotenda, en rúmlega 1000 símanotendur flytja árlega í Reykjavík, og krefst það oft mikilla jarðsímalagna í ný hús.

Hinn jafni vöxtur á símaþörfinni í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði um 870 ný númer á ári svarar til meðalfjárfestingar árlega um 7½ millj. króna. Ef mörg ár líða á milli framkvæmda, hefnir það sín með fjárhagsörðugleikum síðar og meiri heildarkostnaði, auk þess tjóns, sem langur dráttur á að fá síma veldur atvinnulífinu.

Af nefndri 7½ millj. kr. fást um 1½ millj. kr. með stofngjöldum, en þær 6 millj. kr., sem eftir eru, hefur rekstrinum yfirleitt verið ætlað að bera (með auknum tekjum af afnotagjöldum), ef framkvæmdir geta verið nokkurn veginn jöfnum höndum við þörfina.

Þegar síðasta stækkun í Reykjavík fór fram, höfðu nærri áratugs þarfir safnazt saman, og var því um mikið átak að ræða með sérfjárveitingum, lánum og miklum afborgunum í fleiri ár. Hafnarfjörður er að ná sama biðtíma eftir síma, og verður stækkun þar því nokkuð örðug.

Lausleg áætlun hefur verið gerð um stækkunarframkvæmdir í Hafnarfirði, Reykjavík og Kópavogi á næstu árum samkvæmt áður nefndum ráðagerðum (Hafnarfjörður um áramót 1960—1961, Reykjavík (1000 nr.) 1961, Kópavogur 1962 og Reykjavík 1963), og fer hún hér á eftir:

	1959 kr.	1960 kr.	1961 kr.	1962 kr.	1963 kr.
Hús í Hafnarfirði	350000	1150000	200000	–	–
Hús í Kópavogi	–	–	500000	500000	–
Sjálfvirkur búnaður í Hafnarf., Rvík og Kópavogi	–	2000000	4000000	3000000	5400000
Jarðsímar á sömu stöðum	3500000	3500000	3500000	3500000	3500000
Kr.	3850000	6650000	8200000	7000000	8900000
Á móti kemur:					
Sala gamla hússins í Hafnarfirði	–	–	600000	–	–
Stofngjöld	1000000	1000000	3800000	3700000	4600000
Aukin afnotagj. v. nýrra notenda frá ⅓ '58 að frádr. aukn. rekstrarkostn.	2000000	2000000	2800000	4000000	5000000
Samtals kr.	3000000	3000000	7200000	7700000	9600000

Þess má geta, að afborgunum vegna undanfarinnar stækkunar lýkur árið 1961 (afb. og vextir af því eru 1959 4500000 kr., 1960 3800000 kr. 1961 2800000 kr.), og verða árin eftir 1961 léttari fyrir bæjarsímann þess vegna, en árið 1960 verður örðugt.

Meðfylgjandi afrit af áætlun um helztu nýframkvæmdir landssímans næstu árin, sem var send póst- og símamálaráðherra fyrir skömmu, sýnir, hvað póst- og símamálastjórnin telur mest aðkallandi svo og í hvaða röð framkvæmdirnar eru hugsaðar og hvernig fjár til þeirra hugsast aflað.

Þessi áætlun þarfnast að sjálfsögðu margra skýringa, en hér skal aðeins drepið á fáein atriði.

Æskilegt hefði verið að ljúka þessum framkvæmdum fyrr en áætlunin gerir ráð fyrir, en ekki hefur verið talinn fjárhagslegur möguleiki til þess án stórlána til lengri tíma.

Um sum húsanna mun hafa verið rætt áður, svo sem í Keflavík (ásamt smávélahúsum í Sandgerði og Grindavík), nauðsynleg vegna sjálfvirku stöðvarinnar þar, sem er í pöntun. Húsinu á Akranesi var lítils háttar byrjað á á síðasta ári, og er fyrningarsjóði landssímans ætlað að lána fé til þess ásamt húsi á Eskifirði (gamla húsið þar er alveg ónýtt) og húsi á Ólafsfirði (þar er nú alveg óviðunandi leiguhúsnæði, sem margbúið er að segja upp af eigandanum). Fjárveiting er á fjárlögum yfirstandandi árs til byrjunar á húsi á Raufarhöfn. Um hús í Hafnarfirði hefur verið rætt hér að framan. Varðandi hús í Grafarvogi má geta þess, að landssíminn keypti þar lóð (ásamt vegagerð ríkisins) fyrir birgðageymslu, enda þarf hann á næstu árum að rýma loftskeytastöðvarlóðina í Reykjavík, þar sem allar stærri birgðir hafa verið geymdar að undanförnu. Á Hvammstanga hefur póstur og sími leiguhúsnæði á tveim stöðum, og er það orðið allt of þröngt. Kópavogshúsið er miðað við, að þar verði sett um sjálfvirk stöð 1962, eins og áður er lýst.

Gamla húsið á Selfossi er að verða of lítið og leyfir ekki eðlilega framþróun þar og þarfnast bráðlega viðbyggingar. Í Vík er ófullnægjandi leiguhúsnæði, sem ekki leyfir rúm fyrir nein ný tæki, svo sem fjölsíma o. þl., og í Þórshöfn er leigt í enda á bragga. Viðbyggingin á Ísafirði er hugsuð vegna fyrirhugaðrar sjálfvirkrar stöðvar þar.

Varðandi sjálfvirku stöðvarnar hefur verið talið, að nauðsynleg stækkun þeirra, sem fyrir eru, ætti að ganga fyrir slíkum stöðvum á nýjum stöðum, a. m. k. þar sem unnt er að stækka handvirku skiptiborðin í nokkur ár og því hægt að bíða með að reisa nýja stöð. Auk þeirra stækkana á sjálfvirkum stöðvum í Hafnarfirði, Reykjavík og Kópavogi, sem áður er lýst, er að verða brýn nauðsyn á stækkun sjálfvirku stöðvarinnar á Akureyri, og er heildarkostnaðurinn við það áætlaður um 800000 kr., sem stofngjöld og auknar tekjur af afnotagjöldum geta borið.

Sjálfvirk stöð fyrir Keflavík og nágrenni er í pöntun. Næst í röðinni virðist Akranes standa, bæði vegna þess að þar er mjög ör þróun og möguleikar á stækkun handvirka borðsins þar eru alveg að tæmast, og svo að þar er fjárhagslega hagkvæmt að setja sjálfvirka stöð vegna hinna mörgu símastúlkna, sem handvirk afgreiðsla krefst. Auk þess er þar auðvelt að ná til sérfróðrar aðstoðar frá Reykjavík.

Næst kæmi röðin að Vestmannaeyjum og Ísafirði, og er verið að ljúka áætlunum fyrir sjálfvirkar stöðvar þar í sambandi við framkomnar þingsályktunartillögur þar að lútandi.

Á þessu stigi er áætlað, að sjálfvirk stöð í Vestmannaeyjum kosti allt að 6 millj. kr. og fyrir Ísafjörð einan 4½ millj. kr., en ef Hnífsdalur, Bolungavík og Súðavík eru talin þar með ásamt sjálfvirku sambandi þeirra á milli, færi kostnaðurinn upp í 8 millj. kr. Í þessum upphæðum er fólginn sjálfvirkur búnaður á stöðvunum, talfæri hjá notendum og nauðsynlegir jarðsímar.

Um radiofjölsíma og línufjölsíma er það að segja, að þeir eiga að leysa hinn mikla skort, sem er á nægilega mörgum talrásum til fjarlægustu landshluta og þeirra á milli, og hindra, að menn þurfi dögum saman að bíða eftir símtölum á þeim árstíma, er þörfin er mest, eins og hefur verið undanfarin sumur.

Þar sem afgreiðslutími á efni til sjálfvirkra stöðva er 2 ár og á stærri fjölsímum 1½ ár og uppsetning tekur talsverðan tíma, þarf að taka afstöðu til framkvæmda allöngu áður en þeim á að ljúka.

Umsögn um þingsályktunartillögurnar með nánari upplýsingum um þetta mál verður send bráðlega.

G. Briem.

Ed. 125. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaði, eða elliheimili, sem reist verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 56 5. júní 1957.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu á stofnkostnaði elliheimila skuli vera hin sama og sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Engin lagaákvæði eru nú um skyldu ríkissjóðs til þess að greiða hluta af stofnkostnaði elliheimila. Hins vegar hefur þetta verið þannig í framkvæmd hin síðari ár, að nokkrir bæir hafa reist sjúkrahús, sem að hluta hafa verið elliheimili, en stofnkostnaður hefur verið greiddur úr ríkissjóði sem sjúkrahús væri að öllu leyti.

Þetta er út af fyrir sig eðlilegt og skynsamlegt. En þegar svo er komið, sýnist jafn sjálfsagt, að ríkissjóður greiði hluta af stofnkostnaði elliheimila almennt. Slík heimili hljóta ávallt að vera að meira eða minna leyti sjúkrahús, jafnframt því að vera elliheimili. Þar munu ávallt dveljast gamalmenni, sem þarfnast stöðugrar læknishjálpar og hjúkrunar. Þessi gamalmenni mundu að öðrum kosti verða að dveljast að staðaldri í venjulegu sjúkrahúsi. Elliheimili létta því mjög á sjúkrahúsunum að þessu leyti, enda ekki vanþörf á.

Sökum breyttra þjóðfélagshátta er nú meiri þörf fyrir hæfilega mörg dvalarheimili fyrir aldrað fólk og lasburða en áður var. Að jafnaði er ekki hægt að láta í té þá aðhlynningu og hjúkrun í heimahúsum, sem þetta fólk þarfnast. Það er hins vegar á valdi ráðherra að takmarka fjölda elliheimila hæfilega, þar sem slík heimili má ekki stofna án leyfis hans. Er þannig fyrir því séð, að offjölgun elliheimila geti ekki átt sér stað.

Lagasetning sú, sem ráðgerð er með frumvarpi þessu, mundi að líkindum kalla á nokkurt fé úr ríkissjóði. Slíkt mundi þó vafalaust verða minna en ætla mætti við fyrstu sýn, því að í framkvæmdinni hefur sú venja orðið til að greiða úr ríkissjóði hluta af stofnkostnaði elliheimila bæjanna, sem rekin eru í sambandi við sjúkrahús.

Nd. 126. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna, Jóhann Hafstein, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 12. des. 1958.

Skúli Guðmundsson, form. | Emil Jónsson, fundaskr., frsm. | Ólafur Björnsson.
Einar Olgeirsson.

Nd. 127. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd Nd. hefur rætt frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, og vísar til greinargerðar frumvarpsins. Minni hl. nefndarinnar er mótfallinn frv. Einn nefndarmanna, Gunnar Jóhannsson, var fjarverandi sökum lasleika og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1958.

Ásgeir Bjarnason, form. | Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. | Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 128. Breytingartillaga [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 1. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
Í stað 10. töluliðar 1. gr. laga nr. 19/1955 komi tveir töluliðir, svo hljóðandi:

1. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi:* Vestur-Skaftafellssýsla.
2. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla.

Nd. 129. Lög [55. mál]

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 96.

Ed. 130. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá Birni Jónssyni og Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.: 2. málsgrein falli niður.

Ed. 131. Breytingartillögur [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

a. Á eftir 3. tölulið 1. gr. laga nr. 19/1955 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla og Vestur-Ísafjarðarsýsla.

b. 4. töluliður (verður 5. töluliður) 1. gr. laga nr. 19/1955 orðist svo:
Ísafjarðarumdæmi: Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður og Árneshreppur í Strandasýslu.

Ed. 132. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Flm.: Karl Kristjánsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Þó má skipa próflausa kennara, þegar þeir hafa starfað sem ráðnir eða settir kennarar í 10 ár eða lengur, ef hlutaðeigandi skólanefnd, námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrsti flm. þessa frv. flutti á þinginu 1955—1956 frv. um sama efni og þetta er. Því frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar. Ekkert hefur af því frétzt síðan. Telja flutningsmenn þess vegna rétt að bera málið fram á Alþingi á ný, þar sem að þeirra áliti er hér um réttlætismál að ræða.

Í greinargerð með frumvarpinu 1955—56 segir m. a.:

„Eins og kunnugt er, hefur jafnan verið vöntun á mönnum, sem tekið hafa kennarapróf, til þess að gegna störfum við barnaskólana víðs vegar um land. Úrræðin hafa orðið þau að fá til starfanna einhverja hæfa menn, þótt ekki hefðu þeir kennarapróf. Menn þessir hafa auðvitað aðeins verið ráðnir eða settir kennarar „til bráðabirgða“ og orðið að víkja, hvaða ár sem maður með kennaraprófi leitaði eftir starfinu.

Að sjálfsögðu hafa verið — og eru — mest brögð að því, að menn með próf-réttindum fáist ekki í afskekktustu skólahverfi landsins eða þangað, sem réttinda-mönnum þykir óálitlegast einhverra hluta vegna að taka sér bólfestu til frambúðar.

Fæstir hinna próflausu kennara festast í kennarastarfinu, þótt þeir hlaupi í skörðin á tímabili og leysi með því vandræði. Hins vegar gera fáeinir kennsluna að lífsstarfi, ef hún lætur þeim vel og svo háttar, að enginn kennari með réttindum gefur sig fram í það sæti, er þeir skipa. Hvarvetna verða þeir samkvæmt gildandi lögum að víkja fyrir mönnum, er kennarapróf hafa tekið, ef slíkir menn gefa kost á sér, og þá hvorki spurt um reynslu né hæfileika."

Í greinargerðinni segir enn fremur, að 82 próflausir barnakennarar séu að starfi skólaárið 1955—56. En samkvæmt upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar voru þeir orðnir 101 skólaárið 1957—58. Hefur þeim þannig fjölgað um 19 á tveim árum. Er því síður en svo, að úr því dragi, að leita þurfi til próflausra, til þess að hægt sé að fullnægja fræðsluskyldu barna. Þar þyngir til muna á.

Kennarar þessir hafa að vísu full laun, en þeir hafa ekki atvinnuréttindi. Verða þeir þar af leiðandi að rýma sæti, ef prófréttindamaður gefur sig fram. Kennara-menntun staðfest með prófi að loknu námi er vitanlega mikilsverð og æskileg. En kennarahæfni eftir 10 ára reynslu í starfi, staðfest af skólanefnd, námsstjóra og fræðslumálastjóra, vegur líka mikið. Hver vill telja minna öryggi í henni fyrir nemendurna?

Hins vegar er óþolandi öryggisleysi fyrir þann, sem af alúð hefur helgað sig kennslustörfum lengi og náð góðum árangri, að eiga yfir höfði sér að hrekjast frá þeim störfum, ef einhver, sem prófi hefur náð, gerir kröfu til að fá þau.

Þjóðfélagið er í þakkarskuld við þá menn, sem hlaupið hafa í skörðin, þar sem menn með kennaraprófi hefur vantað, til þess að fræðsluskyldu yrði fullnægt. Flutningsmenn telja, að ekki megi minna vera en þjóðfélagið veiti þessum mönnum full kennararéttindi, þegar þeir hafa verið áratug eða meira í þessari þjónustu og staðið svo vel í stöðunni, að æskilegt þykir, að þeir geri hana að lífsstarfi.

Í frumvarpinu 1955—56 var miðað við 15 ár sem lágmarksþjónustualdur, en við athugun telja flutningsmenn nú sanngjarnara að lækka aldurstakmarkið og miða við 10 ára þjónustu.

Eftir upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar voru af 101 kennara próflausum, sem í starfi voru skólaárið 1957—58, aðeins 34, sem höfðu verið ráðnir eða settir kennarar 10 ár eða lengur, en 19 í 15 ár eða lengur.

Allir kennarar barnaskólanna það ár voru 760 talsins.

Ósamræmi er milli núgildandi laga um fræðslu barna og laga um gagnfræða-nám. Engin heimild er í hinum fyrrnefndu — svo sem áður er sagt — til að skipa mann í kennarastöðu, nema hann hafi lokið kennaraprófi. Í lögunum um gagn-fræðanám segir aftur á móti: „Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum" (þ. e. um próf m. a.) „um lausa kennarastöðu, skal þá skólanefnd og fræðslumála-stjórn leitast við að fá til hæfan mann, og má að tveim árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til." (Lög nr. 48 1946, 37. gr.)

Hér eru ólíkt minni kröfur gerðar, og þó ætti ekki að vera minni lærdómsvandi lagður á herðar kennara við gagnfræðaskóla en barnaskóla.

Varla getur nokkur maður talið of langt gengið með því, sem frumv. þetta leggur til, að skipa próflausa barnakennara í embættið eftir 10 ára reynslu í starfinu, ef skólanefnd, námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því, úr því að heimilt er að gera kennara við gagnfræðaskóla fastan kennara eftir tveggja ára starf, sem hann hefur verið ráðinn til, án þess að hann hafi fullnægt ákvæðum um próf, ef skóla-stjóri mælir með skipun hans.

Stéttarsamtök kennara virtust vera hlutdræg, ef þau að þessu athuguðu mæltu gegn þessu frumvarpi, sem er í átt til samræmingar, — og vilja flutningsmenn ekki gera ráð fyrir því, að þau geri það.

Ed. 133. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er sammála því, að rétt sé að framlengja frest þann, er í 1. gr. getur, um eitt ár vegna ýmiss konar erfiðleika, sem á því eru að fullgera hús á tveimur árum. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1958.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Eggert G. Þorsteinsson.
Gunnar Thoroddsen. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 134. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 82 1957, sem gilda fyrir árið 1958. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1958.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Jóh. Hafstein. Ólafur Björnsson.

Sþ. 135. Fyrirspurn [69. mál]

til ríkisstjórnarinnar um yfirlæknisembætti Kleppsspítala.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað veldur því, að heilbrigðismálaráðherra hefur ekki sinnt tillögu landlæknis um breytingu á skipan yfirlæknisstöðu Kleppsspítala?

Sþ. 136. Nefndarálit [5. mál]

um till. til þál. um eflingu landhelgisgæzlunnar og aukna vernd íslenzkra fiskiskipa.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögu þeirri til þingályktunar, sem hér um ræðir, var vísað til fjárveitinganefndar á öndverðu þessu þingi. Dráttur sá, sem orðið hefur á afgreiðslu hennar

hjá nefndinni, stafar af því, að forstjóri landhelgisgæzlunnar, er nefndin þurfti að sjálfsögðu að ræða við um mál þetta, var um þær mundir og alllengi síðan staddur erlendis við samninga um byggingu hins nýja landhelgisgæzluskips, sem nú er hafin.

Strax eftir heimkomu hans hóf nefndin viðræður við hann um málið. Voru þær viðræður allýtarlegar. Gerði forstjórinn glögga grein fyrir því, hvernig skipakostur sá, sem forráðamenn landhelgisgæzlunnar hafa yfir að ráða, yrði bezt nýttur með hliðsjón af þeim aðstæðum, sem gera mætti ráð fyrir að vér yrðum að horfast í augu við á komandi vertíð. Taldi hann, að allar líkur bentu til, að svo gæti farið, að landhelgisgæzla vor reyndist þá ónóg, meðal annars vegna þess, hve gæzluhæfni minni skipanna er miklum takmörkunum háð á hafi úti. Bæri því til þess brýna nauðsyn, að úr þessu yrði bætt með því, að tiltækt væri eitt eða fleiri stærri og ganghraðari skip, er gripið yrði til eftir þörfum.

Fjárveitinganefnd er fyllilega sammála forstjóra landhelgisgæzlunnar um það, að vér þurfum að hafa viðbúnað, eftir því sem frekast eru föng á, til þess að vér getum unnið að því ótruflaðir á miðunum að draga björg í bú, svo mjög sem lífsafkoma vor er því háð, að oss farnist vel í því efni. Þá verðum vér og að vera við því búnir að geta veitt sjómönnum vorum þá vernd, er vér bezta getum í té látið, ef þeir yrðu fyrir árás af því herskipavaldi, sem nú um skeið hefur haslað sér völl í fiskveiðalandhelgi vorri, eða þeim togurum, sem undir vernd og gæzlu herskipanna eru að ólöglegum veiðum á þessum slóðum. Með tillögunni er að því stefnt, að leitað verði í þessu efni þeirra úrræða, sem frekast eru föng á og oss bezt henta.

Tillögugreininni er breytt í samræmi við það, að bygging varðskips er nú hafin.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flýta svo sem unnt er — í samráði við forstjóra landhelgisgæzlunnar — ráðstöfunum til eflingar landhelgisgæzlunni, svo að auðið verði að veita fiskiskipaflotanum vernd, þannig að bægt verði, svo sem kostur er, frá íslenzkum sjómönnum, skipum þeirra og veiðarfærum, þeirri hættu, sem átökin við Breta í fiskveiðalandhelginni kunna að hafa í för með sér.

Alþingi, 15. des. 1958.

Karl Guðjónsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Pétur Ottesen, frsm. Magnús Jónsson.
Jón Kjartansson. Halldór E. Sigurðsson. Friðjón Skarphéðinsson.
Sveinbjörn Högnason. Karl Kristjánsson.

Sþ. 137. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um námskeið í meðferð fiskileitartækja.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og aflað sér álits Fiskifélags Íslands um það.

Fiskifélagið hefur haldið eitt námskeið þess háttar, sem tillagan gerir ráð fyrir, og hefur nú fleiri slík í undirbúningi, þótt ekki sé fjárhagsgrundvöllur þeirra tryggður.

Nefndin telur, að brýn nauðsyn sé að veita skipstjórnarmönnum fiskiflotans alla þá kennslu í meðferð fiskileitartækja, sem unnt er, og að námskeið þessi verði haldin hið fyrsta, er við verður komið, og svo víða á landinu, að ætla megi, að þau geti náð til allra, er þeirra vilja njóta.

Í samræmi við það, að Fiskifélagið hefur námskeið í undirbúningi, og með tilliti til þess, að líklegt má telja, að fjárlagaafgreiðsla dragist eitthvað á langinn, telur nefndin rétt að afgreiða tillöguna með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að Fiskifélag Íslands fái aðstöðu til að halda í öllum landsfjórðungum, svo fljótt sem verða má og ekki síðar en fyrir næstu síldarvertíð, námskeið fyrir skipstjórnarmenn á fiskiskipum, þar sem veitt verði fræðsla um gerð og meðferð fiskileitartækja, og heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað, er af þessari framkvæmd leiðir.

Alþingi, 18. des. 1958.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson. Pétur Ottesen.

Halldór E. Sigurðsson. Jón Kjartansson. Karl Kristjánsson.
Sveinbjörn Högnason. Magnús Jónsson.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um akvegasamband við Vestfirði.

Flm.: Kjartan J. Jóhannson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir vegamálastjóra að hefja nú þegar undirbúning eftirfarandi ráðstafana til þess að skapa akvegasamband við þau byggðarlög á Vestfjörðum, sem enn þá eru án sambands við aðalakvegakerfi landsins:

1. Að ljúka Vestfjarðavegi frá Barðaströnd í Arnarfjörð á næsta ári.
2. Að ljúka vegagerð, er tengi Ísafjörð og nágrannakauptúnin við sveitirnar við Ísafjarðardjúp, á ekki lengri tíma en 3 árum.
3. Að láta rannsaka, hvort ekki sé hagkvæmt að vinna þessar framkvæmdir eða einstaka þætti þeirra í ákvæðisvinnu undir eftirliti vegagerðar ríkisins.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja fé úr ríkissjóði til fyrrgreindra framkvæmda eða veita ábyrgð fyrir lánum, sem kunna að verða tekin til þeirra.

Greinargerð.

Þrátt fyrir miklar framkvæmdir í vegamálum þjóðarinnar er stór hluti Vestfjarða enn þá án sambands við akvegakerfi landsins. Er hér um að ræða landssvæði frá Arnarfirði að sunnanverðu Ísafjarðardjúpi. Í þessum héruðum búa nú um 6000 manns. Ríkir mikil óánægja meðal Vestfirðinga með það, hversu hægt gengur að skapa nauðsynlegt akvegasamband við landshluta þeirra. Sætir það vissulega engri furðu, þar sem greiðar samgöngur hljóta í öllum landshlutum að vera hyrningarsteinn atvinnu- og félagslífs fólksins.

Í tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin feli vegamálastjóra að gera ráðstafanir til þess, að lokið verði þegar á næsta ári lagningu vegar úr Barðastrandarsýslu yfir í Arnarfjörð. Hefur verið unnið að þeirri framkvæmd undanfarin ár, og munu 13—14 km ólagðir á þessari leið. Með nægum stórvirkum verkfærum og vélum er fyllilega mögulegt að ljúka vegagerðinni á næsta sumri. Hefði þá akvegasamband skapazt við alla Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, öll kauptúnin

í Norður-Ísafjarðarsýslu og þær sveitir sýslunnar, sem eru við utanvert Ísafjarðardjúp. Væri að þessu stórmikil bót.

En jafnhliða er það skoðun flutningsmanna, að brýna nauðsyn beri til þess að leggja aukna áherzlu á vegagerðina fram með Ísafjarðardjúpi. Vegur hefur nú verið lagður nokkuð út með Mjóafirði innarlega í Djúpinu. Enn fremur er vegur kominn milli allra byggðarlaganna við utanvert Ísafjarðardjúp, allt inn í Álftafjarðarbotn. En frá Álftafjarðarbotni í Mjóafjarðarbotn eru um 100 km, og er aðeins stuttur vegarspotti á þeirri leið, frá bryggju í Ögri að brú á Laugardalsá.

Með því að útvega aukinn vélakost og hækkaðar fjárveitingar til þessarar vegagerðar ætti að vera mögulegt að ljúka henni á 3—4 árum. Má til dæmis gera ráð fyrir, að mögulegt ætti að vera að koma veginum út í Ögur á næsta sumri.

Þá ber og nauðsyn til þess að halda áfram vegagerðinni út með norðanverðu Ísafjarðardjúpi áleiðis til einnar nyrztu byggðar héraðsins í Grunnavíkurhreppi.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að Vestfirðingar eigi fullan rétt á því eins og aðrir landsmenn að njóta akvegasambands ekki aðeins milli sinna eigin héraða, heldur og við meginakvegakerfi landsins.

Þá telja flutningsmenn, að rétt sé að athuga, hvort ekki geti verið hagkvæmt að láta vinna að vegagerð í ákvæðisvinnu undir eftirliti vegagerðar ríkisins.

Nd. 139. Frumvarp til laga [71. mál]

um ábyrgðir á skuldum við skuldaskil útgerðarmanna 1951.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

26. gr. laga nr. 120 frá 28. des. 1950 fellur niður.

2. gr.

Skuldir, sem samið var um að gefa eftir við skuldaskil, samkvæmt II. kafla laga nr. 120 frá 28. des. 1950, má ekki innheimta hjá ábyrgðarmönnum, nema þeir við skuldaskilin hafi tekið að sér að greiða þær.

3. gr.

Skuldir, sem samið var um við skuldaskil að gefa eftir, en hafa verið greiddar, svo og vexti, sem greiddir hafa verið af slíkum skuldum, má endurkrefja, nema ábyrgðarmenn hafi tekið að sér greiðslu samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sjávarútvegsmálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Samkvæmt II. kafla laga nr. 120 frá 28. des. 1950 var stofnaður skuldaskilasjóður útgerðarmanna í sambandi við fiskveiðasjóð Íslands. Í júní og júlí 1951 var samþykkt á fundum skuldheimtumanna 121 frumvarp til skuldaskila. Samkvæmt þessum frumvörpum skyldu skuldheimtumenn gefa útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum eftir kr. 48 302 876.78, þar af skyldi Landsbanki Íslands gefa eftir kr. 5 289 159.19 og Útvegsbanki Íslands h/f kr. 3 632 169.06.

Í 26. gr. áðurnefndra laga er svo ákveðið, að skuldaskilasamningur haggi ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hafði sett fyrir kröfum á hendur útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki, sem skuldaskil fékk.

Bæði Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f notfærðu sér heimild 26. gr. og kröfðu ábyrgðarmenn um greiðslu á eftirgjöfunum, og í nokkrum tilfellum munu útgerðarmennirnir sjálfir eða útgerðarfyrirtækin hafa greitt bönkunum eftirgjafirnar beint.

Verulegur hluti af eftirgjöfum bankanna var vegna skulda, sem tryggðar voru með ábyrgð. En í flestum tilfellum voru ábyrgðarmennirnir í tengslum við útgerðarmanninn eða útgerðarfyrirtækið og höfðu lífsviðurværi sitt af viðkomandi útgerð. Sérstaklega var þetta áberandi um eftirgjafir til útgerðarhlutafélaga, en skuldir þeirra voru venjulega tryggðar með ábyrgð félagsstjórnar eða annarra hluthafa, sem voru hinir raunverulegu útgerðarmenn og höfðu allt sitt framfæri af rekstri útgerðarfélagsins. Þegar eftirgjafirnar voru innheimtar hjá þessum ábyrgðarmönnum, var það sama og að innheimta þær hjá útgerðarfyrirtækinu sjálfu, og hjálp sú, sem skuldaskilin áttu að veita því, var þar með að engu eða litlu gerð.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna kvartaði til ríkisstjórnarinnar yfir þessari framkvæmd bankanna, og varð það úr, að sjávarútvegsmálaráðherra skipaði nefnd 4. febr. 1957 til að athuga framkvæmd bankanna á skuldaskilum útvegsmanna og hvort talið yrði, að framkvæmdin hafi verið gagnstæð anda og tilgangi II. kafla laga nr. 120 frá 28. des. 1950.

Nefndin skilaði áliti 11. febr. 1958. Segir þar, að af þeim kr. 5 289 159.19, sem samið var um að Landsbanki Íslands gæfi eftir, hafi hann afskrifað kr. 656 516.27, innheimt kr. 1 424 415.58, eigendur eða ábyrgðarmenn hafi tekið að sér að greiða kr. 1 144 997.73, en ófullnægjandi upplýsingar séu um kr. 2 063 229.61. Af þeim kr. 3 632 169.06, sem samið var um að Útvegsbanki Íslands h/f gæfi eftir, höfðu verið afskrifaðar kr. 1 373 793.72, innheimt kr. 854 270.55, eigendur og ábyrgðarmenn höfðu tekið að sér að greiða kr. 879 878.51, en óupplýst var um kr. 524 226.28.

Í lok nefndarálitsins segir: Það er álit nefndarinnar, að tilgangur laganna hafi verið að rétta við fjárhag bátaútgerðarinnar, sem á þessum tíma var illa kominn vegna skuldasöfnunar, með því að lögbjóða eftirgjafir á hluta skulda hennar og veita auk þess lán úr skuldaskilasjóði til greiðslu hluta þeirra, og á þann hátt skapa bátaútgerðinni rekstrarskilyrði.

Við undirbúning laganna virðist það sérstaka fyrirkomulag, sem algengt er hérlendis, að fjölskyldur myndi hlutafélag um útgerð, en taki persónulega ábyrgð á skuldum þeirra gagnvart bönkunum, ekki hafa verið athugað, hvorki af þeim, er undirbjuggu lögin, né af þingmönnunum sjálfum.

Um 13. Með lögum nr. 74 11. júní 1938 var heimilað að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjótjóna, og ber því að breyta 218. gr. sigll. í samræmi við það. En með því að óvíst er, að jafnan verði náð til löggiltra manna til að annast niðurjöfnunina, þykir rétt að hafa áfram heimild í lögum um, að fela megi starfið tveimur dómkvöddum mönnum, ef þess er ekki kostur að fá það löggiltum niðurjöfnunarmanni í hendur.

Um 14. Ákvæði 221. gr. sigll. er látið haldast, að því er tekur til ábyrgðar á greiðslu sjótjónsframlaga af hálfu farms og annars góss í skipi. Hins vegar eru nú settar nýjar reglur í IX. kafla um ábyrgð útgerðarmanns vegna sjótjónsframlaga af hálfu skips og farmgjalds. Er 1. mgr. orðuð í samræmi við. það.

Um 15. Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari gr. er getið breytinga á ákvæðum níunda kapítula siglingalaganna, um tjón af árekstri.

Um 1. Í 5. gr. laga nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, er svo mælt, að setja skuli í tilskipun ákvæði um, hverjar varúðarreglur skuli hafa á íslenzku skipi til þess að forðast árekstur milli skipa. Með skírskotun til þeirrar greinar hefur verið sett tilskipun nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Er því óþarft að hafa ákvæði 224. gr. sigll. lengur í þeim lögum.

Um. 2. Ákvæði 2. mgr. 225. gr. sigll. er nú óþarft orðið, þar sem nýrri og fyllri ákvæði um sama efni hafa verið sett í 264. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19. 12. febr. 1940. Ákvæði um hámark bóta í nefndri gr. sigll. er nú einnig fyrir löngu úrelt orðið.

Um. 3. Um ábyrgð útgerðarmanns á skaðabótum vegna tjóns af árekstri eru nú ákvæði í 11. gr. frv., sem verður IX. kafli laganna. Þessi gr. á því að falla niður.

Um 10. gr.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar séu á 10. kapítula siglingalaganna, um björgun, eru smávægilegar. Lagt er til, að síðasta mgr. 229. gr. falli niður, þar sem hennar er engin þörf. Þá verður og að breyta ákvæðum sömu gr. um ábyrgð útgerðarmanns á greiðslu björgunarlauna, með því að ákvæði um ábyrgðina eru sett í 11. gr. frv. (sem verður IX. kafli).

Á síðasta Alþingi lá fyrir frv. til laga um breytingu á 2. mgr. 233. gr. sigll. (Ed. þskj. 251, flm. Eggert Þorsteinsson). Er þar lagt til, að lækkaður verði nokkuð hlutur útgerðarmanns í björgunarlaunum, þegar gufuskip bjargar, að hlutur skipstjóra lækki til mikilla muna og að hlut skipshafnar skuli skipt milli hennar að réttri tiltölu við tekjur manna á skipinu næsta mánuð á undan björgun, í stað réttrar tiltölu við kaup manna á skipi, svo sem nú er.

Í tilefni af framkomu þessa frumvarps og rökstuddri dagskrá í sambandi við það hefur sjávarútvegsmálaráðherra æskt þess, að nefndin athugaði sérstaklega ákvæði 233. gr. um skiptingu björgunarlauna.

Í greinargerð nefnds frumvarps er tekið fram, að eftir gildandi lögum hafi „skipstjóri helming þess hluta, er til skipshafnarinnar gengur, og síðan aftur sinn hluta, miðað við kaup, af því, sem endanlega skiptist á milli skipshafnar". Hvort sem dæmi kunna að vera til slíkrar skiptingar eða ekki, þá er hér ekki um réttan skilning á lögunum að ræða. Samkvæmt 233. gr. sigll. á skipstjóri helming þess, sem eftir verður, þegar útgerðarmaður hefur fengið sinn hlut, en hinn helmingurinn skiptist milli skipshafnarinnar, og er skipstjóri ekki þar með talinn. Á hann ekki rétt til neins hluta af þeim helmingi.

Með öllum þjóðum og svo lengi sem til er vitað hefur þóknun til þeirra, sem bjargað hafa skipi úr yfirvofandi háska, verið að miklum mun hærri en nema mundi

launum fyrir starfstíma þann, sem til björgunar hefur gengið. Til þess liggja ýmsar ástæður, en einna veigamest munu þau rök vera, að fyrirheit um há björgunarlaun hafa í sér fólgna mikla hvatningu fyrir sjófarendur til að koma nauðstöddum skipum til hjálpar. Að vísu munu flestir leggja sig fram um að bjarga mannslífum án tillits til gróðavonar. En hvort tveggja er, að ekki eru allir menn eins gerðir og að oft er eftir að bjarga miklum verðmætum, skipi og farmi, og koma þeim til hafnar, þó að menn séu ekki lengur í hættu. Það er almenn reynsla, forn og ný, að von um há björgunarlaun hefur mjög örvandi áhrif á björgunarstarfsemi. Björgunarlaunin skapa því sjófarendum aukið öryggi. Nú mætti ætla, að þessi rök fyrir upphæð björgunarlauna komi ekki beint við reglum um skiptingu þeirra, en þó er svo, að náið samband er þar á milli. Hvatningunni er fyrst og fremst beint að þeim, sem tekur ákvörðun um, hvort fara skuli nauðstöddu skipi til hjálpar eða ekki, þ. e. skipstjóranum. Með því að draga mjög úr hagnaðarvon hans er einnig dregið úr áhrifum þeirrar hvatningar. Þegar ákvæði hafa verið sett í siglingalöggjöf þjóða um skiptingu björgunarlauna, hefur þetta verið haft í huga og hlutur skipstjóra verið hafður sérstaklega ríflegur vegna þess, að það mundi stuðla að auknu öryggi í siglingum. Þegar svo jafnframt er tekið tillit til hinnar miklu ábyrgðar, sem á skipstjóra hvílir gagnvart skipshöfn, skipi og farmi, og að hann verður oft án umhugsunartíma að taka ákvarðanir um hættulegar björgunaraðgerðir, þá virðist auðsætt, að hlutur hans í björgunarlaunum eigi að vera að miklum mun hærri en annarra manna á skipi, án þess þó að nokkuð sé úr verðleikum þeirra skipverja dregið, sem með hættu fyrir líf og limi vinna að björgunarstarfi.

Að því er snertir hluta útgerðarmanns í björgunarlaunum, þá er á það að líta, að björgunin fer fram í sambandi við atvinnurekstur hans. Hann leggur til skipið með þeim kostnaði, sem því fylgir. Oft kann skipið að vera lagt í hættu, auk þess sem það kemur fyrir, að skip reynist við drátt á öðru skipi og verður ekki jafngott eftir. Þá hefur björgunarstarfið oft í för með sér töf fyrir skipið og önnur truflandi áhrif á atvinnurekstur útgerðarmanns.

Þegar ákveðinn er hlutur skipshafnar, hefur einkum verið til þess litið, að henni kann að hafa verið stofnað í hættu í heild, auk þess sem björgunarstarfið getur haft í för með sér sérstaka hættu fyrir einstaka menn, sem að því vinna. Einnig er tekið tillit til þess, að björgunarstarf eykur vinnu og erfiði skipverja fram yfir það, sem þeim hefði borið skylda til eftir starfssamningi. Ekki hefur þótt unnt að miða skiptingu milli skipshafnar hverju sinni við það, hvað hver einstakur skipverji kann að hafa af höndum innt í sambandi við björgunarstarfið eða hvort einstakir menn hafi lagt sig í meiri hættu en aðrir. Í siglingalögum hefur hvarvetna verið sett sams konar regla fyrir alla skipshöfnina og þá miðað við laun manna á skipi. Þar eiga að sjálfsögðu ekki einungis að koma til greina tilteknar krónuupphæðir, heldur einnig öll þau hlunnindi, sem ráðningarsamningi fylgja, þar á meðal t. d. aflaverðlaun á fiskiskipum. Hins vegar hefur hvergi verið reiknað með óvissum aukatekjum, sem fara eftir tilviljun, en ekki neinni fastri reglu.

Hér hefur verið gerð grein fyrir því í aðalatriðum, hvaða sjónarmið hafa verið látin ráða skiptingu björgunarlauna í siglingalöggjöf þjóða. Við athugun á þeim hefur nefndin ekki séð ástæðu til að víkja frá núgildandi reglum, sem eru í samræmi við það, sem aðrar þjóðir og okkur skyldar hafa í sínum lögum, enda hafa þær látið þessi ákvæði haldast óbreytt þrátt fyrir nýlega endurskoðun laganna.

Um 11. gr.

Ákvæði þau, sem tekin eru upp í þessa grein (sem verður IX. kafli), eru nýmæli. Er hér að finna þýðingarmestu breytingarnar, sem lagt er til í frv. þessu að gerðar séu á siglingalögunum.

Í rétti flestra siglingaþjóða hefur tíðkazt um langan aldur, að takmörkuð væri ábyrgð útgerðarmanna á ýmsum kröfum, sem stofnast í ferð skips. Stafar það bæði

af því, að skipaútgerð er áhættusamur atvinnurekstur og að útgerðarmaður getur yfirleitt ekki sjálfur haft hönd í bagga um stofnun þeirra skuldbindinga, sem á kunna að falla, heldur á þar mest undir öðrum.

Takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns hefur verið gerð með mismunandi hætti í löggjöf ýmissa þjóða. Hafa þar einkum þrjár aðferðir komið við sögu.

Í enskum rétti hefur útgerðarmaður verið látinn bera persónulega ábyrgð með öllum eignum sínum í ríkara mæli en tíðkazt hefur víðast annars staðar. Ábyrgð hans á skaðabótakröfum hefur þó verið takmörkuð við tiltekið hámark á fjárhæð kröfunnar, þ. e. ábyrgð hans hefur ekki farið fram úr 8 sterlingspundum gullmyntar fyrir hverja rúmlest skipsins. Þó hefur ábyrgð numið 15 sterlingspundum fyrir rúmlest hverja, þegar bæta skal lífs- eða líkamstjón.

Í Frakklandi var reglan sú, að útgerðarmaður bar persónulega ábyrgð með öllum eignum sínum. En honum var veittur réttur til að framselja skip og farmgjald til lúkningar á sjókröfum, og þurfti hann þá ekki meira að greiða. Frakkland hefur nú horfið frá þessari reglu (abandonreglunni).

Í norrænum rétti og þýzkum var takmörkun ábyrgðar framkvæmd á þann hátt, að kröfuhafi gat aðeins gengið að tilteknum eignum útgerðarmanns, venjulega skipi og farmgjaldi, til fullnægju á kröfu sinni. Gilti þetta þó ekki um allar kröfur, sem í ferð skipsins stofnuðust, t. d. ekki launakröfur skipstjóra og skipshafnar. Þessi takmörkun á ábyrgðinni var við það miðuð, að útgerðarmanni bæri ekki að greiða kröfurnar af öðrum eignum en þeim, sem hann legði í hættu á sjónum. Ef þessar eignir voru ekki fyrir hendi, glataði kröfuhafi yfirleitt kröfu sinni. Til uppbótar fyrir takmörkunina fékk kröfuhafi hins vegar betri rétt en aðrir lánardrottnar útgerðarmannsins til eigna þeirra, sem ábyrgzt var með, þ. e. hann fékk sérstaklega réttháan veðrétt í þeim, svonefnt sjóveð. Þessi regla gildir enn hér á landi samkvæmt siglingalögunum.

Það hefur reynzt óheppilegt í samskiptum þjóða, að mismunandi reglur hafa gilt með þeim á þessu sviði. Af því tilefni var gerð alþjóðasamþykkt í Brüssel 25. ágúst 1924 um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Þar varð niðurstaðan sú, að gerð var málamiðlun milli ensku og þýzk-norrænu reglnanna. Útgerðarmaður skyldi bera ábyrgð á sjókröfum með öllum eigum sínum á sjó og landi, en þó takmarkaða með tvennum hætti. Annars vegar skyldi ábyrgð ekki fara fram úr verði skips og farmgjalds (þar höfð hliðsjón af þýzk-norrænu reglunni), og hins vegar skyldi útgerðarmaður geta leyst sig að fullu með því að leggja fram fjárhæð, sem næmi 8 sterlingspundum gullmyntar fyrir hverja rúmlest skips, en þó 16 sterlingspund, ef bæta skyldi manntjón (enska reglan). Hafði útgerðarmaður valrétt um, hvorri reglunni hann vildi beita fyrir sig.

Með nýrri alþjóðasamþykkt í Brüssel 10. apríl 1926 var síðan ákveðið, að tilteknar kröfur skyldu hafa sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi (þýzk-norræna reglan).

Eins og fyrr hefur verið getið, hafa Norðurlöndin Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð gerzt aðilar að báðum alþjóðasamþykktunum, frá 25. ágúst 1924 og 10. apríl 1926. Breyttu þau einnig lögum sínum til samræmis við þær á árunum 1928 og 1929.

Höfuðástæðan til þess, að horfið var frá því að takmarka ábyrgðina með þeim hætti, að kröfuhafi ætti aðeins aðgang að skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum útgerðarmanns, var sú, að nú á tímum hafa útgerðarmenn almennt vátryggt sig fyrir tjóni, sem verður í ferð skips. Það væri hins vegar ósanngjarnt, að kröfuhafi glataði með öllu kröfu sinni, þegar skip ferst eða laskast, en útgerðarmaður sæti uppi með vátryggingarfé og auðgaðist þannig á kostnað kröfuhafanna. Á hinn bóginn mun ekki hafa verið talið fært að láta sjóveð almennt ná til vátryggingarfjárins. Til þess að slíkt fyrirkomulag gæti náð tilgangi sínum, þyrfti að lögleiða almenna skylduvátryggingu skipa, en það mun víða erlendis talið óframkvæmanlegt. Önnur ástæða til þess, að horfið var frá ofangreindri reglu, var sú, að

þegar tjón hefur orðið á skipi, hefur viðgerð á því orðið til þess að auka ábyrgð útgerðarmanns á kröfum, sem til urðu við tjónið eða fyrr höfðu stofnazt.

Nefndin hefur bæði með tilliti til framangreindra efnisástæðna og þess, að heppilegt er að samræma íslenzkan rétt löggjöf Norðurlanda og fleiri þjóða á þessu sviði, orðið sammála um að leggja til, að þessi nýju ákvæði um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna verði lögleidd hér, þó með þeirri breytingu, að takmörkun verði eingöngu miðuð við verð skips og farmgjalds (og tvöfalda þá fjárhæð, þegar um tjón á mönnum er að ræða), en að ekki sé tekin upp reglan um takmörkun miðað við 8 sterlingspund fyrir rúmlest, eða samsvarandi upphæð í íslenzkum krónum. Í stað þess að miða við farmgjald, eins og það kann að vera hverju sinni, er sett sú regla, að það skuli ávallt teljast 10% af skipsverðinu.

Verði þessi nýja regla um takmörkun ábyrgðar lögleidd, leiðir að sjálfsögðu af því, að útgerðarmenn munu hafa skip sín vátryggð sem ábyrgðinni svarar. Almennt munu og skip vera vátryggð fyrir fullu verði þeirra, eins og gert er ráð fyrir að það verði metið eftir ákvæðum þessa kafla. Einnig munu vera farnar að tíðkast sérstakar vátryggingar fyrir tjóni á mönnum, sem útgerðarmaður kann að bera ábyrgð á.

Um 1. (205. gr.). Í 1. mgr. eru taldar upp þær kröfur, sem útgerðarmaður ábyrgist takmarkaðri ábyrgð. Að gerður er greinarmunur á bótakröfum vegna tjóns á mönnum eftir því, hvort þeir vinna í þágu skips eða ekki (sbr. 1. og 2. tölulið), á sér aðeins sögulegar rætur, en skiptir að öðru leyti ekki máli. Um kröfur eftir 3. tölulið skal þess getið, að eftir 4. tölulið 236. gr. sigll. er ábyrgð útgerðarmanns takmörkuð á kröfum út af vanefndum á samningum, sem hann gerði sjálfur eða fékk öðrum umboð til og skipstjóra var skylt að annast efndir á. Hér (í 3. tölulið) er þessi kröfuflokkur þrengdur þannig, að ábyrgð útgerðarmanns verður því aðeins takmörkuð, að vanefnd stafi af yfirsjónum við stjórntök skips (þ. e. vegna „autiskrar“ yfirsjónar).

Í 2. mgr. er látin haldast sú regla, sem nú gildir, sbr. 2. málslið 2. mgr. 12. gr. sigll., að ábyrgð útgerðarmanns á kröfum út af starfssamningum við menn, sem vinna í þágu skips, er ótakmörkuð. Hins vegar er nýmæli, að krafa vegna yfirsjóna útgerðarmanns sjálfs verði takmörkuð, þegar hann er jafnframt skipstjóri og tjón verður vegna mistaka hans við stjórntök skips.

Um 2. (206 gr.). Vísast til þess, sem almennt er sagt um 11. gr. hér að framan.

Um 3. (207. gr.). Þegar finna skal fjárhæð þá, sem útgerðarmaður ber ábyrgð með, skal leggja verð skipsins til grundvallar. Samkvæmt 3. tölulið er það aðalregla, að ákveða skal verð skipsins eftir ástandi þess við lok ferðar. Ákvæði 1. og 2. töluliðar eru undantekningar frá þeirri reglu.

Um 4. (208. gr.). Eins og fyrr var greint, koma þau 10%, sem leggja skal við verð skips samkvæmt a-lið, í stað farmgjalds. Að bæta ber við þeim kröfum, sem í b-lið greinir, stafar af því, að skip hefur rýrnað í verði, eftir að ferð hófst, sem svarar þeim fjárhæðum.

Um 5. (209. gr.). Um röð sjóveða, sem vísað er til, sjá 1. og 3. tölulið 12. gr. frv.

Um 6. (210. gr.). Þarnast ekki skýringar.

Um 7. (211. gr.). Ákvæði þessarar gr. er sett með það fyrir augum, að reikningsskil muni taka skemmri tíma, ef niðurjöfnunarmanni sjótjóns er falið að annast það, heldur en vera mundi, ef hver kröfuhafi yrði að fara með mál sitt fyrir dómstóla.

Um 8. (212. gr.). Ákvæði þetta er sett í þágu útgerðarmanns. Kröfuhafar þeir, sem ekki stóðu sjálfir að því að fá tryggingu setta, verða að tilkynna þeim, sem tryggingu varðveitir eða gengið hefur í ábyrgð fyrir greiðslu, um kröfu sína og að hann vilji láta tryggingu ná til hennar.

Um 9. (213. gr.). Um svipaða reglu í núgildandi rétti sjá 242. gr. sigll.

Um 10. (214. gr.). Dómara er aðeins heimilt, en ekki skylt, að fresta lögsókn,

þegar svo stendur á, sem hér segir. Frestun mundi því ekki verða leyfð, ef ætla mætti, að kröfuhafa gæti stafað tjón af því.

Um. 11. (215. gr.). Það verður að vera skýringaratriði hverju sinni, hvort og að hverju leyti beitt skuli reglum um takmarkaða ábyrgð, þegar svo stendur á sem hér er sagt.

Um 12. gr.

Um tildrög þess, að 11. kapítuli siglingalaganna hefur verið umsaminn í heild, vísast til umsagnar um 11. gr. hér að framan.

Um. 1. (216. gr.). Greinin samsvarar 236. gr. sigll.

Í 1. tölulið eru greind opinber gjöld, sem á skipi hvíla, sbr. 235. gr. sigll. Að öðru leyti er hér talinn kostnaður, sem stendur beint í sambandi við nauðungarsölu skips í þágu lánardrottna í heild.

2. töluliður samsvarar 2. tölulið 236. gr. sigll.

Í 3. tölulið koma kröfur, sem nú eru í 1. og 3. tölulið 236. gr. sigll. Hafnsögumannskaup, sem þar greinir í 1. tölulið, mundi nú falla undir 1. tölulið væntanlegrar 216. gr.

Í 4. tölulið koma skaðabótakröfur, sem nú eru taldar í 4. tölulið 236. gr. sigll.

Í 5. tölulið eru einnig kröfur, sem nú hafa sjóveðrétt samkvæmt 4. tölulið 236. gr. sigll. 2. mgr. þessa töluliðs samsvarar 2. gr. í lögum nr. 30 1. febr. 1936.

Í 6. tölulið eru kröfur, sem stafa af hirðuleysi skipstjóra og mundu því nú hafa sjóveðrétt eftir 4. tölulið 236. gr. sigll.

Um 2. (217. gr.). Ákvæði 1. og 2. mgr. samsvara ákvæðum í 2. mgr. 236. gr. og 238. gr. sigll. Hins vegar er 3. mgr. nýmæli. Í 4. mgr. eru tekin upp fyrirmæli úr 1. gr. laga nr. 30 1. febr. 1936 og niðurlagsákvæði 238. gr. sigll.

Um. 3. (218. gr.). Um fyrra málslið 1. mgr. sbr. 235. gr. sigll. 2. málsliður 1. mgr. er nýmæli.

Um 2. og 3. mgr. sbr. 237. gr. sigll.

Um 4. (219. gr.). Sbr. 239. gr. sigll.

Um 5. (220. gr.). Ákvæði þetta leiðir af reglum um takmarkaða ábyrgð í IX. kafla.

Um 6. (221. gr.). Í 1. mgr. er regla, sem nú leiðir af 240. gr. sigll. samkvæmt gagnályktun. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli.

Um 7. (222. gr.). Sbr. 240. gr. sigll.

Um 8. (223. gr.). Sbr. 241. gr. sigll.

Um 9. (224. gr.). Þetta ákvæði samsvarar 243. gr. sigll., en er að sumu leyti fyllra.

Um 10. (225. gr.). Sbr. 244. gr. sigll.

Um 11. (226. gr.). Sbr. 245. gr. sigll.

Um 12. (227. gr.). Sbr. 246. gr. sigll.

Um 13. (228. gr.). Sbr. 247. gr. sigll.

Um 14. (229. gr.). Sbr. 248. gr. sigll.

Um 15. (230. gr.). Sbr. 249. gr. sigll.

Um 16. (231. gr.). Sbr. 250. gr. sigll.

Um 17. (232. gr.). Hér eru ákvæði um fyrningu á sjóveðrétti, sem svarar með nokkrum breytingum til 251. gr. sigll.

Um 18. (233. gr.). Hér eru ákvæði um fyrningu á ýmsum kröfum, sem útgerðarmaður ábyrgist persónulega, en takmarkað samkvæmt ákvæðum væntanlegs IX. kafla.

Um 13. gr.

Margar greinar 12. kapítula siglingalaganna, um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl., hafa verið felldar úr gildi með sjómannalögunum, nr. 41 19. maí 1930.

Um 1. (234. gr.). Sbr. 254. gr. sigll., eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 40 19. maí 1930.

Um 2. (235. gr.). Sbr. 1. mgr. 255. gr. sigll., eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 40 19. maí 1940. 2. mgr. 255. gr. er felld niður, þar sem 158. og 162. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940, hafa nú að geyma viðurlög við þeim brotum, sem um ræðir í nefndri mgr.

Um 3. (236. gr.). Sbr. 263. gr. sigll.

Um 4. (237. gr.). Sbr. 256. gr. sigll.

Um 5. (238. gr.). Sbr. 262. gr. sigll.

Um 6. (239. gr.). Sbr. 261. gr. sigll. og 264. gr. þeirra, eins og henni er breytt með 6. gr. laga nr. 40 19. maí 1940.

Samkvæmt 2. mgr. er lagt á vald dómstóla, svo sem nú er, að ákveða, hvort skipstjóri skuli sviptur rétti til skipstjórastarfa eingöngu eða jafnframt rétti til að gegna stýrimannsstörfum.

Um 7. (240. gr.). Hér er almennt ákvæði um refsingu fyrir þau skyldubrot skipstjóra, sem ekki eru talin sérstaklega í öðrum greinum þessa kafla. Falla hér undir m. a. brot, sem nú eru sérstaklega greind í 258., 259. og 260. gr. sigll., en þær greinar falla nú niður.

Um 8. (241 gr.). Sbr. 278. gr. sigll.

Um 9. (242. gr.). Sbr. 279. gr. sigll., eins og henni er breytt með 7. gr. laga nr. 40 19. maí 1930.

Nd. 141. Lög [52. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 86.

Ed. 142. Frumvarp til laga [73. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Til 1. febrúar 1959 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1958, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Greinargerð.

Þar sem augljóst er, að ekki verður hægt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1959 fyrir næstu áramót, ber nauðsyn til að veita ríkisstjórninni heimild þá, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Ed. 143. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946 um virkjun Sogsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga.

Ed. 144. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1959, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1959 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar flytur frumvarp þetta samkvæmt ósk ráðherra.

Allar bótagreiðslur samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, eru grunnupphæðir, sem greiða ber verðlagsuppbót á, samkvæmt vísitölu, eftir sömu reglum og greitt er á laun, sjá 71. gr. laganna.

Nú er allt í óvissu um það, með hverri vísitölu laun verða greidd á árinu 1959 og ekki horfur á, að upplýst verði um þetta atriði fyrir árslokin. Áætlun um útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins á næsta ári, sem byggja má á, liggur því ekki fyrir. Iðgjöld og framlög, samkvæmt 24. og 25. gr. laganna, miðast við útgjöld stofnunarinnar. Það er ekki unnt að ákveða iðgjöld og framlög til stofnunarinnar fyrr en nokkurn veginn örugg áætlun hefur verið gerð um útgjöldin.

Af ýmsum ákvæðum laganna er ljóst, að ráðherra skal hafa ákveðið iðgjöld og framlög næsta árs fyrir árslok, sjá t. d. 25. gr., 26. gr., 27. gr. 3. mgr., 28. gr. 3. mgr. og 29. gr.

Samkvæmt framansögðu er nauðsynlegt að veita ráðherra með lögum heimild til þess að fresta ákvörðun iðgjalda og framlaga að þessu sinni.

Í frumvarpinu er lagt til, að ráðherra fái heimild til að fresta þessum ákvörðunum, þar til fjárlög fyrir árið 1959 hafa verið sett.

Ed. 145. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá Birni Jónssyni, Finnboga R. Valdimarssyni og Alfreð Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. Aftan við frv. bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið samþykkt, kýs Alþingi 5 manna nefnd hlutfallskosningu með fullu umboði til þess að ganga frá samningum við samtök útvegsmanna, er tryggi rekstur útgerðarinnar á næsta ári og að bátaútvegurinn geti hafið veiðar þegar í ársbyrjun.

3. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959 og samningsgerð við samtök útvegsmanna.

Sþ. 146. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um niðursuðuverksmiðju á Akureyri.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillagan hefur verið send til umsagnar Fiskifélagi Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans. Umsagnir beggja þessara stofnana eru jákvæðar.

Af hálfu Fiskifélagsins er á það bent, að nauðsynlegt sé, að nefnd sú, sem ráðgert er í tillögunni að sett verði, yrði skipuð sérfróðum mönnum um fiskifræði, niðursuðu og sölu og útflutning niðursuðuvara.

Fiskideildin bendir á, að smásíldveiðar í stórum stíl geti orðið skaðlegar fyrir síldarstofninn, þar sem gera megi ráð fyrir aukinni nýtingu stórsíldarinnar á næstu árum vegna aukinnar tækni og þekkingar á síldargöngum; sé því skynsamlegt, að takmarka það magn af smásíld, sem veiða má árlega, og nýta það til niðursuðu.

Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með neðangreindri breytingu. Hún telur, að vafalaust sé rétt, að ákveðið verði í samráði við fiskideild atvinnudeildar háskólans, hve mikið magn smásíldar heimilað skuli að veiða árlega, til þess að tryggt verði, að ofveiði eigi sér ekki stað. Leggur hún því til, að nefnd sú, sem um ræðir í þáltill., hafi samráð við fiskideild atvinnudeildar háskólans um vinnslugetu niðursuðuverksmiðju þeirrar, sem henni er falið að gera stofnkostnaðar- og rekstraráætlun um.

Samkvæmt því leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við tillögugreinina bætist:

Þá skal hún einnig hafa samráð við fiskideild atvinnudeildar háskólans um vinnslugetu verksmiðjunnar.

Alþingi, 19. des. 1958.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Friðjón Skarphéðinsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Halldór E. Sigurðsson.	Sveinbjörn Högnason.
Karl Kristjánsson.	Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.

Alþt. 1958. A. (78. löggjafarþing). 42

Ed. **147. Frumvarp til laga** [75. mál]

um sameign fjölbýlishúsa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Fjölbýlishús telst í lögum þessum hvert það hús, sem í eru tvær eða fleiri íbúðir. Íbúð er hvert það herbergi, sem eldhús fylgir.

2. gr.

Lög þessi skulu gilda um sameign manna í fjölbýlishúsum, að svo miklu leyti sem sameigendur hafa ekki samið á annan veg um þau atriði, sem fjallað er um í III. kafla laganna.

II. KAFLI
Um skiptingu sameignarinnar.

3. gr.

Gera skal skiptasamning um öll fjölbýlishús. Sé um nýbyggingu að ræða, skal skiptasamningur gerður og honum þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt ella innan árs frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Í skiptasamningi skal greina, svo að ekki verði um villzt:

a) hvaða íbúð hver sameigandi á,
b) stærð hverrar íbúðar, hvað henni fylgir sérstaklega og lýsing eignarhlutans, sbr. 7. gr.,
c) eignarhlutfall íbúðarinnar, sbr. 6. gr.

5. gr.

Sameign íbúðareigenda í fjölbýlishúsi er með tvennu móti: skiptileg og óskiptileg.

Hinn skiptilegi hluti sameignarinnar er íbúðirnar sjálfar, eins og þeim er lýst í skiptasamningi eða heimildarbréfi. Allt annað í fjölbýlishúsinu eiga íbúðareigendur í óskiptri sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi, ef ekki er um annað samið.

Nú er þó aðeins hluti af íbúðareigendum saman um gang, herbergi, stiga, svalir, tröppur og annað, en aðrir íbúðareigendur hafa þar engin afnot, og telst það þá til hins skiptilega hluta sameignarinnar og tilheyra þeim viðkomandi íbúðum eftir stærðarhlutfalli þeirra.

6. gr.

Eignarhlutfall hverrar íbúðar í fjölbýlishúsi er fundið með því að reikna út hundraðstölu rúmmáls íbúðarinnar af rúmmáli alls hins skiptilega hluta fjölbýlishússins.

7. gr.

Eignarhluti íbúðareiganda í fjölbýlishúsi er íbúð hans samkvæmt 2. mgr. 5. gr. og hlutdeild í hinni óskiptilegu sameign eftir eignarhlutfalli íbúðarinnar.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur sameigenda.

8. gr.

Hver íbúðareigandi hefur full eignarumráð yfir íbúð sinni með þeim takmörkunum, sem leiðir af lögum þessum.

9. gr.

Rétt til að byggja ofan á eða við fjölbýlishús eiga íbúðareigendur allir eftir eignarhlutföllum, en slíkar framkvæmdir eru háðar samþykki allra eigenda.

Nú vill íbúðareigandi afsala réttindum samkvæmt þessari grein, og skulu þau þá metin til verðs af 2 dómkvöddum mönnum, ef aðilar geta eigi um það samið.

10. gr.

Réttur til byggingar bílskúrs á lóð fjölbýlishúss fer eftir eignarhlutföllum í fjölbýlishúsinu, þannig, að sá íbúðareigandi gengur fyrir, sem á stærri eignarhluta. Séu tveir eða fleiri jafnir, ræður hlutkesti.

Framsal bílskúrsréttinda eða sala bílskúrs til annarra en íbúðareigenda í fjölbýlishúsinu er óheimil. Enn fremur er íbúðareiganda óheimilt að undanskilja bílskúr eða bílskúrsréttindi við sölu á íbúð sinni í fjölbýlishúsinu, nema hann eigi þar aðra íbúð. Verði ekki samkomulag um verð bílskúrs, skal hann metinn til verðs af 2 dómkvöddum mönnum.

11. gr.

Allir íbúðareigendur eiga rétt eftir eignarhlutföllum til ákvörðunar um innréttingu og fyrirkomulag á þeim hluta fjölbýlishússins, sem er í óskiptri sameign, þar með talið útlit hússins, girðing og skipulag lóðar, enn fremur um rekstur og viðhald hins sameiginlega, sbr. 13. gr., svo og gerð glers í gluggum, og sker einfaldur meiri hluti úr ágreiningi.

Hverjum íbúðareiganda er skylt að taka þátt í kostnaði af framkvæmdum, sem löglega eru ákveðnar eftir þessari grein, og skiptist kostnaðurinn eftir eignarhlutföllum, sbr. þó 16. gr.

Ef einhver íbúðareigandi er ekki hafður með í ráðum um framkvæmdir samkvæmt þessari grein, getur hann neitað að taka þátt í kostnaði þeirra eða stöðvað þær, þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin um þær.

Ef íbúðareigandi greiðir ekki sinn hluta af kostnaði samkvæmt þessari grein, eignast hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni, en sá veðréttur fellur niður, ef honum er eigi fylgt með lögsókn, áður en eitt ár er liðið frá þeim degi, er greiðslan var innt af hendi.

12. gr.

Hver íbúðareigandi skal sjá um og kosta viðhald á íbúð sinni.

13. gr.

Sameiginlegt viðhald telst hvers konar viðhald og viðgerðir á öllu sameiginlegu húsrými í fjölbýlishúsi, enn fremur hvers konar viðhald á sameiginlegu hitunarkerfi, vatns-, skolp-, rafmagns- og dyrasímakerfi hússins, að undanskildum þeim tækjum, sem tengd eru kerfunum í hverri íbúð.

Bili sameiginleg leiðsla, svo að rjúfa þurfi vegg, loft eða gólf í einni eða fleiri íbúðum þess vegna, eða ef viðgerðin veldur skemdum á einn eða annan hátt, skal að fullu reikna það sem sameiginlegt viðhald.

Bili leiðsla, sem ekki er sameiginleg í fjölbýlishúsi, eru íbúðareigendur skyldir til að leyfa viðgerð á henni, enda þótt rjúfa þurfi vegg, loft eða gólf í íbúðum þeirra,

að því tilskildu, að þeim sé tilkynnt um viðgerðina í tæka tíð og öllu komið í samt lag, svo sem kostur er, án ástæðulausrar tafar og þeim að kostnaðarlausu.

Allt viðhald á húsinu að utan svo og á lóð og girðingu er sameiginlegt. Undanskilið er gler í gluggum íbúða.

14. gr.

Alla skatta og skyldur af húsinu, vátryggingariðgjöld, heimtaugargjöld fyrir rafmagn og hitaveitu svo og skipulagsgjöld og lóðargjöld greiða íbúðareigendur eftir eignarhlutföllum.

Ef íbúðareigandi greiðir ekki sinn hluta af áföllnum gjöldum eftir þessari grein, eignast hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni, og fer um lögveðsrétt þann eins og segir í 11. gr.

15. gr.

Þar sem upphitun er sameiginleg, greiðist hvers konar hitakostnaður eftir rúmmáli íbúðanna.

Sameiginleg upphitun skal miðuð við 18° Celsius lágmarksstofuhita frá kl. 9 að morgni til kl. 11 að kvöldi.

16. gr.

Sameiginlegur rekstrarkostnaður svo og hirðing stiga og stigahúss og annars sameiginlegs húsrýmis, enn fremur kostnaður af lýsingu og annarri rafmagnsnotkun í sameiginlegu húsrými greiðist að jöfnu.

17. gr.

Not af sameiginlegu þvottahúsi og þurrkherbergi skulu vera jöfn. Ef keypt eru tæki til sameiginlegra nota í þvottahúsi eða þurrkherbergi, skulu íbúðareigendur greiða að jöfnu kaupverð þeirra og viðhald.

IV. KAFLI
Um sambýlisháttu.

18. gr.

Íbúum fjölbýlishúss skal skylt að ganga þrifalega um hús og lóð og gæta þess í umgengni sinni að valda ekki öðrum íbúum hússins óþægindum eða ónæði.

19. gr.

Íbúðareigendum er óheimilt að nota hið sameiginlega húsrými eða lóð til annars en það er ætlað.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sambýlisháttu fólks í fjölbýlishúsum.

V. KAFLI
Ákvæði um gildistöku.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk félagsmálaráðherra. Eru nefndarmenn sammála um nauðsyn þess, að sett verði lög um sameign fjölbýlishúsa, en hafa hins vegar ekki tekið afstöðu til einstakra atriða frumvarpsins og áskilja sér því rétt til að bera síðar fram breytingartillögur eða greiða slíkum tillögum atkvæði, ef fram koma. Frv. fylgdi svofelld greinargerð frumvarpshöfunda:

Hinn 13. marz 1957 samþykkti Alþingi eftir tillögu Eggerts G. Þorsteinssonar alþingismanns svo hljóðandi þingsályktun um sameign fjölbýlishúsa:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um sameign fjölbýlishúsa. Í frumvarpinu skulu vera ýtarleg ákvæði um afnot slíkra eigna og skyldur og réttindi sameigenda.“

Samkvæmt ályktun þessari fól hr. félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarsson, hinn 24. júlí 1957 þeim Inga R. Helgasyni hdl. og Jóni S. Ólafssyni stjórnarráðsfulltrúa að semja frumvarp til laga í samræmi við ákvæði fyrrgreindrar þingsályktunar.

Reynt var að afla erlendrar löggjafar um þetta efni, einkum frá Norðurlöndum, er hafa mætti til fyrirmyndar eða hliðsjónar við samningu frumvarps þessa, en það reyndist árangurslaust, vegna þess að um slíka löggjöf er ekki að ræða í nágrannalöndunum, þar eð eign fjölbýlishúsa er þar yfirleitt með öðrum hætti en hér tíðkast. Þar er ekki er um það að ræða, að íbúar fjölbýlishúsa eigi hver sína íbúð, heldur eru það félög, sem húsin eiga, en réttur hvers félagsmanns til umráða yfir íbúð byggist á félagseign hans.

Við samningu frumvarpsins hefur því ekki verið hægt að styðjast við erlendar fyrirmyndir. Hins vegar munu þau gögn, sem fengizt hafa erlendis frá, koma að nokkru gagni við samningu væntanlegrar reglugerðar um sambýlisháttu fólks í fjölbýlishúsum.

Íbúar margra fjölbýlishúsa hafa gert með sér sameignarsamninga og sett ýmsar reglur um umgengni og nýtingu sameignar sinnar. Hafa semjendur frumvarps þessa fengið í hendur allmarga slíka samninga og haft þá til hliðsjónar við samningu frumvarpsins.

Þar sem hvorki hefur verið unnt að styðjast við erlenda né innlenda löggjöf, er frumvarp þetta alger frumsmíð. Reynslan mun skera úr um það, hversu til hefur tekizt um samningu þess, og verði það að lögum, er æskilegt að endurskoða þau, áður en langt um líður, þegar reynslan hefur sýnt, hversu þar er vant og hvað betur má fara.

Frumvarpið skiptist í fimm kafla. Fjallar fyrsti kaflinn um gildissvið laganna, annar um skiptingu sameignarinnar, hinn þriðji um réttindi og skyldur sameigenda, fjórði kaflinn um sambýlisháttu og loks fimmti kaflinn um ákvæði um gildistöku.

Skal nú vikið nokkuð að efni frumvarpsins og gerð nánari grein fyrir einstökum greinum þess:

I. kafli.
Gildissvið laganna.

Um 1. gr.

Í þingsályktuninni frá 13. marz 1957 er ekki gerð grein fyrir því, hvað átt sé við, þegar rætt er um fjölbýlishús. Af greinargerð ályktunarinnar virðist þó, að einkum hafi verið höfð í huga stórhýsi með mörgum íbúðum eða svonefndar „blokkir“.

Á undanförnum árum hefur mikið verið byggt hérlendis af húsum með tveimur til fjórum íbúðum, þar sem hver aðili á sína íbúð, og virðist eigi síður þörf að setja ákvæði um samskipti eigenda slíkra húsa en hinna stærri samhygginga.

Gert er því ráð fyrir í greininni, að frumvarpið taki til allra íbúðarhúsa með tveimur eða fleiri íbúðum.

Skýring sú, sem í 2. málsgr. er gerð á íbúð, er í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar Reykjavíkur og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Eins og fyrr segir, hafa eigendur marga fjölbýlishúsa gert samninga og sett reglur um réttindi sín og skyldur. Samningar þessir bera með sér, að nokkuð er mismunandi, hversu menn vilja semja um þessi atriði, og er því torvelt að setja

ófrávíkjanlegar reglur um þessi efni, er átt geti við öll tilvik. Það er skoðun semjenda frumvarpsins, að hvorki sé rétt né æskilegt að svipta menn réttinum til þess að semja um þessi atriði að eigin vild.

Greinin gerir því ráð fyrir, að eigendur fjölbýlishúss geti samið sig undan ákvæðum þriðja kafla frumvarpsins um réttindi sameigenda og skyldur, en önnur ákvæði frumvarpsins séu ekki undanþæg. Koma ákvæði þriðja kaflans því ekki til greina, ef sameigendur hafa samið sérstaklega um réttindi sín og skyldur á annan veg, en ákvæðin geta í sjálfu sér verið til hliðsjónar og grundvöllur samninga sameigenda um þessi efni.

II. kafli.

Um skiptingu sameignarinnar.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er, að vitað sé með vissu, hvernig fjölbýlishús skiptist milli sameigenda. Slík vissa ætti að koma í veg fyrir ýmis þrætuefni, ekki síst í sambandi við eigendaskipti. Greinin kveður svo á, að sameigendur séu skyldir til að gera með sér skiptasamning og þinglýsa honum. Þegar um nýbyggingar er að ræða, ber nauðsyn til þess, að menn geri slíkan skiptasamning sem fyrst. Það aðhald veitir greinin nýbyggjendum, að hún skyldar þá til að hafa lokið gerð skiptasamningsins og þinglýsingu hans eigi síðar en sambyggingin er fokheld. Hæfilegt er að veita öðrum eins árs frest til að ljúka gerð og þinglýsingu skiptasamnings um þau fjölbýlishús, sem þegar eru fokheld eða fullbúin við gildistöku lagafrumvarps þessa.

Grein þessi tryggir, að gerðir verði skiptasamningar um öll þau hús, sem teljast fjölbýlishús samkvæmt frumvarpinu, og þeim þinglýst. Hjá stjórnarvöldum þeim, sem þinglýsingar annast, eiga þá jafnan að vera fyrir hendi ýtarlegar upplýsingar um skiptingu þessara eigna. Ætti það að vera hagkvæmt fyrir alla aðila og til þæginda og öryggis fyrir þá, er síðar kunna að eignast íbúðir í fjölbýlishúsum.

Um 4. gr.

Grein þessi kveður á um efni skiptasamnings, er um ræðir í 3. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessarar greinar stuðla að samræmingu skiptasamninga og föstu formi þeirra, sem er til þæginda og öryggis.

Í fyrsta lagi skal í skiptasamningi gera grein fyrir því, hvaða íbúð hver einstakur sameigandi á. Skal í því sambandi greina sem nákvæmlegast, hvar í húsinu hver íbúð er, svo sem á hvaða hæð hússins hún er og til hvorrar handarinnar á stigagangi.

Í öðru lagi skal tiltaka stærð hverrar íbúðar og hvað henni fylgi sérstaklega. Stærð íbúðarinnar er réttast að tilgreina í rúmmetrum og miða við utanmál, sbr. lög nr. 30/1952, um hámark húsaleigu o. fl. Reikna skal í stærð íbúðarinnar allt það húsrými, er henni einni fylgir sérstaklega, og við það eitt miðað, sem íbúðareigandi og fólk hans notar út af fyrir sig. Enn fremur skal lýsa eignarhlutanum, sbr. 7. gr. frumvarpsins, þ. e. tilgreina allt, sem íbúðinni fylgir, enda þótt það sé notað sameiginlega og sé í sameign.

Í þriðja lagi skal tiltaka eignarhlutfall hverrar íbúðar í húsinu, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Dæmi um eina grein skiptasamnings:

„18. gr. Jón Jónsson skrifari, til heimilis að Tjarnargötu 400 í Reykjavík, á íbúðina á annarri hæð fjölbýlishússins til vinstri handar. Íbúðin er 300 rúmmetrar að stærð, fjögur herbergi og eldhús, baðherbergi og innri forstofa, allt á hæðinni, og sérgeymsla í kjallara, austasta geymslan. Íbúðinni fylgir hlutfallslega eign á við aðra íbúðareigendur í þvotta- og þurrkherbergi, miðstöðvarklefa, barnavagnageymslu og í öllu öðru sameiginlegu húsrými ótilgreindu svo og leigulóðarréttindum að hluta. Íbúðin telst vera 6.25% alls hússins.“

Um 5. gr.

Fjölbýlishús, sem er eign tveggja eða fleiri manna, er í heild sameign þeirra allra, en réttarstaða þeirra er ekki hin sama gagnvart öllum hlutum hússins. Sumum hlutum hússins (íbúðunum sjálfum) má skipta á milli eigenda á þann hátt, að um séreign sé að ræða með mjög litlum kvöðum, en öðru húsrými er ekki unnt að hluta milli eigenda. Í greininni kemur fram, að fjölbýlishúsið er skoðað sem ein heild í skiptilegri eða óskiptilegri sameign allra íbúðareigenda. Þessi hugtök eru í samræmi við réttarstöðu íbúðareigenda hvers til annars og þeirra allra út á við gagnvart þriðja manni. Þau eru einnig í samræmi við afnot fjölbýlishússins, þar sem um sérafnot er að ræða af hinni skiptilegu sameign, en um sameiginleg afnot af hinni óskiptilegu.

Um 6. gr.

Hér eru reglur um það, hvert skuli vera eignarhlutfall hverrar íbúðar í fjölbýlishúsinu, en á því hlutfalli byggist að mestu réttarstaða íbúðareigenda innbyrðis og út á við, svo sem frumvarpið ber með sér. Hér er stærð (rúmmál) íbúðanna (hinnar skiptilegu sameignar) lögð til grundvallar, en ekki kostnaðarverð eða kaupverð, og er það í fyllsta samræmi við venjur, sem skapazt hafa um þetta efni. Rétt er, að arkitekt hússins reikni út eignarhlutfallið og fylgi sá útreikningur hverri teikningu af fjölbýlishúsi.

Um 7. gr.

Hér er eignarhluti íbúðareigenda í fjölbýlishúsi skýrgreindur.

III. kafli.

Um réttindi og skyldur sameigenda.

Þessi kafli frumvarpsins er veigamestur og raunar aðalefni þess. Er hann þó undanþægur, eins og fyrr greinir, og í honum er efalaust að finna mýmörg atriði, sem deila má um. Semjendur frumvarpsins stóðu frammi fyrir þeirri spurningu, hvort skylda ætti íbúðareigendur til að stofna húsfélög eða ekki. Er margt, sem mælir með slíkri lagaskyldu, og þróunin í þessum efnum er sú, að þegar hafa verið stofnuð húsfélög í flestum hinum stærri fjölbýlishúsa og gefizt vel, en húsfélög hafa ekki verið stofnuð í hinum smærri. Þriðji kafli frumvarpsins er saminn á þann veg, að íbúðareigendum er það í sjálfsvald sett, hvort þeir stofna með sér húsfélög eða eigi. Eigendur fjölbýlishúsa eiga því raunar um tvennt að velja: Annars vegar að stofna húsfélög og gera með sér sameignarsamninga, þar sem þeir kveða á um réttindi sín og skyldur, hvort sem þeir hafa ákvæði þessa kafla frumvarpsins til hliðsjónar eða ekki. Hins vegar að stofna ekki húsfélög né gera með sér neina sameignarsamninga og lúta þá í einu og öllu ákvæðum þriðja kaflans. Æskilegasta þróunin yrði sú, að eigendur fjölbýlishúsa stofnuðu húsfélög og gerðu með sér sameignarsamninga, þar sem byggt væri á þeim höfuðsjónarmiðum um réttindi þeirra og skyldur, sem fram koma í þriðja kafla þessa frumvarps.

Enda þótt sameigendum í fjölbýlishúsum sé ekki gert að skyldu að stofna húsfélög, knýja ákvæði þriðja kafla frumvarpsins þá til félagslegra ákvarðana um meðferð sameignarinnar með hagsmuni allra þeirra fyrir augum, svo sem einstakar greinar kaflans bera með sér.

Um 8. gr.

Hin fullu eignaumráð hvers íbúðareiganda eru aðallega fólgin í því, að íbúðina hefur hann til einkaafnota, hann getur hagnýtt sér eignarhluta sinn á hvern þann löglegan hátt, sem honum sýnist, hann getur selt hann eða veðsett, án þess að spyrja aðra sameigendur í fjölbýlishúsinu, og að lokum getur eignarhlutinn fallið til erfingja eigandans. Þær takmarkanir á eignaumráðum íbúðareiganda, sem gerðar

eru í frumvarpinu, eru veigalitlar, gilda fyrir alla jafnt og leiðir beint af sameigninni.

Um 9. gr.

Hér eru ákvæði um réttindi sameigenda, ef leyfi fæst til að byggja ofan á eða við fjölbýlishús, eftir að byggingu þess er lokið. Ákvæðin byggjast á þeim sjónarmiðum, að hver íbúðareigandi eigi rétt á að fá að búa í fjölbýlishúsinu óbreyttu og þurfi ekki að sæta því, að byggt sé ofan á það eða við það, nema hann sjálfur samþykki. Ef leyfi er fengið til stækkunar húss og allir sameigendur eru því samþykkir, þá eiga þeir réttindin allir eftir eignarhlutföllum sínum í „gamla húsinu". Um þetta hafa oft orðið deilur, en fráleitt er, að slík réttindi tilheyri aðeins efstu hæðinni eða einhverjum sérstökum íbúðareiganda.

Í 2. málsgr. segir, hvernig með skuli fara, ef aðilar, sem afsala og kaupa vilja réttindi til ofaná- eða viðbótarbyggingar, verða ekki á eitt sáttir um verð.

Um 10. gr.

Ekki geta bílskúrsréttindi fylgt öllum íbúðum fjölbýlishúsa. Verður því að skapa reglur um meðferð þeirra réttinda, sem leyst geti þrætur manna, ef ekki hefur verið frá því gengið í upphafi, hvaða íbúðir hefðu bílskúrsréttindi. Semjendur frumvarpsins gera sér grein fyrir því, að regla 10. gr. um, að sá gangi fyrir um bílskúrsréttindi, sem stærri á eignarhlutann í húsinu, sæti gagnrýni, en ekki var komið auga á heppilegri reglu. Þessi regla tryggir alltaf aðalíbúðum hinna smærri fjölbýlishúsa bílskúrsréttindin, þ. e. fyrsta og önnur hæð gengur fyrir kjallara og rishæð. Oftast nær mun nú vera um bílskúrsréttindin samið í upphafi og þannig forðað deilum, sem 10. gr. ætti að leysa.

Í 2. málsgr. eru ákvæði, sem eflaust má deila um. Þau byggjast á þeirri skoðun, að bílskúr sé hluti af íbúð eða nokkurs konar „fylgifé" íbúðar, sem helzt megi ekki skilja frá íbúðinni og alls ekki frá fjölbýlishúsinu. Sums staðar er aðstaðan sú í Reykjavík, að bílskúrar, sem byggðir hafa verið við fjölbýlishús, eru ekki í eigu þeirra, sem í húsinu búa og eiga bíla, heldur í eigu annarra manna „utan úr bæ", sem jafnvel nota bílskúrana sem verktæði eða sölubúðir. Stemma þarf stigu við slíkri þróun og binda með lagasetningu bílskúrana fastar við íbúðirnar en nú er. Aðalregla málsgreinarinar er sú, að ekki má undanskilja bílskúr eða bílskúrsréttindi við sölu á íbúðum í fjölbýlishúsum, nema seljandi eigi þar aðra íbúð. Ef íbúðareigandi vill losna við bílskúr eða bílskúrsréttindi, sem íbúð hans fylgja, má hann aðeins selja þau íbúðareigendum í sama fjölbýlishúsi. Í greininni eru ákvæði um, hvernig með skuli fara, ef aðilar verða ekki á eitt sáttir um verð bílskúrs eða bílskúrsréttinda.

Um 11. gr.

Þessi grein fjallar um réttindi sameigenda og skyldur í sambandi við hina óskiptilegu sameign fjölbýlishússins. Reglurnar eru mjög skýrar. Allir íbúðareigendur fjölbýlishússins eru aðilar að framkvæmdum vegna hinnar óskiptilegu sameignar, hvort sem um er að ræða innréttingu, standsetningu, fyrirkomulagsbreytingu, viðhald eða rekstur. Allir íbúðareigendur eiga rétt til ákvörðunar um þessar framkvæmdir, og öllum ber þeim á sama hátt að greiða kostnaðinn af þeim. Af sameigninni og hinum sameiginlegu afnotum leiðir þannig félagslegar ákvarðanir og skyldur.

Aðalregla greinarinnar er sú, að réttindi sameigendanna fara eftir eignarhlutföllum á sama hátt og skyldurnar. Allir eiga hlut að máli, og hundraðstala eignarhlutfallsins segir til um atkvæðisréttinn. Eignarhlutfallið 6.25% gefur þannig sex og einn fjórða atkvæði. Lögleg ákvörðun um framkvæmdir eftir þessari grein fæst við einfaldan meiri hluta atkvæða íbúðareigenda. Að slíkri ákvörðun tekinni, er hverjum íbúðareiganda skylt að taka þátt í kostnaðinum af framkvæmdum hennar að sínum hluta.

Hér er um að ræða ákvarðanir vegna hins sameiginlega húsrýmis og vegna sameignarinnar sem heildar. Í greininni er talið upp útlit hússins, skipulag og girðing lóðar og innrétting og fyrirkomulag hins sameiginlega húsrýmis fjölbýlishússins. Sérstaklega er einnig talin upp gerð glers í gluggum, og er hér átt við, hvort nota skuli einfalt eða tvöfalt gler. Þar sem sameiginleg upphitun er í fjölbýlishúsi er það ekki einkamál íbúðareigandans, hvort hann hefur tvöfalt gler í gluggum eða ekki. Einnig er hér talið viðhald hins óskiptilega, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

3. málsgr. þessarar greinar knýr íbúðareigendur til samráðs og fundarhalda og jafnvel til félagsstofnunar í stærri húsunum. Hver einasti íbúðareigandi á kröfu til þess að taka þátt í ákvörðunum um framkvæmdir eftir þessari grein. Meiri hluti íbúðareigenda má ekki sniðganga neinn sameigenda sinna. Í málsgreininni segir, að sé einhver íbúðareigandi ekki hafður með í ráðum, geti hann annað hvort gert: 1) neitað að taka þátt í kostnaði framkvæmdanna eða 2) stöðvað þær, þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin (þ. e. hann hafður með í ráðum og einfaldur meiri hluti komið í ljós).

Nú hefur hvort tveggja gerzt: allir verið með í ráðum og meiri hluti fengizt fyrir ákvörðun um framkvæmdir, en þegar greiða á kostnaðinn, kemur í ljós, að einn íbúðareigandinn greiðir ekki sinn hluta. 4. málsgr. 11. gr. gerir þá ráð fyrir, að hinir íbúðareigendurnir greiði hlut hans, en eignist þá þegar lögveð í eignarhluta hans til tryggingar greiðslunni og geta innheimt hana, með uppboði, ef ekki vill betur. Þó þykir rétt með tilliti til hagsmuna skuldheimtumanna og hugsanlegra viðsemjenda hins óskilvísa íbúðareiganda að tímabinda þennan lögveðsrétt, og því eru þau ákvæði í málsgreininni, að lögveðsrétturinn falli niður, ef honum er eigi fylgt eftir með lögsókn, áður en eitt ár er liðið frá þeim degi, er lögveðhafar inntu greiðsluna af hendi.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér eru nánari ákvæði um viðhald og viðgerðir á hinu sameiginlega í fjölbýlishúsi í beinu framhaldi af 11. gr. frumvarpsins. Ákvæðin skýra sig sjálf og eru í fullu samræmi við flesta þá samninga um þessi efni, sem gerðir hafa verið í fjölbýlishúsum í Reykjavík.

Vert er að benda sérstaklega á, að allt viðhald á húsinu að utan er sameiginlegt með einni undantekningu: gleri í gluggum íbúða. Hér er gert ráð fyrir því, að íbúðareigendur sjálfir geri við fyrir eigin reikning, ef rúður brotna í íbúðum þeirra, en hins vegar sé um sameiginlegt viðhald að ræða, ef rúður brotna í hinni óskiptilegu sameign. Hér er um matsatriði að ræða.

Vert er einnig að benda á, að samkvæmt 11. gr. greiðist sameiginlegt viðhald eftir eignarhlutföllum, og nær lögveðsrétturinn einnig til þeirra greiðslna.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Hér er um að ræða atriði, sem oft valda deilum meðal íbúðareigenda í fjölbýlishúsum.

Fyrri málsgreinin leysir úr þeirri spurningu, hvernig skipta eigi hitunarkostnaði milli íbúðareigenda, þar sem sameiginleg upphitun er. Víðast er farið eftir ofnastærð í íbúðum, „elementin“ talin og kostnaðinum skipt jafnt eftir þeim. Við athugun kemur í ljós, að sú skipting er ekki réttlát. Risíbúð þarf stærri ofna en jafnstór íbúð inni í miðju fjölbýlishúsinu, sem er umkringd upphituðum íbúðum. Hér er gert ráð fyrir, eftir sænskri fyrirmynd, að skipta sameiginlegum upphitunarkostnaði eftir rúmáli því, sem hita á upp, þ. e. stærð íbúðanna. Er því hitakostnaðinum raunverulega skipt eftir eignarhlutföllum, og er það bæði handhægt og réttlátt.

Þótt menn greini á um, hvernig skipta beri hitakostnaðinum, eru hinar deilurnar tíðari, hversu mikill hitinn skuli vera og hversu lengi dags skuli kynt. Þar koma til greina misjafnar þarfir manna og ólíkar venjur. Til að draga úr deilum af þessu tagi fundu semjendur frumvarpsins ekki nema eina leið, að lögákveða skynsamlega viðmiðun, svo sem gert er í 2. málsgr. þessarar greinar frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir því, að sameiginleg upphitun skuli miðuð við 18 gráðu lágmarkshita á Celcius. Átt er við kaldasta herbergi íbúðarinnar. Enginn íbúðareigandi getur því krafizt meiri upphitunar en að þessu marki, og sá, sem telur, að of mikið sé kynt, verður að sætta sig við þetta sem lágmark. Hitt er miklu meira matsatriði, hversu lengi dags skuli kynt. Skynsamleg viðmiðun í þesu efni kemur einnig í veg fyrir þrætur, þótt vafasamt sé að lögfesta ákvæði sem þessi. En á það er enn að líta, að menn geta hæglega samið sig undan þessum reglum.

Um 16. gr.

Hér ræðir um rekstrarkostnað stiga og stigahúss og annars sameiginlegs húsrýmis. Í 13. gr. frumvarpsins var rætt um viðhald hins óskiptilega, og þar var viðhaldskostnaðinum skipt eftir eignarhlutföllum vegna mismunandi eignar. Hins vegar er hið sameiginlega húsrými notað af íbúðareigendum að jöfnu, og er þar að finna rökin fyrir þeim ákvæðum 16. gr., að hinn beini rekstrarkostnaður, þ. e. hirðing og lýsing, greiðist af íbúðareigendum að jöfnu.

Um 17. gr.

Hér eru ákvæði um, að afnot af þvottahúsi og þurrkherbergi skuli vera jöfn, þrátt fyrir ólík eignarhlutföll. Sjónarmiðin að baki þessara raka eru augljós. Í þessu efni fara þarfirnar ekki eftir eignarhlutföllum. Lítil fjölskylda í stærstu íbúðinni þarf ekki fleiri daga í þvottahúsi en stór fjölskylda í minnstu íbúðinni. Engin hætta er á í nýtízku fjölbýlishúsi, að svo margar íbúðir verði um eitt þvottaherbergi, að jöfn afnot af því verði ekki nægileg fyrir allar íbúðirnar. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

IV. kafli.

Um sambýlisháttu.

Nákvæmar reglur um sambýlisháttu fólks í fjölbýlishúsum eiga frekar heima í reglugerð en í lögum. Af þeim ástæðum er kafli þessi lítill vexti og ráðherra aðeins falið að setja reglugerð um þetta efni, enda þótt tvö eða þrjú meginsjónarmið komi fram í hinum fáu greinum kaflans.

Um 18. gr.

Hér er íbúum fjölbýlishússins gert að skyldu að ganga þrifalega um hús og lóð svo og að valda ekki öðrum íbúum hússins óþægindum eða ónæði. Þessar meginreglur er rétt að útfæra nánar í reglugerð. Kemur þar margt til greina. Meðferð á sorpi, gluggaþvottur, húsdýr, háreysti o. fl. Sumt af þessu er að finna í lögreglusamþykktum, aðallega það, sem er almenns eðlis og ekki bundið við fjölbýlishús.

Um 19. gr.

Hér er lagt bann við því að nota hið sameiginlega húsrými eða lóð til annars en það er ætlað. Rétt er, að þessi sjálfsagða regla sé útfærð nánar í reglugerð. Menn mega ekki nota stigaganga sem geymslu, einstakir íbúðareigendur mega ekki leggja undir sig hluta af hinu sameiginlega húsrými (s. s. barnavagnageymslu eða þurrkherbergi) til afnota í sambandi við atvinnurekstur, foreldrar mega ekki þola börnum sínum að gera stigana að leikvangi, svo að fátt sé nefnt.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. kafli.
Ákvæði um gildistöku.
Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 148. Fyrirspurn [76. mál]

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um fjárfestingarþörf opinberra stofnana.

Frá Eggert Þorsteinssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 5. marz 1958 um rannsókn á fjárfestingarþörf opinberra stofnana?

Nd. 149. Lög [73. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

(Afgreidd frá Nd. 29. des.).

Samhljóða þskj. 142.

Nd. 150. Lög [74. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 29. des.).

Samhljóða þskj. 144.

Nd. 151. Frumvarp til laga [65. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka skuldabréfalán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 30000000.00 — þrjátíu milljónum króna — enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum

þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 152. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þetta frumvarp fer fram á það að leggja ½% gjald á útsöluverð allra afurða landbúnaðarins í 4 ár. Mun það nema 2 millj. kr. á ári með núgildandi verðlagi eða 8 millj. alls með sama verði, en vafalaust miklu meira eftir horfum, sem eru á gífurlegu gengisfalli íslenzku krónunnar. Þetta fé á að nota til byggingar á stórhýsi, sem áformað er að byggja í Reykjavík á vegum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Á það í fyrsta lagi að vera verzlunarstórhýsi, í öðru lagi veitingahús og gistihús og í þriðja lagi skrifstofubygging fyrir Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. Byggingin öll er gert ráð fyrir að verði 25 þús. teningsmetrar og mundi með núgildandi verðlagi kosta 30—35 millj. kr., en auðvitað miklu meira, þegar það mikla gengisfall skellur yfir, sem vinstri stjórnin hefur verið að undirbúa. Að fjórum árum liðnum gæti svo farið, að höllin væri hálfnuð eða um það bil. Má hver sem vill trúa því, að þá verði skattgjaldið fellt niður, ef það er á annað borð lögfest. Af fenginni reynslu af öllum öðrum sköttum er líklegra, að það yrði framlengt um önnur fjögur ár eða lengur.

Ég tel það mjög óeðlilegan skattagrundvöll að leggja gjöld á „brúttó"-verð þeirra afurða, sem hér um ræðir og yfirleitt eru framleiddar með halla þrátt fyrir allar ráðstafanir ríkisvaldsins. Óvissa er líka nú um alla fjármálaaðstöðu bændastéttarinnar á komandi tíma eins og raunar annarra atvinnuvega okkar lands.

Það er fært þessari skattlagningu einkum til meðmæla, að meiri hluti fulltrúa á búnaðarþingi og í Stéttarsambandi bænda, sem að miklu leyti eru sömu menn, hafi samþykkt þennan skatt. En þó að þetta sé rétt, er hitt líka víst, að margir þessir fulltrúar höfðu til þessa ekkert umboð frá bændum almennt. Það er líka kunnugt, að mótmæli hafa komið gegn þessu máli frá mörgum búnaðarfélögum og bændafundum. Er því mjög líklegt, að meiri hluti allra bænda sé þessum skatti andvígur. En þótt svo væri ekki, þá er bændastéttin svo skipt um þetta mál, að mjög er ósanngjarnt, að skattaálöguvald Alþingis sé notað til að gera upp innanstéttar ágreiningsmál með því að knýja þá, sem eru þar á móti, til þess að leggja fram svo mikla fjárfúlgu, vitandi það, að víða er fjárhagslega þröngur skór.

Ég legg því til, að þessu máli verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki hefur verið borið undir bændur almennt, hvort þeir vilji leggja fram þær mörgu milljónir króna, sem þeim er ætlað með frumvarpinu, til hallarbyggingar í Reykjavík, og þar sem ekkert liggur fyrir um það, hve mikill hluti bændastéttarinnar er því samþykkur, vill þingdeildin ekki lögfesta frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. jan. 1959.

Jón Pálmason.

Nd. 153. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. 1. mgr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. mgr. 1. gr. laga nr. 82 8. des. 1952, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Greinargerð.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna gildistöku reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sem sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnsins, beri brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, þannig að refsiákvæði laga nr. 5 18. maí 1920 gildi um brot gegn ákvæðum reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 70 30. júní 1958.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. 1. mgr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. mgr. 1. gr. laga nr. 82 8. des. 1952, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1958.

Gjört að Bessastöðum, 29. ágúst 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Sþ. 154. Þingsályktun [5. mál]

um eflingu landhelgisgæzlunnar og aukna vernd íslenzkra fiskiskipa.

(Afgreidd frá Sþ. 7. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að flýta svo sem unnt er — í samráði við forstjóra landhelgisgæzlunnar — ráðstöfunum til eflingar landhelgisgæzlunni, svo að auðið verði að veita fiskiskipaflotanum vernd, þannig að bægt verði, svo sem kostur er, frá íslenzkum sjómönnum, skipum þeirra og veiðarfærum þeirri hættu, sem átökin við Breta í fiskveiðalandhelginni kunna að hafa í för með sér.

Sþ. 155. Þingsályktun [20. mál]

um námskeið í meðferð fiskileitartækja.

(Afgreidd frá Sþ. 7. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að Fiskifélag Íslands fái aðstöðu til að halda í öllum landsfjórðungum, svo fljótt sem verða má og ekki síðar en fyrir næstu síldarvertíð, námskeið fyrir skipstjórnarmenn á fiskiskipum, þar sem veitt verði fræðsla um gerð og meðferð fiskileitartækja, og heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað, er af þessari framkvæmd leiðir.

Sþ. 156. Þingsályktun [36. mál]

um niðursuðuverksmiðju á Akureyri.

(Afgreidd frá Sþ. 7. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 3 manna nefnd til að gera áætlanir um stofnkostnað og rekstur hæfilegrar niðursuðuverksmiðju á Akureyri, er einkum yrði ætlað að nýta smásíld þá, sem veiðist í Eyjafirði. Einnig skal nefndin gera athuganir á öðrum vinnsluaðferðum, sem til greina gætu komið til nýtingar á

þessari veiði. Leiði athuganir nefndarinnar í ljós, að hagkvæmt sé að byggja slíka niðursuðuverksmiðju sem að framan greinir, skal hún einnig gera tillögur um þá fyrirgreiðslu, sem hún teldi nauðsynlega af opinberri hálfu, ef í framkvæmdir yrði ráðizt. Þá skal hún einnig hafa samráð við fiskideild atvinnudeildar háskólans um vinnslugetu verksmiðjunnar.

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um niðurgreiðslu á innfluttum áburði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða niður verð á innfluttum áburði árið 1959, þannig, að verðið til bænda verði sem líkast því, sem það var árið 1958.

Greinargerð.

Þegar innfluttur fóðurbætir var stórhækkaður í verði s. l. vor með lögum um útflutningssjóð o. fl., var það haft mjög á orði af talsmönnum þessarar ráðstöfunar, að henni væri ætlað að koma því til leiðar, að bændur drægju stórlega úr fóðurbætiskaupum frá útlöndum. Í þess stað áttu bændur að afla meiri og betri heyja og spara sér þannig kaup á erlendu kjarnfóðri.

Þá hagaði svo til, að búið var að kaupa til landsins það magn af fosforsýru- og kalíáburði, sem áætlað var að bændur mundu nota á því ári. Að svona heppilega vildi til, kom sér mjög vel fyrir bændur og varð til þess, að hækkunin á rekstrarútgjöldum bænda s. l. ár varð allmiklu minni en ella hefði orðið. Nú verður þessi hækkun ekki lengur umflúin. Fosforsýru- og kalíáburðurinn, sem bændur þurfa á þessu ári, mun hækka um a. m. k. 40%, ef ekkert er að gert, miðað við söluverð þessara áburðartegunda s. l. ár, en auk þess verður að flytja inn nokkurt magn af köfnunarefnisáburði. Þessi hækkun veldur bændum nýjum erfiðleikum, sem óséð er, hvernig leysast. Áburðartilraunir víðsvegar um land hafa sýnt og sannað, að víða er tilfinnanlegur skortur á fosforsýru og kalí, sem stendur gróðri fyrir fullum þrifum. Verði bændur að draga úr þessum áburðarkaupum, gæti það því haft alvarlegar afleiðingar.

En hér kemur fleira til greina. 40% hækkun á innfluttum áburði hækkar allverulega rekstrarútgjöld bænda og verkar með fullum þunga næsta haust, þegar verð á landbúnaðarvörum verður ákveðið. Áætlað er, að þessi hækkun muni valda talsverðri hækkun á vísitölunni. Þessi hækkun á landbúnaðarvörum verður bezt umflúin með því að stemma á að ósi og greiða niður verðið á innfluttum áburði, þannig að verðið til bænda á næstkomandi vori verði sem líkast því, er það var s. l. ár. Slík ráðstöfun mundi áorka þrennu: Í fyrsta lagi létta bændum áburðarkaupin í vor. Í öðru lagi stuðla að betri ræktun og öflun meiri og betri heyja, sem mundi draga úr þörfinni fyrir aukin kjarnfóðurkaup. Í þriðja lagi koma í veg fyrir hækkun á vísitölunni.

Loks má benda á það, að yfirfærslugjald af áburði, 55%, sem lagt var á s. l. vor, en kom ekki til tekna á því ári, en verður nú innheimt af innfluttum áburði, mun nægja til þeirrar niðurgreiðslu, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir.

Nd. 158. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. jan. 1959.

Steingr. Steinþórsson, form. Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir. Benedikt Gröndal.

Sþ. 159. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um lán til byggingarsjóðs ríkisins, byggingarsjóðs Búnaðarbankans og veðdeildar Búnaðarbankans af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1958.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fram sem lánsfé 25 milljónir króna af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1958 til byggingarsjóðs ríkisins, byggingarsjóðs Búnarbankans og veðdeildar Búnaðarbankans.

Fjárhæðin skiptist þannig:

15 milljónir króna til byggingarsjóðs ríkisins.
5 milljónir króna til byggingarsjóðs Búnaðarbankans.
5 milljónir króna til veðdeildar Búnaðarbankans.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu hafa aflað sér upplýsinga um það, að á síðastliðnu ári hefur orðið nokkur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Á hinn bóginn varð rúmlega 20 millj. kr. greiðsluhalli árið 1957. Þennan halla þurfti að sjálfsögðu að greiða af greiðsluafgangi ársins 1958, enda hefur það verið gert. Greiðsluafgangurinn 1958 mun hins vegar gera talsvert betur en jafna hallann frá 1957. Fyrir því leggjum við flutningsmenn þessarar þáltill. til, að af greiðsluafgangi síðasta árs verði 25 millj. kr. varið til þess að lána byggingarsjóði ríkisins, byggingarsjóði sveitanna og veðdeild Búnaðarbankans.

Það mun öllum háttv. alþingismönnum vera kunnugt, að fjárþörf ofangreindra stofnana er tilfinnanleg. Byggingarsjóð ríkisins mun vanta tugi milljóna króna til að geta bætt úr brýnni þörf með lán til þeirra, sem eru að reisa íbúðir. Enda þótt fjárhæð sú, er flutningsmenn leggja til að gangi til byggingarsjóðs ríkisins, nægi engan veginn til viðbótar þeim tekjum, er sjóðurinn hefur, til að fullnægja fjárþörf sjóðsins, mun unnt að bæta með fé því aðstöðu allmargra og koma í veg fyrir þá hættu, að ýmsir þeir, er þegar hafa lagt fram mikla vinnu og eigið fé, missi eignarrétt á íbúðum, sem í smíðum eru, eða framkvæmdir tefjist óeðlilega til tjóns fyrir þá, er í hlut eiga, og þjóðarheildina.

Byggingarsjóður Búnaðarbankans hefur nú að fullu ráðstafað til útlána því fé, er hann hafði yfir að ráða á s. l. ári. Hins vegar munu liggja fyrir óafgreiddar um-

sóknir um lán úr sjóðnum, og óvíst er um tekjur hans á þessu ári. Hér er því lagt til, að byggingarsjóður Búnaðarbankans fái 5 millj. kr. til útlána.

Á árinu 1957 tókst fyrrverandi ríkisstjórn að útvega veðdeild Búnaðarbankans 5 millj. kr. að láni. Annað 5 milljóna króna lán útvegaði fyrrverandi ríkisstjórn veðdeildinni nokkru fyrir síðustu áramót. Þrátt fyrir þessar fjárútveganir munu nú liggja fyrir hjá veðdeildinni lánsbeiðnir, er nema háum fjárhæðum. Það er því ekki að ástæðulausu, að hér er lagt til, að veðdeild Búnaðarbankans fái að láni 5 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs s. l. ár.

Sþ. 160. Nefndarálit [60. mál]

um till. til þál. um læknishjálp sjómanna á fjarlægum miðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er einróma sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 12. jan. 1959.

Benedikt Gröndal, form., frsm. | Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason.
Steingr. Steinþórsson. | Alfreð Gíslason. | Björn Ólafsson. | Jón Sigurðsson.

Nd. 161. Lög [77. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 12. jan.)

Samhljóða þskj. 77.

Ed. 162. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við yfirdýralækni, Pál A. Pálsson.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem fylgja á sérstöku þingskjali, en þær eru þessar:

1. Að tekið sé upp sérstakt dýralæknisumdæmi, Austur-Skaftafellssýsluumdæmi, er nái yfir Austur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu sunnan Breiðdalsheiðar, eða Geithellnahrepp, Búlandshrepp, Beruneshrepp og Breiðdalshrepp. Þessi skipting er miðuð við Breiðdalsheiði, sem oft er illfær eða ófær að vetrarlagi, og því hægra að nálgast dýralækni frá Höfn í Hornafirði, en þar er gert ráð fyrir að dýralæknirinn sitji, en frá Egilsstöðum. Í þessa nýja umdæmi yrðu

1052 nautgripir, 36805 fjár og 467 hross, miðað við fénað á fóðrum veturinn 1957—58. Austurlandsumdæmið minnkaði þá um Austur-Skaftafellssýslu og 4 syðstu hreppa Suður-Múlasýslu, en yrði þó að yfirferð og skepnufjölda ærið stór og umfangsmikið.

2. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi verði skipt úr Rangárvallaumdæmi, sem nú virðist ofvaxið einum dýralækni. Lagt er til, að það nái yfir Vestur-Skaftafellssýslu alla og Austur-Eyjafjallahrepp í Rangárvallasýslu. Umdæmið er víðlent, og tala búfjár á fóðrum veturinn 1957—58 var 1856 nautgripir, 38501 sauðkind og 974 hross, og mun það nálægt þeirri tölu, er dýralæknar telja hæfilegt að hafa í umdæmum sínum.
3. Barðastrandarumdæmi er þriðja nýja dýralæknisumdæmið, sem lagt er til að tekið verði upp. Lagt er til, að það nái yfir Vestur-Barðastrandarsýslu alla, Auðkúlu-, Þingeyrar- og Mýrahrepp í V.-Ísafjarðarsýslu, og minnkar Ísafjarðarumdæmi um þá, og Múla- og Flateyjarhrepp í Austur-Barðastrandarsýslu, sem falla þá undan Dalaumdæmi. Þetta umdæmi er mikið að yfirferð og erfitt til ferðalaga. Í því eru veturinn 1957—58 767 nautgripir, 24811 sauðfjár og 238 hross.

Það þótti rétt að leggja til, að þessi þrjú dýralæknisumdæmi yrðu tekin upp nú eftir óskum þingmanna kjördæmanna, þar sem þörf þeirra er óumdeilanleg. Hins vegar munu þau ekki baka ríkissjóði útgjöld í bráð, þar sem engir dýralæknar eru til í landinu til að taka við embættunum, og að því er bezt er vitað, verður ekki fyrr en seint á árinu 1959, sem fyrsti Íslendingurinn, sem nú stundar dýralækninganám, lýkur prófi. Annar mun svo taka lokapróf 1960 og síðan 2 eða 3 1961, og þá fyrst er von til þess, að dýralæknar fáist í öll héruðin. Það hefði því mátt að skaðlausu fyrir alla láta frumvarp þetta bíða, en hins vegar er líka gott að láta þá, er við nám eru, sjá, að verkefni bíði þeirra að námi loknu, og með tilliti til þess er lagt til að samþykkja frumvarpið nú.

Enn er þess að geta, að yfirdýralæknir mælir með samþykkt frumvarpsins og telur, að þó að dýralæknisumdæmum verði breytt aftur bráðlega, muni það trauðla verða gert á þeim svæðum á landinu, sem þessi þrjú umdæmi, sem nú er lagt til að stofna, ná yfir.

Einn nefndarmanna (FRV) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. jan. 1959.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Sigurvin Einarsson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson.
	Friðjón Þórðarson.	

Ed. 163. Breytingartillaga [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi:* Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðarumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalaumdæmi:* Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og *Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi*

4. *Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.*
5. *Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu,* Ísafjarðarkaupstaður, *Norður-Ísafjarðarsýsla* og Árneshreppur í Strandasýslu.
6. *Húnaþingsumdæmi:* Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
7. *Skagafjarðarumdæmi:* Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
8. *Eyjafjarðarumdæmi:* Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarþingsumdæmi:* Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla,* Seyðisfjörður, Neskaupstaður og *Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.*
11. *Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.*
12. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.*
13. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla *að Austur-Eyjafjallahreppi.*
14. *Selfossumdæmi:* Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
15. *Laugarásumdæmi:* Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

Sþ. 164. Fyrirspurnir. [80. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. apríl 1958 um lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja?

II. Til ríkisstjórnarinnar varðandi vegakerfi á Þingvöllum.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvað hefur verið gert til að framfylgja ályktun Alþingis frá 30. maí 1958 um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum?

Nd. 165. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur í vörðu móts við austurhorn Hraunsholtstúns. 3. Þá bein lína í vörðu, sem er í skurðpunkti, er myndast af stefnunum frá vörðunni við Hafnarfjarðarveg í Hádegishól og frá vörðunni við Hraunholtstún í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði. 4. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum. 5. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 6. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 7. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 8. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar. 9. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 10. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 11. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarbraut. 12. Þá lína í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar. 13. Þaðan í Lækjarbotna. 14. Þá í Gráhellu. 15. Þaðan í miðjan Ketshelli. 16. Eftir Selvogsmannaeða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 17. Þaðan bein lína í Markraka. 18. Þaðan bein lína í Vatnsskarð. 19. Þaðan stefna í Steinhús, þar til kemur að Krýsuvíkurvegi. 20. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns. 21. Með norðurbrún Kapelluhrauns að Keflavíkurvegi. 22. Meðfram Keflavíkurvegi suður fyrir Kapelluhraun til sjávar.

B. 1. Að austan vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. 2. Að norðan Arnarneslækur og Arnarnesvogur. 3. Að vestan bein lína úr suðvesturhorni Arnarnesvogs að vesturhorni Engidals. 4. Að sunnan Álftanesvegur að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Lyngholts og land það milli Arnarness- og Hraunsholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.

C. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni þessa frumvarps er eingöngu það að breyta takmörkum lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar. Lög um þessi takmörk voru fyrst sett, þegar Hafnarfjörður fékk

kaupstaðarréttindi 1908, lögin eru frá 1907. Síðan hefur þessum lögum ekki verið breytt, nema hvað lög nr. 11 1936 ákváðu, að nokkur landsvæði utan hins eiginlega kaupstaðar skyldu lögð undir lögsagnarumdæmið vegna þeirra nytja, er Hafnfirðingar skyldu fá af þessum löndum. Takmörkum hins eiginlega gamla lögsagnarumdæmis var hins vegar ekki breytt, þegar lögin um bæjarstjórn í Hafnarfirði voru endurskoðuð 1929.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur verið ört vaxandi að heita má alla tíð síðan hann varð til, og á þeim rúmlega 50 árum, sem síðan eru liðin, hefur íbúatalan margfaldazt, eða nánar tiltekið um það bil 5-faldazt. Byggðin hefur þanizt út og er nú víðar en á einum stað að komast út fyrir kaupstaðarmörkin frá 1907. Af þessu leiðir ýmis óþægindi, sem hugsað er að bæta úr með frumvarpi þessu. Þegar takmörk lögsagnarumdæmisins voru ákveðin 1907, átti kaupstaðurinn ekkert af því landi, sem hann var byggður á, en nú hefur hann eignazt allt þetta land að einni jörð, Jófríðarstöðum, undanskilinni, sem aðeins er lítill hluti af kaupstaðarsvæðinu.

Vegna vegagerða og ýmiss konar lagna, sem nú er verið að vinna að í nýjum íbúðahverfum á kaupstaðarmörkunum, er mjög nauðsynlegt að fá þessi mörk færð út nú þegar. Við breytinguna er fylgt því meginsjónarmiði, að kaupstaðamörkin verði yfirleitt, með smáundantekningum þó, látin fylgja takmörkum eignarlands bæjarins. Lendir þó að vísu ein jörð, sem nú er í Garðahreppi, jörðin Ás, innan þessara takmarka. Þessi jörð er nú alveg á mörkum byggðar kaupstaðarins, og með lögum nr. 11 1936 var heimilað að leggja allt óræktað land hennar undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, þannig að þegar fyrir rúmum 20 árum var talið sýnt, hvert stefndi í þessu efni. Að vestan og norðvestan eru mörkin að mestu leyti óbreytt frá því, sem nú er, og er viðbúið, að þar þurfi innan stutts tíma að færa mörkin enn út. Að austan og sunnan verður landrýmið samkvæmt frumvarpinu aftur á móti allmikið, og er þar fullnægt landþörf bæjarins um ófyrirsjáanlega framtíð.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur á fundi sínum 3. des. s. l. óskað eftir því, að ég flytti þetta frv. Það er samið af henni og flutt nákvæmlega eins og hún gekk frá því.

Nd. 166. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um skipulagningu samgangna.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað málið og rætt það á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. jan. 1959.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Karl Guðjónsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson.

Sþ. 167. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um hagnýtingu síldaraflans.

Flm.: Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson, Björgvin Jónsson, Tómas Árnason, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að athugaðir verði til hlítar möguleikar á að hagnýta síldarafla landsmanna betur en nú er gert

og þá einkum með það fyrir augum, að sem mestur hluti síldarinnar verði fluttur út sem fullunnin neyzluvara.

Greinargerð.

Árið 1956 var síldarafli landsmanna upp úr sjó rúml. 100 þús. tonn og árið 1957 rúml. 117 þús. tonn. Var síldin fyrra árið 22.6% og síðara árið 26.9% af öllum fiskaflanum, eins og hann er talinn í skýrslum.

Samtals var síldaraflinn á þessum tveim árum tæpl. 218 þús. tonn eða um 1600 þús. mál og tunnur. Lauslega talið virðist um helmingur þessa tveggja ára síldarafla hafa farið í bræðslu, nál. ⅜ í salt og nál. ⅛ í frystingu. Mestur hluti frystu síldarinnar var beitusíld til notkunar innanlands, en síldin og síldarafurðirnar að öðru leyti útflutningsvara, að undanskildum þeim hluta síldarmjölsins, sem notaður var innanlands. Verðmæti útflutningsvaranna var samkv. skráðu gengi fram undir 300 millj. kr. samtals bæði árin, en verðmæti þau, sem notuð voru innanlands, sennilega 60—70 millj.

Eins og kunnugt er, hefur síldveiðin undanfarin 14 ár verið miklu minni en hún áður var, sérstaklega þegar miðað er við útbúnað og fjölda veiðiskipa. Vonir manna um það, sem áður var kölluð mikil síldveiði, hafa aldrei rætzt á þessu tímabili. Fyrrum, þegar ganga mátti út frá uppgripa síldarafla a. m. k. öðru hverju, var að því stefnt, að hægt væri að taka á móti sem mestri síld og gera hana söluhæfa, þótt söluverðið væri ekki í réttu hlutfalli við hið mikla næringargildi síldarinnar. Með þetta fyrir augum var komið upp afkastamiklum verksmiðjum til framleiðslu á skepnufóðri og iðnaðarlýsi úr síld og lögð áherzla á að byggja rúmgóðar geymsluþrær fyrir hráefni til slíkrar framleiðslu. Víst hafa þau fyrirtæki bjargað miklum verðmætum og verið til ómetanlegs öryggis fyrir þá, er afla hráefnisins, þó að síldarafurðir verði ekki með þeirri hagnýtingu svo verðmiklar til gjaldeyrisöflunar sem frekast mætti verða fyrir þjóðarbúið.

Og nú, þegar síldaraflinn er miklu minni en hann áður var, hafa augu manna opnazt fyrir því, að miklu skiptir, að hægt sé að gera hið tiltölulega litla síldarmagn, sem veiðist, að sem verðmætastri útflutningsvöru. Hin síðustu árin hefur tekizt að auka nokkuð markaði fyrir saltsíld, og miðar því í rétta átt. Þessir markaðir þurfa enn að aukast. Einnig er nú farið að selja nokkurt magn af frystri síld úr landi, og munu vonir standa til, að sú sala aukist. Mikið væri unnið, ef takast mætti að gera saltsíldina verðmætari en hún nú er sem útflutningsvara með því að fullverka hana eins og hún er seld til neyzlu erlendis. Að því þarf að stefna, og skal það ekki nánar rætt hér.

Hagnýting síldaraflans í heild er stórmál fyrir þjóðarbúskapinn, og telja flm., að fram þurfi að fara skipulögð athugun þessa máls.

Sþ. 168. Þingsályktun [60. mál]

um læknishjálp sjómanna á fjarlægum miðum.

(Afgreidd frá Sþ. 14. jan.)

Samhljóða þskj. 104.

Ed. 169. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi:* Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðarumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalaumdæmi:* Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og *Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.*
4. *Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.*
5. *Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu,* Ísafjarðarkaupstaður, *Norður-Ísafjarðarsýsla* og Árneshreppur í Strandasýslu.
6. *Húnaþingsumdæmi:* Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
7. *Skagafjarðarumdæmi:* Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
8. *Eyjafjarðarumdæmi:* Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarþingsumdæmi:* Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla,* Seyðisfjörður, Neskaupstaður og *Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.*
11. *Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.*
12. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.*
13. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla *að Austur-Eyjafjallahreppi.*
14. *Selfossumdæmi:* Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar
15. *Laugarásumdæmi:* Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 170. Frumvarp til laga [83. mál]

um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Styrktarsjóðum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Mótorvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægir, Reykjavík, Félags bryta, Kvenfélagsins Keðjan og Kvenfélagsins Hrönn er heimilt að taka húseignina Bárugötu 11 í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í Reykjavík, verður að áliti flutningsmanna frumvarpsins að fara mjög varlega í það að taka íbúðarhúsnæði til annarra nota, nema alveg sérstaklega standi á. Og hér stendur vissulega nokkuð sérstaklega á. Mörg þeirra félagssamtaka, sem hér eiga hlut að máli, svo og Sjómannablaðið „Víkingur", hafa leiguhúsnæði víðs vegar um bæinn, en telja sér það ýmist óhentugt eða ófullnægjandi. Nú eiga þau kost á að fá einbýlishúsið Bárugötu 11 í Reykjavík keypt til sameiginlegra nota fyrir félagsstarfsemi nefndra samtaka. Hér er því um að ræða skipti á húsnæði því, sem félögin hafa haft, og því, sem þau hyggjast nú kaupa, ef þeim verður heimilaður notaréttur af því til annars en íbúðar. Þó er rétt að geta þess, að verði af kaupunum, mundi verða í húsinu ein fjölskylduíbúð, þ. e. íbúð húsvarðar. Verður hún á kjallarahæð hússins.

Af þessu er ljóst, að við þá notkun hússins Bárugötu 11, sem hér er farið fram á, losnar aftur húsnæði á ýmsum stöðum í bænum, sem félögin hafa áður notað.

Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannablaðið „Víkingur" og flest framangreind félög leggja á það höfuðáherzlu að geta fengið til starfsemi sinnar húsnæði undir einu þaki, sem allra næst höfninni, þar eð starfsemi þeirra er mjög tengd við skip og höfn.

Um það er ekki hægt að deila, að nauðsyn þessara félagssamtaka fyrir hagkvæmt húsnæði er brýn, enda hefur Alþingi áður veitt Vinnuveitendasambandi Íslands og styrktarsjóðum Múrarafélags Reykjavíkur og Félags íslenzkra rafvirkja sams konar fyrirgreiðslu um afnotarétt húsnæðis til félagsstarfsemi sinnar og farið er fram á í frumvarpi þessu fyrir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og allmörg önnur fjölmenn og víðtæk félagssamtök.

Nd. 171. Breytingartillögur [77. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðist svo:
   Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt samkv. tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskirannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu eða flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal ávallt tímabundið.

3. Við 3. gr. Í stað orðanna „er úr gildi numin 1. mgr. 1. gr. laga“ komi: eru úr gildi numin lög.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 172. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt.

Minni hl. n. mun skila sérstöku áliti og leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Verði sú tillaga minni hl. n. felld, mun meiri hl. n. bera fram við 3. umr. brtt. um gildistöku laganna og ef til vill um fleiri atriði, sem hafa þó ekki áhrif á meginefni frv.

Alþingi, 16. jan. 1959.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Karl Guðjónsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson.

Nd. 173. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til laga um skipulagningu samgangna.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Við, sem ritum undir þetta nefndarálit, getum ekki fallizt á að afgreiða það frumvarp, sem hér um ræðir, á þessu Alþingi. Frumvarpið er samið af milliþinganefnd, en hefur að öðru leyti lítið verið rætt. Meðal annars teljum við mjög orka tvímælis að lögfesta sérleyfi til handa Skipaútgerð ríkisins, enda hefur forstjóri

þeirrar stofnunar sýnt fram á veilur í því máli, og fleira getur komið til greina um svo mikið mál sem allar samgöngur meðfram ströndum Íslands.

Á sama hátt er það vafasamt og óundirbúið að binda allar flugsamgöngur innanlands við sérleyfi. Þetta og fleira þarf nánari athugunar við.

Við leggjum því til, að deildin **vísi frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. jan. 1959.

Jón Pálmason, frsm. Ingólfur Jónsson.

Sþ. 174. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um flugsamgöngur.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á nýjungum og framförum í smíði farþegaflugvéla, sérstaklega að því leyti er hentar innanlandsflugi á Íslandi og sparað getur fé við byggingu flugvalla.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hafa framfarir í smíði flugvéla orðið mjög hraðar í heiminum á undanförnum árum. Ýmsar flugvélategundir, sem þóttu góðar til farþegaflutninga fyrir skömmum tíma, þykja nú úreltar, en aðrar fullkomnari vélar eru komnar í þeirra stað.

Íslendingum er ekki síður þörf á því en öðrum þjóðum að fylgjast vel með slíkum framförum og haga flugsamgöngum sínum í samræmi við það, sem bezt hentar staðháttum hér á landi og fjárhag þjóðarinnar. Nýjungar, sem miða í þessa átt, ættu því að vera Íslendingum kærkomnar.

Eitt af erfiðustu viðfangsefnum Íslendinga á þessu sviði er að koma upp flugvöllum, nægilega mörgum og stórum, svo að flugsamgöngur geti orðið til almennra nota. En þetta kostar mikið fé og tekur langan tíma.

Fyrir nokkru er hafin framleiðsla erlendis á farþegaflugvélum, sem flutt geta allmarga farþega, en þurfa ekki lengri flugbrautir til flugtaks og lendinga, að áliti framleiðenda, en sjúkraflugvélar þær, sem starfræktar hafa verið hér á landi að undanförnu.

Nægjanleg reynsla er enn ekki fengin af þessum flugvélum, en þess mun ekki langt að bíða, að úr því verði skorið, hvort þær fullnægja þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Verði reynslan á þann veg, að flugvélar þessar þyki öruggar og hentugar fyrir flugsamgöngur hér á landi og að þær þurfi ekki lengri flugbrautir en að framan getur, væri það mikill ávinningur fyrir flugsamgöngur Íslendinga. Stórir og dýrir flugvellir yrðu þá óþarfir, en flugbrautir sjúkraflugsins, sem nú þegar eru komnar víðs vegar um landið, mundu sennilega fullnægja hinum nýju flugvélum með nokkrum endurbótum.

Þess er full þörf, að hinu takmarkaða fé, sem unnt er að verja til flugvallagerðar, verði varið í fullu samræmi við nýjungar í flugsamgöngum og sem flestum landsmönnum til gagns. Tillaga þessi er flutt til stuðnings því, að svo megi verða.

Ed. 175. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskirannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu eða flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal ávallt tímabundið.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 8. des. 1952, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 176. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Við undirritaðir leggjum til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Væri þá tækifæri til þess að athuga málið fyrir næsta Alþingi. Eins og gististaðahaldi og veitingasölu er háttað í landinu, er mikil þörf á því að setja lög, sem miða að úrbótum í þessum málum, en það gerir frumvarpið ekki í þeirri mynd, sem það er nú.

Alþingi, 20. jan. 1959.

Ingólfur Jónsson, frsm. Jón Pálmason.

Nd. 177. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Ingólfi Jónssyni.

1. Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Gjöld þessi teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarvara, og skal tekið tillit til þess við verðlagningu þeirra.
2. 2. gr. orðist svo:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal Búnaðarfélag Íslands hlutast til um, að fram fari um þau almenn atkvæðagreiðsla í öllum hreppabúnaðarfélögum landsins. Þau taka gildi, ef meiri hluti þeirra bænda, sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni, er þeim samþykkur.

Ed. 178. Frumvarp til laga [85. mál]

um fræðslumyndasafn ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Yfirstjórn fræðslumyndasafns ríkisins er í höndum menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tillögum stjórna Sambands íslenzkra barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara, Menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs, en ráðherra skipar formann safnstjórnar án tilnefningar. Ef stjórnarmaður forfallast eða lætur af störfum, skal skipa mann í stjórnina á sama hátt.

Forstöðumaður fræðslumyndasafns á sæti á fundum safnstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt. Getur hann skotið þeim ákvörðunum stjórnarinnar, er mjög varða fjárhag safnsins, undir úrskurð ráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk fræðslumyndasafns ríkisins er, eftir því sem við verður komið:

a. Að festa kaup á erlendum og innlendum kvikmyndum og kyrrmyndum í þágu fræðslumála og annarra menningarmála.
b. Að eignast tæki til fræðslumyndagerðar, svo og sýningartæki eftir þörfum, og leiðbeina fræðslustofnunum, er þess æskja, um val og útvegun sýningartækja.
c. Að lána skólum og öðrum fræðslustofnunum myndir og tæki til notkunar við kennslu. Enn fremur að lána þessum aðilum, svo og félögum, er hafa menningarmál á stefnuskrá sinni og standa öllum opin án tillits til stjórnmálaskoðana, myndir og tæki til afnota í sambandi við félags- og skemmtanalíf.
d. Að láta þýða eða gera íslenzkar skýringar við erlendar fræðslumyndir.
e. Að verja hluta af tekjum safnsins til útvegunar á hljómplötum og tónböndum til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum. Skal um þetta höfð samvinna við Ríkisútvarpið.
f. Að hafa samráð við Menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningarmynda. Enn fremur getur safnið ráðizt í töku kynningarmynda um einstaka þætti atvinnulífs og félagslífs, og er heimilt að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í myndagerðinni.

g. Að efla íslenzka fræðslumyndagerð á annan hátt — svo sem með því að styrkja efnilega menn til þess að afla sér þekkingar í þeim efnum, er safninu megi síðar að gagni verða.

3. gr.

Alþingi veitir í fjárlögum ár hvert fé til rekstrar safninu, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Stjórn safnsins gerir árlega áætlun um tekjur þess og gjöld, og skal fjárhagsáætlunin háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Enn fremur getur safnið aflað sér tekna með kvikmyndasýningum, og skulu þær sýningar undanþegnar skemmtanaskatti.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, að fengnum tillögum safnstjórnar, og setur ráðuneytið honum erindisbréf og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Skal hann annast daglega stjórn safnsins. Hann skal árlega semja skýrslu um rekstur og hag safnsins og senda hana menntamálaráðuneytinu í lok hvers starfsárs. Reikningar safnsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Safnstjórnin ræður annað starfsfólk safnsins í samráði við forstöðumann, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett fyllri ákvæði um starfsemi og rekstur safnsins, meðal annars kveðið á um meðferð, vörzlu og útlán mynda og tækja og um myndasýningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 1 21. janúar 1944, að svo miklu leyti sem þau fjalla um kennslukvikmyndir.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarverandi vegna veikinda, er ákvörðun var tekin um flutning frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Fyrstu lög, sem sett voru hér á landi um kennslukvikmyndir, eru frá árinu 1937, en nú gilda um þau efni lög nr. 1/1944, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Var kennslukvikmyndasafninu þar ákveðinn viss hluti skemmtanaskatts. Hlutdeild kennslukvikmyndasafns í skemmtanaskatti var breytt með lögum nr. 115/1951 og með lögum nr. 57/1957 er breytt til og kennslukvikmyndasafni eigi lengur ætlaðar tekjur af skemmtanaskatti. Í fjárlögum fyrir árið 1958 eru safninu ætlaðar kr. 250 000.00.

Fer hér á eftir yfirlit um tekjur og gjöld safnsins á árunum 1938—1955:

Ár	Tekjur	Kvikm. keyptar	Kvikm.-taka	Áhöld	Önnur gjöld	Samtals
1938—1939	8 625.69	264.03	„	1 364.48	684.00	2 312.53
1940	7 946.85	3 960.90	984.42	1 744.98	389.92	7 080.22
1941	11 892.48	3 110.41	964.20	2 027.14	444.95	6 546.80
1942	18 120.83	438.27	6 942.60	533.75	807.00	8 721.62
1943	36 162.41	1 115.93	2 046.54	627.30	652.50	4 442.27
1944	74 893.27	249.17	9 521.64	10 998.15	37.50	20 806.46
1945	162 991.62	19 897.75	948.65	2 700.00	12 857.18	36 403.58
1946	161 282.96	22 801.62	4 410.00	18 559.52	60 767.13	106 538.27

Ár	Tekjur	Kvikm. keyptar	Kvikm.-taka	Áhöld	Önnur gjöld	Samtals
1947	174 818.69	15 903.57	„	11 320.51	33 505.62	60 729.70
1948	8 534.19	31 558.82	5 225.24	6 233.77	145 502.74	188 520.57
1949	373 001.83	121 505.88	2 038.00	21 026.86	138 308.64	282 879.38
1950	384 784.20	105 463.26	3 851.20	14 627.56	372 123.25	496 065.27
1951	271 404.51	86 236.08	5 765.37	65 634.93	96 960.79	254 597.17
1952	383 094.96	72 491.07	23 790.58	122 754.48	233 627.59	452 663.82
1953	243 119.35	34 696.37	41 725.62	42 295.74	150 957.11	269 674.84
1954	307 225.46	160 291.40	„	„	49 329.25	209 620.65
1955	188 587.12	117 118.49	„	11 332.30	82 198.69	210 694.48
Samtals kr.	2 816 486.42	797 103.04	108 214.06	333 780.57	1 379 153.86	2 618 251.53

Rétt er að geta þess, að í liðnum önnur gjöld eru fólgin öll starfslaun við safnið frá 1954, en fyrir þann tíma var slíkur kostnaður greiddur af skrifstofufé fræðslumálaskrifstofunnar. Árið 1956 voru tekjur safnsins kr. 186 590.53 (hluti af skemmtanask. ársins 1955), en gjöldin námu kr. 178 505.48. Gjöldin skiptust þannig:

Vinnulaun	kr. 77 471.26
Keyptar kvikmyndir	— 87 646.60
Flutningsgjöld	— 1 850.80
Tryggingar	— 5 377.25
Ýmis gjöld	— 6 159.57

Í safninu eru nú alls um 1070 kvikmyndir, þar af 27 íslenzkar. Flestar íslenzku myndanna eru í 2—3 eintökum, en flestar erlendu myndanna aðeins í einu eintaki. Verulegur hluti myndanna er orðinn svo slitinn, að þær þarf að endurnýja. Á það einkum við um skemmtimyndir.

Myndir safnsins skiptast þannig eftir efni:

Dýrafræði	127 myndir
Eðlisfræði	16 —
Félagsmál	113 —
Fréttamyndir	22 —
Grasafræði	21 —
Heilsufræði og líkamsfræði	95 —
Iðnaður og námugröftur	59 —
Íþróttir	63 —
Landafræði	250 —
Landbúnaður	36 —
Listir	29 —
Saga	37 —
Samgöngur	19 —
Skemmtimyndir	111 —
Trúmál	32 —
Tækni	32 —
Veiði	18 —

Notendur safnsins eru einkum skólar af öllum stigum. Um 120 skólar og 30 félög og stofnanir fá myndir lánaðar að staðaldri. Árið 1956 lánaði safnið alls 3273 myndir. Skiptust þær þannig eftir efni:

1955 skemmtimyndir,
1132 myndir um annað efni og
186 kyrrmyndir.

Kvikmyndasafnið hefur frá upphafi haft aðsetur í húsakynnum fræðslumálaskrifstofunnar. Er mjög þröngt um safnið í núverandi húsnæði, og stendur hið ófull-

nægjandi húsrými safninu fyrir þrifum, og ef sinna á að gagni þeim verkefnum, er safninu eru falin með þessu frumvarpi, verður að ráða bót á því.

Kennslutækni hefur fleygt fram á ýmsan hátt á undanförnum árum. Einn þáttur þeirrar þróunar er fólginn í því, að kvikmyndir og svonefndar myndræmur hafa á síðari árum í æ ríkari mæli verið teknar í þjónustu kennslutækninnar. Slíkar myndir stuðla að því að gera námsefnið lifandi og aðlaðandi fyrir nemendur og gera kleift að lýsa atburðum, náttúrufyrirbærum, vinnubrögðum og fleiru, sem erfitt eða ógerlegt væri að skýra nægilega vel með öðrum hætti.

Hljómplötur og tónbönd eru nú talin nauðsynleg hjálpargögn við kennslu, og nær ómissandi við kennslu tungumála og tónlistarfræðslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að fræðslumyndasafnið efli þennan þátt skólastarfsins eftir föngum, og er enn fremur nauðsynlegt, að notkun þessara kennslugagna verði skipulögð og samræmd.

Með þessu frumvarpi er fræðslumyndasafnið ekki einskorðað við skóla og kennslumál, enda þótt því sé ætlað að gegna mikilvægu og sívaxandi hlutverki í þeim efnum. Eitt af því, sem torveldað hefur, að fræðslumyndasafnið gæti gegnt hlutverki sínu, er skortur á íslenzkum fræðslumyndum. Ýmsir einstaklingar hafa lítillega og af vanefnum fengizt við gerð slíkra mynda, en engin föst og skipuleg starfsemi af því tagi hefur náð að festa rætur. Fræðslumyndasafninu er nauðsyn, að íslenzk kvikmyndagerð verði efld á ákveðinn og skipulegan hátt. Eru með þessu frumvarpi lögð drög að því, að svo megi verða. Fræðslumyndasafnið ræður yfir nokkurri tækja- og áhaldaeign til kvikmyndagerðar, og stefna ber að því, að safninu bætist fullkomnari tækni og að því vaxi svo fiskur um hrygg, að því verði kleift að ráða í þjónustu sína hæfa kvikmyndagerðarmenn. Ýmsir íslenzkir áhugamenn hafa þegar náð býsna langt á þessu sviði, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hæfileika og reynslu þessara manna gæti fræðslumyndasafnið fært sér í nyt og stuðlað að því, að störf þessa dreifða hóps færist í skipulegra og markvissara horf.

Hinu má ekki gleyma, að kvikmyndagerð er margþætt og vandasöm listiðn og eigi verður til lengdar stuðzt við áhugamenn eingöngu. Því er gert ráð fyrir, að safnið geti styrkt efnilega menn til sérmenntunar í þessum efnum.

Efni í íslenzkar kvikmyndir mega heita ótæmandi. Nauðsynlegt er að kvikmynda ýmsa þjóðlífshætti og vinnubrögð, sem eru að hverfa með þjóðinni. Varðveita þarf lifandi myndir af brautryðjendum og öðrum merkum mönnum. Lítið sem ekkert hefur verið gert að því að taka kynningarmyndir vegna helztu framleiðsluvara okkar, og ætti að geta tekizt góð samvinna við framleiðendur og útflytjendur um gerð slíkra mynda, því að ekki mun fé, er þannig væri varið, á glæ kastað, svo mikið er auglýsinga- og áróðursgildi kvikmynda. Að sjálfsögðu þarf að gera fleiri landkynningarmyndir, og svo mætti lengi telja.

Einu atriði enn er rétt að vekja athygli á. Sjónvarp mun væntanlega halda hér innreið sína innan tíðar, svo sem raun hefur á orðið í mörgum öðrum löndum. Íslenzkt sjónvarp hlýtur að vísu að styðjast að miklu leyti við erlendar kvikmyndir á dagskrá sinni, en mikilsvert er, að hér skapist vísir að skipulegri íslenzkri kvikmyndagerð, og reyndar má telja það eitt af grundvallarskilyrðum fyrir rekstri íslenzks sjónvarps. Af kostnaðarsökum er fyrirsjáanlegt, að kvikmyndir verða megindagskrárefni íslenzka sjónvarpsins, og ódýrasta og heppilegasta innlenda sýningarefnið mundi þá væntanlega verða sýning 16 mm kvikmynda, einkum fréttamynda alls konar.

Hinn 8. júní 1955 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, nefnd til þess að semja frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins. Í nefndinni áttu sæti: Ásgeir Pétursson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Einar Pálsson, leikari, og Pálmi Jósefsson, skólastjóri. Auk þess tók Aðalsteinn Eiríksson, námsstjóri, þátt í störfum nefndarinnar. Nefndin skilaði frv., ásamt grg., til ráðuneytisins hinn 18. sept. 1956.

Ráðuneytið hefur gert nokkrar breytingar á frv. nefndarinnar. Í stjórn safnsins hefur verið bætt fulltrúum tilnefndum af Menntamálaráði Íslands og útvarpsráði með tilliti til fyrirhugaðs samstarfs safnsins og þessara aðila. Svo er og bætt við ákvæði um aðstöðu forstöðumanns á safnstjórnarfundum. Þá er hlutverk safnsins ítarlegar rakið en gert var í frv. nefndarinnar, m. a. er nú tekið fram í frv., að kvikmyndagerð skuli vera meðal verkefna safnsins, en nefndin lét nægja að víkja að því efni í grg. Er safnstjórn heimilað að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í þeirri starfsemi. Enn fremur er heimilað að styrkja menn til náms, sem safninu má að gagni verða. Nefndin gerði ráð fyrir, að fé til safnsins skyldi fengið af skemmtanaskattstekjum, en síðan frv. nefndarinnar var samið, hafa verið sett lög, er ráðstafa tekjum af skemmtanaskatti á annan veg, og bar því nauðsyn til að breyta þessu ákvæði. Samkvæmt frv., eins og það nú liggur fyrir, ákveður Alþingi í fjárlögum fjárveitingar til safnsins. — Aðalbreytingar ráðuneytisins eru m. ö. o. fólgnar í því, að hlutverk safnsins er gert víðtækara og verkefni þess fjölbreyttari, stjórn safnsins breytt og gert ráð fyrir framlagi í fjárlögum til safnsins í stað tekna af skemmtanaskatti. Þá hefur grg. með frv. verið aukin og henni breytt í samræmi við breytingar ráðuneytisins og viðauka við frv.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Æskilegt er, að fulltrúar kennarasamtaka eigi sæti í stjórn safnsins. Þá er svo ráð fyrir gert, að menntamálaráð og ríkisútvarp eigi fulltrúa í safnstjórninni. Í lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, er gert ráð fyrir, að tekjum menningarsjóðs skuli m. a. varið til stuðnings gerð íslenzkra menningar- og fræðslukvikmynda. Samvinna þyrfti því að takast milli fræðslumyndasafnsins og menntamálaráðs í þessu efni, og ætti seta fulltrúa af hálfu menntamálaráðs í stjórn safnsins að stuðla að því, að slík samvinna megi takast.

Um 2. gr.

Í greininni eru talin helztu viðfangsefni, sem safninu er ætlað að sinna. Er safninu að sjálfsögðu ætlað, svo sem verið hefur, að sjá skólum fyrir kennslukvikmyndum, enn fremur kyrrmyndum alls konar, en notkun slíkra mynda við kennslu hefur farið mikið í vöxt, og eru tæki til sýninga á slíkum myndum í vörzlu margra skóla.

Þá er lögð áherzla á, að safnið láti gera eða stuðli að gerð íslenzkra fræðslumynda, og er ætlazt til, að safnið eignist sjálft hæfileg tæki til kvikmyndagerðar, bæði til afnota fyrir fasta starfsmenn safnsins og kvikmyndagerðarmenn, er kynni að verða falin gerð einstakra kvikmynda. Einnig þarf að bæta húsnæðisaðstöðu safnsins, svo að því verði kleift að sinna kvikmyndagerð.

Safninu er enn fremur ætlað að verða til eflingar heilbrigðu félags- og skemmtanalífi í skólum og æskulýðsfélögum.

Um ⅔ hlutar af myndlánum safnsins hafa verið skemmtimyndir alls konar, og sýnir það ljóslega þörfina í þessum efnum. Þá er og gert ráð fyrir, að safnið láni skólum hljómplötur og tónbönd í sama skyni. Þá skal safnið eftir megni sjá skólum fyrir hljómplötum og tónböndum vegna tungumálanáms, svo og vegna tónlistarfræðslu, og virðist heppilegt að hafa samvinnu við Ríkisútvarpið. Er útvarpsráði ætlað að nefna einn fulltrúa í stjórn safnsins.

Þá þykir rétt að heimila safninu að hafa samvinnu við ýmsa aðila um gerð upplýsinga- og kynningarmynda. Eru þá einkum höfð í huga útflutningsfyrirtæki og bankar, ferðaskrifstofur og fjölmenn heildarsamtök, er kynnu að hafa áhuga á að taka fjárhagslegan þátt í gerð mynda, er fjölluðu um hagsmuna- og hugðarefni þeirra.

Hörgull á sérmenntuðum kvikmyndagerðarmönnum hlýtur að verða þróun íslenzkrar kvikmyndagerðar fjötur um fót. Því er heimildarákvæði í frv. til þess að styrkja menn til náms í þeim fræðum.

Um 3. gr.

Þar sem fræðslumyndasafnið nýtur nú eigi lengur hluta af skemmtanaskatti, er gert ráð fyrir, að Alþingi veiti í fjárlögum fé til safnsins. Þá þykir og rétt, að safninu verði tryggt eigi lægra fjárframlag en það naut, áður en núgildandi skipan var tekin upp. Skv. upplýsingum frá ríkisbókara nema 4% af skemmtanaskatti ársins 1957 um 230 þús. kr., en í gildandi fjárlögum eru safninu ætlaðar 250 þús. kr. Í aths. við 2. gr. frv. er vikið að þeim möguleika, að stofnanir og samtök taki fjárhagslegan þátt í gerð einstakra mynda. Í þessari gr. er einnig heimilað, að safnið efni sjálft til kvikmyndasýninga.

Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um starf forstöðumanns. Laun forstöðumanns og annarra fastra starfsmanna, er kynnu að verða ráðnir í þjónustu safnsins, yrðu væntanlega á sínum tíma ákveðin í launalögum.

Um 5. gr.

Í reglugerð um safnið mætti setja reglur um útlán mynda og tækja. Vart mun heppilegt að krefja lántakendur, sem mestmegnis eru skólar og æskulýðsfélög, um gjöld fyrir myndir, en setja þarf reglur, er tryggja góða meðferð og örugg skil mynda og tækja.

Ed. 179. Frumvarp til laga [86. mál]

um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Allir kirkjugarðar landsins og heimagrafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í nánd leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

2. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs. Drukknaðir menn eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Heimilt er sóknarnefnd að taka legkaup fyrir þá, er teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utansóknar, hafi þeir eigi áður tryggt sér leg (sbr. 11. gr.). Engan má jarða í óvígðum reit.

3. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða þar til kjörin nefnd hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

4. gr.

Skylt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði, svo og hleðslu- og steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

5. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða, er kirkjumálaráðherra ræður til leiðbeiningar um það, er varðar kirkjugarða, og til eftirlits með fjárhaldi þeirra. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þar þá vera klukka í sáluhliði eða líkhúsi.

6. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðsstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

7. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem umsjónarmaður kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa á skránni. Sóknarprestum ber að ganga ríkt eftir því, að legstaðaskrár séu rétt og greinilega færðar, og vanda um, ef út af ber.

9. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að grefti sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

Bannað er að taka gröf innan kirkju eða nær grunni hennar en einn metra.

10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Sé ætlunin að tvígrafa í sömu gröf, skal grafardýpt fyrra sinn vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný, þannig, að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

11. gr.

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjórn gegn 75 króna gjaldi á grafarstæði. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár, nema hjónin flytjist bæði búferlum úr prófastsdæminu. Þá fellur niður réttur þeirra.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn, á meðan búsett eru í sókninni. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða í kirkjugörðum og heimagrafreitum skal vera 2.50×1.25 metrar.

12. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn 1 kr. gjaldi fyrir hvert ár, sem friðun á að vara. Gjaldið greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekkleg minnismerki og þeim vel við haldið, eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstíga, gróðursetja tré og runna og slétta garðinn, ef til þess er ætlazt. Enn fremur skal kirkjugarðsstjórn halda öllu þessu vel við og láta slá garðana árlega, en þó með varúð.

14. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvara tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og

fari vel. Óheimilt er að setja um leiði girðingar úr timbri eða steinsteypu. Ætlazt er til þess, að aðstandendur gróðursetji á leiðum blómjurtir og tré í samráði við kirkjugarðsstjórn.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til umsjónarmanns kirkjugarða.

15. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra, eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á.

16. gr.

Grafhýsi má því aðeins gera í kirkjugarði, að kirkjugarðsstjórn samþykki, en umsjónarmaður kirkjugarða ræður gerð og stað. Leyfisbréf fyrir grafhýsi skal kosta 100 krónur fyrir hvern fermetra grunnflatar.

17. gr.

Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker, og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er bálfararfélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð fyrir hæfilega þóknun. Hefur hann á hendi umsjón og eftirlit, og gefur kirkjugarðsstjórn honum erindisbréf.

Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi, svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt. Ber þeim að annast útvegun skrautplantna til gróðursetningar á leiðum fyrir þá, er þess óska.

20. gr.

Starfsmönnum Skógræktar ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum leiðbeiningar um val og hirðingu blómjurta og trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum, svo og að láta kirkjugarðsstjórnum slíkar plöntur í té við vægu verði.

21. gr.

Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann, svo og utanþjóðkirkju-

söfnuðir með a. m. k. 1000 manns, úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

Um kjörtíma þeirra gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

22. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í banka eða sparisjóði, og hafi hver sjóður sína viðskiptabók.

Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

23. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs er því aðeins gild, að gerð sé með ⅔ atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

24. gr.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð, á kostnað sóknarkirkjugarðsins, svo og að láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

25. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja og staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgrefti né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki umsjónarmanns kirkjugarða og skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst í Lögbirtingablaði og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað í garðinum (sbr. 15. gr.).

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

26. gr.

Nú grandar uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins, svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða.

28. gr.

Kirkjugarðsstjórnir semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni, svo og skýrslu um eignir þeirra, að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 22. gr.).

Tekjur kirkjugarða auk þeirra, sem áður eru nefndar, skulu vera 2% árlega af útsvörum allra útsvarsgjaldenda á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnaðarfundar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn upp í 3—5%.

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim öllum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

29. gr.

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna, nema að lokinni endurskoðun sendir prófastur kirkjugarðsreikninga til umsjónarmanns kirkjugarða til úrskurðar.

30. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður, og er hann í umsjá skipulagsnefndar kirkna og kirkjugarða. Skylt er að ávaxta í honum fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir. Ríkissjóður leggur sjóðnum til stofnfé, 20 þúsund krónur á ári næstu 20 ár.

Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að ⅔ kostnaðar. Lánin skulu veitt með 5% ársvöxtum til 10—20 ára. Enn fremur skal veita styrki, allt að ⅘ kostnaðar, til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu. Skylt er kirkjugarðsstjórnum að vinna að því, að á staði þessa verði sett minnismerki, svo fljótt sem við verður komið. Gerð minnismerkja ákveður skipulagsnefnd kirkjugarða, en kostnaður umfram styrk greiðist af fé sóknarkirkjugarðsins, ef eigi næst samkomulag um annað, sbr. þó niðurlagsorð 32. gr.

Skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða er stjórn sjóðsins, en reikningshald og framkvæmdir annast umsjónarmaður kirkjugarða.

Reikninga skal birta árlega í Stjórnartíðindum.

31. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðherra að veita leyfi til upptöku heimagrafreits á ættaróðulum og þar, sem mjög erfitt er að flytja lík til sóknarkirkjugarðs.

Jarðeigandi sendir biskupi beiðni um upptöku ásamt uppdrætti að reitnum og fyrirhugaðri girðingu um hann, svo og vottorð héraðslæknis um, að staðurinn sé vel valinn frá heilbrigðislegu sjónarmiði, og meðmæli sóknarprests. Biskup

leggur síðan fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða og umsjónarmann kirkjugarða. Fallist þessir aðilar allir á beiðnina og fyrirkomulag reitsins, getur kirkjumálaráðherra leyft upptöku grafreitsins með þessum skilyrðum:

1. Að reiturinn verði vandlega girtur innan árs frá því er leyfið er veitt, en bráðabirgðagirðing gripheld lögð um hann, áður en lík er þar grafið.
2. Að jarðeigandi láti þinglýsa ævinlegri kvöð á jörðina að kosta sómasamlegt viðhald grafreitsins.
3. Að hann greiði leyfisgjald, 500 kr., í Kirkjugarðasjóð (sbr. 28. gr.).

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Í heimagrafreit má eingöngu jarða heimamenn. Undanþágu frá þessu ákvæði getur þó kirkjumálaráðuneytið veitt með samþykki biskups, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

32. gr.

Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef umsjónarmaður kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða samþykkja. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðareigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Niðurlagðan heimagrafreit skal eigandi merkja á viðeigandi hátt, og á hann til þess rétt á styrk úr Kirkjugarðasjóði (sbr. 30. gr.).

33. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda umsjónarmanni kirkjugarða afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

34. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

35. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki foreldra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs, eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrám kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar slíkt lík er jarðsett.

36. gr.

Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

Reglugerðin skal sett í samráði við umsjónarmann kirkjugarða.

37. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—5000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

39. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, svo og öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur vegna veikinda, er ákvörðun var tekin um flutning frumvarpsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Gildandi lög um kirkjugarða eru l. nr. 64 23. júní 1932 með áorðnum breytingum, og eru því nær 25 ára gömul. Á þessum aldarfjórðungi hafa orðið allverulegar breytingar á skipulagi kirkjugarða, bæði hjá nágrannaþjóðum vorum og víðar. Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant, og hefur svo lengi verið. Nú virðist vera að vakna nokkur áhugi manna víðs vegar á því að sýna kirkjugörðum meiri ræktarsemi en áður, girða þá sómasamlega, skipuleggja grafstæði og gangbrautir og prýða þá þeim gróðri, er bezt hentar. Þetta hafa nágrannaþjóðir vorar þegar gert með þeim árangri, að kirkjugarðarnir í mörgum bæjum og þorpum eru orðnir þar fegurstu reitirnir, sem unun er að ganga um og skoða.

Þær breytingar á gildandi lögum um kirkjugarða, sem hér er farið fram á, miða einkum að því, að kirkjugörðum landsins verði hér eftir meiri sómi sýndur en hingað til og skipulagi þeirra og hirðingu komið í betra horf.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er kirkjumálaráðherra skipaði árið 1955 til þess að endurskoða gildandi lög og tilskipanir um málefni kirkjunnar. En í henni eiga sæti Ásmundur Guðmundsson biskup, Gústav A. Jónasson ráðuneytisstjóri og séra Sveinn Víkingur skrifstofustjóri.

Skal nú gerð grein fyrir helztu breytingum, er í frumvarpinu felast:

Um 1. gr.

Hér eru sett ákvæði um friðun kirkjugarða og bannað að hafa í nánd við þá leikvelli eða þær byggingar, sem frá stafar mikill hávaði eða eru til lýta.

Þykir óhjákvæmilegt, að um þetta séu ákvæði í lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að auk umsjónarmanns kirkjugarða (sbr. 42. gr. l. nr. 64 1932, um kirkjugarða) sé skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, sem í eiga sæti biskup, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. Auk þeirra starfa, sem nefndinni eru ætluð í lögum þessum, er ætlazt til, að nefndin hafi úrskurðarvald um gerð nýrra kirkna og endurbætur eldri kirkna, sbr. l. nr. 43 1954, um Kirkjubyggingasjóð. Þriðji maður í þá nefnd, auk biskups og húsameistara, hefur enn eigi verið skipaður og þykir vel á því fara, að það verði þjóðminjavörður, ekki sízt þegar um breytingar gamalla kirkna er að ræða, sem geyma í búnaði eða stíl einkenni horfinna tíma. Nefnd þessi er ólaunuð.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að tvígrafa í sömu gröf, enda sé þá fyrri gröfin a. m. k. 2½ metri á dýpt. Þetta er orðið mjög algengt erlendis, enda notast þá betur hið takmarkaða rými í kirkjugörðunum. Enn fremur er hér gert að skyldu að slétta yfir gröf í stað þess að hlaða leiðin upp, svo sem tíðkazt hefur og gerir kirkjugarðana að kargaþýfðum reit með tímanum. Hins vegar á það að vera tryggt með skipulegum grefti, legstaðaskrám og tölumerkingu leiða (sbr. 8. og 14. gr.), sem nánar getur um síðar, að auðvelt sé að finna hvert leiði, þótt ekki sé upphlaðið.

Um 11. gr.

Hér eru sett nánari ákvæði um fjölskyldugrafreiti innan kirkjugarðs, en um það hafa eigi til þessa verið nein skýr fyrirmæli, og það valdið óþægindum og jafnvel deilum. Af þeim ástæðum þótti og rétt að ákveða erfðarétt til slíkra ættargrafreita og hverjir þar eigi rétt til legs.

Um 12. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að ákveða friðunartíma grafa og binda hann við 75 ár, nema aðstandendur, að þeim tíma liðnum, óski lengri friðunar eða rétt þyki að framlengja friðun grafar af öðrum ástæðum. Í Danmörku er friðunartími grafa aðeins 20—30 ár. Með tilliti til kaldrar veðráttu hér þótti rétt að ákveða þennan tíma rúmlega tvöfalt lengri eða 75 ár. Þessu ákvæði um gröft að nýju eftir 75 ár er ætlazt til, að beitt verði með fullri varúð og gætni. Hins vegar er eigi unnt að dyljast þess, að ef friða á allar grafir um óákveðinn tíma, leiðir það til útþenslu kirkjugarða yfir æ stærri svæði, torveldar skipulag þeirra og hefur í för með sér meiri kostnað í viðhaldi og girðingum en söfnuðirnir geta risið undir. Með því að grafa skipulega, merkja allar grafir og skrásetja þær jafnóðum og hafa friðunartímann 75 ár, ætti að mega koma í veg fyrir, að nokkurri gröf verði raskað, fyrr en líkamsleifar eru fúnaðar, en jafnframt væri þá hægt að stilla stærð grafreitanna í hóf og reikna út fyrir fram, hve stóran grafreit þarf í hverri sókn miðað við fólkstölu, þannig að hann nægi um alla framtíð að lítt breyttum aðstæðum.

Um 14. gr.

Þar eru ákvæði um tölumerkingu leiða. Á Norðurlöndum er nú tekin upp sú regla að merkja hvert leiði með þar til gerðu tölumerki. Merki þessi eru úr málmi, mjög einföld að gerð og lítt áberandi. Slík merki mætti búa til hér á landi, og mundu þau kosta mjög lítið. Þetta þykir því sjálfsögð ráðstöfun, er mundi auðvelda að finna hvert einstakt leiði í kirkjugarðinum. Þá hefur þótt nauðsyn á að koma í veg fyrir, að sett verði ósmekkleg eða óviðeigandi minnismerki á leiði eða annar umbúnaður, sem illa þykir hæfa. Sjón er sögu ríkari um það, til hvílíkrar óprýði og vansa hálffúnar, brotnar og skældar timburgirðingar um leiði eru víðs vegar í kirkjugörðum landsins. Þá þykir og rétt, og er það í samræmi við það, sem frændþjóðir okkar hafa þegar gert, að banna steinsteyptar umgerðir um leiði. Hér hefur sá leiði síður farið mjög í vöxt, ekki sízt í höfuðstaðnum, að steypa veggi allháa

utan um leiðin, og eru veggir þessir síðan húðaðir með skeljasandi eða þess háttar. Þetta er óþarft vegna þess, að kirkjugarðurinn sjálfur á að vera örugglega girtur og friðaður. Þetta hefur í för með sér óþarfan kostnað, sem betur væri varið til fegrunar leiðanna á annan hátt. Þetta gerir hirðingu garðanna erfiðari. Og þetta er til lengdar hvorki fagur umbúnaður um leiði né varanlegur. Innan skamms mun það koma ömurlega og áþreifanlega í ljós, og er raunar þegar tekið að sjá þess merki, að múrhúð flagnar af veggjunum, þeir springa og skekkjast. Ætti viðhaldsskylda að hvíla á kirkjugarðsstjórn, mundi hún verða stærri baggi en kirkjugarðarnir gætu undir risið. Hins vegar er vafasamt að eiga það undir vilja og framtaki fjarskyldra ættingja, hvort sinnt verður um þessar vanhirtu girðingar eða eigi. Við því má búast, að innan ekki langs tíma verði sumar kirkjugarðsstjórnir að verja til þess miklu fé og fyrirhöfn að fjarlægja úr kirkjugörðunum steinsteyptar girðingar um leiði, sem engir fást til að hirða um lengur og orðnar eru til stórra lýta.

Um 17. gr.

Nánari fyrirmæli en áður um meðferð duftkerja eru nauðsynleg. Bannað er að varðveita duftker annars staðar en í vígðum grafreit. Áður hefur nokkuð tíðkazt, að slík ker væru varðveitt í heimahúsum eða í kirkjum, en hvorugt þykir viðeigandi né heppilegt.

Um 20. gr.

Felld er niður, samkvæmt ósk skógræktarstjóra, skylda hans til þess að láta í té ókeypis plöntur til kirkjugarðsstjórna, þar sem hann telur slíkt óheppilegt og jafnvel hafa verið misnotað í einstökum tilfellum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að starfsmenn Skógræktarinnar veiti leiðbeiningar um val jurta og trjáa og láti plöntur í té við vægu verði.

Um 28. gr.

Hér eru kirkjugörðum tryggðar árlegar tekjur, 2% af útsvörum. Ætti það venjulega að nægja fyrir nauðsynlegustu gjöldum, einkum ef ákvæði 30. gr. verða samþykkt. Rétt þykir að vernda gjaldendur fyrir óhóflegum álögum til kirkjugarða, að því lúta ákvæði 3. málsgr.

Um 30. gr.

Ef unnt á að vera að girða kirkjugarð sómasamlega, þarf til þess meira fé en söfnuðir eru færir um að leggja fram í eitt skipti. Þess vegna er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, Kirkjugarðasjóðs, er veiti kirkjugarðsstjórnum hagstæð lán til þessara framkvæmda. Fé það, sem sjóður þessi hefði til útlána, yrði aðallega eign einstakra kirkjugarða umfram árlegar þarfir, og er skylt að ávaxta hana í sjóðnum. Enn fremur er lagt til, að ríkissjóður leggi sjóðnum 20 þús. kr. árlega næstu 20 ár.

Þessu fé á að verja jöfnum höndum til útlána og til styrktar því, að komið verði upp minnismerkjum á þeim stöðum, þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús. En slíkir staðir falla óðum í gleymsku, ef ekkert er gert til þess að auðkenna þá. Er það ekki vansalaust söguþjóð. Niðurlagðir kirkjugarðar, fornir kirkjustaðir og bænhús skipta mörgum hundruðum.

Um 31. gr.

Talið er rétt og óhjákvæmilegt að takmarka upptöku heimagrafreita meir en gert hefur verið til þessa. Hins vegar þótti ekki rétt að banna þá með öllu. Þykir eðlilegt, að eigendur ættaróðala hafi slíkan rétt, á meðan ættin situr óðalið, svo og þeir, sem búa á þeim jörðum, sem sérstaklega er erfitt að flytja lík frá til kirkju. Heimagrafreitir eru nú taldir 155 á öllu landinu, og hefur þeim fjölgað mjög á síðari árum. Af þeim eru 110 í aðeins sex prófastsdæmum, og sýnir það, að þar er sú venja að skapast að hafa heimagrafreit að kalla má á öðrum hverjum bæ. Í einni kirkjusókn landsins, þar sem eru 19 jarðir auk nýbýla, eru heimagrafreitir 13. Er auðsætt, að þar, sem svo er komið, verður áhugi sóknarmanna tæpast mikill eða

almennur um viðhald og fegrun sóknarkirkjugarðsins. Þar við bætist, að á nokkrum jörðum á landinu, þar sem upp hafa verið teknir heimagrafreitir, hafa orðið eigendaskipti, og hinir nýju eigendur vilja hvorki nota heimagrafreitinn né halda honum við, heldur telja hann sér gersamlega óviðkomandi. Horfir þetta til vandræða. Af þessum og fleiri ástæðum þykir sjálfsagt að takmarka rétt til upptöku heimagrafreita og setja fyllri ákvæði um þá en eru í gildandi lögum.

Um 35. gr.

Rétt þykir að taka inn í kirkjugarðalögin ákvæði um uppgröft og flutning líka.

Nd. 180. Frumvarp til laga [87. mál]

um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkvæmt vísitölu 175 stig. Á bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga, skal þó frá sama tíma greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 185.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um ákvæðisvinnutaxta, sem byggðir eru á tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum. Lækkun ákvæðisvinnutaxta frá 1. febrúar 1959 skal nema sama hundraðshluta og lækkun sú, er verður á viðkomandi tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu frá 1. febrúar 1959 lækka sem svarar niðurfærslu launa bifreiðastjóra í taxtagrundvelli til samræmis við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, þá er ákveðin var sú launaupphæð, sem er í taxtagrundvelli við gildistöku laganna. Sama skal gilda um alla aðra taxta og gjöld, sem fylgt hafa breytingum á launum viðkomandi starfsstéttar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Nú eru laun ákveðin með samningi eða á annan hátt fyrir gildistöku laganna sem heildarlaun, án þess að grunnlaun séu tiltekin sérstaklega, og skulu þau þá lækka frá 1. febrúar 1959 í hlutfalli við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, er launaupphæðin var ákveðin.

2. gr.

Vísitala viðhaldskostnaðar húsa í Reykjavík 1. desember 1958 skal reiknuð á ný til samræmis við kaupgreiðsluvísitölu 175 stig að því er snertir launaliði fyrrnefndrar vísitölu, og eftir henni skal reiknuð ný húsaleiguvísitala, sem að öðru leyti er miðuð við verðlag þennan dag.

Húsaleiga, sem samkvæmt leigusamningi fylgir húsaleiguvísitölu, skal á tímabilinu 1. febrúar til 31. marz 1959 greidd eftir þeirri húsaleiguvísitölu, er reikna skal samkvæmt fyrri málsgr. þessarar gr.

3. gr.

Þá er vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 1. marz 1950 er reiknuð miðað við verðlag í byrjun mánaðanna febrúar og marz 1959, skal miða húsnæðislið hennar við þá vísitölu viðhaldskostnaðar, er reikna skal samkvæmt fyrri málsgr. 2. gr., að svo miklu leyti sem húsnæðisliður vísitölu framfærslukostnaðar fylgir vísitölu viðhaldskostnaðar.

4. gr.

Í kauplagsnefnd eiga sæti þrír menn, einn skipaður eftir tilnefningu hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. — Nefndin vinnur störf sín í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

Hinn 1. marz 1959 skal taka gildi nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík, samkvæmt niðurstöðum neyzlurannsóknar þeirrar, er kauplagsnefnd hefur framkvæmt í samráði við Hagstofuna. Skal útgjaldaupphæð hins nýja vísitölugrundvallar 1. marz 1959 vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar vísitölunnar miðast við, og jafngildir því grunntölu 100. Vísitala framfærslukostnaðar skal reiknuð mánaðarlega miðað við verðlag í mánaðarbyrjun, eftir grundvallarreglum, sem kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

5. gr.

Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 1. gr. lögð við grunnupphæðir launa og annarra greiðslna, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og telst hvort tveggja grunnlaun, er greiða skal verðlagsuppbót á samkvæmt ákvæðum 6. gr.

6. gr.

Kaupgreiðsluvísitala skal ákveðin sem hér segir frá 1. maí 1959:

Á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, í hlutfalli við hækkun þá á vísitölu framfærslukostnaðar, sem kann að hafa orðið frá 1. marz til 1. apríl 1959.

Frá 1. september 1959 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sem kauplagsnefnd reiknar eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðarnefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt síðan 1. maí 1959. Tekur þetta jafnt til þeirra breytinga verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem ákveðnar eru samkvæmt 8. gr. þessara laga, sem til þeirra breytinga á honum, sem ákveðnar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, að svo miklu leyti sem þær leiðir af greiðslu verðlagsuppbótar á laun síðan 1. maí 1959.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. ágúst, 1. nóvember, 1. febrúar og 1. maí, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. september, 1. desember, 1. marz og 1. júní.

7. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal færa niður laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1958—59 sem svarar lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Frá sama tíma skal framleiðsluráð landbúnaðarins lækka afurðaverð til framleiðenda í hlutfalli við lækkun þá á heildarupphæð verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem leiðir af niðurfærslu vinnuliðs hans.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 færa heildsöluverð á þeim framleiðsluvörum, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, til samræmis við lækkun afurðaverðs samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. og við lækkun þá á vinnslu- og dreifingarkostnaði afurða, sem leiðir af lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 202 stigum í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Sama niðurfærsla skal eiga sér stað á útsöluverði þeirra landbúnaðarvara, sem ekki er á skráð heildsöluverð.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 lækka eggjaverð til framleiðenda svarandi til þeirrar lækkunar á verði til framleiðenda annarra landbúnaðarvara, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar gr. Ákvæði 2. málsgr. þessarar gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt við ákvörðun framleiðsluráðs á heildsöluverði eggja.

Ákvarðanir framleiðsluráðs landbúnaðarins um smásöluálagningu á það heildsöluverð landbúnaðarvara, er ákveðið verður frá 1. febrúar 1959 samkvæmt 2. málsgr. og 2. málslið 3. málsgr. þessarar gr., skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir frá sama tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó er slík hækkun því aðeins heimil, að kaupgreiðsluvísitala sú, sem gildir frá byrjun viðkomandi tímabils, sé minnst 5 stigum hærri en sú vísitala, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir. — Nú lækkar kaupgreiðsluvísitalan, og skal framleiðsluráð landbúnaðarins þá lækka afurðaverð svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir næstu þrjá mánuði samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó skal slík lækkun ekki eiga sér stað, nema kaupgreiðsluvísitalan hafi lækkað 5 stig eða meira frá þeirri vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir, og lækki kaupgreiðsluvísitalan niður fyrir 105 stig, þá skal fella niður þá hækkun afurðaverðs, sem leitt hefur af hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar umfram 4 stig frá grunnvísitölu samkvæmt 1. og 2. málslið þessarar gr.

9. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómanna lækka í sama hlutfalli og nemur lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Hið sama skal gilda um fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við. Frá 1. maí 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við, hækka í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á kauptryggingu bátasjómanna samkvæmt kjarasamningum eftir kaupgreiðsluvísitölu 185. Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt þessu lögð við grunnupphæð kauptryggingar, og telst hvort tveggja grunnkauptrygging, er breytist í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr.

10. gr.

Framleiðendur hvers konar vöru og þjónustu skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka söluverð til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður framleiðenda lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar. Tekur þetta til gjalda fyrir hvers konar flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, sömuleiðis til greiðslna til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu, dúklagningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur tekur þetta til verðs á snyrtingu, fatapressun, gistingu, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Gjöld fyrir greiðasölu, veitingar og fæði skulu lækka bæði vegna þeirrar lækkunar tilkostnaðar, sem leiðir beint og óbeint af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu, og vegna lækkaðs verðs á landbúnaðarvörum. — Ákvæði þessarar málsgr. taka ekki til vörutegunda,

sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka til samræmis við þá lækkun kostnaðar annars en bifreiðastjóralauna í taxtagrundvelli, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Sama skal gilda um alla aðra taxta og gjöld, sem fylgt hafa breytingum tilkostnaðar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laga þessara setja nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða 1. og 2. málsgr. þessarar gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu innanlands.

11. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að 100 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., falla úr gildi 31. janúar 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sá grundvöllur, sem lagður var að hallalausum rekstri útflutningsframleiðslunnar með setningu löggjafarinnar um útflutningssjóð á síðastliðnu vori, raskaðist mjög verulega á síðari hluta ársins. Í lögunum var gert ráð fyrir 5—7% almennri kauphækkun, sem koma skyldi til framkvæmda 1. júní 1958, en á móti því kom, að ekki skyldi verða hækkun á kaupi vegna hækkunar kaupgreiðsluvísitölunnar um næstu 9 stig. Bætur þær, sem útflutningsatvinnuvegunum voru ákveðnar, voru við það miðaðar, að þær gætu greitt hið hækkaða kaupgjald. Hins vegar var vitað, að framfærsluvísitala myndi hækka um 19 stig í framhaldi af setningu löggjafarinnar, þ. e. um 10 stig umfram þá hækkun, sem bætt var með 5—7% kauphækkuninni. Því var í raun og veru skotið á frest til haustsins að ráða fram úr nokkrum hluta þess vanda, sem við var glímt, þegar löggjöfin um útflutningssjóð var sett á s. l. vori. Var það gert með hliðsjón af því, að mikilvæg þing stéttarsamtaka átti að halda með haustinu, og ætlun fyrrverandi ríkisstjórnar var að hafa samráð við stéttarsamtökin um það, hvernig snúast bæri við þeim vanda, er óleystur var.

En þegar fram á haustið kom, reyndist vandamálið mun meira en ætlað hafði verið, þar eð kaupgjald hækkaði á s. l. sumri mjög verulega umfram þá kauphækkun, sem fólst í löggjöfinni um útflutningssjóð. Grunnkaup verkamanna hækkaði um 9.5% og grunnkaup flestra annarra stétta um 6%. Hinn 1. september hækkaði kaupgreiðsluvísitala þar að auki um 2 stig. Í október var hækkunin á kaupi verkamanna frá því í maí orðin 16.2% eða 10.7% umfram það, sem ráðstafanirnar s. l. vor voru miðaðar við, og hjá flestum öðrum stéttum var hækkunin orðin 12.5% eða 7.1% umfram það, sem útflutningssjóðslögin gerðu ráð fyrir. Við þá hækkun var verð landbúnaðarafurða við ársverðlagningu þeirra í september s. l. miðuð. Hinn 1. desember hækkaði kaupgreiðsluvísitalan í 202 stig, og hækkaði kaupgjald þá enn um 9.2%. Síðan hefur því almennt verkamannakaup verið 21% hærra en það kaup, sem útflutningsbætur voru miðaðar við á s. l. vori, og annað kaup 17% hærra. Þessi nýja kauphækkun frá 1. des. 1958 hefur þegar haft nokkur áhrif á verðlag landbúnaðarafurða og annarrar innlendrar vöru og þjónustu og mun hafa meiri og

vaxandi áhrif á næstunni, ef ekki verður að gert. Áætlað hefur verið, að ef ekkert væri gert til að stöðva þessa þróun, en bætur til útflutningsatvinnuveganna auknar eins og með þyrfti, og yfirfærslu- og innflutningsgjöld hækkuð nægilega mikið til að standa undir þeim bótum, mundi framfærsluvísitalan vera komin upp í a. m. k. 270 stig og kaupgreiðsluvísitalan upp í 253 stig 1. nóv. 1959. Þetta svarar til 23% hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar og 25% hækkunar á kaupgreiðsluvísitölu á einu ári. Þessar öru víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds mundu ekki stöðvast af sjálfu sér á næsta ári, og ekki heldur úr þeim draga. Þvert á móti bendir allt til þess, að þær yrðu örari og örari, þegar fram í sækti, og að þróunin myndi stefna í átt að 20—30% verðbólguaukningu á ári hin næstu ár, ef ekki yrðu gerðar gagngerar ráðstafanir til stöðvunar á verðbólgunni.

En það er ekki nóg að stöðva verðbólguþróunina við það kaupgjald og verðlag, sem nú er komið á. Augljóst er, að útflutningsatvinnuvegirnir geta ekki staðið undir þeirri hækkun kaupgjalds, sem orðið hefur síðan útflutningsbætur þeim til handa voru ákveðnar á s. l. vori. Til úrbóta er um tvær meginleiðir að velja. Hin fyrri er sú að hækka bætur til útflutningsframleiðslunnar sem því svarar, er tilkostnaður hennar hefur aukizt síðan útflutningsbæturnar voru ákveðnar síðast, og leggja ný gjöld á landsmenn til þess að afla tekna til að greiða hækkun bótanna. Hin leiðin er sú að lækka tilkostnað útflutningsframleiðslunnar með almennri lækkun kaupgjalds og verðlags, þannig að ekki þurfi að hækka þær bætur, sem hún fær nú greiddar. Þá þyrfti heldur ekki að hækka þau yfirfærslu- og innflutningsgjöld, sem lögð eru á innfluttar vörur og seldan gjaldeyri til þess að standa straum af greiðslu útflutningsbótanna.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til við Alþingi, að síðari kosturinn verði tekinn. Vegna þeirrar uggvænlegu þróunar, sem varð í kaupgjalds- og verðlagsmálunum á s. l. ári, og þess voða, sem fyrir dyrum er, ef áfram yrði haldið á þeirri braut, vill ríkisstjórnin ekki leggja til, að gerðar verði nú ráðstafanir, er leiða mundu til frekari hækkunar verðlags. Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir, að tilkostnaður framleiðslunnar verði lækkaður, svo sem nauðsynlegt er, til þess að bætur á gjaldeyrisverðmæti útflutningsins geti haldizt óbreyttar. Athugun hefur leitt í ljós, að það gæti orðið, ef kaupgreiðsluvísitalan yrði 175 stig frá 1. febrúar n. k. Frá 1. febrúar til 30. apríl skal verðlagsuppbót á laun miðast við 175 stiga kaupgreiðsluvísitölu. Í sambandi við þá lækkun tekna, sem af þessu hlýzt, ákvað ríkisstjórnin fyrir síðustu áramót að auka niðurgreiðslur á ýmsum innlendum afurðum, sem svaraði til 13 stiga lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. Ákvæðið um kaupgjaldsvísitölu 175 er við það miðað, að launþegar, bændur og allar aðrar stéttir afsali sér af tekjum sínum sem svarar til 10 vísitölustiga eða 5.4% af núgildandi kaupi eða tekjum. Í samræmi við það eru í frumvarpinu ákvæði til lækkunar á verði hvers konar vöru og þjónustu, svo sem innlendum landbúnaðarafurðum, fiskverði, iðnaðarvöru, verzlunarálagningu, hvers konar gjöldum og töxtum o. s. frv. Í framhaldi af þessum almennu verðlækkunarráðstöfunum er þess vænzt, að vísitala framfærslukostnaðar, sem 1. janúar s. l. lækkaði úr 220 stigum í 212 stig, lækki fram til 1. marz n. k. niður í 202 stig, en það svarar til kaupgreiðsluvísitölu 185 samkvæmt núgildandi reglum. Ef vísitalan hefur ekki lækkað niður í 202 stig 1. marz n. k., mun ríkisstjórnin auka niðurgreiðslurnar þannig, að vísitalan verði þá 202 stig. Eftirgjöf vísitölustiga yrði því aldrei meiri en 10 stig. Sú 27 stiga lækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem frumvarpið hefur í för með sér, á þess vegna að því er 17 stig snertir rót sína að rekja til aukinnar niðurgreiðslu vöruverðs og verðlækkana, en að því er 10 stig snertir til lækkunar tekna launþega og framleiðenda.

Í nýgerðum samningum milli útvegsmanna og sjómanna er nú í fyrsta skipti gert ráð fyrir því, að skiptaverð á fiski til sjómanna skuli breytast með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Í samræmi við þessi samningsákvæði er í frv. gert ráð fyrir slíkum breytingum á skiptaverði til bátasjómanna og því fiskverði, sem aflaverðlaun togarasjómanna eru miðuð við. Í framhaldi af því hefur einnig þótt eðlilegt, að breyt-

ingar verði á afurðaverði til bænda samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu jafnoft og samtímis og breytingar verða á kaupi launþega vegna breytinga á vísitölu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að laun þau, sem greidd verða á tímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 175, verði framvegis talin grunnlaun. Á þessi laun mun síðan greidd verðlagsuppbót frá og með 1. maí. Í sambandi við þessa breytingu gerir frv. ráð fyrir því, að tekinn sé upp nýr grundvöllur að útreikningi framfærsluvísitölunnar. Veruleg breyting hefur orðið á neyzluvenjum almennings, síðan grundvöllur gildandi vísitölu var ákveðinn, en hann er í aðalatriðum miðaður við neyzlurannsókn, sem gerð var árin 1939—40. Þess vegna hefur kauplagsnefnd í samráði við Hagstofuna gert nýja neyzlurannsókn. Er nú gert ráð fyrir, að sá nýi grundvöllur, sem fengizt hefur með þessari neyzlurannsókn, verði látinn taka gildi 1. marz n. k., og ætti því að mega telja hina nýju vísitölu gefa raunhæfari og réttari mynd af verðbreytingum þeim, sem eiga sér stað, en núgildandi vísitala mundi gera. Mun á næstunni verða gefin út ýtarleg skýrsla um hinn nýja vísitölugrundvöll og þá neyzlurannsókn, sem hann er byggður á.

Ef athuguð eru þau áhrif, sem gert er ráð fyrir, að frumvarpið hafi á kaupgreiðsluvísitölu og framfærsluvísitölu og þannig á kaupmátt launa verkamanna og iðnaðarmanna, verður niðurstaðan þessi:

	1. febr. 1958	1. júní 1958	1. okt. 1958	1. marz 1959
Vísitala framfærslukostnaðar	191	193	217	202
Vísitala tímakaups verkamanna	100.0	105.0	116.2	109.9
Vísitala tímakaups iðnaðarmanna	100.0	105.0	112.5	106.4
Vísitala kaupmáttar tímakaups verkamanna	100.0	103.9	102.3	103.9
Vísitala kaupmáttar tímakaups iðnaðarmanna	100.0	103.9	99.0	100.6

Samkvæmt þessu mun kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna 1. marz n. k. eða eftir að ráðstafanir frumvarpsins eru komnar til framkvæmda verða 1.6% meiri en hann var í október s. l. Miðað við 1. október 1958 reynist kaupmáttur tímakaups beggja þessara stétta einnig hafa aukizt 1. marz n. k., hjá verkamönnum um 3.9% og hjá iðnaðarmönnum um 0.6%.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og nánar er að vikið í hinum almenna hluta athugasemdanna hér að framan, fer vísitala framfærslukostnaðar niður í 202 stig, en það svarar til kaupgreiðsluvísitölu 185 eftir þeim reglum um greiðslu verðlagsuppbótar, sem nú eru í gildi samkvæmt 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að kaupgreiðsluvísitalan, þ. e. sú vísitala, sem ákvarðar þá verðlagsuppbót, sem greidd er á laun og aðrar greiðslur á hverjum tíma, skuli vera 175 stig frá 1. febrúar 1959. Er því hér um að ræða 10 stiga eftirgjöf verðlagsuppbótar af hendi launþega. Í 7. gr. frv. er frá sama tíma gert ráð fyrir samsvarandi niðurfærslu á launum bónda og verkafólks hans, og í 10. gr. eru fyrirmæli um niðurfærslu alls annars verðlags í landinu til samræmis.

Í 2. málslið 1. gr. er það sérákvæði um verðlagsuppbót á örorkulífeyri, mæðralaun, fæðingarstyrk og fjölskyldubætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, að hún skal greidd eftir kaupgreiðsluvísitölu 185 frá og með 1. febrúar 1959. Er því ekki um að ræða neina skerðingu verðlagsuppbótar á þessar bótagreiðslur.

Í 3. málsgr. 1. gr. eru fyrirmæli um lækkun á töxtum vörubifreiða og fólksbifreiða svarandi til þeirrar niðurfærslu bifreiðastjóralauna, sem fylgir lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig. Í 2. málsgr. 10. gr. eru svo fyrirmæli um niðurfærslu á aksturstöxtum svarandi til þeirrar lækkunar á öðrum rekstrarkostnaði bifreiða, sem leiðir af ákvæðum laganna. Samsvarandi ákvæði eiga að gilda um hliðstæð gjöld og taxta, sbr. 2. málslið 3. málsgr. 1. gr. og 2. málslið 2. málsgr. 10. gr.

Í 4. málsgr. 1. gr. er svo fyrir mælt, að laun, ákveðin sem heildarlaun, án þess að grunnlaun séu til tekin sérstaklega, skuli lækka til samræmis við lækkun annarra launa vegna niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til þess, að eitt verði látið ganga yfir alla launþega í þessu efni.

Um 2. gr.

Húsaleiguvísitala fyrir tímabilið janúar—marz 1959, sem þegar liggur fyrir, er miðuð við kaupgreiðsluvísitölu 202 að því er snertir þann hluta húsaleiguvísitölunnar, sem fylgir vísitölu viðhaldskostnaðar húsa í Reykjavík. Vegna niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar í 175 stig er rétt að færa núgildandi vísitölu viðhaldskostnaðar, og þar með húsaleiguvísitölu fyrsta ársfjórðungs 1959, til samræmis við lækkaðan launakostnað, og láta hina nýju vísitölu gilda þann tíma, sem eftir er af 1. ársfjórðungi, þ. e. mánuðina febrúar og marz 1959. — Vísitala viðhaldskostnaðar 1. marz 1959, sem húsaleiguvísitalan frá 1. apríl reiknast eftir, verður miðuð við kaupgreiðsluvísitölu 175, og þarf því ekki að setja sérstök ákvæði um hana.

Um 3. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. frumv. er gert ráð fyrir því, að nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar gangi í gildi 1. marz 1959, og af því leiðir, að hætt verður að reikna vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt eldra grundvellinum. Vegna þeirrar fyrirætlunar ríkisstjórnarinnar, að núverandi vísitala framfærslukostnaðar fari niður í 202 stig hinn 1. marz 1959, er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir, að hún verði reiknuð út miðað við 1. marz 1959 og þá í síðasta sinn. Er því eðlilegt og sjálfsagt, að húsnæðisliður vísitölu framfærslukostnaðar 1. febrúar og 1. marz sé færður til samræmis við þá vísitölu viðhaldskostnaðar, er reikna skal samkvæmt fyrri málsgr. 2. gr., og miða ákvæði 3. gr. að því, að svo verði.

Um 4. og 5. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. frumv. er gert ráð fyrir nýjum grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. marz 1959, og reiknast síðari breytingar hennar frá grunntölu 100 þann dag. Í samræmi við þetta er ákveðið í 5. gr., að grunnlaun og sú verðlagsuppbót, sem er í gildi 1. marz 1959, séu talin ein heild, er verðlagsuppbót verði greidd á frá 1. maí 1959 samkvæmt nánari ákvæðum 6. gr. frv.

Um 6. gr.

Í þessari gr. eru nánari ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar frá 1. maí 1959. Frá 1. febrúar til 30. apríl 1959 skal, samkvæmt 1. gr. frv., greiða verðlagsuppbót eftir kaupgreiðsluvísitölu 175, en frá 1. maí 1959 greiðist verðlagsuppbót eftir þeirri hækkun, sem kann að hafa orðið á hinni nýju vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. marz til 1. apríl, og er það einum mánuði fyrr en breyting verðlagsuppbótar hefði orðið samkvæmt þeim reglum, er nú gilda. Verðlagsuppbót sú, sem kann að verða greidd frá 1. maí 1959, helzt óbreytt í 4 mánuði, en frá 1. september breytist kaupgreiðsluvísitalan eftir þeirri hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, sem kann að hafa orðið frá 1. marz til 1. ágúst 1959. Þó skal við ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu frá 1. september 1959, og framvegis á þriggja mánaða fresti, ekki taka tillit til þeirrar breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt síðan 1. maí 1959. Þetta ákvæði miðar að því að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags og er efnislega eins og ákvæði í 2. málslið 3. málsgr. 6. gr. gengisskráningarlaga, nr. 22/1950. Var þetta ákvæði síðar tekið óbreytt upp í kjarasamninga launþega og vinnuveitenda, en það varð óvirkt, er lög nr. 85/1956, um festingu verðlags og kaupgjalds, voru sett. Nú er gert ráð fyrir, að þetta ákvæði verði aftur leitt í lög, með þeirri breytingu, að nú skal framkvæma þennan útreikning ársfjórð-

ungslega, en það var áður gert einu sinni á ári, þ. e. eftir hina árlegu haustverðlagningu landbúnaðarvara. Er þessi breyting afleiðing þess, að samkvæmt 8. gr. frv. er heimilt að breyta vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, og þar með afurðaverði til bænda, ársfjórðungslega eftir kaupgreiðsluvísitölu, hliðstætt því sem gildir um greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt.

Frá 1. september 1959 breytist kaupgreiðsluvísitalan ársfjórðungslega á sömu tímum og er samkvæmt núgildandi ákvæðum, í 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

Um 7. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um þá lækkun á verði landbúnaðarvara, er verða skal frá 1. febrúar 1959 til samræmis við þá 10 stiga lækkun á verðlagsuppbót launþega, sem ákveðin er í 1. gr. Auk lækkunar landbúnaðarvöruverðs vegna lækkunar vinnslu- og dreifingarkostnaðar svarandi til niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu úr 202 stigum í 185 stig, skal verð lækka frá sama tíma bæði vegna lækkunar á verði til framleiðenda og vegna lækkunar á vinnslu- og dreifingarkostnaði í kjölfar frekari niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig. — Ákvæði 7. gr. eru alveg hliðstæð samsvarandi ákvæðum í lögum nr. 85/1956, um festingu verðlags og kaupgjalds, að öðru leyti en því, að nú er beinlínis tekið fram, að eggjaverð skuli lækka á sama hátt og aðrar landbúnaðarvörur

Um 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar gr. er framvegis heimilt að breyta vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, og þar með afurðaverði til bænda, samkvæmt breytingum kaupgreiðsluvísitölunnar þrisvar á ári, frá 1. marz, 1. júní og 1. desember. Ástæðulaust er að heimila slíka breytingu frá 1. september, því að hin árlega verðlagning landbúnaðarvara samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947 er miðuð við þann dag. Ekki má þó breyta afurðaverði samkvæmt þessum ákvæðum, nema kaupgreiðsluvísitalan hafi hækkað minnst 5 stig frá þeirri vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir. Samsvarandi ákvæði eru um lækkun afurðaverðs til samræmis við lækkaða kaupgreiðsluvísitölu. — Hér er um að ræða ný ákvæði, sem talin eru eðlileg vegna ákvæða í nýgerðum samningum bátasjómanna og útgerðarmanna þess efnis, að skiptaverð skuli breytast í samræmi við breytingar kaupgreiðsluvísitölunnar, sbr. 9. gr. frv.

Um 9. gr.

Til samræmis við niðurfærslu verðlagsuppbótar á laun launþega og framleiðenda til sveita er í þessari gr. kveðið svo á, að skiptaverð á fiski til bátasjómanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við, skuli frá 1. febrúar 1959 lækka er svarar niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu úr 185 í 175 stig. Frá og með 1. maí 1959 skal skiptaverð og fiskverð það, sem aflaverðlaun á togurum miðast við, breytast í samræmi við breytingar kaupgreiðsluvísitölu á sama hátt og laun breytast samkvæmt ákvæðum 6. gr. Er þetta í samræmi við nýgerða kjarasamninga bátasjómanna og útgerðarmanna, sem einnig ríkisstjórnin er aðili að.

Ákvæði 2. málsgr. þessarar gr. um, að greiða skuli verðlagsuppbót á kauptryggingu bátasjómanna samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 185 frá 1. febrúar 1959, er í samræmi við ákvæði nýgerðra kjarasamninga þar að lútandi.

Um 10. gr.

Í þessari gr. eru fyrirmæli um niðurfærslu alls verðlags í landinu, annars en landbúnaðarvöruverðs, til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða frv., ef að lögum verður. Eru þessi ákvæði hliðstæð ákvæðum í 15. gr. laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir, en þar var um að ræða líka niðurfærslu verðlags og kaupgjalds og gert er ráð fyrir í þessu frv. Þó eru ákvæði 10. gr. frv. fyllri á ýmsan hátt, t. d. er nú sérstaklega tekið fram, að aksturstaxtar bifreiða skuli

lækka (sbr. og skýringar við 3. málsgr. 1. gr.), og að hagnaður framleiðenda hvers konar vöru og þjónustu skuli lækka til samræmis við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig. — Í 4. málsgr. 10. gr. er sérstaklega tekið fram, að verðlagsyfirvöld skuli þegar gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar.

Um 11. og 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 181. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um endurskoðun og uppsögn varnarsamningsins frá 1951.

Flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson, Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar: Með skírskotun til ályktunar Alþingis 28. marz 1956 um endurskoðun varnarsamningsins frá 1951 og brottför alls herafla úr landinu og með hliðsjón af samkomulagi, er ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna gerðu með sér í nóvember 1956 um frestun á þeirri endurskoðun, felur Alþingi ríkisstjórninni að tilkynna stjórn Bandaríkjanna nú þegar, að 6 mánaða frestur sá, sem um ræðir í 7. gr. varnarsamningsins, sé hafinn, og síðan verði málinu fylgt eftir í samræmi við 2. málsgrein fyrrgreindrar þingsályktunar.

Greinargerð.

Hinn 28. marz 1956 samþykkti Alþingi ályktun um stefnu Íslands í utanríkismálum og um brottför herafla úr landinu. Er síðari málsgrein þessarar ályktunar svo hljóðandi:

„Með hliðsjón af breyttum viðhorfum, síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður, og með tilliti til yfirlýsingarinnar um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja — þó ekki hernaðarstörf — og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkvæmt 7. gr. samningsins."

Þessi yfirlýsing, sem Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sömdu og stóðu að, var samþykkt með 31 atkv. gegn 18. Báðir þessir flokkar ásamt Alþýðubandalaginu háðu síðan baráttu sína við síðustu alþingiskosningar undir því kjörorði, að herinn skuli hverfa úr landinu, og þegar vinstri stjórnin var mynduð í júlí 1956, varð það eitt af meginatriðunum í stefnuskrá hennar að framfylgja ályktun Alþingis um brottför hersins. Segir svo orðrétt í stefnuyfirlýsingu hennar: „Ríkisstjórnin mun í utanríkismálum framfylgja ályktun Alþingis 28. marz s. l. um stefnu Íslands í utanríkismálum og meðferð varnarsamningsins við Bandaríkin."

Í samræmi við þetta heit hófust í nóvember 1956 viðræður milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um endurskoðun varnarsamningsins og brottflutning herliðsins. Þeim viðræðum var þó fljótlega hætt og endurskoðun samningsins skotið á frest. Var þessu til afsökunar vitnað til ástands þess, er þá hafði skapazt í alþjóðamálum og áframhaldandi „hættu", sem að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna steðjaði. Jafnframt því sem ákveðið var, að þessum viðræðum skyldi ekki haldið áfram, varð samkomulag um, að 6 mánaða frestur sá, sem um

ræðir í 7. gr. varnarsamningsins, skuli hefjast, þegar önnur ríkisstjórnin tilkynni hinni þar um.

Um leið og Alþingi var gerð grein fyrir þessum málalokum í desember 1956, gáfu ráðherrar Alþýðubandalagsins út yfirlýsingu þess efnis, að þeir væru andvígir forsendum þessarar frestunar, eins og þær væru tilgreindar, en þar eð þeir teldu ekki aðstæður heppilegar til að tryggja samninga um brottför hersins, hefðu þeir fallizt á frestun um nokkra mánuði.

Árið síðar (1. nóv. 1957) ritaði þingflokkur Alþýðubandalagsins samstarfsflokkum sínum í ríkisstjórn bréf, þar sem hann lagði til, að íslenzka ríkisstjórnin birti þegar í stað stjórn Bandaríkjanna tilkynningu um, að endurskoðun varnarsamningsins frá 1951 skyldi hafin (fylgiskjal I). Svör Framsóknarflokks og Alþýðuflokks voru neikvæð og því borið við, að horfur í alþjóðamálum hefðu ekki breytzt til batnaðar.

Í bréfi, dagsettu 8. nóv. 1958, til forsætisráðherra vekja ráðherrar Alþýðubandalagsins athygli á, að enn eigi ríkisstjórnin eftir að efna loforð sitt um endurskoðun varnarsamningsins í því skyni, að herinn hverfi úr landi. Telja þeir þennan drátt með öllu óviðunandi og leggja til, að ríkisstjórnin tilkynni Bandaríkjastjórn nú þegar ósk um endurskoðun, svo að tilskildir frestir geti strax hafizt (fylgiskjal II). Ekkert svar barst við þessu bréfi.

Með flutningi þeirrar tillögu, sem hér liggur fyrir, vilja þingmenn Alþýðubandalagsins ítreka kröfuna um, að samþykkt Alþingis frá 28. marz verði látin koma til framkvæmda og að þannig verði staðið við það fyrirheit, sem þjóðinni var gefið í síðustu alþingiskosningum um brottför hersins.

Fylgiskjal I.

Bréf þingflokks Alþýðubandalagsins til þingflokka Alþýðuflokks og Framsóknarmanna.

Reykjavík, 1. nóvember 1957.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var það eitt af aðalatriðum í stefnuskrá og samningsgrundvelli ríkisstjórnarinnar að framfylgja ályktun Alþingis, er gerð var 28. marz 1956, en þar segir, að tekin skuli upp endurskoðun samningsins við Bandaríkin frá 1951 með það fyrir augum, „að herinn hverfi úr landi". „Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkvæmt 7. gr. samningsins."

Í nóv. og des. s. l. var því frestað að hefja samningana við Bandaríkin um brottför hersins. Lýstu ráðherrar Alþýðubandalagsins því yfir 6. des. 1956, að þeir væru samþykkir því, að „frestað yrði **um nokkra mánuði** samningum þeim, sem ráðgert var að hefjast skyldu" 15. nóv. um brottflutning hersins. Jafnframt tóku þeir fram í yfirlýsingu sinni eftirfarandi sem niðurstöðu af röksemdum þeirra og skilyrðum:

> „Munum við samkvæmt þessu vinna að því, að fljótlega verði hafin endurskoðun varnarsamningsins samkvæmt ályktun Alþingis 28. marz 1956 — með það fyrir augum, að hann fari af landi burt."

Aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokkar hennar voru og þeirrar skoðunar, að hér væri aðeins um frest á framkvæmd ályktunarinnar að ræða, en ályktun Alþingis frá 28. marz 1956 stæði sjálf í fullu gildi.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins álítur, að nú sé tími til kominn að hefja þegar samninga við Bandaríkjastjórn um endurskoðun samningsins frá 1951 með það fyrir augum, að herinn hverfi úr landi, en til þess þarf aðeins yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands gagnvart ríkisstjórn Bandaríkjanna um, að hún óski endurskoðunar, og þar með byrji þeir frestir að líða, sem áskildir eru í samningnum.

Leggjum vér til, að ríkisstjórnin gefi slíka yfirlýsingu nú fyrir nóvemberlok, en nú þegar sé sett nefnd af hálfu ríkisstjórnarinnar, skipuð fulltrúum allra stjórnarflokkanna, til þess að hafa samningana við Bandaríkjastjórn og undirbúning þeirra með höndum.

Fylgiskjal II.

Bréf ráðherra Alþýðubandalagsins til forsætisráðherra.

Reykjavík, 8. nóvember 1958.

Við ráðherrar Alþýðubandalagsins viljum vekja athygli á, að enn er eitt af aðalatriðunum í stefnuskrá og samningsgrundvelli ríkisstjórnarinnar óframkvæmt með öllu. Eigum við þar með við það fyrirheit, að stjórnin skyldi framfylgja ályktun Alþingis, er gerð var 28. marz 1956, um að taka upp endurskoðun samningsins við Bandaríkin frá 1951 með það fyrir augum, að „herinn hverfi úr landi".

Við teljum, að slíkur dráttur hafi orðið á að framfylgja þessu loforði, að óviðunandi sé. Við minnum á tilraunir okkar til þess að fá mál þetta framkvæmt og bréf þingflokks okkar til stjórnarflokkanna frá 1. nóvember fyrir ári síðan.

Nú förum við þess á leit, að málið verði tekið upp af ríkisstjórninni, svo sem samningar standa til um. Teljum við, að úr því verði nú að fást skorið, hvort samstarfsflokkar okkar í ríkisstjórn hugsa sér að standa við þetta atriði stjórnarsáttmálans eða ekki.

Það er tillaga okkar, að ríkisstjórnin tilkynni Bandaríkjastjórn nú þegar, að óskað sé endurskoðunar á samningnum, svo að tilskildir frestir byrji nú strax að líða.

Ed. 182. Nefndarálit [77. mál]

um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög. Leggur hún einróma til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna, Jóh. Þ. Jósefsson, var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 22. jan. 1958.

Björn Jónsson, form.	Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
	Björgvin Jónsson.	

Ed. 183. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

10. gr. frv. orðist svo:

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra svo og lög nr. 21 1. marz 1956 og 1. gr. laga nr. 38 8. maí 1957 inn í lög nr. 68 5. júní 1947 og gefa þau út svo breytt.

Einn nm. (JJós) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 21. jan. 1959.

Björn Jónsson, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurður Bjarnason.

Björgvin Jónsson.

Ed. 184. Frumvarp til laga [89. mál]

um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Lögskipaðar baðanir skulu fara fram annan hvern vetur, í fyrsta skipti veturinn 1960—1961, á tímabilinu frá 15. okt. til 15. febrúar.

Skulu sauðfjáreigendur eða umráðendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegun tækjanna leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða mikilla óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa, að sauðfé skuli skoðað og baðað árlega eða oftar á stærri eða minni landssvæðum, eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftir-

litsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlanir hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjárböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á, að kind hafi sýkzt af fjárkláða, skal sá, er kindina hefur undir höndum, einangra hana án tafar frá öðru fé og tilkynna hreppstjóra eða bæjarstjóra þegar í stað. Er þeim skylt að halda hinu kláðasjúka fé í einangrun á kostnað eiganda, unz úrskurður dýralæknis hefur fengizt um, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir gera ráðstafanir til útrýmingar sjúkdóminum strax og fært þykir í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi eftirlitsmann, sbr. 2. gr.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, veitt frest eða undanþágu frá lögboðinni sauðfjárböðun, ef heilbrigði fjárins er svo háttað að dómi héraðsdýralæknis, að hætta kunni að stafa af böðun, eða ef hann álítur hættu á, að böðun geti valdið útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra böðun samkvæmt 2. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins eins og það kostar á næsta verzlunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Er heimilt í slíkri reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og er þá heimilt að baða sauðfé á kostnað eiganda.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 90 frá 3. maí 1935, um útrýmingu fjárkláðans, og lög um sauðfjárbaðanir, nr. 19 13. janúar 1938.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í öllu, er máli skiptir samhljóða frumvarpi því, er landbúnaðarnefnd neðri deildar lagði fyrir deildina á síðasta Alþingi. Þá fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Hinn 14. október s. l. fól landbúnaðarráðherra þeim Páli A. Pálssyni yfirdýralækni og Steingrími Steinþórssyni búnaðarmálastjóra að endurskoða gildandi lagaákvæði um sauðfjárbaðanir og semja uppkast að lagafrumvarpi um það efni.

Hafa þeir samið lagafrumvarp þetta og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Á undanförnum árum hafa víða meðal bænda komið fram allháværar raddir um, að breytinga væri þörf á núgildandi lagaákvæðum um sauðfjárbaðanir. Þess vegna var á síðasta búnaðarþingi borin fram tillaga af fulltrúa Vestur-Húnvetninga um endurskoðun og breytingu á lögum um sauðfjárbaðanir. Var tillaga hans þannig:

„Þar sem nú eru í notkun baðlyf, sem hafa reynzt svo örugg í notkun, að þrif á sauðfé eru nú hin beztu í landinu yfirleitt, stór landsvæði afgirt þannig, að samgöngur eru nú mjög takmarkaðar frá því, sem áður var, og því ekki jafnefitt og áður að hindra útbreiðslu óþrifa, lög frá 1938 hins vegar orðin gömul og úrelt, enda brotin á flestum sviðum, sérstaklega það ákvæði laganna, að þrifaböðun fari undantekningarlaust fram árlega, þá tel ég nauðsyn bera til, að búnaðarþing það, er nú situr, taki til athugunar að vinna nú þegar að því, að lögunum verði breytt í þá átt, að sauðfjáreigendur geti við unað."

Í framhaldi af tillögu þessari samdi búfjárræktarnefnd búnaðarþings frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir, sem gerði ráð fyrir, að lögbundnar þrifabaðanir skyldu fara fram annað hvert ár.

Ekki náðist þó samkomulag um afgreiðslu frumvarpsins á búnaðarþingi, og var málið afgreitt með eftirfarandi dagskrártillögu:

„Með því að frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir felur í sér miklar breytingar frá eldri lögum, ályktar búnaðarþing að senda frumvarpið heim í hreppana, sauðfjáreigendum til athugunar og umsagnar."

Samkvæmt þessari samþykkt búnaðarþings var áðurnefnt frumvarp sent öllum hreppsnefndum til umsagnar.

Svör hafa aðeins borizt frá 48 hreppsnefndum. Eru svörin allósamhljóða, 31 er hlynntur þeirri breytingu að lögbjóða þrifaböðun aðeins annað hvert ár, en 17 svör voru á þá leið, að eigi væri ráðlegt að gera breytingar á núverandi lagaákvæðum um þetta efni.

Gera má ráð fyrir, að svör þau, sem borizt hafa, þótt ekki séu þau fleiri, gefi nokkuð rétta mynd af skoðun bænda á þessu máli, og væntanlega eru það þeir, sem áhuga hafa á málinu, sem senda svör sín.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir sömu aðalbreytingu á þessum málum og fram kom í frumvarpi því, sem lagt var fyrir búnaðarþing, að lögboðin þrifaböðun skuli framkvæmd annað hvert ár. Jafnframt er þó í 2. gr. frumvarpsins heimild til þess að fyrirskipa á stærri eða minni svæðum, jafnvel öllu landinu, böðun á sauðfé tvisvar á vetri eða oftar, ef svo reynist, að nauðsyn beri til vegna kláða eða mikilla óþrifa í sauðfé.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að með þeim lyfjum, sem nú eru tiltæk, er vel gerlegt að halda lús á sauðfé alveg í skefjum og útrýma henni að því er virðist úr heilum héruðum, ef samvizkusamlega er unnið. Virðist svo, að það sé fyrst og fremst vandvirkni, sem hefur skort á þeim fáu stöðum, þar sem enn verður vart við lýs á sauðfé. Þá er og þess að gæta, að samgöngur fjár í landinu eru nú mjög með öðrum hætti en áður var, á þeim tíma, er núverandi lög tóku gildi. Má gera ráð fyrir, að þær hömlur á fjársamgöngum, sem nú eru, haldist enn um alllangt árabil, en þær auðvelda mjög baráttuna gegn óþrifum í sauðfé í landinu sem heild.

Á þeim árum, er núgildandi löggjöf um sauðfjárbaðanir var sett, mun fjárkláði enn hafa verið allútbreiddur í sumum héruðum landsins og lús á sauðfé, einkum færilús, var algeng. Er þetta samdóma álit þeirra, er þá voru kunnugir þessum málum, enda þótt skýrslur um þessi atriði séu ekki fyrir hendi.

Um svipað leyti og lögin tóku gildi, fór að bera á mæðiveiki í sauðfé, og náði sú veiki skjótt mjög mikilli útbreiðslu, eins og kunnugt er. Hlífðust því margir bændur í þeim héruðum, þar sem mæði og votamæði geisaði, við að baða sauðfé sitt, nema brýn nauðsyn krefði, því að almennt var talið, að mæðiveikt fé þyldi illa baðanir, jafnvel þó að fyllstu varúðar væri gætt. Þá mun og ekki hafa verið gengið mjög fast eftir því af hreppsnefndum og öðrum yfirvöldum, sem um þessi mál áttu að fjalla, að hinum lögskipuðu þrifaböðunum væri framfylgt. Þó mun þetta hafa verið nokkuð misjafnt eftir því, hvar á landinu var, t. d. var mjög myndarlega unnið að því að útrýma fjárkláða á þessum árum á Suðurlandi.

Það sýnir einnig glöggt, að ástandið var ekki sem bezt í þessum málum, að ákvæði um útrýmingu fjárkláða eru tekin upp í lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er afgreidd voru frá Alþingi 1947.

Í sambandi við hin stórfelldu fjárskipti, sem fram fóru á árunum 1944—1952, var reynt eftir megni að útrýma fjárkláðanum, en hann var við byrjun fjárskiptanna nokkuð útbreiddur í sumum sveitum á Vestfjörðum og dreifðist þaðan fyrstu árin eftir að fjárskipti hófust.

Veturinn 1948—1949 var framkvæmd útrýmingarböðun á Vestfjörðum, og kom þá í ljós, að fjárkláði fannst í öllum sýslum á Vestfjörðum nema V.-Ísafjarðarsýslu.

Haustið 1948 voru flutt fjárskiptalömb í Húnavatnssýslur, og fannst kláði þar fyrsta veturinn á 32 bæjum. Virtist svo sem kláðinn hefði borizt með fjárskiptalömbunum í flestum tilfellum. Á þessu fjárskiptasvæði var því líka framkvæmd útrýmingarböðun á sauðfé.

Ekki reyndist þó unnt að útrýma fjárkláðanum að fullu í þessum landshlutum með útrýmingarböðununum. Hann reyndist furðu lífseigur á einstaka bæjum, þrátt fyrir ítrekaðar baðanir.

Síðan hafa aðgerðir í stórum dráttum verið þær, að þrifabaðanir hafa árlega farið fram á Vestfjörðum og eldri fjárskiptasvæðum, en tvíbaðað hefur verið á nýjum fjárskiptasvæðum sama árið og fjárskiptin hafa verið framkvæmd.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda bæja, þar sem fé hefur fundizt smitað af fjárkláða síðan 1948. Þess ber að gæta, að eftir því sem fjárskiptum miðaði áfram, jókst svæði það, sem baðað var á undir eftirliti, og jafnframt tala baðaðs fjár ár hvert.

Veturinn:	Tala býla með fjárkláða:
1948—49	64
1949—50	17
1950—51	5
1951—52	7
1952—53	2
1953—54	1
1954—55	4
1955—56	2
1956—57	1

Samkvæmt þessu yfirliti hefur tala býla, þar sem kláða hefur orðið vart, farið jafnt og þétt lækkandi, en þó er líklegt, að honum sé ekki enn að fullu útrýmt úr landinu, því að fjárkláði getur leynzt furðu lengi, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, án þess að eftir honum verði tekið.

Sú skoðun hefur verið nokkuð almenn hér á landi, að útrýma megi kláða í sauðfé til fulls með einni allsherjar útrýmingarböðun. Kom þessi skoðun berlega í ljós, er lögin um útrýmingu fjárkláða, nr. 90 1935, voru til umræðu á Alþingi á sínum tíma.

Eins og aðstæður eru hér á landi, bæði með samgang sauðfjár, fjárhúsabyggingar, heimtur o. fl., mun þó vera mjög hæpið, eins og reynslan hefur sýnt, að treysta um of á almenna útrýmingarböðun til þess að losna að fullu við fjárkláðann. Auk þess er vart gerlegt að framkvæma allar baðanir hér með sérstaklega þjálfuðu starfsliði, eins og tíðkast víða erlendis. Hér vinna bændur sjálfir að böðun og vart annað fyrirkomulag framkvæmanlegt. Jafnvel þó að framkvæmd böðunar sé háð eftirliti, er ávallt hætta á, að einhvers staðar skeiki um næga vandvirkni, þar sem margar hendur vinna erfitt og vandasamt verk. Því höfum við talið, eins og nú er komið þessum málum, að reglulegar þrifabaðanir með vissu millibili séu heppilegasta leiðin til þess að losna við óþrif í sauðfé.

Á hinn bóginn hefur sú skoðun orðið næsta almenn meðal bænda hin síðari ár, að þegar ekki verður vart færilúsa eða kláðamaura í heilum héruðum, megi slá slöku við sauðfjárbaðanir.

Afleiðing þessarar skoðunar hefur orðið sú, að mikillar tregðu hefur gætt víða með framkvæmd á lögskipuðum þrifaböðunum. Nú er svo komið, að mjög er erfitt að framkvæma þrifabaðanir af þessum sökum og sektarákvæði gildandi laga svo lág, að þau veita enga stoð í þessu efni.

Að vel athuguðu máli höfum við því gert ráð fyrir því í meðfylgjandi frumvarpi, að þrifabaðanir yrðu framkvæmdar annað hvert ár, en jafnframt reynt með ákvæðum um aukið eftirlit og hækkuðum sektum að girða fyrir, að menn komist undan því að baða fé sitt.

Ef þessar aðgerðir reynast ekki nægilegar, heimilar 2. gr. laganna frekari og ýtarlegri framkvæmdir til eyðingar óþrifum í sauðfé.

Um einstakar gr. frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir verulegri breytingu frá núgildandi lagaákvæðum, þar sem svo er til ætlazt, að þrifaböðun sauðfjár fari nú fram annað hvert ár, í stað þess að þrifaböðun skuli fara fram árlega, eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 19 13. jan. 1938. Eins og fyrr er sagt, er breyting þessi gerð samkvæmt reynslu undanfarinna ára, sem leitt hefur í ljós, að eyða má lús af sauðfé með einni böðun, sé nægilegrar vandvirkni gætt.

Mjög er misjafnt, á hvaða tíma árs bændur vilja baða. Ræður þar mestu um tíðarfar og búskaparhættir. Flestir munu þó leitast við að ljúka böðunum fyrir hátíðar, en í nokkrum héruðum eru menn vanir að bíða með sauðfjárbaðanir fram yfir fengitíma. Virðist eðlilegt að heimila nokkurt svigrúm í þessu efni. Hins vegar er ekki heppilegt, að baðanir dragist fram yfir 15. febrúar, ef tvíbaða þarf fé sama veturinn eða ef baða þarf hjá mönnum, sem hafa viljað skjóta sér undan að baða fé sitt, eins og alloft hefur átt sér stað.

Það virðist sjálfsögð krafa, að sauðfjáreigendur hafi útbúnað til þess að baða fé sitt, enda sú aðstaða víðast hvar fyrir hendi nú orðið, nema í þéttbýli, þar sem menna reka fé til böðunar á einn stað.

Með þeirri fólksfæð, sem víða er í sveitum landsins að vetrinum, hefur virzt fullkomin ástæða til þess að tryggja, að sauðfjáreigendur hafi nægan vinnukraft við böðun, svo að hún verði af þeirri ástæðu fljótt og vel af hendi leyst og taki eigi óhóflega langan tíma, þar sem leggja verður áherzlu á, að baðstjóri ljúki böðun í sínu umdæmi á sem skemmstum tíma.

Um 2. gr.

Með þessari grein ætti að vera nægilega tryggt, að fjárkláði eða önnur óþrif í sauðfé nái eigi útbreiðslu. Eins og nú er háttað samgöngum sauðfjár, virðist ekki líklegt, að til útrýmingaraðgerða þurfi að grípa nema á takmörkuðum svæðum, t. d. í fjárskiptahólfi eða hluta þess.

Um 3. gr.

Vart verður hjá því komizt að leita til héraðsdýralækna, er greina þarf vafasöm tilfelli af fjárkláða, þar sem smásjárrannsókn er nauðsynleg. Því þykir eðlilegt, að þeir gegni hlutverki eftirlitsmanna í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, enda hafa þeir að ýmsu leyti hentugri aðstöðu til þess að sinna þessu starfi en aðrir.

Aðrir eftirlitsmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Með því skapast meiri festa í starfið, og það ætti að reynast hægara í framkvæmd.

Um 4. gr.

Reynslan undanfarin ár hefur berlega sýnt, að tilgangslítið er að ætla sér að framkvæma baðanir, svo að í nokkru lagi sé, nema baðstjórar séu viðstaddir til þess að sjá um böðun á hverjum bæ, fylgjast með því, að rétt baðlyf séu notuð, blöndun sé rétt framkvæmd og að öllu sé farið eftir settum reglum, auk þess sem með því einu móti er unnt að fylgjast með því, hvort óþrifa verði vart. Teljum við ákvæði þessarar greinar mjög mikilsvert vegna þess, að einmitt þetta atriði, að baðstjórar séu viðstaddir og stjórni böðun, hefur reynzt mjög nauðsynlegt, því að ella fer böðun oftast í handaskolum. Núgildandi lagaákvæði um þrifabaðanir, nr. 19 13. jan. 1938, kveða ekki skýrt á um þetta atriði, og hefur það verið mjög til baga við framkvæmd þeirra.

Um greiðslu til baðstjóra og eftirlitsmanna er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og tíðkazt hefur.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar miðar að því að tryggja svo sem unnt er að hefta útbreiðslu og uppræta fjárkláðann, strax og sjúkdómsins verður vart. Ákvæði þessu svipuð hafa verið í gildandi lögum og komið að verulegu gagni hin síðari ár.

Um 6. gr.

Þar sem svo getur verið háttað heilsufari sauðfjár, að áhætta sé nokkur samfara böðun, þykir rétt að hafa í lögunum heimild til þess að fresta eða veita undanþágu frá böðun, ef slíkt er réttmætt að dómi dýralæknis. Sama máli gegnir, ef smithætta er talin geta stafað af böðun, þar sem margt fé er rekið saman til böðunar.

Um 7. gr.

Gæði og val baðlyfja hafa iðulega valdið deilum hér á landi. Því þykir full ástæða til þess að setja í lögin ákvæði þess efnis, að fara skuli eftir tillögum sérfróðs manns um val baðlyfja, svo að tryggt sé, að viðurkennd og reynd baðlyf séu notuð. Það mundi og torvelda mjög framkvæmd böðunar, ef mörg ólíkt baðlyf væru í notkun samtímis.

Um greiðslu ríkissjóðs á hluta af baðlyfskostnaði, ef endurtaka þarf böðun sama veturinn, er gert ráð fyrir svipuðum ákvæðum og nú gilda.

Um 8. gr.

Sumir sýslumenn, er hafa þurft að hafa afskipti af böðunarmálum undanfarin ár, hafa lagt áherzlu á, að með dagsektum mætti knýja þá menn, sem þráast við að baða, til þess að framkvæma böðun, en slíkt ber ekki ósjaldan við, án þess að frambærilegar afsakanir séu fyrir hendi. Þykir því rétt að taka upp þessi ákvæði ásamt ákvæði um valdböðun á kostnað eiganda.

Um 9. gr.

Hin lágu sektarákvæði laga nr. 19 13. jan. 1938 eru löngu úrelt orðin vegna geysilegrar rýrnunar á verðgildi peninga. Þykir því sjálfsagt að hækka verulega sektir, sem beita má fyrir brot á lögunum.“

Í neðri deild var frumvarpinu breytt og þrifaböðun á sauðfé lögskipuð árlega, eins og hefur verið. Nefndin í efri deild afgreiddi málið ekki frá deildinni, en sendi það til umsagnar sýslunefndum. Af þeim, sem svarað hafa, telja 16, að réttara sé að lögskipa aðeins böðun annað hvert ár, en 4 telja réttara að baða árlega.

Vegna annars þurfti ég að skrifa oddvitum og spurði þá um leið um álit hreppsnefndar á málinu. 130 hreppsnefndir vildu láta lögleiða að baða aðeins annað hvert ár sem skyldu, en 33 vildu baða á hverju ári og þrjár af þeim „meðan kláði fyndist í landinu". Hinar svöruðu ekki.

Af þessu kemur vilji fjáreiganda skýrt fram, en hann er fyrst og fremst orsök þess, að ég flyt málið aftur inn á Alþingi.

Ed. 185. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.
Einn nefndarmanna (EggÞ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 23. jan. 1959.

Alfreð Gíslason, form., frsm.	Karl Kristjánsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Sþ. 186. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um endurskoðun ábúðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna ásamt breytingartillögu á þskj. 94.

Umsagnir þeirra aðila, sem fengu tillöguna til athugunar, eru birtar hér með.

Þar sem lög um ættaróðul, erfðaábúð og ættarjarðir eru að nokkru leyti miðuð við gildandi ábúðarlög, þykir nefndinni eðlilegt, að þau séu endurskoðuð jafnframt ábúðarlögunum.

Allsherjarnefnd leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 3 manna milliþinganefnd til að endurskoða ábúðarlög og lög um ættaróðal og erfðaábúð. Endurskoðun þessari skal, ef unnt er, lokið það snemma, að frumvarp um breytingar á lögunum verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:
Tillaga til þál. um endurskoðun ábúðarlaga og laga um ættaróðal og erfðaábúð.

Einn nefndarmanna (BÓ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 23. jan. 1959.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason, frsm.
Steingr. Steinþórsson.	Jón Sigurðsson.	Alfreð Gíslason.

Fylgiskjal I.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 18. desember 1958.

Með bréfi, dags. 5. des., hefur háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis óskað umsagnar um þingsályktunartillögu, mál 41, nr. 69, um endurskoðun ábúðarlaga.

Viðvíkjandi þeim rökum, sem sett eru fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni, skal það staðfest, að ýmis ákvæði ábúðarlaga leysa ekki á viðunanlegan hátt vandamál þau, sem upp geta komið milli leiguliða og landsdrottna, þó að hins vegar verði að viðurkennast, að erfitt verður að setja lög um þau atriði, er skeri glöggt úr um hugsanlegan ágreining, er komið getur upp milli þessara aðila.

Ef benda ætti á einstök atriði, sem virðast vera vandamál í mörgum tilfellum, þá er ástæða til að geta ákvæðanna í III. kafla um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða í því sambandi. Svo og ákvæðin, ef leiðuliði fer frá jörð og hefur hýst hana á sinn kostnað með stuðningi af lánum, sem veitt eru út á veðleyfi, eins og byggt er nú, að mestu varanlegar byggingar, en fyrningartími allra bygginga í lögum ákveðinn 10 ár, sem virðist óeðlilega stuttur tími. Hins ber og að gæta, sé framfylgt endurkaupsskyldu landsdrottins og nýs viðtakanda á húsum eftir mati, getur sú kaupskylda orðið þungur gjaldaliður, þegar um opinberar eignir er að ræða. Gildir það einnig um jarðir, sem erfðaábúð er á, ef aðilar falla frá erfðaábúðarrétti sínum fyrir sig og sína.

Þá fyrirfinnast í lögunum úrelt ákvæði. Má þar benda á 13. grein um rétt leiguliða til að rífa hús og flytja burtu. Þetta gat verið eðlilegt, meðan hús voru byggð úr torfi eða timbri, en þegar um varanlegar byggingar er að ræða, virðist ekki eðlilegt, að lögbundið sé, að niður megi rífa ef til vill nýlega gerðar byggingar, og vafasamt, að það standist gagnvart þeim aðilum, er veð hafa fyrir framkvæmdalánum, sem til bygginganna hafa verið veitt

Þá má benda á, að misbrestur mun hafa verið á um framkvæmd ákvæða 14. geinar um greiðslu leiguliðabótar, sem lögin ætlast til að leggist í sérsjóð fyrir hverja jörð, en verði síðar notað til endurhýsingar á jörðinni.

Enn þá reynast og haldlítil þau ákvæði, er miða að því að fyrirbyggja, að jarðeigendur haldi jörðum í eyði af ýmsum persónulegum ástæðum.

Samkvæmt því, sem hér er sagt, verður að telja endurskoðun tímabæra, og samkvæmt því get ég mælt með, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 22. desember 1958.

Með bréfi, dags. 5. þ. m., hefur allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis sent stjórn Búnaðarfélagsins til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun ábúðarlaga, er liggur fyrir yfirstandandi Alþingi.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands 17. þ. m. var erindi þetta tekið til meðferðar. Samþykkti stjórnin að mæla með, að endurskoðun ábúðarlaga yrði framkvæmd.

Þetta tilkynnist hinni háttvirtu allsherjarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Steingr. Steinþórsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 8. janúar 1959.

Með bréfi, dags. 5. des., óskar háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis umsagnar jarðeignadeildar ríkisins um þingsályktunartillögu um endurskoðun ábúðarlaga.

Rétt er það, sem segir í greinargerð með tilllögunni, að oft skapast vandamál milli jarðareiganda og leiguliða og ágreiningur um réttarstöðu þeirra, sem ekki verður til lykta ráðið af ábúðarlögum.

Áberandi er, að ábúðarlögin eru samin með hagsmuni leiguliða fyrir augum, því að mun minna tillit er tekið til hagsmuna landsdrottins.

Þrenn ábúðarlög, um margt ólík, eru í gildi, og er að því óhagræði og hefur leitt til málaferla.

Auk þess eru ýmis óraunhæf ákvæði í ábúðarlögum.

Ráðuneytið mælir því með því, að ábúðarlög verði endurskoðuð, en vill benda á, að rík ástæða er til að endurskoða samtímis lög nr. 116/1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Nd. 187. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir, á fisk veiddan á vissum tímum

árs og á fisk, sem fer í tiltekna vinnslu. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að sérstakar bætur skuli greiddar bátum, togurum og vinnslustöðvum á hvert kg fisks, sem framleitt er frá 1. til 31. janúar 1959. Bætur þessar skulu svara til þeirrar hækkunar á rekstrarkostnaði báta, togara og vinnslustöðva, sem af því leiðir, að kaupgjald og skiptaverð á fiski til bátasjómanna er í janúarmánuði 1959 miðað við kaupgreiðsluvísitölu 202, en ekki kaupgreiðsluvísitölu 175.

Ríksstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði niður verð á beitu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal framleiðsluráði landbúnaðarins bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, er séu jafnháar þeim bótum, sem greiddar eru í heild á útfluttar afurðir bátaflotans af þorskveiðum 1959 samkvæmt þessum lögum. Hagstofan skal reikna bæturnar og framleiðsluráð ráðstafa bótafénu til verðbóta á þær landbúnaðarafurðir, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og seldar eru á lægra verði erlendis en nemur söluverði þeirra innanlands. Ákvæði þessi taka til þeirra landbúnaðarafurða, sem framleiddar eru frá byrjun verðlagsársins 1958—1959.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði vátryggingariðgjöld fiskibáta (sjóvátryggingu og bráðafúatryggingu). Skal greiða fullt ársiðgjald, ef úthaldstími bátsins á árinu er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega. Greiðslur vátryggingariðgjalda skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—10. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr útflutningssjóði, valdsvið sjóðstjórnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Í samráði við Seðlabankann, gjaldeyrisbankana og stjórn útflutningssjóðs getur ríkisstjórnin ákveðið, að greiðsla útflutningsbóta, er nemi 55% á fob-verðmæti útfluttra vara, fari fram í bönkum, þegar gjaldeyri fyrir vörunum er skilað, en útflutningssjóður greiði eftirstöðvar bótanna. Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að bótum samkvæmt 3. gr. skuli skipt á milli útvegsmanna og vinnslustöðva, og einnig getur hún falið samtökum útvegsmanna og útflytjenda að annast ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

4. gr.

Hinar árlegu greiðslur útflutningssjóðs til ríkissjóðs, er um ræðir í 48. gr. laganna, skulu falla niður frá 1. janúar 1959.

5. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé til niðurgreiðslu vöruverðs. Frá 1. janúar 1958 skal útflutningssjóður standa straum af slíkri niðurgreiðslu, en ríkissjóður endurgreiði útflutningssjóði slíkar niðurgreiðslur eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárlögum hverju sinni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þeim bótum til útflutningsatvinnuveganna, er ákveðnar voru með lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl. var ætlað að tryggja hallalausan rekstur þessara atvinnuvega, jafnframt því, sem bætur til hinna ýmsu greina þeirra voru gerðar jafnari en áður hafði verið. Þegar upphæð bótanna var ákveðin, var tillit tekið til þeirrar hækkunar rekstrarkostnaðar, sem leiddi af hinu nýja yfirfærslugjaldi og þeirri 5%—7% hækkun grunnkaups, er lögin gerðu ráð fyrir. Það var hins vegar ljóst frá upphafi, að ef verulegar nýjar hækkanir yrðu á grunnkaupi eða á kaupgreiðsluvísitölu, mundi ný hækkun bóta til útflutningsatvinnuveganna verða óhjákvæmileg von bráðar.

Á vegum fyrrverandi ríkisstjórnar var í októbermánuði s. l. gerð athugun á því, hver áhrif þær hækkanir grunnkaups og kaupgreiðslu samkvæmt vísitölu, sem átt höfðu sér stað síðan lögin um útflutningssjóð voru sett, hefðu haft á rekstrarkostnað útflutningsatvinnuveganna. Þessar hækkanir kaupgjalds voru eins og kunnugt er 10.7% umfram það, sem útflutningssjóðslögin höfðu gert ráð fyrir, að því er verkamenn snerti, og 7.1% að því er flestar aðrar starfsgreinar snerti. Niðurstöður þessarar athugunar voru þær, að af völdum kauphækkananna væri rekstrarkostnaður útflutningsatvinnuveganna orðinn um 6% hærri en sá kostnaður, sem bætur útflutningssjóðslaganna voru miðaðar við, og til þess að jafna metin mundi þurfa nýja hækkun bóta að upphæð um 105 millj. kr. Þessar áætlanir voru miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 185 og byggðust enn fremur á þeirri forsendu, að skiptaverð á fiski til bátasjómanna hækkaði ekki meir en kaupgjald verkamanna hafði hækkað, eftir að útflutningssjóðslögin höfðu verið sett.

Sú athugun, sem hér að framan getur, var almenns eðlis, og gat því ekki verið um að ræða nákvæmar niðurstöður um afkomu hinna einstöku greina útflutningsframleiðslunnar. Á hinn bóginn hafði nefnd manna, er starfaði á vegum útflutningssjóðs, unnið að því síðan á s. l. sumri, að kynna sér eins nákvæmlega og föng voru á afkomu hverrar greinar útflutningsframleiðslunnar um sig. Niðurstöður þessarar nefndar lágu ekki fyrir fyrr en í desember. Staðfestu þær í aðalatriðum niðurstöður hinnar fyrri athugunar, en bentu þó eindregið til þess, að vegna aukins framleiðslumagns og bættrar tækni, fyrst og fremst notkunar flökunarvéla, hefði framleiðslukostnaður á einingu af hraðfrystum fiski lækkað svo mjög, að stærri hraðfrystihúsin gætu að fullu borið þær kauphækkanir, sem átt hefðu sér stað, án frekari hækkunar bóta. Þetta gat hins vegar ekki átt við minni hraðfrystihúsin né heldur vinnslustöðvar saltfisks og skreiðar. Ekkert benti heldur til þess, að nein sú afkastaauking hefði orðið í útgerð báta og togara, er gerði útgerðarfyrirtækjum þeirra mögulegt að taka á sig þá hækkun rekstrarkostnaðar, sem átt hafði sér stað. Um þessi atriði gat þó ekki fengizt full vissa, fyrr en samningar höfðu verið upp teknir við samtök framleiðenda og mögulegt reyndist að bera athuganir þær, er gerðar höfðu verið á vegum ríkisstjórnarinnar og útflutningssjóðs, saman við þær athuganir, er samtök framleiðenda höfðu látið gera. Þar við bættist svo að sjálfsögðu sú óvissa, er hlaut að ríkja um skiptaverð til bátasjómanna, þar til samningar hefðu tekizt á milli þeirra og útvegsmanna.

Eitt fyrsta verk núverandi ríkisstjórnar var að skipa nefnd manna til samninga við framleiðendur útflutningsafurða, og hófust þær samningaviðræður annan dag jóla. Samkomulag við bátaútvegsmenn náðist í öllum aðalatriðum fyrir nýár, en samningum við fiskvinnslustöðvar var ekki lokið fyrr en um miðjan janúarmánuð. Nýr samningur um skiptaverð og kjör bátasjómanna var undirskrifaður 3. janúar, en samþykki margra sjómannafélaga á þessum samningi drógst alllengi fram eftir mánuðinum. Allir samningar við framleiðendur voru miðaðir við kaupgreiðsluvísitölu 185, og þurftu þeir því að endurskoðast með tilliti til þeirrar niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, sem frumvarp það, sem ríkisstjórnin hefur þegar lagt fyrir Alþingi,

gerir ráð fyrir. Þessari endurskoðun var lokið hinn 19. þ. m. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, hefur að geyma þær tillögur um breytingar á lögum nr. 33 29. maí 1958 um útflutningssjóð o. fl., sem leiða af því samkomulagi við framleiðendur útflutningsafurða, sem að framan greinir, og þeim samningum, sem gerðir hafa verið á milli bátasjómanna og útvegsmanna.

Niðurstöður samninganna eru í aðalatriðum í samræmi við þær athuganir, sem áður höfðu farið fram á vegum ríkisstjórnarinnar og útflutningssjóðs og skýrt hefur verið frá hér að framan. Þannig fékkst á því staðfesting í samningunum, að hin stærri hraðfrystihús gætu borið þær kauphækkanir, er átt höfðu sér stað, en að þetta gilti ekki um minni húsin né um vinnslustöðvar saltfisks og skreiðar. Á hinn bóginn reyndist hækkunin á rekstrarkostnaði báta nokkru meiri en áður hafði verið áætlað. Það, sem mestu munaði, var þó, að skiptaverð og hlunnindi bátasjómanna hækkuðu miklu meira samkvæmt hinum nýja kjarasamningi en búizt hefði verið við. Hækkun skiptaverðs reyndist 13% (úr 1.55 kr. í 1.75 kr), og við það bættist hækkun dánarbóta og dagpeninga vegna veikinda, er jafngilti um 1% hækkun skiptaverðs. Samtals var því hækkunin um 14%, en það svarar til um það bil 16.5% hækkunar meðalhluts á bátum í Faxaflóa. Hækkun verkamannakaups, sem allar fyrri áætlanir voru miðaðar við, hafði hins vegar ekki verið meiri en 10.7%, og hækkun skiptaverðs, sem til þeirrar hækkunar svaraði 9%, ef miðað er við hlutaskipti þau, sem í gildi eru við Faxaflóa.

Af þessum ástæðum reyndist nauðsynleg aukning bóta til útflutningsframleiðslunnar verulegum mun hærri en áður hafði verið áætlað, eða 147 millj. kr., þegar miðað er við kaupgreiðsluvísitöluna 185. Ef vísitalan verður færð niður í 175 stig, lækkar þessi upphæð hins vegar um 81 millj. kr. eða í 66 millj. kr. Við þá upphæð verður svo að bæta þeim sérstöku bótum, sem greiða verður framleiðendum vegna þess, að kaup greiðist í janúarmánuði eftir vísitölu 202, iðgjöldum fyrir bráðafúatryggingu báta á árinu 1958, og hækkun bóta á síld, sem veidd er á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, upp í þær bætur, sem greiddar eru á annan fisk á sama tímabili. Síðast nefnda hækkunin, sem er heimil samkvæmt núgildandi lögum um útflutningssjóð, kom til framkvæmda þegar á s. l. hausti að því er snertir saltsíld, en á nú einnig á tímabilinu 1. janúar til 15. maí að taka til frystrar síldar samkvæmt samkomulaginu við útvegsmenn. Enn fremur er gert ráð fyrir, að þessi hækkun gildi um brædda síld, en það er í samræmi við ákvæði þau, sem í gildi voru á vertíð 1958. Samtals nema þessir viðbótarliðir, sem að síldarbótunum undanteknum eru þess eðlis, að þeir greiðast aðeins í eitt skipti, um 11 millj. kr. Þannig er sú heildarhækkun bóta, er hinir nýju samningar gera ráð fyrir, um 77 millj. kr. Allar eru þessar áætlanir um hækkun bóta miðaðar við sama aflamagn og á árinu 1958.

Einn er sá liður í þessum áætlunum, sem ekki styðst við það samkomulag, sem gert hefur verið við framleiðendur, og er þar því um hreina ágizkun að ræða. Þessi liður er hækkun bóta til sumar- og haustsíldveiða. Um rekstrargrundvöll þessara veiða hefur enn ekkert samkomulag verið gert, en bótahækkun vegna þeirra hefur hér verið áætluð hlutfallslega hin sama og hækkun bóta til báta á þorskveiðum.

Lækkun rekstrarkostnaðar, sem leiða mundi af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, gerir vinnslustöðvunum kleift að hækka fiskverðið. Þessi hækkun fiskverðs, sem gengur til báta og togara, er áætluð 7 aurar á kg fyrir þorsk, miðað við slægðan fisk með haus. Vegna þessarar hækkunar fiskverðs og greiðslu á tryggingariðgjöldum bátanna reynist það kleift að halda óbreyttum hinum almennu útflutningsbótum, sem greiddar eru á allan báta- og togarafisk (80%).

Til þess að rétta við hag hinna smærri hraðfrystihúsa og saltfisk- og skreiðarframleiðenda, verður hins vegar að auka þær sérbætur, sem nú eru greiddar á smáfisk af bátum, á alla ýsu, steinbít og flatfisk og á bátafisk, sem veiddur er eftir 14. maí, og bæta við nýjum sérbótum á saltfisk og skreið og á togarafisk, sem veiddur er í salt eftir 14. maí. Hinar þrjár fyrst nefndu tegundir sérbóta eru allar heimilar

samkvæmt núgildandi lögum, og er í þessu frv. lagt til, að hinar tvær síðast nefndu verði einnig heimilaðar. Hér fer á eftir yfirlit yfir hina fyrirhuguðu hækkun þeirra sérbóta, sem nú eru í gildi, og yfir þær nýju sérbætur, sem lagt er til, að teknar verði upp:

	Sérbætur		
	Aurar á kg. af sl. f. m. h. Núgildandi	Fyrirhugað	Áætluð upphæð hækkunar millj. kr.
Smáfiskbætur	34	40	2.6
Tegundarbæktur	33	45	2.6
Sumarbætur á bátafisk	12	24	5.0
Nýjar sérbætur á salfisk og skreið	–	7	8.4
Nýjar sérbætur á togarafisk, veiddan í salt eftir 14. maí	–	12	1.9
			Alls 20.5

Ríkisstjórninni er það ljóst, að ýmsir annmarkar eru á þeim hækkunum sérbóta, sem hér er ráð fyrir gert, og að þær brjóta að nokkru leyti í bága við þá stefnu, er tekin var upp með hinum nýju lögum um útflutningssjóð á s. l. vori, að hafa bætur til hinna ýmsu greina útflutningsframleiðslunnar sem jafnastar. Á hinn bóginn hefur það nú skeð, að aðstöðumunur á milli tegunda vinnslustöðva hefur stórum aukizt vegna aukins framleiðslumagns og bættrar tækni hinna stóru hraðfrystihúsa. Óhjákvæmilegt er að tryggja rekstur þeirra framleiðslugreina, sem verr eru settar, vegna þýðingar þeirra bæði fyrir þjóðarbúskapinn í heild og fyrir atvinnulífið í vissum hlutum landsins. Ef þetta ætti að gerast með almennri hækkun bóta, mundi það krefjast miklu hærri upphæðar en ella væri hægt að komast af með og jafnframt skapa óeðlilegan gróða hjá þeim framleiðslugreinum, sem betur eru settar. Er þá sá kosturinn betri að freista þess að koma hinum verr settu framleiðslugreinum til hjálpar með sérstökum aðgerðum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að það verði gert með hækkun sérbóta og nýjum sérbótum. Ríkisstjórnin telur greiðslu slíkra sérbóta að vísu ekki æskilega skipan til frambúðar og að unnt sé að taka upp annað kerfi, sem tryggði sama árangur, en væri í senn hentugra og ódýrara. Slíku fyrirkomulagi verður hins vegar ekki komið á nema að undangengnum miklum undirbúningi.

Þeir erfiðleikar, sem saltfisk- og skreiðarframleiðslan á við að etja, stafa að verulegu leyti af því, að afurðir þessara framleiðslugreina eru aðeins að litlu leyti fluttar til jafnkeypislanda, en í þeim löndum er yfirleitt greitt hærra verð fyrir vörurnar en annars staðar. Á hinn bóginn er það þýðingarmikið að halda uppi útflutningi til frjáls-gjaldeyrislanda, en þaðan kemur mikill hluti af nauðsynjum útflutningsframleiðslunnar og margar aðrar brýnustu nauðsynjar þjóðarinnar. Líkur eru til þess, að framleiðsla saltfisks og skreiðar mundi stórlega minnka, ef engar sérstakar ráðstafanir væru gerðar. Mundi þetta leiða til þess hvors tveggja, að meiri skortur yrði á frjálsum gjaldeyri og að tapazt gætu góðir markaðir, sem erfitt gæti reynzt að vinna aftur.

Í samningum þeim, sem gerðir voru á milli bátasjómanna og útvegsmanna, er ráð fyrir því gert, að skiptaverð hækki og lækki með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Í framhaldi af þessu varð í samningum ríkisstjórnarinnar við útvegsmenn að gera ráð fyrir, að þeir gætu fengið bætta þá hækkun rekstrarkostnaðar, er af slíkum kaupbreytingum og breytingum á grunnkaupi leiddi. Óhjákvæmilegt var og, að vinnslustöðvar gætu fengið samkomulagsgrundvöllinn endurskoðaðan vegna slíkra hækkana á kaupi. Er þetta í raun og veru afleiðing þess, að bætur til útflutningsframleiðslunnar eru ekki áætlaðar hærri en svo, að henni verður ekki ætlað að bera hækkanir á jafnmikilvægum kostnaðarlið og kaupgjaldið er, nema þá jafnframt eigi sér stað veruleg aukning á afköstum. Ekki er lagt til, að heimild sé tekin í lög til þess

að auka bætur til útflutningsins, þegar svo stendur á, sem að framan greinir. Sú endurskoðun á samkomulagsgrundvellinum, sem um er að ræða, gæti orðið umfangsmikil og tekjuöflunarráðstafanir þar að auki óhjákvæmilegar. Af þessum ástæðum mundi varla undir neinum kringumstæðum verða sneitt hjá nýrri lagasetningu hvort eð væri.

Fjárhagsafkoma útflutningssjóðs hefur reynzt tiltölulega góð á árinu 1958. Er þetta að sjálfsögðu afleiðing þeirrar hækkunar yfirfærslu- og innflutningsgjalda, er framkvæmd var á því ári. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum hefur hagur sjóðsins breytzt úr 34 millj. kr. skuld í árslok 1957 í 5 millj. kr. sjóðseign í árslok 1958. Þess ber þó að gæta, að afkoman er betri en ella mundi, vegna þess, að sjóðurinn hefur fengið tekjur af hinum nýju gjöldum síðan 1. júní 1958, en hafði um áramót enn greitt tiltölulega lítið af bótum samkvæmt hinu nýja kerfi. Þrátt fyrir þetta eru líkur fyrir því, að sjóðurinn hefði getað orðið hallalaus á árinu 1959, ef engin ný hækkun bóta eða niðurgreiðslna hefði komið til, og aðstæður hefðu orðið svipaðar og á síðasta ári. Verulegar birgðir útflutningsvöru um áramótin, vænlegar horfur um aflabrögð, ásamt aukningu skipastóls og annarra framleiðslutækja sjávarútvegsins, munu stuðla að auknum útflutningi. Líkur virðast einnig til þess, að notkun erlends lánsfjár verði ekki öllu minni á árinu 1959 en hún var 1958.

Það er hins vegar ljóst, að útflutningssjóður mun ekki hafa bolmagn til þess að standa undir þeim nýju útgjöldum, er leiða af samningunum við framleiðendur útflutningsafurða og þeim auknu niðurgreiðslum, er hafnar voru um s. l. áramót, nema hann fái aukið fé í hendur. Þessa fjárþörf má áætla um 150 millj. kr. (77 millj. kr. vegna aukinna útgjalda til útflutningsins og 75 millj. kr. vegna aukinna niðurgreiðslna). Ríkisstjórnin telur, að eftir þær verðlagshækkanir, er urðu á s. l. ári af völdum laganna um útflutningssjóð o. fl., megi ekki á nýjan leik hækka yfirfærslu- og innflutningsgjöld. Það, sem mestu máli skiptir nú, er að stöðva hina öru verðbólguþróun, er leitt hefur af víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds. Það getur ekki tekizt, ef nýjum verðhækkunum er nú hrundið af stað. Þess vegna hefur ríkisstjórnin lagt til, að kauplag og verðlag sé fært niður á þann hátt, er frumvarpið um það efni, sem þegar hefur verið lagt fram, gerir ráð fyrir. Þessi niðurfærsla mun stórlega draga úr þeirri aukningu útgjalda, er útflutningssjóður hefði annars orðið að taka á sig. Hún mun hins vegar ekki leysa vandann að fullu. Enn mun sjóðinn skorta um 150 millj. kr. til þess að afkoma hans sé sæmilega tryggð á árinu 1959. Ríkisstjórnin telur, að þennan vanda verði að leysa í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959, og telur það unnt, fyrst og fremst með lækkun útgjalda, raunhæfari áætlun tekna en nú er í fjárlagafrumvarpinu, og notkun tekjuafgangs frá árinu 1958. Mun ríkisstjórnin gera grein fyrir tillögum sínum í þeim efnum, þegar fjárlögin verða afgreidd.

Hér fer á eftir sundurliðun á hinni áætluðu útgjaldaaukningu útflutningssjóðs vegna útflutningsatvinnuveganna:

Sjóvátryggingariðgjöld báta	25.0	millj.	kr.
Bráðafúatryggingariðgjöld báta fyrir árið 1959 ..	7.3	—	—
Bráðafúatryggingariðgjöld báta fyrir árið 1958 ..	4.0	—	—
Sérbætur til vinnslustöðva	20.5	—	—
Niðurgreiðsla á beitu	1.2	—	—
Bætur til báta, togara og vinnslustöðva vegna kaupgreiðsluvísitölu 202 í janúar	6.8	—	—
Hækkun bóta á síld, sem veidd er á tímabilinu 1. janúar til 15. maí	0.7	—	—
Hækkun bóta á sumar- og haustsíld umfram greiðslu trygginga fyrir bátana (áætlað)	5.5	—	—
Hækkun bóta á útfluttar landbúnaðarafurðir	6.5	—	—
Samtals	77.5	millj.	kr.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 6. gr. laganna um útflutningssjóð o. fl. getur ríkisstjórnin ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að einnig verði heimilt að greiða sérstakar bætur á fisk, er fari í tiltekna vinnslu. Ætlunin er, að þessi heimild verði notuð til greiðslu sérstakra bóta á fisk, sem unninn er sem saltfiskur og skreið. Hér er í rauninni ekki um nýjung að ræða, þar sem útflutningssjóður greiddi á s. l. ári sérstakar bætur á saltfisk og skreið, sem tekin var til verkunar fyrir 15. maí 1958, og sömuleiðis á saltfisk, sem verkaður var til sölu í Jamaica. Nú er hins vegar gert ráð fyrir, að sérstakar bætur verði greiddar á allan fisk, sem unninn er sem saltfiskur og skreið, og að heimild til þeirra greiðslna verði tekin í lög.

Þá er gert ráð fyrir, að útflutningssjóði verði veitt heimild til að greiða bátum, togurum og vinnslustöðvum sérstakar bætur á fisk, sem framleiddur er í janúarmánuði 1959. Slíkar greiðslur verða óhjákvæmilegar vegna þess, að ákvörðun bóta til sjávarútvegsins fyrir allt árið 1959 er miðuð við kaupgreiðsluvísitölu 175. Verður þar af leiðandi að bæta sérstaklega þann mismun í rekstrarkostnaði, er stafar af því, að hærri kaupgreiðsluvísitala (202) hefur verið gildandi í janúarmánuði.

Loks bætist nú við 6. gr. heimild til að greiða niður verð á beitu. Þegar samið var um starfsgrundvöll fyrir útgerðina á vetrarvertíð 1957, var ákveðið, að verð á beitu skyldi lækka um 20 aura á kg frá því, sem beitunefnd hafði ákveðið, og tóku frystihúsin á sig þessa verðlækkun. Þar sem starfsgrundvöllur bátaútvegsins er miðaður við línubát, hefði það getað leitt til verulegrar hækkunar á bótum til bátanna, ef þessi verðlækkun á beitu hefði nú fallið niður. Hins vegar töldu frystihúsin sér ekki lengur fært að greiða þessa lækkun, og er því lagt til, að ríkisstjórnin geti ákveðið, að útflutningssjóður greiði niður verð á beitu.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein haldast þær reglur óbreyttar, sem í gildi hafa verið um bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Það er hins vegar tekið fram, að bætur á landbúnaðarafurðir, sem framleiddar eru frá byrjun verðlagsársins 1958—1959 (þ. e. frá 1. september 1958) skuli greiðast samkvæmt þeim bótum, sem greiddar verða á afurðir bátaflotans af þorskveiðum 1959. Þetta ákvæði er í samræmi við framkvæmd bótagreiðslna á landbúnaðarafurðir á undanförnum árum.

Um 3. gr.

Í þessari grein felast tvær nýjungar. Í fyrsta lagi er ríkisstjórninni heimilað að ákveða, að útflutningssjóður greiði vátryggingariðgjöld fiskibáta (sjóvátryggingu og bráðafúatryggingu). Í núgildandi lögum er heimild í 18. gr. til að greiða sjóvátryggingu, en sú heimild er takmörkuð við árið 1958. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, verður heimildin án tímatakmarks. Enn fremur bætist við heimild til að greiða iðgjöld vegna bráðafúatryggingar, en slík trygging hefur verið í gildi síðan 1. maí s. l. Hér er ekki um að ræða aukningu á hlunnindum báta frá því, sem áður hefur verið, heldur um annað fyrirkomulag á bótagreiðslum til báta en lögin um útflutningssjóð upphaflega gerðu ráð fyrir. Samkvæmt þeim lögum var til þess ætlazt, að greiðslur vátryggingariðgjalda til báta féllu niður, og var sú upphæð, er samsvaraði þeim greiðslum, felld inn í þær 80% almennu bætur, er greiddar eru á bátafisk samkvæmt 3. gr. laganna. Þó heimilaði 18. gr., að síðari hluta árs 1958 skyldu vátryggingariðgjöldin greidd umfram það, sem bátunum bar í almennum bótum. Þessar tímabundnu umframgreiðslur falla nú niður, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Hins vegar hefur Landssamband íslenzkra útvegsmanna

lagt á það mikla áherzlu, að útflutningssjóður haldi áfram að greiða vátryggingariðgjöldin, enda þótt það jafngildi því, að þær almennu bætur á útflutningsverðmæti, sem greiddar eru á bátafisk, og þar með einnig á togarafisk, verði að sama skapi lægri. Ríkisstjórnin telur rétt að verða við óskum útvegsmanna um þetta fyrirkomulagsatriði, og það því fremur, sem það gerir mögulegt að halda hinum almennu bótum á útflutningsverðmæti óbreyttum frá því, sem verið hefur.

Þá er í öðru lagi ráð fyrir því gert, að í samráði við Seðlabankann, gjaldeyrisbankana og stjórn útflutningssjóðs geti ríkisstjórnin ákveðið, að bankar greiði 55% bætur á fob-verðmæti útfluttra vara við gjaldeyrisskil, eða þá upphæð, er jafngildir hinum almennu yfirfærslubótum samkvæmt 22. gr. laganna. Eftirstöðvar útflutningsbótanna mundi útflutningssjóður greiða. Slík breyting á fyrirkomulagi bótagreiðslna og hér um ræðir hefur um nokkurt skeið verið til athugunar, og er það eindregin ósk útflytjenda, að hún verði gerð.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., greiddi útflutningssjóður ríkissjóði 20% af tekjum sínum. Um leið og niðurgreiðslur voru fluttar yfir á útflutningssjóð með hinum nýju lögum um útflutningssjóð nr. 33 1958, voru þessar greiðslur lækkaðar ofan í 20 millj. kr. á ári. Þar sem útgjöld útflutningssjóðs vegna niðurgreiðslna munu nú aukast verulega, þykir rétt að fella þessar greiðslur niður með öllu frá 1. janúar 1959 (sbr. skýringar við 5. gr.).

Um 5. gr.

Auknar niðurgreiðslur frá 1. janúar 1959 munu auka útgjöld útflutningssjóðs vegna niðurgreiðslna um 75 millj. kr. Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að útflutningssjóður geti staðið undir þessum niðurgreiðslum nema aðstoð frá ríkissjóði komi til. Er því lagt til, að ríkissjóði verði heimilað að endurgreiða útflutningssjóði niðurgreiðslur eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

Nd. 188. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og tók fjárhagsnefnd efri deildar einnig þátt í þeirri athugun. Á sameiginlegum fundum var efni frumvarpsins rætt og ýmsar nánari skýringar fengnar varðandi einstakar greinar. Hagstofustjóri kom á fund nefndanna og gaf ýmsar upplýsingar.

Ekki varð samkomulag um afgreiðslu málsins í nefndinni.

Einn nm. (EOl) greiddi atkvæði á móti frv., og annar nm. (SkG) mun skila séráliti.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt, en áskiljum okkur rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 25. jan. 1959.

Pétur Pétursson, fundaskr., frsm. Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 189. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

1. Við 7. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Frá 1. febrúar 1959 skal gera eftirfarandi breytingar á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir árið 1958—59: Hækka skal laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum um 3.3%, svo að vinnuliður hans sé í samræmi við hækkun þá, er varð á tímakaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík frá 1. september 1957 til 23. september 1958. Eftir þessa hækkun vinnuliðar verðlagsgrundvallar skal færa hann niður sem svarar lækkun kaupgreiðsluvísitölunnar úr 185 stigum í 175 stig, og heildarupphæð verðlagsgrundvallar skal lækkuð til samræmis. — Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 lækka afurðaverð til framleiðenda í hlutfalli við lækkun þá á heildarupphæð verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem leiðir af þessum breytingum hans.
2. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Ed. 190. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:
Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og sérstök aukaskoðun.

2. gr.

c-liður 24. gr. orðist þannig:
Á öllum öðrum skipum ár hvert.
d-liður sömu greinar falli niður.

3. gr.

27. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

4. gr.

28. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

31. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

6. gr.

53. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, endurskoðun smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

7. gr.

54. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns skipaskoðunar ríkisins greiðir eigandi þeim, sem hlut eiga að máli.

8. gr.

55., 56., 57., 58., 59. og 60. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

9. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist þannig:

Gjöldin skulu innheimt af skipaskoðun ríkisins eða lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins.

Gjöldunum fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjald, í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

10. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra svo og lög nr. 21 1. marz 1956 og 1. gr. laga nr. 38 8. maí 1957 inn í lög nr. 68 5. júní 1947 og gefa þau út svo breytt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 191. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (KK) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 26. jan. 1959.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Friðjón Þórðarson. Eggert G. Þorsteinsson.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 192. Nefndarálit [39. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á sáttmála um stofnun Atómvísindastofnunar Norðurlanda til samvinnu á sviði friðsamlegra atómvísinda.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi hefur þegar samþykkt þátttöku Íslands í þessu samstarfi og er staðfesting sáttmálans því aðeins formsatriði. Nefndin mælir með, að staðfestingin verði veitt með samþykkt tillögunnar.

Einn nefndarmanna (BÓ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. jan. 1959.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Sigurðsson.
Ásgeir Bjarnason.	Steingr. Steinþórsson.	Alfreð Gíslason.

Nd. 193. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

Við 8. gr.

a. 2. málsliður falli burt.

b. Síðasti málsl. orðist svo:

Hafi heimild til hækkunar afurðaverðs, samkv. 1. málsl. þessarar greinar, ekki verið notuð að einhverju eða öllu leyti, þá er ekki skylt að lækka afurðaverð samkv. næsta málslið hér á undan, nema kaupgreiðsluvísitalan lækki niður fyrir þá vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir.

Nd. 194. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til l. um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 8. gr.

a. Fyrir „5 stigum“ í 2. málsl. komi: 2 stigum.

b. Fyrir „5 stig“ í 4. málsl. komi: 2 stig.

c. Fyrir „105 stig“ í sama málsl. komi: 102 stig.

d. Fyrir „4 stig“ í sama málsl. komi: 1 stig.

e. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Nd. 195. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo:
Á bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga og í lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, skal þó frá sama tíma greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 185.

Nd. 196. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Með frv. er gert tvennt, ef að lögum verður:
Í fyrsta lagi er með lagaboði skertur samningsréttur verkalýðs og allra launþega, þar sem frjálsum samningum samtaka þeirra við atvinnurekendur er breytt til hins verra og án þeirra samþykkis. Jafnframt er með þessu fyrirskipuð rýrnun launa og lífskjara, sem getur numið allt frá 5.4% til 10—13%, eftir því hvernig stjórnarvöld haga framkvæmdum.
Í öðru lagi er verið að lögskipa hraðari aukningu verðbólgunnar í öllu verðlagskerfinu en verið hefur til þessa með fyrirmælum um tíðari endurskoðun en áður á landbúnaðarverði og fiskverði við hverja sveiflu, sem verða kann á framfærsluvísitölu.
Skal nú athuga nánar þessa tvo höfuðþætti frumvarpsins hvorn um sig.

Rofnir samningar á verkalýðsfélögunum og samningsfrelsi skert.

Með þessu frumvarpi er verið að rjúfa samninga á verkalýðsfélögunum og öðrum samtökum launþega og traðka samningsrétt þeirra og samningsfrelsi fótum. Og það yrði gert, ef þetta frv. yrði að lögum, af sjálfu Alþingi, sem einmitt ætti að varðveita stjórnskipulegan rétt launþega til þessara samninga.
Í fyrsta lagi eru með þessu frv. tekin á brott úr greiðslum til allra launþega 10 vísitölustig, sem þeir höfðu samningsbundinn rétt til að fá greidd frá atvinnurekendum. Er þetta gert þrátt fyrir mótmæli verkalýðssamtaka og stjórnar heildarsamtakanna, stjórnar Alþýðusambands Íslands.
Í öðru lagi er með þessu frumvarpi breytt með lagaákvæðum öllu grunnkaupi í landinu, þar sem 5. gr. mælir svo fyrir, að leggja skuli saman grunnkaup og núverandi vísitölu og reikna síðan það, sem þá kemur út, sem grunnlaun upp frá því. Verkalýðssamtökin hafa hingað til litið svo á, að einmitt grunnkaup væri verkalýðssamtökunum enn helgara en vísitölugreiðslan, en hér er því í engu skeytt, heldur öllu grunnkaupi breytt, en sá grundvöllur þó áður rýrður með þessum lögum, er framtíðargrunnkaupið byggðist á, ef þessi lagasetning yrði til að móta það.
Í þriðja lagi er breytt til um allan þann útreikning, sem verið hefur á vísitölugreiðslunni. Hingað til hefur kauplagsvísitalan breytzt við hvert eitt stig, sem framfærsluvísitalan breyttist um. Nú verður sú breyting á, ef þetta frv. verður að lögum, að hvert eitt stig hinnar nýju vísitölu jafngildir næstum tveim stigum gömlu vísitölunnar, svo að segja má, að héðan af breytist kaupgjald aðeins, ef vísitalan hreyfist um 2 stig. — Samtímis eru svo sett ákvæði í 6. gr., sem raunverulega binda alla kaupgreiðslu til ágústloka við vísitöluna, sem verður í marz. — Þannig er að

heita má öllum ákvæðum núverandi kjarasamninga viðvíkjandi greiðslu samkvæmt vísitölu breytt með þessu frv., ef að lögum yrði, að samningsaðilum forspurðum og þrátt fyrir mótmæli margra þeirra.

Í fjórða lagi er svo lögskipaður nýr vísitölugrundvöllur, án þess að verkamenn og atvinnurekendur hafi um hann samið, heldur er hann með lagaboði settur í stað þess, er samningarnir ákveða. Sá vísitölugrundvöllur hefur vissulega marga kosti fram yfir hinn gamla, en þegar hann er lögleiddur, þá ætti það að gerast þannig, að samningsaðilar hefðu komið sér saman um hann og síðan væri hann leiddur í lög, en ekki með því að rjúfa alla samninga. (Hinn nýi vísitölugrundvöllur er birtur hér sem fylgiskjal I.)

Eins og sjá má af rökum þeim, sem hér hafa verið fram sett, þá er hér samningum verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka stórbreytt og það til hins verra og án alls samráðs við þau, en undir mótmælum þeirra, er til næst. Þegar af þessari ástæðu bæri að fella þetta frv. til þess að tryggja, að samningsréttur og samningsfrelsi verkalýðsfélaganna sé í heiðri haft.

Lífskjör verkalýðsins og launþega rýrð með lagaboði.

Höfuðatriði þessa frv. og aðaltilgangur þessara laga, ef samþykkt verða, virðist vera sá að rýra launakjör verkamanna og annrra launþega. Ríkisstjórnin álítur, að sú rýrnun verði 5.4% launanna eða hin bótalausa lækkun vísitölunnar úr 185 niður í 175, sem samsvarar 5.4%. — Sé hins vegar tekið tillit til þess taps, er launþegi bíður við niðurgreiðslu vísitölunnar um 17 stig með þeim hætti, sem hún nú er framkvæmd, verður launalækkunin 9.3%.

Gizkað er á, að heildarlaun allra þeirra 30 þúsund verkamanna og verkakvenna, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, hafi 1958 verið 1500 millj. kr., en heildarlaun allra launþega á Íslandi hafi þá verið 2900 millj. kr. Að áliti ríkisstjórnarinnar væri þá um það að ræða að taka ca. 150 millj. kr. frá öllum þessum launþegum, þar af 80 millj. kr. frá meðlimum Alþýðusambands Íslands, til þess að stöðva með því verðbólguna (5.4% af 2900, resp. 1500 millj. kr.). Þetta eru engar smáræðisupphæðir fyrir verkamenn og aðra launþega, en þar að auki vofir það yfir þeim, að þessar upphæðir, sem taka skal af þeim samkvæmt frumvarpinu, verði í rauninni næstum því helmingi hærri eða 9.3%, og það þýðir, að 150 millj. kr. séu teknar af meðlimum Alþýðusambands Íslands (eða 5000 kr. að meðaltali af hverjum meðlim verkalýðsfélaga) eða 270 millj. kr. af öllum launþegum Íslands.

Verði þetta gert með því móti, sem frv. fer fram á, eiga launþegar Íslands því á hættu að tapa þarna geysilegum fjárfúlgum — allt að 270 millj. kr., — þótt hins vegar sé látið í veðri vaka, að aðeins þurfi 150 millj. kr.

Lækkun sú, sem fyrirskipuð er á tekjum sjómanna samkv. 9. gr., er í senn ranglát og sérstaklega hættuleg, þar sem þjóðfélagið þarf einmitt sjálfs sín vegna að gera vel við sjómenn, en ekki gera ráðstafanir til að skemma nýgerða samninga þeirra og lækka nýumsamið kaup þeirra með lagaboði.

Það hlýtur því að vakna sú spurning, hvort ekki sé hægt að taka þessar 150 millj. kr., sem þurfi til að stöðva verðbólguna, annars staðar en hjá launþegum, — eða ef samið væri við verkalýðssamtökin og önnur launþegasamtök um ráðstafanir í þessu skyni að bæta þeim upp að fullu með 150 millj. kr. það, sem þeir breyttu kaupgjaldi sínu með samningum.

Það er því rétt að athuga, hvort ekki séu til slíkar upphæðir sem þessar í ríkis- og þjóðarbúskapnum, ef vel væri leitað eða betur stjórnað.

Hvað ríkisbúskapinn sjálfan snertir, þá er rétt að vekja athygli á nokkrum upphæðum í þessu sambandi:

40 millj. kr. mætti að margra áliti skera niður á núgildandi fjárlögum, jafnvel meira. Og það væri vissulega ekki ósanngjarnt, að ríki, sem vill heimta 5.4% fórn af hverjum launþega, sparaði fyrst sjálft samsvarandi upphæð eða um 50 millj. kr. af 900 millj. kr. fjárlögum.

Um 50 millj. kr. ætti að mega hækka núverandi tekjuáætlun fjárlaga að minnsta kosti án þess að tefla á tæpasta vaðið.

40—60 millj. kr. munu vera afgangs af tekjum síðasta árs óráðstafað.

Þá er heldur ekki fjarri að minna á, að rúmum 60 millj. kr. aukatekjum af yfirfærslugjaldi vegna lántöku til ríkissjóðs var ráðstafað af tveim stjórnarflokkum úr fyrrverandi ríkisstjórn án samþykktar Alþingis, — og máske eru slíkar tekjur væntanlegar, án þess að um það fáist rætt, meðan verið er að taka 80 millj. kr. af meðlimum Alþýðusambands Íslands með þessum lögum.

Aðeins þessar upphæðir, sem hér eru nefndar, eru samtals 150 millj. kr., eða yfir 200, ef hægt væri að reikna með svipaðri upphæð og hinni síðastnefndu. Og er þó aðeins rætt um ríkið og tekjur þess, en að vísu þarf einnig að útvega því tekjur til annarra útgjalda, en þá ber líka að muna, að líklega hefur verið greitt 50—60 millj. kr. meira til útflutningsins með nýgerðum samningum en hægt væri að komast af með. Það sýnir, að það er ekki verið að skera við nögl sér, þegar verið er að semja við aðra, þó að verkalýð og launþegum sé sagt, að nú verði þeir að fórna.

Hins vegar er víðar hægt að leita í þjóðarbúskapnum en hjá ríkinu sjálfu til þess að finna gróða, er skerða mætti, eða útgjöld, sem draga mætti úr.

Bankarnir hafa undanfarin ár haft upp undir 70 millj. kr. í gróða á ári.

Í heildverzlun landsins og fjölmörgum fyrirtækjum, ekki sízt olíufélögunum, munu vera möguleikar til að spara milljónatugi með betri og skynsamlegri rekstri eða með nokkurri minnkun gróða.

Og þá er ekki hvað sízt hægt að draga nokkuð úr ýmsum þáttum fjárfestingarinnar, áður en farið er að minnka launatekjur verkamanns með 5000 kr. mánaðartekjur um það, sem samsvarar hér um bil eins mánaðar launum á ári.

Framleiðslutekjur Íslendinga 1957 voru um 4900 millj. kr. Þar af eru 1600 millj. kr. fjárfesting, 700 millj. kr. er rekstur hins opinbera og 2600 millj. kr. er neyzla allra landsmanna. Skyldi ekki mega spara 80 til 160 millj. kr. á fjárfestingunni, 5—10%, áður en farið væri að skera niður laun verkamanna og láglaunamanna?

Það er því vitað mál, að hægt er að taka 150 millj. kr. á ýmsum stöðum, sinn hlutann á hverjum, áður en seilzt er í vasa launþeganna.

Og það er það, sem á að gera.

Hvað snertir kaupskerðinguna, sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar, frá sjónarmiði hins einstaka verkamanns og launþega, skal settur hér útreikningur um, hverju kauplækkunin nemi, er birtist í síðasta tölublaði blaðsins Dagsbrún (17. árg., 1. tbl., 21. jan. 1959) og hljóðar svo:

„Það er nú ljóst, að ríkisstjórnin ætlar sér að lækka kaupgjaldsvísitöluna um 27 stig, úr 202 í 175, bæði með bótalausum niðurskurði og stórauknum niðurgreiðslum af almannafé. Afleiðingin yrði stórfelldari skerðing á kjörum verkafólks en orðið hefur síðan gengið var lækkað 1950. Hér skulu raktar nokkrar staðreyndir, sem sýna áhrifin á raunverulegt kaup Dagsbrúnarmanna:

Útborgað kaup lækkar um 13.4%.

Tímakaup Dagsbrúnarmanna er nú kr. 23.86 í almennri verkamannavinnu. Þegar vísitalan er komin í 175, með stýfingu og niðurgreiðslum, lækkar tímakaupið í kr. 20.67. Skerðingin á útborguðu tímakaupi nemur þannig kr. 3.19 eða 13.4%. Sé reiknað með átta dagvinnutímum og einum eftirvinnutíma, lækkar dagkaupið um kr. 30.31. Það jafngildir kr. 757.75 lækkun á mánaðarkaupi — sé reiknað með 25 vinnudögum — og kr. 9 093.00 lækkun á árskaupi.

Sparnaður á útgjöldum meðalfjölskyldu.

Á móti þessari kaupskerðingu kemur sparnaður vegna lækkunar á nokkrum vörutegundum með niðurgreiðslum af almannafé. Samkvæmt nýjustu búreikningum,

sem Torfi Ásgeirsson hagfræðingur hefur safnað á vegum kauplagsnefndar, verður sparnaður meðalfjölskyldu á þessa leið (meðalfjölskyldan telur 4—5 meðlimi):

115.36 kíló af kindakjöti lækka um kr. 770.57.
39.55 kíló af saltfiski lækka um kr. 65.26.
1022 lítrar af nýmjólk lækka um kr. 901.98.
235.65 kíló af kartöflum lækka um kr. 141.39.
16.96 kíló af skömmtuðu smjöri lækka um kr. 164.51.
42.4 kíló af skömmtuðu smjörlíki lækka í verði um kr. 72.08.

Árssparnaður meðalfjölskyldu vegna hinna nýju niðurgreiðslna ríkisstjórnarinnar er þannig kr. 2 115.79 — en sparnaður á mánuði er kr. 176.32. (Þess ber að geta, að sumir þessir sparnaðarliðir eru næsta hæpnir, t. d. verðlækkunin á kartöflum, þar sem býsna margir rækta kartöflur sínar sjálfir; einnig lækkaði ríkisstjórnin smjörskammtinn um 2 kíló á mann á ári, um leið og hún jók niðurgreiðsluna, þannig að smjörneyzla meðalfjölskyldu verður sízt ódýrari en hún var. Sparnaðurinn í heild verður nokkru meiri, ef fjölskyldan er stærri, en fyrir einhleypinga, sem kaupa fæði á matsöluhúsum, verður hann eflaust sáralítill.)

Þessar niðurgreiðslur jafngilda 15 vísitölustigum. Jafnframt reiknar ríkisstjórnin með því, að verðlag lækki um 4 stig í viðbót, þegar búið er að skerða kaupgjaldsvísitöluna og gera aðrar hliðstæðar ráðstafanir. Sé sparnaðurinn af þeirri lækkun áætlaður hlutfallslega hliðstæður og af niðurgreiðslunum, bætast við kr. 54.25 á mánuði. Mánaðarlegur heildarsparnaður meðalfjölskyldu af því að lækka kaupgjaldsvísitöluna úr 202 stigum í 175 stig á þennan hátt yrði þannig kr. 230.57.

Raunveruleg kauplækkun 9.3%.

Eins og áður er sagt, lækkar útborgað mánaðarkaup Dagsbrúnar um kr. 757.75. Þegar búið er að draga sparnaðinn frá, nemur lækkunin kr. 527.18 — og sýnir sú upphæð lækkunina á raunverulegu mánaðarkaupi. Kaupskerðingin nemur þannig 9.3%. Hún jafngildir því nákvæmlega einum eftirvinnutíma á dag, þannig að segja má, að ríkisstjórnin fyrirskipi verkamönnum að vinna einn eftirvinnutíma á dag aukalega, ef þeir vilji halda óskertu kaupi.

Sex viðbótarstig, sem ekki verða bætt.

Með þessu er sagan þó ekki fullsögð. Allir þessir útreikningar eru miðaðir við verðlagið eins og það var 1. nóv. Síðan hefur verðlag hækkað sem svarar sex vísitölustigum, og ætlun ríkisstjórnarinnar mun vera, að fyrir þau stig komi engar bætur. Felur það í sér 3—4% kaupskerðingu í viðbót við það, sem talið er hér að framan."

Hvað um verðlækkunina?

Hætta er á, að lítið verði úr verðlækkun þeirri, sem um ræðir í 8. og 10. gr. Slík fyrirmæli hafa áður verið sett í svipuð lög, en reynslan orðið slæm. Þeir atvinnurekendur og framleiðendur, sem í hlut eiga, eru vanir að bera fram alls konar kröfur um hækkanir til þess að bæta sér upp það, sem vörur þeirra ættu að lækka um. Bárust fjárhagsnefnd strax slíkar kröfur eða tillögur frá framleiðsluráði landbúnaðarins, og vitanlegt er, að samsvarandi kröfur eru í undirbúningi hjá ýmsum samtökum atvinnurekenda.

Hættan er sú, að komist afturhaldið í landinu upp með það að fyrirskipa launalækkun hjá verkamönnum, þá verði ekkert gert í neinu öðru. Ef færa þarf fórnir, þá á að byrja á þeim, sem breiðust hafa bökin, og ekki koma að verkamönnum og láglaunamönnum fyrr en búið er að þrautreyna með árangri alls staðar annars staðar.

En hér er farið öfugt að.

Verðbólguna þarf að stöðva, en afleiðingar þessa frv. og næstu skrefa á eftir yrðu þær að auka hana.

Íslenzku þjóðinni er lífsnauðsyn á því að stöðva verðbólguna. Það var gert með verðstöðvunarstefnunni, sem Alþýðubandalagið beitti sér fyrir með aðstoð verkalýðssamtakanna í vinstri stjórninni, og sú verðstöðvunarstefna stóð frá september 1956 til maí 1958. Það var á móti vilja Alþýðubandalagsins og þrátt fyrir aðvaranir þess og mótmæli, að Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn knúðu það fram, að vikið var frá þeirri stefnu vorið 1958.

Alþýðubandalagið lagði fram í ríkisstjórninni í nóv. 1958 tillögur um stöðvun verðbólgunnar og lausn efnahagsmálanna, án þess að gripið væri til slíkra óyndisúrræða sem felast í þessu frv.

En allt kom fyrir ekki.

Tveir sterkustu flokkar þingsins, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, hafa gert það að skilyrði við stjórnarsamninga í síðasta mánuði, að efnahagsmálin séu leyst með því að lækka raunverulega grunnkaup verkamanna og annarra launþega um 6—8%.

Þetta frv. er framkvæmd á þeim kröfum.

Verðbólgutalið er frá hálfu þessara flokka aðeins yfirskin, því að báðir eru þeir með gengislækkun, sem mundi stórauka verðbólguna í landinu.

Álit mitt er það, að aðalatriði þessa frv. sé fyrir þá, sem það samþykkja, hin lögskipaða launalækkun, sem gerð er undir yfirskini þess að stöðva hina þjóðhættulegu verðbólgu, síðan sé ætlunin að halda launum niðri samkvæmt því til hausts, en að loknum kosningum í haust, ef tvennar yrðu í ár, þá sé ætlunin að koma á gengislækkun og þar af leiðandi nýrri verðbólgu. Með því hins vegar að fjötra saman allt verðlag á fiski og landbúnaðarvörum við hverja hreyfingu vísitölunnar — og jafnvel grunnkaupsins — á að gera verkamönnum næstum ókleift að hreyfa kaup sitt, bæta kjör sín og gera jafnframt allt vísitölukerfið, sem verið hefur vörn launþegans gegn dýrtíðinni, að sama skapi óvinsælt og undirbúa jarðveginn fyrir afnám þess. (Yfirlýsingar um að láta jafnvel grunnkaupshreyfingar valda endurskoðun fiskverðs er að finna í samningum ríkisstjórnarinnar, sem birtir eru sem fylgiskjal II.)

Ég álít þessar fyrirætlanir jafnhættulegar sem þær eru ranglátar. Ég álít þetta frv. vera fyrsta spor, sem stigið yrði inn á braut, er leiða mundi til gengislækkunar, frekari kauplækkunar og atvinnuleysis.

Ég legg því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 26. janúar 1959.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Hagstofan — Kauplagsnefnd.

Vísitölugrunnur.

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
			A. HÚSNÆÐI		
1.	3.17	Herb.	Ársleiga á herbergi (eldhús talið sem herbergi)	3000.00	9510.00
				Alls A:	9510.00
			B. HITI. RAFMAGN O. A.		
1.	246.00	m³	Heitt vatn frá Hitaveitu Rvíkur	3.00	738.00
2.	1316.00	l	Dieselolía, heimkeyrð	0.86	1131.76
3.	2.17	Herb.	Taxti B2, ársgj. á herb., Rafmagnsv. Rvíkur	53.76	116.66

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
4.	2169.00	Kwst.	Taxti B2, kwst. gjald, Rafm.v. Rvíkur	0.56	1214.64
5.	15.51	Búnt	Eldspýtur, ódýrasta tegund	3.50	54.29
6.	11.67	l	Steinolía í smásölu	1.65	19.26
				Alls B:	3274.61
			C. MATVÖRUR		
			1. Kjötmeti		
1.	21.04	kg	Kindakjöt, heil læri, 1. verðfl.	27.75	583.86
2.	13.11	kg	Kindakjöt, hryggur, 1. verðfl.	27.75	363.80
3.	52.64	kg	Súpukjöt, 1. verðfl.	24.65	1297.58
4.	4.15	kg	Nautakj., steik og súpukjöt að hálfu	34.05	141.31
5.	5.93	kg	Kálfakjöt, súpukjöt—Uk I	22.70	134.61
6.	3.61	kg	Hrossakjöt, beinlaust steikarkjöt og saltkjöt að hálfu	20.75	74.91
7.	2.02	kg	Reykt flesk (skinka)	65.00	131.30
8.	15.06	kg	Kjötfars	16.50	248.49
9.	4.74	kg	Hangikjöt, frampartur og læri að hálfu ..	33.90	160.69
10.	23.83	kg	Saltkjöt (kindakjöt)	25.25	601.71
11.	4.43	kg	Kindabjúgu, óinnpökkuð	26.20	116.07
12.	6.73	kg	Vínarpylsur í plastumbúðum	26.20	176.33
13.	3.56	kg	Kæfa í lausri vigt	45.46	161.84
14.	2.17	kg	Rúllupylsa, niðurskorin	70.00	151.90
15.	2.17	kg	Malakoff, niðurskorin	70.00	151.90
16.	2.17	kg	Lambasteik, niðurskorin	72.00	156.24
17.	1.85	kg	Slátur, heil, haustverð, m/sviðnum haus án mörs	35.00	64.75
18.	4.25	kg	Blóðmör, soðinn	19.00	80.75
19.	1.32	kg	Lifrarpylsa, soðin	20.00	26.40
20.	1.85	kg	Hvalkjöt, hraðfryst	15.63	28.92
21.	3.30	kg	Kindalifur, hraðfryst	21.25	70.12
22.	1.15	kg	Hvalrengi, súrt	14.92	17.16
				Alls C 1:	4940.64
			2. Fiskmeti		
1.	34.87	kg	Þorskflök án þunnilda, ný	6.75	235.37
2.	125.60	kg	Ýsa, slægð og hausuð, ný	3.40	427.04
3.	4.62	kg	Ýsuflök, roðflett, blokkfryst	12.00	55.44
4.	6.16	kg	Stórlúða, ný	12.00	73.92
5.	13.43	kg	Smálúða, ný	8.00	107.44
6.	4.49	kg	Léttreyktur fiskur	12.00	53.88
7.	5.30	kg	Fiskfars	9.50	50.35
8.	4.19	Dós	Fiskbollur, ½ dós ca. 900 gr	12.75	53.42
9.	39.55	kg	Saltfiskur (þorskur, þurrkaður)	6.00	237.30
10.	1.93	kg	Harðfiskur (þorskur, ópakkaður)	37.47	72.32
					1366.48
11.			Viðbót við fiskmeti 9.75%		133.23
				Alls C 2:	1499.71

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
			3. Mjólk, mjólkurvörur, feitmeti, egg		
1.	1022.00	l	Nýmjólk í ¼ l flöskum	3.48	3556.56
2.	14.12	l	Rjómi, 30% í 0.25 l fl.	30.40	429.25
3.	58.01	kg	Skyr, laus vigt	7.10	411.87
4.	23.91	kg	Smjör frá mjólkurbúum, óniðurgreitt	60.20	1439.38
5.	57.21	kg	Smjörlíki, óniðurgreitt	11.30	646.47
6.	10.26	½ fl.	Lýsi, ca. 0.38 l með flösku	6.60	67.72
7.	11.40	kg	Mjólkurostur í smást. 45%	36.85	420.09
8.	2.28	kg	Mysuostur í pökkum	15.00	34.20
9.	19.22	kg	Egg, stimpluð	31.00	595.82
10.	2.58	kg	Tólg í pökkum	13.35	34.44
				Alls C 3:	7635.80
			4. Mjölvara og baunir		
1.	99.68	kg	Hveitimjöl í 5 lbs. (2.268 kg) pappírspoka	3.96	394.73
2.	23.10	kg	Haframjöl, laus vigt	3.65	84.32
3.	9.61	kg	Hrísgrjón í 1 lbs. pappírspoka (0.4536 kg)	7.61	73.13
4.	3.81	kg	Sagógrjón í 400 gr pappírspoka	8.10	30.86
5.	6.47	kg	Baunir, laus vigt	5.70	36.88
6.	10.97	kg	Kartöflumjöl, laus vigt	5.78	63.41
7.	3.19	kg	Rúgmjöl, laus vigt	2.75	8.77
				Alls C 4:	692.10
			5. Brauð og brauðvörur		
1.	24.29	Stk.	Rúgbrauð, 1.50 kg	5.00	121.45
2.	24.29	Stk.	Normalbrauð, 1.25 kg	5.00	121.45
3.	107.39	Stk.	Franskbrauð, 0.50 kg	3.60	386.60
4.	36.57	Stk.	Heilhveitibrauð, 0.50 kg	3.60	131.65
5.	13.73	kg	Mjólkurkex, laus vigt	13.45	184.67
6.	3.28	kg	Kremkex, laus vigt	23.10	75.77
7.	1.66	kg	Tekex, laus vigt	21.45	35.61
8.	284.75	Stk.	Vínarbrauð niðurskorin úr lengjum 6 stk. úr lengju	0.95	270.51
9.	13.85	Stk.	Jólakaka, 0.50 kg	9.00	124.65
10.	9.23	Stk.	Sandkaka, 0.50 kg	13.31	122.85
11.	4.45	kg	Tvíbökur, laus vigt	15.90	70.76
				Alls C 5:	1645.97
			6. Garðávextir og grænmeti		
1.	216.12	kg	Haustkartöflur 1. fl.	1.40	302.57
2.	19.53	kg	Sumarkartöflur (verð 1. sept.)	5.25	102.53
3.	30.20	kg	Gulrófur	3.35	101.17
4.	10.68	kg	Tómatar, 1. flokkur	17.70	189.04
5.	10.85	kg	Laukur, nýr	5.55	60.22
6.	6.42	Dós	Grænar baunir, 0.5 kg dós, innlend	6.30	40.45
				Alls C 6:	795.98
			7. Nýir ávextir		
1.	2.47	kg	Sítrónur	18.11	44.73
2.	12.05	kg	Epli, algeng góð tegund	12.10	145.81

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
3.	14.41	kg	Appelsínur, algeng góð tegund	17.50	252.17
4.	1.73	kg	Bananar, 1. fl.	23.00	39.79
					482.50
5.			Viðbót við nýja ávexti 16.02%		77.30
				Alls C 7:	559.80
			8. Þurrkaðir og niðursoðnir ávextir o. fl.		
1.	5.80	kg	Sveskjur, 70/80, laus vigt	20.82	120.75
2.	6.93	kg	Rúsínur, steinlausar, laus vigt	20.70	143.45
3.	1.67	kg	Epli, þurrkuð	51.38	85.80
4.	3.72	Dós	Niðursoðnar perur, ½ dós 1 kg	23.99	89.24
5.	7.01	½ fl.	Kjarnasaft með flösku, 0.75 l, innlend	18.50	129.69
					568.93
6.			Viðbót við þurrkaða og niðursoðna ávexti, 20.49%		116.57
				Alls C 8:	685.50
			9. Nýlenduvörur		
1.	109.42	kg	Strásykur, laus vigt	5.19	567.89
2.	23.93	kg	Höggvinn sykur (molasykur), laus vigt ..	6.20	148.37
3.	24.78	kg	Kaffi, brennt og malað í 250 gr pk.	44.40	1 100.23
4.	4.23	kg	Kaffibætir (Ludvig David)	21.00	88.83
5.	3.16	kg	Kakó, góð algeng tegund í smápökkum	52.56	166.09
6.	1.76	kg	Suðusúkkulaði (Konsum-Sirius)	76.80	135.17
7.	0.43	kg	Te, góð algeng tegund í smápökkum	95.60	41.11
8.	5.22	kg	Salt, 1.5 lbs. = 681 gr (Cerebos)	7.39	38.58
9.	2.24	kg	Lyftiduft, 0.5 lbs. = 227 gr (Royal)	50.88	113.97
10.	4.03	Fl.	Tómatsósa, 14 oz., algeng góð tegund	18.90	76.17
11.	92.30	Stk.	Súputeningar	0.55	50.77
					2 527.18
12.			Viðbót við nýlenduvörur 14.61%		369.22
				Alls C 9:	2 896.40
			10. Öl og gosdrykkir		
1.	10.00	0.35 l	Pilsner án flösku	3.70	37.00
2.	12.00	0.35 l	Maltöl án flösku	3.40	40.80
3.	20.00	0.17 l	Coca-cola án flösku	2.25	45.00
4.	20.00	0.25 l	Ávaxtadrykkur án flösku	2.50	50.00
5.	20.00	0.25 l	Kjarnadrykkur án flösku	2.15	43.00
				Alls C 10:	215.80

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
			D. FATNAÐUR, SKÓFATNAÐUR OG ÁLNAVARA		
			1. Ytri fatnaður karla		
1.	0.29	Stk.	Úlpa með nylon yfirborði, lausu skinnfóðri og fastri hettu	792.71	229.89
2.	0.09	Stk.	Ullargaberdinefrakki, innl. einföld gerð ..	1 063.75	95.74
3.	0.63	Stk.	Föt, hraðsaumuð, án vestis	1 390.00	875.70
4.	2.11	Stk.	Vinnufatabuxur og jakki, nankin	207.23	437.26
5.			Viðbót við „Ytri fatnað karla“		1 638.59
			7.80%		127.81
				Alls D 1:	1 766.40
			2. Ytri fatnaður kvenna		
1.	0.44	Stk.	Kvenkápa án skinnkraga, einfalt snið, alullarefni eða jafngildi	1 711.60	753.10
2.	0.24	Stk.	Dragt, einfalt snið, alullarefni eða jafngildi	1 855.60	445.34
			Viðbót við „Ytri fatnað kvenna“		1 198.44
			24.84%		297.69
				Alls D 2:	1 496.13
			3. Ytri fatnaður barna		
1.	1.09	Stk.	Drengjaúlpa nr. 8, tvíbyrð, með fastri hettu, úr poplín og Álafossefni	302.16	329.35
2.	1.07	Stk.	Drengjabuxur nr. 8, molskinn	160.66	171.91
3.	1.07	Stk.	Drengjaskyrta nr. 8, flonel	63.65	68.11
4.	1.07	Stk.	Telpu-golftreyja á 6—7 ára, alull, innlend	170.25	182.17
			Viðbót við „Ytri fatnað barna“		751.54
			11.69%		87.86
				Alls D 3:	839.40
			4. Skyrtur og nærfatnaður		
1.	1.69	Stk.	Karlmannsskyrta, hvít með föstum hálfstífum flibba, innlend	119.96	202.73
2.	1.17	Stk.	Nærföt karla, bolur með hálfermum, síðar buxur, baðmull, innlend	91.52	107.08
3.	4.06	Stk.	Buxur kvenna, prjónasilki, innlendar	30.51	123.87
4.	0.92	Stk.	Undirkjóll, nylon, meðalgerð varðandi blúndubreidd o. þ. h., innlendur	180.62	166.17
			Viðbót við „Skyrtur og nærfatnað“		599.85
			21.14%		126.81
				Alls D 4:	726.66

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
			5. Sokkar		
1.	3.20	Par	Karlmanns spun-nylon-sokkar, fullorðinsstærð, inlendir	30.56	97.79
2.	10.06	Par	Kvensokkar, nylon- eða perlon-sokkar, 15 denier, gauge 51, meðalstærð	39.68	399.18
3.	5.91	Par	Grillon-hosur nr. 8, innlendar	19.02	112.41
4.	1.36	Par	Ullarhosur á 6—7 ára, innlendar	23.36	31.77
				Alls D 5:	641.15
			6. Skófatnaður o. a.		
1.	1.18	Par	Rindboxskór karla nr. 43, með skinnkappa og sóla og bindsóla úr leðri og gúmmíhæl	247.30	291.81
2.	1.61	Par	Boxcalfskór kvenna, götuskór nr. 38	212.50	342.13
3.	1.69	Par	Barnaskór nr. 31, skinnf. m. gúmmísóla, innlendir	157.33	265.89
4.	1.36	Par	Skóhlífar karla, á nr. 43	51.83	70.49
	1.36	Par	Hnéhá gúmmístígvél karla, svarandi til skóstærðar 43	84.94	115.52
5.	0.92	Par	Bomsur kvenna, skinnkantslausar, hællausar, á nr. 38	91.27	83.97
6.	3.23	Par	Barnagúmmístígvél nr. 31	53.78	109.11
7.	1.85	Stk.	Sólun og hælun á karlmannsskóm nr. 43, sóli límdur undir saum, 5.5 mm leðurþykkt	79.00	146.15
8.	1.99	Stk.	Sólun og hælun á kvenskóm nr. 38, sólar límdir undir saum, 4.5 mm leðurþykkt	61.00	60.39
			Viðbót við „Skófatnað o. a."		1 485.46
			11.07%		164.44
				Alls D 6:	1 649.90
			7. Álnavara o. a.		
1.	1.05	m	Kambgarnscheviot, alull, 140 cm breitt, 510 gr ferm. (Gefjun)	149.30	156.77
2.	0.92	m	Kápuefni, alull, útlent, 140 cm breitt	155.67	143.22
3.	18.46	m	Léreft, 90 cm breitt	11.28	208.23
4.	18.46	m	Sirz, 70 cm breitt	10.73	198.08
5.	2.94	m	Tvisttau, 70 cm breitt	13.83	40.66
6.	1.70	kg	Hvítur lopi (Gefjun)	78.00	132.60
7.	0.09	kg	Æðardúnn	1100.00	99.00
8.	9.23	m	Teygja (sokkaband), 1.8 cm breið	4.30	39.69
9.	9.23	m	Strengbönd (rullubúkk), 2.5 cm breið	2.00	18.46
10.	4.61	Tylft	Smellur, svartar á pappaspjaldi	1.03	4.75
11.	4.61	Stk.	Rennilásar, 25 cm langir, ólitað járn, lokaðir í öðrum enda	7.85	36.19
12.	9.23	Stk.	Saumavélanálar, nr. 14, Singer-gerð	1.00	9.23
13.	8.98	Kefli	Hvítur tvinni nr. 36, 200 yards, algeng góð tegund	3.35	30.08
				Alls D 7:	1116.96

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
			E. ÝMIS ÚTGJÖLD		
			1. Hreinlætisvörur o. a.		
1.	6.83	kg	Krystalsápa, innl., laus vigt	10.15	69.32
2.	13.54	Stöng	Stangasápa, ca. 0.33 kg (Sunlight)	6.88	93.16
3.	30.37	Pk.	Þvottaefni, innlent, 250 gr brúttó	3.75	113.89
4.	29.58	Pk.	Þvottaefni, erlent, 275 gr (Rinso)	7.83	231.61
5.	1.52	Fl.	Klórefni, 0.75 l m/flösku (Klorox)	11.02	16.75
6.	2.77	Fl.	Þvottalögur, 0.75 l m/flösku (Terso)	15.12	41.88
7.	1.85	Dós	Fljótandi bón, 802 gr (Johnson-Glocoat)	24.86	45.99
8.	5.54	Box	Ræstiduft (Vim)	5.08	28.14
9.	5.54	Stk.	Manchetskyrtur, linar, þvottur og strauning	8.53	47.26
10.	5.54	kg	Blaut-þvottur, eftir vigt	6.90	38.23
11.	5.82	Stk.	Kemisk hreinsun og pressun, buxur og jakki	46.25	269.18
12.	29.54	Stk.	Klósettrúlla (Kotka)	4.37	129.09
13.	5.54	Dós	Skóáburður, erlendur, brúnn (Kiwi)	4.00	22.16
14.	26.45	Stk.	Handsápa, erlend (Lux)	5.30	140.19
15.	4.62	Stk.	Rakkrem, erlent, stór túba (Colgate)	11.70	54.05
16.	13.85	Miðar	Sérklefi f. fullorðna, Sundhöll Rvíkur	4.00	55.40
17.	39.69	Miðar	Hópklefi f. börn	1.50	59.54
18.	0.92	Stk.	Kalt olíupermanent, dýrari tegund	144.00	132.48
19.	2.77	Stk.	Hárþvottur og hárlagning kvenna	38.00	105.26
20.	9.23	Stk.	Klipping karla	22.75	209.98
21.	4.53	Dós	Coldcream (Nivea)	8.20	37.15
22.	13.85	Túba	Tannkrem, hvítt, standard stærð (Colgate)	9.15	126.73
23.	3.69	Hylki	Rakblöð, 10 stk. (Gillette Dispenser)	17.00	62.73
				Alls E 1:	2130.17
			2. Heimilisbúnaður		
1.	11.08	Stk.	Vatnsglös 8 oz., einföld gerð	2.25	24.93
2.	11.08	Stk.	Diskar 25 cm, einföld gerð	9.95	110.25
3.	11.08	Stk.	Bollapör, einföld gerð	10.62	117.67
4.	1.46	Stk.	Hnífar, ryðfrítt stál	16.00	23.36
5.	1.46	Stk.	Gafflar, ryðfrítt stál	13.05	19.05
6.	0.18	Stk.	Aluminium-pottar, rafmagns, 6.5 mm, botna, 6 lítra	168.70	30.37
7.	0.22	Stk.	Aluminium-skaftpottar, 3 lítra	91.12	20.05
8.	0.92	Stk.	Galvaniseruð þvottafata, 28 cm þvermál	35.62	32.77
9.	1.85	Stk.	Emilerað þvottafat, 30 cm þvermál	22.53	41.68
10.	1.75	Stk.	Uppþvottabursti, nylonhár, innlendur	10.50	18.38
11.	0.92	Stk.	„Swan" hraðsuðuketill, pólerað aluminium, 1.75 lítrar, með snúru og kló	344.00	316.48
12.	0.09	Stk.	Hrærivél, „Sunbeam" (model 10)	1701.00	153.09
13.	5.08	Stk.	Rafmagnsljósaperur, 25 w.	3.65	18.54
14.	5.08	Stk.	Rafmagnsljósaperur, 40 w.	3.75	19.05
15.	5.08	Stk.	Rafmagnsljósaperur, 60 w.	4.65	23.62
				Alls E 2:	969.29

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
			3. Heilsuvernd		
1.	3.00	Viðt.	Viðtal við háls- og eyrnalækni	15.00	45.00
2.	2.00	Viðt.	Viðtal við lyflækni	20.59	41.18
3.	8.00	Viðt.	Viðtal við samlagslækni á stofu	5.00	40.00
4.	3.00	Vitj.	Vitjun samlagslæknis í heimahúsi	10.00	30.00
5.	141.47	Kr.	Lyfliður breytist samkv. breytingu vísitölu fyrir lyf		141.47
6.	4.62	Taf.	Minnsta tannfylling skv. verðskrá Tannlfél.	50.00	231.00
7.	0.53	Myt.	Röntgen-magamynd, nettóverð meðl. Sjúkrasamlags Reykjavíkur	105.00	55.65
				Alls E 3:	584.30
			4. Fargjöld		
1.	77.00	Ferð	Hægar ferðir, barna, Strætisv. Rvíkur	0.50	38.50
2.	230.00	Ferð	Hægar ferðir og hraðferðir, Strætisv. Rvíkur, fullorðins, staðgreiðsla	1.50	345.00
3.	211.00	Ferð	Hægar ferðir, fullorðins, afsláttarmiðar	1.00	211.00
4.	121.00	Ferð	Hraðferðir, fullorðins, afsláttarmiðar	1.11	134.31
5.	6.41	Ferð	5 mín. akstur að degi, leigubifreið	15.00	96.15
6.	6.41	Ferð	5 mín. akstur að kvöldi, leigubifreið	17.00	108.97
7.	2.77	Ferð	Sérleyfisferðir: Reykir	9.00	24.93
8.	0.92	Ferð	Sérleyfisferðir: Keflavík	18.00	16.56
9.	0.92	Ferð	Sérleyfisferðir: Selfoss	26.00	23.92
10.	0.92	Ferð	Sérleyfisferðir: Þingvellir	22.00	20.24
11.	0.14	Ferð	Sérleyfisferðir: Akureyri	19 5.00	27.30
12.	0.10	Ferð	Flugferð Reykjavík—Akureyri	300.00	30.00
				Alls. E 4:	1076.88
			5. Blöð, póstur og sími		
1.	3.54	Mgj.	Mánaðargjald, Alþýðublaðið	25.00	88.50
2.	3.54	Mgj.	Mánaðargjald, Morgunblaðið	30.00	106.20
3.	3.54	Mgj.	Mánaðargjald, Tíminn	25.00	88.50
4.	3.54	Mgj.	Mánaðargjald, Vísir	20.00	70.80
5.	3.54	Mgj.	Mánaðargjald, Þjóðviljinn	25.00	88.50
6.	16.54	Stk.	Vikan, stk. í lausasölu	5.00	82.70
7.	16.54	Stk.	Fálkinn, stk. í lausasölu	5.00	82.70
8.	12.41	Stk.	Hjemmet, stk. í lausasölu	3.00	37.23
9.	4.13	Stk.	Time, stk. í lausasölu	5.50	22.72
10.	4.12	Stk.	Úrval, stk. í lausasölu	15.00	61.80
11.	27.32	Stk.	Burðargjald innanlands undir 20 gr bréf	1.75	47.81
12.	1.38	Gj.	Ársfjórðungsgjald f. heimilissíma 700 símt.	300.00	414.00
13.	9.54	Símt.	Utanbæjarsímtal, 3 mín. 0—25 km	5.00	47.70
14.	2.77	Símt.	Utanbæjarsímtal, 3 mín. yfir 350 km	15.00	41.55
15.	4.62	Stk.	Heillaskeyti, 10 orð inanb. ódýrasta teg.	16.00	73.92
				Alls E 5:	1354.63

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
			6. Tómstundaiðja og skemmtanir		
1.	10.15	Miði	3 kvikmyndahús í Rvík. Betri sæti kl. 7 ..	12.00	121.80
2.	10.15	Miði	3 kvikmyndahús í Rvík. Betri sæti kl. 9 ..	12.00	121.80
3.	10.15	Miði	3 kvikmyndahús í Rvík. Pallsæti kl. 7	14.00	142.10
4.	11.08	Miði	3 kvikmyndahús í Rvík. Pallsæti kl. 9	14.00	155.12
5.	5.78	Miði	Óvegið meðaltal aðgm. Þjóðleikhússins	32.86	189.93
6.	1.00	Gj.	Árlegt afnotagjald, útvarpið	200.00	200.00
7.	0.09	Ein.	Óvegið meðaltal af myndatökum skv. gjaldskrá Ljósmyndafél. Íslands	771.00	69.39
8.	0.92	Stk.	Filma 6x9 (8 myndir)	11.00	10.12
9.	0.92	Stk.	Framköllun á 6x9 rúllu	7.00	6.44
10.	9.20	Stk.	Kopering af 6x9 myndum	1.70	15.64
				Alls E 6:	1032.34
			7. Áfengi og tóbak		
1.	0.50	Fl. 0.75 l	Brennivín	115.00	57.50
2.	0.80	Fl. 0.75 l	Ákavíti	120.00	96.00
3.	0.50	Fl. 0.75 l	Whisky (ód. skozkt)	210.00	105.00
4.	0.50	Fl. 0.75 l	Gin (ódýrasta tegund)	155.00	77.50
5.	0.62	Fl. 0.75 l	Sherry	65.00	40.30
6.	3.00	Pk. 50 gr	American Shag, Gromand, bréfpk.	13.00	39.00
7.	3.00	Pk. 1.5 oz.=44. gr	Dills Best, bréfpk.	14.50	43.50
8.	1.00	Pk. 0.25 lbs.=113 gr	Capstan Navy Cut, Mild, blikkd.	50.50	50.50
9.	2.11	St. 250 gr	Neftóbak, glerkrukka (innl. framleiðsla)	52.50	110.78
10.	60.00	Stk.	Agio Petitos, vindlar	2.55	153.00
11.	48.00	Pakkar	Chesterfield (Skógr. ríkisins)	12.30	590.40
12.	40.00	Pakkar	Camel (Skógr. ríkisins)	12.60	504.00
13.	5.00	Pakkar	Raleigh (Skógr. ríkisins)	12.30	61.50
14.	24.10	Pakkar	Ódýrust amerísk tegund	9.50	228.95
				Alls E 7:	2157.93
			8. Ýmis föst gjöld		
1.	0.30	Ársg.	Dagsbrún, hæsta gjald	200.00	60.00
2.	0.30	Ársg.	Sjómfél. Rvíkur, hæsta gj.	200.00	60.00
3.	0.30	Ársg.	Iðja, karlm. hæsta gjald	200.00	60.00
4.	0.21	Ársg.	Iðja, konur hæsta gjald	135.00	28.35
5.	12.00	Mgj.	Hjón, Sjúkrasaml. Rvíkur	90.00	1080.00
6.	1.00	Ársg.	Hjón, almannatryggingagjald	952.00	952.00
7.	1.00	Ársg.	Hjón með barn á skólaskyldualdri, námsbgj.	95.00	95.00
8.	1.00	Ársg.	Hjón, kirkjugjald	126.00	126.00
				Alls E 8:	2461.35
			F. FRÁDRÁTTARLIÐIR (÷)		
1.	0.725		Fjölskyldubætur m. 2. barni	0	0
2.	0.326		Fjölskyldubætur m. 3. barni	1098.00	357.95
3.	0.113		Fjölskyldubætur m. 4. barni	2196.00	248.15

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957 Á ein. kr.	Alls kr.
4.	0.076		Fjölskyldubætur m. 5. barni	2196.00	166.90
5.	4.24		Smjörskammtur á ári × mismunarverð ...	67.20	284.93
6.	4.24		Smjörlíkissk. á ári × mismunarverð	50.00	212.00
				Alls F:	1269.93

Fylgiskjal II.

Samningar ríkisstjórnarinnar um rekstrargrundvöll útvegsins o. fl.

1. Starfsgrundvöllur bátaútvegsins.

Með skírskotun til viðræðna við fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna vill ráðuneytið hér með staðfesta, að starfsgrundvöllur bátaútvegsins fyrir árið 1959 skal byggður á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., að öðru leyti en því, sem greinir í bréfi þessu:

1. Fiskverð og uppbætur til báta skulu ákvarðast á grundvelli þeirra rekstraráætlana fyrir línubát á vetrarvertíð á Faxaflóa, sem samkomulag hefur náðst um á milli samningsnefnda L.Í.Ú. og ríkisstjórnarinnar, sem hér segir:
   a. Báturinn fái bætta þá hækkun kostnaðar umfram hækkun tekna, að upphæð kr. 24928.00, sem samanburður rekstraráætlananna sýnir (sbr. meðfylgjandi töflu).
   b. Báturinn fái bætta hækkun á kostnaðarliðum, að upphæð kr. 25000.00, sem bætt var við rekstrargrundvöllinn samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar og L.Í.Ú. í árslok 1957. Þessi hækkun áætlast 31.34% eða 7834 kr.
   c. Báturinn fái bætta tvo nýja kostnaðarliði, sem ekki hafa áður verið taldir í grundvellinum:
      Trygging á munum skipverja kr. 2430.00.
      Ábyrgðartrygging kr. 960.00.
   d. Þar að auki fái báturinn bætta kostnaðaraukningu á ýmsum kostnaði auk þeirrar, sem talin er í rekstrarsamanburðinum, er nemi kr. 10000.00.
   e. Báturinn fái upp borna þá hækkun á skiptaverði úr 1.55 í 1.75 miðað við þorsk, er samið hefur verið um á milli bátaútvegsmanna og sjómanna.
   f. Báturinn fái upp borna hækkun vegna slysa- og dánarbóta samkvæmt 2. gr. samnings útvegsmanna og sjómanna og hækkun dagpeninga samkvæmt 8. gr. nefnds samnings. Þessi upphæð er áætluð 4500 kr.
   g. Framangreint samkomulag er miðað við grunnkaup það, sem ríkjandi var hinn 1. janúar s. l. og kaupgreiðsluvísitölu 185. Breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu, endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar.
2. Greiðslur útflutningsuppbóta skulu fara fram með svipuðum hætti og á svipuðum tíma, eftir að gjaldeyrisskil hafa farið fram, eins og verið hefur að undanförnu. Sama gildir um greiðslu vinnslubóta, eftir að útflutningssjóði hafa borizt tilskildar skýrslur.
3. a. Útflutningssjóður skal greiða bráðafúaiðgjöld vélbáta fyrir árið 1958. Greiða skal fullt iðgjald, ef úthaldstími bátsins hefur verið 9 mánuðir eða lengur. Hafi úthaldstíminn verið skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.
   b. Útflutningssjóður skal greiða vátryggingariðgjöld vélbáta (sjóvátryggingu og bráðafúatryggingu) fyrir árið 1959. Greiða skal full ársiðgjöld, ef úthaldstími bátsins á árinu 1959 verður 9 mánuðir eða lengri. Verði úthaldstíminn skemmri, lækka iðgjaldagreiðslurnar hlutfallslega. Greiðslur samkvæmt þess-

um staflið skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettóiðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno" hefur verið dregin frá brúttóiðgjaldi.

c. Sjóvátryggingariðgjöld gömlu togaranna Guðmundar Júnís og Gyllis skulu greidd með sama hætti og iðgjöld bátanna.

4. Ráðuneytið mun ítreka fyrri óskir við fjármálaráðuneytið, að stimpilgjöld af hverju láni útvegsmanna verði ekki tekin nema einu sinni, þrátt fyrir endurnýjun á afurðalánavíxlum, svo og að þinglestursgjald lækki af þessum lánum.
5. Ráðuneytið mun leggja áherzlu á, að fyrir 15. janúar n. k. verði búið að semja uppkast að reglugerð fyrir síldveiðideild hlutatryggingasjóðs um síldveiðar með reknetum.
6. Ráðuneytið mun fyrir n. k. aprílok taka upp samninga við Landssambandið um rekstursgrundvöll bátaútvegsins á síldveiðum fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1959.
7. Ráðuneytið mun greiða fyrir ráðningu erlendra sjómanna á fiskiskipaflotann á næstu vetrarvertíð, svo sem um útvegun á skipum til flutnings á sjómönnum þessum hingað til lands og aftur til þeirra heimalands, án þess þó að ríkissjóður eða útflutningssjóður greiði fargjöld þeirra.
8. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að lán þau, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt greiðslu á vegna viðgerða á skipum sökum bráðafúaskemmda, verði gefin útvegsmönnum eftir.
9. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því við Seðlabankann og viðskiptabankana, að veitt verði lán á útflutningsafurðir, er nemi jafnháum hundraðshluta af fob-andvirði útflutningsafurðanna að viðbættum útflutningsuppbótum eins og að undanförnu. Sjái Seðlabankinn sér ekki fært að endurkaupa víxla vegna þess hluta uppbóta, sem heyrir útvegsmönnum til, og að svo miklu leyti sem útvegsmenn óska ekki eftir að framselja vinnslustöðvum þessar bætur, mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að Seðlabankinn geri viðskiptabönkunum kleift að veita lán, er nema tveimur þriðju hlutum þessara uppbóta. Mun ríkisstjórnin einnig beita sér fyrir því, að vextir af lánum út á uppbætur útvegsmanna verði ekki hærri en vextir á afurðavíxlum.
10. Ríkisstjórnin mun í samráði við bankana taka til ahugunar möguleikana á því að veita allt að 3 ára lán til kaupa nýrra nóta og nótabáta til síldveiða norðanlands.
11. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að eigi sé tekið hærra geymslufé í bönkum vegna innflutnings útgerðarvöru en sem nemur 25% af fob-verði vörunnar.
12. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að skuldaskilamálið verði leyst með samkomulagi, efnislega á sama grundvelli og frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir, þó þannig, að ekki fari í bága við stjórnarskrána.
13. Ríkisstjórnin mun líta með skilningi á þörf báta og togara til þess að sigla með ísvarinn fisk og síld til sölu á erlendum mörkuðum á vissum árstíma.
14. Innflutningsskrifstofan mun halda áfram að láta Landssambandi ísl. útvegsmanna í té sem trúnaðarmál mánaðarlegt yfirlit um leyfisveitingar og gjaldeyrissölu.
15. Verðbætur bátaútvegsins úr útflutningssjóði verði greiddar í gegnum L.Í.Ú., eins og verið hefur, en samtökin skipti upphæðunum milli útvegsmanna eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra samþykkir.
16. Greiddar verði útflutningsbætur á lýsi og mjöl úr síld, sem veidd verður á tímabilinu frá 1. jan. til 31. maí 1959, og skulu uppbæturnar verða hinar sömu og greiddar verða vegna þorskveiða bátanna.

Til Landssambands ísl. útvegsmanna,
R.

2. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar varðandi kaup og kjör bátasjómanna.

5. janúar 1959.

Í samband við samningagerð Landssambands íslenzkra útvegsmanna og samtaka sjómanna um kaup og kjör bátasjómanna á þessu ári vill ríkisstjórnin taka fram eftirfarandi:

1. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu þess efnis, að núgildandi skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum hækki úr kr. 1350.00 í kr. 1700.00 á mánuði, og gildi um þetta að öðru leyti sömu reglur og verið hafa.
2. Ríkisstjórnin mun skipa nefnd til að undirbúa löggjöf um lífeyrissjóð bátasjómanna og farmanna.
3. Við undirskrift samnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands um fiskverð o. fl., dags. 3. þ. m., gerði samninganefnd sjómanna fyrirvara, svo hljóðandi:

   „Ef samningar takast á milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna um fiskverð og kauptryggingu á þessu ári, þá er ríkisstjórnin því samþykk, að ef vísitalan breytist frá 185 stigum, skuli fiskverð hækka eða lækka í hlutfalli við þá breytingu. Enn fremur samþykkir ríkisstjórnin, að í fyrirhugaðri lagasetningu um efnahagsmálin muni hún leggja til, að kjör sjómanna samkvæmt samningi þessum skuli ekki skert."

Þar sem ágreiningur hefur komið upp um það milli fulltrúa sjómannasamtakanna innan A.S.Í., sem að samningunum stóðu, hvernig skilja beri framangreindan fyrirvara við samninginn um fiskverð til skipta, þá tekur ríkisstjórnin fram, að hún samþykkir fyrirvarann með þeim skilningi, að fyrri málsliðurinn í fyrirvaranum taki til hvers konar breytinga kaupgreiðsluvísitölu, en síðari liðurinn eigi eingöngu við grunnkaup og kauptryggingu.

3. Verðuppbætur á hraðfrystan fisk o. fl.

14. janúar 1959.

Með skírskotun til viðræðna við fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fiskvinnslustöðva á vegum Sambands íslenzkra samvinnufélaga vill ráðuneytið staðfesta, að verðuppbætur á hraðfrystan fisk og lágmarksverð það, sem fiskvinnslustöðvar greiða fyrir báta- og togarafisk, skulu vera í samræmi við bréf ráðuneytisins frá 7. júlí 1958 að öðru leyti en sem hér segir:

1. Bætur á smáfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda, skulu hækka úr kr. 0.34 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.40. Er þá tilskilið, að vinnslustöðvar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Bætur á ýsu, steinbít og flatfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.33 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.45.
3. Bætur á allan fisk, sem veiddur er á tímabilinu 15. maí til 31. desember og tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.12 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.24.

Þessi hækkun á bótum mun að öllu leyti greidd vinnslustöðvum. Eins og áður munu tegundabætur greiddar bæði á báta- og togarafisk, en smáfisk- og tímabilsbætur aðeins á bátafisk.

Skilyrði það varðandi verð á beitu, sem sett var í tveim síðustu málsgreinum í bréfi ráðuneytisins til fiskvinnslustöðvanna frá 9. janúar 1958, fellur nú niður.

Framangreint samkomulag er miðað við grunnkaup það, sem ríkjandi var hinn 1. janúar s. l., og kaupgreiðsluvísitölu 185. Breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu, endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar. Þó skal sú endurskoðun ekki hafa áhrif á þá hækkun sérstakra bóta, sem að framan getur.

Þá staðfestir ráðuneytið enn fremur eftirfarandi atriði í samræmi við viðræður þær, er átt hafa sér stað við fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fiskvinnslustöðva á vegum S.Í.S.:

1. Ráðuneytið mun ítreka fyrri óskir við fjármálaráðuneytið, að stimpilgjöld af lánum út á sjávarafurðir verði ekki tekin nema einu sinni, þrátt fyrir endurnýjun þeirra, svo og að þinglestursgjöld lækki af þessum lánum.
2. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að eigi sé tekið hærra geymslufé í bönkum vegna innflutnings á rekstrarvörum og tækjum fiskvinnslustöðva en 25%.
3. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því, í samráði við stjórn útflutningssjóðs og L.Í.Ú., að hluti útvegsmanna af útflutningsbótum verði greiddur vinnslustöðvum, þegar þannig stendur á, að útvegsmenn hafa framselt vinnslustöðvum bæturnar.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Seðlabankinn, eins og að undanförnu, endurkaupi víxla út á útflutningsafurðir, að tveimur þriðju hlutum af fobandvirði afurðanna að viðbættum þeim útflutningsuppbótum, sem vinnslustöðvum eru greiddar eða útvegsmenn hafa framselt þeim. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka til athugunar við Seðlabankann, hvort ekki sé hægt að ákveða útflutningsverð það, sem lán Seðlabankans miðast við, á sama hátt og gert var á s. l. vertíð.
5. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að viðskiptabankarnir, eins og að undanförnu, veiti viðbótarlán út á útflutningsafurðir, sem ekki nemi lægri upphæð en 14% af láni Seðlabankans út á þessar afurðir, og hærri upphæðum, þegar sérstaklega stendur á.
6. Ríkisstjórnin mun stuðla að því, að tekið verði upp hið fyrsta það fyrirkomulag, að útflytjandi fái greiddar 55% útflutningsbætur í banka, um leið og gjaldeyrisskil fara fram.
7. Í sambandi við endanlega ákvörðun fiskverðs og útflutningsbóta fyrir árið 1959 mun ríkisstjórnin hlutast til um, að fiskvinnslustöðvar fái bætt áhrif launahækkunar þeirrar, er orðið hefur í desember 1958 umfram kaupgreiðsluvísitölu 185, að svo miklu leyti sem atvinnufyrirtæki í landinu fá almennt bætur fyrir þessa hækkun við ákvörðun á verðlagi þeirra.

Til
fiskvinnslustöðva innan Sambands ísl. samvinnufélaga,
Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

4. Verðuppbætur á saltfisk og skreið o. fl.

17. jan. 1959.

Með skírskotun til viðræðna við fulltrúa Sölusambands ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda vill ráðuneytið staðfesta, að verðuppbætur á saltfisk og skreið og lágmarksverð á það, sem fiskvinnslustöðvar greiða fyrir báta- og togarafisk, skulu vera í samræmi við bréf ráðuneytisins til Landssambands ísl. útvegsmanna og samtaka fiskvinnslustöðva frá 7. júlí 1958, að öðru leyti en sem hér segir:

1. Bætur á smáfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda, skulu hækka úr kr. 0.34 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.40. Er þá tilskilið, að vinnslustöðvar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk. Eins og að undanförnu greiðast þessar bætur eingöngu á bátafisk.
2. Bætur á ýsu, steinbít og flatfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.33 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.45. Þessar bætur greiðast bæði á báta- og togarafisk.

3. Bætur á allan fisk, sem veiddur er á tímabilinu 15. maí til 31. desember og tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.12 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.24. Eins og að undanförnu greiðast þessar bætur eingöngu á bátafisk.
4. Sérstakar bætur, að upphæð kr. 0.12 pr. kg af sl. f.m.h., skulu greiddar á allan togarafisk, sem veiddur er í salt á tímabilinu 15. maí til 31. des. og tekinn er til vinnslu til útflutnings.
5. Sérstakar bætur, að upphæð kr. 0.07 pr. kg af sl. f.m.h., skulu greiddar á allan fisk, hvort sem er af bátum eða togurum, sem tekinn er til vinnslu sem saltfiskur eða skreið til útflutnings.

Allar þessar sérstöku bætur munu að öllu leyti greiddar vinnslustöðvum.

Framangreint samkomulag er miðað við grunnkaup það, sem ríkjandi var hinn 1. jan. s. l., og kaupgreiðsluvísitölu 185. Breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu, endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar. Þó skal sú endurskoðun ekki hafa áhrif á þá upphæð sérstakra bóta, sem að framan getur.

Þá staðfestir ráðuneytið enn fremur eftirfarandi atriði í samræmi við viðræður þær, er átt hafa sér stað við fulltrúa fiskvinnslustöðvanna:

1. Ráðuneytið mun ítreka fyrri óskir við fjármálaráðuneytið, að stimpilgjöld af lánum út á sjávarafurðir verði ekki tekin nema einu sinni, þrátt fyrir endurnýjun þeirra, svo og að þinglestursgjöld lækki af þessum lánum.
2. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að eigi sé tekið hærra geymslufé í bönkum vegna innflutnings á rekstrarvörum og tækjum fiskvinnslustöðva en 25%.
3. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því í samráði við stjórn útflutningssjóðs og L.Í.Ú., að hluti útvegsmanna af útflutningsbótum verði greiddur vinnslustöðvum, þegar þannig stendur á, að útvegsmenn hafa framselt vinnslustöðvum bæturnar.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Seðlabankinn, eins og að undanförnu, endurkaupi víxla út á útflutningsafurðir, að tveimur þriðju hlutum af fob-andvirði afurðanna að viðbættum þeim útflutningsuppbótum, sem vinnslustöðvum eru greiddar eða útvegsmenn hafa framselt þeim. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka til athugunar við Seðlabankann, hvort ekki sé hægt að ákveða útflutningsverð það, sem lán Seðlabankans miðast við, á sama hátt og gert var á s. l. vertíð.
5. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að viðskiptabankarnir, eins og að undanförnu, veiti viðbótarlán út á útflutningsafurðir, sem ekki nemi lægri upphæð en 14% af láni Seðlabankans út á þessar afurðir, og hærri upphæðum, þegar sérstaklega stendur á.
6. Ríkisstjórnin mun stuðla að því, að tekið verði upp hið fyrsta það fyrirkomulag, að útflytjandi fái greiddar 55% útflutningsbætur í banka, um leið og gjaldeyrisskil fara fram.
7. Í sambandi við endanlega ákvörðun fiskverðs og útflutningsbóta fyrir árið 1959 mun ríkisstjórnin hlutast til um, að fiskvinnslustöðvar fái bætt áhrif launahækkunar þeirrar, er orðið hefur í desember 1958 umfram kaupgreiðsluvísitölu 185, að svo miklu leyti sem atvinnufyrirtæki í landinu fá almennt bætur fyrir þessa hækkun við ákvörðun á verðlagi þeirra.

Til
Sölusambands ísl. fiskframleiðenda,
Samlags skreiðarframleiðenda.

5. Yfirlit yfir afkomu frystihúsanna (des. 1958).

Áætlun og útkoma árið 1958.

Í nóvember 1957 gerði S. H. **áætlun** um framleiðslu og sölu á fiskflökum á árinu 1958. Var gerð grein fyrir aðalefni þessarar áætlunar í **Yfirliti yfir afkomu frystihúsanna** (des. 1957).

Nú hefur S. H. látið nefndinni í té **bráðabirgðauppgjör** fyrir framleiðslu og sölu á freðfiski árið 1958.

Í töflunni hér á eftir eru teknar upp helztu tölur úr áætluninni og bráðabirgðauppgjörinu, auk þess sem bætt er við upplýsingum um uppbæturnar svokölluðu, þ. e. smáfiskuppbætur og þær aukauppbætur, sem komu til í maí 1958. Þær upplýsingar eru frá útflutningssjóði.

	Áætlun 1958 (nóv. 1957)	Bráðabirgðauppgjör (nóv. 1958)
Flök, tonn	39 600	55 423
Verðmæti fob.	234 662	339 737
Söluverðmæti + uppbætur	286 759	520 286
Maí-uppbætur[1])	„	1 300
Uppbætur á ýsu[1])	„	2 000
Smáfiskuppbætur[1])	6 000	8 000
Framleiðslukostn.	316 732	552 895
Áætlaður halli	23 974	21 309

Framleitt magn af flökum árið 1958 varð 40% meira en áætlunin gerði ráð fyrir, eða tæpum 16000 tonnum meira.

Af þessari aukningu námu þorskflökin rúmum 7000 tonnum, en **karfaflökin** tæpum 9000 tonnum.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir söluna á flökunum eftir löndum, framleiðsluáranna 1957 og 1958. Jafnframt er til samanburðar áætlunin fyrir árið 1958. (Síðar verður vikið að síðasta dálkinum).

	Sala 1957 (nóv. 1957) tonn	Áætlun 1958 (nóv. 1957) tonn	Sala 1958 (nóv. 1958) tonn	Áætlun 1959 (nóv. 1958) tonn
Þorskur	**23 645**	**23 350**	**30 605**	**25 485**
Bandaríkin	3 930	8 650	10 335	9 600
Sovétríkin	13 065	3 000	10 665	2 535
Önnur clearinglönd	6 060	10 150	8 305	10 650
Vestur-Evrópa	590	1 550	1 300	2 700
Karfi	**13 765**	**13 600**	**22 180**	**17 400**
Bandaríkin	2 435	1 750	2 695	2 250
Sovétríkin	11 300	11 600	17 595	14 000
Önnur clearinglönd	30	250	1 890	1 150
Ýsa	**3 120**	**2 800**	**2 975**	**2 900**
Bandaríkin	2 430	2 500	2 695	2 300
Önnur clearinglönd	490	„	30	„
Vestur-Evrópa	200	300	250	600
	40 530	39 750	55 760	45 785

Salan á **þorskflökum** til Bandaríkjanna varð því tæpum 1700 tonnum meiri en áætlað var — og var þó áætluð mjög rífleg aukning. Þá seldist einnig til Bandaríkjanna tæpum 1000 tonnum meira af **karfaflökum** en áætlað hafði verið.

1) Ekki í áætlun S. H. eða uppgjöri.

Til Sovétríkjanna var selt tæpum 7700 tonnum meira af **þorskflökum** en áætlað hafði verið, en þó 2400 tonnum minna en árið áður.

Enn fremur var selt til Sovétríkjanna 6000 tonnum meira af **karfaflökum** en gert hafði verið ráð fyrir.

Til clearinglandanna (annarra en USSR) fóru rúmum 1800 tonnum minna af **þorskflökum** en gert hafði verið ráð fyrir, en rúmum 1600 tonnum meira af **karfaflökum.**

Áætluð sala 1959 eftir löndum.

Síðasta dálkinn í töflunni hefur ekki verið minnzt á, en hann sýnir áætlun S. H. fyrir sölu á framleiðslu ársins 1959.

Áætlað framleiðslumagn fyrir árið 1959 er meðaltal af framleiðslu síðustu þriggja ára. Þetta er að okkar áliti of lágt áætlað, þar sem hér er um 15% lækkun að ræða, miðað við árið 1958. Bæði er það, að flotinn hefur verið að stækka og mun gera það enn frekar á árinu 1959 og að framleiðslugeta hraðfrystihúsanna fer sífellt vaxandi.

Aðalbreytingin á áætlaðri sölu **þorskflaka** er, eins og sést á töflunni, sú að minnka söluna til Sovétríkjanna um 8000 tonn.

Þá er einnig eftirtektarvert, að áætlunin gerir ráð fyrir tvöföldun sölunnar til Vestur-Evrópu, aðallega til Bretlands.

Enn fremur er gert ráð fyrir aukningu á sölunni til clearinglandanna (annarra en Sovétríkjanna), sem nemur 2300 tonnum.

Áætlunin gerir ráð fyrir sölu **karfaflaka** af framleiðslu ársins 1959 í svipuðum hlutföllum og áður, og mun það ekki fjarri lagi. Vitað er hins vegar, að Sovétríkjunum hafa verið boðin 22000 tonn af karfaflökum á árinu 1959, en nokkur hluti af því eru birgðir frá 1958.

Bráðabirgðauppgjörið fyrir árið 1958 sýnir, að reiknað tap er heldur minna en áætlunin gerði ráð fyrir (21.3 millj. í stað 24 millj. kr., og er þá tekið tillit til hinna sérstöku uppbóta).

Eins og áætlanir S. H. eru úr garði gerðar, hefur framleiðslumagnið þau ein áhrif á tapið að breyta því hlutfallslega, þannig að 40% aukning á framleiðslumagninu veldur því, að hallinn vex um 40%. Ástæðurnar fyrir því, að útkoman sýnir minni halla en áætlað var, eru einkum nokkur hækkun uppbótanna og nokkur hækkun á útflutningsverðlagi. Að sjálfsögðu þýðir stóraukið framleiðslumagn betri fjárhagsafkomu fyrir frystihúsin, þótt það komi ekki fram í uppgjörinu, sem byggir á standardiseruðum framleiðslukostnaðarútreikningum. Verður vikið nánar að þessu atriði í athugasemdunum við áætlun S. H. sem og fleiri atriðum, sem ekki verða rædd hér til að komast hjá endurtekningum.

Áætlun S. H. fyrir árið 1959.

Eins og áður segir, hefur S. H. látið oss í té áætlun um framleiðslu og sölu á hraðfrystum fiski á árinu 1959. Hefur þegar verið rætt um söluáætlunina eftir löndum og tegundum. Hér á eftir verður rætt um aðra þætti þessarar áætlunar. Niðurstöðutölurnar fara hér á eftir og enn fremur áætlun og bráðabirgðauppgjör fyrir árið 1958 til samanburðar.

	Áætlun 1958 (nóv. 1957)	Bráðabirgðauppgjör (nóv. 1958)	Áætlun 1959 (nóv. 1958)
Flök, tonn	39 600	55 423	47 055
Verðmæti fob.	234 662	339 737	282 371
Söluverðmæti + upbætur	286 759	520 286	451 914 [2])
Maí-uppbætur [1])	„	1 300	1 300
Uppbætur á ýsu [1])	„	2 000	3 600
Smáfiskuppbætur [1])	6 000	8 000	7 000
Framleiðslukostn.	316 732	552 895	534 999
Áætlaður halli	23 974	21 309	71 185

Athugasemdir við framleiðslukostnaðaráætlun og söluáætlun S. H. fyrir árið 1959.

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir um hina sérstöku framleiðslukostnaðaráætlun S. H. fyrir árið 1959.

Vinnulaun.

Framleiðslukostnaðaráætlunin fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir hækkun vinnulauna (miðað við áætlunina fyrir árið 1958), sem nemur 18.2%. Hækkun tímakaupsins er 16.2%, en við það bætast 2%, sem er kostnaður vegna fjölgunar veikindadaga, sem ekki er unnið. Tímakaup iðnaðarmanna hefur að vísu ekki hækkað nema um 12.5%, en hins vegar hefur orðið meiri hækkun á kaupi kvenna en karla í frystihúsunum. Af þessari hækkun voru 5% tekin inn í starfsgrundvöllinn í maí 1958.

Eftirlit.

Í áætluninni er nýr kostnaðarliður, er nefnist eftirlit, og nemur hann 2% af heildarframleiðslukostnaðinum. Telur S. H. nauðsynlegt að taka upp aukið eftirlit með framleiðslunni, þar sem komið hefur í ljós, að vöru hefur verið spillt þannig, að í henni hafa fundizt glerbrot, naglar, vír, sígarrettustubbar o. s. frv. Ekki er ósanngjarnt að gera ráð fyrir auknu eftirliti að einhverju leyti, t. d. svo næmi 0.25% heildarframleiðslukostnaðarins, en 2% teljum við algerlega óraunhæft. Af heildarframleiðslu frystihúsanna mundu 2% nema um 14 millj. kr. á ári, eða árslaunum um 200 manna. Við teljum rétt, að þessi kostnaður verði ekki talinn sérstakur liður, heldur innifalinn í fasta kostnaðinum, og verður rætt um hann þar. Þessi liður fellur því niður með öllu. Í áætlun S. H. nemur hann 10.3 milljónum króna.

Nýtingin.

a) þorskur. Áætlunin fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir, að til framleiðslunnar þurfi 3% meira hráefni en áður. Þetta þýðir m. a., að vinnulaunakostnaðurinn hækkar tilsvarandi. Hér er um að ræða ákaflega þýðingarmikið atriði. Þessi lækkun á nýtingu er skýrð þannig, að netafisks gæti æ meir, og er hann talinn lélegra hráefni, en annar fiskur. Það mun rétt vera, að netafiskur er lélegra hráefni, en það er ekki nýtilkomið. En hins vegar hefur orðið talsverð breyting, þegar litið er yfir nokkurt árabil. Þessi breyting á framleiðslukostnaðinum jafngildir hartnærri 3% minni framleiðslu (miðað við óbreytt hráefni). Áhrifin á framleiðslukostnaðinn eru þau að hækka hann kringum 2.5% eða um samtals 6.5 millj. króna. Í samanburði milli áranna 1958 og 1959 er sáralítill grundvöllur fyrir þessari breytingu. Á árinu 1958 jókst hlutdeild netafisksins í vertíðarafla bátaflotans úr 74.5% í 78.7%. Í þessu sambandi er rétt að minna á það, að á þessu tímabili hefur nýtingin verið lækkuð í kostnaðaráætlunum S. H.

b) karfi. Áætlunin fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir 10% minni nýtingu við vinnslu karfans, miðað við 7 lbs. pakkningu. Nýtingin lækkar úr 25 niður í 22.5%. Rétt er að taka fram, að öll kostnaðaráætlunin er miðuð við handflökun. (Í rauninni er meginhluti karfans flakaður í vélum og verður vikið að því síðar.) Okkur þykir sennilegt, eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, að nýtingin á karfa frá New Foundlandsmiðum sé minni en á karfa frá öðrum miðum, en okkur þykir of langt gengið að gera ráð fyrir 10% minni nýtingu á öllum karfa á næsta ári. Þetta atriði þyrfti að rannsaka.

Fasti kostnaðurinn.

Síðustu árin hefur S. H. haft þann sið að hækka fasta kostnaðinn í réttu hlutfalli við hækkun vinnulauna, þannig að fastur kostnaður er reiknaður jafnhár vinnulaunum í vinnslukostnaði fyrir hverja pakkningu.

1) Ekki í áætlun S. H. eða uppgjöri.

2) Miðað við hráefnisverð á þorski kr. 1.50, á karfa kr. 1.75.

Hækkun á vinnulaunum um 18.2% hækkar fasta kostnaðinn, sem S. H. reiknar af framleiðslu sinni, af þorsk-, ýsu- og karfaflökum á árinu 1959 um 8.2 millj. kr.

Við höfum áður gert þetta fyrirkomulag að umræðuefni í fyrri skýrslum, og skal það ekki endurtekið að þessu sinni. En við teljum, að hinn nýi kostnaðarliður, eftirlit, sem við höfum áður minnzt á, heyri að réttu lagi undir þennan lið og ekki þurfi aðra hækkun hans vegna en þegar er gert ráð fyrir í hækkun fasta kostnaðarins.

Grundvöllurinn.

Um sjálfan framleiðslukostnaðargrundvöllinn sögðum við í skýrslu okkar í fyrra eftirfarandi: „Á undanförnum árum hefur framleiðslukostnaðargrundvellinum verið breytt í veigamiklum atriðum. Hefur þetta einkum gerzt á þann hátt, að á hverju ári hefur kostnaðarreikningi vegna nokkurra pakkninga verið stórbreytt. Og er nú svo komið, að kostnaðargrundvöllurinn hefur allur verið hækkaður a. m. k. 10—15%. Sú skoðun hefur verið látin í ljós, að með þeim breytingum, sem nú voru gerðar, sé endurskoðun grundvallarins lokið."

Við munum nú víkja að nokkrum atriðum, sem lúta að frystihúsarekstrinum almennt.

Framleiðslumagn.

Áætlun S. H. fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir framleiðslu á 45 787 tonnum af flökum úr þorski, ýsu og karfa, og er þar byggt á þriggja ára meðaltali, eins og áður sýnir. En framleiðsla S. H. í ár mun vera um 60000 tonn af sömu fisktegundum. Við teljum að áætlunin sé of lág. Réttara væri að miða við 60000 til 65000 tonna framleiðslu S. H. En framleiðslumagnið er stórkostlega þýðingarmikið atriði fyrir rekstur húsanna, vegna þess að meira framleiðslumagn lækkar fasta kostnaðinn á hverja einingu af framleiddri vöru, þótt framleiðslukostnaðarreikningar S. H. séu ekki þannig gerðir.

Á fáum árum hefur meðalframleiðslumagn frystihúsanna tvöfaldazt.

Verðlag.

S. H. reiknar með sama verðlagi í Bandaríkjunum á komandi ári og var þar árið 1957, en ekki með verðlaginu í ár, sem er hærra.

Á árinu 1958 hækkaði verðlagið á þorskflökum í neytendapakkningum í Bandaríkjunum um í kringum 10%, miðað við áætlun S. H. fyrir 1958. En verðið á blokkunum, sem er að miklu leyti samningsbundið, hélzt að mestu leyti óbreytt, miðað við sömu áætlun. Meðalverðið varð því um 3% hærra en áætlað hafði verið.

Meðalhækkun á ýsuverðinu var 5.4%, miðað við það, sem áætlunin fyrir 1958 gerði ráð fyrir, en á karfanum 9%. (Hér er miðað við áætlaða skiptingu eftir pakkningum fyrir Bandaríkjamarkað á árinu 1959.) Miðað við, að sama verð fengist í Bandaríkjunum 1959 og fékkst 1958, yrði fob-verð sölu S. H. þangað á árinu 1959 3.9 milljónum króna hærra en áætlunin gerir ráð fyrir, eða með uppbótum 7 milljón krónum hærra.

Verðlag á öðrum mörkuðum er óbreytt.

Stór hús og smá.

Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á, hve húsin framleiða misjafnlega mikið. Stærð þeirra sem framleiðenda fer að mestu eftir aðstöðu þeirra til að afla hráefnis.

Á árinu 1956 voru um 30 hús með minna en 400 tonna framleiðslu hvert og framleiddu samtals um 8% af heildarflakamagninu.

Bráðabirgðatölur fyrir árið 1958 sýna, að á þessu hefur orðið lítil breyting. Aukning aflamagnsins hefur fyrst og fremst borizt til stærri húsanna, en í þeirra tölu eru einnig nýju húsin. Bilið milli smáu og stóru húsanna hefur stækkað. Hér á eftir verður þetta atriði kallað **aðstöðumunurinn.**

Síðustu árin hefur aðstöðumunurinn farið vaxandi, þannig að nú er svo komið, að full ástæða er til að taka hann til sérstakrar athugunar, það er að segja að leita eftir leiðum til að leysa vanda smáhúsanna á þann hátt, sem þeim hæfir (þeirra vandamál er ekki fyrst og fremst verðlagsvandamál), leysa síðan vandamál annarra húsa á þann hátt, sem hæfir þeirra vandamáli (þeirra vandamál er fyrst og fremst verðlagið).

Flökunarvélarnar.

Á síðustu tveimur árum hafa frystihúsin verið að kaupa flökunarvélar frá Vestur-Þýzkalandi. Í árslok 1957 hafði verið komið fyrir 25 vélum í frystihúsunum. Nú eru vélarnar ornar 48 talsins. Auk þess eru 7 vélar í pöntun. Í ár hefur um 55% flökunarmagnsins (skv. bráðabirgðauppgjöri) verið flakað í vélum. (Hús með 63% af framleiðslunni hafa vélar, og er hér gert ráð fyrir, að þau flaki 90% af þorskinum og 80% af karfanum í vélum.) Það er því augljóst, að auk aðstöðumunarins er nú komið annað atriði, sem veldur vaxandi mismun á rekstraraðstöðu og afkomu stóru og smáu húsanna. Auk þess hafa stærri húsin ýmsan annan útbúnað umfram smærri húsin.

Þetta er stórmál, þótt ekki sé hægt að fara út í það í þessu stutta yfirliti. Allir kostnaðarreikningar S. H. miðast við handflökun, en það líður óðum að því (jafnvel á næsta ári), að 80—90% af framleiðslu þeirra húsa, sem eru í S. H., verði vélflakað. Þessi mikla vélvæðing og hin stórkostlega breyting, sem verður á framleiðslunni, hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á rekstur og raunverulega rekstrarreikninga húsanna. (En kostnaðaráætlanirnar miðast allar við hið svokallaða „meðalhús".) Notkun vélanna hefur mikil áhrif á nýtingu og vinnulaunakostnað.

Lokaorð.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að afkoma frystihúsanna á árinu 1958 hafi yfirleitt verið góð.

Þau fjögur atriði, sem mest hafa stuðlað að batnandi afkomu frystihúsanna, eru eftirfarandi:

1) Aukning framleiðslumagns. Framleiðslumagn S. H. jókst um 40% á árinu (þar af um helmingur eða um 9000 tonn hjá nýju húsunum). Nefndin telur, að þessi aukning hafi haft í för með sér lækkun vinnslukostnaðarins um 2.5—4%.

2) Betri nýting hráefnis vegna notkunar flökunarvéla. Nýting vélflakaðs þorsks er um 9% meiri en handflakaðs (þ. e. nýtingarprósentan hækkar um ca. 3%). Nýting vélflakaðs karfa er einnig mun meiri, en það mál hefur ekki verið rannsakað sem skyldi. Nefndin telur, að bætt nýting svari til þess, að vinnslukostnaðurinn á einingu hafi lækkað um 4—5%.

3) Vinnusparnaður vegna flökunarvéla. Handflökun er vinnufrek, vélarnar spara því mikið vinnuafl. Nefndin telur þó ekki rétt að taka tillit til þessa sparnaðar að sinni, þar sem vélarnar kosta mikið fé og enn fremur þar sem afborganir af vélunum hafa hækkað á árinu vegna hækkunar á yfirfærslugjaldi.

4) Hækkun fiskverðs. Fiskverð í Bandaríkjunum hefur að meðaltali hækkað um 3%. Þetta svarar til þess, að vinnslukostnaður hafi lækkað um 1.7% á einingu.

Þessi fjögur atriði svara til þess, að vinnslukostnaður hafi lækkað 8.2—10.7% á einingu. Rétt er að taka fram, að hagstæð áhrif, þau, sem um ræðir í lið 1—3, ná ekki til smáhúsanna, og þau, sem um ræðir í lið 1, ná heldur ekki til nokkurra meðalstórra húsa, sem ekki fengu verulega aukningu hráefnis á árinu.

Það eru aðallega tvö atriði, sem hafa óhagstæð áhrif á afkomu frystihúsanna:

1) Hækkun vinnulauna. Frá 29. maí 1958 til nóvember í ár hefur orðið hækkun á vinnulaunakostnaði um 11—13% (miðað við kaupgjaldsvísitöluna 185, sem áætlanir S. H. miðast við). Af þessum sökum telur nefndin, að vinnslukostnaður á einingu hafi hækkað um 7—8%.

2) Lakari nýting. Orðið hefur hlutfallsleg aukning á netaafla, miðað við annan

afla. Þá hefur einnig sá karfi, sem aflazt hefur við New Foundland, gefið lakari nýtingu en annar karfi. Af þessum sökum telur nefndin, að vinnslukostnaður á einingu hafi hækkað um 1.6%.

Þessi tvö atriði valda því óhagstæðari afkomu hjá frystihúsunum, sem nemur 8.6—9.6% hækkun á vinnslukostnaði á einingu.

Þess ber að gæta, að nefndin hefur mjög ófullkomnar upplýsingar um ýmis veigamikil atriði og að útreikningar þeir, sem að framan getur, eru þar af leiðandi ekki nákvæmir. Samt sem áður telur nefndin óhætt að álykta, að þau atriði, sem valdið hafa batnandi afkomu frystihúsanna, vegi nokkurn veginn upp þau atriði, sem valda óhagstæðari afkomu þeirra (og aðallega eru tilkomin síðustu mánuðina).

Nefndin vill hins vegar benda á, að í áhrifum hækkunar vinnulaunanna á afkomu frystihúsanna, sem reiknað er með hér að framan, er ekki tekið tillit til áhrifa launahækkananna á aðra kostnaðarliði en öll vinnulaun. En þegar frá líður koma þessar hækkanir fram í öðrum liðum, svo sem byggingarkostnaði.

Reykjavík, 20. desember 1958.

Benjamín Eiríksson. Davíð Ólafsson. Haukur Helgason. Tómas Árnason.

6. Samanburður á skiptaverði og samningsgrundvelli 1959.

		Skiptaverð	Samn. grundv. 1959
	Tekjur:		
1.	Afli	472 860 á 1,6407	775 821	703 616
2.	Lifur	30 689 á 2,16	66 288	66 288
3.	Hrogn	11 822 á 3,13	37 003	35 111
4.	Endurgr. trygging			
5.	Verðb. á fiski			267 875
6.	Verðb. á hrognum			14 659
	Gjöld:		
1.	Beita	44 400 á 2,70	119 880	124 320
2.	Olía		54 495	54 495
3.	Akstur		12 091	12 387
4.	Aukavinna		16 664	17 617
5.	Viðlegugjald		10 000	10 000
6.	Bjóðageymsla		3 250	3 250
7.	Hafnargjöld		7 000	7 000
	Viðbót 5—7		1 350	2 025
8.	Hlutir 28 451×14		398 730	362 929
9.	Veiðarfæri		111 765	112 045
10.	Trygging skipshafnar		9 436	9 436
11.	Viðhald skips og vélar		84 001	87 803
12.	Trygging skips		32 285	32 285
13.	Trygging afla og veiðarfæra		2 271	2 271
14.	Vextir af reksturslánum		4 344	4 436
15.	Opinber gjöld		4 000	4 000
16.	Skrifstofukostnaður		20 990	21 776
17.	Ýmis kostnaður		11 567	12 000
18.	Vextir af höfuðstól		52 725	53 840
19.	Fyrningar		131 061	133 831
20.	Fastakaup yfirmanna		9 641	10 192
21.	Orlofsfé		23 899	21 776

	Skiptaverð	Samn. grundv. 1959
22. Leiga fyrir geymsluhúsnæði	3 000	3 000
23. Aksturskostnaður	6 045	6 193
Viðbót v/10, 15, 22	1 096	1 644
24. Trygging á munum skipverja	2 430	2 430
25. Ábyrgðartr.	960	960
26. Dánarb., slysatr.gj. o. fl.	4 500	4 500
Viðbót v/ýmsan kostn.	9 639	10 000
Uppb. v/25 000	7 125	7 835
Til þess að samn. gengju saman '57—'58	25 000	25 000

7. Samanburður á samningsgrundvelli 1958 og 1959.

Tekjur:	Samningsgrundv. 1958	Samningsgrundv. 1959
1. Afli, 472 860 kg	567 101	703 616
2. Lifur, 30 689 l	33 758	66 288
3. Hrogn, 11 822 kg	29 082	35 111
Samtals 1—3	629 941	805 015
4. Endurgr. trygging	19 991	
5. Verðbætur á fisk	264 802	267 875
6. Verðbætur á hrogn	16 456	14 659
Samtals 4—6	301 249	282 534
Alls 1—6	931 190	1 087 549
Gjöld:		
1. Beita	104 340	124 320
2. Olía	38 711	54 495
3. Akstur	9 394	12 387
4. Aukavinna	15 158	17 617
5. Viðlegugjöld	10 000	10 000
6. Bjóðageymsla	3 250	3 250
7. Hafnargjöld	7 000	7 000
Samtals 1—7	187 853	231 094
8. Hlutir skipverja	346 508	362 929
9. Veiðarfæri	78 005	112 045
10. Trygging skipshafnar	9 436	9 436
11. Viðhald skips og vélar	71 852	87 803
12. Trygging skips	19 991	32 285
13. Trygging afla og veiðarfæra	1 683	2 271
14. Vextir af rekstrarlánum	3 326	4 436
15. Opinber gjöld	4 000	4 000
16. Skrifstofukostnaður	18 221	21 776
17. Ýmis kostnaður	10 000	12 000
18. Vextir af höfuðstól	40 350	53 840
19. Fyrningar	100 050	133 831
20. Fastakaup yfirmanna	9 602	10 192
21. Orlofsfé	20 790	21 776

	Samningsgrundv. 1958	Samningsgrundv. 1959
22. Leiga f. geymsluhúsnæði	3 000	3 000
23. Aksturskostnaður	4 697	6 193
Viðbót við 10, 15 og 22 (10%)		1 644
Samtals 8—23	741 411	879 457
Alls 1—23	929 264	1 110 551
Rekstrarafgangur, mismunur	1 926	23 002

Tekjur:

	Verð 1958	Verð 1959	Skiptaverð 1958	Skiptaverð 1959	Nýtt 1959	175 stig 5.41
1. Afli	1.1993	1.488	1.46	1.5362	1.7344	1.6407
2. Lifur	1.10	2.16	1.10	2.16	2.16	2.16
3. Hrogn	2.46	2.97	2.79	2.93	3.31	3.13
5. Verðb. á fisk	56.00	56.65				775 821
6. Verðb. á hrogn	1.23	1.24				66 288
						37 003

Gjöld:

1. Beita	2.35	2.80				879 112
					÷ óskipt	224 704
						654 408
					Hlutur 28 453 × 14	398 342

Nd. 197. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í lögum nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., var ákveðið, að kaupgjald skyldi hækka um 5—7%, en þar á móti kom það, að í lögunum voru fyrirmæli um, að næsta 9 stiga hækkun kaupgreiðsluvísitölu skyldi ekki valda hækkun á kaupi. Um þetta segir svo í athugasemdum, er þáverandi ríkisstjórn lét fylgja frumvarpi til framangreindra laga, þegar hún lagði það fyrir þingið:

„Við ákvörðun útflutnings- og yfirfærslubóta þeirra, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, hefur verið tekið tillit til 5% hækkunar á kaupgjaldi. Í kjölfar frekari kaupgjaldshækkunar má því búast við að sigli kröfur um nýja hækkun á útflutnings- og yfirfærslubótum. Hækkun þeirra hefði í för með sér meiri hækkun á framfærsluvísitölunni, og hún ylli svo á hinn bóginn nýrri hækkun á kaupgjaldi og afurðaverði, og þannig koll af kolli. Er þetta óhjákvæmileg afleiðing þeirrar skipunar, að kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa í kjölfar breytinga á framfærsluvísitölu."

Og í framhaldi af þessu segir m. a.:

„Í sambandi við lausn efnahagsvandamálanna er því nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu."

Þær aðvaranir fyrrverandi ríkisstjórnar, sem felast í framangreindum ummælum, voru því miður ekki teknar til greina, og súpa menn nú seyðið af því. Skömmu eftir

gildistöku laganna komu fram kröfur um nýjar kauphækkanir, og svo fór, að s.l. sumar og haust hækkaði grunnkaup yfirleitt um 6—9½%. Í kjölfar þeirra hækkana kom síðan miklu meiri hækkun vísitölunnar en áður hafði verið gert ráð fyrir, og ekki hefur enn náðst samstarf um þá endurskoðun á vísitölukerfinu, sem fyrrv. ríkisstjórn benti á, að nauðsynlegt væri að gera. Þegar þessar kauphækkanir voru fram komnar, var ljóst, að þörf var nýrra ráðstafana, til þess að framleiðslustarfsemin gæti gengið hindrunarlaust, þar sem hækkanirnar höfðu raskað þeim grundvelli að heilbrigðum atvinnurekstri, sem lagður var með lögunum um útflutningssjóð s.l. vor.

Í frumvarpinu, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að 10 stig verði felld niður úr kaupgreiðsluvísitölunni. Með því, ef samþykkt verður, eru áðurnefndar kauphækkanir, sem urðu s.l. sumar og haust, að mestu leyti teknar aftur. Er þar með viðurkennt, að kauphækkanirnar hafi verið umfram það, sem atvinnuvegirnir gátu risið undir.

Afleiðingar kauphækkananna urðu að sjálfsögðu hækkanir á vöruverði og margs konar þjónustugjöldum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að verð á vörum og þjónustu verði lækkað til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem fram kemur við niðurfellingu 10 stiga úr kaupgreiðsluvísitölunni. En mjög er hætt við því, að ekki takist að fullu að koma fram slíkum lækkunum á vöruverði og greiðslum fyrir ýmiss konar þjónustu. Er því vafalaust, að það hefði verið hagkvæmara, bæði fyrir þá, sem kauphækkanirnar fengu, og aðra, að þær hefðu ekki átt sér stað. Þá hefðu menn sloppið við þá hækkun á framfærslukostnaði, sem af þeim hlauzt, og þá hefði verið óþarft að gera þær ráðstafanir til kauplækkunar, sem í frv. felast.

Í athugasemdum, sem frv. fylgja, kemur fram, að það sé borið fram í þeim tilgangi að stöðva verðbólguþróunina. En til þess að það megi takast, þarf að beita fleiri úrræðum en þeim, sem hér um ræðir.

Frumvarp þetta er aðeins einn þáttur í þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur á prjónunum. Um næstliðin áramót ákvað stjórnin að auka mjög niðurgreiðslur á vöruverði, aðallega á verði landbúnaðarafurða, og kostar það mikið fé. Þá hefur ríkisstjórnin fyrr í þessum mánuði gert samninga við framleiðendur útflutningsafurða, sem fela í sér mikla hækkun á bótum til þeirra. Hins vegar hafa enn ekki fengizt nema mjög óljósar upplýsingar um það, hvað ríkisstjórnin hefur í hyggju varðandi tekjuöflun til að vega á móti þessum miklu hækkunum á útgjöldum. En það liggur í augum uppi, að þó að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþykkt, mun verðbólgan halda áfram að færast í aukana, ef þannig verður að öðru leyti gengið frá afgreiðslu fjárhagsmála á þinginu, að stefnt verður að miklum greiðsluhalla hjá ríkissjóði og útflutningssjóði.

Í þeim samningum, sem nýlega hafa verið gerðir milli útvegsmanna og sjómanna, er það nýmæli, að skiptaverð á fiski til sjómanna skuli breytast með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Ákvæði um þetta hafa verið tekin í frv., í 9. grein þess, og gilda þau einnig um breytingar á fiskverði, sem aflaverðlaun togarasjómanna eru miðuð við. Að þessu er vikið í athugasemdum með frv., og segir þar, að í framhaldi af því hafi þótt eðlilegt, að breytingar verði á afurðaverði til bænda samkv. kaupgreiðsluvísitölu jafnoft og samtímis og breytingar verða á kaupi launþega vegna breytinga á vísitölu. Ákvæði um slíkar breytingar á afurðaverði til bænda, eftir breytingum á kaupgreiðsluvísitölu, eru í 8. gr. frv. En þar er sú takmörkun sett, að verðið til framleiðenda búvöru skuli því aðeins breytast, að kaupgreiðsluvísitalan breytist um 5 stig eða meira. Engar slíkar takmarkanir eru í frv. viðkomandi vísitöluuppbótum til annarra stétta. En rétt og skylt er, að hér gildi sama regla fyrir alla, og flyt ég því breytingartillögu á sérstöku þingskjali um að fella þetta takmörkunarákvæði úr greininni.

Í samningum ríkisstj. við útvegsmenn er nú einnig það nýmæli, að gert er ráð fyrir, að þeir geti fengið bætta þá hækkun rekstrarkostnaðar, er leiðir af breytingum á kaupgreiðsluvísitölu og grunnkaupi, og í samningum við fiskvinnslufyrirtæki er einnig gert ráð fyrir, að þau geti fengið samkomulagsgrundvöllinn endurskoðaðan

vegna slíkra hækkana á kaupi. Það verður að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að hliðstæðar reglur gildi þá einnig fyrir framleiðendur landbúnaðarafurða. Á þingskjali 189 hef ég því borið fram breytingartillögur um það efni. Er þar í fyrsta lagi lagt til, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum verði nú hækkuð í samræmi við þá breytingu, sem orðin er á kaupi verkamanna. Og í öðru lagi er lagt til, að framleiðsluráð landbúnaðarins fái heimild til að hækka afurðaverð til framleiðenda á þriggja mánaða fresti, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum færist til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á grunnkaupi verkamanna í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Breytingartillögurnar, sem hér hefur verið lýst, eru í samræmi við þær tillögur, sem fjárhagsnefndinni bárust frá framleiðsluráði landbúnaðarins.

Frumvarp þetta fjallar aðeins um einn þátt efnahagsmálsins. Enn ríkir mikil óvissa um afgreiðslu þess að öðru leyti. Eins og nú horfir, sýnist mér sú hætta vofa yfir, að ríkisstjórnin og stuðningslið hennar velti byrðum yfir á framtíðina með því að skjóta sér undan þeirri skyldu að sjá fyrir tekjum á móti útgjöldum, sem stofnað er til. Ef þannig verður að farið, tel ég það háskaleg undanbrögð og því mjög ámælisvert. Um þetta verður ekki fullyrt að svo stöddu, en tækifæri mun gefast til að ræða nánar um málið í heild, þegar það skýrist betur.

Aðalefni frv. er að taka af mönnum með lagaboði þær kauphækkanir, sem andstæðingar fyrrverandi ríkisstjórnar beittu sér fyrir og fengu fram komið s. l. sumar og haust. En reynslan hefur sýnt, að það var rétt, sem fyrrv. ríkisstjórn hélt fram, þegar hún lagði efnahagsmálafrv. sitt fyrir þingið í næstl. maímánuði, að nýjar hækkanir á framleiðslukostnaði gæti útflutningsframleiðslan ekki borið bótalaust. — Þá eru og fyrirmæli í frv. um, að vísitöluuppbætur á tekjur skuli ná til fleiri manna en áður hefur tíðkazt. En þar skortir á, að jafnréttis sé gætt, og er ein af brtt. mínum við frv. flutt til þess að koma fram leiðréttingum í því efni. Aðrar brtt. mínar eru um, að bændur fái oftar á ári en nú er hækkun á tekjum sínum, ef grunnkaupshækkanir verða, og er það til samræmis við nýtt fyrirheit ríkisstjórnarinnar til útvegsmanna í samningum við þá.

Árangurinn af niðurfærslu um 10 vísitölustig, sem eins og áður segir er aðalefni þessa frv., fer að sjálfsögðu eftir því, hvað gert verður í efnahagsmálunum að öðru leyti. Endanleg afstaða mín til frv. mun m. a. fara eftir því, hvernig fer um breytingartillögur og hverjar nýjar upplýsingar kunna að koma fram um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar varðandi lausn efnahagsmálanna að öðru leyti.

Alþingi, 27. jan. 1959.

Skúli Guðmundsson,
form.

Ed. 198. Frumvarp til laga [91. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, skal gilda til 1. marz 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgir því eftirfarandi athugasemd um málið:

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 muni eigi verða lokið fyrir 1. febrúar n. k., er með frv. þessu lagt til, að framlengd verði til 1. marz n. k. heimild sú, er felst í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Nd. 199. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Jafnframt skal framleiðsluráði landbúnaðarins óheimilt að miða verð á landbúnaðarvörum á innlendum markaði við það, að innlenda verðið beri uppi verðbætur á útflutningsvörur.

Nd. 200. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til l. um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Gunnari Jóhannssyni.

Við 9. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:

Frá 1. febrúar 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómanna miðast við kaupgreiðsluvísitölu 185 stig.

Nd. 201. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Karli Guðjónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Frá 1. febrúar 1959 skal ríkisstjórnin með niðurgreiðslum á vöruverði í nánu samráði við launþegasamtökin halda framfærsluvísitölu í 202 stigum, þannig að kaupgreiðsluvísitalan verði 185 stig.

Nd. 202. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Pétri Péturssyni, Jóhanni Hafstein og Ólafi Björnssyni.

Við 3. gr. Aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Vísitala framfærslukostnaðar í febrúar 1959 skal miðuð við verðlag 6. dag mánaðarins.

Nd. **203. Frumvarp til laga** [87. mál]

um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkvæmt vísitölu 175 stig. Á bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga og í lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, skal þó frá sama tíma greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 185.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um ákvæðisvinnutaxta, sem byggðir eru á tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum. Lækkun ákvæðisvinnutaxta frá 1. febrúar 1959 skal nema sama hundraðshluta og lækkun sú, er verður á viðkomandi tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu frá 1. febrúar 1959 lækka sem svarar niðurfærslu launa bifreiðastjóra í taxtagrundvelli til samræmis við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, þá er ákveðin var sú launaupphæð, sem er í taxtagrundvelli við gildistöku laganna. Sama skal gilda um alla aðra taxta og gjöld, sem fylgt hafa breytingum á launum viðkomandi starfsstéttar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Nú eru laun ákveðin með samningi eða á annan hátt fyrir gildistöku laganna sem heildarlaun, án þess að grunnlaun séu tiltekin sérstaklega, og skulu þau þá lækka frá 1. febrúar 1959 í hlutfalli við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, er launaupphæðin var ákveðin.

2. gr.

Vísitala viðhaldskostnaðar húsa í Reykjavík 1. desember 1958 skal reiknuð á ný til samræmis við kaupgreiðsluvísitölu 175 stig að því er snertir launaliði fyrrnefndrar vísitölu, og eftir henni skal reiknuð ný húsaleiguvísitala, sem að öðru leyti er miðuð við verðlag þennan dag.

Húsaleiga, sem samkvæmt leigusamningi fylgir húsaleiguvísitölu, skal á tímabilinu 1. febrúar til 31. marz 1959 greidd eftir þeirri húsaleiguvísitölu, er reikna skal samkvæmt fyrri málsgr. þessarar gr.

3. gr.

Þá er vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 1. marz 1950 er reiknuð miðað við verðlag í byrjun mánaðanna febrúar og marz 1959, skal miða húsnæðislið hennar við þá vísitölu viðhaldskostnaðar, er reikna skal samkvæmt fyrri málsgr. 2. gr., að svo miklu leyti sem húsnæðisliður vísitölu framfærslukostnaðar fylgir vísitölu viðhaldskostnaðar.

Vísitala framfærslukostnaðar í febrúar 1959 skal miðuð við verðlag 6. dag mánaðarins.

4. gr.

Í kauplagsnefnd eiga sæti þrír menn, einn skipaður eftir tilnefningu hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. — Nefndin vinnur störf sín í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

Hinn 1. marz 1959 skal taka gildi nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík, samkvæmt niðurstöðum neyzlurannsóknar þeirrar, er kauplagsnefnd

hefur framkvæmt í samráði við Hagstofuna. Skal útgjaldaupphæð hins nýja vísitölugrundvallar 1. marz 1959 vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar vísitölunnar miðast við, og jafngildir því grunntölu 100. Vísitala framfærslukostnaðar skal reiknuð mánaðarlega miðað við verðlag í mánaðarbyrjun, eftir grundvallarreglum, sem kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

5. gr.

Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 1. gr. lögð við grunnupphæðir launa og annarra greiðslna, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og telst hvort tveggja grunnlaun, er greiða skal verðlagsuppbót á samkvæmt ákvæðum 6. gr.

6. gr.

Kaupgreiðsluvísitala skal ákveðin sem hér segir frá 1. maí 1959:

Á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, í hlutfalli við hækkun þá á vísitölu framfærslukostnaðar, sem kann að hafa orðið frá 1. marz til 1. apríl 1959.

Frá 1. september 1959 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sem kauplagsnefnd reiknar eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðarnefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt síðan 1. maí 1959. Tekur þetta jafnt til þeirra breytinga verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem ákveðnar eru samkvæmt 8. gr. þessara laga, sem til þeirra breytinga á honum, sem ákveðnar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, að svo miklu leyti sem þær leiðir af greiðslu verðlagsuppbótar á laun síðan 1. maí 1959.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. ágúst, 1. nóvember, 1. febrúar og 1. maí, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. september, 1. desember, 1. marz og 1. júní.

7. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal færa niður laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1958—59 sem svarar lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Frá sama tíma skal framleiðsluráð landbúnaðarins lækka afurðaverð til framleiðenda í hlutfalli við lækkun þá á heildarupphæð verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem leiðir af niðurfærslu vinnuliðs hans.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 færa heildsöluverð á þeim framleiðsluvörum, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, til samræmis við lækkun afurðaverðs samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. og við lækkun þá á vinnslu- og dreifingarkostnaði afurða, sem leiðir af lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 202 stigum í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Sama niðurfærsla skal eiga sér stað á útsöluverði þeirra landbúnaðarvara, sem ekki er á skráð heildsöluverð.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 lækka eggjaverð til framleiðenda svarandi til þeirrar lækkunar á verði til framleiðenda annarra landbúnaðarvara, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar gr. Ákvæði 2. málsgr. þessarar gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt við ákvörðun framleiðsluráðs á heildsöluverði eggja.

Ákvarðanir framleiðsluráðs landbúnaðarins um smásöluálagningu á það heildsöluverð landbúnaðarvara, er ákveðið verður frá 1. febrúar 1959 samkvæmt 2. málsgr. og 2. málslið 3. málsgr. þessarar gr., skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir frá sama tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó er slík hækkun því aðeins heimil, að kaupgreiðsluvísitala sú, sem gildir frá byrjun viðkomandi tímabils, sé minnst 2 stigum hærri en sú vísitala, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir. — Nú lækkar kaupgreiðsluvísitalan, og skal framleiðsluráð landbúnaðarins þá lækka afurðaverð svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir næstu þrjá mánuði samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó skal slík lækkun ekki eiga sér stað, nema kaupgreiðsluvísitalan hafi lækkað 2 stig eða meira frá þeirri vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir, og lækki kaupgreiðsluvísitalan niður fyrir 102 stig, þá skal fella niður þá hækkun afurðaverðs, sem leitt hefur af hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar umfram 1 stig frá grunnvísitölu samkvæmt 1. og 2. málslið þessarar gr.

Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

9. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómanna lækka í sama hlutfalli og nemur lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Hið sama skal gilda um fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við. Frá 1. maí 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við, hækka í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á kauptryggingu bátasjómanna samkvæmt kjarasamningum eftir kaupgreiðsluvísitölu 185. Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt þessu lögð við grunnupphæð kauptryggingar, og telst hvort tveggja grunnkauptrygging, er breytist í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr.

10. gr.

Framleiðendur hvers konar vöru og þjónustu skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka söluverð til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður framleiðenda lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar. Tekur þetta til gjalda fyrir hvers konar flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, sömuleiðis til greiðslna til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu, dúklagningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur tekur þetta til verðs á snyrtingu, fatapressun, gistingu, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Gjöld fyrir greiðasölu, veitingar og fæði skulu lækka bæði vegna þeirrar lækkunar tilkostnaðar, sem leiðir beint og óbeint af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu, og vegna lækkaðs verðs á landbúnaðarvörum. — Ákvæði þessarar málsgr. taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu þegar eftir gildistöku þessara

laga lækka til samræmis við þá lækkun kostnaðar annars en bifreiðastjóralauna í taxtagrundvelli, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Sama skal gilda um alla aðra taxta og gjöld, sem fylgt hafa breytingum tilkostnaðar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laga þessara setja nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða 1. og 2. málsgr. þessarar gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu innanlands.

11. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að 100 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., falla úr gildi 31. janúar 1959.

Ed. 204. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar.
Nánar í framsögu.

Nd. 205. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Karli Guðjónssyni.

Við 1. gr. Við 1. málsgr. bætist:

Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót skv. vísitölu 185 á allt grunnkaup kvenna samkvæmt samningum stéttarfélaga, þar til fullum jöfnuði er náð við kaup karla, er vinna hliðstæð störf.

Ed. 206. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. Fyrir „1. marz 1959“ komi: 1. apríl 1959.

Ed. 207. Frumvarp til laga [91. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, skal gilda til 1. apríl 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 208. Frumvarp til laga [93. mál]

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi skulu veiðar með dragnót bannaðar með þeim undantekningum, er í næstu málsgrein segir.

Íslenzkum fiskiskipum, sem minni eru en 35 rúmlestir brúttó, skal með þeim takmörkunum, sem ráðuneytið setur, heimilt að veiða með dragnót innan fiskveiðilandhelginnar á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert. Um dragnótaveiðar skipa, sem eru 35 rúmlestir eða stærri, fer eftir ákvæðum reglugerðar nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni, þegar veitt er. Um gerð dragnóta skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

2. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal falið að fylgjast stöðugt með veiðum þeim, er hér um ræðir, og gera ráðuneytinu þegar viðvart, ef hætta þykir á, að þær gangi of nærri stofni nytjafiska eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða.

Að fengnum tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, er ráðuneytinu heimilt að takmarka hverju sinni veiðiskipafjölda á ákveðnum, tilteknum veiðisvæðum. Einnig skal ráðuneytinu heimilt, að fengnum tillögum

sömu aðila, að banna dragnótaveiðar á tilteknum svæðum eða í allri fiskveiðilandhelginni hluta af hinu leyfða veiðitímabili, eða alveg fyrir eitt ár í senn, ef líklegt þykir, að fiskistofninn sé í hættu fyrir ofveiði.

3. gr.

Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að króa af síld og ufsa við land, svo sem tíðkazt hefur eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, svo og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki.

Eftir sérstöku leyfi ráðuneytisins, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir, sem fást við vísindalegar rannsóknir, fengið að nota dragnætur í landhelgi.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum 500—5000 gullkrónum. Skulu þá öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs upptæk.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

5. gr.

Hver sá, er leiðbeinir skipi við ólöglegar dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi við Ísland eða liðsinnir því við slíkar veiðar eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum 500—5000 gullkrónum. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er á dragnótaveiðiskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er við ólöglegar veiðar, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu.

6. gr.

Skipstjóri, sem gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal auk refsingar þeirrar, er getur um í 3. gr., sæta fangelsi eigi skemur en í tvo mánuði. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr. auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 4. gr.

7. gr.

Á því tímabili, sem dragnótaveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr., er skipum, sem eru að stærð undir 35 rúmlestum brúttó, bannað að hafa dragnætur um borð utan hafnar.

8. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri rennur í Fiskveiðasjóð Íslands.

9 gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðuneytið getur með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta og lengd dráttarlína svo og um lágmarksstærð þess fisks, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi. Enn fremur má í reglugerð banna að hnýta net með minni möskvastærð en reglugerðin ákveður að nota megi til veiða.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, og eigi eru refsingar lagðar við í 4. og 5. gr. laganna varða sektum frá 1000—10000 kr.

12. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, og reglugerðar nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við þá reglugerð, taka ekki til dragnótaveiða samkvæmt þessum lögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flatfiskur sá, sem heldur sig á fiskimiðunum umhverfis Ísland, hefur, svo sem kunnugt er, lítið verið nytjaður af landsmönnum sjálfum nú um nokkurt árabil. Engu að síður hefur veiði þeirra fisktegunda, sem hér er um að ræða, en það eru aðallega skarkoli, þykkvalúra og langlúra, staðið með miklum blóma hin síðustu ár og aflamagnið farið stöðugt vaxandi.

Í alþjóðlegum fiskiskýrslum er t. d. talið, að skarkolaveiðin á Íslandsmiðum hafi meira en tvöfaldazt á því síðasta 5 ára tímabili, sem skýrslur liggja fyrir um, eða vaxið úr 4563 lestum 1953 í 9603 lestir 1957. En hlutdeild Íslendinga sjálfra í veiði þessari er sáralítil, eða frá 7.5% niður í 3.3%. Langmestur hluti veiðanna hefur því fallið útlendingum í skaut, og eru Bretar þar stærstur aðili.

Skýrslur liggja ekki fyrir um það, hvar á hinum íslenzku miðum veiðar þessar hafa farið fram, en ætla má, að veiðisvæðin liggi öll innan hinnar nýju 12 mílna fiskveiðilandhelgi og ekki verði lengur um að ræða neina teljandi flatfiskveiði af hálfu útlendinga á okkar miðum.

Þetta leggur Íslendingum á herðar þá siðferðisskyldu að framkvæma nú sjálfir þær veiðar, sem eðlilegar eru á þessu sviði, því að enginn mun hafa ætlazt til þess, að flatfiksstofnarnir, sem gefa af sér verðmætasta fiskmetið, er á miðum okkar fæst, eigi eftir stækkun landhelginnar engum matvælum að skila á heimsmarkaðinn eða að fiskur þessi eigi ósnertur að bíða ellidauða ánytjaður.

Til þess að gera landsmönnum kleift að veiða flatfiskinn verður að leyfa notkun þess veiðarfæris, sem tiltækilegast er, en það er dragnótin. Án hennar verður ekki um neinar verulegar flatfiskveiðar að ræða, eins og nú standa sakir, þar eð veiðitækni, sem að gagni getur hér talizt, er engin önnur þekkt heldur en dragnót eða botnvarpa.

Dragnótaveiðar yfir sumarmánuðina samrýmast líka mjög vel eðlilegri notkun hinna smærri fiskibáta, þar eð þá skortir einmitt verkefni við hæfi á þeim tíma. Slíkar veiðar mundu einnig bæta mjög atvinnuhætti í mörgum útgerðarstöðvum víðs vegar á landinu, auka á atvinnuöryggi verkafólks og leggja frystihúsunum til arðbær verkefni einmitt á þeim árstíma, sem mörg þeirra skortir hráefni.

Þá er ekki minnst um það vert, að með skynsamlegri nýtingu flatfisksins og annars þess afla, er í dragnót fæst, mundi hagur íslenzka þjóðarbúsins stórbatna, og er hæfilega takmarkað leyfi til dragnótaveiða ekki síður tiltækileg efnahagsráðstöfun en margt af því, sem fyrir Alþingi hefur verið lagt og talið nauðsynlegt til að leysa fjárhagslegan vanda.

Á árunum eftir 1930 og allt fram til 1952 voru hér stundaðar dragnótaveiðar, sum árin í allstórum stíl. Þegar veiðar þessar urðu hvað mestar upp úr hinni síðari heimsstyrjöld og jafnhliða veiðum Íslendinga var mikill ágangur erlendra tog- og dragnótaskipa við þessar veiðar alveg upp að gömlu þriggja mílna landhelginni (og raunar einnig innan við hana), varð greinilega vart ofveiði bæði á flatfiski og ýsu.

Af þessum sökum settist að í hugum margra manna andúð á dragnótinni sem veiðarfæri, og munu þeir enn vera nokkrir, sem telja veiðarfæri þetta til einskis

gagns, en aðeins til óþurftar. En þegar tekið er fullt tillit til þess, að hinir eitt sinn ofveiddu fiskistofnar hafa nú rétt við og þola aukna veiði, og þess að auki, að nú má ætla, að ofveiðihættan af völdum útlendinga sé úr sögunni, verður nú að telja hina algeru fordæmingu á dragnótinni ranga og óeðlilega.

Allrar aðgæzlu er þó þörf um framkvæmd veiðanna, og með tilliti til reynslu liðinna ára verður að teljast rétt, að opinbert og vísindalegt eftirlit sé með þeim haft. Fiskideild atvinnudeildar háskólans er ætlað það hlutverk samkvæmt frumvarpi þessu. En ég tel, að fullsannað sé á síðustu árum, að óviturlegt sé að viðhalda algeru banni gegn veiðum þessum. Fiskistofnar þeir, sem dragnótaveiðarnar taka til, þola sannanlega miklu meiri veiði en við Íslendingar höfum framkvæmt síðustu árin, og að áliti fjölmargra fiskimanna og einnig allra þeirra fiskifræðinga, er ég hef séð álit frá um mál þetta, hniga rök að því, að leyfa beri takmarkaðar dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Á síðastliðnu hausti leitaði sjávarútvegsmálaráðuneytið álits Árna Friðrikssonar fiskifræðings og fiskideildar atvinnudeildar háskólans um það, hvort leyfa beri einhverjar dragnótaveiðar í landhelginni.

Í áliti Árna Friðrikssonar segir:

„... það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið."

Í áliti fiskideildarinnar segir:

„... það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna."

Báðir þessir aðilar benda þó á nauðsyn þess að takmarka leyfi til veiðanna við eðlilega nýtingu fiskistofnanna og að hamlað sé gegn því, að til ofveiði geti komið, og skal efni álitsgerðanna ekki rakið hér frekar, enda eru þær í heild prentaðar með greinargerð þessari sem fylgiskjöl.

Um dragnótaveiðar í landhelgi giltu lög nr. 45 frá 1937 allt fram til þess, er þau voru gerð óvirk með reglugerð ráðuneytisins nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiðanna umhverfis Ísland (reglugerðinni um 4 mílna fiskveiðitakmörkin), og síðar með reglugerðinni nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, er kom í hennar stað.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum sniðið eftir lögum nr. 45 frá 1937. Þó eru hér reistar nokkru meiri skorður við, að til hóflausra veiða komi.

Fylgiskjal I.

Umsögn um dragnótaveiðar í landhelgi Íslands.

Varðandi bréf hins háa ráðuneytis, dags. 27. september 1958, þar sem óskað er álits míns á dragnótaveiðum í landhelgi Íslands, skal þetta tekið fram:

Þegar Faxaflóanefndin starfaði fyrir 20 árum, var safnað skýrslum um þann afla, er barst hraðfrystihúsunum frá dragnótabátaflotanum. Rétt fyrir styrjöldina, þegar dragnótaveiðar stóðu með sem mestum blóma (1938), bárust hraðfrystihúsunum nærri 4000 sml. af fiski á einu ári, og af því nam skarkoli yfir 40%, en næst kom þykkvalúra með rúmlega 15% af veiðinni. Þetta ár var samsetning dragnótaaflans eftir tegundum og landshlutum eins og sýnt er í 1. töflu, og sést þar, á hvaða tegundum veiðin byggðist við ýmsa hluta landsins.

Þegar enskir togarar hófu sókn á Íslandsmið 1892, hafa verið hér óhemju uppgrip af skarkola. Þessar nýju veiðar byggðust því nær einvörðungu á skarkola, nær því öllum öðrum fiski var hent í sjóinn aftur fyrst í stað. Því miður eru ekki til heimildir um veiðimagnið frá fyrstu árum togveiðanna, en í 2. töflu er sýnd heildarveiði af skarkola á Íslandsmiðum síðan 1906. Taflan gefur í skyn, að skar-

kolastofninn hefur ekki farið að láta undan fyrir alvöru fyrr en eftir 1907, þegar sótt hafði verið í hann hlífðarlaust í 15 ár, lengi framan af alveg upp í landsteina. Taflan sýnir einnig, svo að ekki verður um villzt, að þrátt fyrir það, að skarkolastofninn hefur verið ofveiddur hvað eftir annað, hefur hann einatt rétt sig upp að nýju, þegar lát hefur orðið á sókninni. Þessi staðreynd hefur sýnt sig ljóslega síðastliðin 50 ár í þrjú skipti: 1) eftir heimsstyrjöldina fyrri, 2) eftir síðari heimsstyrjöldina og 3) eftir að skarkolinn friðaðist við útfærslu fiskveiðalandhelginnar 1952.

Árið 1957 veiddust 9603 smálestir af skarkola við Ísland (2. tafla). Þetta er meiri heildarveiði en nokkurt annað ár síðan 1906, að undanteknum þremur árum (1906, 1920 og 1949), þrátt fyrir það að **öll beztu kolamiðin voru ónytjuð 1957.**

Síðan fiskveiðamörkin voru færð út 1952, hefur skarkolastofninn aukizt stórlega, eins og sjá má af þessu. Aðrir fiskistofnar, sem dragnótaveiðar byggjast mjög á, hafa einnig aukizt mjög, eins og sýnt er í 3. töflu, þar sem gerður er samanburður á árunum eftir 1952 og árinu 1938. Það sýnir sig t. d., að 1957 veiddist meira en þrefalt af ýsu samanborið við 1938.

Með tilvísun til þess, er að framan greinir, verður að mæla eindregið með því, að Íslendingum verði heimilað að beita dragnót í landhelgi. Eftir að fiskveiðalínan við Ísland hefur verið færð stórlega út á ný, er þess enginn kostur að ná til sumra verðmætustu fisktegundanna hér við land, svo að neinu nemi, nema með því að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi. Eina markmiðið með fiskifriðun er að sjálfsögðu það að ná af fiskistofnunum sem mestum arði, en ekki hitt, að láta þá verða ellidauða. Þegar veiðast nær því 10000 smálestir af skarkola á ári, eins og nú er, — en það er meira en tvöfalt á við það, sem öllum hraðfrystihúsum á Íslandi barst af öllum fiski árið 1938, — þrátt fyrir það að öll beztu skarkolamiðin eru lokuð, hljóta nú að vera uppgrip af þessum fiski við strendur landsins. Það er því eigi aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að leyfa dragnót í landhelgi Íslands, því að aðeins þannig er hægt að fullnytja sjóð, sem er eðlileg lyftistöng fyrir fiskiðnaðinn í landi og sókn bátaflotans á nálægustu mið.

Um notkun og skilgreiningu dragnótar vísast til reglugerðar, sem atvinnumálaráðuneytið gaf út 14. maí 1937. Vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur síðan um þol þeirra tegunda, sem dragnótaveiðar byggjast á, væri ráðlegt að stilla veiðunum í hóf og hafa samráð við fiskideild atvinnudeildar háskólans og Fiskifélag Íslands um ýmis ákvæði. Ég tel þó, að möskvastærðin megi vera 120 mm, eins og hún er skilgreind í reglugerðinni, og lágmarksstærðir á fiski svipaðar og þar greinir. Veiðitími ætti að miðast við friðun skarkolans um hrygningartímann og verðgildi hans fyrir markaðinn á ýmsum tímum árs, en í samræmi við það mætti leyfa veiði frá 1. júní við S-, SV- og NV-landið, en frá 15. júní eða 1. júlí við N- og A-land. Lokamörkin mættu vera 30. nóvember.

Til þess að tryggja yngsta fiskinum friðland mætti banna veiðar í fjörðum, t. d. fyrir innan línu, þar sem fjörður eða vík er minna en 10 sjómílur á breidd.

Þar sem dragnótaveiðar eðli sínu samkvæmt eiga að vera lyftistöng smábátaútgerðar og iðjuvera víðs vegar í kauptúnum landsins, þyrfti þegar frá upphafi að stemma stigu við ofsókn og ofurkappi, er mættu verða til skemmdar. Við slíku mætti sporna með því að miða veiðarnar við leyfi, er væri tímabundið og staðbundið fyrir hvern bát, og takmarka um leið stærð bátanna. Að því er staðbindinguna varðar gætu ýmsar markalínur komið til greina, til dæmis mætti skipta miðunum þannig:

1) Eystra Horn—Reykjanes, 2) Reykjanes—Öndverðarnes, 3) Öndverðarnes—Bjargtangar, 4) Bjargtangar—Straumnes, 5) Straumnes—Langanes og 6) Langanes—Eystra Horn. Hafa mætti smærri svæði, ef henta þætti, en aðalatriðið væri að miða staðbindinguna við það, að aðalmiðin hagnýttust sem bezt frá næstu iðjuverum í landi.

Það er eindregið álit mitt, að notkun dragnóta við Ísland miði til mikilla heilla

fyrir land og lýð. Búast mætti þó við andstöðu úr ýmsum áttum, eins og ávallt, þegar um stórmál er að ræða. Til þess að lægja mótbárur mætti ef til vill beita rökum þeim, sem færð eru fram í bæklingnum: Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin, Rvk. 1932.

Með sérstakri virðingu,

Árni Friðriksson.

Hellerup, 22. október 1958.

Til atvinnu- og sjávarútvegsmálaráðuneytisins,
Reykjavík.

1. tafla. Dragnótaafli Íslendinga til hraðfrystihúsa 1938, talinn í smálestum.

Eftir skýrslu Faxaflóa-nefndar.

Tegund	Suðvesturland	Faxafl.	Breiðafj.	Vestfirðir	Norðurland	Austfirðir	Samtals
Skarkoli	146.5	551.5	158.8	326.3	290.5	166.0	1639.6
Sandkoli	—	3.2	—	0.6	—	—	3.8
Þykkvalúra	435.4	201.4	4.1	2.2	9.5	1.1	653.7
Langlúra	102.0	36.2	—	2.8	1.4	—	142.4
Stórkjafta	20.6	14.7	—	0.1	2.3	0.1	37.8
Flyðra	24.1	59.0	8.2	15.7	24.7	3.6	135.3
Þorskur	16.6	662.1	88.5	34.1	64.1	—	865.4
Ýsa	29.9	234.3	4.8	27.6	19.5	—	316.1
Steinbítur	2.9	93.5	10.8	—	23.3	—	130.5
Skata og lóskata	2.4	48.9	1.4	3.1	2.3	—	58.1
Samtals	780.4	1904.8	276.6	412.5	437.6	170.8	3982.7

2. tafla. Heildar-ársveiði af skarkola við Ísland árin 1906—1957.

Ár	Smálestir	Ár	Smálestir
1906	9836	1932	6398
1907	9075	1933	4642
1908	6747	1934	4670
1909	5522	1935	5337
1910	4934	1936	5149
1911	5552	1937	5567
1912	6733	1938	4150
1913	5565	1939	1998
1914	4205	1940	3647
1915	2506	1941	2799
1916	303	1942	6023
1917	41	1943	3458
1918	202	1944	3227
1919	6803	1945	3290
1920	10368	1946	4366
1921	6014	1947	7237
1922	5872	1948	9310
1923	6266	1949	10572
1924	5697	1950	9172
1925	6301	1951	8439
1926	6526	1952	5578

Ár	Smálestir	Ár	Smálestir
1927	7881	1953	4693
1928	6455	1954	5663
1929	6563	1955	7733
1930	8278	1956	7888
1931	8497	1957	9603

Meðal-ársveiði 5 ára tímabila og áranna 1956—1957.

1906—10	7223	1936—40	4102
1911—15	4912	1941—45	3759
1916—20	3903	1946—50	8131
1921—25	6030	1951—55	6421
1926—30	7137	1956—57	8745
1931—35	5909		

3. tafla. Heildarveiði við Ísland af kolategundunum, ýsu og steinbít árin 1938 og 1953—57, talinn í smálestum.

Eftir Bull. Stat.

Tegundir	1938	1953	1954	1955	1956	1957
Skarkoli	4150	4693	5663	7733	7888	9603
Sandkoli	626	498	497	469	469	536
Þykkvalúra	2257	1628	1605	1329	1484	2578
Langlúra	1166	594	778	775	782	1092
Stórkjafta	415	673	698	597	559	710
Ýsa	24948	53295	62056	64341	61898	76413
Steinbítur	10795	24041	15922	14681	17928	22337
Samtals	44357	85422	87219	89925	91008	113269

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS · FISKIDEILD

Reykjavík, 5. nóvember 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið,
Reykjavík.

Umsögn fiskideildar um dragnótaveiðar í íslenzkri landhelgi.

Fiskideildinni hefur borizt bréf sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags 27. sept. s. l., varðandi dragnótaveiðar í landhelgi Íslands.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að útfærsla landhelginnar 1952 hefur haft veruleg áhrif á fiskistofnana á grunnmiðum. Hefur fiskideildin haldið uppi kerfisbundnum athugunum á þessu atriði síðan 1952 og borið árangurinn af þeim athugunum saman við rannsóknir fyrri ára.

Í bréfi til sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 16. nóv. 1956, gerði ég nokkra grein fyrir ástandinu fram að þeim tíma og sendi með bréfi því sem fylgiskjöl greinar um málið eftir Aðalstein Sigurðsson og undirritaðan.

Skal nú fyrst gerð nokkur grein fyrir ástandi þeirra tveggja tegunda, sem mesta þýðingu munu hafa í væntanlegri dragnótaveiði, en það eru ýsa og skarkoli.

Ýsa. Ýsan er sú tegund íslenzkra nytjafiska, er sýnt hefur einna greinilegust merki ofveiði. Einkenni ofveiði eru með ýmsu móti. Almennt er talið, að síminnkandi meðallengd tegundarinnar sé nokkuð öruggt merki, og sé samfara þessu minnkandi aflamagn miðað við sömu fyrirhöfn, t. d. 100 togtíma, þarf ekki frekar vitnanna við. Því miður eru fiskiskýrslur okkar ekki enn þá það fullkomnar, að við getum

reiknað út aflamagn á 100 togtíma; verður því að notast við aflaskýrslur Breta um þetta atriði í því, sem á eftir fer.

Segja má, að ýsustofninn íslenzki hafi verið orðinn ofveiddur þegar fyrir fyrri heimsstyrjöldina, og kemur það m. a. fram í því, að dagveiði Breta féll úr 12 vættum árið 1911 niður í 5 vættir árið 1914. Vegna friðunar fyrri heimsstyrjaldarinnar náði stofninn sér þó upp aftur, og var dagveiðin komin upp í 21.4 vætt árið 1919. Eftir það fór aftur að síga á ógæfuhliðina, og minnkaði aflinn ár frá ári og var 1937 kominn niður í 5 vættir á dag. Sé notazt við aflamagn á 100 togtíma, en það er sá mælikvarði, sem nú tíðkast, var veiði Breta 243 vættir árið 1922, en árið 1937 var hún komin niður í 71 vætt.

Síðari heimsstyrjöldin hafði sömu áhrif á stofninn og sú fyrri, og kom það fram í stóraukinni veiði Breta að stríðinu loknu. Árið 1946 var afli þeirra 358 vættir á 100 togtíma, en árið 1952 var hann kominn niður í 169 vættir. Þess má einnig geta, að samhliða þessari minnkun í aflamagni jókst mjög veiðihæfni brezku togaranna eins og þeirra íslenzku. Er því ekki fjarri lagi að ætla, að stofninn hafi verið kominn á sama stig 1952 og árið 1937.

Samkvæmt brezku fiskiskýrslunum fer aflamagnið á 100 klst. vaxandi eftir 1952, en þó hægt. Hin óheillavænlega þróun veiðanna eftir stríð virðist þó greinilega vera stöðvuð, og eldri hluti stofnsins er smátt og smátt að rétta við.

Rannsóknir okkar á yngri hluta stofnsins, á uppeldisstöðvunum, hafa hins vegar leitt í ljós, að viðbragð hans var mjög svo líkt því, sem til var ætlazt.

Eftirfarandi tafla frá rannsóknunum í Faxaflóa sýnir greinilega áhrif friðunarinnar á ýsustofninn.

Ár	Meðallengd cm	Meðalþyngd kg	Fjöldi á togtíma	Kg. á togtíma
1924—1948	31.4	0.33	257	85
1953	41.5	0.85	949	807
1954	51.3	1.62	644	1043
1955	49.4	1.44	417	601
1956	50.5	1.55	347	538
1957	40.4	0.77	1010	778

Áhrif friðunarinnar koma skýrt fram í aukningu meðallengdarinnar. Hver einstaklingur er orðinn stærri og verðmætari fiskur, þegar hann veiðist. Árið 1955 er meðalþyngd ýsunnar t. d. tæplega sjö sinnum meiri en meðalþyngdin á árunum 1924—1948. Samtímis þessu hefur fjöldinn á togtíma aukizt mjög, og var hann að meðaltali um níu sinnum meiri á árunum 1953—1957 en á tímabilinu 1924—1948.

Þessi dæmi ættu að nægja til þess að sýna, að stofninn hefur rétt verulega við.

Í næstu töflu er sýnd þróun ýsuveiðanna á Íslandsmiðum eftir síðari heimsstyrjöldina.

Ár	Ísland	Heildarýsuveiði	Hlutur Íslands (%)
1937	4053	24680	16.4
1945	12104	–	–
1946	14120	–	–
1947	18601	32984	56.4
1948	24862	51905	47.9
1949	29264	66537	44.0
1950	27099	60373	44.9
1951	22173	54351	40.8
1952	15166	44952	33.7
1953	14954	53295	28.1
1954	21324	62056	34.4
1955	21703	64341	33.7
1956	22054	61898	35.6
1957	–	76413	–

Taflan sýnir í fyrsta lagi, hve mikla þýðingu friðun stríðsáranna hafði fyrir ýsustofninn, en hún sýnir einnig, að heildarveiðin og veiði Íslendinga dróst mjög saman eftir 1949. Eftir lokunina 1952 má segja, að stofninn hafi rétt mjög við, og árið 1957 náði heildaraflinn algeru hámarki, en þá voru árgangar þeir, sem notið hafa friðunarinnar, að koma í gagnið fyrir alvöru.

Árið 1937 var ýsuveiðin á Íslandsmiðum 10.5% af heildarýsuveiði Evrópu, en árið 1956 nam afli sá af ýsu, er fékkst við Ísland, 18.7% af heildarveiðinni. Sé sóknin á Íslandsmið mæld með samanlögðum ferðafjölda enskra og þýzkra togara, kemur í ljós, að 1937 var hann 4367 ferðir, en ekki nema 2432 árið 1956, eða um 56% af ferðunum 1937. Aukning heildaraflans er því ekki árangurinn af meiri heildarsókn, heldur er hér um að ræða stórlega aukningu sjálfs ýsustofnsins, þótt tekið sé tillit til aukinnar veiðihæfni togaranna og aukningar íslenzka fiskveiðiflotans.

Það, sem hér hefur verið sagt, er miðað við ástandið eins og það var með 4 mílna fiskveiðilandhelgi. Með fjarveru útlendinga frá svæðinu innan 12 mílna er mikið létt sókninni í þennan stofn, og má því segja, að hann sé ekki fullnytjaður eins og nú er.

Skarkoli. Skarkolastofninn við Ísland hefur löngum verið talinn eitt hinna sígildu dæma um ofveidda fiskistofna. Á árunum 1922 til 1937 féll veiði Breta úr 56 vættum í 18 vættir á 100 togtímum. Síðari heimsstyrjöldin hafði mikil áhrif á þennan fiskistofn, og má nefna, að árið 1947 var veiði Breta 83.6 vættir á 100 togtímum. En sagan endurtók sig fljótlega, og var svo komið árið 1953, að stofninn gaf einungis af sér 25.9 vættir á 100 togtímum. Áhrif friðunaraðgerðanna 1952 á stofn þennan eru stórkostlegar. Árið 1954 jókst aflinn í 34 vættir á 100 togtíma, árið 1955 var hann kominn upp í 56 vættir og 1956 var hann orðinn 61 vætt.

Áhrif friðunarinnar á stofninn í Faxaflóa koma skýrt fram í eftirfarandi töflu:

	1924—1948	1954—1957
Meðalfjöldi á togtíma	73.4	299.0
Lágmarksfjöldi á togtíma	19.8	197.0
Hámarksfjöldi á togtíma	155.6	395.1
Lágmarks-meðalstærð	25.0	36.1
Hámarks-meðalstærð	33.6	39.1
Meðal-meðalstærð	29.3	37.8
Meðalafli (kg) á togtíma	22.0	185.4

Tafla þessi talar sínu máli og þarf ekki mikilla skýringa við. Meðalaflinn á togtíma hefur aukizt 8.4 sinnum, og liggja aðallega til þess tvær orsakir. Fjöldinn hefur aukizt meira en þrefalt, en auk þess er meðalstærð fisksins orðin 8.5 cm hærri. Meðalþyngd einstaklinganna í veiðinni var 300 grömm á fyrra tímabilinu, en var orðin 620 grömm á seinna tímabilinu.

Merkingar í Faxaflóa hafa greinilega sýnt, að skarkolinn leitar út úr flóanum, þegar hann hefur náð ákveðnum þroska, og er mjög náið samband á milli aukningarinnar í veiði Breta og magnsins af fiski í Faxaflóa.

Næsta tafla sýnir þróun skarkolaveiðanna við Ísland eftir styrjöldina.

Það er greinilegt, að friðun stríðsáranna hefur haft mikil áhrif á heildarveiðina eftir stríð. Á stríðsárunum sóttu Íslendingar svo til einir í þennan stofn. Á árunum 1941—45 var árleg meðalveiði 3759 tonn, og þá veiði virðist stofninn vel hafa þolað. Árleg meðalveiði á árunum 1930—1937 var hins vegar 6067 tonn, en þá veiði þoldi stofninn ekki.

Ár	Ísland	Heildarveiði	Hlutur Íslands (%)
1937	1565	5567	28.1
1945	3193	3290	97.1
1946	2638	4366	60.4
1947	3363	7237	46.5
1948	4730	9310	50.8

Ár	Ísland	Heildarveiði	Hlutur Íslands (%)
1949	5334	10572	50.5
1950	3834	9172	41.8
1951	4183	8439	49.6
1952	1457	5578	26.1
1953	350	4653	7.5
1954	289	5663	5.1
1955	259	7733	3.3
1956	515	7888	6.5
1957	–	9603	–

Árleg meðalveiði á tímabilinu 1947—1952 var 8385 tonn, og það álag þoldi stofninn greinilega ekki. Þó ber að geta þess, að á þessu tímabili fór veiðin að verulegu leyti fram á grunnmiðum og voru aðaluppeldisstöðvar skarkolans ákaft nýttar.

Á tímabilinu 1953—1957 var árleg meðalveiði 7116 tonn, og virðist stofninn hafa þolað það, því að veiðin jókst allt tímabilið. En nú beindist sóknin að eldri hluta stofnsins, sem heldur sig utan 4 mílna markanna, en uppeldisstöðvarnar voru ekkert snertar. Mestur hluti heildarveiðinnar fellur á Breta, t. d. 86% árið 1956, en hlutur Íslendinga er hins vegar mjög aumur, eins og taflan að framan ber með sér. Fram að 1952 tóku Íslendingar um helming heildaraflans, en eftir það hefur hlutur okkar verið frá 3.3% í 7.5% heildaraflans.

Fjarvera útlendra veiðiskipa á öllu svæðinu innan 12 mílna léttir mjög sóknina á skarkolastofninn, því að mestur hluti veiðinnar hefur farið fram á þessu svæði.

Af því, sem að framan er sagt, verður að mæla eindregið með því, að ýsu- og skarkolastofnarnir verði betur nýttir af Íslendinga hálfu en gert hefur verið undanfarin ár. Stofnarnir hafa rétt svo við, að skynsamleg nýting þeirra er orðin aðkallandi. Hófleg veiði gerir meira gagn en engin eða of lítil veiði. Markmið friðunaraðgerða okkar er vitaskuld, að stofnarnir gefi af sér hámarksarð.

Það er því orðið tímabært að leyfa veiðar með dragnót í íslenzkri landhelgi, ekki einungis innan 12 mílna landhelginnar nýju, heldur einnig innan gömlu 4 mílna takmarkanna. En það er rétt að fara að öllu með gát, og skal því hér á eftir minnzt á það helzta, sem máli skiptir um framkvæmd veiðanna.

Möskvastærð. Af rannsóknum undanfarinna ára er vitað, að dragnót hlífir heldur betur ungviðinu en botnvarpan, að öllu öðru jöfnu. Þess vegna er gert ráð fyrir 100 mm möskvastærð í dragnót í samningunum frá 1946 um möskvastærð við Ísland, en 110 mm í botnvörpu.

Mér virðist þó 100 mm möskvi of smár fyrir dragnót; 120 mm er nær sanni. Aukning möskvastærðarinnar er ákaflega þýðingarmikil til friðunar ungviðsins, en hæfni hinna einstöku fisktegunda til þess að smjúga möskvann er mjög mismunandi. Skarkolinn er t. d. miklu breiðari en ýsan, og á hann því tiltölulega erfiðara að smjúga möskvann en hún.

Kjörlengd er nefnd sú lengd fisksins, þar sem 50% sleppur út um möskvann og 50% verður eftir í pokanum, og sé þessi lengd þekkt fyrir ákveðna möskvastærð, er hægt að reikna hana út fyrir hvaða aðra möskvastærð sem vera skal. Skal hér sýnd kjörlengd ýsu og skarkola með þeim möskvastærðum, sem til greina koma.

Möskvastærð	Kjörlengd í cm Ýsa	Kjörlengd í cm Skarkoli
100	39.0	22.0
110	42.9	24.2
120	46.8	26.4
130	50.7	28.6
140	54.6	30.8

Með 120 mm möskvastærð mundi allmikið af 5 ára ýsu og allt yngra sleppa. Má það teljast allgott frá fiskifræðilegu sjónarmiði.

Skarkolinn hefur ekki sama gagn af möskvastærðinni og ýsan, eins og taflan sýnir ljóslega. Með 120 mm möskva sleppur meginhluti þriggja ára fisks, en ekkert af honum er orðið kynþroska.

Til þess að draga úr sókninni í smákolann þykir rétt að leggja til, að **lágmarksstærð** hans verði aukin úr 25 cm í 30 cm og verði gengið ríkt eftir, að því ákvæði verði hlýtt. Þyrfti reyndar að taka ákæðin um lágmarksstærð annarra tegunda til athugunar líka.

Með hliðsjón af **reynslu** okkar um skarkolaveiðina verður að teljast mjög æskilegt, að **heildarveiðinni** verði haldið undir ákveðnu marki. Það er að vísu erfitt að segja nákvæmlega fyrir um, hver heildarveiðin megi vera, en betra er að setja hana of lágt en of hátt. Eins og að framan getur, þoldi stofninn ekki, að tekið væri úr honum að meðaltali rúm 8 þúsund tonn árlega eftir síðustu heimsstyrjöld. Hinar væntanlegu dragnótaveiðar munu aðallega verða stundaðar á grunnmiðum, fjörðum og flóum og munu því án efa taka meira af ungfiskinum en nú er gert. Við verðum því að miða takmarkanir okkar við ástandið fyrir 1952. Mætti setja heildarmagnið 5 þús. tonn, og er þá miðað við, að taka muni fyrir skarkolaveiði útlendinga að mestu. Yrði að breyta þessari tölu, ef reynsla næstu ára gefur tilefni til.

Ekki er ástæða til þess að takmarka heildarveiði annarra tegunda að svo stöddu, því að eins og að framan greinir munu bolfiskar, svo sem ýsa og þorskur, njóta betur aukinnar möskvastærðar.

Nákvæmar tölur um skiptingu aflans eftir veiðisvæðum eru ekki til, en samkvæmt tölum úr „Ægi“ um aðkeypt magn til hraðfrystihúsanna á árunum 1948—50 skiptist skarkolamagnið þannig á landsfjórðunga: Sunnlendingafjórðungur 46%, Vestfirðingafjórðungur 29.2%, Norðlendingafjórðungur 10.5% og Austfirðingafjórðungur 14.3%. Mætti notast við tölur þessar um skiptingu aflamagnsins eftir svæðum, ef skömmtun slík yrði talin nauðsynleg.

Veiðitímann ætti að miða við það, sem vitað er um göngur og hrygningu skarkolans. Þegar líður á sumarið, fer stærsti kolinn, sá sem orðinn er kynþroska, að leita út að hrygningarstöðvunum, sem hér við land eru aðallega á 75—100 metra dýpi. Yngri og óþroska fiskur leitar líka að haustinu út á við frá ströndinni, en þó ekki eins djúpt og fullorðni fiskurinn. Vegna þessara hreyfinga fisksins verður álagið á unga fiskinn á grunnmiðunum því meira sem líður á haustið og veturinn. Göngur þessar munu byrja í september, og benda merkingartilraunir við Vestfirði til þess, að mikið af skarkola í fjörðunum þar sé komið á djúpmið í október. Að vorinu gengur kolinn til baka, og samkvæmt athugunum í Faxaflóa munu þær göngur að mestu um garð gengnar í lok maí. Miðað við þetta væri æskilegt að banna dragnótaveiðar frá 1. október til 1. júní næsta ár á eftir. Hér er ef til vill tekið fullmikið tillit til skarkolans, og væri hugsanlegt að framlengja veiðitímabilið til 1. nóvember, svo að tekið væri tillit til annarra tegunda, sem bera uppi veiðina.

Hinar fyrirhuguðu dragnótaveiðar eiga fyrst og fremst að vera lyftistöng fyrir smábátaútgerð og fiskiðjuver í dreifbýlinu, og þarf því að tryggja sem réttlátasta skiptingu aflans. Þetta er hægt að gera með því að miða veiðarnar við leyfi, sem bæði væri tímabundið og staðbundið fyrir hvern bát. Þyrfti samráð um slíkt við Fiskifélag Íslands.

Hægt væri að miða veiðileyfi við ákveðna stærð skipa, t. d. undir 35 tonn.

Leggja skal blátt bann við, að dragnót verði notuð sem botnvarpa, þ. e. dregin eftir skipinu á ferð, og tryggja verður, að ákvæðin um möskvastærð verði haldin.

Það kemur einnig til greina að friða algerlega ákveðin svæði til verndar yngsta fiskinum.

Okkur Íslendingum ber að sjá sóma okkar í því að ofnýta ekki þessa fiskistofna, og verður ekki fylgzt að gagni með stofnunum, nema að veiðileyfi verði

bundin við ýtarlegar aflaskýrslur, sem semja skal í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideildina.

Með sérstakri virðingu,

Jón Jónsson, deildarstjóri.

Nd. 209. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað „1. apríl 1959“ komi: 1. marz 1959.

Nd. 210. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv., en einn nefndarmanna, EOl, flytur breytingartillögu.

Alþingi, 29. jan. 1959.

Skúli Guðmundsson, form., með fyrirvara. Pétur Pétursson, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 211. Lög [57. mál]

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

(Afgreidd frá Ed. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 99.

Ed. 212. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt og athugað frumv. ásamt fjárhagsnefnd neðri deildar á tveim fundum og síðan í nefndinni í dag. Á hinum sameiginlega fundi nefndanna mætti hagstofustjóri og gaf þar ýmsar upplýsingar, sem eftir var óskað, auk þess sem fyrir fundinum lágu ýmis skjöl, sem einnig hafði verið óskað eftir.

Samkomulag varð ekki í nefndinni um afgreiðslu málsins. Einn nm. (BjörnJ) greiddi atkvæði gegn frumv., og annar nm. (BSt) mun einnig skila sérstöku áliti.

Við undirritaðir leggjum til, að frumv. verði í núverandi mynd samþ. óbreytt.

Alþingi, 29. jan. 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, frsm. Gunnar Thoroddsen. Jóhann Jósefsson.

Ed. 213. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Upphaf 1. gr. þessa frv. svo og 12. gr. þess bera það með sér, að frv. er ætlað að taka lagagildi 1. n. m. Háttv. Nd. hefur nú haft málið til meðferðar í fulla viku, en Ed. eru þannig ætlaðir einungis tæpir 2 dagar til meðferðar þess. Verður að átelja þessi vinnubrögð, jafnvel þótt svipað hafi áður átt sér stað, því að samkvæmt stjórnarskránni eru deildir Alþingis jafnréttháar, þegar um almenna löggjöf er að ræða. Að vísu vann fjárhagsnefnd þessarar deildar með fjárhagsnefnd Nd. að athugun málsins, en auðvitað gat hún ekki gert neinar tillögur til hv. Nd.

Frv. þetta er aðeins einn þáttur efnahagsmálanna. Tillögur ríkisstjórnarinnar um annan þátt þeirra, uppbætur til útflutningsframleiðslunnar, liggja og fyrir í frumvarpi. Auðsætt er, að niðurgreiðslur þær, sem ríkisstjórnin þegar hefur ákveðið og frv. það, sem hér er til meðferðar, byggist á, og útflutningsuppbætur þær, sem tillögur eru gerðar um í öðru frv., kosta stórfé, sem þjóðin verður að greiða, annaðhvort samtímis ráðstöfunum þessum eða síðar. Það, hvernig nægilegs fjár verði aflað til þessara ráðstafana, er þriðji þáttur þessara mála og sjálf undirstaðan. Um þessa hlið málsins liggja þó ekki neinar till. fyrir enn, aðeins nokkuð óljósar ráðagerðir ríkisstjórnarinnar um að fá nægilegt fé með því að hækka tekjuhlið fjárlaganna og skera niður útgjöld ríkissjóðs. Ekki vaxa þó tekjurnar neitt við það, þó að áætlun um þær sé hækkuð, og allt er í óvissu um það, hvort þingfylgi fæst fyrir niðurskurði á fjárlögum. Efnahagsmálin hefði þurft að taka fyrir í einu lagi, því að erfitt er að taka afstöðu til eins þáttar þeirra, eins og þess frumvarps, sem hér liggur fyrir.

Eins og frv. þetta var lagt fyrir þingið, var hallað á bændastéttina, samanborið við útgerðarmenn og sjómenn. Nokkur leiðrétting fékkst á þessu við meðferð málsins í Nd., en þó ekki til fulls. Mun ég því bera fram brtt. um, að bændur njóti að þessu leyti jafnréttis við aðrar stéttir.

Í frv. þessu er lagt til, að 10 stig verði felld niður úr kaupgreiðsluvísitölunni. Jafngildir það um það bil því, að kauphækkanirnar frá s. l. sumri og hausti, sem andstæðingar fyrrv. ríkisstjórnar knúðu fram, væru afturkallaðar. Er auðsætt, að heppilegra hefði verið fyrir alla aðila, að þessar hækkanir hefðu engar orðið, heldur en að afturkalla þær nú.

Ríkisstjórnin telur, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, muni lækka dýrtíðina. Er óskandi, að sú von rætist, og mun ég því ekki leggjast á móti frumvarpinu. Hins vegar mun árangurinn mjög fara eftir því, hvaða aðrar ráðstafanir verða gerðar í efnahagsmálum, og verð ég því að fresta að taka frekari afstöðu til málsins, þar til nánari vitneskja fæst um þau efni.

Alþingi, 29. jan. 1959.

Bernh. Stefánsson, form.

Ed. 214. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, eru úr gildi numin þau meginatriði í kjarasamningum launþegasamtaka, er kveða á um greiðslu verðlagsuppbótar á laun, og löggjafarvaldið látið taka í sínar hendur allar ákvarðanir um launakjör að því leyti. Þá er og farið inn á þá braut að ákveða sjálf grunnlaunin með lögum, og loks ákveðið með lögum, eftir hvaða reglum verðlagsuppbót á verkalaun skuli greidd, andstætt því, sem viðurkennt hefur verið til þessa, að um þetta ættu að gilda samningar milli verkalýðssamtaka og vinnuveitenda. Þessi þrjú atriði: ákvörðun grunnlauna, ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar og ákvæði um þær reglur, sem um greiðslu verðlagsuppbótar gilda, mynda launkjörin á hverjum tíma. Samþykkt frv. mundi því þýða það, að verkalýðssamtökin eru með öllu svipt ákvörðunarvaldi sínu um launakjör meðlima sinna, sem gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur eiga að tryggja þeim, meðan núverandi samningstími þeirra er að líða, eða í flestum tilfellum til 15. okt. þ. á. Að þeim tíma liðnum og að lögunum þá óbreyttum gætu launþegasamtökin að vísu samið að nýju um grunnlaun, en eftir stæði þá samt lögákvörðun um allt, er varðar greiðslu verðlagsuppbótar. En eftir að löggjafarvaldið hefði nú raunverulega afnumið samningsrétt samtaka launþega og atvinnurekenda, að nokkru tímabundið og að nokkru ótímabundið, væri augsýnilega skapað fordæmi, sem drægi úr öllu öryggi fyrir því, að enn yrði ekki vegið í sama knérunn og samningar ógiltir með lagaboði. Undirritaður telur, að hér sé farið út á braut freklegrar réttindaskerðingar, sem ekkert nema illt geti af leitt fyrir alla alþýðu manna og þjóðina í heild, en muni síður en svo leiða til friðar eða jafnvægis í efnahagsmálum hennar.

Samhliða hinni freklegu skerðingu á samningsrétti launþegasamtakanna felast í frv. ákvæði um launalækkun, er nemur 13.4%. Að vísu liggja fyrir munnleg loforð eða yfirlýsingar frá núv. ríkisstjórn um það, að þessi launalækkun verði milduð með nokkurri niðurgreiðslu vöruverðs, en engin trygging felst í lögunum fyrir því, að svo verði lengur en til 1. apríl n. k., né heldur fyrir því, að fjár til niðurgreiðslnanna verði ekki að meira eða minna leyti aflað með nýjum álögum. Þvert á móti virðist sýnilegt, að ríkisstjórnin muni ekki tryggja með lögum nú nægilegt fjármagn til þess að standa við þær skuldbindingar, sem hún hefur bundið útflutningssjóði og ríkissjóði, og mun af því leiða hallarekstur hvors tveggja, sem ekki verður staðið undir nema með auknum álögum í einhverju formi síðar, þótt nýjar álögur verði e. t. v. ekki lögbundnar á þessu þingi.

Látið er í veðri vaka, að með frv. þessu sé stigið stórt skref til þess að stöðva verðbólgu og dýrtíð. Undirritaður er í því efni á öndverðri skoðun. Með frv. þessu er hlutfallið milli launa og verðlags skert stórlega launamönnum til tjóns og raunverulegt dýrtíðarstig þannig aukin frá því, sem nú er. Verðbólga er heldur ekki stöðvuð, þar sem hartnær sömu upphæð og launaskerðingunni nemur er varið til aukinna bóta til sjávarútvegs og landbúnaðar og fjárlög verða hækkuð um milljónatugi, samhliða hallarekstri útflutningssjóðs. Þá eru þau ákvæði í frv., sem fjalla um niðurfærslu verðlags, næsta haldlítil og koma ekki til með að valda neinu, sem teljandi sé, til lækkunar á verði neinnar vöru eða þjónustu, nema lítils háttar á landbúnaðarvörum, og koma ekki heldur í veg fyrir verðhækkanir á fjölmörgum sviðum.

Loks er því yfir lýst af aðalstuðningsflokki ríkisstjórnarinnar, Sjálfstæðisflokknum, að hann fylgi þessu frv. sem fyrsta skrefi annarra nauðsynlegra aðgerða í efnahagsmálunum, og mun þar átt við gengislækkun skv. yfirlýsingu flokksráðs þess flokks, er gefin var út 18. des. s. l. Mat Sjálfstæðisflokksins á þessu frv. sem spori í átt til gengisfellingar er hárrétt. Kjaraskerðingarákvæði frv. samhliða stórfelldri aukningu útflutningsuppbóta umfram þarfir, hækkun fjárlaga og fyrirsjáanlegri

skuldasöfnun útflutningssjóðs og ríkissjóðs miða að hinu sama og gengisfelling og auðvelda framkvæmd hennar.

Samkv. framansögðu tel ég, að frv. sé ekki hæfur grundvöllur til þess að byggja á nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Legg ég því til, að það verði fellt.

Alþingi, 30. jan. 1959.

Björn Jónsson,
fundaskr.

Fylgiskjal I.

Efnahagsmálasamþykkt Alþýðusambandsþings.

Alþýðusamband Íslands fagnar þeirri yfirlýsingu, sem gefin var af núverandi ríkisstjórn, er hún var mynduð, en hún var á þá leið, að ríkisstjórnin muni „leggja sérstaka áherzlu á að leysa efnahagsmálin í náinni samvinnu við stéttarsamtök vinnandi fólks", og að markmið þessa samstarfs skuli vera „að auka framleiðslu landsmanna, tryggja atvinnu og kaupmátt tekna og efla almennar framfarir í landinu".

26. þing A.S.Í. telur mjög nauðsynlegt, að slíkt samstarf sé á milli ríkisstjórnar og verkalýðssamtakanna, og leggur mikla áherzlu á, að slíkt samstarf geti haldizt á þeim grundvelli, sem lagður var í málefnasamningum stjórnarflokkanna.

Alþýðusambandsþingið telur, að vandamál þau, sem nú er við að eiga í efnahagsmálum þjóðarinnar, verði bezt leyst launastéttum til happa með slíku samstarfi ríkisvaldsins og verkalýðssamtakanna. Þingið telur, að miða þurfi ráðstafanir í efnahagsmálunum við eftirfarandi:

1. að stöðva dýrtíðina,
2. að tryggja kaupmátt launanna,
3. að tryggja næga atvinnu,
4. að vinna markvisst að aukinni útflutningsframleiðslu.

Þingið leggur því áherzlu á, að þegar í stað verði eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

1. Stöðvun verðbólgunnar.

Nú þegar verði hafizt handa um að stöðva verðbólguna. — 26. þing A.S.Í. lýsir yfir því, að til þess að auðvelda frekari aðgerðir getur það fallizt á, að vísitalan verði greidd niður þannig, að hún hækki ekki frá því, sem nú er (framfærsluvísitala 202 stig og kaupgjaldsvísitala 185), með þeim hætti, að það valdi engri rýrnun á kaupmætti launa, enda verði fjárins til niðurgreiðslunnar ekki aflað með auknum sköttum, sem verkalýðsstéttinni sé ætlað að bera.

Fjár til niðurgreiðslunnar og til stuðnings atvinnuvegunum verði m. a. aflað með:

1) Sparnaði í rekstri ríkisins og frestun um skeið á nokkrum þeim fjárveitingum til fjárfestingar á vegum hins opinbera, sem minni þýðingu hafa í rekstri þjóðarbúsins, þó án þess að af því leiði atvinnuleysi.
2) Með því að verja greiðsluafgangi ríkissjóðs í því skyni.
3) Með auknum tekjum af einkasölum og skattlagningu á þá, sem grætt hafa á verðbólgunni.

2. Áætlunarráð.

Komið verði upp stofnun, er hafi það verkefni að gera áætlun um fjárfestingu og heildarstjórn á sviði atvinnumála í samráði við ríkisstjórnina.

Lögð verði áherzla á að efla þær atvinnugreinar, sem þýðingarmestar eru frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

3. Ríkisstjórnin láti fram fara ýtarlega endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi og skipan mála, aðalatvinnuvegum landsins, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, með það fyrir augum, að rekstur þeirra verði sem hagfelldastur frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar.

Fylgiskjal II.

Samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands.

Miðstjórn A.S.Í. fékk í gær, sunnudag 18. janúar, til umsagnar frumvarp ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og vill út af því taka eftirfarandi fram:

1. Þessar ráðstafanir hafa verið ákveðnar af ríkisstjórninni án nokkurs samráðs við verkalýðssamtökin, sem meðal annars sést af því, að nú þegar hefur verið lokið endanlegu samkomulagi við Landssamband ísl. útvegsmanna um aukna aðstoð við útgerðina á þeim grundvelli, að frumvarpið verði lögfest.
2. Með frumvarpinu, ef að lögum yrði, er gert ráð fyrir því að breyta löglega gerðum kjarasamningum stéttarfélaganna stórlega til lækkunar og ákveða þannig kauplækkun með lögum. Getur verkalýðshreyfingin ekki látið undir höfuð leggjast að mótmæla slíku harðlega.
3. Samið hefur verið við atvinnurekendur í sjávarútvegi um tugmilljóna auknar bætur af opinberu fé umfram það, sem felst þeim til hagsbóta í kauplækkuninni.
4. Engin trygging er fyrir því, að fjár til þessara ráðstafana, niðurgreiðslna, verði ekki aflað með nýjum álögum á almenning síðar á árinu.
5. Miðstjórnin telur, að aðgerðir þessar brjóti í meginatriðum í bág við stefnu þá, sem nýlokið Alþýðusambandsþing markaði í efnahagsmálum, þar sem með henni er í senn gengið á samningsrétt verkalýðssamtakanna og stefnt að stórfelldri kjaraskerðingu.
6. Með vísun til framanritaðs varar miðstjórn A.S.Í. alvarlega við samþykkt frumvarpsins og bendir sérstaklega á þá hættu, sem í því felst að ætla að afgreiða aðgerðir í efnahagsmálunum án eðlilegs samráðs og samstarfs við launþegasamtökin í landinu.

Jafnframt lýsir miðstjórnin yfir því, að hún er reiðubúin til viðræðna við ríkisstjórnina um aðgerðir verðbólgunni til stöðvunar á grundvelli þeirrar samþykktar, sem þing Alþýðusambandsins í lok nóvember síðastliðins gerði í þeim efnum.

Fylgiskjal III.

Samþykkt fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna á Akureyri.

Aðalfundur fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna á Akureyri, haldinn 22. jan. 1959, mótmælir harðlega þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem fellst í lagafrumvarpi því, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi í gær.

Fundurinn lýsir fullum stuðningi við samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um ráðstafanir þær, sem frumvarpið gerir ráð fyri, og leggur sérstaka áherzlu á, að með því að lögbjóða kauplækkun er verið að taka samningsréttinn af verkalýðsfélögunum og skerða þannig stórlega árangurinn af áratuga starfi þeirra.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Árnessýslu.

Aðalfundur fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Árnessýslu, haldinn sunnudaginn 25. jan. 1959, mótmælir mjög ákveðið frumvarpi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Fundurinn telur, að með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, væri freklega gengið á samningsrétt verkalýðsfélaganna og stórum skert lífskjör verkafólksins.

Þá vill fundurinn benda á, að stefna sú, er í frumvarpinu felst, er í andstöðu við yfirlýstan vilja síðasta þings Alþýðusambands Íslands varðandi lausn efnahagsmálanna.

Fylgiskjal V.

Samþykkt Hlífar í Hafnarfirði.

Fundur haldinn í Verkamannafélaginu Hlíf, föstudaginn 25. jan. 1959, lýsir yfir þeirri skoðun sinni, að fyllstu nauðsyn beri til að stöðva og minnka verðbólguna í landinu, og undirstrikar þá samþykkt síðasta Alþýðusambandsþings, að niðurgreiðsluleiðin verði farin til að leysa þann vanda.

Varðandi frumvarp það, er nú hefur verið lagt fram á Alþingi og fjallar um niðurfærslu verðlags og launa, þá lýsir fundurinn því yfir, að hann tekur ekki afstöðu til þess í heild, þar sem ekki er mögulegt að sjá fyrir áhrif þess í veigamiklum atriðum.

Þó eru þegar augljós áhrif þess ákvæðis, er fjallar um niðurskurð á verðlagsuppbótum og lögboðna vísitölu.

Vill fundurinn lýsa yfir andstöðu sinni á þessu ákvæði frumvarpsins, þar sem um hvort tveggja er að ræða, veigamikla kjaraskerðingu og skerðingu á rétti verkalýðsfélaga til samningsgerðar við atvinnurekendur.

Fylgiskjal VI.

Samþykkt Sjómannafélags Hafnafjarðar.

Aðalfundur Sjómannafélags Hafnarfjarðar, haldinn 25. jan. 1959, mótmælir harðlega þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem felst í lagafrumvarpi því, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi 21. janúar.

Fundurinn mótmælir því, að fiskverð bátasjómanna skuli með lagaboði vera lækkað úr kr. 1.91 í kr. 1.66. Sérstaklega mótmælir fundurinn þó því, að fiskverð togarasjómanna, sem er óeðlilega lágt og aldrei hefur verið orðað að láta fylgja vísitölu, meðan hún fór hækkandi, skuli nú vera lækkað með lögum.

Fundurinn legur sérstaka áherzlu á, að með því að lögbjóða kauplækkun er verið að taka samningsréttinn af verkalýðsfélögunum og skerða þannig stórlega árangurinn af áratuga baráttu verkalýðsfélaganna.

Fylgiskjal VII.

Samþykkt Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Fundur í Verkamannafélaginu Dagsbrún, haldinn 23. jan. 1959, mótmælir harðlega frumvarpi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi. Fundurinn skorar á Alþingi að fella frumvarpið, þar sem það felur í sér stórfellda kjarskerðingu og fellir úr gildi, ef að lögum verður, samningsbundin kjaraákvæði verkalýðsfélaganna, sem gerð eru samkvæmt löghelgum rétti þeirra til frjálsra samninga við atvinnurekendur.

Fylgiskjal VIII.

Samþykkt Félags járniðnaðarmanna.

Fundur í Félagi járniðnaðarmanna, haldinn miðvikudaginn 28. jan. 1959, mótmælir harðlega frv. því, sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi um skerðingu samningsbundinna vísitöluuppbóta á grunnkaup launþega.

Fundurinn vill alvarlega vara við þeirri hættu, sem búin er frelsi verkalýðsfélaga til að semja um kaup og kjör meðlima sinna, ef kauplækkunarákvæði nefnds frumvarps yrðu að lögum.

Fylgiskjal IX.

Samþykkt Múrarafélags Reykjavíkur.

Til forseta 26. þings Alþýðusambands Íslands.

Fundur í Múrarafélagi Reykjavíkur, 25. nóvember 1958, felur fulltrúum sínum á Alþýðusambandsþingi að beita sér gegn vísitöluskerðingu og öðrum þeim kjaraskerðingum, sem kunna að felast í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnar, ef lagðar verða fyrir Alþýðusambandsþing, er nú situr.

Jafnframt treystir fundurinn því, að Alþýðusambandsþing afgreiði engin þau mál, sem skerða samninga sambandsfélaganna, án samþykkis félagsfunda.

F. h. Múrarafélags Reykjavíkur,

Ásmundur J. Jóhannsson (ritari).

Ed. 215. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Birni Jónssyni, Finnboga R. Valdimarssyni og Alfreð Gíslasyni.

1. Við 4. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Hinn 1. marz 1959 skal taka gildi nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar, samkvæmt niðurstöðum neyzlurannsóknar þeirrar, er kauplagsnefnd hefur framkvæmt í samráði við Hagstofuna. Inn í þennan grundvöll skal bæta útgjaldaupphæð vegna greiðslu útsvars og tekjuskatts samkvæmt mati kaupjagsnefndar og Hagstofunnar. Skal útgjaldaupphæð hins nýja vísitölugrundvallar 1. marz 1959 vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar vísitölunnar miðast við, og jafngildir því grunntölu 100. Vísitala framfærslukostnaðar skal reiknuð mánaðarlega miðað við verðlag í mánaðarbyrjun, eftir grundvallarreglum, sem kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, sem er minna en ¼, en annars hækka í hálft eða heilt stig.
2. Við 6. gr.
   a. 3. málsgrein falli niður.
   b. 4. málsgrein orðist svo:
      Kaupgreiðsluvísitala sú, sem um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar, eftir því sem ákveðið er í samningum stéttarfélaga og vinnuveitenda á hverjum tíma um gildistöku breyttrar kaupgreiðsluvísitölu.
3. Við 9. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á kauptryggingu bátasjómanna svo og á mánaðarlaun togarasjómanna samkvæmt kjarasamningum eftir kaupgreiðsluvísitölu 185. Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt þessu lögð við grunnupphæð kauptryggingar og mánaðarlauna og telst hvort tveggja grunnlaun, er breytist í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á hverjum tíma, skv. ákvæðum 6. gr.
4. Við 10. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu, þannig að álagning í heildsölu verði eigi hærri en hún var í desember 1956, svo og hvort tveggja til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, og enn fremur svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu innanlands.

Ed. 216. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (BSt).

1. Við 7. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Frá 1. febrúar 1959 skal gera eftirfarandi breytingar á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir árið 1958—59: Hækka skal laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum um 3.3%, svo að vinnuliður hans sé í samræmi við hækkun þá, er varð á tímakaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík frá 1. september 1957 til 23. september 1958. Eftir þessa hækkun vinnuliðar verðlagsgrundvallar skal færa hann niður sem svarar lækkun kaupgreiðsluvísitölunnar úr 185 stigum í 175 stig, og heildarupphæð verðlagsgrundvallar skal lækkuð til samræmis. — Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 lækka afurðaverð til framleiðenda í hlutfalli við lækkun þá á heildarupphæð verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem leiðir af þessum breytingum hans.
2. Við 8. gr., 1. málsgr.
   a. 2. málsl. falli burt.
   b. Síðasti málsl. orðist svo:
   Hafi heimild til hækkunar afurðaverðs, samkv. 1. málsl. þessarar greinar, ekki verið notuð að einhverju eða öllu leyti, þá er ekki skylt að lækka afurðaverð samkv. næsta málsl. hér á undan, nema kaupgreiðsluvísitalan lækki niður fyrir þá vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir.

Ed. 217. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni, Birni Jónssyni og Alfreð Gíslasyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. mgr. komi nýjar mgr., svo hljóðandi:

Frá sama tíma skulu fjölskyldubætur skv. 16. gr. almannatryggingalaga, nr. 24/1956, hækka sem hér segir:

Bætur til þeirra framfærenda, sem hafa 40 þús. kr. skattskyldar tekjur eða lægri skv. skattskrá yfirstandandi árs, hækki um 100%, til þeirra, sem hafa 40050—50000 kr. skattskyldar tekjur, um 75% og til þeirra, sem hafa 50050—60000 kr. skattskyldar tekjur, um 50%.

Á fjölskyldubætur þessar skal ekki leggja tekjuskatt né útsvar.

Fjárhæð þá, sem þessi aukning fjölskyldubóta nemur, skal greiða Tryggingastofnun ríkisins af tekjuafgangi Áfengisverzlunar ríkisins.

Nd. 218. Lög [91. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

(Afgreidd frá Nd. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 207.

Sþ. **219. Tillaga til þingsályktunar** [94. mál]

um að hraða lagningu Austurvegar.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson, Gunnar Thoroddsen, Eggert Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ljúka á þessu ári veginum um Þrengslin austur í Ölfus, með hliðarálmu á Selvogsveg austan Vindheima.

Verði ekki veitt nægilegt fé af benzínskatti til að ljúka þessari vegagerð á yfirstandandi ári, er skorað á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 32 1946, um Austurveg, til að taka lán til að fullgera þennan kafla Austurvegar.

Greinargerð.

Með lögum nr. 32 1946, um Austurveg, var ákveðið að leggja nýjan veg frá Lækjarbotnum um svonefnd Þrengsli, austur um Ölfus að Selfossi. Skyldi fyrst leggja kaflann um Þrengslin austur í Ölfus, eða nánar tiltekið af Suðurlandsbraut neðst í Svínahrauni um Þrengslin á Selvogsveg hjá Þurá. Þetta er um 22 km vegalengd. En með því að leggja aðalveginn ekki lengra nú en á móts við Vindheima, með hliðarálmu þaðan á Selvogsveg, styttist vegagerð sú, er hér um ræðir, um nál. 5—6 km. Á s. l. hausti var lokið við að leggja kaflann frá Suðurlandsbraut í Svínahrauni austur á móts við Hveradali. Er þetta um 5 km leið, að við bættri hliðarálmu upp í Hveradali, sem er um 2 km. Er þá eftir að leggja nál. 10—12 km leið um að mestu mishæðalaust og greiðfært land til að fá samband við Selvogsveg austan Vindheima í Ölfusi.

Að þessum vegi gerðum væri opnuð leið milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, sem hefði þá kosti að vera snjóléttasta leiðin og 38 km styttri en núverandi öryggisleið að vetri til, Krýsuvíkurleiðin, miðað við Reykjavík—Selfoss.

Á s. l. vetri var um 750 þús. kr. varið til að halda akfærum leiðunum austur um Hellisheiði og Krýsuvík. Var þó ekki um veruleg snjóþyngsli að ræða. Mest af þessu fé fór til þess að moka snjó í Svínahrauni og Hellisheiði, lítilsháttar á Krýsuvíkurvegi. Vafalítið er, að mestur hluti þessa fjár mundi sparast, ef Þrengslaleiðin yrði opnuð.

Undantekningarlítið lokast Hellisheiðarvegurinn lengri og skemmri tíma á hverjum vetri. Verður þá að beina allri umferðinni um Krýsuvík og þar með aka 76 km lengri leið, miðað við báðar leiðir Reykjavík—Selfoss.

Ekki hafa flm. þessarar tillögu þau gögn í höndum að geta skýrt frá, um hversu mikinn aukaflutningskostnað er hér að ræða, en benda má á, að viðbótarkostnaður á hvert tonn af flutningi mun vera um 150 kr. og á fargjöld með áætlunarbílum 22 krónur.

Einn aðili, Mjólkurbú Flóamanna, mun nú flytja daglega 55—60 tonn af mjólk og mjólkurvörum frá Selfossi til Reykjavíkur. Þar við bætast svo að sjálfsögðu allir aðrir flutningar og umferð á þessari leið. Það er því miklu fé sóað, á meðan ekki er opnuð snjóléttasta og stytzta leiðin milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Eins og áður getur, vantar nú ekki nema 10—12 km vegarkafla, til þess að hinn nýi vegur fái samband austur í Ölfus. Með svipaðri fjárveitingu og veitt hefur verið til vegarins undanfarin ár, tekur að minnsta kosti 2 ár að ljúka þessum kafla. Flutningsmenn þessarar tillögu líta svo á, að ljúka beri þessari vegagerð á yfirstandandi ári. Snjómokstur á Hellisheiði og aukinn kostnaður við að aka um Krýsuvík einn vetur enn gæti numið töluverðum hluta þeirrar upphæðar, sem þessi 10—12 km vegarkafli kostar, og þeirri fjárhæð þar með á glæ kastað.

Ed. **220. Breytingartillaga** [87. mál]

við frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá Alfreð Gíslasyni, Birni Jónssyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

Við 1. gr. Við 1. málsgr. bætist:
Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót skv. vísitölu 185 á allt grunnkaup kvenna samkvæmt samningum stéttarfélaga, þar til fullum jöfnuði er náð við kaup karla, er vinna hliðstæð störf.

Ed. **221. Lög** [87. mál]

um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 30. jan.)

Samhljóða þskj. 203.

Nd. **222. Frumvarp til laga** [95. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1959 skal koma saman mánudaginn 12. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1959 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi mánudaginn 12. október 1959.

Sþ. **223. Tillaga til þingsályktunar** [96. mál]

um birtingu skýrslna um fjárfestingu.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja og birta sundurliðaða skýrslu um fjárfestingu fjögurra síðustu ára, hve miklum hluta þjóðarteknanna fjárfestingin hafi numið og hvernig fjáröflun til hennar skiptist á milli skattaálagningar, sparifjármyndunar og verðbólgumyndandi fjáröflunar.

Greinargerð.

Á þessi ári er almennt ráð fyrir því gert, að tvennar kosningar fari fram til Alþingis. Við báðar þessar kosningar má gera ráð fyrir því, að efnahagsvandamálin verði meðal þeirra höfuðmálefna, er um verður kosið, einkum þó síðari kosningarnar. Er mikilvægt, að stjórnmálaflokkarnir og þjóðin fái sem gleggstar upplýsingar um það, hversu málum þessum er nú komið, þannig að stjórnmálaflokkarnir megi marka í þeim sem ákveðnasta stefnu, hver um sig, er þjóðin megi svo velja um.

Ekki getur verið um það ágreiningur, að fjárfestingarmálin eru einhver mikilvægasti þáttur efnahagsmálanna. Upplýsingar um það, hve mikil fjárfesting hafi átt sér stað, og einkum þó um fjáröflun til hennar hafa hingað til verið af skornum skammti. Á síðasta Alþýðusambandsþingi voru þó lagðar fram mjög athyglisverðar upplýsingar um skiptingu þjóðarframleiðslunnar s. l. 10 ár milli fjárfestingar og neyzlu. Samkvæmt þeim upplýsingum eiga fjárfesting og rekstrarútgjöld opinberra aðila að hafa numið um helmingi þjóðarframleiðslunnar, að viðlættu erlendu lánsfé árið 1957, og fjárfesting að hafa aukizt um 50% síðan 1954. Þetta mun langtum hærra hlutfall en yfirleitt mun þekkjast meðal þjóða, er búa við svipaða þjóðfélagshætti og við, og þarf engan að furða, ef þessar upplýsingar eru réttar, að þjóðin hefur nú síðustu mánuði verið á barmi óviðráðanlegrar verðbólgu.

Það var enn fremur upplýst í umræddri skýrslu, að neyzlan á mann — en það má telja bezta mælikvarðann á lífskjör almennings og breytingar á þeim — sé nú svipuð og 1948, en það þýðir, að enginn árangur er enn sýnilegur af þeim geysiþungu byrðum, sem lagðar hafa verið á þjóðina með þesari miklu fjárfestingu, í bættum lífskjörum.

Ekki skal hér fullyrt um áreiðanleik ofangreindra heimilda. En varla ætti að vera um það ágreiningur, að mál þetta er fyllilega þess vert, að það sé rannsakað og um það birtar svo glöggar skýrslur sem föng eru á, þar sem telja má víst, að niðurstöður þeirra skipti miklu máli um það, hversu taka ber á lausn efnahagsvandamálanna á næstu missirum.

Nd. 224. Frumvarp til laga [97. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist áætlunarráð ríkisins.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.

2. Áætlanir um eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.

2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga.

3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðarþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlununum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

Áætlunarráðinu ber hins vegar ætíð að hafa heildarhagsmuni þjóðfélagsins fyrir augum og gæta þess, að í öllum áætlunum þess sé fullt samræmi, svo sem bezt fullnægir þeim tilgangi, er því ber að vinna að. Er ráðið því alls ekki bundið við tillögur hvers ráðuneytis í áætlunum sínum.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtingu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé

á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Þegar ríkisstjórnin hefur staðfest slíkar áætlanir, er það síðan verkefni hennar, hinna einstöku ráðuneyta, seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar, að sjá um framkvæmdina á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðað.

8. gr.

Áætlunarráði er heimilt að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða — og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Þá skal og fela áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur um áætlanir í fjárfestingarmálum, ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum o. s. frv.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þess ástands, sem þau nú eru í, einkum því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins, — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálunum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust. Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting“ gjaldeyrisins hefur staðið síðan. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa

samkeppni" hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta" gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun" hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu **eftir nákvæmri áætlun**, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, **hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn**, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit."

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka", ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin" á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegun nýrra skipa, að taka við af því „framtaki" útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun" atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur,

þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif ameríkskrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd hefur þó enginn árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug hefur verið búið við það millibilsástand, að ríkið tekur að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyðist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hefur lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn býður. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins“, ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni.“

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvort tveggja var svikið. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja, fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.“

Vorið 1957 lagði ég til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það höfuðáherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

Nú stendur þjóð vor enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hefur tekizt, fyrir verk Alþýðubandalagsins í vinstristjórnarsamvinnunni, að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir standa nú. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þarf að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannnsókna.

Af 4900 millj. kr. framleiðslutekjum þjóðarinnar er á árinu 1957 varið 1600 millj. kr. til fjárfestingar, og 700 millj. kr. fara til rekstrar ríkis og bæja. Aðeins

2600 millj. kr. voru eftir til neyzlu landsmanna. Það er lægra hlutfall en víðast hvar annars staðar. Og skýrslur sýna, að fjárfestingin í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hefur farið vaxandi, en neyzla í hlutfalli við þjóðarframleiðslu farið minnkandi:

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla í hlutfalli við þjóðarframl. (einstaklinga og stjórnarvalda)	79.3	80.6	86.0	81.7	77.4	74.0	71.6	72.9	70.4
Myndun fastra fjármuna í hlutfalli við þjóðarframl.	24.3	23.9	22.6	22.9	25.8	26.9	29.1	32.0	34.3

Og hið hörmulega er, að þessi fjárfesting er tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við að vera skipulögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarheildarinnar sem mest, með því að auka hagnýta framleiðslu hennar, og vinnur því ekki nema að nokkru leyti það verk, sem er höfuðtilgangur hverrar fjárfestingar: að bæta og tryggja lífskjörin til frambúðar.

Hér fer á eftir skýrsla um ráðstöfun á þjóðarframleiðslu Íslendinga í krónum **á hvern íbúa landsins á verðlagi 1957:**

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla einstakl. .	16640	14030	14470	13350	14730	15300	16100	16780	15590
— stjórnarvalda	3490	3770	3380	3160	3390	3510	3660	4030	4290
Fjármunamyndun	6160	5290	4700	4720	6150	6780	8860	8770	9360

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn. Slíkt er ekki aðeins nauðsynlegt vegna sjávarútvegsins, sem öll afkoma þjóðarinnar byggist á, heldur og vegna þeirra stórframkvæmda, sem þjóðarinnar bíða á næstunni: stóriðju í krafti mikilla virkjana á fossum og jarðhita. Þjóðin hefur þegar beðið stórtjón af því, að lagt hefur verið í stórframkvæmdir án þess að hugsa og skipuleggja þær fyrir fram: sementsverksmiðja byggð án þess að tryggja henni rafmagn, áburðarverksmiðja sniðin of lítil, af því að ekki var hugsað um framtíðarrafmagn handa henni um leið.

Þjóðin er orðin óþolinmóð yfir þeim glundroða, sem ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar skapa. Það er um það að ræða að stíga annaðhvort sporið áfram í átt til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum í þágu þjóðarinnar allrar — eða hvert sporið af öðru aftur á bak til þess stjórnleysisástands í efnahagslífinu, atvinnuleysis og fátæktar, sem var hlutskipti Íslendinga á kreppuárunum eftir 1930.

Það er ótvírætt, að stjórn eða stjórnleysi á fjárfestingu landsmanna hefur úrslitaáhrif á jafnt launakjör allra launþega sem á verðbólguna í landinu.

Skýrslur um launakjör verkamanna sýna, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarverkamanns er nú minni en hann var á árunum 1944 eða 1947. Það þýðir, að þrátt fyrir alla baráttu verkalýðsins frá 1948 til þessa dags hefur verkamaðurinn ekki megnað nema rétt að verjast áföllum að miklu leyti, en ekki getað bætt kaupmátt tímakaups síns. Það er þrennt, sem amar að honum: Í fyrsta lagi lætur auðvaldið aldrei neitt af sínum gróða, hvernig sem barizt er, — það bara veltir af sér afleiðingum kauphækkana yfir á þjóðfélagið með því að hækka verð framleiðslunnar og auka þannig verðbólgu. Í öðru lagi þjarmar of mikil og oft röng og óhagsýn fjárfesting að lífskjörum launþega. Tafla sú, sem hér er birt að framan, sýnir, hvernig fjárfestingin hefur vaxið á kostnað neyzlu allra landsmanna. Í þriðja lagi hefur svo frá 1948 til 1956 verið vanrækt að kaupa stórvirk framleiðslutæki til sjávarútvegsins, og er enn ekki búið að bæta þjóðinni upp afleiðingar þeirrar vanrækslu, þrátt fyrir viðleitni síðustu ára og starf Alþýðubandalagsins á því sviði.

Jafnt ráðstafanir atvinnurekenda til þess að velta af sér kauphækkunum yfir á almenning í hækkuðu vöruverði sem og ráðstafanir ríkisvalds og bæjarfélaga undanfarinn áratug til að auka í sífellu álögur á almenning, bæði til aukinnar eyðslu og fjárfestingar (taflan hér að ofan sýnir, hvernig álögur ríkis og bæja vaxa á kostnað neyzlunnar) — eru höfuðundirrót verðbólgunnar á Íslandi.

Til þess að kjör alþýðu fari raunverulega að batna og verðbólgan sé stöðvuð þarf samfara baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum að fara skynsöm heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fyrst og fremst að því er varðar fjárfestingarstefnuna, þannig að af framsýni sé ákveðið, hvaða atvinnugreinar skuli efla, í hvaða hlutfalli og hvernig.

Það er tilgangur þessa frv. að stuðla að því, að svo verði gert.

Frumvörp, sem farið hafa í sömu átt og þetta, hafa áður verið flutt á Alþingi og sum orðið að lögum, svo sem frv. um nýbyggingarráð 1944.

Um skipun áætlunarráðs er eðlilegt að hafa þann hátt, að ríkisstjórn skipi það að nýju að loknum hverjum kosningum, en geri það í samráði við þingflokkana eða a. m. k. þannig, að þeir eigi þar allir fulltrúa. Má og hafa það svo, að þeir séu tilnefndir, en nauðsynlegt er að tryggja hvort tveggja í senn: samhengi og samræmi í stjórn og aðgerðum áætlunarráðs annars vegar og eðlilega samstarfshætti þess við ríkisstjórn, hver sem hún er, á hverjum tíma.

Nánar um einstök atriði í framsögu.

Nd. 225. Frumvarp til laga [98. mál]

um olíuverzlun ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal olíuverzlun ríkisins. Hún er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ríkissjóður leggur henni til nauðsynlegt stofn- og rekstrarfé, og er heimilt að taka það að láni.

2. gr.

Hlutverk olíuverzlunarinnar er að annast öll innkaup og flutninga til landsins á brennsluolíum (gasolíu, dieselolíu, fuelolíu, ljósaolíu, benzíni og flugvélabenzíni), smurningsolíum og olíufeiti. Hún skal sjá um flutning olíuvaranna í birgðastöðvar í innflutningshöfnum. Enn fremur skal hún leitast við að fjölga innflutningshöfnum olíuvara frá því, sem nú er, í því skyni að auðvelda dreifingu þeirra.

3. gr.

Olíuverzlunin skal semja við eigendur olíubirgðastöðva um leigu þeirra til þess að tryggja nægilegar birgðageymslur. Náist ekki samkomulag um leigusamninga, er heimilt að taka birgðastöðvar leigunámi. Enn fremur er olíuverzluninni heimilt að byggja nýjar birgðastöðvar, ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Olíuverzlunin selur olíuvörur í heildsölu til olíusamlaga, olíufélaga og annarra aðila, sem annast dreifingu varanna. Hún skal ekki hafa með höndum smásöludreifingu, en þó er henni heimilt að selja opinberum aðilum svo og þeim aðilum öðrum, er kaupa mikið magn í einu til eigin nota. Henni skal einnig skylt að sjá um, að jafnan séu til í innflutningshöfnum nægar birgðir olíuvara.

5. gr.

Olíuverzlunin skal selja olíuna á kostnaðarverði að viðbættri álagningu, sem svarar kostnaði við rekstur verzlunarinnar.

6. gr.

Stjórn olíuverzlunarinnar skipa 5 menn, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Einnig skulu á sama hátt kosnir jafnmargir varamenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur umsjón með rekstri verzlunarinnar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annast endurskoðun reikninga olíuverzlunarinnar.

7. gr.

Olíusamlög eða aðrir aðilar, sem bundnir eru viðskiptasamningum við olíufélögin, þegar olíuverzlunin tekur til starfa, skulu lausir undan þeim samningum án skaðabóta.

8. gr.

Birgðir þær af olíuvörum, sem verða á birgðastöðvum þeim, er olíuverzlunin fær til umráða, samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal hún kaupa á kostnaðarverði. Náist ekki samkomulag við eigendur, er heimilt að taka vörurnar eignarnámi.

9. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, þ. á m. meðferð og sala þeirra birgða, sem fyrir verða á birgðastöðvum, sem olíuverzlunin tekur ekki á leigu, þegar hún tekur til starfa, skulu ákveðin í reglugerð.

10. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum eða öðrum ákvæðum, er sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 200 þúsund krónum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1959.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða því, sem hér er flutt, lagði ég fram í fyrrverandi ríkisstjórn þann 16. okt. 1956 og óskaði eftir, að ríkisstjórnin flytti málið. Um það fékkst ekki samkomulag, þar sem Framsóknarflokkurinn vildi ekki á það fallast.

Síðar var þrásinnis leitað eftir því í ríkisstjórninni, hvort samkomulag gæti ekki tekizt um flutning málsins, en svo varð ekki.

Frumvarpið er flutt hér nákvæmlega eins og ég lagði það fram í ríkisstjórninni, að öðru leyti en því, að nú er gert ráð fyrir, að gildistökudagur verði 1. sept. 1959 í stað 1. jan. 1957 áður. Tillögu minni í ríkisstjórninni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Hin síðari ár hafa verið flutt á Alþingi allmörg frumvörp um ríkisverzlun með olíu og olíuvörur. Hefur flutningur þeirra verið bein afleiðing þess, að allmikillar og vaxandi óánægju hefur gætt með ríkjandi fyrirkomulag á innflutningi og verzlun með þessar vörur, enda er það kunnugra en frá þurfi að segja, að skapazt hefur veruleg tortryggni í garð þeirra aðila, sem þessa verzlun hafa annazt, og grunur um, að með henni væri tekinn óeðlilegur gróði, sem notendur olíuvaranna og þá fyrst og fremst framleiðslufyrirtækin yrðu að greiða.

Þeim tillögum, sem fram hafa komið undanfarin ár um ríkisverzlun með olíuvörur, hefur yfirleitt verið það sameiginlegt, að þær hafa gert ráð fyrir, að verzlunin

annaðist bæði innflutning, sölu og dreifingu. Með þessu frumvarpi er ekki svo langt gengið, heldur er hér farin sú millileið, að ríkið annist aðeins innflutninginn og heildsöluna.

Innkaup olíuvaranna eru nú þegar komin í hendur ríkisins, sem eðlileg afleiðing þess, að um vöruskiptasamninga er að ræða.

Hins vegar hefur sú skoðun gert allmjög vart við sig, að einmitt í sambandi við flutningana til landsins væri tekinn óeðlilega hár skattur af framleiðslunni og öðrum notendum olíuvaranna, og hefur sú skoðun beinlínis verið studd með ýmsum upplýsingum, sem beint hafa komið frá innflytjendum sjálfum. Til þess að tryggja eðlilegt og rétt heildsöluverð þessara vara og losna við allar deilur og tortryggni um óhóflegan milliliðakostnað í sambandi við innkaup og flutning til landsins hlýtur því að teljast eðlilegt og réttmætt, að ríkið taki að sér bæði flutning og heildsölu, eins og það nú þegar annast innkaupin.

Hins vegar mundi smásala og dreifing verða í höndum annarra aðila. Má þar auðvitað fyrst til nefna hin starfandi olíufélög. En auk þeirra mundu aðrir aðilar, s. s. olíusamlög, kaupfélög, félög bifreiðaeigenda o. fl., fá fullkominn rétt til að kaupa olíuvörur beint frá birgðastöðvum og taka að sér dreifingu til meðlima sinna og annarra, er við þau vilja skipta.

Olíufélögin hafa nú þegar til umráða mjög mikið og víðtækt dreifingarkerfi, geyma, leiðslur, bíla o. fl., og mundu því annast dreifinguna að verulegu leyti.

Það mun því mega fullyrða, að með þessu fyrirkomulagi sé einmitt fundin heppileg leið til að skapa heilbrigða samkeppni um sem minnstan dreifingarkostnað og lægst útsöluverð milli þeirra aðila, sem fyrr er á minnzt og annast mundu dreifinguna. Er það og auðsætt, hve nauðsynlegt það er fyrir framleiðsluna og alla aðra, sem olíuvörur nota, að takast megi að fá þann kostnað sem lægstan, svo mikill þáttur sem verð þessara vara er í öllum framleiðslukostnaði og jafnframt mikill þáttur hins almenna verðlags í landinu. En sé dreifingin á annað borð í höndum annarra aðila en hins opinbera, mun tæplega verða fundin önnur betri leið til lækkunar þeim kostnaði en eðlileg samkeppni milli þeirra aðila, sem fyrr eru nefndir til að annast dreifinguna.

Nú um nokkurt skeið hefur þróazt sá viðskiptaháttur milli olíufélaganna og olíusamlaganna, að til þess að ná samningum hafa hin síðarnefndu orðið að binda viðskiptin til nokkurra ára í einu. Þessi viðskiptabönd er óhjákvæmilegt að losa og tryggja um leið, að samlögin verði ekki skaðabótaskyld að neinu leyti.

Um einstakar greinar skal tekið fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um stofnun olíuverzlunarinnar og afstöðu ríkisins til hennar. Er talið óhjákvæmilegt að veita ríkinu heimild til lántöku þess fjár, sem þarf til stofnunar fyrirtækisins og rekstrar fyrst í stað.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hlutverk olíuverzlunarinnar og starfrækslu, er miði að því að fá heildsöluverð varanna sem lægst og gera dreifinguna sem auðveldasta.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er, að olíuverzlunin fái í sínar hendur aðalolíubirgðastöðvar olíufélaganna. Nú eru þessar stöðvar í eign einstakra aðila, og þykir því eðlilegast, að olíuverzlunin taki þær á leigu. Til þess að tryggja þá leið í framkvæmd, ef samkomulag næst ekki við eiganda, er heimildarákvæði um leigunám sett inn í greinina.

Þá þykir og nauðsynlegt, að olíuverzlunin hafi heimild til að byggja nýjar birgðastöðvar, þar sem nauðsynlegt kann að teljast til að létta dreifingu varanna.

Um 4. gr.

Þessi grein ákveður verkaskiptingu milli olíuverzlunarinnar og þeirra aðila, sem annast munu dreifinguna.

Um 5. gr.

Sjálfsagt þykir að hafa í lögunum skýr ákvæði, er tryggi það, að olíuverzlunin taki ekki hærri álagningu en þarf til að standast kostnað við verzlunarreksturinn, þar sem tilgangurinn með stofnun hennar er eingöngu sá að tryggja framleiðslunni og öðrum notendum sem allra lægst verð.

Um 6. gr.

Rétt þykir, að stjórn olíuverzlunarinnar sé kosin af Alþingi, þar sem hún er algert ríkisfyrirtæki og ríkið ber ábyrgð á skuldbindingum hennar.

Um 7. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar fram yfir það, sem fyrr er sagt um nokkurra ára samninga olíufélaganna og olíusamlaganna.

Um 8. gr.

Óhjákvæmilegt er að tryggja það, að olíuverzlunin geti fengið til umráða þær birgðir olíuvara, sem fyrir kunna að verða á öllum aðalbirgðastöðvum, þegar hún tekur til starfa.

Til þess að tryggja það, að hún geti fengið þessar birgðir á kostnaðarverði, er hér sett ákvæðið um eignarnámsheimild, er þó sé aðeins notað, ef samkomulag næst ekki við eigendur varanna.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 226. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um lán vegna hafnargerða.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að tekið verði allt að 60 millj. kr. lán utanlands eða innan til meiri háttar hafnarframkvæmda á þeim stöðum í hverjum landsfjórðungi, þar sem mesta nauðsyn ber til að bæta aðstöðu sjávarútvegsins, auka útflutningsframleiðsluna og gjaldeyristekjur þjóðarinnar af henni.

Greinargerð.

Þrátt fyrir verulegar umbætur í hafnarmálum landsmanna s. l. áratugi brestur mjög á það, að sæmileg aðstaða hafi skapazt fyrir útgerð og sjósókn í hinum ýmsu landshlutum. Skipin hafa stækkað, en hafnarskilyrðin hafa víða ekki verið bætt að sama skapi. Veldur það margvíslegum erfiðleikum og miklu árlegu tjóni, bæði vegna skemmda á skipunum og öryggisleysis, er dregur úr sjósókninni.

Áætlunum þeim, sem gerðar hafa verið um hafnarbætur, miðar yfirleitt seint áfram. Veldur fjárskortur þar mestu um. Hverfandi litlu af þeim miklu fjárhæðum, sem teknar hafa verið að láni erlendis síðustu árin, hefur verið varið til hafnarbóta. Innanlands er lánsfjármarkaðurinn orðinn mjög þröngur.

Flm. þessarar tillögu hafa þess vegna leyft sér að leggja til, að ríkisstjórnin noti gildandi lagaheimildir til þess að afla erlends eða innlends láns til þess að gera stórt átak í hafnarmálum þjóðarinnar. Vakir það fyrst og fremst fyrir þeim, að lánsfé yrði notað til þess að fullgera nokkrar meiri háttar hafnir, sem mikla þýðingu hafa fyrir sjávarútveginn í helztu útvegsbyggðarlögum landsins. Mundi það eiga mikinn þátt í að auka útflutningsframleiðsluna og þar með gjaldeyristekjur þjóðarinnar af henni.

Hér er um mikið og hagnýtt þjóðþrifamál að ræða. Er það skoðun flm., að verulegar umbætur í hafnarmálum landsmanna muni stuðla meira að því en flest annað að auka arðinn af starfi þjóðarinnar og treysta þannig grundvöll lífskjara hennar. Hinar lágu árlegu upphæðir fjárlaga, sem ætlaðar eru til hafnarbóta, hrökkva allt of skammt í þessum efnum, auk þess sem þeim er dreift á fjölda framkvæmda. Óhjákvæmilegt er því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að ljúka nokkrum meiri háttar höfnum, sem unnið hefur verið að og framkvæmdaáætlanir hafa verið gerðar um. Er það von flm., að Alþingi fallist á nauðsyn þess.

Nd. 227. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni og Pétri Péturssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

a. Á eftir B. 46 kemur nýr liður:
Borgarvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Kleifar að Borg.

b. Á eftir B. 49 kemur nýr liður:
Staðastaðarvegur: Af Ólafsvíkurvegi að Staðastað.

Nd. 228. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýr töluliður:
Á eftir D. 14 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn að Skógargerði.

Ed. 229. Lög [77. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 3. febr.)

Samhljóða þskj. 175.

Sþ. 230. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hvar og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags. Skal ríkisstjórnin hafa samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf, er skal lokið eins fljótt og mögulegt er.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á Alþingi í fyrra og einnig fyrir þremur árum. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Á Alþingi árið 1937 fluttu þeir Jóhann G. Möller og Thor Thors tillögu svipaðs efnis og þá, er hér að ofan greinir. Skyldi samkvæmt henni skipuð 5 manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Tillaga þessi var samþykkt og nefndin kosin samkvæmt henni. En við það sat. Nefndin hélt aðeins einn fund, og engar tillögur komu frá henni.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, sem nú er flutt, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að gera beri tilraun til að koma því á frekari rekspöl. Hagsmunaárekstrar gerast nú stöðugt tíðari milli vinnuveitenda og verkalýðs í hinu íslenzka þjóðfélagi. Efnahags- og afkomugrundvöllur þjóðarinnar verður við þessar deilur ótraustari. Engra úrræða má því láta ófreistað til þess að sætta vinnu og fjármagn, koma á friði milli þeirra, sem stjórna atvinnutækjunum, og þeirra, sem vinna við þau. Mjög líklegt verður að telja, að stórt spor væri stigið í þá átt með því að gera verkamennina, sjómennina eða iðnaðarmennina að meðeigendum og meðstjórnendum í atvinnufyrirtækjunum, þar sem því verður við komið. Að því takmarki stefnir þessi tillaga.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi tillögu þeirra Jóhanns G. Möllers og Thors Thors árið 1937, var því skipulagi greinilega lýst, sem hér er um að ræða. Leyfa flutningsmenn þessarar tillögu sér að prenta þann kafla greinargerðar þeirrar upp hér á eftir. En þar var komizt að orði á þessa leið:

„Hér skal atvinnufyrirkomulagi þessu lýst nokkuð. Arðskiptifyrirkomulagið gengur út á það að veita starfsmönnum fyrirtækjanna hlutdeild í arði þeirra. Er það eitt út af fyrir sig mjög þýðingarmikið atriði og mjög til bóta frá því, sem nú er víða. Oft er samfara arðskiptingunni eftirlit og nokkur stjórnaríhlutun af hálfu verkamannanna. En hlutdeildarfyrirkomulagið sjálft (co-partnership) miðar að því að veita starfsmönnum fyrirtækjanna áhrifavald í fyrirtækjunum, ekki einungis með þeim hætti að gera þá hluttakandi í arði fyrirtækjanna, heldur með því að gera þá beinlínis að meðeigendum þeirra. Yfirleitt er það stefnumið þeirra manna, sem berjast fyrir þessu máli, að allir verkamenn fyrirtækjanna hafi hluttöku í arði þeirra, eignist hluti í þeim og hafi íhlutun um stjórn þeirra eða eftirlit með henni. Má í sem stytztu máli segja, að grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags séu:

1. að verkamennirnir fái auk hinna föstu launa einhvern hluta í arðinum;
2. að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum, eða einhverjum hluta hans, til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækjunum;
3. að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því: a) að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa, eða með því: b) að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Eru þetta þær grundvallarsetningar, sem sérstaklega hefur verið byggt á í þessu efni. En fjölbreytni fyrirkomulagsins er svo að segja takmarkalaus, enda hægt að beita því við svo til allar greinar atvinnulífsins. Er fengin í þessum efnum mikil reynsla erlendis.

Það má vera augljóst mál af því, sem nú hefur verið sagt, hver er tilgangurinn með eflingu atvinnurekstrarfyrirkomulags þessa. Og ef kleift er að ná þessum tilgangi, er það auðsætt, að framkvæmd þessa máls er spor í áttina til lausnar eins höfuðvandamáls þjóðfélags vors og kippir fótum undan hinni skefjalausu áróðrarstarfsemi andstæðinga núverandi þjóðskipulags um, að atvinnuveitendur hljóti jafnan að vera andstæðingar, ef ekki fjendur verkamanna. Það er því ekki að ófyrirsynju, að vakin er athygli Alþingis á þessu máli og þess farið á leit, að löggjafarvaldið geri sitt til að efla framdrátt þessa máls með þjóð vorri, enda er það svo, eins og áður er drepið á, að þessari stefnu í atvinnumálum vex nú óðum fylgi. Hafa mörg stærstu og happadrýgstu fyrirtæki heimsins verið rekin á grundvelli þessa fyrirkomulags. En eitt höfuðeinkenni í rekstri þeirra er, að vinnudeilur koma þar aldrei fyrir, og flest eru þau annáluð fyrir snilldarlegan aðbúnað við verkamenn sína. Margir frægustu þjóðhagsfræðingar og heimsfrægir stjórnmálamenn hafa og séð í þessu atvinnurekstrarfyrirkomulagi lausn höfuðvandamála þjóðfélaga nútímans, og telja margir þeirra, að þegar menn taki að skilja hina dýpri merkingu hlutdeildarfyrirkomulagsins, þegar hún verði bæði verkamönnum og vinnuveitendum ljós, muni verða hægt að mynda hlutdeildarrekstur, sem geri launagreiðslur óþarfar nema sem úttekt á reikning. En þó að það sé langt undan landi, að svo verði, er málið þannig vaxið, að ástæða þykir til að athuga, hversu feikna stórt spor til heilbrigðrar þróunar efnahagslífsins væri hægt að stíga með framkvæmd þessa atvinnurekstrarfyrirkomulags."

Sþ. 231. Þingsályktun [39. mál]

um fullgildingu á sáttmála um stofnun Atómvísindastofnunar Norðurlanda til samvinnu á sviði friðsamlegra atómvísinda.

(Afgreidd frá Sþ. 4. febr.)

Samhljóða þskj. 64.

Sþ. 232. Þingsályktun [41. mál]

um endurskoðun ábúðarlaga og laga um ættaróðal og erfðaábúð.

(Afgreidd frá Sþ. 4. febr.)

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 3 manna milliþinganefnd til að endurskoða ábúðarlög og lög um ættaróðal og erfðaábúð. Endurskoðun þessari skal, ef unnt er, lokið það snemma, að frumvarp um breytingar á lögunum verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. 233. Breytingartillögur [34. mál]

við frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

1. Við 19. gr. Í stað orðanna „Gjalda skal fyrir" komi: Gjalda skal í ríkissjóð fyrir.
2. Við 25. gr. Í stað „1959" komi: 1960.

Ed. 234. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um sameign fjölbýlishúsa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. á allmörgum fundum og sent það þessum aðilum til umsagnar:

Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur, Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur, Byggingarfélagi verkamanna, Byggingarfélagi byggingamanna í Reykjavík, Byggingarfélaginu Framtaki h/f og Verkfræðingafélagi Íslands. Engin svör hafa borizt.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Gera skal skiptasamning um öll fjölbýlishús, sem fleiri en einn eigandi er að.
2. Við 5. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Nú skiptir veggur sameign þannig, að aðeins hluti af íbúðareigendum verður saman um gang, stiga, svalir, tröppur eða annað, en aðrir íbúðareigendur hafa þar engin afnot eða aðgang, og telst það þá til hins skiptilega hluta sameignarinnar og tilheyra viðkomandi íbúðum eftir stærðarhlutfalli þeirra.
3. Við 17. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Afnotaréttur sameiginlegs þvottahúss og þurrkherbergis skal vera jafn.

Einn nefndarmanna (FÞ) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 5. febr. 1959.

Alfreð Gíslason, form. — Karl Kristjánsson, fundaskr. — Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 235. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 14. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 5. febr. 1959.

Páll Þorsteinsson, form. — Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. — Einar Olgeirsson.

Ragnhildur Helgadóttir. — Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 236. Frumvarp til laga [101. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu eyðijörðina Bjarnastaði í Unadal innan Hofshrepps fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddviti hreppsnefndar Hofshrepps hefur með bréfi, dags. 29. jan. s. l., óskað þess, að við þingmenn Skagf. flytjum frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hofshreppi eyðijörðina Bjarnastaði í Unadal. Bréfi oddvita fylgdi afrit af samþykkt hreppsnefndar Hofshrepps frá 28. jan. 1959, svo hljóðandi:

„Hreppsnefndin samþykkir að fela oddvita að óska eftir, að þingmenn Skagfirðinga flytji á yfirstandandi Alþingi frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja sveitarsjóði Hofshrepps eyðijörðina Bjarnastaði í Hofshreppi til ígripa-heyskapar og beitarnytja nærliggjandi bænda."

Jörðin Bjarnastaðir, sem er eign jarðakaupasjóðs ríkisins, fór í eyði 1948 og hefur ekki byggzt síðan, og stafar það eingöngu af vegleysi og einangrun jarðarinnar.

Ed. 237. Framhaldsnefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Eftir að nefndin afgreiddi málið á fundi sínum 26. jan., barst henni loks umbeðin umsögn frá landlækni. Var þá málið komið til 3. umræðu, sem var frestað samkvæmt ósk framsögumanns nefndarinnar, til þess að tóm gæfist til að athuga umsögnina. Var umsögnin síðan athuguð og rædd á fundi nefndarinnar 2. febr., og varð niðurstaðan sú, að nefndin taldi, þegar á allt er litið, ekki ástæðu til að breyta fyrri afstöðu sinni og mælir því með, að frv. verði samþykkt.

Umsögn landlæknis er prentuð hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 5. febr. 1959.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Eggert G. Þorsteinsson. Friðjón Þórðarson.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 30. janúar 1959.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 18. f. m., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breyting á sjúkrahúsalögum,

nr. 93/1953, sem fer í þá átt að tryggja sveitarfélögum sama styrk til að reisa elliheimili og þeim er nú tryggður til að reisa sjúkrahús.

Ég vísa til bréfs míns til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 21. janúar 1957, sem hefur að geyma gagnrýni mína á gildandi reglum um byggingarstyrki sjúkrahúsa. Bendi ég nefndinni á að athuga þá gagnrýni í sambandi við frumvarp það, sem hér um ræðir, og íhuga síðan, hver áhrif sú styrkjapólitík mundi hafa á heilbrigða þróun elliheimilismála í landinu. Jafnframt er ástæða til að athuga útgjaldahliðina á málinu, er það verður orðin líklegust atvinnubótaleið hverju sveitarfélagi að reisa sér sem veglegast elliheimili.

Með því að samþykkja þetta frumvarp mundi löggjafarvaldið marka stefnu um forsjá gamalmenna, sem þyrfti mjög rækilegrar athugunar við, áður en mörkuð yrði. Ég hef rökstuddan grun um, að sú stefna sé varhugaverð, hvort sem á málið er litið frá mannúðlegu, menningarlegu eða fjárhagslegu sjónarmiði. Íhugun þessara mála hefur leitt til þess, að ég hef komizt að eftirfarandi niðurstöðu um þau:

1. Sjúk gamalmenni eiga heima á sjúkrahúsum, og þegar um meira háttar sjúkrahús er að ræða, á sérstökum ellisjúkdómadeildum slíkra sjúkrahúsa.

2. Gamalmenni, sem vegna geðvillu geta illa eða ekki samlagazt öðru fólki og ekki séð fyrir sjálfum sér, eiga heima á viðeigandi hælum eða deildum almennra geðheilbrigðistofnana.

3. Önnur gamalmenni á ekki fremur en annað heilbrigt fólk að parraka á hælum. Miklu fremur ætti öll félagsleg hjálp þeim til handa að beinast að því, að þau geti í lengstu lög lifað lífi sínu á eðlilegan hátt að störfum við sitt hæfi á meðal annars starfandi og stríðandi fólks á öllum aldri og ekki sízt í sem nánastri heimilislegri sambúð við hina uppvaxandi kynslóð.

Hér á landi kann þessi kenning að hljóma framandlega og sennilega framandlegar en í öðrum löndum, þar sem almenn elliheimili eiga sér meiri og lengri sögu. Marka ég það m. a. af því, að fyrir ekki löngu átti ég þess kost að ræða við einn aðalforsjármann elliheimila í einu nágrannalandanna. Hugðist ég koma flatt upp á hann, er ég skýrði honum frá greindri niðurstöðu minni umbúðalaust með því að orða hana þannig: **Elliheimili eiga ekki að vera til.** Hér brást mér bogalistin, því að kenningin var honum engin nýlunda og enn síður fjarstæða. Kvað hann dýrkeypta reynslu af elliheimilum í sínu landi hafa leitt til þess, að fróðir menn hefðu nú einmitt komizt unnvörpum að sömu niðurstöðu. Sendi hann mér síðar skilríki því til staðfestingar.

Ég ráðlegg Alþingi eindregið til að íhuga mál þetta mjög gaumgæfilega, áður en það tekur forustu um að marka þá stefnu að parraka helzt öll gamalmenni landsins án tillits til heilsufars inni á sérstökum stofnunum eins og forngripi — að maður ekki segi pestargripi.

Vilm. Jónsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 238. Lög [35. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Afgreidd frá Nd. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 169.

Nd. 239. Frumvarp til laga [102. mál]

um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson.

I. KAFLI
Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum, þar sem um er að ræða samfelld svæði.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda lýtur sandgræðslustjóri yfirstjórn hennar við hlið búnaðarmálastjóra, en landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur sandgræðsluverði að þörfum að fengnum tillögum sandgræðslustjóra. Sandgræðsluverðir skulu auk búfræðimenntunar hafa aflað sér starfsæfinga við þau verklegu störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra sé heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðunum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Telji hann hættu á, að land kunni að fara í örtröð eða gróðri að hnigna til mikilla muna sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefndar.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði skv. launalögum, 1. gr., V. flokki, og sandgræðsluverðir skv. IX. flokki.

II. KAFLI
Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að áliti sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.

2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Við töku lands með eignarnámi eða á annan hátt skal ávallt leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins að fengnum rökstuddum tillögum sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands. Einnig skal afhenda ráðuneytinu samrit af öllum öðrum samningum, sem sandgræðslan gerir um umráð lands til græðslu.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar, eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar, og ef út af er brugðið, varðar það sektum. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði aðvart um gallana.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsu samkomulagi, er svo fullgróið, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal heimilt að afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkissjóður land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum, ef landið hefur verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af viðkomandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga

landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan, að framförnu mati, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram skv. 13. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnot af landinu.

13. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 12. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

14. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

15. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður tilkynna það eigendum fjárins. Komist sömu skepnurnar þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðsla Íslands greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

III. KAFLI

Um græðslu lands til beitar.

16. gr.

Auk fjár þess, sem veitt er til sandgræðslu samkv. II. kafla laga þessara, skal á árunum 1959—1968 veita fé úr ríkissjóði, eigi minna en 3 millj. kr. á ári, til þess að efla gróður í afréttum og úthögum á samfelldum landsvæðum. Skulu þau landsvæði ganga fyrir, þar sem landþrengst er til beitar og búskapar, brjóti það eigi í bága við skipulagðar framkvæmdir sandgræðslunnar.

17. gr.

Sandgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknadeild búnaðardeildar háskólans gera fyrir árslok 1959 tíu ára áætlun um framkvæmdir samkv. 16. gr. Skulu í áætlun þessari valin og tilgreind þau svæði, sem nauðsynlegast telst að taka til græðslu og mestar líkur eru fyrir að skili árangri. Sandgræðslustjóri ákveður, hvaða svæði skulu tekin til græðslu árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

18. gr.

Um öflun umráðaréttar á landi til græðslu skv. 17. gr. gilda hin sömu ákvæði og um það land, sem tekið er til græðslu skv. II. kafla laga þessara, um heftingu sandfoks, 6. grein.

19. gr.

Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkv. 17. gr. og öðrum ákvæðum laga þessara, hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr., en

heimilt er sandgræðslustjóra að taka land til græðslu með sáningu og áburði eða með áburði einum svo og með áveitu án þess að girða landið, ef athuganir leiða í ljós, að slíkt er vænlegt til árangurs.

20. gr.

Bændur, félög einstakra bænda eða hreppsfélög geta efnt til sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og forsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Um kostnað við sandgræðslu og afhendingu lands að aflokinni græðslu, sem framkvæmd er á þennan hátt, gildir hið sama og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. II. kafla laga þessara, 11.—13. grein.

IV. KAFLI

Um athugun og eftirlit á afréttum.

21. gr.

Sandgræðslustjóri, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður og héraðsráðunautar skulu fylgjast sem bezt með notkun afrétta í héraði hverju um land allt með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarþol landsins.

Héraðsráðunautum er skylt að fylgjast með fjölda þess búfjár, sem í afréttum gengur, svo og vænleika þess og afurðum.

22. gr.

Ef eftirlit það, sem um getur í 21. gr., leiðir í ljós, að ofsett er í afréttarland, svo að hætta sé á gróðurfarsspillingu eða uppblæstri sökum ofbeitar, skulu þessir aðilar tilkynna það skjallega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og rökstyðja álit sitt og tillögur til úrbóta.

23. gr.

Nú gerir sandgræðslustjóri kröfu um ítölu, og fer þá um það skv. ákvæðum laga nr. 85 16. des. 1943, um ítölu, og laga nr. 43 23. febr. 1945, um breytingu á þeim.

24. gr.

Sandgræðslustjóri skal ásamt hreppstjórum hafa eftirlit með, að ákvæðum um ítölu búfjár í lönd þau, sem hann hefur umráð yfir skv. lögum þessum, sé framfylgt.

V. KAFLI

Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

25. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

26. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

VI. KAFLI

Um öflun fjár til sandgræðslu.

27. gr.

Af hverri sauðkind, hverjum nautgrip og hverju hrossi, sem sett er á vetur og talið fram um áramót, skal greiða gjald, er nemi einni krónu á kind, 10 kr. á nautgrip og hross. Gjald þetta skulu lögreglustjórar innheimta með öðrum opinberum gjöldum.

28. gr.

Af öllum tóbaksvörum, sem inn eru fluttar, skal leggja 3% gjald á útsöluverð vörunnar. Gjaldi þessu skal skipt að jöfnu milli Sandgræðslu Íslands og Skógræktar Íslands. Skal Tóbakseinkasalan standa skil á þessu gjaldi til réttra aðila.

29. gr.

Á allt innflutt fóður leggist 16% yfirfærslugjald, sem varið sé að hálfu til græðslu lands, samkv. III. kafla laga þessara, en að hálfu til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir.

30. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt ákvæðum 27., 28. og 29. gr. laga þessara, skal auk framlags ríkisins samkv. 16. gr. varið til framkvæmda við að græða land samkvæmt III. kafla laganna.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 100—10000 krónur, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal farið með að hætti opinberra mála.

32. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sandgræðslu eða einstök atriði hennar samkvæmt lögum þessum.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Greinargerð.

Þetta frumvarp, sem ég leyfi mér að flytja hér: „Frumvarp til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands“ — hefur verið alllengi í undirbúningi, þótt ekki hafi það fyrr komið til meðferðar hér á hinu háa Alþingi.

Upphaf þessa máls er það, að í júlímánuði 1957 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga jafnframt möguleika á að auka þá starfsemi. Nefnd þessi starfaði síðan á þann hátt, er frá er skýrt í fylgiskjali I hér á eftir. Nefndin lauk störfum í marzmánuði 1958 og afhenti þá landbúnaðarráðherra frumvarp ásamt ýtarlegri greinargerð. Um sama leyti kom út rit um sandgræðslumál í sambandi við 50 ára afmæli sandgræðslunnar, en hún tók til starfa árið 1907.

Landbúnaðarráðherra sendi frumvarpið til búnaðarþings, sem þá sat að störfum. Búnaðarþing mælti ákveðið með meginatriðum frumvarpsins, en gerði nokkrar breytingartillögur við það, og voru þær sendar til landbúnaðarráðuneytisins.

Síðan hefur mál þetta legið niðri. Hefur þó nú þegar fengizt nokkur árangur af starfi nefndarinnar, m. a. með auknum fjárveitingum til Sandgræðslu Íslands og að unnt var að hefja tilraunir með að dreifa áburði úr flugvél um beitilönd, eins og framkvæmt var á s. l. sumri.

Ég hef tekið þá ákvörðun að flytja frumvarp þetta eins og nefndin gekk frá því. Ég læt hins vegar fylgja sem fylgiskjal II tillögur búnaðarþings. Skal það tekið fram, að ég er mörgum breytingartillögum búnaðarþings samþykkur, en tel rétt og eðlilegast, að þær verði athugaðar í nefnd í Alþingi.

Ég læt fylgja frumvarpi þessu yfirlit um sandgræðslugirðingar, merkt: fylgiskjal III, sömuleiðis: Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu, merkt: fylgiskjal IV. Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frumvarpinu í framsögu.

Fylgiskjal I.

Greinargerð milliþinganefndar um frumvarpið.

Með bréfi, dags. 24. júlí 1957, skipaði landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, 5 manna nefnd „til að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga möguleika á að auka þá starfsemi".

Í nefndina voru skipaðir:

Björn Kristjánsson fyrrv. kaupfélagsstjóri, formaður.
Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri.
Arnór Sigurjónsson fulltrúi.
Páll Sveinsson sandgræðslustjóri.
Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn þ. 16. ágúst. Var þá kosinn ritari Arnór Sigurjónsson.

Á þessum fundi var ákveðið að skoða sem flest uppblásturssvæði landsins og sjá með eigin augum þær framkvæmdir, sem gerðar hefðu verið til að stöðva landspjöllin og græða foksvæðin að nýju.

Fyrsta ferðin í þessu skyni var farin 16. ágúst. Ekið um Rangársanda og skoðuð öll helztu fok- og uppgræðslusvæði.

Önnur ferð til Norðurlands dagana 21.—24. ágúst. Skoðuð sandgræðslusvæði í Kelduhverfi, Hólssandi, Hólsfjöllum, Austurfjöllum, Hólasandi og Sellöndum í Mývatnssveit, brunasvæði á Hvammsheiði og Þingeyra- og Sigríðarstaðasandar í Húnaþingi.

Þriðja ferð þ. 11. sept. til Haukadals í Biskupstungum. Skoðuð uppblásturssvæði á Haukadalsheiði.

Fjórða ferð í Vestur-Skaftafellssýslu 16. og 17. sept. Ekið um Holta- og Landsveit í Rangárþingi, Fjallabaksleið, Skaftártungu að Kirkjubæjarklaustri. Skoðaður Stjórnarsandur og í heimleið sandgræðslusvæði í Meðallandi, Vík, Sólheimasandi og Skógasandi.

Í þessum ferðum bar margt fyrir augu, og mun sumt af því verða harla minnisstætt þeim, sem ekki höfðu séð það áður.

Á sumum stöðum gat að líta kolsvarta sanda, þar sem áður voru fegurstu gróðurlendur. Annars staðar hafði sandgræðslunni hins vegar tekizt að stöðva algerlega uppblásturinn og hjálpa náttúrunni til að klæða stór svæði þroskamiklum nytjagróðri, þar sem fyrir nokkrum árum var örfoka land.

Víða vofir yfir mikil eyðingarhætta af völdum uppblástursins, og verður því að heyja stöðugt varnarstríð gegn þeim voða. Sem betur fer, er nú fengin örugg vissa, byggð á reynslu, fyrir því, að hægt er að stöðva eyðinguna, ef ekki skortir fé og árvekni. Með friðun, sáningu og áburði er hægt að snúa vörn í sókn og breyta örfoka landi í vel gróið nytjaland. Margir fróðir menn telja nú þegar ofsetin afréttarlönd sumra héraða og megi að minnsta kosti ekki að ósekju fjölga þar sauðfé frá því, sem nú er. Þetta er m. a. álit J. B. Campbells, sem fenginn var til þess, árin 1954 og 1956, að athuga beitarþol haga okkar. Þar sem svo er ástatt, verða bændur að skilja það, að vaxandi nýrækt og töðufengur má ekki leiða til fjölgunar sauðfjárins, nema sumarhagarnir séu jafnframt auknir.

Á fundi nefndarinnar þ. 14. okt. kom til tals, að á þessu ári, 1957, væru liðin 50 ár síðan sett var fyrsta löggjöfin um sandgræðslu á vegum ríkisins og að viðeigandi væri, að þessa merka afmælis væri minnzt með útgáfu minningarrits, þar sem skráð væri saga sandgræðslustarfsins. Þessari hugmynd var vel tekið, og á

öðrum fundi, þ. 6. nóv., var samþykkt, að nefndin hefði forgöngu um útgáfu ritsins, en áður hafði fengizt loforð frá stjórn Búnaðarfélags Íslands og sandgræðslustjóra um, að þessir tveir aðilar tækju að sér útgáfuna. Enn fremur hafði landbúnaðarráðherra gefið ádrátt um fjárstyrk til hennar úr ríkissjóði. Samið var við Arnór Sigurjónsson um, að hann tæki að sér ritstjórn bókarinnar, og er það að þakka góðri samvinnu við starfsmenn prentsmiðjunnar Eddu, að tekizt hefur á óvenjulega skömmum tíma að koma út ritinu. Ætlast nefndin til, að rit þetta, Sandgræðslan, geti talizt aðalgreinargerð með þessu frumvarpi, og er greinargerð sú, er frumvarpinu fylgir, því styttri en ella.

Þegar fyrir síðustu aldamót voru í gildi lög (nr. 6 15. febr. 1895), þar sem sýslunefndum var veitt vald til að gera samþykktir um „hindrun sandfoks og sandgræðslu". En árið 1907 hófst skipuleg sandgræðslustarfsemi á vegum ríkisins með setningu laga nr. 54 22. nóv. þ. á., er gengu í gildi 1. jan. 1908. Samkvæmt þeim sömu lögum var skógræktarstjóra (en embætti hans var stofnað með þeim lögum) ætlað að „hafa á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til að varna sandfoki".

Árið 1914 voru svo sett sérstök lög um sandgræðslu, nr. 20 2. nóv. þ. á., og Búnaðarfélagi Íslands þá falin „forstjórn" sandgræðslustarfseminnar, og féllu þá niður afskipti skógræktarstjóra af henni. Í þessum lögum voru um það nokkuð ýtarleg ákvæði, hvernig að sandgræðslunni skyldi unnið, og um framlög til sandgræðslugirðinga úr ríkissjóði og sýslusjóðum. Næst voru sett lög um sandgræðslu árið 1923 (nr. 45 20. júní þ. á.). Er þar meðal annars svo fyrir mælt, að Búnaðarfélag Íslands skuli hafa í þjónustu sinni „sandgræðslumann skipaðan af landstjórninni með sérþekkingu á sandgræðslu". Nú eru í gildi lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks, nr. 18 28. maí 1941. Þess má geta, að fyrrnefnd lög frá 1895 eru enn í gildi og sömuleiðis lög nr. 11 13. apríl 1894, þar sem sýslunefndum var veitt vald til að gera samþykktir um friðun á mel. Enn fremur eru í gildi sérstök lög frá 1928 varðandi sandgræðslu í Strandarlandi

Um leið og lögin frá 1907 voru sett, var tekið að veita fé úr ríkissjóði til sandgræðslustarfseminnar. En fjárveitingar þessar hafa verið sem hér segir á árunum 1907—1957:

Árið 1907	2000 kr.	Árið 1930	50000 kr.
— 1908	4000 —	— 1931	40000 —
— 1909	4000 —	— 1932	40000 —
— 1910	4000 —	— 1933	30000 —
— 1911	4000 —	— 1934	30000 —
— 1912	4000 —	— 1935	40000 —
— 1913	4000 —	— 1936	27000 —
— 1914	5000 —	— 1937	27000 —
— 1915	5000 —	— 1938	30000 —
— 1916	4000 —	— 1939	31000 —
— 1917	4000 —	— 1940	31000 —
— 1918	6000 —	— 1941	37000 —
— 1919	6000 —	— 1942	55000 —
— 1920	10000 —	— 1943	100000 —
— 1921	10000 —	— 1944	210000 —
— 1922	15000 —	— 1945	310000 —
— 1923	15000 —	— 1946	370000 —
— 1924	15000 —	— 1947	418000 —
— 1925	15000 —	— 1948	432000 —
— 1926	23000 —	— 1949	483000 —
— 1927	45000 —	— 1950	483000 —
— 1928	40000 —	— 1951	601075 —
— 1929	40000 —	— 1952	866127 —

Árið 1953	873036 kr.	Árið 1956	1552184 kr.
— 1954	1002272 —	— 1957	1789290 —
— 1955	1226808 —		

Þess má geta, að fjárveitingarnar eru hin fyrri ár tilgreindar samkvæmt fjárlögum, en hin síðari ár samkvæmt ríkisreikningi, eins og upphæðirnar bera með sér.

Nú eru í eign sandgræðslunnar 50 girt sandgræðslusvæði víðs vegar á landinu, hið fyrsta girt 1908 og hið síðasta 1956, samtals rúmlega 100 þús. hektarar eða ca. 1000 km² að flatarmáli. Auk þess eru sandgræðslulönd, sem einstaklingar ráða yfir, nokkuð á fimmta þúsund ha.

Í ritinu „Sandgræðslan“, sem fyrr var nefnt, er m. a. gerð tilraun til að áætla stærð þess lands utan girðinga í byggðum og óbyggðum, sem til greina komi að breyta úr auðn í gróðurlendi á vegum sandgræðslunnar. Samkv. þessari áætlun eru „sandar og melar auðveldir til græðslu“ samtals 3788 km² og „aðrar auðnir lægri en 400 m yfir sjávarmál“ samtals 3554 km². Á þessar tölur ber að vísu að líta með fullri varúð, en þó gefa þær nokkra hugmynd um hið gífurlega mikla verkefni, sem þarna er fyrir hendi, og þann árangur, sem af því mætti verða, ef einhvern tíma tækist að leysa það af hendi. Til samanburðar er athugandi, að öll tún á landinu eru nú samtals um 60 þús. ha. (600 km²) að flatarmáli.

Varðandi sandgræðslustarfsemina hér á landi undanfarna hálfa öld og þau verkefni, sem fram undan eru, skal hér sérstaklega bent á greinar þær, er nefndar verða hér á eftir í ritinu „Sandgræðslan“:

Gunnlaugur Kristmundsson: Upphaf skipulagsbundinnar sandgræðslu, bls. 187 o. áfr.

Runólfur Sveinsson og J. B. Campbell: Athugun á uppblæstri og högum, bls. 250 o. áfr.

Páll Sveinsson: Sandgræðslumálin á líðandi stund, bls. 291. Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu, bls. 312.

Arnór Sigurjónsson: Það sem koma verður, bls. 325.

Björn Pálsson flugmaður: Flugvélin og sandgræðslan, bls. 340.

Nefndin hefur, eins og fyrir hana var lagt, endurskoðað gildandi lög um sandgræðslu og athugað möguleika á að auka sandgræðslustarfsemina. Hefur hún, meðan á endurskoðun stóð, m. a. rætt við stjórn Búnaðarfélags Íslands og við fjárveitinganefnd Alþingis, en eins og fyrr var sagt, áttu búnaðarmálastjóri og sandgræðslustjóri sæti í nefndinni. Hefur nefndin samið frumvarp til nýrra laga, er nefnist frumvarp til laga um „heftingu sandfoks og græðslu lands“, sem hún ætlast til að komi í stað gildandi laga um „sandgræðslu og heftingu sandfoks“, nr. 18 1941.

Frumvarp nefndarinnar skiptist í sjö kafla. Er fyrsti kafli um „markmið og stjórn sandgræðslu Íslands“, annar kafli um „heftingu sandfoks og græðslu lands“, þriðji kafli um „græðslu lands til beitar“, fjórði kafli um „athugun og eftirlit á afréttum“, fimmti kafli um „tilraunastarfsemi og rannsóknir“, sjötti kafli um „öflun fjár til sandgræðslu“, sjöundi kafli um „ýmis ákvæði“.

Um nýmæli er einkum að ræða III., IV., V. og VI. kafla, og bera heiti kaflanna með sér, hvers eðlis þau nýmæli eru.

Að öðru leyti vísast til skýringa við sérstakar greinar frumvarpsins.

Árni G. Eylands starfaði í nefndinni frá öndverðu og til loka janúarmánaðar, en þá fór hann af landi burt til lengri dvalar og gat því ekki tekið þátt í þeim nefndarstörfum, sem þá voru óunnin, og að sjálfsögðu ekki undirritað nefndarálit.

Hér fara á eftir athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Nýmæli í þessari grein eru þau, að hér er gert ráð fyrir að græða upp sanda, mela og aura í heimahögum og afréttum í þeim tilgangi að auka beitiland búfjárins, sem nú er í örri fjölgun, og um leið létta á því haglendi, sem fyrir er, sbr. III. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í fyrstu og allt til ársins 1914 var sandgræðslan tengd skógræktinni, en það samband þótti ekki gefast vel, og var því sandgræðslan með lögum nr. 20 2. nóv. 1914 falin Búnaðarfélagi Íslands. Með endurskoðun laganna 1941 er ákveðið, að landbúnaðarráðherra skipi sérstakan sandgræðslustjóra, en forstjórn sandgræðslumálanna er áfram falin Búnaðarfélagi Íslands. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir mjög auknu starfssviði sandgræðslunnar, svo að segja má, að vettvangur hennar nái yfir verulegan hluta af afréttar- og heimabeitilöndum landsmanna. Með ákvæðum laganna grípur sandgræðslan svo mjög inn á afkomumöguleika landbúnaðarins, að nú er enn brýnni þörf en áður á, að sandgræðslan ekki einungis njóti stuðnings og samstarfs Búnaðarfélags Íslands, heldur hafi það og íhlutun um yfirstjórn þessara mála.

Því aðeins er hægt að búast við fyllsta árangri, að sem flest þau öfl, sem vinna að uppbyggingu landbúnaðarins, séu samhæfð í fullkomnu samstarfi að framgangi þessara mála, ella mætti gera ráð fyrir, að undir ýmsum kringumstæðum gætu orðið árekstrar um framkvæmdir. Ekki þykir ástæða til að ákveða með lögum fjölda sandgræðsluvarða, heldur verði tala þeirra að miðast við þörfina á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Með sameinuðu átaki Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra var byggð reist í Gunnarsholti, og hafði sandgræðslustjóri þar aðsetur fyrir sumarstarfsemi sína.

Eftirmenn hans í starfi hafa haft þar fast aðsetur, og þykir því rétt að ákveða nú, að lögheimili sandgræðslunnar sé Gunnarsholt.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 5. gr.

Þar sem sandgræðslustjóri er settur við hlið búnaðarmálastjóra, sbr. 2. gr., þykir sjálfsagt, að hann hafi sömu laun (V. flokkur launalaga).

Rétt þykir, að skipaðir verði sandgræðsluverðir með meiri þekkingu og verkkunnáttu en verið hefur, og þykir ekki líklegt, að slíkir menn verði fáanlegir fyrir lægri laun en svarar til IX. fl. launalaga.

Um II. kafla.

Í 6.—15. gr. eru svo litlar breytingar frá gildandi lögum, að ekki þykir mikil ástæða til að geta nema fárra sérstaklega.

Þó má geta þess, að enn meiri áherzla er lögð á, að sandgræðslan geti afhent þau landsvæði, sem hafa verið að fullu uppgrædd, sbr. 10. og 11. gr.

Í þessu sambandi gildir einu, hvort landið hefur upphaflega verið í ábúð einstakra bænda eða sveitarfélaga.

Ef landið er eign ríkisins, skal það afhent hlutaðeigandi ábúendum þeirra jarða, sem það hefur áður tilheyrt, svo og notendum landsins í kauptúnum og þorpum, enda er, sbr. 11. gr., sveitarfélögum gert skylt að taka við þeim landsvæðum, ef sandgræðslustjóri æskir þess. Þegar lönd eru afhent, er ekki ætlazt til, að sá, er við tekur, greiði græðslu þeirra eða girðingar, þótt slíkt væri réttmætt. Aðalatriðið er, að girðingum og öðrum mannvirkjum sé haldið við, svo að uppblástur endurtaki sig ekki.

Um III. kafla.

Með þessum kafla er sandgræðslunni falið nýtt og stórmerkilegt verkefni, enda er endurskoðun laganna sérstaklega gerð með tilliti til þess. Aðalverkefnið er að græða upp og auka gróður á víðlendum beitilöndum með nýjum aðferðum.

Um 16. gr.

Þar sem sjáanlegt er, að bændur stefna að mikilli fjölgun búfjár, er sýnilega mundi ofbjóða beitarþoli landsins, þá er knýjandi þörf á að auka stærð og gæði þess svo sem mest má verða, en til þess er nauðsynlegt að hafa ráð á miklu fjármagni.

Í þessu sambandi má benda á, að fyrirhugað er að nota flugvél til dreifingar fræi og áburði að reynslu erlendra þjóða.

Um 17. gr.

Þar sem hér er um geysivíðfeðmt verkefni að ræða, verður ekki hjá því komizt að gera rækilega skipulags- og framkvæmdaáætlun, er nái yfir nokkurt árabil.

Hér er gert ráð fyrir 10 ára áætlun, þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir, að fullnægjandi reynsla fáist á skemmri tíma.

Um 18. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru þau nýmæli, að gert er ráð fyrir græðslu lands með áburði einum og án friðunar. Þessi aðferð er í notkun erlendis og hefur lítils háttar verið reynd hér með árangri.

Um 20. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um IV. kafla.

Aðalinnihald þessa kafla er um verndun landgæða, og nær það bæði til þess lands, sem sandgræðslan hefur þegar tekið til græðslu á einn eða annan hátt, og þess beitilands, sem ástæða er til að ætla að geti verið í hættu vegna ofbeitar eða af öðrum ástæðum.

Þykir sjálfsagt, að sandgræðslan hafi mjög ákveðið og sterkt íhlutunarvald yfir þeim löndum, sem eru undir hennar umsjá hverju sinni, svo að sú landgræðsla, sem verið er að vinna að á hverjum stað, beri sem fyllstan árangur.

Um 21.—22. gr.

Í þessum greinum er það nýmæli, að héraðsráðunautum er ætlað að fylgjast með fjölda búfjár á afréttarlöndum svo og vænleika þess og afurðum. Þetta er nauðsynlegt, því að sýni það sig skyndilega, að vænleiki og afurðir búpenings á afréttarlöndum fari rýrnandi, án þess að hægt sé að sjá, að gróðri hnigni, ætti það að gefa vísbendingu um þörf fyrir athugun og aðgerðir í málinu.

Um 23.—24. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Nauðsynlegt er að gefa sandgræðslustjóra mjög sterkt íhlutunarvald um ítölu í löndum þeim, sem sandgræðslan er með framkvæmdir á, skv. III. kafla laga þessara, og þyrftu lögin um ítölu að endurskoðast í því tilliti.

Um V. kafla.

Kafli þessi er nýmæli og fjallar um athuganir og tilraunir í þágu sandgræðslunnar.

Um 25. gr.

Rétt þykir að samræma allar tilraunir og athuganir í jarðrækt, og því heyrir þessi tilraunastarfsemi undir tilraunaráð jarðræktar.

Rétt þykir að ákveða með lögum þessum, að sandgræðslustjóri eigi sæti í tilraunaráði jarðræktar og að ákvæði um það verði fellt inn í tilraunalögin, sem nú eru í endurskoðun.

Um 26. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 27. gr.

Þó að græðsla landsins sé mál allrar þjóðarinnar, nýtur bændastéttin af henni sérstakra hagsmuna. Því þykir rétt, að bændastéttin hafi einnig sérstakt framlag að bjóða, og fer vel á, að það sé í sem réttustu hlutfalli við not hvers bónda af lögunum. Við það er miðuð tillaga greinar þessarar um 1 kr. gjald af hverri fóðraðri sauðkind og 10 kr. gjald af hverjum stórgrip. Eftir síðustu talningu búfjár (áramót 1956—57) nemur þetta gjald

706.3 þús. kr. af sauðfé
475.1 — — — nautgripum
og 339.3 — — — hrossum

1520.7 þús. kr.

Um 28. gr.

Undanfarin ár hefur verið lagt sérstakt gjald á sumar tegundir vindlinga og því varið til skógræktar (landgræðslusjóðs). Þetta gjald hefur þótt fyrirhafnarsamt um innheimtu, en síðustu ár hefur skógræktin haft af því um 1200 þús. kr. tekjur á ári. Hér er lagt til, að lagt sé fast hundraðsgjald á útsöluverð allrar tóbaksvöru og skiptist gjaldið síðan að jöfnu milli sandgræðslunnar og skógræktarinnar. Gjald þetta mundi nema að óbreyttum aðstæðum um 3 millj. kr. á ári, og kæmi um 1.5 millj. kr. í hlut sandgræðslunnar og jafnmikið, eða 1.5 millj. kr., í hluta skógræktarinnar.

Um 29. gr.

Undanfarin ár hefur allt innflutt kjarnfóður verið undanþegið bæði verðtolli, sem samkvæmt tollskrá er 8% af cif-verði, og yfirfærslugjaldi, sem er 16%. Árið 1956 námu þessar ívilnanir alls rúmlega 7.8 millj. kr., og var þar af eftirgjöf á verðtolli 2.6 millj. kr., en á yfirfærslugjaldi 5.2 millj. kr. Á þetta var litið sem fríðindi fyrir landbúnaðinn, og hefur svo verið fram að þessu fyrir hvern einstakan bónda. Þessi fríðindi hafa leitt til mjög aukinnar kjarnfóðurnotkunar, en aukin kjarnfóðurnotkun aðallega til aukinnar mjólkurframleiðslu. Nú er svo komið, að mjólkurframleiðslan er meiri orðin en þjóðin þarfnast til eigin neyzlu, en verð það, er fæst fyrir útfluttar mjólkurafurðir, mjög lágt, svo lágt, að ekki fæst nema 30—50 aurar fyrir hvern lítra af mjólk, sem varið er til framleiðslu á útfluttum mjólkurafurðum, og hlýtur því þessi mikla kjarnfóðurnotkun að leiða til annars tveggja, geysimikilla verðuppbóta úr útflutningssjóði á útfluttar mjólkurafurðir eða mikillar verðlækkunar á mjólk til framleiðenda. Hins vegar er hér um að ræða fríðindi, sem landbúnaðinum hafa þegar verið veitt, og sýnist ekki rétt að taka þau af honum, nema honum sé veitt annað í staðinn, en það mætti þá ekki vera með þeim hætti, að það leiddi framleiðsluna afvega og hefði í för með sér bein útgjöld fyrir hið opinbera auk tekjumissisins vegna fríðindanna. Með því að innheimta tollinn og útflutningsgjaldið og verja síðan til hagsbóta og verðuppbóta á þær útflutningsvörur landbúnaðarins, sem hagstæðast yrði að flytja út, yrði, svo sem kostur er, sneitt hjá þessu hvoru tveggja. Unnt yrði vegna rýmri haga að auka þá útflutningsframleiðsluna, sem hagstæðust er til útflutnings, og tryggja það jafnframt, að hún yrði sem arðgæfust bæði með rýmindum í högum og tryggingu verðs hennar.

Hér er lagt til, að aðeins hálfu yfirfærslugjaldinu sé varið til hagabóta (þ. e. sandgræðslu til beitarafnota), en ætlazt er til, að hálfu yfirfærslugjaldinu og verðtollinum sé varið til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur.

Um 30.—33. gr.

Þurfa ekki skýringa.

B. Kristjánsson. Arnór Sigurjónsson, með fyrirvara um 2. gr. frv.

Steingr. Steinþórsson, með fyrirvara um 29. gr. frv. Páll Sveinsson.

Fylgiskjal II.

Greinargerð og tillögur búnaðarþings um frumvarpið.

Frumvarp til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Lagt fyrir af landbúnaðarráðherra.

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 19 shlj. atkv.:

Búnaðarþing ályktar að mæla með frumvarpi til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands, er samið var af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði að tilhlutan Alþingis. Eftirfarandi breytingar vill búnaðarþing þó gera á frumvarpinu:

Við 9. gr.:

Aftan við fyrstu málsgrein bætist: „... að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Nú er skóglendi eða skjólbelti innan sandgræðslugirðingar, og skal þá girðing fullnægja ákvæðum 16. gr. laga um skógrækt.“

15. gr. orðist svo:

„Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem er girt fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður taka fénaðinn í gæzlu og tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eigi fénaðinn. Hreppstjóri skal tilkynna eigendum eða umráðamönnum fénaðarins, að þeir verði að hirða hann innan ákveðins tíma. Sé fénaðurinn ekki hirtur, skal hreppstjóri ákveða, hvar skepnunum skuli sleppt, en umráðendur þeirra skulu borga hreppstjóra áfallinn kostnað. Komist sömu skepnur inn á sama svæði, án þess að snjóalögum verði um kennt, skal sandgræðsluvörður afhenda hreppstjóra fénaðinn, en hreppstjóri sér til þess, að umráðamaður fénaðarins taki skepnurnar í örugga gæzlu í girðingu, er hreppstjóri tekur gilda. Sleppi fénaðurinn úr þeirri vörzlu og komist enn inn á sama svæði, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, svo sem unnt er. Sandgræðsla Íslands greiði síðan það, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati úttektarmanna.“

Við 16. gr.:

Upphaf greinarinnar orðist svo: „Auk fjár þess, sem veitt er árlega á fjárlögum ...“ o. s. frv.

20. gr. orðist svo:

„Bændur, félög bænda, hreppsfélög eða sýslufélög geta efnt til landgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða sandgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum, og skal landið vera í umsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Sandgræðslustjóri og landeigendur eða umráðendur lands skulu gera með sér samning, þar sem greint er um afnot landsins og um hversu kostnaður við landgræðsluna skiptist. Aldrei skal þó landeigandi greiða minna en einn þriðja hluta kostnaðar og eigi meira en tvo þriðju hluta.

Heimilt er hreppsfélagi eða sýslufélagi að innheimta gjald af eigendum búpenings í hreppnum eða sýslunni eftir fénaðareign þeirra og eftir þeim reglum, er þau setja og ráðherra staðfestir. Skal gjaldi þessu varið til að greiða, að meira eða minna leyti, þann hluta kostnaðar, er hrepps- eða sýslufélagi ber að greiða.“

27. gr. falli niður.

28. gr. verði 27. gr. og orðist svo:
„Af öllum tóbaksvörum, sem inn eru fluttar, skal leggja 1½% gjald af útsöluverði vörunnar, er renni til Sandgræðslu Íslands. Skal Tóbakseinkasalan standa skil á þessu gjaldi.“

29. gr. falli niður.

30. gr. verði 28. gr., og í stað orðanna:
„... ákvæðum 27., 28. og 29. gr.“ komi: ... 27. grein.

32. gr. verði 30. gr., og upphaf greinarinnar orðist þannig: Landbúnaðarráðuneytið skal með reglugerð setja ... o. s. frv.

Greinargerð:
Í frumvarpi þessu, sem hér fer á eftir, er gert ráð fyrir stórauknum verkefnum sandgræðslunnar við græðslu lands til beitar í viðbót við fyrri starfsemi hennar til varnar eyðingu lands og uppgræðslu foksvæða. Til að valda hinu aukna starfi eru einnig ráðgerð mjög aukin fjárráð sandgræðslunnar, bæði úr ríkissjóði og eftir öðrum leiðum. Mun láta nærri, að starfsfé yrði, að frumvarpinu óbreyttu, um 10.5 millj. kr. á ári, þar af frá bændastéttinni sér í lagi fullar 4 millj. kr. sem gjöld af búfé og af innfluttu fóðri.
Nefndin getur ekki fallizt á, að réttmætt sé að ætla bændastéttinni í heild að bera sandgræðsluna uppi að svo stórum hluta, þar sem ætla má, að gagnið af starfinu falli mjög misjafnt í hlut bænda. Ef til þess kæmi að skattleggja bústofn í þessu skyni, telur nefndin, að um leið hlytu bændur að krefjast þess, að nánar yrði kveðið á um, hvar fénu væri varið til framkvæmda.
Nefndin telur, að landgræðslan, samkvæmt skipulögðum áætlunum um allt að 10 ára tímabil, sé svipað og sandgræðslan alþjóðarmál, sem þegnarnir verði að kosta sameiginlega. Hins vegar telur nefndin, að réttmætt geti verið að gera miklar kröfur um kostnaðarþátttöku þeirra bænda eða sveitarfélaga, sem óska aðstoðar landgræðslunnar við ræktun bithaga í heimalöndum eða á afréttum. Með þessi sjónarmið í huga leggur nefndin til, að 20. gr. verði breytt þannig, að hún feli í sér breytilega þátttöku bænda í kostnaði við græðslu lands.
Fyrir öðrum veigaminni breytingartillögum nefndarinnar verður gerð grein í framsögu.

Fylgiskjal III.

Sandgræðslugirðingar.

1. Reykir á Skeiðum er fyrsta girðing, sem girt var. Þar voru hlaðnir skjólgarðar úr grjóti og melfræi sáð fyrstu árin. Girðingunni er enn þá haldið við og er að mestu algróin melgróðri og vinglum, auk þess sem bændur þar hafa breytt hluta af henni í tún.
2. Girðing milli Rangár — Þjórsár. Efri hluti þessarar girðingar er algróinn melgróðri, auk þess sem vinglar og sveifgrös hafa sótt á melgróðurinn. Suðurhlutinn er að sjálfsögðu ber sandur, eins og alls staðar meðfram ströndinni, en melgróðurinn ver hið gróna land, þótt sandur sé þar oft á hreyfingu frá fjörunni.

3. Kaldaðarnes, Árnessýslu. Var að mestu leyti gróið með melgróðri, þegar enski herinn hóf þar flugvallargerð og umturnaði öllu, en nú hefur girðingin verið endurbætt og sáð í hana melgróðri, auk þess sem bóndinn í Kaldaðarnesi er að rækta þar tún.

4. Eyrarbakki, Óseyrarnes. Þar voru grjótgarðar hlaðnir og melgrasfræi sáð og geysimikill sjóvarnargarður byggður að vestan og norðvestan. Nú er svo komið, að s. l. 20 ár hafa Eyrbekkingar ræktað mest af sínum kartöflum í girðingunni, auk þess sem slægjulönd eru þar góð. Vingullinn (túnvingull) hefur komið af sjálfu sér þar, eins og alls staðar í hinum eldri girðingum.

5. Bolungavík. Að fullu gróin, að mestu leyti melgróin. Þar hefur fiskúrgangur verið notaður sem áburður.

6. Kaldárholt, Akbraut, Rang. Melfræi sáð, að mestu án skjólgarða. Er nú að mestu algróin.

7. Landsveit, Rang. Girt í tvennu lagi. Þar voru hlaðnir grjótgarðar í mörg ár og melfræi sáð, auk þess sem hin seinni ár hefur verið sáð sandfaxi og vingulfræi, sem hefur reynzt mjög vel. Girðingin er í heild mikið gróin, aðeins moldarflesjur að mestu ógrónar, en túnvingullinn er óðum að breiðast út um þær. Í Landsveit (girðingunni) hafa verið góð slægjulönd í fjölda ára.

8. Bolholt, Rang. Melfræi sáð. Þar eru mjög háir melhólar með berum eyðum á milli. Þar þyrfti að jafna hólunum út og sá í sandfaxi og vingulfræi.

9. Galtalækur, Landsveit. Hlaðnir grjótgarðar, sáð með fræi. Er að mestu gróin.

10. Gunnarsholt, Rang. Þar hefur, sem kunnugt er, verið mest unnið að sandgræðslu, þar til hin síðari ár, að önnur uppblásturssvæði hafa verið látin sitja fyrir, þar sem sandfok er nú ekki til skaða í Gunnarsholtsgirðingu. Mikið af grjót- og timburgörðum settir upp og melfræi sáð í belti, þar til hin seinni ár, að ýmsar grastegundir hafa verið notaðar til sáningar, ýmist í blöndu eða einar sér, svo sem túnvingull, sandfax o. fl. Sem kunnugt er, hefur sú ræktun gengið afbragðsvel. Girðingin eða öll sú eldri er að mestu gróin, svo að nú seinustu árin hefur hún í heild verið notuð sem haglendi fyrir geldneyti og afgirt algróin svæði fyrir sauðfé.

11. Keldur, Rang. Melfræi sáð án skjólgarða. Er nú algróin.

12. Hemla, Austur-Landeyjum, Rang. Melfræi sáð. Er nú öll algróin að undanskildum ræmum meðfram Þverá.

13. Hnausar, Meðallandi. Melfræi sáð, hlaðnir garðar. Er algróin fjölbreyttum gróðri.

14. Vísast til nr. 2.

15. Kambsskeið, Holtum. Hlaðnir garðar, melfræi sáð. Er að mestu gróin, nema hvað moldarflesjur eru ógrónar hér og þar.

16. Strönd í Selvogi. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er nú hið bezta slægjuland.

17. Bjarnarstaðir og Mýri í Bárðardal. Melfræi sáð. Að mestu algróið land (slægjulönd).

18. Norður- og suðurgirðing, N.-Þing. Melfræi sáð. Eru að mestu grónar, einkum suðurgirðing. Þar vex nú mannhæðarhár gulvíðir.

19. Sauðlauksdalur, Barðastr. Túnið er varið fyrir sandfoki. Girðingin stækkuð 1946. Melfræi sáð og hefur þrifizt mjög vel meðfram sjó, en lakar uppi í landinu sökum bleytu. Verður reynt að hækka landið með skjólgörðum úr timbri og melfræi sáð í upphækkanirnar.

20. Vík, Mýrdal. Sjóvarnargarður byggður, skjólgarðar gerðir og melfræi sáð, þar til fyrir fimm árum, að melurinn var sléttaður og sandfaxi og vingli sáð, og er nú eitt hið bezta tún, sem Víkurbúar rækta og nytja.

21. Kópasker, N.-Þing. Melfræi sáð. Er nú algróið, og þar rísa nú hallir, þar sem sandskaflarnir voru á hreyfingu áður fyrr.

22. Nes, Þorlákshöfn o. fl. Melfræi sáð. Melurinn hefur þrifizt heldur illa, þó

bezt upp af Þorlákshöfn. Í girðingunni er enn allmikið sandfok, einkum austur frá Leirunni austan Þorlákshafnar. Nú er verið að koma þar fyrir skjólgörðum úr timbri, síðan verður melfræi sáð. Sandurinn er mjög ófrjór, auk þess sem berar hraunklappir standa upp úr hér og þar, sem gerir sáningu mjög erfiða og nær óframkvæmanlega nema með mjög miklum kostnaði.

23. Kirkjubæjarklaustur. Melfræi sáð, Þreifst illa. Sandfaxi og vingulfræi sáð hin seinni ár með góðum árangri.

24. Hvoll í Mýrdal. Þar var girt í sjó fram á tveim stöðum, sem reyndist ónothæft. Nú er búið að girða svæðið að nýju í Dyrhólaey.

25. Árnes, Kelduhverfi. Melfræi sáð. Er að mestu leyti gróin fjölbreyttum gróðri.

26. Hólabæir, V.-Landeyjum. Melfræi sáð. Að mestu leyti gróin. Búið að færa inn kantinn á girðingunni.

27. Hafnahreppur, Gullbr. Sjálfgræðsla með melgróðri, vingull o. fl. Ameríski herinn skemmdi girðingu og land. Hefur nú verið endurbætt. Þar þarf ekki að gera annað en að bera á til að fá samfelldan gróður.

28. Öndunarstaðir, A.-Landeyjum. Meðan jörðin var í byggð, var túnið varið fyrir sandfoki með melfræsáningu meðfram því. Girðingin hefur verið tekin upp, þar sem Öndunarstaðirnir féllu inni í girðinguna 1955.

29. Sandgerði. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er að mestu gróin, aðallega melgróðri.

30. Dimmuborgir. Hlaðnir garðar, melfræi sáð þrjú fyrstu árin, eftir að girt var. Melgróðurinn hefur ekki aðeins heft sandfokið, heldur breiðzt út um svæðið af sjálfsdáðum.

31. Ássandur, Kelduhverfi. Melfræi sáð án skjólgarða og hefur þrifizt mjög vel, auk þess hefur sandfax reynzt þar sæmilega. -- Þar er nú ekki lengur neitt sandfok, en víðáttumikil svæði gróðurlítil og gróðurlaus.

32. Suðurhagar, Álftaveri. Hlaðnir grjótgarðar. Melfræi, sandfaxi og vingulfræi sáð. Girðingin er nú mestu gróin.

33. Leiðvöllur, Meðallandi. Melfræi sáð fyrstu tvö árin, þar sem svæðið var að mestu leyti auðn, en þó var landið að byrja að fjúka, sem hafði það í för með sér, að hvergi hefur melurinn breiðzt út eins hratt, með jafnmikilli grósku eins og þar. Á Leiðvelli væri hægt að reisa að nýju myndarlegt býli eftir tólf til þrettán ára starf.

34. Hólssandsgirðing, S.-Þing. Þar hefur ekkert verið gert nema girða. Þyrfti að bera á vingulgróðurinn, sem er þar allsráðandi.

35. Berjanesgirðing. Sjálfgræðsla, gengur vel.

36. Suðurhagar, Álftaveri. Vísast til eldri girðingar þar í sveit.

37. Meðallandsgirðing. Engu verið sáð, en sjálfgræðslan mun verða þar örugg, ef borinn yrði á tilbúinn áburður eitt til tvö ár.

38. Aðaldalsgirðing, stækkun Ássandsgirðingar, Breiðuvíkurgirðing og Kollsvíkurgirðing. Melfræi hefur verið sáð í allar þessar girðingar, og mun því verða haldið áfram á næstu árum.

39. Hólssandur og Landeyjasandur. Þetta eru aðal- og erfiðustu uppblásturssvæðin auk Þorlákshafnar, sem þegar hefur verið unnið mikið í, aðallega með uppsetningu skjólgarða úr timbri. Melfræi hefur þegar verið sáð meðfram sumum görðunum, og mun verða sáð í þessi svæði á næstu árum í mörg hundruð hektara.

40. Á liðnu sumri voru girt ýmis smærri svæði, svo sem Randir í Mývatnssveit, Dyrhólasandur í Mýrdal, sem grasfræi, s. s. sandfaxi og vingulfræi, verður sáð í og gert að túni. Þá verður á þessu sumri girt svæði, svo sem Sigríðarsandur í V.-Hún., Steinsmýrarsandur, V.-Skaft., Vík í Mýrdal o. fl.

Samtals eru girðingar sandgræðslunnar 629 km á lengd, sem umgirða 100000 ha.

Eins og þetta yfirlit ber með sér, þá er mikið af eldri girðingum algróið, og er það verkefni út af fyrir sig að ákveða, á hvern hátt þetta land verður bezt nytjað.

Fylgiskjal IV.

Sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu.

1. Reykir á Skeiðum. Hið fyrsta foksvæði, sem Sandgræðsla Íslands girti og tók til græðslu, er í landi Reykja á Skeiðum í Árnessýslu. Af uppblæstri þar stafaði þó bráð hætta, er vofði yfir hinni grösugu sveit og jafnvel yfir hluta af Flóanum líka.

Þar var girt 1908—09 9880 m löng girðing um 265 ha. lands. Skjólgarðar voru hlaðnir úr grjóti og melfræi sáð fyrstu árin. Foksvæðið er nú að mestu algróið mel og vinglum, auk þess hafa bændur á Reykjum, en þar er nú fjórbýli, ræktað víðlend tún innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem áður var blásið land, en eigi örfoka.

Í sandgræðslugirðingunni á Reykjum voru á fyrri árum sandgræðslunnar gerðar ýmsar tilraunir og athuganir varðandi sandgræðslu.

2. Þykkvibær. Árið 1909 var lögð girðing milli Hólsár að austan og vestur í Þjórsá, sunnan byggðar í Þykkvabæ og Háfshverfi, girðingin var aukin 1928, alls 2160 ha., lengd 9030.

Efri hluti þessarar girðingar er algróinn melgróðri, auk þess sem vinglar og sveifgrös hafa sótt á melgróðurinn. Suðurhlutinn er ber sandur, eins og alls staðar meðfram ströndinni, en melgróðurinn ver hið gróna land, þótt sandur sé þar oft á hreyfingu frá fjörunni.

3. Kaldaðarnes í Árnessýslu. Foksvæði meðfram Ölfusá, girt 1910, 3000 m, 24 ha. Svæðið var að mestu leyti gróið með melgróðri, þegar enski herinn hóf þar flugvallargerð á stríðsárunum og umturnaði öllu, en nú hefur girðingin verið endurbætt og sáð í hana melgróðri, auk þess sem bóndinn í Kaldaðarnesi er að rækta þar tún.

4. Eyrarbakki — Óseyrarnes. Foksvæði við sjó, vestan þorpsins á Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá, girt 1911, en girðingin stækkuð 1922.

Þar voru grjótgarðar hlaðnir og fræi sáð og geysimikill sjóvarnargarður byggður að vestan og norðvestan. Nú er svo komið, að s. l. 20 ár hafa Eyrbekkingar ræktað mest af sínum kartöflum innan girðingarinnar, auk þess sem slægjulönd eru þar góð. Vingullinn (túnvingull) hefur komið af sjálfu sér þar, eins og alls staðar í hinum eldri girðingum.

5. Bolungavík. Sandsvæði við sjó norðan og austan við þorpið í Bolungavík. Girt 1914 6925 m, 145.5 ha.

Foksvæðið er nú að fullu gróið, að mestu leyti melgróður. Þar hefur fiskúrgangur verið notaður til áburðar.

6. Kaldárholt, Akbraut. Í Holtahreppi í Árnessýslu. Foksvæði við Þjórsá. Sá hluti svæðisins, sem er í landi Kaldárholts, girtur 1914, en land Akbrautar, sem er eyðibýli, 1931. Girðingin 6130 m, 293.9 ha.

Melfræi sáð, að litlu leyti við skjólgarða. Landið er nú algróið að mestu.

7. Landsveit. Hin miklu foksvæði í Landsveit í Rangárvallasýslu voru girt í tvennu lagi. Árið 1922 var suðurhlutinn girtur, en norðurhlutinn 1941. Er hér um að ræða mikinn hluta sveitarinnar milli Þjórsár og Ytri-Rangár, þar sem lá við algerðri auðn, áður en hafizt var handa um friðun og sandgræðslu. Lengd girðinga er 67200 m, 8142.2 ha. Þar voru hlaðnir grjótgarðar í mörg ár og melfræi sáð, auk þess sem hin seinni ár hefur verið sáð sandfaxi og vingulfræi, sem hefur reynzt mjög vel. Landið innan girðinga er í heild mikið gróið, aðeins moldarflesjur, að mestu ógrónar, en túnvingullinn er óðum að breiðast út um þær. Innan girðinga í Landsveit hafa verið góð slægjulönd í fjölda ára.

8. Bolholt í Rangárvallahreppi. Býlið fór að fullu í eyði 1949. Girt 1925, 1475 m, 95 ha., en er nú orðinn hluti af Gunnarsholtssvæðinu innan girðinga þeirra, sem taldar eru undir tölu 10.

Innan Bolholtsgirðingarinnar var sáð melfræi. Þar eru mjög háir melhólar með berum eyðum á milli. Þyrfti að jafna hólunum út og sá í sandfaxi og vingulfræi.

9. Galtalækur í Landsveit. Sérstök girðing lögð 1925 og stækkuð 1934 um sérstakt foksvæði án samhengis við hin miklu foksvæði í Landsveit, töluliður 7.

Landið var afhent eiganda jarðarinnar, eftir að unnið hafði verið þar að græðslu fram um 1940. Árið 1956 tók sandgræðslan landið aftur í sína vörzlu, þar eð fokhætta virtist vofa yfir að nýju vegna lélegrar vörzlu og ofbeitar.

Lengd girðingar er 5885 m, landstærð 90 ha.

10. Gunnarsholt. Hið forna býli, Gunnarsholt á Rangárvöllum, fór að fullu í eyði 1925, eftir að hús og tún hafði verið flutt um set tvívegis. Á árunum 1928—29 byggir sandgræðslan aftur upp á jörðinni og hefur þar búskap, en fyrsta sandgræðslugirðingin um land á þessu svæði er lögð 1926. Girðingar voru færðar út og ný svæði tekin til vörzlu 1938 og 1945. Alls lykja nú hinar svonefndu Gunnarsholtsgirðingar um 11378.2 ha. lands og eru að lengd 68100 m. Auk heimalands Gunnarsholts er hér um að ræða fleiri eyðijarðir og hluta af löndum margra jarða á Rangárvöllum ofanverðum, sem eru í byggð.

Á Gunnarsholtssvæðinu hefur, sem kunnugt er, verið mest unnið að sandgræðslu á landi hér, þar til hin síðari ár, að önnur uppblásturssvæði hafa verið látin sitja fyrir, þar sem sandfok er nú ekki til skaða í Gunnarsholtsgirðingu. Mikið af grjót- og timburgörðum settir upp og melfræi sáð í belti, þar til hin seinni ár, að ýmsar grastegundir hafa verið notaðar til sáningar ýmist í blöndur eða einar sér, svo sem túnvingull, sandfax o. fl. Hefur sú ræktun gengið afbragðs vel.

Mjög mikið land innan Gunnarsholtsgirðinga er nú fullgróið, sérstaklega þar sem friðunarinnar hefur gætt lengst, og tún ræktuð til slægna eru um 260 ha. Hin síðustu ár hefur árlega verið borið á um 350 ha. Hið gróna land utan túns er víst mest notað til beitar fyrir nautpening (í haust verða settir á um 250 gripir), en auk þess er um 300 fjár beitt á sérstaklega afgirt svæði, sem eru algróin.

11. Keldur á Rangárvöllum. Á Keldum er fyrst af öllum stöðum á Suðurlandi hafin merkileg viðleitni að verjast uppblæstri og sandfoki, áður en Sandgræðsla Íslands hóf starf sitt, en norðan Keldna eru óvarin afar víðlend foksvæði í Heklu-hraunum, sums staðar örfoka, sums staðar nokkuð gróin á ný, en þó háð hættu af foki.

Árið 1926 var girt 5180 m girðing um 107.5 ha. af heimahögum og hluti af túni á Keldum. Hefur með því tekizt að verja höfuðból þetta frá fullri eyðingu. Melfræi var sáð, rof og börð jöfnuð. Landið innan girðingar er nú algróið. Mikil hætta vofir enn yfir norðurhluta Keldnalands, aukist þar beit án vörzlu.

12. Hemla o. fl. í Austur-Landeyjum. Foksvæði við Þverá norðan og austan Hemlu, en fleiri jarðir eiga þar land. Girt 1927 12905 m, 1094 ha. Melfræi sáð. Er nú öll algróin að undanskildum ræmum meðfram Þverá.

13. Hnausar í Meðallandi. Foksvæði í landi þeirrar jarðar girt 1927, 3365 m, 113.2 ha. Melfræi sáð, hlaðnir garðar. Er algróin fjölbreyttum gróðri.

14. Kambsskeið í Holtum. Moldarfoksvæði í landi Hvamms og nærliggjandi jarða í Holtum. Girt 1928, 7160 m, 176.7 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð. Er að mestu gróin, nema hvað moldarflesjur eru ógrónar hér og þar.

15. Strönd í Selvogi. Foksvæði umhverfis Strandarkirkju í Selvogi. Ágangur af sjávarsandi og landbrot af brimi. Framkvæmdir hafnar 1928 samkvæmt sérstakri löggjöf (lög nr. 50 7. maí 1928). Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er nú hið bezta slægjuland.

16. Bjarnarstaðir í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1550 m, 13.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu algróið, ágætt slægjuland.

17. Mýri í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1510 m, 15 ha. Melfræi sáð. Algróið og gott slægjuland.

18. Axarfjörður (norðurgirðing). Norðvestan við Skóga í Öxarfjarðarhreppi,

sandsvæði við sjó. Girt 1929, 9200 m, 821 ha. Melfræi sáð. Landið gróið að mestu nema næst sjónum.

19. Sauðlauksdalur. Skeljasandfok frá sjó, svo sem kunnugt er og frægt frá tíð séra Björns Halldórssonar. Fyrst girt 1929, 2130 m, 55 ha., til þess að verja tún staðarins. Önnur girðing 1942, 14 km, um 1800 ha. Túnið er varið fyrir sandfoki. Melfræi sáð og hefur þrifizt vel meðfram sjó, en lakar uppi í landinu sökum bleytu. Verður reynt að hækka landið með skjólgörðum úr timbri og melfræi sáð í upphækkanirnar.

20. Axarfjörður (syðri girðing). Foksvæði austan og sunnan við Ærlækjarsel í Axarfirði. Girt 1931, 13513 m, 1121 ha. Melfræi sáð. Landið að mestu fullgróið. Þar vex nú mannhæðarhár gulvíðir.

21. Vík í Mýrdal. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið, svo að sandskaflar hlóðust að húsum.

Girt 1933, girðing færð út 1945, alls 2550 m, 16.7 ha.

Sjóvarnargarður byggður, skjólgarðar gerðir og melfræi sáð, þar til fyrir fimm árum, að melurinn var sléttaður og sandfaxi og vingli sáð, og er nú eitt hið bezta tún, sem Víkurbúar rækta og nytja.

22. Kópasker. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið. Girt 1934, 1339 m, 16 ha. Melfræi sáð. Er nú algróið, og rísa nú reisuleg hús innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem sandskaflarnir voru á hreyfingu áður fyrr.

23. Kirkjubæjarklaustur. Uppblástur við túnið meðfram Skaftá og heimreið á staðinn. Girt 1934, 2855 m, 44.4 ha. Melfræi sáð, þreifst illa. Sandfaxi og vingli sáð hin seinni ár með góðum árangri, og er nú verið að breyta landinu í tún.

24. Þorlákshöfn og Nes. Uppblásturssvæði meðfram sjó og allt norður til Selvogsheiðar frá Ölfusá að austan og að byggð í Selvogi að vestan.

Girt 1935, 21840 m, 7797.8 ha. Melfræi sáð. Melurinn hefur þrifizt heldur illa, þó bezt upp af Þorlákshöfn. Í girðingunni er enn allmikið sandfok, einkum austur frá Leirunni austan Þorlákshafnar. Nú er verið að koma þar fyrir skjólgörðum úr timbri, síðan verður melfræi sáð. Sandurinn er mjög ófrjór, auk þess sem berar hraunklappir standa upp úr hér og þar, sem gerir sáningu mjög erfiða og nær óframkvæmanlega nema með mjög miklum kostnaði. Athafnalíf í Þorlákshöfn, svo sem fiskverkun, lítt hugsanleg, nema takist að hefta sandfokið.

25. Hvoll í Mýrdal í Dyrhólahreppi. Foksvæði meðfram sjó, sandur gekk á túnin. Girt 1935, 3190 m, 125.7 ha. í sjó fram, en kom ekki að notum.

Árið 1956 var girðingunni breytt og hún stækkuð, girt úr Klifanda að vestan í Dyrhólaey.

26. Arnanes í Kelduhverfi. Foksvæði við sjó. Girt 1935, 3355 m, 524.4 ha. Melfræi sáð. Er að mestu gróin fjölbreyttum gróðri.

27. Hólabæir, Vestur-Landeyjum. Upphaflega uppblástur frá Þverá. Girt 1938, 7200 m, 348.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu leyti gróin. Búið að taka nær ¼ af landinu úr vörzlu og breyta girðingu í samræmi við það.

28. Hafnahreppur, Gullbringusýslu. Sandsvæði meðfram sjó, á svæðinu frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Girt 1938, 19950 m, 5963 ha. Sjálfgræðsla með melgróðri, vingli o. fl. grastegundum. Ameríski herinn skemmdi girðingu og land. Hefur nú verið endurbætt. Þar þarf ekki að gera annað en að bera á til að fá samfelldan gróður.

29. Önundarstaðir í Austur-Landeyjum. Sandur frá sjó. Girt 1939, 5602 m, 56 ha. Jörðin var þá í byggð, og var túnið varið með því að sá melfræi næst því. Síðar lagðist jörðin í eyði, og var girðingin þá tekin upp, þar eð landið er innan Landeyjagirðingar, sem lögð var 1955 (sjá tölulið 44).

30. Sandgerði í Gullbringusýslu. Foksvæði við sjó, og gekk sandur á þorpið. Girt 1941, 3188 m, 31.3 ha. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er að mestu gróið, aðallega melgróðri.

31. Dimmuborgir í Mývatnssveit. Foksvæði í hrauni. Girt 1942, 8016 m, 422 ha.

Hlaðnir garðar, melfræi sáð þrjú fyrstu árin, eftir að girt var. Melgróðurinn hefur ekki aðeins heft sandfokið, heldur breiðzt út um svæðið af sjálfsdáðum.

32. Ássandur, Kelduhverfi. Foksvæði vestan Jökulsár, þar sem eitt sinn voru hinar frægu Ásengjar. Girt 1942, 16750 m, 6000 ha. Melfræi sáð án skjólgarða, og hefur þrifizt mjög vel, auk þess hefur sandfax reynzt þar sæmilega. Þar er nú ekki lengur neitt sandfok, en víðáttumikil svæði gróðurlítil og gróðurlaus.

33. Suðurhagar í Álftaveri. Uppblástur frá Mýrdalssandi. Girt 1944, 6200 m, 230 ha. Friðun aukin til suðurs 1948, þá girtir um 12 km, um 1200 ha. Hlaðnir grjótgarðar. Melfræi, sandfaxi og vingulfræi sáð. Landið er nú að mestu gróið, einkum innan eldri girðingarinnar.

34. Leiðvöllur í Meðallandi. Stórbýlið Leiðvöllur eyddist af sandfoki norðaustan úr hrauninu. Jörðin fór að fullu í eyði 1943. Girt 1944—45, 38506 m, 4967 ha. Landið var hvergi orðið örfoka, en allur gróður eyddur af foki og fokmold og sandur alls staðar á hreyfingu.

Við slík skilyrði þrífst melurinn mjög vel. Heppnaðist því sáning melfræs, sem sáð var 1946—47, ágætlega, og hefur hann síðan hreiðzt út sjálfkrafa og náð afar mikilli grósku, svo að vart eru slíks dæmi annars staðar.

Á Leiðvelli væri hægt að reisa að nýju myndarlegt býli eftir tólf til þrettán ára starf.

35. Hólasandur í Suður-Þingeyjarsýslu, norðan Mývatnssveitar. Að mestu land frá jörðum í Laxárdal. Girt sem varnargirðing á vegum sauðfjárveikivarnanna 1943—45. Sandgræðsla Íslands tók við landi og girðingu 1949. Landstærð um 6000 ha lengd girðingar um 40 km. Þar hefur ekkert verið gert nema girða. Þyrfti að bera á vingulgróðurinn, sem er þar allsráðandi.

36. Berjanes í Vestur-Landeyjum. Uppblástur frá Affallinu. Girt 1948 4200 m, 700 ha. Er raunverulega stækkun á Hemlugirðingu (sjá tölulið 12 hér að framan). Sjálfgræðsla gengur vel.

37. Lambastaðir í Álftaneshreppi í Mýrasýslu. Foksvæði við sjó. Sandur gekk á tún jarðarinnar. Girt 1949 um 3000 m, um 300 ha. Sáð vingli og stefnt að því að gera töluvert af svæðinu að túni.

38. Meðalland í Vestur-Skaftafellssýslu. Víðáttumikið sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í sveitinni. Girt 1953 úr Kúðafljóti að vestan í Eldvatn að austan, um 40 km, um 6000 ha. Sáð hefur verið túnvingli á mörkum sands og gróðurs og borið á til að stöðva frekari gróðureyðingu, þar sem mest mæðir á. Annars má búast við mikilli sjálfgræðslu víða um sandinn (vingull og stör), einkum ef gróðurinn væri styrktur með áburði.

39. Aðaldalsgirðing í Suður-Þingeyjarsýslu. Foksvæði frá sjó milli Laxár að austan og Skjálfandafljóts að vestan. Girt 1953 um 14 km, um 1500 ha. Sáð melfræi með allgóðum árangri. Melur, sem var í landinu, hefur breiðzt mikið út.

40. Vatnsbæjagirðing. Foksvæði við sjó norðan Víkingavatns og Lóns í Kelduhverfi. Girt 1953—54, um 11 km, um 1100 ha. Melfræi sáð í mjóar spildur, þvert á fokáttina. Borinn tilbúinn áburður á melgróður, sem er fyrir í landinu, og reynt að fá hann til að breiðast út um sléttan sandinn.

41. Breiðavík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1953—54, um 12 km, um 1200 ha. Sáð melfræi, vingli og sandfaxi. Árangur misjafn, sandurinn víða of blautur fyrir slíkan gróður. Reynt er að hækka sandinn með því að setja upp trégirðingar, sem fýkur að.

42. Kollsvík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1954—55, um 6200 m, um 700 ha. Sáð melfræi með góðum árangri.

43. Hólasandur, austan Jökulsár á Fjöllum, sunnan byggðar í Axarfirði. Stórfellt sandfok úr suðri, er stefndi á byggðina. Girt 1954, um 40 km, um 6000 ha. Settir upp um 45 km af timburgirðingum, sáð meðfram þeim melfræi og vingli og borið á. Hefur þegar náðst sá árangur, að fullar vonir standa til, að hinni bráðustu hættu sé bægt frá, en þörf mikilli aðgerða hin næstu ár og lengi enn.

44. Landeyjar. Sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í Austur- og Vestur-Landeyjum alla leið frá Hólsá að vestan til Markarfljóts að austan. Girt 1955, um 40 km, 11000—12000 ha. Settir hafa verið upp um 35 km af timburgörðum, melfræi sáð meðfram og borið á. Eiga garðarnir að gera hvort tveggja að stöðva fok og hækka landið.

45. Vík í Mýrdal. Foksandur frá Mýrdalssandi austan kauptúnsins meðfram þjóðvegi, milli hans og Víkurhamra. Girt 1955—56, um 500 m, um 115 ha. Sáð vingli og sandfaxi til túnræktunar með mjög góðum árangri.

46. Bakkabær á Rangárvöllum. Foksvæði við Þverá. Girt 1956, um 9000 m, um 540 ha. Sáð vingli, melfræi og sandfaxi.

47. Skógasandur. Girt 1955, 12 km, 1000 ha. Sáð 1955 í 1000 ha. vingli og vallarfaxgrasi (25 og 75%). Sáð 1956 í aðra 100 ha. sömu tegundum (75 og 25%). Sáð 1957 í 30 ha. túnvingli.

Borið á og gengið frá, svo sem um túnrækt sé að ræða. Landið notað til beitar og slægna. Svæðið er allt úr landi Skóga, en afsalað í hendur Sandgræðslu Íslands.

Sandgræðslan lagði til allt girðingarefni og grasfræ og lét í té framlag til áburðarkaupa. Bændur í Austur-Eyjafjallahreppi unnu að girðingu og ræktunarstörfum og árangurinn í umsjá sandgræðslunnar.

48. Sólheimasandur. Girt 1956, 3200 m, 60 ha. Sáð 1956 í 18 ha. túnvingli og vallarfoxgrasi (75 og 25%). Sáð 1957 í 3 ha. túnvingli. Landið er eign Sólheimabænda. Um girðingu, fræ og áburð er sama að segja og um Skógasand. Landið notað til slægna.

49. Skaftárdalur á Vestur-Síðu. Moldfok. Girt 1955, um 4000 m, um 112 ha. Sandgræðslan lagði til girðingarefni og fræ. Sáð var 1956 í 6 ha. til túnræktar, túnvingli og vallarfoxgrasi til helminga. Framkvæmd í höndum bóndans.

50. Randir í Mývatnssveit. Foksvæði norðaustanvert við Námaskarð, norðan þjóðvegarins. Girt 1957, 7 m, 8500 m, um 1125 ha.

Randsáð í 30 ha. melfræi.

Sandgræðslusvæði, sem hafa verið í vörzlum Sandgræðslu Íslands, en voru afhent hlutaðeigandi aðilum fyrir 1940.

1. Miðhús í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
   Moldaruppblástur, girt 1910, 1550 m, 15 ha.
2. Mjósyndi í Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
   Girt 1913, 2700 m, 65 ha.
3. Ytri-Sólheimar í Dyrhólahreppi.
   Moldarrof í hlíðarbrekkum. Girt 1913, 2400 m, 38 ha.
4. Stóra-Hof á Rangárvöllum.
   Sandágangur frá Geitasandi, sem hótaði öllu graslendi á Stóra-Hofi, sem í raun-inni er aðeins gróðurspilda meðfram Eystri-Rangá. Girt 1926, 3520 m, 71.8 ha.
5. Reynifell á Rangárvöllum.
   Uppblástur suður af Hekluhrauninu, er stefndi á túnið. Girt 1930, 3200 m, 36 ha.

Sandgræðsla, sem styrkur hefur verið veittur til, án þess að Sandgræðsla Íslands annaðist framkvæmdir.

1. Syðri-Fjörður í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.
   Sandur við sjó. Girt 1944, um 1500 m, um 10 ha.
2. Grænavatn í Mývatnssveit.
   Árið 1945 voru hin svonefndu Sellönd suður af Grænavatni girt og veittur styrkur til þess úr ríkissjóði, er nam verði á öllu girðingarefni, komnu á næstu höfn.
   Lengd girðingar um 11 km, landstærð um 2000 ha.
   Þar var um mikinn uppblástur að ræða, sem tókst að hefta með friðun og sáningu melfræs. Landið er nú verðmætt beitiland.

3. Stjórnarsandur á Síðu.
Sandsvæði milli Stjórnar og Skaftár. Girt 1950, um 4000 m, um 2000 ha. Sandgræðslan lagði til efni í girðinguna, komið á staðinn.

Samkvæmt þessari talningu hefur sandgræðlan náð til:
1. Fimmtíu svæða, sem enn eru í vörzlu Sandgræðslu Íslands.
2. Fimm svæða, sem hafa verið afhent hlutaðeigandi aðilum, eftir að sandgræðslan hafði haft þau til meðferðar.
Þessi fimm svæði eru alls um 225.8 ha. og lengd girðinga um 13370 m.
3. Þriggja svæða, sem veittur hefur verið styrkur til að friða. Landstærð um 4010 ha., lengd girðinga um 16500 m.

Ed. 240. Frumvarp til laga [103. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 100% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar fjármálaráðuneytið hinn 1. maí 1957 staðfesti hið nýja fasteignamat samkv. lögum nr. 33/1955, féllu úr gildi allar reglugerðir um fasteignaskatta, vatnsskatta o. fl. svo og lög nr. 29/1952, um heimild til að innheimta ýmis gjöld með 400% álagi, sjá 2. mgr. 10. gr. laga nr. 33/1955. Flestar sveitarstjórnir voru ekki við þessu búnar og höfðu ekki gætt þess að setja þá þegar nýjar reglugerðir um gjöld þessi. Innheimta þessara gjalda var því víða án lagaheimildar á árinu 1957. Til þess að bæta úr þessu voru lög nr. 95/1957 sett. Jafnframt var frestur til þess að setja nýjar reglur um gjöld þessi framlengdur til 31. desember 1958, um leið og sveitarstjórnum var til þess tíma heimilað að heimta gjöld þessi með sama hætti og áður.

Nú hefur komið í ljós, að ýmis sveitarfélög, sem notað höfðu heimild laga nr. 29/1952 um 400% álagið að meira eða minna leyti, hafa fengið fasteignamatið svo lítið hækkað samkv. lögum nr. 33/1955, að skattar og gjöld til þeirra, sem við fasteignamatið eru miðuð, lækka stórlega frá því, sem verið hefur, samkv. lögum þeim og reglugerðum, sem nú gilda, þó að heimildir til álagningar þessara gjalda séu að fullu notaðar.

Það ber því brýna nauðsyn til að veita ráðherra með lögum heimild til að jafna þarna metin á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins.

Frumvarp þetta er flutt samkv. eindregnum óskum nokkurra sveitarstjórna.

Nd. 241. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. febr. 1959.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Einar Olgeirsson, með fyrirvara.
Kjartan J. Jóhannsson, með fyrirvara.
Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.

Nd. 242. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sveitar- (bæjar- eða sýslu-)félaga, er nemi sömu fjárhæð á legudag til allra slíkra sjúkrahúsa. Hæð rekstrarstyrks á legudag skal hverju sinni ákveðin í fjárlögum.

Heimilt er að greiða samsvarandi rekstrarstyrk til viðurkenndra almennra einkasjúkrahúsa, og má hæð slíks rekstrarstyrks á legudag nema allt að helmingi þess rekstrarstyrks, sem sjúkrahúsum sveitar- (bæjar- og sýslu-)félaga er ákveðinn hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953. Samkvæmt lögum þessum skal á þessu ári úthluta rekstrarstyrkjum til sjúkrahúsa fyrir árið 1958.

Greinargerð.

Eftir þá breytingu, sem með lögum nr. 52/1958 var gerð á sjúkrahúsalögum, nr. 93/1953, varðandi rekstrarstyrk sjúkrahúsa, og eftir að heilbrigðisráðuneytið á síðastliðnu sumri viðurkenndi af nokkru handahófi tvö fjórðungssjúkrahús og skapaði þeim þannig algerlega óréttmæta sérstöðu með tilliti til þessara styrkveitinga, er nauðsynlegt að endurskoða að nýju gildandi lagaákvæði um þessar styrkveitingar, ef orðið gæti því til tryggingar, að hlutaðeigandi sjúkrahúsum yrði ekki ósanngjarnlega mismunað.

Ég álít, að úr því að horfið hefur verið frá þeirri reglu að miða styrkhæðina við þá þjónustu, sem sjúkrahúsin hafa aðstöðu til að láta i té, sé eftir atvikum eðlilegast að láta öll sjúkrahús sveitar- (bæjar- og sýslu-)félaga sitja við hlutfallslega sama rekstrarstyrk, sem réttlæta má með því, að enda þótt hin minni og síður búnu sjúkrahús og sjúkraskýli veiti ófullkomnari þjónustu en hin stærri og betur búnu,

gegna hin fyrri þó engu síður brýnni nauðsyn við hin óhagstæðustu rekstrarskilyrði og að jafnaði við mikinn rekstrarhalla, sem mæðir þungt á hlutaðeigandi fámennum sveitarfélögum.

Meðfylgjandi skrá sýnir síðast greidda rekstrarstyrki til sjúkrahúsa sveitar-(bæjar- og sýslu-)félaga, þ. e. fyrir árið 1957 og samkvæmt ákvæðum sjúkrahúsalaga, áður en þeim var breytt með lögum nr. 52/1958, því næst, hverjir styrkirnir hefðu orðið samkvæmt ákvæðum nýnefndra laga, og loks, hverju þeir hefðu numið samkvæmt þeirri reglu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðað við kr. 15.00 og kr. 20.00 styrk á legudag.

		Styrkur fyrir 1957		Samkv. l. nr. 52/1958		Hefði orðið: Samkv. reglu frumvarpsins	
Sjúkrahús	Legudagar	Á legudag kr.	Alls kr.	Á legudag kr.	Alls kr.	15 kr. á legud. kr.	20 kr. á legud. kr.
Hvítabandið, Rvík	15365	5.00	76825.00	10.00	153650.00	230475.00	307300.00
Bæjarspítali, Rvík	21223	10.00	212230.00	15.00	318345.00	318345.00	424460.00
Farsóttahús, Rvík	12292	10.00	122920.00	10.00	122920.00	184380.00	245840.00
Akraness	10938	10.00	109380.00	15.00	164070.00	164070.00	218760.00
Patreksfjarðar ..	5368	5.00	26840.00	10.00	53680.00	80520.00	107360.00
Ísafjarðar	12959	10.00	129590.00	25.00	323975.00	194385.00	259180.00
Hólmavíkur	958	5.00	4790.00	10.00	9580.00	14370.00	19160.00
Hvammstanga ..	2214	5.00	11070.00	10.00	22140.00	33210.00	44280.00
Blönduóss	7408	5.00	37040.00	10.00	74080.00	111120.00	148160.00
Sauðárkróks	5785	5.00	28925.00	10.00	57850.00	86775.00	115700.00
Siglufjarðar	6585	10.00	65850.00	15.00	98775.00	98775 00	131700.00
Akureyrar	45898	20.00	917960.00	25.00	1147450.00	688470.00	917960.00
Húsavíkur	4873	5.00	24365.00	10.00	48730.00	73095.00	97460.00
Egilsstöðum	831	5.00	4155.00	10.00	8310.00	12465.00	16620.00
Seyðisfjarðar ...	8170	5.00	40850.00	10.00	81700.00	122550.00	163400.00
Neskaupstaðar ..	9019	10.00	90190.00	25.00	225475.00	135285.00	180380.00
Vestmannaeyja .	10342	10.00	103420.00	15.00	155130.00	155130.00	206840.00
Keflavíkur	9762	10.00	97620.00	10.00	97620.00	146430.00	195240.00
Sólvangur, Hafnarfirði	41149	10.00	411490.00	15.00	617235.00	617235.00	822980.00
			2515510.00		3780715.00	3467085.00	4622780.00

Ed. 243. Frumvarp til laga [75. mál]

um sameign fjölbýlishúsa.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Fjölbýlishús telst í lögum þessum hvert það hús, sem í eru tvær eða fleiri íbúðir. Íbúð er hvert það herbergi, sem eldhús fylgir.

2. gr.

Lög þessi skulu gilda um sameign manna í fjölbýlishúsum, að svo miklu leyti sem sameigendur hafa ekki samið á annan veg um þau atriði, sem fjallað er um í III. kafla laganna.

II. KAFLI
Um skiptingu sameignarinnar.

3. gr.

Gera skal skiptasamning um öll fjölbýlishús, sem fleiri en einn eigandi er að. Sé um nýbyggingu að ræða, skal skiptasamningur gerður og honum þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt ella innan árs frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Í skiptasamningi skal greina, svo að ekki verði um villzt:

a) hvaða íbúð hver sameigandi á,
b) stærð hverrar íbúðar, hvað henni fylgir sérstaklega og lýsing eignarhlutans, sbr. 7. gr.,
c) eignarhlutfall íbúðarinnar, sbr. 6. gr.

5. gr.

Sameign íbúðareigenda í fjölbýlishúsi er með tvennu móti: skiptileg og óskiptileg.

Hinn skiptilegi hluti sameignarinnar er íbúðirnar sjálfar, eins og þeim er lýst í skiptasamningi eða heimildarbréfi. Allt annað í fjölbýlishúsinu eiga íbúðareigendur í óskiptri sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi, ef ekki er um annað samið.

Nú skiptir veggur sameign þannig, að aðeins hluti af íbúðareigendum verður saman um gang, stiga, svalir, tröppur eða annað, en aðrir íbúðareigendur hafa þar engin afnot eða aðgang, og telst það þá til hins skiptilega hluta sameignarinnar og tilheyra viðkomandi íbúðum eftir stærðarhlutfalli þeirra.

6. gr.

Eignarhlutfall hverrar íbúðar í fjölbýlishúsi er fundið með því að reikna út hundraðstölu rúmmáls íbúðarinnar af rúmmáli alls hins skiptilega hluta fjölbýlishússins.

7. gr.

Eignarhluti íbúðareiganda í fjölbýlishúsi er íbúð hans samkvæmt 2. mgr. 5. gr. og hlutdeild í hinni óskiptilegu sameign eftir eignarhlutfalli íbúðarinnar.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur sameigenda.

8. gr.

Hver íbúðareigandi hefur full eignarumráð yfir íbúð sinni með þeim takmörkunum, sem leiðir af lögum þessum.

9. gr.

Rétt til að byggja ofan á eða við fjölbýlishús eiga íbúðareigendur allir eftir eignarhlutföllum, en slíkar framkvæmdir eru háðar samþykki allra eigenda.

Nú vill íbúðareigandi afsala réttindum samkvæmt þessari grein, og skulu þau þá metin til verðs af 2 dómkvöddum mönnum, ef aðilar geta eigi um það samið.

10. gr.

Réttur til byggingar bílskúrs á lóð fjölbýlishúss fer eftir eignarhlutföllum í fjölbýlishúsinu, þannig, að sá íbúðareigandi gengur fyrir, sem á stærri eignarhluta. Séu tveir eða fleiri jafnir, ræður hlutkesti.

Framsal bílskúrsréttinda eða sala bílskúrs til annarra en íbúðareigenda í fjölbýlishúsinu er óheimil. Enn fremur er íbúðareiganda óheimilt að undanskilja bílskúr

eða bílskúrsréttindi við sölu á íbúð sinni í fjölbýlishúsinu, nema hann eigi þar aðra íbúð. Verði ekki samkomulag um verð bílskúrs, skal hann metinn til verðs af 2 dómkvöddum mönnum.

11. gr.

Allir íbúðareigendur eiga rétt eftir eignarhlutföllum til ákvörðunar um innréttingu og fyrirkomulag á þeim hluta fjölbýlishússins, sem er í óskiptri sameign, þar með talið útlit hússins, girðing og skipulag lóðar, enn fremur um rekstur og viðhald hins sameiginlega, sbr. 13. gr., svo og gerð glers í gluggum, og sker einfaldur meiri hluti úr ágreiningi.

Hverjum íbúðareiganda er skylt að taka þátt í kostnaði af framkvæmdum, sem löglega eru ákveðnar eftir þessari grein, og skiptist kostnaðurinn eftir eignarhlutföllum, sbr. þó 16. gr.

Ef einhver íbúðareigandi er ekki hafður með í ráðum um framkvæmdir samkvæmt þessari grein, getur hann neitað að taka þátt í kostnaði þeirra eða stöðvað þær, þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin um þær.

Ef íbúðareigandi greiðir ekki sinn hluta af kostnaði samkvæmt þessari grein, eignast hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni, en sá veðréttur fellur niður, ef honum er eigi fylgt með lögsókn, áður en eitt ár er liðið frá þeim degi, er greiðslan var innt af hendi.

12. gr.

Hver íbúðareigandi skal sjá um og kosta viðhald á íbúð sinni.

13. gr.

Sameiginlegt viðhald telst hvers konar viðhald og viðgerðir á öllu sameiginlegu húsrými í fjölbýlishúsi, enn fremur hvers konar viðhald á sameiginlegu hitunarkerfi, vatns-, skolp-, rafmagns- og dyrasímakerfi hússins, að undanskildum þeim tækjum, sem tengd eru kerfunum í hverri íbúð.

Bili sameiginleg leiðsla, svo að rjúfa þurfi vegg, loft eða gólf í einni eða fleiri íbúðum þess vegna, eða ef viðgerðin veldur skemdum á einn eða annan hátt, skal að fullu reikna það sem sameiginlegt viðhald.

Bili leiðsla, sem ekki er sameiginleg í fjölbýlishúsi, eru íbúðareigendur skyldir til að leyfa viðgerð á henni, enda þótt rjúfa þurfi vegg, loft eða gólf í íbúðum þeirra, að því tilskildu, að þeim sé tilkynnt um viðgerðina í tæka tíð og öllu komið í samt lag, svo sem kostur er, án ástæðulausrar tafar og þeim að kostnaðarlausu.

Allt viðhald á húsinu að utan svo og á lóð og girðingu er sameiginlegt. Undanskilið er gler í gluggum íbúða.

14. gr.

Alla skatta og skyldur af húsinu, vátryggingariðgjöld, heimtaugargjöld fyrir rafmagn og hitaveitu svo og skipulagsgjöld og lóðargjöld greiða íbúðareigendur eftir eignarhlutföllum.

Ef íbúðareigandi greiðir ekki sinn hluta af áföllnum gjöldum eftir þessari grein, eignast hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni, og fer um lögveðsrétt þann eins og segir í 11. gr.

15. gr.

Þar sem upphitun er sameiginleg, greiðist hvers konar hitakostnaður eftir rúmmáli íbúðanna.

Sameiginleg upphitun skal miðuð við 18° Celsius lágmarksstofuhita frá kl. 9 að morgni til kl. 11 að kvöldi.

16. gr.

Sameiginlegur rekstrarkostnaður svo og hirðing stiga og stigahúss og annars sameiginlegs húsrýmis, enn fremur kostnaður af lýsingu og annarri rafmagnsnotkun í sameiginlegu húsrými greiðist að jöfnu.

17. gr.

Afnotaréttur sameiginlegs þvottahúss og þurrkherbergis skal vera jafn. Ef keypt eru tæki til sameiginlegra nota í þvottahúsi eða þurrkherbergi, skulu íbúðareigendur greiða að jöfnu kaupverð þeirra og viðhald.

IV. KAFLI
Um sambýlisháttu.

18. gr.

Íbúum fjölbýlishúss skal skylt að ganga þrifalega um hús og lóð og gæta þess í umgengni sinni að valda ekki öðrum íbúum hússins óþægindum eða ónæði.

19. gr.

Íbúðareigendum er óheimilt að nota hið sameiginlega húsrými eða lóð til annars en það er ætlað.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sambýlisháttu fólks í fjölbýlishúsum.

V. KAFLI
Ákvæði um gildistöku.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 244. Frumvarp til laga [34. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öll leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

Gistihús: Gististaður (hótel) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

Gistiskáli: Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.

Gististaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.

Greiðasala: Sala á veitingum rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.

Söluskýli: Staður, þar sem seldir eru gosdrykkir, öl og sælgæti og salan er ekki háð reglum sölubúða um lokunartíma og annað.

Tækifærisveitingar: Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Veitingahús: Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga.

3. gr.

Enginn má gera sér gististaðahald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráður.
2. Hefur forræði á búi sínu.
3. Hefur óskert borgaraleg réttindi.
4. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.
5. Hefur ekki síðustu 3 ár verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan innflutning, sölu eða veitingu áfengis.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að um þau sé leitað álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

5. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að meiri hluti stjórnarmanna, þar á meðal allir þeir, er firmað rita, og þeir, sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjar eru, fullnægi skilyrðum 4. gr.

6. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað, að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, er hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 4. gr. er ekki lengur fullnægt.
2. Ef leyfishafi hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.
3. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni eða fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting er tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram, meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

9. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur, svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

III. KAFLI
Gistihús (hótel).

10. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa heimild til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda). Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem til er tekið í leyfisbréfi.

11. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:

1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti. Í reglum, sem ráðuneytið setur, skulu vera sérstök ákvæði um búnað gistiherbergja á einkaheimilum, sem leigð eru ferðafólki fyrir milligöngu gistihúsa.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri maður, er fullnægi skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé, að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og Ferðaskrifstofu ríkisins, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

12. gr.

Hver sá, er öðlast vill viðurkenningu á því að hafa sérþekkingu til að starfa í gistihúsi, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal fullnægja skilyrðum 1.—5. tölul. 4. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

13. gr.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að flokka gistihús eftir gæðum og auðkenna þannig, að hægt sé að átta sig á, í hvaða flokki þau eru. Um þetta setur ráðuneytið reglur.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús“ eða önnur heiti, sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel“, nema eigandinn hafi áskilin leyfi.

IV. KAFLI
Veitingahús, gistiheimili, gistiskálar, greiðasala og söluskýli.

14. gr.

Veitingahúsleyfi veitir réttindi til veitingastarfsemi í veitingahúsi. Leyfi til rekstrar gistiskála eða gistiheimilis veitir og réttindi til veitingastarfsemi, en greiðasöluleyfi veitir aðeins heimild til veitingastarfsemi. Leyfi til að reka söluskýli veitir aðeins rétt til takmarkaðrar veitingastarfsemi (sölu á gosdrykkjum, öli, sælgæti og tóbaksvörum), allt innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Heimilt er að takmarka veitingaleyfið við ákveðna tegund veitinga. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfsemi (eiganda). Leyfið heimilar eingöngu rekstur á þeim stað, sem til er tekinn í leyfinu.

15. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 14. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að krefjast þess, að í veitingahúsum og í gistiskálum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

V. KAFLI
Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

16. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins hefur á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða. Í kaupstöðum, þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi, skulu þeir annast daglegt eftirlit.

Heimilt er Ferðaskrifstofunni að fá sér til aðstoðar heilbrigðisnefndir eða héraðslækna, þar sem hún telur þess þörf. Ákvörðunum Ferðaskrifstofunnar (og heilbrigðisnefndar) má skjóta til ráðuneytis.

17. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrirmælum Ferðaskrifstofunnar og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðuneytið skal gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirmælum þessum má ákveða sameiginlegan opnunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja einstaka grein veitingastarfsemi.

Sveitarstjórn getur ákveðið opnunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan síns umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirmælum þeim, sem ráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á slíkum ákvæðum.

Ákvæði þau, er gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara um opnunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út fyrirmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipan þessara mála, nema ráðuneytið ákveði annað.

19. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Gisti- og veitingahúsleyfi	kr.	1000.00
Önnur gististaða- og greiðasöluleyfi (söluskýli)	—	500.00
Leyfi til tækifærisveitinga	—	100.00
Bráðabirgðaleyfi samkv. 21. gr.	—	100.00

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá gjald greiðast fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fimm ára fresti gegn 200.00 kr. gjaldi. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá Ferðaskrifstofunni eða heilbrigðisnefnd um alvarlegar misfellur á rekstrinum unz, úr hefur verið bætt.

20. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir 1. marz ár hvert eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

21. gr.

Hver sá, sem við gildistöku þessara laga rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið útgefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 1. tölul. 12. gr., allt til ársloka 1962.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt hann hafi ekki í þjónustu sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss í minnst 2 ár, getur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—5. tölul. 4 gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlazt nægilega þekkingu á gistihúsastarfsemi.

23. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

Nd. 245. Frumvarp til laga [105. mál]

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Flm.: Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson, Einar Olgeirsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Heimilt skal Sambandi ísl. berklasjúklinga að reka vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hlutatalan má ekki fara fram úr sextíu og fimm þúsund. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.
b. Hlutina má selja í heilu og hálfu lagi. Iðgjöld fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.
c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 50% af iðgjöldunum samantöldum í öllum tólf flokkum.
d. Dráttur skal fara fram opinberlega í Reykjavík.

2. gr.

Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

3. gr.

Heimild þessi gildir til ársloka 1969. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands ísl. berklasjúklinga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, og lög nr. 76 26. nóv. 1952 og lög nr. 97 27. des. 1956, um breytingu á þeim lögum.

Greinargerð.

Með lögum nr. 13. 16. marz 1949 var Sambandi íslenzkra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja vöruhappdrætti, og skyldi öllum ágóðanum varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins að Reykjalundi.

Með þeim lögum var hlutatalan takmörkuð við 50 þúsund, og skyldi draga í 6 flokkum á ári hverju. Með lögum nr. 76 26. nóv. 1952 er lögunum frá 1949 breytt þannig, að draga skuli 12 sinnum, eða einu sinni í hverjum mánuði allt árið, og jafnframt var ákveðið, að vinningar í happdrættinu skuli undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

Með lögum nr. 97 27. des. 1956 var enn gerð breyting á upprunalögunum með því að takmarka hlutatöluna við 65 þúsund.

Heimildin, samkvæmt lögunum frá 1949, til að reka happdrættið, skyldi gilda í 10 ár, eða til ársloka 1959.

Þar sem áðurnefnd heimild rennur út í lok þessa árs og enn ber nauðsyn til að gera breytingar á lögunum, þykir eðlilegt að bera fram heildarfrumvarp til laga um

happdrættið og fella jafnframt úr gildi þau lög, sem nú standa, heldur en að gera nýjar breytingar á lögunum.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum, eru sem hér segir:

Um 1. gr.

Í gildandi lögum stendur „að stofna“ happdrætti. Þar sem það hefur þegar verið stofnað, þykir eðlilegt, að í stað þess „að stofna“ komi „að reka“. Önnur breyting er ekki gerð á 1. málslið greinarinnar.

a-liður 1. gr. er samhljóða sama lið 1. gr. laga nr. 97 27. des. 1956.

b-liður. Í stað „hlutina má aðeins selja í heilu lagi“ komi „hlutina má selja í heilu og hálfu lagi.“

c-liður. Í stað „Vinningar skulu vera að verðmæti samtals a. m. k. 40% af iðgjöldum í öllum 12 fl.“ komi „Vinningar skulu vera að verðmæti a. m. k. 50%“ o. s. frv.

d-liður óbreyttur.

Um 2. gr.

Samhljóða 3. gr. laga nr. 76 26. nóv. 1952.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér eftirfarandi breytingar:

1) Heimildin til að reka happdrættið er framlengd til ársloka 1969, eða í 10 ár frá því, sem ákveðið er í gildandi lögum.

2) Ákvæði, sem rýmka ráðstöfunarrétt Samb. ísl. berklasjúklinga á tekjum happdrættisins, sem mjög er nauðsynlegt vegna þeirrar miklu útfærslu á starfssviði sambandsins, sem gerð hefur verið á síðari árum, og umfangsmikilla verkefna, er bíða framkvæmda á þessu ári og hinum næstu, en það er bygging og rekstur vinnustofa fyrir öryrkja, sem utan sjúkrahúsa og heilsuhæla dvelja. Mun nú verða gerð nánari grein fyrir þessu.

Á 11. þingi S. Í. B. S., sem háð var í júlí f. á., var samþykkt heimild fyrir sambandsstjórnina til þess að setja á stofn og reka vinnustofur fyrir almenna öryrkja. Sambandsstjórnin hefur nú ákveðið að nota þessa heimild og hefja framkvæmdir þegar í stað. Fyrst í stað verða stofnaðar tvær vinnustofur í Reykjavík, og eru undirbúningsstörf hafin.

Eigi þarf að eyða mörgum orðum að þeirri nauðsyn, sem á því er að koma á fót slíkum stofnunum, svo kunn sem hún er. Þjóðhagslegt gildi þeirra hefur sýnt sig víða um heim. Í nágrannalöndum okkar rís nú hver vinnustofan upp af annarri, og eru þær ríflega styrktar af almannafé, jafnvel allt að 80% af greiddum vinnulaunum.

Í Reykjavík einni eru um 1100 öryrkjar á bótum hjá Tryggingastofnun ríkisins. Mikinn fjölda þeirra skortir vinnu við sitt hæfi, og fara því mikil verðmæti forgörðum, meðan vinnugeta þeirra er ekki nýtt. Auk þess er brýn þörf á að veita öryrkjum verklega kennslu og þjálfun, svo að þeim gerist kleift að leita atvinnu á almennum vinnumarkaði eftir hæfilega langa dvöl á slíkum stofnunum.

Að hrinda þessari fyrirætlun í framkvæmd kostar mikið fé, sem vart mun handbært að sinni, nema til komi fastar tekjur af happdrætti S. Í. B. S.

Frumvarpið gerir auk þessa ráð fyrir, að væntanlegum tekjum af happdrættinu verði enn sem fyrr varið til að standa straum af frekari byggingarframkvæmdum í Reykjalundi, og verður ekki hjá því komizt, því að mikið skortir á, að staðurinn sé fullbyggður. Vinnuskála til járnsmíða er ólokið, það hús er aðeins komið undir þak. Hús, sem rúma skulu vörugeymslur, skrifstofur, þvottahús, kennslustofur o. fl., eru tæplega að hálfu byggð. Margs konar vinnuvéla er enn þörf. Margt, sem lýtur að ræktun lands og staðarprýði utan dyra er óunnið. Áætlað er, að enn skorti um 10

milljónir króna, miðað við núverandi byggingarkostnað, til þess að Reykjalundur sé fullbyggður, en þá á staðurinn að vera orðinn vel búið og afkastamikið iðjuver fyrir öryrkja.

Eðlilegt er, að drepið sé hér á nokkur höfuðatriði úr starfssögu Reykjalundar frá byrjun og til dagsins í dag. Í Reykjalundi hafa dvalið um lengri eða skemmri tíma rúmlega 500 vistmenn. Þeir hafa innt af höndum um 1 milljón og 200 þúsund vinnustundir. Andvirði seldra framleiðsluvara ca. 45 millj. kr. Greidd laun til vistmanna ca. 15 millj. kr. Frá árinu 1949 hefur starfað iðnskóli á staðnum með fullum réttindum. 150 nemendur hafa lokið ýmist 3. eða 4. bekkjar prófi.

Má af framangreindu gera sér nokkra grein fyrir þjóðhagslegri þýðingu Reykjalundar og nauðsyn þess, að S. Í. B. S. sé gert kleift að halda aðstöðu þeirri, er það nú nýtur, til frekari starfa að íslenzkum félagsmálum.

Ekki verður komizt hjá því að fara nokkrum orðum um síðustu málsgrein þessarar lagagreinar: „og til annarrar félagsmálastarfsemi S. Í. B. S., sem viðurkennd er af ríkisstjórninni."

Á síðustu árum hefur S. Í. B. S. af brýnni nauðsyn gefið sig æ meir að félagslegri aðstoð við skjólstæðinga sína, sem utan heilsuhælis eða spítala dvelja. Aðalþættir þessa starfs eru: Útvegun atvinnu og húsnæðis, erindrekstur gagnvart opinberum aðilum, almennum fyrirtækjum og einstaklingum, lánsfjárútvegun og lánveitingar úr lánasjóði sambandsins, auk margs konar fræðslu og ráðlegginga, sem veittar eru í persónulegum og félagslegum vandamálum.

Allt þetta er gert í þeim tilgangi að gefa veikbygðum, kjarklitlum og sjúkum samborgurum fótfestu í atvinnulífi landsins og hjálpa þeim til að ná eignarhaldi á eða öðlast vist í heilsusamlegum húsakynnum.

Síðastliðna 15 mánuði hafa fyrir atbeina S. Í. B. S. 27 fjölskyldur berklaöryrkja komizt úr heilsuspillandi húsnæði í hollar vistarverur í húsum þeim, sem reist hafa verið í Reykjavík af bæjarfélaginu með styrk ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsakynna. Óhugsandi er, að nokkuð af þessu fólki hefði af eigin rammleik getað staðið straum af tilskildum greiðslum, enda allt öreigar.

Enn fremur hefur S. Í. B. S. hjálpað á annað hundrað fjölskyldum með lánum og lánsfjárútvegun til að ljúka byggingu eigin íbúða.

Þessi verksvið eru annar meginþáttur í starfi S. Í. B. S. að útrýmingu berklaveiki á Íslandi.

Um 4. gr.

Samhljóða 3. gr. laga nr. 13 16. marz 1949 að öðru leyti en því, að bætt er við: „að fengnum tillögum frá stjórn S. Í. B. S."

Um 5. gr.

Samhljóða lögum, en auk þess lagt til, að núgildandi lög falli úr gildi, þar sem ákvæði þeirra eru tekin upp í frumvarpið.

Ed. 246. Frumvarp til laga [106. mál]

um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa

sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við léttara og lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðuneytisins, en nm. áskilja sér óbundin atkvæði um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Um fyrri málsgrein frumvarpsins skal það tekið fram, að reynslan hefur sýnt, að þótt menn í erfiðum opinberum stöðum verði ófærir um að gegna þeim sökum heilsubilunar, geta þeir í mörgum tilfellum gegnt öðrum léttari störfum. Það er þjóðfélaginu nauðsynlegt, að hver maður, sem einhverja starfsgetu hefur, noti hana. Ákvæði málsgr. þessarar ætti að ýta undir starfsmenn ríkisins, sem hafa orðið að láta af starfi sínu vegna heilsubrests, að taka við öðrum léttari störfum.

Regla sú, sem síðari málsgr. frumvarpsins hefur að geyma, er í fullu samræmi við forsendur hæstaréttar í dómi uppkveðnum 11. des. 1958 í málinu 109/1958: Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra gegn Stefáni Sigurðssyni, en sá dómur snertir lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með þeim hætti, að reglur hans eru um dómsefnið í fullu samræmi við reglur þær, er gilda um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins telur það æskilegt, að regla þessi komi skýrt fram í lögum sjóðsins, og óskar því, að þessi viðauki við þau verði settur.

Ed. 247. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið og rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „eða mikilla“ bætist: annarra.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „er kindina hefur undir höndum“ komi: er verður þess var.
   b. Í stað „bæjarstjóra“ komi: lögreglustjóra.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „er þá heimilt að baða sauðfé á kostnað eiganda“ komi: skal þá baða sauðféð á kostnað eiganda.

Einn nefndarmanna (Friðjón Þórðarson) er samþykkur frumvarpinu að öðru leyti en því, að hann telur, að lögskipaðar baðanir skuli framkvæmdar árlega. Mun hann flytja breytingartillögu um það atriði.

Alþingi, 9. febr. 1959.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Friðjón Þórðarson, með fyrirvara. F. R. Valdimarsson.

Ed. 248. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:
Lögskipaðar baðanir skulu fara fram á hverjum vetri á tímabilinu frá 15. okt. til 15. febrúar.

Nd. 249. Breytingartillaga [51. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
Við XVII. 89 bætist:
Þegar næst verða prestaskipti, færist prestssetrið að Auðkúlu.

Ed. 250. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Síðari málsliður 2. málsgreinar a-liðs 4. gr. laga nr. 36 29. maí 1958 orðist þannig: Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við samninga um kjör bátasjómanna í byrjun þessa árs var því heitið af ríkisstjórninni, að hún mundi beita sér fyrir lagasetningu þess efnis, að hinn svonefndi sjómannafrádráttur yrði hækkaður í 2000 kr. á mánuði, en hann er nú 1350 kr. á mánuði og skiptist þannig: hlífðarfatafrádráttur kr. 500.00 og sérstakur frádráttur 850 kr.

Er því með þessu frv. lagt til, að hinn sérstaki frádráttur sé hækkaður úr 850 kr. í 1500 kr. á mánuði.

Ed. 251. Lög [95. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

(Afgreidd frá Ed. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 222.

Sþ. 252. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um eftirlit með umgengni á sögustöðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta reglulegt þing frumvarp til laga um eftirlit með sögustöðum og öðrum þeim stöðum á landinu, sem sérstaklega eru sóttir af erlendum og innlendum ferðamönnum.

Greinargerð.

Alþingi hefur með sérstakri löggjöf sett reglur um friðhelgi og eftirlit Þingvalla, helgasta sögustaðar Íslendinga. Enn fremur eru í lögum reglur um náttúruvernd og um eftirlit með opinberum veitingastöðum víðs vegar um land.

En mikið brestur á, að fylgzt sé með umgengni á ýmsum fjölsóttum sögustöðum. Hefur það því hent sorglega oft, að ferðamenn, erlendir sem innlendir, hafa orðið vitni að ótrúlegum sóðaskap og hirðuleysi á slíkum stöðum. Á s. l. sumri henti það til dæmis, er fjölmennur hópur íslenzkra og erlendra blaðamanna heimsótti einn merkasta sögustað þjóðarinnar, að þar var vægast sagt mjög ógeðþekk aðkoma. Olli það í senn miklum vonbrigðum Íslendinganna, sem þátt tóku í förinni, og hinna erlendu gesta, sem höfðu gert sér háar hugmyndir um höfuðból eins frægasta og ágætasta sonar „söguþjóðarinnar".

Íslendinga getur ekki greint á um það, að slík umgengni á frægustu sögustöðum þjóðarinnar er henni til mestu vanvirðu, ekki aðeins gagnvart útlendingum, heldur gagnvart sjálfri sér. Úr þessu verður þess vegna að bæta. Bætt umgengni, snyrtimennska og hirðusemi hlýtur að sjálfsögðu að byggjast fyrst og fremst á því fólki sjálfu, sem býr á slíkum stöðum. Það verður að gera sér ljóst, að á því hvílir mikil ábyrgð gagnvart þjóð sinni. En ekki virðist óeðlilegt, að hið opinbera leggi það ómak á sig að fylgjast með umgengni á þessum stöðum. Þyrfti það alls ekki að hafa mikinn kostnað í för með sér. Mætti til dæmis vel hugsa sér, að sýslumönnum og bæjarfógetum yrði falið að hafa eftirlit með sögustöðum, hverjum í sínu umdæmi. Yfirumsjón mætti svo fela embættismönnum ríkisins í höfuðborginni, t. d. húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og þjóðminjaverði.

Í till. þessari er því lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta reglulegt þing frv. til laga um eftirlit með sögustöðum og öðrum þeim stöðum á landinu, sem sérstaklega eru sóttir af erlendum og innlendum ferðamönnum. Hér er um menningarmál að ræða, sem einnig hlýtur að vera nokkurt metnaðarmál íslenzku þjóðarinnar.

Sþ. 253. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að greiða fyrir votheysverkun og öðrum heyverkunaraðferðum, sem að gagni mega koma í óþurrkum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og auk þess sent hana til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, rannsóknaráði ríkisins og tilraunastöð háskólans í meinafræði, og eru álit þeirra birt hér með.

Nefndin telur, að jafnframt aukinni jarðrækt og bættri hagnýtingu tilbúins áburðar sé mjög nauðsynlegt að geta aflað heyja á sem skemmstum tíma án tillits til veðurfars og því beri að leggja höfuðáherzlu á að finna ráð til þess að koma í veg fyrir rýrnun túngrasanna, bæði meðan heyöflun stendur yfir og eins við geymslu heyjanna. Til þess að stuðla að því, að verulegur árangur náist, mælir nefndin með því, að ríkisstjórninni verði falið að vinna skipulega að framgangi málsins í samráði við þá aðila, er tillagan greinir.

Tveir nefndarmenn voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, þeir Steingrímur Steinþórsson og Alfreð Gíslason.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „og tilraunaráð búfjárræktar“ í tillgr. komi: tilraunaráð búfjárræktar, verkfæranefnd ríkisins og rannsóknaráð ríkisins.

Alþingi, 11. febr. 1959.

Benedikt Gröndal, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason, frsm.
Eiríkur Þorsteinsson.	Björn Ólafsson.	

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 22. jan. 1959.

Í tilefni af bréfi yðar, dags. 4. nóv. s. l., hefur stjórn Búnaðarfélags Íslands á fundi sínum í dag samþykkt að mæla með samþykkt tillögunnar.

Til frekari skýringar er hjálögð send yfirlitsskýrsla um heyverkunartilraunir og vinnuathuganir þær, sem tilraunaráð búfjárræktar og verkfæranefnd ríkisins hafa unnið að s. l. 3 ár.

Virðingarfyllst,

Steingr. Steinþórsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal II.

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS

Reykjavík, 23. desember 1958.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 4. nóv. 1958, þar sem óskað er umsagnar rannsóknaráðs ríkisins um tillögu til þingsályktunar um votheysverkun, vill rannsóknaráð taka fram eftirfarandi:

Rannsóknaráði ríkisins var send til úrvinnslu þingsályktunartillaga um heymjölsframleiðslu, sem samþykkt var á síðasta Alþingi. Hefur verið hafinn nokkur undirbúningur að því starfi, og fylgir hér með bréf rannsóknaráðs ríkisins til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 30. okt. 1958, þar sem fjallað er um það mál, ásamt bráðabirgðaskýrslu Ásgeirs Þorsteinssonar verkfræðings.

Sú athugun, sem gerð hefur verið, hefur leitt í ljós, að í sambandi við athugun á heymjölsframleiðslu er rétt að kanna almennt meðferð heys og þar á meðal votheysverkun.

Því má segja, að sú rannsókn, sem felst í umræddri þingsályktunartillögu, er þegar að nokkru leyti í framkvæmd. Til frekari ítrekunar þessu mikilvæga máli vill rannsóknaráð þó mæla með því, að tillagan verði samþykkt, en til þess að fyrirbyggja tvíverknað væri rétt að taka fram, að athugunin skuli framkvæmd einnig í samráði við rannsóknaráð ríkisins auk tilgreindra aðila.

Virðingarfyllst,

Steingrímur Hermannsson.

Fylgiskjal III.

TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLANS Í MEINAFRÆÐI

18. nóvember 1958.

Með bréfi, dags. 4. nóv. s. l., æskti allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis álits tilraunastöðvar háskólans í meinafræði um þáltill. Ágústs Þorvaldssonar o. fl. um votheysverkun (14. mál, 1958).

Ætla má, að umsagnar tilraunastöðvarinnar sé óskað vegna þess, að súrheysgjöf veldur stundum svonefndri listerellosis (Hvanneyrarveiki) í sauðfé, og verður það mál rætt með fáum orðum.

Listerella er sýkill (baktería), sem veldur heilabólgu, lifrarbólgu eða blóðeitrun í sauðfé, og kveður oft talsvert að þessu. Sýkillinn finnst stundum í súrheyi, en ekki er kunnugt, hvernig hann berst þangað né hvernig á því stendur, að kindin sýkist, þótt hún éti hey með listerellasýklum í, því að sýkillinn finnst stundum á vissum stöðum í heilbrigðum skepnum, án þess að tjón hljótist af. Einnig sýkjast skepnur stundum af Hvanneyrarveiki, þó að þær hafi aldrei fengið súrhey.

Ekki er til bóluefni gegn listerellosis, og fúkalyf eru ekki sérlega góð til lækningar á henni, þótt sum þeirra verki að vísu talsvert.

Listerellosis hefur verið rannsökuð víða um lönd undanfarin ár, en ekki hefur fundizt ráð til að fyrirbyggja hana.

Í tilraunastöðinni á Keldum hafa þeir Guðm. Gíslason læknir og síðar Páll Pálsson yfirdýralæknir gert ýmsar athuganir á sjúkdómnum. Liggur nú margt ljósara fyrir en áður var, þótt ekki hafi unnizt neinn úrslitasigur.

Mannafli er nú ekki fyrir hendi í tilraunastöðinni til að hefja víðtæka rannsókn á sjúkdómnum og tilraunir með hann. Það væri þó nauðsynjamál, en ætla

má, að það yrði tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni, áður en fullum árangri væri náð.

Virðingarfyllst,

Björn Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Nd. 254. Frumvarp til laga [109. mál]

um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir listasafninu a. m. k. 500 þús. krónur árlega af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk listasafnsins skal vera:

a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,
b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa,
c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslenzku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
e. að afla heimilda um íslenzka myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
f. að efna til farandsýninga um landið,
g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenzka myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án endurgjalds á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:

Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara, og er æskilegt að þeir séu fulltrúar mismunandi liststefna, og einn myndhöggvara.

Verði kennsla í listsögu hafin í Háskóla Íslands, skal kennarinn í þeirri grein eiga sæti í safnráði, en heimspekideild velur varamann hans. Þangað til nefnir deildin mann og varamann í ráðið til fjögurra ára í senn, svo og ef kennarinn í listsögu á þegar sæti í safnráði.

Forstöðumaður listasafnsins skal eiga sæti í safnráði samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður ráðsins. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, er kosningarrétt hafa til safnráðs samkvæmt framansögðu. Skal skráin liggja frammi í listasafninu hæfilegan tíma fyrir kjördag til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.

Rísi ágreiningur um, hverjir skuli vera á kjörskrá, fellir Menntamálaráð Íslands um það fullnaðarúrskurð.

Forstöðumaður listasafnsins boðar síðan alla þá, sem á kjörskrá eru, til fundar með auglýsingu í ríkisútvarpi og dagblöðum. Hann setur fund og gengst fyrir kjöri fundarstjóra, en víkur síðan af fundi. Fundarstjóri stýrir kosningu safnráðsmanna, og skal hún fara fram skriflega.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar, ef safnstjóri er henni andvígur. Ef ágreiningur rís milli safnstjóra og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð hvors aðila í gerðabók ráðsins.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

a. kaup á listaverkum til safnsins,
b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir,
d. önnur mál, er forstöðumaður æskir að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöf skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenzka ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenzkum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundaréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er brjóta í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 11. janúar 1957 fól menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Birni Th. Björnssyni, listfræðingi, Gunnlaugi Scheving, listmálara, dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, stjórnarráðsfulltrúa, og frú Selmu Jónsdóttur, umsjónarmanni listasafnsins, að semja frumvarp til laga um listasafn. Nefndin gerði frv., sem síðan var borið undir Bandalag íslenzkra listamanna, Félag íslenzkra myndlistarmanna, félagið „Óháðir listamenn", Nýja myndlistarfélagið, þjóðminjavörð og Menntamálaráð Íslands og eru umsagnirnar birtar sem fylgiskjöl.

Ráðuneytið hefur, að höfðu samráði við nefndina, tekið til greina ábendingar Félags ísl. myndlistarmanna, sem fjallaði um frumvarpið fyrir hönd Bandalags ísl. listamanna, og sumar athugasemdir þjóðminjavarðar. Þá telur nefndin það ekki skipta miklu máli, hvort sú tilhögun um skipan safnráðs verði höfð, sem félagið „Óháðir listamenn" aðhyllist, eða sú, sem ofan á varð í nefndinni, er frv. var samið. Hefur ráðuneytið ekki breytt því atriði.

Frá Nýja myndlistarfélaginu hafa engar athugasemdir borizt.

Menntamálaráð Íslands er andvígt frumvarpinu og telur það að taka stjórn safnsins undan Menntamálaráði brjóta í bág við það, sem til hafi verið ætlazt með lögum um Menningarsjóð og Menntamálaráð. Þarna gætir misskilnings, því að í þeim lögum segir í 7. gr. að meðal verkefna Menntamálaráðs sé „að hafa yfirumsjón með Listasafni ríkisins, **þar til lög verði sett um safnið.**"

Þegar frv. að lögum um Menningarsjóð og Menntamálaráð var lagt fyrir þingið, segir nefndin, sem undirbjó það, að hún geri ráð fyrir því, að ákveðnum hluta af tekjum Menningarsjóðs verði hér eftir sem hingað til varið til kaupa á listaverkum handa Listasafni ríkisins enda „þótt samdar kunni að verða nýjar reglur um listaverkakaup og **þau falin öðrum aðila en fram að þessu hefur haft þau með höndum.**"

Greinargerð sú, er nefndin lét fylgja frumvarpinu til ráðuneytisins, fer hér á eftir, svo og umsagnir um frumvarpið:

„Nefndin hefur rætt verkefni þetta á allmörgum fundum, kynnt sér tiltæk gögn um ríkislistasöfn á Norðurlöndum og orðið ásátt um að skila frumvarpi því, sem skráð er hér að framan. Eru nefndarmenn sammála um frumvarpið að öðru leyti en því, að tveir nefndarmenn æskja að skipan safnráðs sé með öðrum hætti en ráðgert er í 5. gr. og vísast um það til umsagnar um þá grein hér á eftir.

Fyrstu drögin að listasafni hér á landi voru hin 38 málverk, sem hingað voru gefin árið 1885 fyrir atbeina Björns Bjarnarsonar (1853—1918), síðar sýslumanns og alþingismanns Dalasýslu. Flest voru málverkin eftir danska málara eða 29 þeirra, 6 eftir Norðmenn, 1 eftir Svía, 1 eftir Austurríkismann og 1 eftir Þjóðverja. Meðal gefenda var Kristján konungur IX., en listamenn gáfu hin málverkin flest. Megin-

hluti myndanna kom til landsins árið 1885, en hin síðustu árið 1887. Málverkin voru send landshöfðingja, en hann kom þeim í alþingishúsið til varðveizlu.

Næst bættust við myndir þær, 29 að tölu, er Edvald J. Johnsen, læknir (1838—1893), ánafnaði safninu eftir sinn dag, og bárust þær til landsins árið 1895. Árið 1896 bættust enn í safnið tvö málverk. En fyrsta myndin, sem listasafnið eignaðist eftir Íslending, var höggmyndin „Útilegumaður" eftir Einar Jónsson frá Galtafelli (1874—1954). Gaf Ditlev Thomsen, ræðismaður, safninu myndina árið 1902. Hún er nú í listasafnshúsi Einars Jónssonar. Árið 1911 gáfu nokkrir menn í Reykjavík safninu olíumálverkið „Áning" eftir Þórarin B. Þorláksson (1867—1924), og var það fyrsta málverkið, sem safnið eignaðist eftir íslenzkan mann.

Samkvæmt málaleitan þjóðminjavarðar til Stjórnarráðs og Alþingis fólu forsetar þingsins honum með bréfi, dagsettu 16. september 1915, „alla umsjón, niðurskipun og skrásetning allra málverka og listaverka þeirra, er Alþingi á eða landið" og kváðust ætlast til, að safn þetta yrði „framvegis sem sérstök deild af þjóðmenjasafni landsins" og að ekki yrði keypt „neitt af listaverkum til þessa safns, nema með samráði við þjóðmenjavörðinn." Veitti Alþingi um leið fé til aðstoðar við umsjón með sýningu listasafnsins á næstu tveimur árum. Í byrjun næsta árs eða 24. janúar 1916, ákvað Stjórnarráðið eftir tillögu þjóðminjavarðar, að „Listasafn Íslands, hér undir telst málverkasafn landsins og önnur listaverk, sem landið á, skal vera undir umsjón þjóðmenjavarðar, og vera ein deild af Þjóðmenjasafninu. Öll listaverk, sem landið síðar kann að eignast, skulu jafnóðum lögð til listasafnsins."

Þannig var listasafnið komið í umsjá þjóðminjavarðar, Matthíasar Þórðarsonar, og lét hann sér jafnan mjög annt um það. Alþingi veitti nokkurt fé til kaupa á erlendum listaverkum, auk þess sem safnið eignaðist svo að segja árlega myndir eftir hina upprennandi íslenzku listamenn. Við áramót 1915—1916 eru taldar í höggmyndasafninu 7 myndir, en 91 í málverkasafninu.

Safninu hafa fyrr og síðar borizt ýmsar góðar gjafir. Má þar til nefna, auk þeirra, sem þegar eru greindar, fimm íslenzk og tvö erlend olíumálverk, er Guðjón Sigurðsson, úrsmiður (1864—1915), arfleiddi safnið að og komu í eigu þess árið 1915. Árið 1919 barst safninu gjöf sú, er Helgi prestur Sigurðsson að Melum (1815—1888) ánafnaði því í arfleiðsluskrá sinni 24. júlí 1888. Eru þetta 43 myndir eftir hann sjálfan, flest skólateikningar, en þrjú olíumálverk og mynd sú, er hann gerði af Jónasi Hallgrímssyni látnum.

Árið 1947 gaf Christian Gierlöff, rithöfundur í Oslo, safninu fimmtán svartlistarmyndir eftir norska málarann Edvard Munch. Sama ár gáfu nokkrir menn í Reykjavík átta olíumálverk eftir danska málarann Carl V. Meyer. Frú Kristín Andrésdóttir, ekkja Markúsar Ívarssonar, forstjóra, og dætur hennar afhentu safninu 56 málverk að gjöf 27. ágúst 1951, en þann dag var safnið opnað í húsi þjóðminjasafnsins. Eru málverk þessi öll eftir íslenzka listamenn. Sama ár gaf Magnús Grönvold, yfirkennari í Oslo, safninu 27 blýantsteikningar eftir bróður sinn, Bent Grönvold, og síðar sama ár gaf Ragnar Moltzau, útgerðarstjóri í Oslo, safninu 51 svartlistarmynd eftir norska listamenn. L. Foght, forstjóri í Kaupmannahöfn, gaf safninu 11 olíumálverk og 24 svartlistarmyndir árið 1953. Eru þær myndir allar eftir danska listamenn.

Síðast en ekki sízt ber að geta þess, að Ásgrímur Jónsson, listmálari, ákvað árið 1952 að ríkissjóður skyldi eftir sinn dag eignast öll málverk sín og húseign. Mælir hann jafnframt svo fyrir, að málverkin skuli varðveitt í húsi hans „þar til listasafn hefur verið byggt, þar sem myndum mínum sé tryggt svo mikið rúm, að gott yfirlit sé unnt að fá um safn mitt." Mun þessi mikla gjöf því væntanlega koma í listasafnið þegar húsrýmið svarar til þess, sem gefandinn mælti fyrir um.

Árið 1928 voru sett lög um Menntamálaráð og Menningarsjóð, og í þeim ákveðið, að listasafnið skyldi vera undir stjórn Menntamálaráðs og fé varið úr Menningarsjóði til listaverkakaupa. Hefur á tímabilinu 1928—1957, að báðum þeim árum

meðtöldum, verið varið kr. 1 307 220.00 til listaverkakaupa. Fylgir hér með skrá um myndir safnsins frá öndverðu. Um tímabilið fram að 1928 hefur umsjónarmaður safnsins, frú Selma Jónsdóttir, listfræðingur, gert skrá og stuðzt þar að nokkru við skrár frá dr. Matthíasi Þórðarsyni, en skrifstofa menntamálaráðs hefur gert yfirlitið um myndir safnsins 1928 og síðan.

Áður en listasafnið fékk til umráða húsnæði, er það nú hefur í þjóðminjasafnsbyggingunni, voru eigi tök á að hafa safnið til sýnis. Voru þá sum málverk þess lánuð í skóla og ýmsar aðrar opinberar byggingar, en flest hafa þau nú aftur verið flutt í safnið. Fól Menntamálaráð listmálurunum Gunnlaugi Scheving og Þorvaldi Skúlasyni, ásamt frú Selmu Jónsdóttur, — er hafði verið ráðin umsjónarmaður við safnið í októbermánuði 1950, — að koma myndum safnsins fyrir í sýningarsölum þess. Að því búnu var safnið opnað 27. ágúst 1951 af Birni Ólafssyni, þáverandi menntamálaráðherra, að viðstöddum mörgum listamönnum og öðrum.

Efnt hefur verið til ýmissa sérsýninga í safninu, svo sem á myndum Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Jóhannesar Sv. Kjarval. Þá var undirbúin og sýnd í safninu í nóvember 1950 íslenzka listsýningin, er send var til Noregs, árið 1952 listsýning sú, er síðan var opnuð í Brüssel, og einnig listsýning, er opnuð var í Kaupmannahöfn árið 1954 í sambandi við hina opinberu heimsókn forsetahjónanna til Danmerkur. Sama ár var sýning norskrar myndlistar í húsakynnum safnsins og sýning á danskri myndlist árið 1956, er dönsku konungshjónin endurguldu heimsókn forsetahjónanna.

Árið sem listasafnið var opnað, var aðgangseyrir að safninu fimm krónur fyrir manninn. Komu í safnið frá því að það var opnað í lok ágústmánaðar 1951 til ársloka 817 menn á 123 sýningardögum. Um áramótin næstu (1951—1952) var hætt að selja aðgang að safninu og hefur eigi verið gert síðan. Aðsókn að safninu hefur verið sem hér segir: Árið 1952 6079 gestir á 91 sýningardegi, árið 1953 9162 gestir á 194 sýningardögum, árið 1954 7884 gestir á 147 sýningardögum, árið 1955 7788 gestir á 161 sýningardegi og árið 1956 5571 gestur á 137 sýningardögum, — en safnið var lokað nokkra fyrstu mánuði ársins.

Sést af þessu stutta yfirliti, að menn hafa sýnt safninu örlæti og áhuga á undanförnum árum.

Undirbúningsnefnd þessa frumvarps hefur aflað sér gagna um opinber listasöfn á Norðurlöndum, og skulu hér dregin saman helztu atriðin, sem varða stjórn þeirra:

Statens Museum for Kunst, Kaupmannahöfn.

Lög eru engin til um safn þetta, heldur hefur því verið stjórnað samkvæmt starfsvenjum, sem myndazt hafa smátt og smátt. Kaup á listaverkum hefur svonefnd „Gallerikommission“ annazt, en forstjóri safnsins er sjálfkjörinn í nefndina og formaður hennar. Aðrir nefndarmenn eru þrír, einn skipaður af viðkomandi ráðuneyti (löngum prófessor í listsögu við háskólann) og tveir, málari og myndhöggvari, kosnir af dönskum listamönnum. Árið 1944 var komið á fót nefnd til að undirbúa tillögur um framtíðarskipan safnsins, og hefur álit hennar verið gefið út prentað. Í álitsgerðinni leggur meiri hlutinn til að safninu verði skipt í þrjár sjálfstæðar deildir eða sérsöfn: 1) safn gamalla málverka, 2) höggmyndasafn, 3) safn nútímalistar. Fyrir hverri deild sé forstöðumaður, sem hafi einn á hendi alla stjórn deildarinar (eða safnsins), nema listaverkakaup. Um þau eigi að fjalla sérstök nefnd, sem sé skipuð forstöðumanninum, einum manni skipuðum af ráðuneytinu og nokkrum („et antal“) listamönnum, völdum af samtökum myndlistarmanna. Sé forstöðumaðurinn formaður nefndarinnar, svo sem tíðkazt hefur. Hlutverk þessarar nefndar sé enn fremur að ákveða um móttöku gjafa, er safninu kunna að bjóðast.

Minni hluti nefndarinnar telur hlutdeild myndlistarmanna í nefndinni (Gallerikommissionen) næga eins og verið hefur og varar mjög við því að gera safnstjórnina

ómynduga með því að gera vald hinna kjörnu myndlistarmanna of mikið í nefndinni. Enn fremur telur minni hlutinn að ákvarðanir um móttöku gjafa eigi að heyra undir safnstjóra einan og þá listfróða menn, er hann kynni að vilja kveðja sér til ráðuneytis.

Ekki er oss kunnugt að lög hafi enn verið sett um safnið.

Nationalgalleriet, Oslo.

Lög um safnið eru frá 1925. Safnstjóri er skipaður af konungi, en ásamt honum er stjórn safnsins í höndum 10 manna safnráðs, sem skiptist í þrjá hópa, þannig:

1. Tveir málarar og einn myndhöggvari úr stjórn Félags norskra myndlistarmanna.
2. Tveir málarar og einn myndhöggvari, valdir meðal þeirra, sem eiga verk í safninu.
3. Einn listfræðingur, skipaður af menntamálaráðuneytinu. Einn fornfræðingur, skipaður af menntamálaráðuneytinu. Tveir áhugamenn um myndlist („kunstforstandige personer"), annar skipaður, en hinn kjörinn af félaginu „Nationalgalleriets Venner".

Hópur nr. 2 er kosinn af þeim meðlimum ráðsins, er skipa 3. hóp, og fer sú kosning fram áður en myndlistarmenn hafa valið sína fulltrúa (þ. e. 1. hóp). Þegar ráðið er fullskipað, kýs það sér formann og varaformann.

Helzta hlutverk safnráðs er að annast kaup á listaverkum, en allur daglegur rekstur, ákvarðanir um sérsýningar, fyrirkomulag og slíkt, er í höndum safnstjóra. Safnráðið ákveður enn fremur um heildarskiptingu þess fjár, sem safnið hefur til listaverkakaupa, milli hinna einstöku greina. Fundir þess eru haldnir að boði formanns, safnstjóra eða minnst tveggja meðlima.

Þegar um kaup á listaverkum er að ræða, er um það fjallað í sérnefndum innan ráðsins á þenna hátt:

1. a. Nútíma málverk: safnstjóri og hinir 4 málarar ráðsins.
   b. Nútíma höggmyndir: safnstjóri og hinir 2 myndhöggvarar ráðsins.
2. a. Gömul málverk: safnstjóri, listfræðingurinn og tveir af málurunum, hvor úr sínum hópi.
   b. Gamlar höggmyndir: safnstjórinn, listfræðingurinn og annar af hinum tveim myndhöggvurum ráðsins.
3. Fornlist: safnstjóri, fornfræðingurinn og annar af myndhöggvurum ráðsins.

Safnstjórinn er ávallt formaður þessara undirnefnda. Ákvörðun verður því aðeins tekin gegn atkvæði hans, að allir hinir nefndarmennirnir séu sammála.

Sömu reglur gilda um móttöku gjafa sem um kaup.

Nationalmuseum, Stokkhólmi.

Lög þau sem gilda um safnið eru að uppistöðu frá árinu 1921, en hefur verið breytt 1944, 1945, 1946, 1954, 1955 og 1956. Samkvæmt núgildandi lögum er safninu skipt í fjórar deildir: 1) deild nútíma málara- og höggmyndalistar, 2) deild fyrir koparstungur og teikningar, 3) deild eldri málara- og höggmyndalistar, 4) deild listiðnaðar. Auk þessa heyra undir safnið öll listaverk í eigu ríkisins, sem geymd eru utan safnsins, svo sem í konungshöllunum, þinghúsinu o. s. frv.

Yfir öllu safninu er safnstjóri („överintendent"), en yfir hverri deild sérstakur deildarstjóri („intendent"). Safnráð er samansett af safnstjóranum, sem er formaður þess, og hinum fjórum deildarstjórum. Enn fremur má kveðja á fundi þess aðra starfsmenn safnsins, ritara, bóka- og ljósmyndavörð, viðgerðamann listaverka og aðra, eftir því hvaða mál eru rædd. Rísi ágreiningur milli deildarstjóra og safnstjóra, eiga báðir aðilar rétt á því að láta bókfæra málsrök sín í gerðabók ráðsins.

Safnráð kemur saman að boði safnstjóra, en þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Undir safnráð heyrir: 1) kaup á listaverkum, 2) viðtökur gjafa, 3) viðgerð listaverka, 4) sala eða lán listaverka úr safninu.

Ateneum, Helsinki.

Safn þetta er ekki ríkisstofnun nema að nokkru leyti. Það var stofnað af „Finska konstföreningen" árið 1849 og stjórnað af því félagi fram til ársins 1940. Það hefur jafnan notið allmikilla styrkja úr ríkissjóði og frá Helsinkiborg og lengst af hefur það verið til húsa í Ateneumbyggingunni (ásamt listaháskóla Finnlands, „Finlands konstakademi"), en sú bygging er eign finnska ríkisins. Árið 1940 var safnið sett undir stjórn listaháskólans, þó með sérstökum forstjóra, og hefur akademi-ráðið haft svipað vald um stjórn safnsins og safnráð annarra safna, sem hér hafa verið nefnd. Eigi eru tiltæk gögn um skipun akademi-ráðsins.

Af upplýsingum þessum má draga saman þessa heildarniðurstöðu:

1. Við öll söfnin er *safnráð*, til tryggingar því, að sem flest sjónarmið og sem hlutlægast mat komi fram við kaup á listaverkum.
2. Við tvö ríkissöfnin (danska og sænska) er forstjóri safnanna sjálfkjörinn formaður safnráðanna, en í norska safnráðinu er hann sjálfkjörinn formaður undirnefndanna, sem ákveða um listaverkakaupin. Í safnráði norska ríkissafnsins hefur safnstjóri enn fremur þau völd umfram aðra safnráðsmenn, að atkvæði allra annarra þarf gegn atkvæði hans, verði ágreiningur.
3. Í ráðum norska og danska safnsins eiga myndlistarmenn allmikla hlutdeild, helming fulltrúanna í danska safnráðinu, en sex af ellefu í því norska. Að ráði sænska ríkissafnsins eiga myndlistarmenn hins vegar enga aðild.
4. Verksvið safnráðanna er yfirleitt aðeins kaup listaverka og móttökur gjafa. Um aðra starfsemi safnsins er safnráð aðeins til ráðuneytis safnstjóra.

Með frumvarpinu um Listasafn Íslands hefur verið farin mjög svipuð leið og hér er mörkuð, en þó leitazt við að sníða það eftir séraðstæðum okkar Íslendinga. Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Safnið hefur ýmist verið nefnt Listasafn Íslands eða Listasafn ríkisins. Álítum við rétt að lögfesta heitið Listasafn Íslands.

Skv. fskj. I. hér á eftir hefur á árunum 1928—1957 verið varið til listaverkakaupa handa safninu sem hér segir:

1928	kr.	17 950.00	1944	kr.	38 100.00
1929	—	11 444.00	1945	—	28 450.00
1930	—	37 955.00	1946	—	45 000.00
1931	—	11 365.00	1947	—	24 600.00
1932	—	5 592.00	1948	—	36 700.00
1933	—	14 550.00	1949	—	53 000.00
1934	—	4 500.00	1950	—	59 300.00
1935	—	2 475.00	1951	—	42 000.00
1936	—	3 950.00	1952	—	66 900.00
1937	—	9 540.00	1953	—	90 600.00
1938	—	17 395.00	1954	—	231 840.00
1939	—	8 050.00	1955	—	141 700.00
1940	—	14 775.00	1956	—	42 000.00
1941	—	10 950.00	1957	—	208 500.00
1942	—	33 700.00			
1943	—	20 350.00	Samtals	kr.	1 333 231.00

Um 2. gr.

a. Þarfnast ekki skýringa.
b. Meginþorri þeirra erlendu mynda, sem safnið á nú, hefur því borizt að gjöf, og því ógerningur að mynda með þeim neitt samfellt yfirlit. Hins vegar er æskilegt, að safnið geti í framtíðinni einnig aflað sér erlendra listaverka að eigin vali. Með ákvæðinu um, að tíu af hundraði þeirrar fjárhæðar, sem ár hvert er ætluð til listaverkakaupa, skuli varið til kaupa á erlendum listaverkum, er hlutur íslenzkrar listar sáralítið skertur, en hins vegar veitt nokkur fjárráð til að hefjast handa um kaup á erlendum verkum.
c. Verkefni listasafna er yfirleitt tvíþætt: Annars vegar að varðveita og sýna listaverkin, hins vegar almennt fræðslustarf um myndlist með útgáfustarfsemi, fyrirlestrum o. fl. Þar sem við Háskóla Íslands fer eigi fram kennsla í listsögu er æskilegt að safnið sinni fræðslustarfsemi á þessu sviði eftir því sem við verður komið.
d. Mörg erlend listasöfn hafa hin síðari ár látið gera kvikmyndir um myndlist þjóða sinna, og hafa þær í senn orðið hin ákjósanlegasta listkynning heima fyrir, t. d. í skólum, og landkynning erlendis. Æskilegt er að ekki dragist öllu lengur að gera kvikmyndir um brautryðjendur íslenzkrar nútímalistar. Yrðu slíkar myndir, ef vel tækist til um gerð þeirra, góð fræðslutæki og ómetanleg gögn íslenzkri menningarsögu. Í fjárlögum fyrir árið 1957 voru ætlaðar 20 þús. kr. til kvikmyndagerðar undir stjórn Þjóðminjasafnsins. Nefndin telur æskilegt, að Listasafninu verði einnig tryggð nokkur fjárhæð í þessu skyni. Vel virðist geta komið til greina að láta gera kvikmynd um forna íslenzka list, t. d. um myndskreyting handritanna. Skipuleg heimildaöflun um íslenzka myndlist, forna og nýja, er að sjálfsögðu nauðsynleg forsenda þeirra framkvæmda, sem nefndar eru hér að framan, í liðunum c—d.
f. Sjálfsagt er að sýna íslenzka myndlist sem víðast um landið. Virðist einsætt að láta listasafnið efna til farandsýninga, ýmist með eigin myndum eða í samstarfi við listamenn. Skólahús ýmis og félagsheimili virðast kjörnir áfangastaðir fyrir slíkar farandsýningar.
g. Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að skipaður verði forstöðumaður safnsins, safnvörður og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum og að laun þeirra verði hin sömu og annarra hliðstæðra starfsmanna við íslenzk ríkissöfn, svo sem Landsbókasafn, Þjóðminjasafn og Náttúrugripasafn. Nú starfar við safnið umsjónarmaður, er ráðinn var þangað í október 1950 og skipaður í starfið árið 1953. Auk þess hafa verið gæzlukonur við safnið á sýningardögum og önnur keypt aðstoð við ýmis sérstök verkefni.

Um 5. gr.

Sjálfsagt virðist að forstöðumaður listasafnsins eigi sæti í safnráði og að myndlistarmenn séu með í ráðum um stjórn safnsins. En þar sem þeir hafa ekki með sér neitt sameiginlegt félag og allmargir þeirra eru ófélagsbundnir, er í frumvarpinu farin sú leið að ætla öllum myndlistarmönnum, sem fullnægt hafa inntökuskilyrðum myndlistarfélaganna og verið hafa eða eru félagsmenn í þeim, rétt til þess að kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð, myndhöggvara og tvo listmálara, á fundi, sem forstöðumaður listasafnsins annast um að kveðja saman. Félög myndlistarmanna eru nú þrjú, Félag íslenzkra myndlistarmanna, Nýja myndlistarfélagið og Félag óháðra

listamanna. Um val fimmta mannsins í safnráð hefur nefndin eigi orðið sammála. Meiri hlutinn (Birgir Thorlacius, Björn Th. Björnsson og Selma Jónsdóttir) lítur svo á, að fyrr eða síðar muni verða hafin kennsla í myndlistarsögu við háskólann og sé þá einsætt að ætla kennaranum í þeirri grein fast sæti í ráðinu og fela heimspekideild að nefna til varamann hans, en þangað til nefni deildin aðalmann og varamann í ráðið, — og eins ef svo skyldi skipast, að forstöðumaður safnsins yrði jafnframt kennari í listsögu við háskólann. Minni hlutinn (Gunnlaugur Scheving og dr. Gunnlaugur Þórðarson) leggja hins vegar til, að sá hluti frumvarpsgreinarinnar, er að þessu lýtur, orðist svo: „Fimmta mann í safnráð skipar menntamálaráðherra, svo og varamann hans. Skipun þeirra skal fara fram í þann mund, er ráðherra skipar formann útvarpsráðs eftir hverjar alþingiskosningar". Er það álit minni hlutans, að á þenna hátt sé áhugamönnum um myndlist tryggður fulltrúi í safnráði svo sem er í Noregi, og ráðuneytinu veitt beinni hlutdeild um stjórn safnsins. Þá sé þess enn fremur að gæta, að æviseta fleiri en eins manns í safnráði sé að ýmsu leyti óæskileg.

Um 6. gr.

Þar sem forstöðumaður safnsins ber að sjálfsögðu mesta ábyrgð á safninu, annast daglegan rekstur þess og hlýtur að móta mest þá stefnu sem fylgt er í störfum þess, virðist eðlilegt að veita honum þá aðstöðu í safnráði sem frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, þ. e. að samhljóða atkvæði allra annarra safnráðsmanna þurfi til ályktunar, ef forstöðumaður er henni andvígur. Þá er talið að það sé til bóta að krefjast skriflegrar greinargerðar hvors aðila um sig í gerðabók ráðsins ef slíkur ágreiningur verður, svo að deiluefni og málsrök liggi jafnan ljóst og ótvírætt fyrir. — Rétt virðist að safnráðsmenn fái þóknun fyrir störf sín.

Um 7. gr.

Meginhlutverk safnráðs verður að sjálfsögðu val mynda til safnsins. Sjálfsagt virðist þó, að safnráð taki einnig ákvarðanir um, hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast, hvort efna eigi til sérsýninga, og hafi safnráð og forstöðumaður yfirleitt samstarf og samráð um málefni þau, er miklu varða fyrir safnið.

Um 8. gr.

Með grein þessari er að því stefnt, að listaverkakaup safnsins miðist einvörðungu við það, að safnið eignist á hverjum tíma þær myndir, sem því er fengur í sakir listgildis þeirra og að engin önnur sjónarmið ráði myndavali.

Um 9. gr.

Vera má að safnstjórn bjóðist betra verk einhvers myndlistamanns en safnið á, en hafi hins vegar ekki fjárráð eða aðrar aðstæður til að bæta því við, nema láta aðra mynd af hendi eftir sama höfund. Má vera að safnið eigi t. d. allmörg verk frá einhverju ákveðnu tímabili á starfsferli listamannsins, en fá eða engin frá öðru skeiði. Þykir því sjálfsagt að heimila safnstjórn skipti á myndum, ef höfundur er á lífi og samþykkur ráðstöfuninni. Að öðru leyti þykir ekki rétt að heimila sölu mynda úr eigu safnsins.

Um 10. gr.

Það er kunnugt vandamál listasafna erlendis, að þeim berast tilboð um gjafir, gegn ákveðnum skilyrðum, er eigi samrýmast tilgangi safnanna. Virðist rétt að setja hér þau ákvæði, að gjafir til safnsins lúti sömu reglum og önnur listaverk þess, svo og að gjöfinni skuli fylgja formlegt gjafabréf.

Um 11. gr.

Um skeið voru myndir listasafnsins lánaðar í skóla og aðrar opinberar byggingar. Eftir að safnið hefur fengið sýningarsali getur verið að því mikið óhagræði að hafa myndirnar í lánum, jafnvel þótt þær séu í öruggri vörzlu. Listaverk þau, sem til safnsins eru keypt, eiga menn að geta séð í safninu. Skreyting opinberra bygginga er mál, sem leysa þarf með öðrum hætti en þeim að höggva skarð í listasafnið. Hins vegar þykir óhjákvæmilegt að veita safnstjórn heimild til að lána myndir á listsýningar, ef sérstök ástæða er til.

Um 12. gr.

Nefndin hafði hugsað sér að koma í veg fyrir, að salir safnsins yrðu lánaðir til sýninga, og starfsemi safnsins þannig trufluð. En hún viðurkennir réttmæti þess sem þjóðminjavörður tekur fram í sinni umsögn um frv. og leggur því til að safnráð meti þetta hverju sinni. Nauðsynlegt er að unnt sé að efna til sýninga, sem ríkið er aðili að, t. d. þegar það býður heim erlendum listsýningum svo sem var 1956 í sambandi við komu dönsku konungshjónanna. Meðan Listasafnið er í húsi Þjóðminjasafnsins, skal að sjálfsögðu hafa samráð við þjóðminjavörð um sérsýningar, sem safnið efnir til í húsinu.

Um 13. gr.

Listasafnið er nú, svo sem kunnugt er, til húsa í þjóðminjasafnsbyggingunni. Gera verður ráð fyrir því, að það safn þurfi á öllu sínu húsi að halda þegar fram líða stundir, og hljóti að því að reka, að hér verði reist sérstakt hús fyrir listasafn, enda var gert ráð fyrir því í lögum um Menntamálaráð og Menningarsjóð nr. 7/1928, 2. gr., c, og l. nr. 54/1928, 2. gr. Nefndin leggur áherzlu á, að byggingu listasafnshúss verði hraðað, enda hefur verið gert ráð fyrir því í lögum í rösk þrjátíu ár.

Um 14. gr.

Hér er í upphafi sett sú aðalregla, að réttur safnsins yfir listaverkum, sem það eignast, sé í samræmi við íslenzk höfundalög á hverjum tíma, þ. e. þau ákvæði laganna, sem lúta að afsali eða annarri afhendingu listaverks til fullrar eignar. Frá þeirri reglu eru þó gerð nokkur sérstaklega tiltekin frávik, eins og hér segir:

Réttur safnsins verður að því leyti þrengri en venjulegra afsalshafa, að hömlur eru lagðar á sölu eða aðra afhendingu listaverkanna samkvæmt 9. og 10. gr. Á hinn bóginn öðlast safnið rýmri rétt, bæði til opinberrar sýningar og eftirmyndunar, en almennt fylgir listaverki við afsal þess. Safnið fær fyrst og fremst rétt til opinberrar sýningar á listaverkunum í samræmi við tilgang sinn, sbr. a- og f-liði 2. gr., en auk þess almenna heimild til að lána þau á listsýningar, sbr. 11. gr. Þá fær safnið einnig rétt til eftirmyndunar á listaverkunum til eigin afnota og til sölu innan veggja safnsins. Hins vegar þykir rétt, að höfundar hafi íhlutunarrétt um aðrar eftirmyndanir, sem eru óviðkomandi starfsemi og tilgangi safnsins.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Fylgiskjal I.

Myndir í Listasafni ríkisins.

(* merkir eign Alþingis.)

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
Gjöf	1885	1	Frederik T. Kloss	Geitá og héraðið umhverfis
—	—	2	Christian A. Schleisner	Veiðimenn í Týról
—	—	3	Gotthard Werner	Hermenn í dómkirkjunni í Siena
—	—	4	Johan Boklund	Heimasæta
—	—	5	Carl F. Aaagaard	Í skógi
—	—	6	Peter N. Arbo	Valkyrja
—	—	7	Carl Balsgaard	Konumynd
—	—	8	Christian Blache	Eyjafjörður
—	—	9	Janus la Cour	Birkiskógur
—	—	10	Carl J. Lund	Í veiðigarðinum
—	—	11	Frederik Rohde	Skógarstígur
—	—	12	Jörgen Sonne	Úr stríðinu 1864
—	—	13	Anders Askevold	Farið í selið
—	—	14	Knud Bergslien	Birkibeinar forða Hákoni Hákonarsyni
—	—	15	Josef Hermann	Minjagripir
—	1886	16	Carl Bille	Á Norðursjónum
—	—	17	Carl M. Jensen	Í veiðigarðinum
—	—	18	Frederik Kiærskou	Í Skógi
—	—	19	Jörgen Roed	Mannsmynd
—	—	20	Joakim Skovgaard	Kjarrskógur á Skáni
—	—	21	Niels Skovgaard	Danskur bóndabær
—	—	22	Johan Wildenradt	Tisvildeskógur
—	—	23	Malmström og Gude	Víkingar heygja fallna
—	—	24	Voldemar Schults	Við miðjarðarbauginn
—	1887	25	Anna Ancher	Stúlkumynd
—	—	26	Michael Ancher	Sláttumaður
—	—	27	Otto Bache	Amagertorg við komu Rússakeisara
—	—	28	Johan Exner	Frá Faney
—	—	29	Peter Kröyer	Hjá Jóakim á Skaganum
—	—	30	Peter V. Kyhn	Á Borgundarhólmi
—	—	31	Georg Ligert	Um vetur
—	—	32	Carl Lund	Við Súsá
—	—	33	Anders Lunde	Bað
—	—	34	Louise Ravn-Hansen	Í Geelskógi
—	—	35	Emil Rosenstand	Stúlkumynd
—	—	36	Carl Schütte	Stjórnmálamaður
—	—	37	Anders Askevold	Dalir í Sunnfirði
—	—	38	Anders Askevold	Dalir í Sunnfirði
—	—	39*	Emilius Bærentsen	Kristján konungur VIII.
—	—	40*	Testrup	Páll Melsteð amtmaður
—	—	41*	August Schöitt	Jón Sigurðsson forseti
—	—	42*	Hans Chr. Jensen	Kristján konungur IX.
—	1892	43	R. Talbot-Kelly	Tyrkneskt hænahús
—	—	44	Augusta Dohlmann	Blóm
—	1895	45	Frederik T. Kloss	Við Öxará
—	—	46	Michael Ancher	Sjómaður
—	—	47	Carl Baagöe	Við Sönderborg
—	—	48	Otto Bache	Skarphéðinn vegur Þráinn
—	—	49	Christian Berthelsen	Í Friðriksbergsgarði

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
Gjöf	1895	50	Christian Blache	Eyjafjörður
—	—	51	Christian Blache	Við Eskifjörð
—	—	52	Christian Blache	Húsavík
—	—	53	Thorvald Brendstrup	Inni í Skógi
—	—	54	T. Coll	Skógarför
—	—	55	Christian Eckardt	Við Eyrarsund
—	—	56	Carl Emanuel Larsen	Geysir
—	—	57	Carl Locher	Á sjó við Kullen
—	—	58	Carl Locher	Úfinn sjór
—	—	59	J. H. Möller	Foss
—	—	60	Gustav Adolph Mordt	Milli fjalla
—	—	61	Johan Carl Neumann	Við strönd
—	—	62	Thorvald S. Niss	Í skógi
—	—	63	Vilhelm Pacht	Við strönd
—	—	64	M. Rasmussen	Íslandsfari
—	—	65	Vilhelm Rosenstand	Ungur Capríbúi
—	—	66	Anton Thorenfeld	Á Langalandi
—	—	67	Carl v. Schmidt-Phiseldeck	Skógartjörn
—	—	68	Frederik T. Kloss.	Bessastaðir
—	—	69	Frederik T. Kloss.	Við Elliðaár
—	—	70	Frederik T. Kloss	Brúará
—	—	71	Eftirmynd	Bertel Thorvaldsen
—	—	72	Óþekktur	Fyrir landi
—	1896	73	August Schiött	Við Þingvelli
—	—	74	A. Riis Carstensen	Við hellismusterið mikla
—	1911	75	Þórarinn B. Þorláksson	Áning
Keypt	1915	76	Ásgrímur Jónsson	Svínafell í Öræfum
—	—	77	Ásgrímur Jónsson	Múlakot í Fljótshlíð
—	—	78	Þórarinn B. Þorláksson	Kvöld við Breiðafjörð
—	—	79	Þórarinn B. Þorláksson	Frá Þingvöllum
—	—	80	Jóhannes S. Kjarval	Við Hornbjarg
Gjöf	—	81*	Cilius J. Andersen	Jón Sigurðsson á Gautlöndum
—	—	82*	Hermann Siegumfeldt	Pétur Pétursson biskup
—	—	83*	P. H. Wildhardt	Friðrik konungur VIII.
—	—	84	Ásgrímur Jónsson	Frá Vestmannaeyjum
—	—	85	Ásgrímur Jónsson	Frá Vestmannaeyjum
—	—	86	Þórarinn B. Þorláksson	Stóri Dímon
—	—	87	Þórarinn B. Þorláksson	Úr Miðdölum
—	—	88	Þórarinn B. Þorláksson	Frá Þingvöllum
—	—	89	E. Boehm	Alpafjöll í Austurríki
—	—	90	Ásgrímur Jónsson	Stefanía Stefánsdóttir
—	—	91	M. Stifter	Þýzk aðalsmær
300	—	92	Ásgrímur Jónsson	Sumarkvöld (Öræfajökull)
320	—	93	Ásgrímur Jónsson	Stóralág í Hornafirði
3	—	94	Þóra P. Thoroddsen	Frá Hálöndum á Skotlandi
Gjöf	1917	95	Einar Jónsson	Minning um stríðið
650	—	96	Ásgrímur Jónsson	Bringa við Þjórsá
500	—	97	Ásgrímur Jónsson	Bleiksárgljúfur
80	—	98	Ásgrímur Jónsson	Eirker og leirker
600	—	99	Þórarinn B. Þorláksson	Hekla
120	—	109	Þórarinn B. Þorláksson	Útsýn frá Svignaskarði
650	1918	101	Jóhannes S. Kjarval	Epli á fati
50	—	102	Kristín Jónsdóttir	Frá Slútnesi

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
500	1918	103	Kristín Jónsdóttir	Fiskverkun við Eyjafjörð
Keypt	—	104	Adolph Adler	Grískur hermaður
—	—	105–109	Valdemar Fjeldskov	Blýantsteikningar
—	—	110–111	Óþekktur	Pennateikningar
200	—	112	Guðmundur Thorsteinsson	Hafnarfjall
100	—	113	Guðmundur Thorsteinsson	Við vatnið
75	—	114	Guðmundur Thorsteinsson	Þórðarhöfði
75	—	115	Guðmundur Thorsteinsson	Fjallaþoka
Keypt	—	116	Ríkarður Jónsson	Þorri
—	—	117	Ríkarður Jónsson	Gömul kona í Vestmannaeyjum
1000	—	118	Ásgrímur Jónsson	Við Húsafell
Gjöf	1919	119–161	Helgi Sigurðsson	Teikningar
1650	—	162	Jóhannes S. Kjarval	Skógarhöllin
Gjöf	—	163	J. B. Zwecker	Fjallkonan
—	—	164	Sigríður Magnússon	Fríða
—	—	165	Sigríður Gunnarsson	Gullfoss
1135	—	166	Ásgrímur Jónsson	Háimúli í Fljótshlíð
1500	1920	167	Jón Stefánsson	„Stilleben“
1200	1921	168	Ásgrímur Jónsson	Hvítá
600	—	169	Þórarinn B. Þorláksson	Stofumynd
100	1922	170	Jón Þorleifsson	Örk í Reykjafirði
2000	—	171	Ásgrímur Jónsson	Hekla
700	—	172	Júlíana Sveinsdóttir	Eiríksjökull
400	—	173	Guðmundur Thorsteinsson	Eldhús á Húsafelli
Gjöf	—	174	Arngrímur Gíslason	Halldórsstaðir í Bárðardal
450	—	175	Brynjólfur Þórðarson	Frá Mývatni
50	—	176	Brynjólfur Þórðarson	Taflið
Gjöf	—	177	Sigurhans Vignir	Staðarfell
—	1923	178	Jón Jónsson	Tryppa-Gísli
—	—	179	Þórarinn B. Þorláksson	Alþingishúsið
1500	—	180	Jón Stefánsson	Kvöld (Tindafjöll)
750	—	181	Þórarinn B. Þorláksson	Morgunn í Laugardal
750	—	182	Þórarinn B. Þorláksson	Úr Laugardal
400	1924	183	Eyjólfur Eyfells	Úr Húsadal á Þórsmörk
350	—	184	Eyjólfur Eyfells	Tindafjallajökull
500	—	185	Jón Þorleifsson	Höfn í Hornafirði
300	—	186	Jón Þorleifsson	Sólarlag
760	—	187	Jóhannes S. Kjarval	Álfaborgir
100	—	188	Ásgeir Bjarnþórsson	Í ljósaskiptum
Gjöf	—	189	Sigurður Guðmundsson	Gunnar á Hlíðarenda
—	—	190	Sigurður Guðmundsson	Grettir Ásmundarson
—	—	191	Sigurður Guðmundsson	Helgi Harðbeinsson
60	—	192	Tryggvi Magnússon	Frá Hólmavík
Gjöf	1925	193*	Heinrich Dohm	Hilmar Finsen
—	—	194	Arngrímur Gíslason	Uxahver
—	—	195	Joakim Skovgaard	Jungfrúin í Ormshamnum
—	—	196	Benedikt Gröndal	Norðurfjöllin
—	—	197	Benedikt Gröndal	Goðafoss
—	1926	198	Finnur Jónsson	Úr Hamarsfirði
—	—	199	Finnur Jónsson	Á miðinu
—	—	200–211	Óþekktur	Andlitsmyndir
—	—	212	Elinborg Thorberg	Ung stúlka
500	—	213	Júlíana Sveinsdóttir	Frá Vestmannaeyjum

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
1200	1927	214	Jón Stefánsson	Frá Gjánni efri
800	—	215	Jón Stefánsson	Hrafnabjörg og Kálfstindar
906	—	216	Emile Walters	Um vor
906	—	217	Emile Walters	Í fullum blóma
906	—	218	Emile Walters	Öndvert haust
906	—	219	Emile Walters	Í fönn
165	—	220	Jóhannes S. Kjarval	Guðmundur bóndi
165	—	221	Jóhannes S. Kjarval	Öldruð kona
165	—	222	Jóhannes S. Kjarval	Ung stúlka
1000	—	223	Emanuel Larsen	Öxarárfoss
Gjöf	—	224	Theo Hemming	Frá nágrenni Þingvalla
1500	—	225	Ásgrímur Jónsson	Baula
500	—	226	Ásgrímur Jónsson	Úr Hornafirði
250	—	227	Ásgrímur Jónsson	Kvöld í Reykjavík
600	—	228	Jón Þorleifsson	Úr Hornafirði
400	1928	229	Freymóður Jóhannesson	Hallormsstaðarskógur
Gjöf	—	230	Emile Walters	Kolteikning
—	—	231	Emile Walters	Mynd af gömlum manni
200	—	232	Jón Þorleifsson	Úr Hornafirði
200	—	233	Jón Þorleifsson	Úr Hornafirði
300	—	234	Ásgrímur Jónsson	Vatnslitamynd
300	—	235	Ásgrímur Jónsson	Úr Hornafirði
400	—	237	Ásgrímur Jónsson	Hekla
1200	—	238	Ásgrímur Jónsson	Hekla
975	—	239	Gunnlaugur Blöndal	Konumynd
600	—	240	Ásgrímur Jónsson	Esjan úr Vinaminni
500	—	241	Ásgrímur Jónsson	Vatnslitamynd
600	—	242	Finnur Jónsson	Sjávarmynd
Gjöf	—	243–266	Óþekktur	Mjög illa farnar olíumyndir
600	—	267	Jón Þorleifsson	Hekla
125	—	268–269	Guðmundur Thorsteinsson	Teikningar
Gjöf	—	270	Þóra P. Thoroddsen	Frá Hálöndum
—	—	271	Þóra P. Thoroddsen	Landslagsmynd
—	—	272	Benedikt Gröndal	Norðurfjöllin
—	—	273	Benedikt Gröndal	Miðnæturmynd
—	—	274	Benedikt Gröndal	Landslagsmynd
400	—	275	Jón Þorleifsson	Úr Hornafirði
750	—	276	Jón Þorleifsson	Af Þingvöllum
100	—	277	Höskuldur Björnsson	Úr Hornafirði
180	—	278	Sveinn Þórarinsson	Heimaklettur
320	—	279	Sveinn Þórarinsson	Herðubreið
1000	—	280	Hans Olaf Heyerdahl	Niels Finsen læknir
5000	—	281–330	Jóhannes S. Kjarval	Andlitsmyndir
1500	—	331	Gunnlaugur Blöndal	Eiríkur Briem
600	—	332	Guðmundur Einarsson	Kerlingarfjöll
800	—	333	Guðmundur Einarsson	Hrútafell
500	1929	334	Ólafur Túbals	Bleiksárgljúfur
300	—	335	Eggert Laxdal	Sólarupprás
200	—	336	Eggert Laxdal	Garður
200	—	337	Eggert Laxdal	Suðrænn furuskógur
200	—	338	Eggert Laxdal	Gata í Cannes
200	—	339	Eggert Laxdal	Frá Suður-Frakklandi
500	—	340	Brynjólfur Þórðarson	Valahnúkur

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
1000	1929	341	Jón Stefánsson	Höfnin
1000	—	342	Jón Stefánsson	Eiríksjökull
500	—	343	Jón Stefánsson	Hvalur
15	—	344	Frederik T. Kloss	Húsavík
10	—	345	Frederik T. Kloss	Skálholt
19	—	346	Frederik T. Kloss	Íslenzkt landslag
Gjöf	—	347	Bertha Wegmann	Landslag í Sviss
—	—	348	Bertha Wegmann	Dauði gamals fanga
—	—	349	Bertha Wegmann	Ein á gangi í skóginum
—	—	350	Bertha Wegmann	Olíumynd
250	—	351	Jón Engilberts	„Stilleben“
300	—	352	Jón Engilberts	Nótt
850	—	353	Jóhannes S. Kjarval	Hrafnabjörg
600	—	354	Eggert Laxdal	Af Þingvallavatni
400	—	355	Kristín Jónsdóttir	Kálhöfuð
600	—	356	Kristín Jónsdóttir	Gullfoss
1000	—	357	Júliana Sveinsdóttir	Olíuviðartré á Ítalíu
500	—	358	Jóhannes S. Kjarval	Jöklasýn sunnanlands
500	—	359	Jóhannes S. Kjarval	Sjór við Vestmannaeyjar
1200	—	360	Gunnlaugur Blöndal	Maður og kona
600	—	361	Ólafur Túbals	Valahnúkur á Þórsmörk
5000	1930	362	Guðmundur Thorsteinsson	Altaristafla
800	—	363	Jón Þorleifsson	Súlur
450	—	364	Snorri Arinbjarnar	Blanda og Langadalsfjall
1250	—	365	Jón Stefánsson	Útigangshestar
1250	—	366	Jón Stefánsson	Sumarnótt
1800	—	367	Finnur Jónsson	Morgunn á miðinu
600	—	368	Eggert Laxdal	Vetur við Reykjavík
Gjöf	—	369	Börn Gríms Jónss. amtm.	Teikningar
1800	—	370	Ásgrímur Jónsson	Botnssúlur
10	—	371	Þorsteinn Guðmundsson	Hjálmholt
300	—	372	Þorvaldur Skúlason	Frá Opdal
200	—	373	Þorvaldur Skúlason	Frá Opdal
250	—	374	Brynjólfur Þórðarson	Munkur
250	—	375	Brynjólfur Þórðarson	Ítali
Gjöf	—	376	Arngrímur Gíslason	Brenna Möðruvallakirkju
—	—	377	Ármann Sveinsson	Teikningar
1000	—	378	Sigurður Guðmundsson	Séra Arnljótur Ólafsson
35	—	379	Eggert Guðmundsson	Jón Pálsson frá Hlíð
35	—	380	Eggert Guðmundsson	Konumynd
35	—	381	Eggert Guðmundsson	Ánanaustarbærinn
50	—	382	Eggert Guðmundsson	Sölvhóll
35	—	383	Eggert Guðmundsson	„Meiddu mig ekki Gunna“
35	—	384	Eggert Guðmundsson	Djákninn á Myrká
35	—	385	Eggert Guðmundsson	Öreigar
350	—	386	Eggert Guðmundsson	Gaukshöfði
Gjöf	—	387	Þórarinn B. Þorlákssson	Þverárdalur
600	—	388	Eggert Laxdal	Frá Þingvallavatni
1000	—	389	Tryggvi Magnússon	„Amma, segðu mér sögu“
35	—	390	Kristinn Pétursson	Hofskirkja í Öræfum
2000	—	391	Gunnlaugur Scheving	Bassabáturinn
100	—	392	Kristinn Pétursson	Innri Lambadalur
100	—	393	Kristinn Pétursson	Innri Lambadalur

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
100	1930	394	Kristinn Pétursson	Fjárhús í Alviðru
100	—	395	Kristinn Pétursson	Sjónarhús í Næfranesi
100	—	396	Kristinn Pétursson	Hólar í Hjaltadal
100	—	397	Kristinn Pétursson	Mikligarður í Langholti
1800	—	398	Sveinn Þórarinsson	Herðubreið
600	—	399	Ólafur Túbals	Eftir regn
200	—	400	Ólafur Túbals	Úr Skagafirði
150	—	401	Ólafur Túbals	Hjarðarholt
2500	—	402	Jóhannes S. Kjarval	Vífilsfell
900	—	403	Jón Þorleifsson	Baula
800	—	404	Jón Þorleifsson	Esja
800	—	405	Jón Þorleifsson	Flosagjá
2500	—	406	Gunlaugur Blöndal	Reykjavíkurhöfn
1300	1931	407	Jón Stefánsson	Rekaviður
2000	—	408	Jón Stefánsson	Þorgeirsboli
800	—	409	Eggert Laxdal	Undir Gaukshöfða
1800	—	410	Jóhannes S. Kjarval	Hrafnabjörg
815	—	411	Brynjólfur Þórðarson	Rjúpnafell á Þórsmörk
50	—	412	Óþekktur	Smámynd
600	—	413	Eggert Guðmundsson	Eiríksjökull
Gjöf	—	414	Benedikt Gröndal	Eyvindarstaðir á Álftanesi
—	—	415	Benedikt Gröndal	Bessastaðir
—	—	416	Benedikt Gröndal	Garðar á Álftanesi
Gjöf	—	417	Heinrich	Verzlunarhúsin á Eyrarbakka
2500	1932	418	Jóhannes S. Kjarval	Sumarnótt á Þingvöllum
1250	—	419	Ásgrímur Jónsson	Djákninn á Myrká
1250	—	420	Ásgrímur Jónsson	Vetrarkvöld í Hafnarfirði
500	—	421	Guðmundur Thorsteinsson	Teikning
Gjöf	—	422	Frederik T. Kloss	Hjálmholt
92	—	423	J. A. Lander	Myndir úr uppdrætti Íslands
600	1933	424	Jón Þorleifsson	Arnarfell
750	—	425	Sveinn Þórarinsson	Hljóðaklettur
1000	—	426	Eggert Laxdal	Gjá í Þingvallahrauni
1500	—	427	Jón Stefánsson	Landsýn
1500	—	428	Jón Stefánsson	Nautkálfar og kýr
600	—	429	Gunnlaugur Blöndal	Leikkona
900	—	430	Gunnlaugur Blöndal	Einar Benediktsson
750	—	431	Gunnlaugur Blöndal	Einar H. Kvaran
750	—	432	Gunnlaugur Blöndal	Sigvaldi Kaldalóns
1500	—	433	Gunnlaugur Scheving	Konur við þvott
200	—	434	Maja Baldvins	Málverk
1500	—	435	Júlíana Sveinsdóttir	Hundurinn og hrafnarnir
500	—	436	Óþekktur	Appolon
500	—	437	Óþekktur	Orfeus
1000	1934	438	Guðmundur Thorsteinsson	Adam og Eva í Paradís
2000	—	439	Jón Stefánsson	Hannes Hafstein
	—	440	Jón Stefánsson	Málverk
750	—	441	Jóhannes S. Kjarval	Kvöldsól á Vífilsfelli
750	—	442	Jóhannes S. Kjarval	Vífilsfell í dumbungsveðri
Gjöf	1935	443	Arngrímur Gíslason	Jón Sigurðsson forseti
—	—	444	Arngrímur Gíslason	Rafael Santi málari
900	—	445	Jón Þorleifsson	Flosagjá
25	—	446	Þorsteinn Guðmundsson	Mannsmynd

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
Gjöf	1935	447	Óþekktur	Frá Feneyjum
750	—	448	Sveinn Þórarinsson	Vorleysingar í Ásbyrgi
550	1936	449	Gunnlaugur Blöndal	Jóhannes Jóhannesson
1000	—	450	Jón Þorleifsson	Frá Þingvöllum
Gjöf	—	451–458	Sveinungi Sveinungason	Teikningar
1200	—	459	Kristín Jónsdóttir	Við Þvottalaugarnar
1200	—	460	Finnur Jónsson	Bátur á siglingu
300	1937	461	Benedikt Gröndal	Minningarblað
300	—	462	Magnús Á. Árnason	Í Almannagjá
Gjöf	—	463	Óþekktur	Bessastaðir
20	—	464–477	J. W. Thompson	Vatnslitamyndir
20	—	478–495	A. E. Thompson	Vatnslitamyndir
Gjöf	—	496	Sveinungi Sveinungason	Ljón
Keypt	—	497	Emanuel Larsen	Útsýn frá Hrafnagjá
Gjöf	—	498	Frits Syberg	Uppskerulandslag í síðdegissól
800	—	499	Jón Þorleifsson	Vestra Horn við Hornafjörð
800	—	500	Eggert Laxdal	Við Mývatn
1000	—	501	Ásgrimur Jónsson	Úr Húsafellsskógi
750	—	502	Finnur Jónsson	Gígar við Laka
800	—	503	Kristján Magnússon	Vetur á Þingvöllum
600	—	504	Ólafur Túbals	Frá Múlakoti
Keypt	—	505	Ásgrímur Jónsson	Hvannadalur
	—	506	Ásgrímur Jónsson	Hjaltastaðabláin
	—	507	Ásgrímur Jónsson	Baula
Gjöf	1938	508	J. P. Wildenradt	Björn Bjarnarson sýslumaður
1200	—	509	Jóhannes S. Kjarval	Úr Svínahrauni
400	—	510	Eggert Guðmundsson	Einar Árnason
400	—	511	Freymóður Jóhannsson	Sigurður Sigurðsson
400	—	512	Eggert Guðmundsson	Björgvin Guðmundsson
600	—	513	Freymóður Jóhannsson	Halldór Vilhjálmsson
670	—	514–576	C. L. Petersen	Teikningar
25	—	577	Óþekktur	Teikning
1000	—	578	Gunnlaugur Blöndal	Jónas Jónsson
400	—	579	Inger Blöndal	Drengur
Gjöf	—	580–581	Óþekktur	Málverk
700	—	582	Tryggvi Magnússon	Dr. Jón Þorkelsson
Gjöf	—	583	August Schiött	Skógarfoss
—	—	584	August Schiött	Geysir
1500	—	585	Þorvaldur Skúlason	Komposition
500	—	586	Þorvaldur Skúlason	Lesandi kona
1350	—	587	Jón Stefánsson	Skarfar
1350	—	588	Jón Stefánsson	Ölfusá
1350	—	589	Jón Stefánsson	Tindafjallajökull
450	—	590	Jón Þorleifsson	Siglufjörður
500	—	591	Jóhann Briem	Liggjandi kona
1000	—	592	Gunlaugur Scheving	Gömul kona
1600	—	593	Sveinn Þórarinsson	Í réttum
1500	—	594	Finnur Jónsson	Beinin hennar Stjörnu
400	1939	595	Eggert Laxdal	Vindbelgjarfjall
550	—	596	Gunnlaugur Blöndal	Benedikt Sveinsson
2000	—	597	Kristín Jónsdóttir	Öræfajökull
800	—	598	Jóhannes S. Kjarval	Mosi og hraun
400	—	599	Snorri Arinbjarnar	Bergstaðastræti

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
600	1939	600	Ólafur Túbals	Álfakirkja
400	—	601	Jóhann Briem	Heyannir
800	—	602	Jón Þorleifsson	Vestra Horn við Hornafjörð
300	—	603	Gunnlaugur Scheving	Hjörtur Snorrason
1000	—	604	Kristín Jónsdóttir	Dimmuborgir
450	1940	605	Júlíana Sveinsdóttir	Stofublóm
550	—	606	Júlíana Sveinsdóttir	Skógarmynd
300	—	607	Gunnlaugur Scheving	Festarfjall
200	—	608	Gunnlaugur Scheving	Menn að setja bát
150	—	609	Gunnlaugur Scheving	Bátur í Grindavík
800	—	610	Jón Þorleifsson	Almannagjá
200	—	611	Matthías Sigfússon	Háagjá
1500	—	612	Finnur Jónsson	Fuglabjarg
500	—	613	Finnur Jónsson	Piltur og stúlka
1000	—	614	Sigurður Guðmundsson	Jón Aðalsteinn Sveinsson
500	—	615	Ásgeir Bjarnþórsson	Guðmundur Ólafsson í Ási
350	—	616	Gunnlaugur Scheving	Grindavík
450	—	617	Gunnlaugur Scheving	Úthaf
700	—	618	Jón Þorleifsson	Grjótprammi
600	—	619	Þorvaldur Skúlason	Við glugga
600	—	620–625	Eggert Laxdal	Vatnslitamyndir
650	—	626	Magnús Jónsson	Baula
400	—	627	Ólafur Túbals	Úr Fljótshlíð
375	—	628–631	Barbara Árnason	Vatnslitamyndir
800	—	632	Jóhannes S. Kjarval	Mosi á Þingvöllum
350	—	633	Jón Egilberts	Frá Þingvöllum
1500	—	634	Jón Engilberts	Kvöld í sjávarþorpi
150	—	635–636	Jón Engilberts	Teikningar
Gjöf	—	637	Eggert Guðmundsson	Teikning
1200	1941	638	Karen Agnete Þórarinsson	Kona
	—	639	Óþekktur	
1600	—	640	Jóhannes S. Kjarval	Mosi við Vífilsfell
800	—	641	Jóhannes S. Kjarval	Vindstroka
800	—	642	Finnur Jónsson	Frá Reykjavíkurhöfn
700	—	643	Ásgrímur Jónsson	Úr Borgarfirði (Baula)
900	—	644	Ásgrímur Jónsson	Frá Þingvöllum
1600	—	645	Jóhannes S. Kjarval	Vor (Esjan)
500	—	646	Ásgeir Bjarnþórsson	Einar Árnason
600	—	647	Höskuldur Björnsson	Æðarfugl
300	—	648	Höskuldur Björnsson	Lundar
800	—	649	Gunnlaugur Blöndal	Frá Siglufirði
Gjöf	—	650	Jóhann Briem	Hvíti hesturinn
150	—	651	Ólafur Túbals	Kirkjubæjarklaustur
1000	1942	652	Þórarinn B. Þorláksson	Sjálfsmynd
1500	—	653	Jóhannes S. Kjarval	Frá Þingvöllum
1700	—	654	Sveinn Þórarinsson	Gangnamenn
1500	—	655	Sveinn Þórarinsson	Vetrarferð í kaupstað
200	—	656	Sveinn Þórarinsson	Húsavík um vetur
1000	—	657	Sveinn Þórarinsson	Júlíkvöld í Axarfirði
1800	—	658	Finnur Jónsson	Vegurinn
1000	—	659	Finnur Jónsson	Mosar
1000	—	660	Finnur Jónsson	Lakagígar
800	—	661	Finnur Jónsson	Úr Vesturbænum

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
200	1942	662	Finnur Jónsson	Snæfell frá Laugum
4000	—	663	Eggert Guðmundsson	Jarðarför í sveit
800	—	664	Gunnlaugur Blöndal	Jón Árnason prentari
800	—	655	Gunnlaugur Blöndal	Stúlkumynd
700	—	666	Höskuldur Björnsson	Himbrimahjón
1200	—	667	Guðmundur Einarsson	Skjaldbreiður og Háagjá
1200	—	668	Guðmundur Einarsson	Rostungur
1000	—	669	Ásgeir Bjarnþórsson	Jón Magnússon
3000	—	670	Jóhannes S. Kjarval	Vetrarmorgunn á Þingvöllum
3000	—	671	Jóhannes S. Kjarval	Nýr dagur
400	—	672	Árni Ólafsson	Þreyttur verkamaður
250	—	673	Eggert Guðmundsson	Björn Kristjánsson alþingismaður
1500	—	674	Eggert Laxdal	Goðafoss
1000	—	675	Eggert Laxdal	Hekla
250	—	676	Eggert Guðmundsson	Bóndi á Snæfellsnesi
250	—	677	Eggert Guðmundsson	Konumynd
	—	678	Óþekktur	Teikning
Gjöf	—	679	Ingibjörg Briem	Úr Reykjavík
—	—	680	Erlendur Þórðarson	Teikning
1650	—	681	L. Dumini	Madonna della sedia
1000	—	682	Gunnlaugur Blöndal	Einar Árnason
	—	683	Freymóður Jóhannsson	Snæfell
1000	1943	684	Gunnlaugur Blöndal	Jörundur Brynjólfsson
Gjöf	—	685	Brynjólfur Þórðarson	Þjóðfundurinn
2000	—	686	Nína Tryggvadóttir	Frá Ólafsvík
2000	—	687	Kristín Jónsdóttir	Úr Þingvallahrauni
2500	—	688	Gunnlaugur Scheving	Fólk að fara til kirkju
2500	—	689	Gunnlaugur Scheving	Kanna og laukur
1200	—	690	Snorri Arinbjarnar	Bátalega
2800	—	691	Snorri Arinbjarnar	Telpur með brúðu
5000	—	692	Þorvaldur Skúlason	Rauða teppið
1350	—	693	Guido Reni (eftirmynd)	Madonna
3500	1944	694	Jóhann Briem	Sumardagur
2500	—	605	Jón Engilberts	Í sveit
2500	—	696	Jón Engilberts	Morgunn
600	—	697	Nína Tryggvadóttir	Konumynd
5000	—	698	Gunnlaugur Blöndal	Þverá í Laxárdal
3000	—	699	V. H. Janssens	Fundinn Móses
4000	—	700	Finnur Jónsson	Hrafnabjörg
Gjöf	—	701	Óþekktur	Mynd af Geysi
—	—	702	Óþekktur	Málverk frá Kaupmannahöfn
4500	—	703	Jón Þorleifsson	Kvöld við Breiðafjörð
500	—	704	Jón Þorleifsson	Tré við Kaldá
4000	—	705	Jóhann Briem	Skip með hvítu segli
2000	—	706	Kristinn Pétursson	Íslenzkt landslag
Keypt	—	707	Óþekktur	Á flótta til Egyptalands
—	—	708	Hendrik van Balen	Goðsagnamynd
—	—	709	Hendrik van Balen	Goðsagnamynd
—	1945	710	Ásgrímur Jónsson	Vatnslitamynd
6000	—	711	Jón Engilberts	Svartkrítarmynd
2000	—	712	Guðmundur Thorsteinsson	Selstúlkur
2000	—	713	Guðmundur Thorsteinsson	Konumynd
2000	—	714	Guðmundur Thorsteinsson	Bær í Holtum

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
150	1945	715	Halldór Pétursson	Hestaat
2500	—	716	Di Campidoglio	Ávextir og blóm
2500	—	717	Di Campidoglio	Ávextir og blóm
5000	1946	718	Svavar Guðnason	Ljóð og lag í litum
5000	—	719	Svavar Guðnason	Íslandslag
Gjöf	—	720	Niels Vinding Dorph	„Renaissance"-mynd
2500	—	721	Júlíana Sveinsdóttir	Uppstilling
1200	—	722	Kristinn Pétursson	Bær undir fjöllum
1800	—	723	Kristinn Pétursson	„Þokan sveipar landið"
3500	—	724	Jóhann Briem	Gulur riddari og blá jómfrú
1500	—	725	Auguste Delierre	Bandingjar
1500	—	726	Auguste Delierre	Bandingjar
4000	1947	727	Nína Tryggvadóttir	Konumynd
3000	—	728	Hörður Ágústsson	Venus
4000	—	729	Jóhannes Jóhannesson	Kona við glugga
Gjöf	—	730–737	Carl V. Meyer	Olíumálverk
—	—	738–752	Edvard Munch	Svartlistarmyndir
1200	—	753	Árni Ólafsson	Piltur og stúlka í bakhúsahverfi
2000	—	754	Magnús Þórarinsson	Séð yfir Stapafell
Gjöf	—	755	Tryggvi Magnússon	Gullfoss
3600	—	756	Sigurður Sigurðsson	Sjálfsmynd
2800	—	757	Jón Þorleifsson	Morgunn í Stykkishólmi
1000	—	758	Jón Þorleifsson	Hagi við Reykjavík
3000	—	759	Snorri Arinbjarnar	Þvottakarfan
2000	1948	760	Höskuldur Björnsson	Æðarfugl
7000	—	761	Jens Söndergaard	Tvær konur
2000	—	762	Höskuldur Björnsson	Frá Hornafirði
4500	—	763	Erling Engers	Faðir og sonur
Gjöf	—	764	Bertel Thorvaldsen	Teikning
—	—	765	Bertel Thorvaldsen	Teikning
6000	—	766	Svavar Guðnason	Stuðlaberg
	—	767	Ásgrímur Jónsson	Björn Jónsson ráðherra
3000	1949	768	Freymóður Jóhannsson	Bernharð Stefánsson
10000	—	769	Gunnlaugur Scheving	Lagt að dufli
600	—	770	Hörður Ágústsson	Dúfnakofinn
500	—	771	Kristinn Pétursson	Siglufjörður
450	—	772	Kristinn Pétursson	Á þjóðveginum
450	—	773	Kristinn Pétursson	Rauðkrítarteikning
1000	—	774	Kristján Davíðsson	Skip
1000	—	775	Kristján Davíðsson	Erlent landslag
2000	—	776	Júlíana Sveinsdóttir	Frá Kolviðarhóli
3000	—	777	Júlíana Sveinsdóttir	Mannsmynd
2000	—	778	Júlíana Sveinsdóttir	Frá Vestmannaeyjum
Gjöf	—	779	Júlíana Sveinsdóttir	Kristsmynd
5000	—	780	Jón Þorleifsson	Hellisgerði
4000	—	781	Þorvaldur Skúlason	Komposition
5000	—	782	Gunnlaugur Blöndal	Gísli Sveinsson
4000	—	783	Valtýr Pétursson	Í vinnustofunni
1000	—	784	Jóhannes Jóhannesson	Vetur
3500	1950	785	Sigurður Sigurðsson	Úr nágrenni Reykjavíkur
3000	—	786	Gunnar Gunnarsson	Uppstilling
Gjöf	—	787	Óþekktur	Bardagi
7000	—	788	Jón Stefánsson	Model

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
5000	1950	789	Magnús Jónsson	Þorsteinn Þorsteinsson
5000	—	790	Örlygur Sigurðsson	Jón Pálmason
3000	—	791	Kristján Davíðsson	Kona og barn
2000	—	792	Kjartan Guðjónsson	Kona í stól
4000	—	793	Veturliði Gunnarsson	Vetrardagur
8000	1951	794	Jón Engilberts	Fólk að koma frá vinnu
2000	—	795	Jón Engilberts	Vor og æska
Gjöf	—	796–822	Bernt Grönvold	Teikningar
4000	—	823	Nína Tryggvadóttir	Inni
4000	—	824	Snorri Arinbjarnar	Bátar í fjöru
2000	—	825	Kjartan Guðjónsson	Gríma
2000	—	826	Valtýr Pétursson	Á gráum grunni
2000	—	827	Valtýr Pétursson	Lóðrétt form
Keypt	—	828	Gunnlaugur Blöndal	Kristján konungur X.
—	—	829	Gunnlaugur Blöndal	Alexandrína drottning
Gjöf	—	830–880		Norsk svartlist
4000	—	881	Hörður Ágústsson	Haf, jörð, loft
3500	—	882	Sigurður Sigurðsson	Frá Vestfjörðum
1500	—	883	Sigurður Sigurðsson	Uppstilling
2200	—	884	Örlygur Sigurðsson	Úr Laugardal
1800	—	885	Örlygur Sigurðsson	Lækjargil á Akureyri
1000	—	886	Örlygur Sigurðsson	Strandferð
4000	—	887	Karl Kvaran	Komposition
		888**	Ásgrímur Jónsson	Keilir
		889	Brynjólfur Þórðarson	Epli á borði
		890	Eggert Laxdal	Skjaldbreiður
		891	Eyjólfur Eyfells	Vorsabæjarhjáleiga
		892	Finnur Jónsson	Hagavatn
		893	Gréta Björnsson	Stapafell
		894	Guðmundur Einarsson	Frá Þórsmörk
		895	Guðmundur Einarsson	Frá Týról
		896	Guðmundur Thorsteinsson	Frá Vatneyri
		897	Guðmundur Thorsteinsson	Frá Ítalíu
		898	Guðmundur Thorsteinsson	Vitfirringar
		899	Gunnar Gunnarsson	Sjálfsmynd
		900	Gunnar Gunnarsson	Landslag (Fljótsdalur)
		901	Gunnlaugur Blöndal	Fiskibátar við bryggju
		902	Gunnlaugur Scheving	Aldan
		903	Gunnlaugur Scheving	Gömul kona
		904	Gunnlaugur Scheving	Skógarmynd
		905	Gunnlaugur Scheving	Hús úr Grindavík
		906	Höskuldur Björnsson	Sjálfsmynd
		907	Jóhann Briem	Tré á leiði
		908	Jóhannes S. Kjarval	Handsal
		909	Jóhannes S. Kjarval	Skipbrotsmaður
		910	Jóhannes S. Kjarval	Íslenzkir listam. við skilningstréð
		911	Jón Stefánsson	Frá ytri höfninni
		912	Jón Þorleifsson	Öræfajökull
		913	Jón Þorleifsson	Skip í Reykjavíkurhöfn
		914	Karen Agnete Þórarinsson	Konur að spila
		915	Karen Agnete Þórarinsson	Gullna hliðið

**) Nr. 888—943 safn Markúsar Ívarssonar.

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
		916	Snorri Arinbjarnar	Bátar
		917	Snorri Arinbjarnar	Ægisgarður
		918	Snorri Arinbjarnar	Hvít hús, blár himinn
		919	Svavar Guðnason	Baula (vatnslitir)
		920	Sveinn Þórarinsson	Lestaferð
		921	Sveinn Þórarinsson	Úr Kelduhverfi
		922	Þórarinn B. Þorláksson	Vestan úr Dölum
		923	Þorvaldur Skúlason	Frá Reykjavíkurhöfn
		924	Þorvaldur Skúlason	Kona í stól
		925	Þorvaldur Skúlason	Kona að lesa
		926	Þorvaldur Skúlason	Úr Hafnarfirði
		927	Jón Þorleifsson	Sumar
		928	Snorri Arinbjarnar	Hús í Reykjavík
		929	Snorri Arinbjarnar	Frá Kaupmannahöfn (vatnslitir)
		930	Snorri Arinbjarnar	Frá Kaupmannahöfn (vatnslitir)
		931	Snorri Arinbjarnar	Frá Kaupmannahöfn (vatnslitir)
		932	Brynjólfur Þórðarson	Hengillinn
		933	Eyjólfur Eyfells	Landslagsmynd
		934	Guðmundur Thorsteinsson	Lappakona (teikning)
		935	Sveinn Þórarinsson	Á krossgötum (svartlist)
		936	Gréta Björnsson	Skálafell á Hellisheiði (vatnslitir)
		937	Höskuldur Björnsson	Andlitsmynd (vatnslitir)
		938	Guðmundur Thorsteinsson	Konumynd (teikning)
		939	Guðmundur Thorsteinsson	Sjálfsmynd (teikning)
		940	Guðmundur Thorsteinsson	Teikning
		941	Guðmundur Thorsteinsson	Teikning
		942	Karen Agnete Þórarinsson	Skógarmynd
		943	Finnur Jónsson	Úr Haugahrauni
12000	1952	944	Finnur Jónsson	Selir á skeri
6000	—	945	Gunnlaugur Blöndal	Frá Vestmannaeyjum
4000	—	946	Kristín Jónsdóttir	Við fjósið
3000	—	947	Kristín Jónsdóttir	Tinkanna og ávextir
2000	—	948	Sverrir Haraldsson	Málverk
3000	—	949	Sverrir Haraldsson	Málverk
4000	—	950	Eiríkur Smith	Komposition
5000	—	951	Hjörleifur Sigurðsson	Við gluggann
18000	—	952	Ásgrímur Jónsson	Múlakot í Fljótshlíð
400	—	953	Brynjólfur Þórðarson	Halldór Steinsen
700	—	954	Gunnlaugur Blöndal	Sveinn Björnsson
800	—	955	Gunnlaugur Blöndal	Síldarstúlka
Gjöf	1953	956	Jóhannes S. Kjarval	Frá Þingvöllum
—	—	957	Jón Stefánsson	Skjaldbreiður
15000	—	958	Ásgrímur Jónsson	Tindafjöll
4000	—	959	Karl Kvaran	Komposition
2500	—	960	Kristján Davíðsson	Telpa
7000	—	961	Svavar Guðnason	Munhöll
7500	—	962	Jón Þorleifsson	Blóm
3000	—	963	Jóhann Briem	Jerúsalem
8500	—	964	Karen Agnete Þórarinsson	Systur
9000	—	965	Sveinn Þórarinsson	Þingvallavatn
20000	—	966	Ásgrímur Jónsson	Kiðá í Húsafellsskógi
3100	—	967	Sigurður Sigurðsson	Sumar á Síðu
5000	—	968	Þorvaldur Skúlason	Komposition

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
Gjöf	1953	969	Mogens Andersen	Uppstilling
—	—	970	Oluf Höst	Hringkirkja á Borgundarhólmi
—	—	971	Kræsten Iversen	Steinar og gömul grenitré
—	—	972	Egill Jakobsen	Gríma
—	—	973	Egon Mathiesen	Hjólreiðamaðurinn
—	—	974	Olaf Rude	Uppstilling
—	—	975	Jörgen Thomsen	Goðalilja
—	—	976	Hans Öllgaard	Ágústkvöld
—	—	977	William Scharff	Greniskógur í dumbungsveðri
—	—	978	Sigurd Swane	Haustlandslag
—	—	979	Helge Jensen	Frá kirkjugarðinum á Herlufsholm
—	—	980–1003		Dönsk svartlist
6000	—	1004	Snorri Arinbjarnar	Skip á Skagaströnd
12000	1954	1005	Jón Stefánsson	Túlípanar
5000	—	1006	Þorvaldur Skúlason	Komposition
5000	—	1007	Þorvaldur Skúlason	Komposition
15000	—	1008	Ásgrímur Jónsson	Bleiksárgljúfur
2000	—	1009	Jóhannes Jóhannesson	Kona
Gjöf	—	1010	Jóhannes S. Kjarval	Afmælisblóm
20000	—	1011	Jón Stefánsson	Íslenzk sveitakona
3000	—	1012	Gunnar Gunnarsson	Esjan
2500	—	1013	Kjartan Guðjónsson	Birting
20000	—	1014	Gunnlaugur Scheving	Menn að leggja línu
500	—	1015	Bragi Ásgeirsson	Sjálfsmynd
500	—	1016	Bragi Ásgeirsson	Stúlkuhöfuð
2500	—	1017	Benedikt Gunnarsson	Sumar
2500	—	1018	Benedikt Gunnarsson	Komposition
5000	—	1019	Sveinn Þórarinsson	Þorrakvöld
5700	—	1020	Harald Dal	Landslag
570	—	1021	Henrik Finne	Miðjarðarhafsbær
570	—	1022	Sigurd Winge	Siesta
20000	—	1023	Jóhannes S. Kjarval	Krísuvík
15000	—	1024	Jóhannes S. Kjarval	Flugþrá
7000	—	1025	Jóhann Briem	Sveitalíf
5000	—	1026	Gunnlaugur Scheving	Frá höfninni
1800	—	1027	Jón Engilberts	Gullkálfurinn
700	—	1028	Jón Engilberts	Kröfuganga
2000	—	1029	Jón Engilberts	Sumarnótt
6000	—	1030	Svavar Guðnason	Rautt högg
3000	1955	1031	Hörður Ágústsson	Hurðarbak
4000	—	1032	Jón Þorleifsson	Garðurinn í Blátúni
18000	—	1033	Jón Stefánsson	Frá Skerjafirði
19000	—	1034	Finnur Jónsson	Undir lóð
6000	—	1035	Finnur Jónsson	Kalviður
4500	—	1036	Karl Kvaran	Komposition
4200	—	1037	Bragi Ásgeirsson	Kall dimmra skugga
4000	—	1038	Hrólfur Sigurðsson	Frá Þingvöllum
12000	—	1039	Jón Stefánsson	Akrafjall
14000	—	1040	Nína Tryggvadóttir	Komposition
15000	—	1041	Þórarinn B. Þorláksson	Frá Húsafelli
25000	—	1042	Þórarinn B. Þorláksson	Úr Norðurárdal
7000	—	1043	Guðmundur Einarsson	Hrafnaþing
9000	1956	1044	Valtýr Pétursson	Málverk

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
7000	1956	1045	Ásgrímur Jónsson	Vatnslitamynd
4500	—	1046	Gunnar S. Magnússon	Málverk
19000	—	1047	Vilhelm Lundström	Samstilling
2500	—	1048	Hafsteinn Austmann	Málverk
8000	1957	1049	Veturliði Gunnarsson	Nótt í Róm
30000	—	1050	Ásgrímur Jónsson	Dalbær í Landbroti
18000	—	1051	Þórarinn B. Þorlaksson	Þingvellir
10000	—	1052	Þórarinn B. Þorlaksson	Hólar í Hjaltadal
7000	—	1053	Þórarinn B. Þorlaksson	Frá Danmörku
5000	—	1054	Þórarinn B. Þorlaksson	Þingvallavatn
7000	—	1055	Þórarinn B. Þorlaksson	Frá Brúsastöðum
Gjöf	—	1056	Gunnlaugur Scheving	Sjómenn á báti
12000	—	1057	Kristín Jónsdóttir	Haust
18000	—	1058	Ásgrímur Jónsson	Vatnslitamynd
6000	—	1059	Jóhannes Geir Jónsson	Grjótnám
2500	—	1060	Guðmundur Einarsson	Bláfjöll
10000	—	1061	Gunnlaugur Blöndal	Konumynd
15000	—	1062	Jón Engilberts	Afmælisbarnið
10000	—	1063	Þorvaldur Skúlason	Komposition
20000	—	1064	Jón Þorleifsson	Síldarverkun á Siglufirði
5000	—	1065	Guðmunda Andrésdóttir	Komposition
3500	—	1066	Baldur Edwins	Gata með gulum húsum
10000	—	1067	Nína Tryggvadóttir	Glermynd
5500	—	1068	Jóhann Briem	Síðsumar

Höggmyndir.

Gjöf	1902	1	Einar Jónsson	Útilegumaður
Keypt	1920	2	Nína Sæmundsson	Sofandi drengur
2000	1922	3	Nína Sæmundsson	Rökkur
Gjöf	1927	4	Bertel Thorvaldsen	Ganymedes
900	1928	5	Ríkarður Jónsson	Stephan G. Stephansson
1700	1930	6	Bertel Thorvaldsen	Marmarastytta
5000	1930	7	Ásmundur Sveinsson	Hafgýgurin
3000	1931	8	Sigurjón Ólafsson	Verkamaður
1000	1931	9	Kristinn Pétursson	Olaf A. O. Aall
2000	1933	10	Ásmundur Sveinsson	Einar Benediktsson
4000	1937	11	Sigurjón Ólafsson	Móðir listamannsins
500	1938	12	Sigurjón Ólafsson	Thor Jensen
300	1939	13	Magnús Á. Árnason	Halldór Kiljan Laxness
500	1940	14	Jónas Jakobsson	Drengur
350	1940	15	Jónas Jakobsson	Jón frá Múla
350	1940	16	Jónas Jakobsson	Magnús Stefánsson
600	1941	17	Gunnfríður Jónsdóttir	Gunnar Björnsson ritstjóri
6000	1944	18	Marteinn Guðmundsson	„Torso“
4000	1945	19	Guðmundur Einarsson	Magnús Helgason
800	1945	20	Ríkarður Jónsson	Einar Kvaran
13000	1946	21	Sigurjón Ólafsson	Sigurður Nordal
10000	1946	22	Tove Ólafsson	Móðir með barn
2700	1948	23	Stig Blomberg	Stúlkan frá Runo
2500	1948	24	Carl Wilhelms	Morgunsnyrting
10000	1948	25	Einar Jónsson	Matthías Þórðarson
10000	1949	26	Einar Jónsson	Steinþór Sigurðsson

Verð kr.	Komuár	Nr.	Nafn listamannsins	Nafn myndarinnar
1800	1950	27	Einar Jónsson	Guðmundur Finnbogason
15000	1950	28	Sigurjón Ólafsson	Kona með kött
10000	1950	29	Ásmundur Sveinsson	Helreiðin
1500	1952	30	Gerður Helgadóttir	Relíf
2500	1952	31	Gerður Helgadóttir	Abstraktion
4000	1952	32	Gestur Þorgrímsson	Magnús Ásgeirsson
Gjöf	1952	33	Ríkarður Jónsson	Jón Ólafsson bankastjóri
33000	1954	34	Nína Sæmundsson	Rastir
25000	1954	35	Guðmundur Einarsson	Stúlka með könnu
14000	1954	36	Stinius Frederiksen	Hópmynd
6000	1955	37	Gerður Helgadóttir	Komposition
Gjöf	1955	38	Gerhard Marcks	Hið heilaga vor
6000	1957	39	Gerður Helgadóttir	Síðsumar
1200	1930		Ríkarður Jónsson	6 andlitsmyndir
200	1935		Ríkarður Jónsson	Guðmundur Friðjónsson
400	1935		Ríkarður Jónsson	Sigfús Sigfússon
200	1935		Ríkarður Jónsson	Sigvaldi Kaldalóns
800	1937		Ríkarður Jónsson	Ásgrímur Jónsson
250	1937		Ríkarður Jónsson	Sigurður Fjeldsted
500	1939		Ríkarður Jónsson	Sigurður á Arnarvatni og Indriði Þorkelsson
200	1940		Ríkarður Jónsson	Helgríma af Einari Benediktssyni
300	1940		Ríkarður Jónsson	Guðmundur Björnsson landlæknir
400	1941		Ríkarður Jónsson	Þórarinn á Hjaltabakka
2500	1945		Ríkarður Jónsson	Eyjólfur í Hvammi
4000	1945		Ríkarður Jónsson	Steingrímur Thorsteinsson

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSLENZKRA MYNDLISTARMANNA

Reykjavík, 9. október 1958.

Stjórn F.Í.M. leyfir sér hér með að endursenda hinu háa ráðuneyti frumvarp að lögum um Listasafn Íslands, sem það hefur fengið til umsagnar. Hefur stjórnin tekið það til ýtarlegrar athugunar. Að þeirri athugun lokinni vill stjórnin nota tækifærið til þess að láta í ljós ánægju sína yfir því að löggjöf um þetta efni skuli vera í undirbúningi, en leyfir sér jafnframt að gera stutta athugasemd við 14. gr. laganna, er fjallar um höfundarétt. Stjórnin telur að grein þessi mætti vera fyllri og vildi leggja til að eftirfarandi sjónarmið kæmi fram: Þegar listasafnið sjálft hyggst gera eftirmyndir af myndum í eigin þágu, þ. e. a. s. til sýnis eða sölu innan veggja þess, sé höfundarréttur þess óskoraður. Hins vegar ef það eða einhver utanaðkomandi aðili hyggst gera eftirmyndir af einhverju verki listasafnsins til sýnis og sölu utan veggja þess, þá beri hlutaðeigandi listamanni ákveðin þóknun fyrir.

Að lokum vill stjórnin endurtaka ánægju sína yfir framkomnu frumvarpi og væntir þess að málinu verði hraðað svo sem unnt er.

Virðingarfyllst

F. h. Félags íslenzkra myndlistarmanna

Sigurður Sigurðsson,

formaður.

Til Menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal III.

MENNTAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 14. október 1958.

Menntamálaráð Íslands hefur athugað og rætt frumvarp það um Listasafn Íslands, sem ráðinu var sent til umsagnar. Ráðið telur sér ekki fært að mæla með frumvarpinu. Leyfir Menntamálaráð sér að vekja athygli á því, að með samþykkt fyrrgreinds frumvarps yrði brotið verulega í bág við stefnu þá á sviði menningarmála, sem mörkuð var með lögum frá síðasta ári um Menningarsjóð og Menntamálaráð. Með þeim lögum var að því stefnt, að sameina sem flesta þætti menningarmála undir yfirstjórn Menntamálaráðs, en umrætt frumvarp um Listasafn Íslands gerir ráð fyrir að eitt aðalverkefnið, sem ráðinu er fengið með umræddum lögum, yfirstjórn Listasafns ríkisins og kaup listaverka til þess, verði tekið úr höndum ráðsins og fengið safnstjórn, sem skipuð yrði að meirihluta fulltrúum myndlistarmanna. Er í frumvarpinu einungis ráð fyrir því gert, að Menningarsjóður leggi Listasafninu til ákveðna fjárupphæð árlega, en afskipti Menntamálaráðs af safninu verði ekki önnur en þau, að úrskurða um kjörskrá, þá er kosið yrði til safnstjórnar. Verði þannig með sérstökum lögum haldið áfram á þeirri braut að skipta tekjum Menningarsjóðs, myndi starfsgrundvöllur Menntamálaráðs þrengjast mjög. Heildartekjur sjóðsins eru í ár áætlaðar tæpar 3 millj. kr. A. m. k. 800 þús. kr. eru þegar lögbundnar, og renna í Vísindasjóð. Með samþykkt lagaákvæðis þess efnis, að eigi lægri upphæð en 500 þús. kr. skuli árlega greidd úr Menningarsjóði til listaverkakaupa, hefði hér um bil helmingnum af tekjum sjóðsins verið ráðstafað, án þess að Menntamálaráð hafi þar nokkur áhrif á.

Ráðið leyfir sér hins vegar að benda á, að sú er brýnust nauðsyn safnsins, að húsnæðismálum þess verði komið í bætt horf. Þyrfti þegar að hefja undirbúning þess máls, og tjáir Menntamálaráð sig fúst til að veita því hvern þann stuðning, er það gæti í té látið. Þá fyrst, er listasafnsbygging rís af grunni, virðist tímabært að taka ákvarðanir um framtíðarskipan yfirstjórnar safnsins.

Virðingarfyllst,

f. h. Menntamálaráðs Íslands
Helgi Sæmundsson
formaður.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 2. nóvember 1958.

Samkvæmt bréfi frá menntamálaráðuneyti Íslands, dags. 23. maí s. l., þar sem ráðuneytið æskir umsagnar af hálfu fél. „Óháðir listamenn“ varðandi frumvarp til laga um Listasafn Íslands.

Sendum við menntamálaráðuneytinu því hér með, athugasemdir okkar, um þau atriði frumvarpsins, sem okkur þykir mestu máli skipa.

Ath. við 5. gr.

Við getum ekki séð, hvers vegna kennari í listasögu við Háskóla Íslands ætti að vera sjálfkjörinn í safnráð Listasafnsins, enda munu engin dæmi til þess annars staðar. Við lítum svo á, að ekki komi til mála að binda sjálfkjör í safnráð við embætti utan stofnunarinnar sjálfrar, og þar sem forstöðumaður Listasafnsins er sjálfkjörinn í safnráð, vegna stöðu sinnar, teljum við ófært með öllu, að hafa annan

sjálfkjörinn mann til viðbótar, eða tvo sjálfkjörna í 5 manna nefnd. Að öðru leyti vísum við til álits minnihluta nefndarinnar, þeirra Gunnlaugs Schevings og dr. Gunnlaugs Þórðarsonar í greinargerð nefndarinnar um sömu gr. frumvarpsins, þ. e. 5. gr. og leggjum áherzlu á að sjónarmið þeirra, þ. e. minnihlutans verði tekið til greina.

Tillaga minnihlutans
(þeirra Gunnlaugs Schevings og dr. Gunnlaugs Þórðarsonar).

„Fimmta mann í safnráð skipar menntamálaráðherra, svo og varamann hans. Skipun þeirra skal fara fram í þann mund, er ráðherra skipar formann útvarpsráðs eftir hverjar alþingiskosningar."

Við leggjum því til, að sá hluti frumvarpsgreinarinnar er að þessu lýtur, verði hafður orðrétt, eins og málsgrein minnihlutans hljóðar.

Ath. við 14. gr.
Hvort þessi gr. samrýmist lögum um höfundarrétt?

F. h. Fél Óháðir listamenn .

Finnur Jónsson. Guðm. Einarsson. Gunnlaugur Blöndal.
Ríkarður Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal V.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 3. september 1958.

Háttvirt menntamálaráðuneyti hefur sent mér til umsagnar frumvarp um listasafn ásamt meðfylgjandi greinargerð.

Í heild lízt mér vel á frumvarpið, og ég tel mig ekki geta sett út á það í neinum verulegum atriðum. Í 5. gr. virðist mér, að fram þyrfti að koma skilgreining á hvað sé „félag myndlistarmanna", því að varla mun það vera ætlun frumvarpssemjenda, að allir fristundalistamenn, sem í félagi eru vegna listar sinnar, skuli eiga kosningarétt til safnráðs. Í staðinn fyrir „hæfilegan tíma" í 2. línu á 2. bls. væri að líkindum réttara að nefna alveg ákveðna tímalengd, sem kjörskrá skal liggja frammi. En um bæði þessi atriði er ef til vill ætlunin, að sett verði nánari ákvæði í reglugerð.

Þá athugasemd vildi ég gera um orðalag í 5. gr., að í stað „svo og eigi kennarinn í listsögu þegar sæti í safnráði" komi: „svo og ef kennarinn í listsögu á þegar sæti í safnráði", af því að það orðalag er skýrara.

12. gr. virðist mér vera miðuð við listasafnið í núverandi húsakynnum og á að því leyti fyllilega rétt á sér. Þegar safnið verður búið að fá sitt eigið hús, finnst mér hins vegar hart aðgöngu að banna með lögum að öðrum en ríkinu sjálfu séu lánaðir sýningarsalir. Þvert á móti tel ég listasafnið eiga að geta ráðið nokkra bót á sýningarörðugleikum listamanna með því að hafa sérsýningasal eða sali, sem þeir geta fengið leigða. Bann við slíkri starfsemi losar að vísu safnmennina við mikið ónæði, en sviptir líka listirnar í landinu dýrmætri þjónustu, sem eðlilegt er að listasafnið veiti. Ég get borið um það, að það væri starfsliði Þjóðminjasafnsins mikið hagræði, ef bannað væri að lána bogasalinn hér, en hins vegar hefur hann þegar leyst vandræði margra, sem þurft hafa að halda sýningar, svo að ég hef ekki talið rétt að neita mönnum um hann, eins og sýningarskilyrði eru hér á landi. Söfnin eiga að þjóna almenningi hvert á sínu sviði.

Safni stafar engin veruleg hætta af því, þótt því sé leyfilegt að lána sali fyrir sérsýningar. Ef þurfa þykir, er hvenær sem er hægt að taka fyrir slíka starfsemi.

Önnur hætta er miklu alvarlegri, og hún er sú að troðið sé inn í húsakynni safnsins óviðkomandi aðiljum til dvalar um ófyrirsjáanlegan tíma, kannske heilum stofnunum, sem torvelt er að losna við aftur. Húsakynni safns mætti gjarnan friðlýsa með lögum fyrir þess konar notkun, því að hún er starfsemi safnsins stórhættuleg. Söfn þurfa svigrúm, olnbogarými, og mega ekki vera svo aðkreppt um geymslupláss, að þar sé eins og drepið í smjöröskjur. Ég ann listasafninu svo góðs hlutar, að ég vildi óska fyrir þess hönd, að þegar það fær sitt eigið hús, verði það ekki þegar í upphafi svipt afnotarétti þess að svo eða svo miklu leyti og því gert að hýsa aðilja, sem kreppa að starfsemi þess og hindra eðlilegan þroska.

Úr því að ég er farinn að tala um þetta mál, vil ég víkja nokkrum orðum að 13. gr., sem segir að reisa skuli sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt. Hér er í rauninni um að ræða aðalatriði og frumskilyrði þess að listasafnið geti þrifizt, og lagasetning um það er að mínu áliti lítils virði meðan ekki er bætt úr húsnæðisþörf þess. Gildir hér hið sama og um náttúrugripasafnið. Um það er lagabálkur, en það vantar hús. Við höfum þá bráðlega tvö ríkissöfn, sem styðjast við vönduð lög, en eru húsnæðislaus. Um Þjóðminjasafnið eru hins vegar engin lög, en það hefur hús, sem gerir því kleift að rækja sitt hlutverk. Húsnæði með sýningarsölum er lífsskilyrði fyrir öll söfn, og þó má segja, að brýnust sé þörf listasafna, sem eru fyrst og fremst sýningarsöfn, þar sem náttúrugripa- og minjasöfn eru í tiltölulega ríkara mæli vísindaleg öðrum þræði, og þá hlið starfseminnar getur starfsliðið unnið við bráðabirgðaskilyrði, þótt engir séu sýningarsalir. Þegar í stað þyrfti að fara að undirbúa byggingu sérstaks húss fyrir listasafnið. Í Þjóðminjasafnshúsinu getur það ekki verið nema til bráðabirgða. Ég get ekki séð að þar séu því nein vaxtarskilyrði búin eða þar geti það staðið við svo sem neitt af því sem því er ætlað eftir lagafrumvarpinu. Ég veit ekki einu sinni hvar ætti að koma fyrir þeim nýja starfsmanni, sem ráð er fyrir gert. Í fám orðum sagt: listasafnið kemst aldrei úr kútnum, meðan það er hér. Og það sem sárgrætilegra er, að það kreppir að Þjóðminjasafninu í þess eigin húsi. Þjóðminjasafninu veitir ekkert af öllu því plássi, sem listasafnið hefur nú, og skal ég sýna fram á það, ef óskað er. Það eru nú bráðum 10 ár, sem þetta tvíbýli hefur staðið hér í húsinu, og ég hef ekki undan því kvartað. En nú finnst mér vera kominn tími til þess, að ég segi afdráttarlaust þá meiningu mína, að listasafnið eigi að víkja héðan hið allra fyrsta og það sé tilgangslítið að setja um það lög eða reglugerðir, sem stefna að aukinni starfsemi þess, meðan það er hér.

Lagafrumvarpið um Listasafn Íslands er gott út af fyrir sig, en missir marks, ef ekki kemst mjög bráðlega skriður á byggingu þess húss, sem verður frumskilyrði þess að lögin geti verkað eðlilega.

Með sérstakri virðingu

Kristján Eldjárn.

Ed. 255. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. 2. málsliður 1. málsgr. orðist svo:

Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því.

Ed. 256. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Tveir nefndarmenn (Bernh. Stefánsson og Björn Jónsson) áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna, Jóh. Jósefsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefnd vegna veikinda.

Alþingi, 16. febrúar 1959.

Benh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen.

Nd. 257. Frumvarp til laga [110. mál]

um Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins.

Flm.: Magnús Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Ríkisstjórnin rekur verzlun, sem nefnist Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins. Skal hún annast innflutning og sölu á þeirri vöru, er ríkisstjórnin hefur rétt til einkasölu á samkvæmt 2. gr., svo og tilbúning þeirrar vöru, er um getur í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum eftirtalda vöru:

1. Áfengi og vínanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en 2¼ % af vínanda að rúmmáli.
2. Tóbak og tóbaksvörur hvers konar.
3. Eldspýtur og vindlingapappír, allar tegundir.
4. Ilmvötn, hárvötn, munnvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger. Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að framleiða ofangreinda vöru.

3. gr.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa framangreinda vöru innanborðs, enda sé farið með hana svo sem áfengislög og tolllög mæla fyrir um.

4. gr.

Verzlunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af allri þeirri vöru, sem hún flytur til landsins.

5. gr.

Um sölu á áfengi og annarri þeirri vöru, sem fara skal með sem áfengan drykk, fer samkvæmt ákvæðum áfengislaga, nr. 58 24. apríl 1954.

Alla aðra vöru, sem verzlunin flytur inn eða framleiðir, selur hún aðeins kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, enda hafi þeir aðilar opna sölubúð.

Brauðger, bökunardropa, kjarna, ilmvötn, hárvötn, munnvötn og andlitsvötn er þó heimilt að selja öðrum aðilum, enn fremur tóbak til sauðfjárbaðana og lækningar ormaveiki í sauðfé.

6. gr.

Einkasölunni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, sem talin eru í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rétt hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Skal forstjórinn gæta þess, að einkasalan hafi jafnan í þjónustu sinni sérfróða menn um lyfjasölu og lyfjagerð, sem heilbrigðismálaráðherra samþykkir með ráði landlæknis.

7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um álagningu einkasölunnar eða samþykkir verðskrár hennar á hverjum tíma.

Tóbak til sauðfjárbaðana og lækninga við ormaveiki selur einkasalan við kostnaðarverði. Tóbaksvörur skulu seldar sama verði í verzlunum, hvar sem er á landinu. Einnig skal áfengi selt með sama verði á öllum sölustöðum einkasölunnar.

8. gr.

Letra skal á umbúðir þeirrar vöru, annarrar en lyfja, sem einkasalan selur: „Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins“. Lyfjavörur skal árita: „Lyfjaverzlun ríkisins“.

9. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. Laun hans skulu ákveðin í launalögum. Forstjórinn ræður starfsfólk einkasölunnar. Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum.

10. gr.

Einkasalan skal vera í tveimur deildum, áfengisdeild og tóbaksdeild, og skal bókhaldi stofnunarinnar hagað þannig, að fram komi vörusala og brúttóhagnaður hvorrar deildar um sig. Sala á lyfjum og þeirri vöru, sem talin er í 2. gr. 4., færist á reikninga áfengisdeildar, en sala á eldspýtum og vindlingapappír á reikning tóbaksdeildar.

11. gr.

Ágóði sá, er verður af einkasölunni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Fjármálaráðherra getur ákveðið, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í endurnýjunar- og varasjóð.

12. gr.

Endurskoðun reikninga einkasölunnar annast endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins. Heimilt er að fela starf þetta löggiltum endurskoðendum.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum allt að 100 000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er vara sú, sem inn er flutt eða framleidd í heimildarleysi, upptæk, og skal afhenda hana einkasölunni til ráðstöfunar.

14. gr.

Setja skal í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, lög nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, og lög nr. 65 10.

des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, svo og allar síðari breytingar á þessum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Greinargerð.

Árið 1950 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrv. um að sameina í eina stofnun Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Í greinargerð með því frv. segir m. a.:

„Ríkisstjórnin hefur leitazt við að finna leiðir til þess að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn og gera hann hagfelldari. Hefur verið skýrt frá nokkrum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur ýmist gert í þessu skyni eða mun gera tillögur um. Ein þeirra er sú að sameina þessi tvö fyrirtæki, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Telja menn sig mega vona, að af þessu leiði sparnað í beinum rekstrarkostnaði stofnananna.

Frumvarpinu er ætlað að koma í staðinn fyrir þau lög, sem nú eru í gildi um þessar tvær stofnanir. Eru því aðalatriði gildandi lagaákvæða um áfengisverzlun og tóbakseinkasölu tekin upp í frumvarpið, en þó voru ákvæðin endurskoðuð í samráði við forstjóra þessara stofnana og fengna reynslu. Breytingar, sem gerðar eru á einstökum atriðum, eru ekki svo veigamiklar, að ástæða sé til að rekja þær í einstökum atriðum í athugasemdum. Höfuðatriði frv. er að sjálfsögðu sameining þessara tveggja fyrirtækja."

Á næstsíðasta þingi flutti fyrsti flm. þessa frv. og þm. N-Ísf. till. til þál. um sameiningu þessara tveggja stofnana. Var sú tillaga flutt með hliðsjón af því, að þá losnaði framkvæmdastjórastaðan við annað fyrirtækjanna og því hentugt tækifæri til að sameina fyrirtækin. Töldu flm. ekki ósennilegt, að þáverandi fjármálaráðherra, sem einmitt stóð að flutningi frv. um sameiningu fyrirtækjanna 1950, mundi nú vilja nota tækifærið til að koma þessari sparnaðartillögu í framkvæmd, en reyndin varð önnur og tillagan náði ekki samþykki.

Þar sem einmitt nú virðist mikill áhugi á að freista allra úrræða til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, hafa flm. þessa frv. talið rétt að taka upp frv. frá 1950 um sameiningu þessara tveggja ríkisstofnana, og er það því endurflutt hér efnislega óbreytt.

Ed. 258. Frumvarp til laga [106. mál]

um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu

ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 259. Frumvarp til laga [89. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Lögskipaðar baðanir skulu fara fram annan hvern vetur, í fyrsta skipti veturinn 1960—1961, á tímabilinu frá 15. okt. til 15. febrúar.

Skulu sauðfjáreigendur eða umráðendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegun tækjanna leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða mikilla annarra óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa, að sauðfé skuli skoðað og baðað árlega eða oftar á stærri eða minni landssvæðum, eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftirlitsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlanir hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjárböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greið-

ist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á, að kind hafi sýkzt af fjárkláða, skal sá, er verður þess var, einangra hana án tafar frá öðru fé og tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er þeim skylt að halda hinu kláðasjúka fé í einangrun á kostnað eiganda, unz úrskurður dýralæknis hefur fengizt um, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir gera ráðstafanir til útrýmingar sjúkdóminum, strax og fært þykir, í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi eftirlitsmann, sbr. 2. gr.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, veitt frest eða undanþágu frá lögboðinni sauðfjárböðun, ef heilbrigði fjárins er svo háttað að dómi héraðsdýralæknis, að hætta kunni að stafa af böðun, eða ef hann álítur hættu á, að böðun geti valdið útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra böðun samkvæmt 2. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins eins og það kostar á næsta verzlunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Er heimilt í slíkri reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 90 frá 3. maí 1935, um útrýmingu fjárkláðans, og lög um sauðfjárbaðanir, nr. 19 13. janúar 1938.

Ed. 260. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 31 1940.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leitaði á síðasta þingi, er það einnig var flutt, umsagnar og álits póst- og símamálastjóra og félags póstmanna, sem fylgja hér með sem fylgiskjöl. Hvorugur þessi aðili taldi fært að samþ. frv.

Meiri hluti nefndarinnar litur svo á, að mál þetta þurfi nánari athugunar við, og leggur því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. febr. 1959.

Björgvin Jónsson, form., frsm. Jón Kjartansson. Sigurður Bjarnason.

Eggert G. Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 27. nóv. 1957.

Til samgöngumálanefndar efri deildar,
Alþingi.

Póst- og símamálastjórnin hefur meðtekið bréf háttvirtrar samgöngumálanefndar, dags. 14. nóv. þ. á., þar sem beiðzt er álits um 43. frumvarp til laga um breyting á póstlögum, nr. 31 1940.

Sá er munur á þeim eyðublöðum, sem hér er um að ræða, og venjulegum bréfum, ábyrgðarbréfum og peningabréfum, að nefnd eyðublöð eru póstplögg, sem gefin eru út aðeins vegna póstþjónustunnar sjálfrar og sem eign póststofnananna og eiga að vera í höndum þeirrar póststofnunar, sem gefur eyðublaðið út, og endursendast henni.

Í alþjóðareglugerðum, sem fylgja alþjóðapóstsamningum, er ákveðið form fyrir slík eyðublöð (gerð MP 1 fyrir ávísanaeyðublöð, gerð R 3 eða R 4 fyrir póstkröfuávísun, gerð CP 2 og CP 3 fyrir fylgibréf böggla). Þessi eyðublöð hafa tvo höfuðreiti, annan fyrir afklipping, sem viðtakandi á að halda eftir, en hinn fyrir sjálfa ávísunina ásamt kvittun, frímerkjum og ástimplun sendipósthússins, og á póststofnun að halda þeim hluta eftir og geyma hann a. m. k. í 1 ár vegna endurskoðunar og rannsóknar vegna kæra eða umkvörtunar. Hér á landi er þessi geymslutími 3 ár. Sýnishorn af póstávísanaeyðublöðum, hinni alþjóðlegu fyrirmynd, íslenzku póstávísanaeyðublaði, ljósmynd af svissnesku og sænsku eyðublaði, þ. e. a. s. þeim hlutum, sem eru eign hlutaðeigandi póststjórnar og eru endursend.

Enn fremur fer hér á eftir ákvæði í reglum nágrannalandanna um þessi eyðublöð:

Danmörk (úr Post og Telegraf Håndbogen 1957, bls. 104):

„Frimærker eller frankopåtryk må kun anbringes på den dertil bestemte plads. Frimærker må ikke aftages af adressaten. Er dette alligevel sket, må de för udbetalingen skaffes til veje eller blanketten forsynes med ubrugte frimærker til et til den manglende franko svarende belöb."

Noregur (Postreglement, Bind 4., bls. 25):

Det er forbudt å rive av eller klippe fra frimærker som står på postanvisninger."

Svíþjóð (þýtt):

„Frímerki má viðtakandi ekki taka af póstávísun eða fylgibréfi, jafnvel þótt önnur frímerki tilsvarandi að upphæð séu límd á í staðinn. Póststarfsmanni er fyrirboðið að taka frímerki af sendingu, póstávísun eða fylgibréfi, jafnvel þótt hann hafi fengið til þess leyfi viðtakanda."

Þessar reglur hafa gilt svo lengi sem til þekkist, a. m. k. frá 1872, og á alþjóðapóstráðstefnu hafði fyrir löngu komið fram ályktun um, að þetta atriði ætti heima í löggjöf hinna einstöku ríkja, enda eru um það ákvæði í nágrannalöndunum svipað og hér í 17. gr. póstlaganna, og mun vera svo í öllum ríkjum Alþjóðapóstsambandsins.

Þegar hinum ákveðna geymslutíma er lokið, eru hin notuðu frímerki klippt af eyðublöðunum og seld, og á Norðurlöndum er andvirðinu varið í sérstöku augnamiði, ýmist til kostnaðar við póstminjasafn, til námsstyrkja til póstmanna e. þvl. Hér fer það í póstmannasjóð, til ferðastyrkja til áhugasamra póstmanna, sem með námi og kynnisferðum hafa huga á að fullkomna sig í póststörfum.

Með tilliti til ofannefndra ákvæða alþjóðasamninga, sbr. og reglur í öðrum löndum, nauðsynjar á geymslu eyðublaða, endurskoðun og síðari rannsóknar vegna kæra o. þvl., leggur póst- og símamálastjórnin eindregið á móti því, að umrætt frumvarp verði samþykkt.

G. Briem.

E. Sandholt.

Fylgiskjal II.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 20. marz 1958.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis,
Alþingi.

Póst- og símamálastjórnin hefur meðtekið bréf samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 28. f. m., varðandi frumvarp til laga um breytingu á póstlögum, nr. 31 1940, og fara hér á eftir umbeðnar upplýsingar.

1. Hér er um að ræða alþjóðapóstsamninga, sem forseti Íslands undirritaði 22. apríl 1953, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 13/1954. Þessir samningar ráða póstviðskiptum um allan heim, og standa 92 póststjórnir að þeim, þ. e. a. s. öll lönd undantekningarlaust, enda væru slík viðskipti óhugsandi án slíkra samninga.
2. Tekjur póstmannasjóðs af sölu notaðra frímerkja hafa síðustu árin verið sem hér segir: 1954 kr. 75300, 1955 kr. 64750, 1956 kr. 76000, en 1957 eru þær enn þá óuppgerðar, en sennilega rúmlega kr. 80000.
3. Styrkveitingar úr póstmannasjóði hafa síðustu árin numið eftirfarandi upphæðum: 1954 kr. 32500, 1955 kr. 34000, 1956 kr. 41000 og 1957 kr. 77089.
4. Fjöldi styrkja hefur síðustu 11 árin verið sem hér segir:

1947	11	póstmenn,	þar	af	3	utan	Reykjavíkur.	
1948	10	—	—	—	1	—	—	
1949	5	—						
1950	17	—	—	—	4	—	—	
1951	10	—	—	—	1	—	—	
1952	13	—	—	—	1	—	—	
1953	13	—	—	—	2	—	—	
1954	14	—						engar umsóknir utan Rvíkur.
1955	12	—						
1956	13	—						
1957	13	—	—	—	1	—	—	

Þess má geta, að langflestir póstmenn, sem hafa póststörf sem aðalatvinnu, eru búsettir í Rvík og hafa auk þess mesta undirbúningskunnáttu og önnur skilyrði til þess að notfæra sér námsstyrki til utanferða, og er því eðlilegt, að þeir séu í miklum meiri hluta meðal styrkþega, enda hefur enginn póstmaður utan Reykjavíkur sótt um styrk sum árin.

G. Briem.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 2. des. 1957.

Stjórn P. F. Í. og fulltrúar póstmannastéttarinnar í stjórn póstmannasjóðs leyfa sér hér með að tjá háttvirtri samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis þakkir fyrir bréf, dags. 14. nóv. s. l., þar sem óskað er álits póstmannastéttarinnar á fram komnu frumvarpi til laga um breytingar á póstlögum, nr. 31 1940.

Ofangreindir aðilar hafa fengið að sjá greinargerð póst- og símamálastjórnarinnar, sem hún sendir háttvirtri samgöngumálanefnd varðandi frumvarp þetta, og eru þeirri greinargerð fullkomlega samþykkir.

Til nánari skýringar á meðferð umræddra frímerkja af póstávísunum, póstkröfum og fylgibréfum sendum við hér með eitt eintak af skipulagsskrá póstmannasjóðsins ásamt reglum um styrkveitingar úr honum. Til enn nánari skýringar skal þess hér getið, að þegar tilskilinn geymslufrestur umræddra eyðublaða er liðinn, hefur stjórn póstmannasjóðs séð um að klippa af þeim öll frímerki og ákveðið, hvað söluverð frímerkjanna skyldi vera. Í nær 20 ár annaðist gjaldkeri sjóðsins sölu þeirra, og síðar, er þessi sami maður lét af gjaldkerastarfi í stjórn sjóðsins, var honum enn þá falið að annast söluna.

Þar sem við teljum umrædda lagabreytingu gagnstæða alþjóðalögum og auk þess í andstöðu við staðfesta skipulagsskrá póstmannasjóðs, hljótum við að vera mótfallnir umræddu lagafrumvarpi og vonumst fastlega eftir því, að háttvirt Alþingi láti það ekki ná fram að ganga.

Virðingarfyllst.

Í stjórn P. F. Í.

Tryggvi Haraldsson. Sigurjón Björnsson. Ólafur Tímótheusson.

Í stjórn póstmannasjóðs.

Matth. Guðmundsson, Hannes Björnsson.

Til samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. 261. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um skipulagningu hagrannsókna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. þessa og mælir með því, að hún verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (AG) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. febrúar 1959.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Ólafsson, frsm.
Steingr. Steinþórsson.	Jón Sigurðsson.	Ásgeir Bjarnason.

Nd. 262. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ólafi Thors.

Á undan 1. tölul. 1. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Á eftir B. 7 kemur nýr liður:
Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Grundarholti um Arnarholt að Brautarholti.

Ed. 263. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Upphaf 10. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt numin úr gildi lög nr. 90 o. s. frv.

Nd. 264. Frumvarp til laga [89. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Lögskipaðar baðanir skulu fara fram annan hvern vetur, í fyrsta skipti veturinn 1950—1961, á tímabilinu frá 15. okt. til 15. febrúar.

Skulu sauðfjáreigendur eða umráðendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegun tækjanna leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða mikilla annarra óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa, að sauðfé skuli skoðað og baðað árlega eða oftar á stærri eða minni landssvæðum, eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftir-

litsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlanir hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjárböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á, að kind hafi sýkzt af fjárkláða, skal sá, er verður þess var, einangra hana án tafar frá öðru fé og tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er þeim skylt að halda hinu kláðasjúka fé í einangrun á kostnað eiganda, unz úrskurður dýralæknis hefur fengizt um, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir gera ráðstafanir til útrýmingar sjúkdóminum, strax og fært þykir, í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi eftirlitsmann, sbr. 2. gr.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, veitt frest eða undanþágu frá lögboðinni sauðfjárböðun, ef heilbrigði fjárins er svo háttað að dómi héraðsdýralæknis, að hætta kunni að stafa af böðun, eða ef hann álítur hættu á, að böðun geti valdið útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra böðun samkvæmt 2. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins eins og það kostar á næsta verzlunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Er heimilt í slíkri reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt numin úr gildi lög nr. 90 frá 3. maí 1935, um útrýmingu fjárkláðans, og lög um sauðfjárbaðanir, nr. 19 13. janúar 1938.

Nd. 265. Breytingartillaga [51. mál]

við brtt. á þskj. 249 [Skipun prestakalla].

Frá menntamálanefnd.

Meginmál till. orðist svo:

Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu.

Nd. 266. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til laga um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

Frá Magnúsi Jónssyni og Áka Jakobssyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Einnig er Trésmiðafélagi Reykjavíkur heimilt að taka þakhæð hússins nr. 8 við Laufásveg í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

Ed. 267. Frumvarp til laga [111. mál]

um Bjargráðasjóð Íslands.

Flm.: Karl Kristjánsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

I. KAFLI
Nafn og tilgangur.

1. gr.

Bjargráðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45/1913, er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins og sveitarfélaga landsins, undir sérstakri stjórn, sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs Íslands er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur Bjargráðasjóðs Íslands er:

1. Að vera til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því, en það telst hallæri, ef sveitarfélag, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélag verður af náttúruvöldum, svo sem óvenjulegum harðindum, langvarandi aflaleysi eða öðru því líku, svo illa statt, að það megni ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum frá harðrétti og felli.

2. Að veita lán eða styrk sveitarfélögum og einstaklingum, er eignatjón bíða af náttúruvöldum, svo sem snjóflóðum, ágangi sjávar, jarðskjálftum, skriðuhlaupum, eldgosum og öðru því líku, enda sé það, sem ónýtist, óvátryggt fyrir þessu tjóni, svo og til að verjast tjóni af þessum sökum.

3. Að greiða fyrir fjárhagsviðskiptum sveitarfélaga og sýslufélaga með því að veita þeim hagkvæm rekstrarlán til stutts tíma gegn öruggum tryggingum.

II. KAFLI
Tekjur sjóðsins.

3. gr.

Tekjur bjargráðasjóðs eru:

1. Tillag frá sveitarsjóðum, 5 krónur árlega fyrir hvern mann, sem heimilisfastur er í sveitarfélaginu.
2. Styrkur frá ríkissjóði, er nemur 5 krónum árlega fyrir hvern mann í landinu.
3. Vaxtatekjur af innstæðum og verðbréfum svo og tekjur af lánastarfsemi sjóðsins.
4. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að verða lagðar.

Tillög ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 1. og 2. tölulið skal reikna eftir manntali Hagstofu Íslands, eins og það var næsta ár fyrir gjalddaga.

Hver sveitarstjórn skal lúka bjargráðasjóðsgjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, í Reykjavík tollstjóri, en í sveitum sýslumenn innheimta gjaldið og koma því til bjargráðasjóðs eigi síðar en 1. okt. ár hvert.

Framlag ríkissjóðs greiðist í þremur jöfnum greiðslum 1. marz, 1. júlí og 1. nóvember ár hvert.

III. KAFLI
Stjórn og framkvæmdastjóri.

4. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs Íslands er skipuð framkvæmdastjóra og fimm manna stjórn. Í stjórninni eiga sæti: Ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, fiskimálastjóri og tveir menn kosnir af fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með félagsmál, hefur á hendi umsjón bjargráðasjóðs.

Stjórnin heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði, en skylt er að boða til aukafundar, ef tveir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri æskja þess.

Stjórn bjargráðasjóðs hefur umsjón með starfsemi sjóðsins og tekur, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, ákvörðun um lánveitingar og lántökur svo og um kaup og sölu verðbréfa og víxla, ákveður útlánsvexti og önnur lánskjör.

Stjórn sjóðsins getur þó falið framkvæmdastjóra að taka slíkar ákvarðanir í samræmi við heildarreglur, sem hún setur þar um.

Framkvæmdastjóri skal árlega semja skýrslu um starfsemi sjóðsins, og skal hún send ríkisstjórninni ásamt reikningum sjóðsins, en þá skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

Stjórn bjargráðasjóðs skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

5. gr.

Bjargráðasjóðsstjórn ræður framkvæmdastjóra sjóðsins, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf, en hann annast daglegan rekstur og reikningshald sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnarinnar. Reikningar Bjargráðasjóðs Íslands skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, og skipar félagsmálaráðherra annan þeirra, en hinn skal kosinn af stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Starfstímabil endurskoðanda er fjögur ár.

IV. KAFLI
Deildaskipting.

6. gr.

Bjargráðasjóður starfar í tveim deildum með aðgreindum fjárhag, er nefnast: séreignarsjóður og sameignarsjóður.

1. Í séreignarsjóðinn renna þrír fimmtu hlutar þess framlags, sem sveitarfélög innan sýslu hverrar og bæjarsjóðir kaupstaðanna greiða árlega til bjargráðasjóðs, samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga þessara.

Sérstakur reikningur skal haldinn fyrir séreign hverrar sýslu og kaupstaðar, og ber hann nafn sýslunnar eða kaupstaðarins. Vextir af innstæðum í séreignarsjóði leggist ávallt við höfuðstólinn. Reikningshald séreignarsjóðsins skal vera með þeim hætti, að ávallt megi sjá, hver upphæð greiðist árlega frá hverju einstöku hreppsfélagi í hverri sýslu. Þegar sýslu er skipt eða kauptún fær kaupstaðarréttindi, skal skipta séreign hins forna umdæmis eftir sömu reglu og öðrum eignum umdæmisins var skipt eftir og hinu nýja umdæmi gerður sérstakur reikningur við sjóðinn.

2. Í sameignarsjóð rennur framlag ríkissjóðs, sem í 3. gr. getur, óskipt og auk þess tveir fimmtu hlutar af framlagi sveitarfélaganna. Í hann renna og vextir af verðbréfum, sem sjóðurinn eignast, hagnaður af lánastarfsemi sjóðsins og aðrar tekjur, sem honum verða lagðar til eða áskotnast. Úr sameignarsjóði greiðist allur kostnaður við stjórn sjóðsins og starfsemi svo og töp, sem sjóðurinn verður fyrir.

Handbært fé bjargráðasjóðs skal geymt og ávaxtað í banka með ríkisábyrgð.

V. KAFLI
Lánveitingar.

7. gr.

Fé bjargráðasjóðs má verja til lánveitinga og styrkja samkvæmt 2. gr laga þessara. Heimilt er:

1. Að veita styrk úr sjóðnum til einstaklinga og sveitarfélaga, sem verða fyrir tjóni af náttúruvöldum, ef tjónið fæst eigi bætt að neinu leyti á annan veg.
2. Að veita hreppsfélögum lán gegn fasteignaveði, sýsluábyrgð eða ríkisábyrgð.
3. Að veita sýslufélögum og bæjarfélögum lán gegn tryggingu í tekjum þeirra og eignum gegn ríkisábyrgð eða gegn fasteignaveði.
4. Að veita einstaklingum, sem fyrir tjóni hafa orðið af náttúruvöldum, lán gegn ábyrgð sveitarfélags síns eða gegn veði í fasteign.
5. Að kaupa víxla og verðbréf og veita stutt lán gegn veði í fasteign eða annarri öruggri tryggingu svo og gegn ábyrgð bæjar-, hrepps- og sýslufélaga, enda liggi fyrir lögmælt samþykki æðra stjórnarvalds.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að koma til geymslu og ávöxtunar í Bjargráðasjóði Íslands sjóðum, sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga, og skulu reikningar slíkra sjóða árlega fylgja reikningum bjargráðasjóðs og endurskoðast á sama hátt og reikningar hans.

9. gr.

Lán þau, sem Bjargráðasjóður Íslands veitir til að bæta tjón af náttúruvöldum, skulu jafnan vera vaxtalaus. Lánstími má ekki lengri vera en tíu ár, nema sérstakt leyfi félagsmálaráðherra komi til, og þá því aðeins, að um stórfellt tjón sé að gera, sem ekki verður bætt nema á löngum tíma.

10. gr.

Nú verður hallæri í sýslu eða kaupstað, og getur þá sýslunefnd eða bæjarstjórn gert samþykkt um að segja upp séreign sinni í bjargráðasjóði, og skal hún þá jafnframt ákveða, á hvern hátt fénu skuli varið, og senda sjóðsstjórninni skýrslu þar um. Stjórn bjargráðasjóðs skal, að fenginni þessari skýrslu, gera tillögu til félagsmálaráðherra um, hvort fallizt skuli á sjónarmið sýslunefndar eða bæjarstjórnar, hvort veitt skuli bráðabirgðalán úr sameignarsjóði gegn handveði í inn-

stæðu sýslu- eða bæjarfélagsins í séreignarsjóði eða á hvern annan veg snúizt skuli við ályktun sýslunefndar eða bæjarstjórnar, verði séreignin ekki afhent.

11. gr.

Sá, sem hyggst fá lán eða styrk frá bjargráðasjóði, skal senda þar um skriflega beiðni, stílaða til sjóðsstjórnarinnar. Beiðninni skulu fylgja svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal, og jafnan skal fylgja beiðninni vottorð oddvita, hreppstjóra eða sóknarprests um þörf umsækjanda, ef einstaklingur á í hlut, en samþykkt sveitarstjórnar eða sýslunefndar ásamt greinargerð, ef sveitarfélag eða sýslufélag leitar láns eða styrks. Stjórn bjargráðasjóðs getur krafizt fyllri gagna en fram eru lögð, ef ástæða þykir til, og synjað beiðni af þeirri ástæðu einni, að ekki eru lögð fram þau skilríki, sem krafizt er.

VI. KAFLI
Lántökur.

12. gr.

Til þess að framkvæma 3. tölulið 2. gr. skal Bjargráðasjóði Íslands heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 10 milljónum króna, sem tryggð skulu með eignum sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á þessum bréfum sjóðsins eða kaupa þau fyrir handbært fé ríkissjóðs, enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og timalengd, að ríkissjóður verði skaðlaus af. Bréfin er einnig heimilt að selja á frjálsum verðbréfamarkaði svo og fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum, sem kaupa slík vaxtabréf.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Bjargráðasjóður Íslands er undanþeginn greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða á sama hátt og sparisjóðir.

14. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, skal setja nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu bjargráðasjóðs, ef nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 2. marz 1950, um Bjargráðasjóð Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga og flutt vegna tilmæla hennar.

Í marz 1958 samþykkti fulltrúaráðsfundur sambandsins frumvarpið fyrir sitt leyti.

Greinargerð sú og athugasemdir, sem hér fara á eftir, eru gerðar á skrifstofu sambandsins.

Auk þeirra fylgiskjala, er í greinargerðinni getur, þykir rétt að láta prenta sem fylgiskjal með frumvarpinu núgildandi lög Bjargráðasjóðs Íslands. Auðveldar það samanburð á lögunum og frumvarpinu og léttir athugun á breytingum þeim, er frumvarpið felur í sér.

Áðurnefnd greinargerð og athugasemdir, sem frumvarpinu fylgdu til flutningsmanna, eru á þessa leið:

Á undanförnum árum hafa landsþing Stéttarsambands bænda og Samband íslenzkra sveitarfélaga gert tillögur um breytingar á starfssviði og starfsháttum Bjargráðasjóðs Íslands, og eru tillögur þessar prentaðar sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að komið verði nokkuð til móts við óskir samtaka þessara, en það er ókleift, nema fjárframlög til sjóðsins verði aukin. Er lagt til, að tillög ríkissjóðs og sveitarsjóða til bjargráðasjóðs verði aukin úr 2 krónum á íbúa í 5 krónur á íbúa, og svarar sú breyting nokkurn veginn til þeirrar rýrnunar peninga, sem orðið hefur síðan 1950, er tillögin voru hækkuð úr 25 aurum á íbúa í 2 krónur. Vegna þess að tekjur sjóðsins hafa ekki vaxið sem svarar verðfalli peninganna, hefur ekki verið unnt að hækka útlán úr sjóðnum eða auka þau, nema ríkissjóður legði fram fé til viðbótar fé bjargráðasjóðs. Þetta gerðist bæði 1949/1950, er hallæri gekk yfir Norðausturland, og aftur 1956, er óþurrkarnir gengu yfir Suður- og Vesturland. Úr bjargráðasjóði var í bæði skiptin veitt það fé, sem þar var fyrir hendi, en ríkissjóður veitti viðbótarlán.

Stéttarsamband bænda samþykkti á aðalfundi sínum 1955 að skora á stjórn sína „að vinna að því, að bjargráðasjóður verði efldur, svo að hann verði fær um að sinna hlutverki sínu í þágu landbúnaðarins“. Er með þessu átt við það, að sjóðnum verði séð fyrir viðbótarfé til að lána bændum, þegar óþurrkar eða hallæri í annarri mynd gengur yfir sveitir landsins.

Sú viðleitni var af hálfu Alþingis sýnd í þessu efni á yfirstandandi ári, að Alþingi samþykkti heimild ríkisstjórn til handa um að afhenda Bjargráðasjóði Íslands til eignar skuldabréf að upphæð samtals 13,5 millj. kr. vegna óþurrkalána á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og vegna harðinda og óþurrka á Austur- og Norðurlandi 1949—1950. Með bréfi, dags. 26. apríl 1957, afhenti fjármálaráðuneytið stjórn Bjargráðasjóðs Íslands ofannefnd skuldabréf með þeim skilyrðum, „að sjóðsstjórnin veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf, að fengnu áliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar“.

Þá mælti ráðuneytið einnig svo fyrir, að það, sem endurgreiðist af lánsfé þessu, skuli „renna til sameignarsjóðs Bjargráðasjóðs Íslands sem sérstakt framlag ríkissjóðs til styrktar bjargráðasjóði, til þess að hann verði færari um að rækja það hlutverk sitt að vera til hjálpar, ef hallæri eða önnur óáran af náttúruvöldum verður í sveitum landsins“. Hvort sem mikið eða lítið innheimtist af fé þessu, er þessi tilraun Alþingis og ríkisstjórnar til að efla sjóðinn bæði virðingarverð og þakkarverð.

Á landsþingum og fulltrúaráðsfundum Sambands ísl. sveitarfélaga hafa hvað eftir annað verið gerðar samþykktir um að breyta starfsháttum Bjargráðasjóðs Íslands með það fyrir augum að gera hann að fyrsta vísi að lánastofnun fyrir sveitarfélög landsins. En til þess að svo megi verða þarf að breyta verulega þeim lagaákvæðum, sem nú gilda um sjóðinn, tilgang hans og rekstur og sjá honum fyrir auknu fjármagni. Í rumvarpinu er gert ráð fyrir, að horfið verði að því ráði, og því er lagt til, að framlög til sjóðsins verði aukin nokkuð, bæði frá sveitarsjóðum og ríkissjóði, lántökuheimild veitt og fleiri leiðir opnaðar til fjáröflunar.

Verður nánar að þessu vikið, þegar rætt verður um hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Bjargráðasjóður Íslands er nú 44 ára gamall. Hann var stofnaður með lögum

nr. 45/1913, og var verksvið hans þá hugsað miklu víðtækara en það er nú, og er ástæðan til þess sú, að opinber tryggingastarfsemi hefur tekið við þeim verkefnum, sem honum voru þá hugsuð. Um langt skeið var lítið um sjóð þennan hugsað, og tekjur hans felldar niður um tíu ára bil, árin 1932—1941, með hinum svonefndu „bandormslögum", sem sett voru á Alþingi 1932. Árið 1946, þegar félagsmálaráðuneytið var stofnað, tók það við málefnum Bjargráðasjóðs Íslands. Kom þá til orða að leggja sjóðinn niður og skipta eignum hans milli sveitarfélaganna. Eignir sjóðsins voru þá tæpar 2 millj. kr. Hitt varð þó ofan á, að láta hann haldast áfram og auka tekjur hans með því að hækka framlögin til sjóðsins, sem verið höfðu 25 aurar á íbúa frá hvorum aðila: sveitarfélögum og ríkissjóði, allt frá stofnun hans, í 2 krónur á íbúa frá hvorum aðila. Hefur það haldizt óbreytt síðan. Samkvæmt heimild í lögum sjóðsins ákvað þáverandi félagsmálaráðherra, Steingrímur Steinþórsson, að skilja sjóðinn frá félagsmálaráðuneytinu og gera hann að sjálfstæðri stofnun, og kom sú ákvörðun til framkvæmda 1. febr. 1953. Var sjóðnum þá settur sérstakur forstjóri, sem síðan hefur annazt rekstur hans ásamt stjórn sjóðsins, en hana skipa, samkvæmt lögum sjóðsins, skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, fiskimálastjóri og formaður Búnaðarfélags Íslands.

Verður nú vikið að helztu breytingum, sem í frumvarpinu felast.

Um 1. gr.

Grein þessi er staðfesting á þeirri breytingu, að bjargráðasjóður hefur verið gerður að sjálfstæðri stofnun, sameign ríkisins og sveitarfélaga landsins.

Um 2. gr.

1. mgr. er næstum óbreytt, sbr. 1. gr. laga um Bjargráðasjóð Íslands, nr. 19/1950. 2. mgr. er að mestu óbreytt, sbr. 11. gr. laganna um bjargráðasjóð. Heimildin um lánveitingu til einstaklinga var fyrir hendi samkv. 9. gr. reglugerðar fyrir Bjargráðasjóð Íslands. Heimildin um lánveitingu til að verjast tjóni af náttúruvöldum er nýmæli.

3. mgr. er nýmæli.

Um 3. gr.

Hér er um nokkrar breytingar að ræða:

1. Tillag sveitarsjóðs hækkar út tveim krónum á hvern heimilisfastan íbúa sveitarfélagsins í fimm krónur.

2. Styrkur ríkissjóðs hækkar úr tveim krónum í fimm á hvern mann í landinu.

3. Tillögin til ríkissjóðs og sveitarsjóða skal reikna samkvæmt manntali Hagstofu Íslands.

Um 4. gr.

Sú breyting er hér gerð, að stjórn sjóðsins skipa auk framkvæmdastjóra 5 menn í stað 3 áður. Þrír þessara manna eru frá sömu aðilum og áður, en þeir tveir, sem við er bætt, skulu kosnir af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Aðrar breytingar eru flestar staðfesting á reglum þeim, sem sjóðurinn hefur starfað eftir undanfarið.

Um 5. gr.

Sú breyting er hér gerð frá eldri lögum, að stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra sjóðsins og ákveður laun hans, en þetta heyrði, samkv. reglugerð fyrir sjóðinn, undir félagsmálaráðherra. Stjórn sjóðsins setur framkvæmdastjóra erindisbréf.

Um 6. gr.

Deildaskipting er sú sama og áður, þ. e. séreignarsjóður og sameignarsjóður, en sú breyting er gerð á skiptingu tekna sjóðsins, að ⅗ hlutar framlags sveitar- og

bæjarsjóða renna til séreignarsjóðs í stað helmings áður. Í sameignarsjóð renna hins vegar ⅖ hlutar framlagsins. Úr sameignarsjóði greiðast töp þau, er sjóðurinn verður fyrir.

Um 7. gr.

Heimild sjóðsins skv. 1.—4. tölulið er byggð á þeim reglum, sem gilt hafa undanfarið um lánveitingar samkv. reglugerð fyrir sjóðinn. 5. tölul. er heimild, sem sett er vegna ákvæða 2.—4. töluliðs greinarinnar.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við þær reglur, sem gilt hafa undanfarið, sbr. reglugerð fyrir Bjargráðasjóð Íslands, 10. gr.

Um 10. gr.

Heimild sýslu eða kaupstaðar til þess að segja upp séreign sinni í bjargráðasjóði og ráðstafa henni í þarfir sveitarfélagsins er að mestu leyti óbreytt frá eldri ákvæðum, þ. e., að samþykki félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bjargráðasjóðs, þarf til ráðstöfunar fjárins.

Um 11. gr.

Ákvæði 11. gr. eru samkv. reglum þeim, er sjóðurinn hefur starfað eftir, sbr. 11. gr. reglugerðar fyrir Bjargráðasjóð Íslands.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. eru nýmæli og til þess ætluð að afla sjóðnum fjár til þess að geta framkvæmt 3. tölulið 2. gr., um rekstrarlán til sýslu- og sveitarfélaga.

Fylgiskjal I.

Samþykkt 5. landsþings Sambands íslenzkra sveitarfélaga varðandi Bjargráðasjóð Íslands.

...

Landsþing Sambands íslenzkra sveitarfélaga lýsir fullum stuðningi við tillögur þær, sem samþykktar hafa verið á fulltrúaráðs- og bæjarstjórafundum 1951, 1952 og 1954, um nauðsyn þess, að sveitarfélögum landsins verði tryggður aðgangur að hæfilegu lánsfé, sérstaklega rekstrarfé, fyrir sveitarsjóðina.

Landsþingið samþykkir að fela stjórn og fulltrúaráði að vinna áfram ötullega að lausn þessa máls og telur það viðunandi lausn til bráðabirgða að breyta lögum og starfsháttum Bjargráðasjóðs Íslands, sem er eign sveitarfélaganna, á þann veg, að hann geti að minnsta kosti að einhverju leyti sinnt þessu hlutverki fyrst um sinn jafnhliða því verkefni, sem hann nú hefur.

Landsþingið telur, að verði lögum bjargráðasjóðs breytt á þann veg, að honum verði gert að veita sveitarfélögum rekstrarlán, komi jafnframt til athugunar, hvort ekki sé rétt að hækka tillög til sjóðsins bæði frá ríkissjóði og sveitarsjóðum.

Þingið felur stjórn sambandsins og fulltrúaráði að undirbúa mál þetta sem bezt og vinna að framgangi þess við ríkisstjórn og Alþingi.

Tillaga nefndarinnar samþykkt án mótatkvæða.

...

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr fundargerð aðalfundar Stéttarsambands bænda 6. sept. 1955:

...

„Fundurinn skorar á stjórn stéttarsambandsins að vinna að því, að bjargráðasjóður verði efldur, svo að hann verði fær um að sinna hlutverki sínu í þágu landbúnaðarins."

Samþykkt samhljóða.

Fylgiskjal III.

Útdráttur úr fundargerð aðalfundar Stéttarsambands bænda 12. sept. 1957.

...

„Út af framkominni tillögu frá kjörmannafundi Strandamanna ítrekar aðalfundur stéttarsambandsins fyrri samþykktir sínar um nauðsyn þess, að bjargráðasjóður verði efldur, jafnframt því sem hann þakkar eflingu sjóðsins á síðasta Alþingi."

Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Fylgiskjal IV.

Lög um Bjargráðasjóð Íslands.

(Nr. 19 2. marz 1950).

1. gr. — Bjargráðasjóður Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 45 1913, skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli.

2. gr. — Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðasjóðsgjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr. — Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr. — Stjórn sjóðsins, sem heitir bjargráðastjórn, skipa skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands. Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í banka með ríkisábyrgð, og skal það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr. — Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

6. gr. — Bjargráðastjórn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, og skulu reikningarnir endurskoðaðir af endurskoðunardeild stjórnarráðsins og endurskoðendum ríkisreikninganna án sérstaks endurgjalds.

7. gr. — Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðasjóðsgjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr. — Fyrir 1. marz ár hvert er prestum og öðrum þeim, er manntal hafa á hendi, skylt að láta innheimtumönnum bjargráðasjóðsgjalda í té skýrslu um íbúafjölda hvers sveitarfélags, miðað við áramót, til afnota við útreikning og innheimtu gjaldanna.

9. gr. — Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkvæmt 2. gr., vera séreign þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi, og leggjast vextir af því fé við séreignina. Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr. — Ríkisstjórnin getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til þess að hækka bjargráðasjóðsgjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslu- eða bæjarfélags. — Nú notar einhver sýsla eða bæjarfélag heimild þessarar greinar og hækkar framlag sitt til bjargráðasjóðs með leyfi ríkisstjórnarinnar, og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram, auk þess, sem fyrir er mælt í 3. gr., fé, er nemur hálfu viðbótargjaldinu, og rennur það í séreignarsjóð viðkomandi sveitarfélags.

11. gr. — Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr. — Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu áliti bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni. — Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar. — Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins, gegn veði í bjargráðasjóðsgjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem stjórnin metur gildar.

13. gr. — Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastjórn heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir: 1. beinum styrk úr bjargráðasjóði, 2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga, 3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags. — Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal. Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem borizt hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta. Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

14. gr. — Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjargráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynlegt lán fyrir bjarg-

ráðasjóðinn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slík bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.

15. gr. — Ráðherra setur, að fengnum tillögum bjargráðastjórnar, reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu.

Nd. 268. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs til fjögurra ára í senn. Atvinnumálaráðherra skipar einn þeirra, formann verksmiðjustjórnar. Versmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breyting þessi á lögum um sementsverksmiðju er í samræmi við margar hliðstæður við skipun stjórnar stórfyrirtækja, sem eru í eign ríkisins. — Nánar í framsögu.

Ed. 269. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingabætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og borið efni þess undir vitamálastjóra. Lýsir nefndin yfir því, að hún leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1959.

Björn Jónsson, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Björgvin Jónsson. Sigurður Bjarnason.

Sþ. 270. Þingsályktun [14. mál]

um ráðstafanir til að greiða fyrir votheysverkun og öðrum heyverkunaraðferðum, sem að gagni megi koma í óþurrkum.

(Afgreidd frá Sþ. 20. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að því í samráði við Búnaðarfélag Íslands, tilraunaráð búfjárræktar, verkfæranefnd ríkisins og rannsóknaráð

ríkisins, að tilraunir með votheysgerð og votheysfóðrun verði auknar svo og leiðbeiningarstarfsemi á þessu sviði; enn fremur að stuðla, eftir því sem við verður komið, að útbreiðslu annarra heyverkunaraðferða, er að gagni megi koma í óþurrkum.

Sþ. 271. Þingsályktun [29. mál]

um skipulagningu hagrannsókna.

(Afgreidd frá Sþ. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 49.

Sþ. 272. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um stuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Björn Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort unnt sé að auka fjárhagsstuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi á Íslandi með því að gera framlög fólks til þeirra mála frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts og útsvars.

Greinargerð.

Á tveimur undanförnum þingum og árið 1943 hafa verið flutt frv. um, að gjafir frá skattgreiðendum til ýmiss konar starfsemi, m. a. vísinda- og mannúðarmála, mættu koma til frádráttar við álagningu skatta.

Fullvíst má telja, að þess konar heimild mundi stórauka stuðning manna við þessi mál og efla almennan áhuga fyrir þeim. Sums staðar erlendis eru ýmsar menningarstofnanir beinlínis grundvallaðar á framlögum áhugafólks, sem aftur er leyst frá því að þurfa að greiða hinu opinbera skatta af þeim tekjum, sem þannig er varið. Ef þessi framlög kæmu ekki til, þyrfti í ríkara mæli beinan opinberan stuðning.

Þar sem heimild þessi er í lögum, er hún takmörkuð þannig, að frádráttur er leyfður, fari gjöfin ekki fram úr vissum hundraðshluta af tekjum gefanda.

Einnig eru stofnanir þær, sem stuðnings njóta á þennan hátt, skrásettar hjá hinu opinbera.

Margt gott hefur verið unnið á okkar landi á sviði mannúðar og vísinda þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Enn er þó mikillar uppbyggingar þörf á þessum sviðum, og væri til mikla bóta, ef ríkisvaldið gæti hér komið til móts við áhuga almennings. Þessi þáltill. er flutt til þess, að athuguð verði sú leið, sem hér er bent á.

Sþ. 273. Frumvarp til fjáraukalaga [114. mál]

fyrir árið 1956.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1956, eru veittar kr. 113 212 982.48 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	4 159 686.18
	en tekjur fóru kr. 2 641 936.18 fram úr fjárlagaáætlun		
2.	Síminn	—	13 146 302.17
	en tekjur fóru kr. 4 856 007.78 fram úr fjárlagaáætlun		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	2 114 904.66
	en brúttótekjur urðu kr. 5 783 008.38 umfram fjárlagaáætlun		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	977 253.42
	en brúttótekjur urðu kr. 12 302 216.71 umfram fjárlagaáætlun		
5.	Ríkisútvarpið	—	2 479 524.19
	en tekjur fóru kr. 2 293 954 57 umfram fjárhagsáætlun		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	484 002.91
	af kr. 1 077 688.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun		
7.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	86 841.45
8.	Landssmiðjan	—	1 368 611.15
	en tekjur fóru kr. 982 394.13 umfram fjárlagaáætlun		
9.	Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	66 443.22
	en tekjur fóru umfram fjárlagaáætlun um sömu upphæð		
10.	Innkaupastofnun ríkisins	—	283 184.80
	af kr. 886 534.24 tekjum umfram fjárlagaáætlun		
11.	Bessastaðabú	—	226 478.19
	en tekjur fóru kr. 124 763.64 umfram fjárlagaáætlun		
12.	Kópavogsbú	—	14 276.77
	af kr. 26 505.41 tekjum umfram fjárlagaáætlun		
13.	Kleppsbú	—	112 693.23
	af kr. 161 356.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun		
14.	Skólabúið á Hólum	—	325 375.41
	en tekjur fóru kr. 292 129.51 umfram fjárlagaáætlun		
15.	Skólabúið á Hvanneyri	—	211 767.90
	en tekjur fóru kr. 111 920.32 umfram fjárlagaáætlun		
		Kr.	26 057 345.65

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7. gr.		eru	veittar	.....	kr.	817 828.62
—	—	—	—	-	8. —		—	—	.....	—	551.447.27
—	—	—	—	-	10. —		—	—	.....	—	5 117 300.44
—	—	—	—	-	11. —	A.	—	—	.....	—	7 279 964.95
—	—	—	—	-	11. —	B.	—	—	.....	—	535 885.43
—	—	—	—	-	11. —	C.	—	—	.....	—	3 380 429.21
—	—	—	—	-	11. —	D.	—	—	.....	—	240 708.79
—	—	—	—	-	12. —		—	—	.....	—	2 810 811.48
—	—	—	—	-	13. —	A.	—	—	.....	—	13 829 208.95
—	—	—	—	-	13. —	B.	—	—	.....	—	3 496 720.96
—	—	—	—	-	13. —	C.	—	—	.....	—	1 515 903.35
—	—	—	—	-	13. —	D.	—	—	.....	—	2 896 939.07
—	—	—	—	-	14. —	A.	—	—	.....	—	649 078.11
—	—	—	—	-	14. —	B.	—	—	.....	—	18 503 025.02
—	—	—	—	-	15. —	A.	—	—	.....	—	600 543.00
—	—	—	—	-	15. —	B.	—	—	.....	—	1 527 162.90
—	—	—	—	-	16. —	A.	—	—	.....	—	639 007.84
—	—	—	—	-	16. —	B.	—	—	.....	—	926 365.25
—	—	—	—	-	16. —	D.	—	—	.....	—	214 654.09

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	17.	gr.		eru	veittar	kr.	720 210.93
—	—	—	—	-	18.	—		—	—	—	3 406 806.29
—	—	—	—	-	19.	—	1.	—	—	—	9 611 862.06
—	—	—	—	-	19.	—	6.	—	—	—	8 303 852.07

Kr. 113 633 061.73

Frá dragast fjárveitingar vegna vísitöluhækkana samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaga kr. 4 000 000.00 vegna afnáms vísitöluskerðingar samkvæmt 19. gr. 3. fjárlaga kr. 1 500 000.00 og vegna nýrra launalaga samkvæmt 19. gr. 4. fjárlaga kr. 23 500 000.00 .... Kr. 29 000 000.00

Kr. 84 633 061.73

Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar ..... — 28 579 920.75

Inn fóru kr. 9 027 117.13 fram úr fjárlagaáætlun

Samtals Kr. 113 212 982.48

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1956. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1956 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1956.

Ed. 274. Frumvarp til laga [115. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1956 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:				Áætlun:		Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2.	gr.	fjárlaga ..	kr. 521 400 000.00	kr.	597 415 235 90
2.	— —	3.	— A.	— ..	— 131 752 988.00	—	138 392 916.63
3.	— —	3.	— B.	— ..	— 10 000.00	—	42 116.32
4.	— —	4.	—	— ..	— 1 983 000.00	—	2 681 303.06
5.	— —	5.	—	— ..	— 4 100 000.00	—	13 994 198.18
6.	Eignahreyfingar samkv.	20.	gr.	fjárlaga	— 2 450 000.00	—	37 988 264.98
				Greiðslujöfnuður	— 229.00	—	
					Kr. 661 696 217.00	Kr.	790.514 035.07

	Útborganir:				Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7.	gr.	fjárlaga ..	kr. 2 672 505.00	kr.	3 490 333.62
2.	— —	8.	—	— ..	— 877 740.00	—	1 429 187.27
3.	— —	9.	—	— ..	— 5 902 797.00	—	6 420 740.57
4.	— —	10.	— I.	— ..	— 9 287 386.00	—	12 406 800.37
5.	— —	10.	— II.	— ..	— 1 216 761.00	—	1 833 660.93
6.	— —	10.	— III.	— ..	— 7 578 267.00	—	8 959 253.14

	Útborganir:						Áætlun:		Reikningur:
7.	Gjöld samkvæmt	11. gr.	A.	fjárlaga	..	kr.	35 848 029.00	kr.	43 127 993.95
8.	— —	11. —	B.	—	..	—	2 737 696.00	—	2 025 123.66
9.	— —	11. —	C.	—	..	—	14 682 903.00	—	18 063 332.21
10.	— —	11. —	D.	—	..	—	675 000.00	—	915 708.79
11.	— —	12. —		—	..	—	42 332 002.00	—	45 088 007.39
12.	— —	13. —	A.	—	..	—	61 363 017.00	—	75 192 225.95
13.	— —	13. —	B.	—	..	—	13 763 000.00	—	17 259 720.96
14.	— —	13. —	C.	—	..	—	14 927 657.00	—	16 443 560.35
15.	— —	13. —	D.	—	..	—	4 038 483.00	—	6 935 422.07
16.	— —	14. —	A.	—	..	—	10 798 727.00	—	11 447 805.11
17.	— —	14. —	B.	—	..	—	83 401 651.00	—	101 904 676.02
18.	— —	15. —	A.	—	..	—	8 049 499.00	—	8 650 042.00
19.	— —	15. —	B.	—	..	—	8 859 894.00	—	10 387 056.90
20.	— —	16. —	A.	—	..	—	48 707 943.00	—	49 346 950.84
21.	— —	16. —	B.	—	..	—	10 741 552.00	—	11 667 917.25
22.	— —	16. —	C.	—	..	—	2 572 700.00	—	2 572 700.00
23.	— —	16. —	D.	—	..	—	19 349 471.00	—	19 127 455.99
24.	— —	17. —		—	..	—	79 325 527.00	—	80 045 737.93
25.	— —	18. —		—	..	—	16 649 099.00	—	20 055 905.29
26.	— —	19. —	1.	—	..	—	57 000 000.00	—	66 611 862.06
27.	— —	19. —	2.	—	..	—	4 000 000.00		
28.	— —	19. —	3.	—	..	—	1 500 000.00		
29.	— —	19. —	4.	—	..	—	23 500 000.00		
30.	— —	19. —	5.	—	..	—	1 350 000.00	—	1 350 000.00
31.	— —	19. —	6.	—	..	—	2 500 000.00	—	10 803 852.07
32.	Eignabreytingar samkv.	20. gr.		fjárlaga		—	65 486 911.00	—	120 571 929.52
		Greiðslujöfnuður							16 379 072.86
							Kr. 661 696 217.00		Kr. 790.514 035.07

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1956, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Á það skal bent, að greiðslur samkvæmt 19. gr. 2—4 fjárlaganna eru færðar á viðkomandi gjaldaliði ríkisreiknings.

Sþ. 275. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um ríkisábyrgðir.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin er sammála um nauðsyn þess að hafa sem fastasta skipan og samræmi í veitingu ríkisábyrgða, enda verður ríkissjóður árlega fyrir miklum útgjöldum vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum. Skoðanir nefndarmanna eru hins vegar nokkuð skiptar um það, hvort auðið muni reynast að setja raunhæfa löggjöf um þetta efni. Þótt nefndin telji æskilegt að samræma eftir föngum reglur um veitingu ríkisábyrgða, telur hún að sjálfsögðu ekki rétt, að ríkisábyrgð nái ætíð til jafnstórs hluta kostnaðar.

Einn nefndarmanna (ÁkJ) var fjarverandi, er málið var afgreitt.
Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að setja raunhæfa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða og samræmdar eftir föngum reglur um það efni. Enn fremur verði kannaðar orsakir vanskila á ríkisábyrgðarlánum og tillögur gerðar um úrbætur, svo sem við verður komið.

Alþingi, 23. febr. 1959.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Pétur Ottesen.	Jón Kjartansson.
Halldór E. Sigurðsson.	Björn Björnsson.	

Ed. 276. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:
Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:
Eiðar. Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Eiðar.

c. Við XVII. 89 bætist:
Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 277. Frumvarp til laga [116. mál]

um lögheimili.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gildir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir.
Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri stöðum en einum í senn.

2. gr.

Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili.

Heimili manns er sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.

Það telst eigi heimili, þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubóta. Sama gildir um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupmennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Dvalarstaður manns á athafnasvæði varnarliðsins, meðan hann stundar vinnu á vegum þess, telst eigi heimili, nema hann tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili.

3. gr.

Nú á maður samtímis heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, og skal hann þá eiga þar lögheimili, sem aðalatvinna hans er og hefur verið 2 síðastliðin ár eða lengur. Það telst aðalatvinna í þessu sambandi, sem varir lengur en 6 mánuði á ári eða hefur gefið í tekjur meira en ⅔ af hreinum árstekjum mannsins. Verði eigi þannig greint á milli um atvinnu í ýmsum sveitarfélögum, skal maðurinn sjálfur ákveða, hvert heimila hans skuli vera lögheimili, en þjóðskráin ákveður, hvert heimilanna skuli vera lögheimili hans, hafi hann sjálfur ekki tilkynnt það.

4. gr.

Nú á maður hvergi heimili, og á hann þá lögheimili í sveitarfélagi, þar sem hann stundar atvinnu að staðaldri.

Það telst atvinna að staðaldri í sama sveitarfélagi, ef maður hefur stundað þar atvinnu samtals 6 mánuði eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

5. gr.

Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi heimili, á lögheimili þar, sem skip það, flugfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

6. gr.

Nú verður eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt ákvæðum 2.—5. gr. laga þessara, og skal hann þá eiga lögheimili í því sveitarfélagi, þar sem hann hefur síðast haft þriggja mánaða samfellda dvöl, sem fellur ekki undir 3. og 4. mgr. 2. gr.

7. gr.

Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sitt heimilið hvort samkvæmt 2. gr., skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna, sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn þeirra eru hjá báðum hjónanna eða þau eru barnlaus, skulu þau sjálf ákveða, á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin, á hvoru heimilinu telja skuli lögheimili þeirra. Sama gildir, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á barn eða börn saman.

Um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman síðastliðin 2 ár eða lengur eftir vígslu, fer sem um lögheimili einstaklinga.

8. gr.

Börn innan 16 ára eiga sama lögheimili og foreldrar þeirra, ef þeir búa saman. Ef foreldrar eru ekki samvistum, eiga börn þeirra lögheimili hjá því foreldranna, sem foreldraráðin hefur. Nú hefur foreldraráðum ekki verið skipt á milli foreldr-

anna, og á þá barn sama lögheimili og það foreldri, sem það dvelst hjá, eða á dvalarheimili sínu, ef það dvelst hjá hvorugu foreldranna.

Sama gildir um kjörbörn og kjörforeldra og fósturbörn og fósturforeldra, sem annast framfærslu fósturbarna sinna án meðgjafar.

Munaðarlaus börn, sem ekki eiga fósturforeldra samkvæmt 2. mgr., eiga lögheimili í sveit þeirri, þar sem þau urðu munaðarlaus. Ef þau hafa verið munaðarlaus frá fæðingu, eiga þau lögheimili þar, sem móðir þeirra átti lögheimili, er þau fæddust.

9. gr.

Nú á maður, sem yngri er en 21 árs, lögheimili hjá foreldri sínu eða foreldrum, og heldur hann þá því lögheimili, unz hann verður 21 árs, nema hann eignist sjálfstætt heimili samkvæmt 2. gr., enda hafi hann þá ekki dvalizt á heimili foreldris síns eða foreldra einn mánuð eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Sama gildir um mann, þótt eldri sé en 21 árs, sem stundar nám sem aðalviðfangsefni, unz náminu lýkur.

10. gr.

Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott. Sama gildir um sjúklinga, sem dveljast erlendis vegna veikinda, svo og þá, sem eru erlendis í heimsókn hjá venzlafólki sínu um lengri eða skemmri tíma.

Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, þegar þeir fóru af landi brott.

Þeim, sem 1. og 2. mgr. tekur til, er þó rétt að telja lögheimili sitt hjá foreldrum sínum eða öðru venzlafólki hérlendis.

11. gr.

Þingseta alþingismanns breytir engu um lögheimili hans og ekki heldur dvöl hans vegna annarra tímabundinna trúnaðarstarfa, svo sem nefndarstarfa í þágu ríkisins. Sama gildir um ráðherra.

12. gr.

Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á.

Tilkynning um, að lögheimili sé að heimili annars manns, verður ekki tekin til greina, ef hann mótmælir því, að lögheimilið sé talið hjá honum.

13. gr.

Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkv. 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956.

14. gr.

Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara.

Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum, áður en úrskurður gengur.

Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til hæstaréttar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

Greinargerð.

Frumvarp þetta mæltist félagsmálaráðuneytið til að heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytti.

Nefndin athugaði frumvarpið og ræddi það við þá menn, er það höfðu samið, eftir því sem til þeirra náðist. Enn fremur fékk hún hagstofustjóra til viðtals um málið.

Nefndin gerði á frumvarpinu nokkrar minni háttar breytingar og ákvað jafnframt að flytja það.

Framsögumaður var kosinn Karl Kristjánsson.

Frumvarpinu fylgdu til heilbrigðis- og félagsmálanefndar svo hljóðandi

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 20. maí 1958, til þess að endurskoða löggjöfina um sveitarstjórnarmál og semja frumvarp eða frumvörp um þau efni. Í nefndinni eiga sæti Bjarni Þórðarson bæjarstjóri, Neskaupstað, Björn Björnsson sýslumaður, Stórólfshvoli, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jón Guðjónsson bæjarstjóri, Ísafirði, og Tómas Jónsson borgarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar. Nefndin hefur haft samráð við Klemenz Tryggvason hagstofustjóra um samningu frumvarpsins, og hefur hann setið marga fundi með nefndinni og gefið henni ýmsar mikilvægar upplýsingar, sem teknar hafa verið til greina við samningu frumvarpsins.

Það kom til álita að fella ákvæði um lögheimili inn í frumvarp til laga um sveitarstjórnarmálin, þar eð skipting þjóðfélagsþegnanna á milli hinna ýmsu sveitarfélaga veltur eðlilega á því, hvar hver einstakur þeirra á lögheimili. Reglurnar um lögheimili eru því að vissu leyti skilgreining á sveitarfélagi. Þar eð lögheimili hefur hins vegar mikla þýðingu í ýmsum öðrum samböndum, taldi nefndin rétt, að sett yrðu sérstök lög um þetta efni.

Með þessu frumvarpi er leitazt við að skilgreina lögheimili á þann veg, að yfirleitt megi nota það, þar sem réttindi eða skyldur eru bundnar við búsetu eða heimilisfang. Í ýmsum samböndum mun það þó eigi nægja. Má t. d. nefna ákvæðin um framfærslurétt manna. Að vísu er sá réttur bundinn við lögheimili, en til viðbótar er gerð sú krafa, að hlutaðeigandi hafi ekki þegið framfærslustyrk í öðru sveitarfélagi ákveðið tímabil.

Í lögum þeim, sem nú gilda, eru hvergi greinileg ákvæði um það, hvar menn skuli eiga lögheimili. Lög nr. 95/1936, um heimilisfang, hafa fá ákvæði að geyma um það atriði. Sama er að segja um lög nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta. Nokkur ákvæði eru um þetta efni í framfærslulögum, nr. 80/1947, en þau ákvæði eru eingöngu bundin við framfærslurétt og eru ekki fullnægjandi. Vegna þess, hve ákvæðin um lögheimili eru óljós, hafa jafnan verið nokkur brögð að því, að útsvör hafi verið lögð á sama mann í fleiri sveitarfélögum í senn, sami maður hefur verið á kjörskrám samtímis í fleiri sveitarfélögum, deilur verða oft um sveitfesti manna, o. fl. mætti nefna. Nokkur bót var hér á ráðin með lögum nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, en þau lög hafa þó eigi nein efnisákvæði um lögheimilið. Til þess að vænta megi fulls árangurs af starfi þjóðskrárinnar, verður að setja sem gleggst ákvæði um það, hvar hver einstaklingur skuli eiga lögheimili. Ákvæði þessa frumvarps fjalla um þetta efni.

Í 2.—6. gr. frumvarpsins eru almenn ákvæði um það, hvar lögheimili manna skuli vera. Í 7.—11. gr. eru sérreglur um hjón, börn, ungt fólk, námsmenn o. fl. Þar eð ákvæði frumvarpsins binda lögheimilið við ástand, sem ríkir, getur yfirlýsing eftir geðþótta um lögheimili, sem andstæð er staðreyndum, ekki haft gildi, ef hún er vefengd. Þó að val manns á lögheimili sé þannig háð því, hvar hann á heima í raun og veru, hefur hann vissulega óbundnar hendur um það, hvar heimili hans er.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því, að hann sé á neinn hátt sviptur frelsi sínu í því efni. Hins vegar er það meginregla samkv. frv., að hann hafi lögheimili þar, sem heimili hans er. Það mun vera nokkuð algengt, að lögheimili sé tilkynnt annars staðar en heimilið er. Það skiptir oft miklu máli í sambandi við útsvörin, svo að menn tilkynna stundum lögheimili sitt annars staðar en þeir eru og eiga heimili. Hér er um hagsmunamál í milli sveitarfélaga að ræða, sem ekki er viðunandi að látin séu velta á geðþótta einstaklinganna um val lögheimilis.

Eins og fyrr segir, er í frv. þessu gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að menn eigi lögheimili þar, sem þeir eiga heimili í raun og veru. Í öðru lagi er tekið tillit til þess, ef menn hafa heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, hvar aðalatvinna þeirra er, sem þá ræður um lögheimilið.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í aðalatriðum eins og ákvæði 1. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang. Hér er þó fastar að orði kveðið um það, að enginn getur átt nema eitt lögheimili í senn. Lög nr. 66/1945, um útsvör, gera ráð fyrir því, að menn geti átt lögheimili á fleiri stöðum en einum, sjá 8. gr. þeirra laga, 3. mgr. d. Þar eð lögheimili manns sker úr um það, til hvaða sveitarfélags skuli telja hann, er augljóst, að hver maður verður að eiga lögheimili og að enginn geti átt lögheimili nema á einum stað í senn.

Um 2. gr.

Reglan um það, að lögheimili manns skuli vera þar, sem hann á heimili, virðist vera sjálfsögð. Í 13. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, segir, að lögheimili manns sé þar, sem hann hefur fast aðsetur. Fast aðsetur táknar nokkurn veginn hið sama og orðið heimili, en hið síðara er oftar notað í mæltu máli. Skilgreining 2. mgr. á orðinu heimili er lýsing á venjulegu heimili, sem ekki þarfnast skýringa. Undantekningar þær, sem um er rætt í 3. mgr., svara til hliðstæðra undantekninga í 14. gr. framfærslulaganna, en ákvæði frumvarpsins ganga nokkru lengra í þessu efni en ákvæði framfærslulaganna gera. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að dvöl vegna árstíðabundinnar atvinnu breyti ekki lögheimili manns, ef hann að lokinni slíkri dvöl hverfur aftur til þess heimilis, er hann hafði, þegar sú dvöl hófst. Hér á landi er atvinna manna víða mjög bundin árstíðum. Gildir þetta einkum um atvinnu unga fólksins. Það er mjög algengt, að það verði að fara til annarra sveitarfélaga í atvinnuleit á vissum tímum á ári hverju. Þegar þetta fólk leitar aftur heim í sveit sína, kaupstað eða kauptún eftir nokkurra mánaða fjarveru, virðist eðlilegt, að það haldi lögheimili sínu þar. Öðru máli er að gegna, þegar tengslin rofna við upphaflega heimilið. Þegar svo er komið, þykir ekki ástæða til, að sérregla gildi. Umrædda dvöl verður þá að skoða sem venjulega heimilisdvöl, ef hún annars fullnægir ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

Einn nefndarmanna, Tómas Jónsson, telur orðin „eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu“ í 3. mgr. óþörf.

Venjuleg vetrardvöl hefst oftast um mánaðamót september og október og lýkur í byrjun maí eða um miðjan maímánuð. Slík dvöl varir því eigi lengur en 8 mánuði, og takmarkast þetta ákvæði greinarinnar við það. Með skírskotun til þessa gerir Tómas Jónsson ekki ágreining um frumvarpsgreinina.

Ákvæði 4. mgr. vegna varnarliðsvinnu þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Það kann að virðast fremur fátítt, að menn eigi samtímis fleiri en eitt heimili. Þó munu vera til dæmi um það. Þegar ákveða skal, hvert heimilið sé lögheimili, skal telja það heimilið lögheimili, þar sem hlutaðeigandi maður hefur aðalatvinnu sína, sbr. nánari ákvæði í greininni um aðalatvinnu. Þegar heimili manns sker ekki

úr um lögheimili hans, virðist eðlilegt að taka tillit til atvinnunnar og telja lögheimilið á þeim staðnum, sem hún er mest. Val hlutaðeigandi manns kemur fyrst til greina, þegar hvorki reglan um heimilið né reglan um aðalatvinnu sker úr um lögheimilið.

Um 4. gr.

Svo kynni að virðast í fljótu bragði, að þau tilvik séu fátíð, sem heimfæra mætti undir þessa grein. Þó er ekki fyrir það synjandi, að maður kunni að hafa stundað samtals 6 mánuði atvinnu í sama sveitarfélagi á síðustu 12 mánuðum án þess að eignast þar nokkurt heimili samkv. 2. og 3. mgr. 2. gr. Einkum kynni þetta að geta skeð, ef hann næði 6 mánaða markinu með tveimur eða fleiri atvinnutímabilum, sem þá varaði aðeins nokkrar vikur í hvert skipti.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin geymir almenna reglu, sem jafnframt er tæmandi. Þeir, sem ekki eiga lögheimili samkv. 2.—5. gr., hljóta það samkv. þessari grein. Sennilega verða fáir heimfærðir undir þessa grein, en þó áreiðanlega nokkrir.

Um 7. gr.

Hér er sérregla um hjón. Sjálfsagt þykir, að þau eigi saman lögheimili, sbr. þó 2. mgr. Það getur borið við, að þau hafi sitt heimilið hvort, t. d. vegna atvinnustaðar mannsins. Þá er það aðalreglan, að heimili konunnar, sem oftast mun hafa börnin hjá sér, verður lögheimilið. Hitt mun fátíðara, að börnin skiptist milli heimila mannsins og konunnar, nema þá við sambúðarslit, sbr. 2. mgr., en ef svo stendur á, eiga hjónin sameiginlegt val um það, hvort heimilið skuli vera lögheimili þeirra, sbr. regluna í 3. gr. Rétt virðist, að það, sem ákveðið er um hjón, skuli og gilda, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á börn saman.

Samkvæmt 2. mgr. fer um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman 2 ár eða lengur, eftir að þau giftust, sem um lögheimili einstaklinga. Samkvæmt lögum nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar, 63. gr., getur hvort hjóna sem er krafizt skilnaðar, ef þau hafa lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

Um 8. gr.

Eðlilegt virðist, að börn, sem yngri eru en 16 ára, eigi sama lögheimili og foreldrarnir. Sama er að segja um kjörbörnin. Til þess að fósturbörn fái lögheimili fósturforeldra sinna, er svo ákveðið í greininni, að þau séu í fóstrinu án meðgjafar. Ef ekki er um að ræða munaðarlaus börn, sbr. 3. mgr., virðist samband barns við föður sinn eða móður veikt, ef hvorugt þeirra annast framfærslu þess, svo að eðlilegt virðist að telja lögheimili þess hjá fósturforeldrum, sem annast framfærsluna.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar um fólk, sem verið hefur hjá foreldrum sínum og yngra er en 21 árs, eru byggð á því, að fólk á þessu aldurskeiði er oft mjög óráðið og sé því rétt að tengja lögheimili þess við heimili foreldranna, nema samband þess við það sé algerlega rofið. Samkvæmt 2. mgr. er lagt til, að sama regla skuli gilda um þá, sem stunda nám sem aðalviðfangsefni, þó að þeir séu eldri en 21 árs, unz námi lýkur. Ástæðin fyrir því er ekki sú, að þetta fólk sé yfirleitt óráðið, eins og yngra fólkið er oft, heldur hin, að námsdvöl er oft mjög löng, en þó í eðli sínu ekki heimilisfesta í raun og veru. Sýnist þá eðlilegt að láta foreldraheimilið ráða, nema tengsl við það séu algerlega rofin.

Um 10. gr.

Hér er enn sérregla um námsfólk, sem eðlilegt virðist að lögfesta. Það mun velta á ýmsu um lögheimili þeirra, sem nú stunda nám í útlöndum, enda engin ákvæði í núgildandi lögum um þessi efni. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, svo að ekki er víst, að ástandið breytist frá því, sem nú er, þó að ákvæðið verði lögtekið.

Í 33. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er 5 ára búseta í landinu sett sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Það virðist þess vegna vera varhugavert að rýmka heimild þeirra, sem erlendis eru, til þess að telja lögheimili sitt hér á landi frá því, sem lagt er til í frumvarpinu. Auk námsfólks tekur heimildin einnig til sjúklinga og þeirra, sem fara til útlanda í kynnisfarir til ættingja sinna eða venzlafólks. Slíkar kynnisfarir geta stundum staðið yfir í heilt ár eða jafnvel lengur.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um starfsmenn í þjónustu ríkisins og er að efni til samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, er mönnum skylt að tilkynna sveitarstjórn, ef þeir skipta um aðsetur eða heimilisfang, sjá 2. og 3. gr. þeirra laga. Hér er lagt til, að ákvæði þessara laga skuli gilda, eftir því sem við á, um breytingu á lögheimili.

Í framkvæmdinni munu slíkar tilkynningar ráða miklu um það, hvar lögheimili manna verður talið. Þykir því nauðsynlegt, að um slíkar tilkynningar gildi fastar reglur eins og um aðsetursskipti. Aðsetur og heimili fer oftast saman. Aðsetursstaður manna er þess vegna að jafnaði lögheimili hans. Það er ekki ástæða til þess að setja sérstök lagaákvæði um breytingu á lögheimili. Gildandi ákvæði um tilkynningar aðsetursskipta eru fullnægjandi, ef þau eru einnig látin gildi um breytingu á lögheimili.

Um 13. gr.

Þjóðskráin semur árlega íbúaskrár fyrir sveitarfélögin miðað við 1. desember, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956. Íbúaskrárnar eru miðaðar við aðsetursstað manna, en hér er lagt til, að þær verði miðaðar við lögheimili.

Um 14. gr.

Samkvæmt grein þessari á dómari úrskurð um lögheimili, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 95/1936, um heimilisfang.

Gert er ráð fyrir, að aðili sjálfur, þjóðskráin og hlutaðeigandi sveitarstjórn hafi heimild til þess að beiðast rannsóknar og úrskurðar dómara. Upplýsingar þær og heimildir, sem þjóðskráin hefur, kunna að rekast á. Geti þjóðskráin ekki sjálf aflað nægra upplýsinga, svo að ósamræmið verði örugglega leiðrétt, er henni nauðsynlegt að geta snúið sér til dómara og fengið úrskurð um lögheimilið. Þá verður að gera ráð fyrir því, að það geti komið fyrir, að sveitarstjórn telji íbúaskrá vafasama eða ranga varðandi einhvern einstakling, og er þá sveitarstjórn rétt að beiðast rannsóknar og úrskurðar dómara. Nauðsynlegt er, að dómari hraði mjög afgreiðslu slíkra mála. Það er því lagt til, að með málið skuli farið að hætti opinberra mála.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 278. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson.

1. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið íslenzkt nafn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu árin hefur Alþingi fylgt þeirri reglu að láta alla erlenda menn, sem öðlazt hafa íslenzkan ríkisborgararétt, breyta nafni sínu til samræmis við íslenzka hefð um nafngiftir. Að sjálfsögðu má um það deila, hvort sanngjarnt sé að krefjast slíkra nafnbreytinga af mönnum, sem komnir eru til fullorðinsára, því að flestum þykir að sjálfsögðu vænt um ættarnafn sitt. Væri í því sambandi athugandi, hvort ekki ætti að miða slíkar nafnbreytingar við ákveðið aldurstakmark, láta þær t. d. eingöngu taka til ungmenna innan 21 árs eða afkomenda hinna erlendu manna, sem ríkisborgararétt öðlast.

Þar sem Alþingi er nú svo kröfuhart varðandi mannanöfn (sem eru mörgum manni viðkvæmt mál), mætti ætla, að það fylgdi jafnstrangri reglu til dæmis varðandi nöfn á hvers konar atvinnufyrirtækjum, en svo er þó ekki. Menn geta skírt fyrirtæki hvaða ónefni sem er og meira að segja fengið það lögverndað. Nýlega er t. d. búið að skrá gistihúsið „City Hotel“ í firmaskrá Reykjavíkur, en City er enskt orð, sem þýðir borg og er þó raunar eiginheiti sérstaklega bundið við miðhluta Lundúna. Hins vegar má telja, að orðið hotel hafi eignazt þegnrétt í íslenzku máli. Þá má og minnast veitingahússins Lido, svo að tvö nærtæk dæmi séu nefnd. Þess má geta, að Lido er baðstaður í Feneyjum. Orðið er ítalskt og merkir sandrif. Næturskemmtistaður í París, sem er viðurkenndur fyrir nektarsýningar, ber einnig þetta nafn.

Fróðlegt væri að fá skrá um öll nöfn íslenzkra fyrirtækja, sem lögskráð hafa verið í landinu, en slík heildarskrá er ekki til, og á það ef til vill nokkurn þátt í því, að menn grípa til þess óyndisúrræðis að skíra fyrirtæki sín erlendum nöfnum, af ótta við að baka sér bótaskyldu.

Það er aðkallandi nauðsyn að sporna við þessari öfugþróun og koma í veg fyrir, að íslenzk fyrirtæki beri að þarflausu erlend nafnskrípi, og er frumvarp þetta flutt í þeim tilgangi.

Það skal tekið fram, að öðru máli gegnir um vörumerki, einkum ef ætlunin er að flytja viðkomandi vöru úr landi.

Frumvarpi þessu fylgir stutt erindi, sem Árni Böðvarsson flutti 13. þ. m. í þætti Ríkisútvarpsins um daglegt mál. Er þar gerð nokkur grein fyrir þessu hvimleiða fyrirbæri.

Fylgiskjal.

Þátturinn um daglegt mál, fluttur af Árna Böðvarssyni í Ríkisútvarpinu 13. febr. 1959.

Í síðasta þætti [þ. e. 10. febr.] var nokkuð rætt um íslenzk heiti á nýjum vörum og efnum, sem eru til í verzlunum. Nú skal vikið að öðrum þætti í meðferð kaup-

sýslumanna á móðurmálinu, en hún er vel fallin til mikilla áhrifa, bæði góðra og slæmra, því að þeirra stétt ber oftast ný vöruheiti á borð fyrir almenning samhliða vörunni. En fleira þarf að nefna íslenzkum heitum en vöruna eina, og skal ég þegar í upphafi taka fram, að þótt ég tali hér um heiti ákveðinna fyrirtækja, er það gert til að taka almenn dæmi, en ekki til að beina skeytum að fyrirtækjunum sem slíkum.

Við skulum hugsa okkur verzlun, sem selur góða vöru úr nýju efni, og verzlunin velur gott íslenzkt heiti á efnið. En sjálf getur verzlunin samt heitið einhverju nafnskrípi, ef til vill í höfuðið á einhverri ekki merkilegri útlendri borg — eða kannske tízkublaði, ef um er að ræða tízkuverzlun, íþróttagarpi frá Japan eða Mexíkó, ef í hlut á sportvöruverzlun, og þar fram eftir götunum. Með sömu nafngiftarvenju lægi beint við, að bókaverzlanir væru skírðar í höfuðið á frægum rithöfundum; ein gæti heitið Pasternak eftir skáldinu rússneska, önnur Kazantsakis eftir Grikkjanum, og þannig mætti lengi telja. En allt væri það í samræmi við að nefna verzlanir heitum eins og Moderne, Dior, Barda, eða öðrum útlendum orðum, sem í eyrum almennings hafa enga merkingu, en eru með einhverjum hætti tengd tízku eða tízkuklæðum. Ef kvenfataverzlun er nefnd titli enskra hefðarkvenna, liggur nærri að karlmannafataverzlun væri kölluð Lord (hvort sem framburðurinn ætti að vera „lord“ eða „lo:d“, um það veit ég ekki í slíku tilviki), sem þá mætti ómögulega vera með t-i í staðinn fyrir d-ið; eða ef til vill bara Gentleman.

Nokkrar gamlar og virðulegar verzlanir í höfuðstaðnum heita nafni erlendra stórborga, og er skiljanlegt, að erfitt sé fyrir þær að skipta um, þegar þær hafa unnið sér álits undir gamla nafninu. En hitt er víst, að ef verzlun, sem héti t. d. franska borgarheitinu Marseilles, tæki sig til og skipti um nafn einn góðan veðurdag, yrði eftir því tekið, og það væri út af fyrir sig mikil auglýsing fyrir fyrirtækið, ef það tæki upp gott íslenzkt orð sem heiti í stað franska Marseilles. Sama yrði að sjálfsögðu upp á teningnum um tízkuverzlanir ýmsar, ef þær köstuðu fyrir borð heitum, sem í rauninni eru óhæf í íslenzku nema sem nafnskrípi, er verzlunin hefur fest við sig, og tækju upp gott íslenzkt orð í þess stað. Mér flýgur t. d. í hug, að líklega er engin tízkuverzlun í Reykjavík heitin í höfuð Freyju, engin heitir Dísa, Mjöll eða þá Lilja, er ég held væru öll vel til fallin sem heiti á íslenzkum tízkuverzlunum, og eru þetta þó vitanlega aðeins fá þeirra orða íslenzkra, er vel mundu sóma sér sem heiti á tízkuverzlunum.

Mörg þau heiti, sem íslenzkir verzlunarmenn hafa gefið fyrirtækjum sínum, sýna ljóslega, að sú stétt manna getur ekki síður en aðrar verið fundvís á snjöll heiti, sem fara vel í málinu og hafa samtímis auglýsingagildi fyrir fyrirtækið, þegar reynt var til að gefa fyrirtækinu heiti, sem væri nothæft í íslenzku og samræmdist málinu bæði um hljóðasambönd og beygingu.

Það hefur þó ekki verið reynt — eða þá að hlutaðeigendur hafa hreinlega gefizt upp — þegar menn tóku sig saman og ákváðu að reisa hér hótel, sem bera skyldi heitið City Hotel. Eftir nafninu að dæma virðist því fremur ætlað að hýsa útlendinga en innfædda menn, og kæmi manni þá fyrst í hug, að hann væri horfinn aftur til stríðsáranna, þegar alls kyns fyrirtæki spruttu hér upp með enskum nöfnum og lifðu eingöngu á skiptum við dátana, nöfnum eins og White Star og fleirum. Auk þess mun vera reynsla þeirra, sem kynnzt hafa erlendum gistihúsum, að kostir þeirra verða ekki sénir á nöfnunum, og ekki eru líkur til, að samkeppni milli gistihúsa í Reykjavík verði svo mikil fyrst um sinn, að hennar vegna þurfi að velja nýju gistihúsi í höfuðstaðnum heiti úr einhverju öðru máli en íslenzku.

Nd. 279. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson.

1. gr.

5. liður 3. greinar orðist svo:

Hefur meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnu, enda beri veitingastaðurinn eða gistihúsið íslenzkt nafn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samtímis frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, og vísast til greinargerðar fyrir því frumvarpi.

Sþ. 280. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um útvegun lánsfjár.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega 150 milljón króna lán, er notað verði sem hér segir:

Til þess að lána ræktunarsjóði 30 millj. kr.
— — — — fiskveiðasjóði 30 millj. kr.
— — — — raforkusjóði 30 millj. kr.
— — — — í hafnarframkvæmdir 60 millj. kr.

Ákveðið verði í samráði við Alþingi, hvernig lánsfénu til hafnargerða verði varið.

Greinargerð.

Útilokað er með öllu, að ræktunarsjóður geti á þessu ári haldið áfram að lána sem undanfarið til byggingar útihúsa í sveitum og ræktunar, nema hann fái talsvert lánsfé umfram það fé, sem hann á von á frá Framkvæmdabankanum, svo sem verið hefur.

Brýna nauðsyn ber til að efla fiskveiðasjóð og gera honum kleift að lána, ekki aðeins til endurnýjunar bátaflotans, heldur einnig til þess að auka skipastólinn. Enn fremur væri þess mikil þörf, að sjóðurinn gæti lánað til þess að byggja fiskiðjuver og verbúðir, en það hefur sjóðurinn ekki getað að neinu ráði undanfarið vegna fjárskorts.

Verði ekki útvegað fé til raforkuáætlunar dreifbýlisins umfram það, sem veitt er í fjárlögum og á annan hátt tryggt, munu framkvæmdir í rafmagnsmálum dragast gífurlega saman og væntanlega stöðvast alveg í ýmsum héruðum.

Verulegar framfarir hafa orðið í hafnamálum undanfarið, en ómögulegt er að segja annað en hægt gangi, miðað við þau stórvirki, sem þjóðin hefur með höndum í þeim efnum, en þar á meðal eru t. d. hafnargerðir í Þorlákshöfn og að Rifi. Meðan

áburðarverksmiðja, sementsverksmiðja og Sogsvirkjun voru í takinu, ásamt öðru, var ekki talið fært að nota lánsmöguleika þjóðarinnar erlendis verulega í þágu hafnargerðanna. En því var yfir lýst af fyrrv. ríkisstjórn, að hafnargerðir kæmu til næst að hennar áliti í því sambandi. Nú er lokið sementsverksmiðjunni og búið að tryggja Sogsvirkjunina. Er því tímabært, að hafnargerðir komi nú með í næstu lántöku.

Fyrrverandi stjórn hafði leitað fyrir sér um 6 millj. dollara lán í Bandaríkjunum, og verða það nálega 150 milljónir króna íslenzkar. Er það skoðun flutningsmanna, að þessi lántaka sé nauðsynleg og réttmæt og að því máli beri að fylgja eftir af núverandi ríkisstjórn.

Fyrrverandi ríkisstjórn hefði farið fram á, að lánið yrði veitt til þeirra framkvæmda, sem í þessari þáltill. greinir. En ekki hafði verið gengið frá því, hvernig lánsfé skyldi skiptast á milli framkvæmdanna.

Á undanförnum árum hefur talsvert erlent lánsfé verið flutt inn í landið. Á stjórnartímabili fyrrverandi stjórnar námu opinberar lántökur 454 milljónum króna (án yfirfærslugjalds). Eru þar taldar allar lántökur ríkis og ríkisstofnana og lán með ríkisábyrgð. Þetta fé hefur runnið til eða er ætlað til eftirtalinna framkvæmda:

Sogsvirkjunar,
raforkusjóðs,
ræktunarsjóðs,
fiskveiðasjóðs,
flökunarvélakaupa,
Akraneshafnar,
12 skipa frá Austur-Þýzkalandi,
landssímans,
sementsverksmiðju og
flugvélakaupa.

Augljóst er af þessu, að sízt er hér um eyðslufé að ræða og góð og nytsamleg fyrirtæki hafa notið og eiga að njóta fjárins. Erlent lánsfé þarf þó að nota með allri gát, og fyrst og fremst þarf að skapa grundvöll að aukinni lánsfjármyndun innanlands.

Það er skoðun flm., að óhætt sé að taka 6 milljón dollara lán það, sem fyrrverandi ríkisstjórn hafði lagt drög að, sé því varið eins og gert var ráð fyrir, og að brýna nauðsyn beri til að koma þeirri lántöku í framkvæmd, sumpart til þess að koma í veg fyrir stórfelldan samdrátt lána til landbúnaðarframkvæmda og báta- og skipakaupa og stöðvun framkvæmda í raforkumálum og sumpart til þess að auka framkvæmdir í hafnarmálum, svo sem æði lengi hefur verið ráðgert að verða ætti, að lokinni sementsverksmiðju og tryggðri Sogsvirkjun.

Sþ. 281. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um athugun á nýjum björgunartækjum.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Eggert Þorsteinsson, Einar Olgeirsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við Slysavarnarfélag Íslands fara fram athugun á möguleikum til öflunar nýrra björgunartækja og fullkomnari útbúnaðar skipa til sköpunar aukins öryggis íslenzkra sjómanna og sjófarenda.

Greinargerð.

Fyrir skömmu hafa orðið stórfelld sjóslys hér við land og á norðvestanverðu Atlantshafi. Fjörutíu og tveir íslenzkir sjómenn létu lífið, er togarinn Júlí fórst á

Nýfundnalandsmiðum og vitaskipið Hermóður við sunnanvert Reykjanes. Með danska Grænlandsfarinu Hans Hedtoft fórust 95 manns við Hvarf á Grænlandi. Þá fórust fleiri skip í sama óveðrinu og Júlí, þ. á m. kanadískur togari með 16 mönnum. Á þessum fjórum skipum, sem hér hafa verið nefnd, fórust þannig samtals 143 menn á örfáum dögum.

Þessi hroðalegu sjóslys hljóta að vekja þá spurningu, hvort enn séu ekki möguleikar á bættri björgunartækni, betri og fullkomnari björgunartækjum. Gagnrýni hefur komið fram á þeim björgunartækjum, sem fyrir hendi eru, og ýmislegar ábendingar um umbætur á þessu sviði.

Í þessu sambandi má sérstaklega nefna, að margir telja þau neyðarsenditæki, sem björgunarbátum eru ætluð, allsendis ófullnægjandi og jafnvel lítt nothæf á hafi úti í stormum og stórsjó. Enn fremur hefur verið bent á, að unnt sé að framleiða gúmmíbjörgunarbáta, sem séu fullkomnari en þeir, sem nú eru almennt notaðir.

Þá er og talið auðsýnt, að yfirhitun skipa til varnar gegn ísingu sé mjög ábótavant.

Öll þessi atriði og mörg fleiri verður að taka til skjótrar athugunar. Flutningsmenn þessarar tillögu leggja því til, að ríkisstjórnin láti í samráði við Slysavarnarfélag Íslands fara fram rannsókn á möguleikum til öflunar nýrra björgunartækja og fullkomnari útbúnaðar íslenzkra skipa til sköpunar aukins öryggis sjómanna og sjófarenda.

Ed. 282. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Það verður að teljast óviðeigandi, að um sama leyti og löggjafinn ákveður niðurfærslu verðlags og launa, sé hann að leyfa stórfelldar skattahækkanir, sem vitanlegt er að lenda með fullum þunga á launþegum í landinu. En þetta gerir löggjafinn, ef samþykkt verður frumvarpið um heimild handa sveitarstjórnum til að tvöfalda skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat. Samþykkt frumvarpsins og notkun heimildarinnar mun leiða til þess meðal annars, að húsaleiga hækkar og skattbyrði þeirra mörgu þyngist, sem með herkjum hafa komið sér upp þaki yfir höfuðið.

Ríkisstjórnin flytur þetta frumvarp og afsakar flutninginn með því, að nokkur sveitarfélög muni bera minna úr býtum en áður hvað þessi gjöld snertir vegna áorðinna breytinga fasteignamatsins. Þetta er næsta kynleg afsökun, þegar þess er gætt, að ríkisstjórnin hefur nýlega hvatt öll sveitarfélög landsins til að draga úr útgjöldum sínum. Verði sveitarfélögin við þeirri áskorun, og til þess er auðvitað ætlazt, sýnist ekki mikil ástæða til að veita þeim nú heimild til hækkunar tekna sinna. Eftir það, sem á undan er gengið, hefði óneitanlega farið betur á, að ríkisstjórnin hefði flutt frumvarp um lækkun álagna á almenning í stað þessa hækkunarfrumvarps.

Endurmat á fasteignum hefur farið fram nýlega og verið staðfest. Við þetta nýja og hækkaða mat skulu fasteignagjöldin miðuð. Hafi matsmenn unnið verk sitt svo sem vera bar, þá getur tvöföldun viðkomandi gjalda þegar á fyrsta ári eftir endurmatið með engu móti talizt réttlætanleg ráðstöfun. Engin rök hafa verið færð fyrir því, að nýja matið sé of lágt.

Loks virðist ekki úr vegi að minnast þess, að sums staðar á landinu munu tekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum ekki lækka á þessu ári, heldur stórhækka.

Bitnar sú gjaldahækkun hart á þúsundum láglaunamanna, og eru afleiðingar hennar að koma í ljós þessa dagana í hækkaðri húsaleigu meðal annars.

Að þessu athuguðu og þó fyrst og fremst með hliðsjón af þeirri almennu launalækkun, sem nýlega var lögboðin, leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 24. febr. 1959.

Alfreð Gíslason,
form.

Sþ. 283. Fyrirspurnir. [121. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um innflutning véla og verkfæra.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir miklum innflutningi á þessu ári á vélum og tækjum, sem hér greinir:
1) hjóladráttarvélum og jarðyrkjutækjum,
2) heyvinnutækjum,
3) beltadráttarvélum?

II. Til ríkisstjórnarinnar um lækkun framfærsluvísitölu og niðurgreiðslu vöruverðs.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Um hve mörg stig lækkar framfærsluvísitalan vegna áhrifa laga um niðurfærslu kaupgjalds og verðlags?
2. Hvaða vörutegundir eru nú greiddar niður, og hve miklu nemur niðurgreiðslan á hverri vörutegund, miðað við kg eða lítra?
3. Hvað er áætlað að niðurgreiðsla á hverri vörutegund nemi miklu samtals á yfirstandandi ári?

III. Til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun lagaákvæða um menntun og réttindi vélstjóra.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hvað líður endurskoðun þeirri á lagaákvæðum um menntun og réttindi vélstjóra, sem fyrir er mælt um í lögum nr. 47 10. júní 1958?

Ed. 284. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr.

í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til að framlengd verði um eitt ár ákvæði þau um sérstaka lækkun skatta á lágtekjum, er felast í 12. gr. laga nr. 36 1958 um breyting á lögum nr. 46 1954 um tekjuskatt og eignarskatt.

Ed. 285. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum. Það var sent stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga og Húseigendafélagi Reykjavíkur til umsagnar. Svör hafa borizt frá báðum þessum aðilum. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leggur til, að frv. verði samþykkt, en Húseigendafélag Reykjavíkur leggur til, að það verði fellt.

Þá lágu einnig fyrir nefndinni erindi frá nokkrum bæjarstjórnum, sem send höfðu verið félagsmálaráðuneytinu, þar sem fram komu eindregin tilmæli um, að sveitarfélögum verði veitt heimild sú, er í frumvarpinu felst.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn (FÞ, KK, EggÞ og SÓÓ) leggur til, að það verði samþykkt, en minni hlutinn (AG) er mótfallinn málinu og skilar séráliti.

Alþingi, 24. febr. 1959.

Karl Kristjánsson, fundaskr.
Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
Friðjón Þórðarson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 286. Þingsályktun [17. mál]

um undirbúning löggjafar um ríkisábyrgðir

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að setja raunhæfa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir

veitingu ríkisábyrgða og samræmdar eftir föngum reglur um það efni. Enn fremur verði kannaðar orsakir vanskila á ríkisábyrgðarlánum og tillögur gerðar um úrbætur, svo sem við verður komið.

Nd. 287. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til laga um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að heimild sú, sem S. Í. B. S. hefur haft síðan 1949 til að reka vöruhappdrætti, verði framlengd um 10 ára bil, eða til ársloka 1969. Sambandið hefur þörf fyrir áframhaldandi tekjur af happdrættinu til þess að standast kostnað við framkvæmdir að Reykjalundi, sem eftir er að ljúka. En auk þess er nú áformað, að S. Í. B. S. færi út starfssvið sitt og setji einnig upp vinnustofur fyrir öryrkja, aðra en berklasjúklinga, og mun þurfa að leggja fram verulegt fjármagn í stofnkostnað vegna þeirra framkvæmda.

Tryggingastofnun ríkisins, sem fékk frumvarpið til athugunar og umsagnar, mælir eindregið með samþykkt þess.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 288. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

Frá Birni Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 100% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóð. Heimild þessi tekur þó ekki til fasteignagjalda af íbúðarhúsum og ekki til vatnsskatts.

Ed. 289. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

Þó mega gjöld til sveitarfélaga, sem miðuð eru við fasteignamat, ekki verða hærri en heimild var til að hafa þau hæst, áður en síðasta fasteignamat tók gildi.

Ed. 290. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar fræðslumálastjóra, Sambandi ísl. barnakennara og skólastjóra kennaraskólans. Svör hafa borizt frá þessum aðilum, og eru þau prentuð hér með sem fylgiskjöl. Leggja þeir allir gegn samþykkt frumvarpsins.

Þá hafa nefndinni borizt erindi frá Kennarafélagi kennaraskólans svo og frá stéttarfélögum barnakennara víðs vegar af landinu. Mótmæla þau öll frumvarpinu, en félögin eru þessi:

Stéttarfélag barnakennara, Reykjavík.
Kennarafélag Austurbæjarskólans, Reykjavík.
Kennarafélag Laugarnesskóla, Reykjavík.
Kennarafélag Eyjafjarðar.
Stéttarfélag barnakennara, Hafnarfirði.
Félag barnakennara, Reykjanesi, Gullbringusýslu.
Kennarafélag Akraness.
Kennarafélag Skagfirðinga.
Kennarar barnaskóla Siglufjarðar.
Kennarafélag Kópavogsskóla.
Samband norðlenzkra barnakennara.

Nefndin getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins, en hún vill benda á það, að starfandi er stjórnskipuð nefnd til þess að endurskoða skólalöggjöf landsins. Telur hún eðlilegt og reyndar sjálfsagt, að sú skólamálanefnd athugi þá hlið þessara mála, er frumvarpið tekur til.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem starfandi er stjórnskipuð nefnd til þess að endurskoða skólalöggjöf landsins, telur deildin við eiga, að hún athugi þá hlið skólamálanna, er frumvarp þetta tekur til. Í trausti þess, að sú athugun fari fram og að hún verði framkvæmd með fullri hliðsjón af þeirri nauðsyn, að þjóðin hafi jafnan á að skipa vel menntaðri stétt barnakennara, telur deildin ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. F. R. Valdimarsson.
Gunnar Thoroddsen. Sigurður Ó. Ólafsson.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 22. janúar 1959.

Vegna frumvarps til laga á þskj. 132, um breyting á lögum nr. 34/1936, um fræðslu barna, sem háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis sendi hingað til umsagnar hinn 14. þ. m., skal þetta tekið fram:

1. Hinn 23. jan. 1956 sendi menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hingað til umsagnar frumvarp það um sama efni, sem vitnað er til í greinargerð frumvarps þessa, og sendi ég nefndinni umsögn mína um það 26. s. m. Afstaða mín

til þessa máls er í meginatriðum óbreytt frá því, sem hún var 1956. Læt ég því fylgja hér með samrit umsagnar minnar frá 26. jan. 1956.

2. Frumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi, gengur mun lengra en frumvarpið um sama efni gerði 1956. Nú er ekki ætlazt til nema 10 ára kennslustarfs til skipunar í stað 15 áður, og í greinargerð frumvarpsins er nú tekið fram, að veita eigi þessum mönnum „full kennararéttindi", þ. e. réttindin eiga ekki aðeins að vera bundin við skóla þann, sem þeir starfa við, þegar þeir ljúka 10. ári sínu, heldur virðast þeir eiga að geta fengið stöðu við hvaða skóla sem er og þannig verið teknir fram yfir fólk með kennaraprófi og langan starfsferil að baki. Vart getur það virzt réttlátt gagnvart því fólki, sem ver mörgum árum og miklu fé til náms og undirbúnings kennslustarfi.
3. Fjölgun nemenda hefur orðið hlutfallslega mun meiri síðasta áratug en fjölgun brautskráðra kennara. En með bættum kjörum kennara, er orðið hafa að undanförnu, og með bættri húsnæðisaðstöðu kennaraskólans, sem vonandi fæst innan skamms, má vænta meira jafnvægis í þessum efnum. En samt munu líða allmörg ár, þar til gera má ráð fyrir því, að völ verði á fólki með kennaraprófi í allar stöður, sem losna.
4. Sá háttur hefur verið hafður á í farskólahverfum um alllangt skeið, að farkennarastöður hafa ekki verið auglýstar, þótt eigi hafi þar verið um mann með kennaraprófi að ræða, ef kennarinn hefur reynzt vel og viljað gegna stöðunni áfram. Er kennarinn þá settur um óákveðinn tíma. Það gengur næst veitingu fyrir stöðunni. Eigi minnist ég þess, að farkennari, sem gegnt hefur slíkri stöðu í 10 ár eða lengur, hafi þurft að láta af starfi sökum þess, að völ hafi verið á manni með kennaraprófi, enda eru stöður, þar sem réttindalaus kennari er settur, „þar til öðruvísi verður ákveðið", ekki auglýstar lausar til umsóknar, nema kennarinn segi stöðunni lausri eða skólanefndin óski þess, að staðan verði auglýst.
5. Í greinargerð frumvarpsins er þess getið, að ósamræmis gæti „milli núgildandi laga um fræðslu barna og laga um gagnfræðanám". Að nokkru leyti er þetta rétt. En eins og þessi lög bera með sér, eru gerðar mun meiri kröfur til menntunar gagnfræðakennara en barnakennara. Hins vegar var óhjákvæmilegt að hafa undanþáguákvæði í lögunum um gagnfræðanám, því að áður en þau lög voru sett, voru engin lagaákvæði um menntun gagnfræðakennara og enginn kennaraskóli fyrir þá eða deild í Háskóla Íslands. Aftur á móti hafði starfað kennaraskóli fyrir barnakennara í rúma hálfa öld — þ. e. frá því að kennaradeildin í Flensborgarskóla í Hafnarfirði tók til starfa. Og 10 árum áður en núgildandi fræðslulög voru sett — eða 1936 — voru sett lög um, að eigi gætu aðrir fengið veitingu fyrir kennarastöðu við barnaskóla en þeir, sem lokið hefðu kennaraprófi (l. nr. 20/1936). Hér var — og er — um allmikinn aðstöðumun að ræða. Þá skal og á það bent í þessu sambandi, að það gildir um langsamlega flesta þeirra kennara við gagnfræðaskóla, sem eru settir eða skipaðir — samkv. undanþáguákvæði 37. gr. laga nr. 48/1946, að þeir hafa fullnægt menntunarákvæðum sömu greinar að öðru leyti en því, að þeir hafa ekki lokið prófi í uppeldisfræði. Þar á meðal má telja guðfræðinga og menn, er stundað hafa ýmsar aðrar námsgreinar í háskóla, ýmist hérlendis eða erlendis.
6. Ég tel, að eigi sé það rétt leið að bæta úr skorti kennara með því að skipa menn í kennarastöður, án þess að þeir hafi lokið kennaraprófi, þótt þeir hafi kennt í 10 ár. Þeir hafa fengið fyrir það sömu laun — nema fyrstu 3 árin — og fólk, sem kostaði sig — eða var kostað — í skóla í a. m. k. 4 ár. Hins vegar tel ég, að gera ætti fólki, sem kennt hefur í allmörg ár með góðum árangri og ekki hefur kennarapróf, sem auðveldast að taka kennarapróf. Þetta hefur verið gert tvisvar áður. Það var veturna 1933—34 og 1939—40. Þá var svonefnd „öldungadeild" í kennaraskólanum. Þar gátu þeir, er kennt höfðu í ca. 10 ár, stundað nám í 1 vetur og lokið kennaraprófi. Í fyrra skiptið luku 27 kennaraprófi og

13 vorið 1940. Hvort tveggja er, að fólk þetta hefur verið þakklátt fyrir þær leiðbeiningar, er kennaraskólinn veitti því, og það hefur flest haldið áfram kennslu og yfirleitt reynzt með ágætum. Ég tel rétt og mæli mjög með því, að „öldungadeild", hliðstæð þeim, er áður hafa verið, verði látin starfa við kennaraskólann, þegar ástæður verða fyrir hendi, og helzt, að það verði gert þegar næsta vetur. Þá má og einnig benda á aðra leið í þessu máli, þ. e. að heimild verði veitt til þess, að fólk, sem um árabil hefur kennt, en hefur ekki kennarapróf, fái að taka það í áföngum. Það væri hliðstætt því, að starfandi kennarar, sem lokið hafa kennaraprófi, geta tekið stúdentspróf í áföngum. Hvor þessara leiða, sem hér hefur verið bent á, getur tryggt það, að fólk það, sem flutningsmenn frumvarps þess, er hér um ræðir, bera fyrir brjósti, getur með tiltölulega litlum tilkostnaði og á skömmum tíma öðlazt ótvírætt kennararéttindi. Þá hygg ég og, að þetta fólk verði ánægðara að vera komið í kennarastéttina með þessum hætti heldur en að „fljóta" þangað inn a. m. k. fyrirhafnarlítið og án samstöðu við þá, er kennaraprófi hafa lokið.

7. Ýmislegt fleira mætti segja um þetta mál — t. d. benda á þær kröfur, sem gerðar eru til iðnréttinda — en ég læt hér staðar numið.

Helgi Elíasson.

Til menntamálanefndar efri deildar, Alþingi.

Fylgiskjal II.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur beiðzt umsagnar minnar um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Þar sem heimild sú, sem hér er um að ræða, að skipa megi próflausa menn í kennarastöður, snertir mjög kennaraskólann og framtíð hans, hefur kennarafélag skólans tekið þetta mál til athugunar og samið um það ýtarlegt álit, sem hér með fylgir.

Þar sem ég er áliti þessu sammála í öllum aðalatriðum, get ég látið nægja að vísa til þess.

Ég er enn sömu skoðunar og áður, sbr. bréf mitt til menntamálaráðuneytis um sama efni, dags. 29. febr. 1956, að slík breyting sem þessi yrði kennaraskólanum og kennaramenntun í landinu til óþurftar. Ég er því frv. þessu mótfallinn.

Kennaraskólanum, 28. jan. 1959.

Virðingarfyllst,

Freysteinn Gunnarsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

Á Alþingi því, sem nú situr, hefur verið flutt frumvarp um breytingu á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna (68. mál), svo hljóðandi:

1. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Þó má skipa próflausa kennara, þegar þeir hafa starfað sem ráðnir eða settir

kennarar í 10 ár eða lengur, ef hlutaðeigandi skólanefnd, námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þar eð frumvarp þetta snertir menntun kennara í landinu, vill Kennarafélag Kennaraskóla Íslands leyfa sér að benda á eftirfarandi atriði:

1. Yrði frumvarpið samþykkt, væri með því opnuð leið fyrir fólk til þess að fá full kennararéttindi án nokkurs tiltekins náms, leið sem væri ólíkt auðveldari og kostnaðarminni en 4—5 ára skólaganga.

2. Frumvarpið bætir ekki úr kennaraskorti í þeim héruðum, sem ekki geta fengið útskrifaða kennara til starfa, þar eð þeim kennurum, sem nú starfa þar, væri opnuð leið til þess að taka að sér kennarastöður hvar sem væri á landinu.

3. Þótt sumir þeirra starfandi kennara, sem ekki hafa full kennararéttindi, séu gegnir menn og sæmilega menntaðir, eru hins þó dæmi, að því nær menntunarlausir menn skipi þessar stöður, og mun jafnvel ekki vera dæmalaust, að menn, sem annaðhvort hafa gefizt upp í fyrsta bekk kennaraskólans eða hafa árangurslaust reynt við inntökupróf í skólann, hafi verið settir í kennarastöður, án þess að þeir hafi bætt nokkru við menntun sína. Ef frumvarp þetta verður að lögum, mun það ýta undir gersamlega óreynda og óþjálfaða menn að taka að sér kennslu. Verður það að teljast ábyrgðarlítið að stuðla að því með lögum, að börn á skólaskyldualdri séu notuð til þess að prófa hæfni kennara, sem ráðnir eru, án þess að nokkrar sönnur hafi verið færðar á kennsluhæfni þeirra og menntun, og starfa oft án teljandi aðhalds eða eftirlits.

4. Réttindi hinna próflausu kennara eru nú þegar meiri en tíðkast um ófaglærða menn í öðrum atvinnustéttum: lífeyrissjóðsréttindi og — í framkvæmd — full laun eftir þriggja ára starf.

5. Þær aðgerðir, sem við álítum að framkvæma þyrfti til þess að bæta úr kennaraskortinum, eru m. a. þessar:

a) Framfylgja stranglega þeim inntökuskilyrðum, sem fræðslulögin 1947 gera ráð fyrir, en við þau mætti gjarnan bæta hæfnisprófi, sem skólinn héldi sjálfur.
b) Gefa kennaranemum kost á að taka stúdentspróf frá skólanum með eins árs viðbótarnámi við núverandi námstíma. Mundi skólinn þá fá fleiri og betri nemendur, ef þeir vissu, að leiðin til háskólanáms væri ekki lokuð kennaranemum. — Í þessu sambandi má benda á það, að um mörg ár hafa samtök barnakennara barizt fyrir bættri menntun stéttarinnar og að síðasta fulltrúaþing Sambands ísl. barnakennara lagði ríka áherzlu á, að kennaraskólinn fengi réttindi til þess að veita stúdentspróf, og að Kennarafélag kennaraskólans hefur samþykkt áskorun til menntamálaráðherra um að veita skólanum stúdentsprófsréttindi og auka um leið námstíma verðandi kennaraskólastúdenta um eitt ár. Auk þess lagði félagið til, að skólinn héldi uppi kennslu í sérgreinum fyrir útskrifaða kennara.
c) Bæta aðbúnað kennara verulega í mörgum skólahéruðum og búa þeim mannsæmandi starfsskilyrði.
d) Launa kennara, bæði við barnaskóla og framhaldsskóla, þannig, að sambærilegt sé við launakjör manna með álíka mikilli undirbúningsmenntun.

6. Í greinargerð frumvarpsins er vitnað í skipun manna í stöður við gagnfræðaskólana. — Samanburður þessi er ekki réttmætur, þar sem um mjög hæpna neyðarráðstöfun er að ræða.

7. Í flestum löndum er skortur á vel menntuðum kennurum, án þess að gripið sé þó til þeirra úrræða að slaka á kröfum til menntunar kennara.

Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga niðurstöður ráðstefnu Alþjóðasambands kennara (WCOPT), sem haldin var í Frankfurt árið 1957; en fyrir ráðstefnu þessari

lágu skýrslur frá 41 þjóð, þar á meðal öllum Norðurlöndunum og flestum öðrum Evrópuþjóðum.

Ráðstefnan vann úr skýrslum frá þessum þjóðum, og var þar m. a. gerð grein fyrir meginorsökum skorts á hæfum kennurum, áhrifum kennaraskortsins á fræðsluna, kennarana og almenningsálitið og úrræðum fræðsluyfirvalda til þess að ráða bót á kennaraskortinum.

Þá rannsakaði ráðstefnan sérstaklega starfskröfur á hendur kennurum, hversu kennarastéttin er skipuð, og efnahagsleg og menningarleg sjónarmið, er áhrif hafa á starfsvalið.

Helztu úrræði, sem ráðstefnan taldi að grípa þyrfti til, voru þessi:

Almennar kjarabætur, aukin virðing á kennarastarfinu, fleiri og betri kennaraskólar, betri menntun kennara, betri nýting á núverandi kennaraskólum, betri starfsskilyrði, strangara úrval á kennaranemum, námsstyrkir, meiri viðleitni til að halda kennurum í starfi, betri kennslutæki og víðtækari rannsóknarstörf.

Það var enn fremur álit ráðstefnunnar, að fræðslu og uppeldi í skólum hraki, er dregið er úr kröfum um undirbúningsmenntun þeirra, er byrja kennaranám. Enn fremur, að námstími kennaraefna verði ekki styttur, án þess að þjálfun og menntun þeirra gjaldi þess. Þá lagði ráðstefnan til, að aldrei skyldi breyta kennaranámi án samþykkis kennarastéttarinnar og aldrei skyldu teknir menn í kennarastétt, sem fullnægðu ekki þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til kennara í hverju landi.

Af niðurstöðum ráðstefnunnar er ljóst, að kennarar álíta, að sízt af öllu eigi að slá af inntökuskilyrðum í kennaraskóla og kröfum til undirbúningsmenntunar kennara.

Af ofangreindum ástæðum leggur Kennarafélag Kennaraskóla Íslands það til, að umrætt frumvarp verði fellt og að gerðar verði þær úrbætur á starfsskilyrðum og launakjörum kennara, sem duga til þess að búa kennurum þær aðstæður, sem gera kennarastarfið ekki síður eftirsóknarvert heldur en önnur störf, sem menn með góða og fullgilda undirbúningsmenntun geta fengið hér á landi.

Reykjavík, 25. jan. 1959.

F. h. Kennarafélags Kennaraskóla Íslands,
Ágúst Sigurðsson (form.).

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

SAMBAND ÍSL. BARNAKENNARA

Reykjavík, 19. janúar 1959.

Með vísun til bréfs háttvirtrar menntamálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 14. janúar 1959, þar sem leitað er umsagnar S. Í. B. um frumvarp til laga á þingskjali 68, viljum við taka fram eftirfarandi:

1. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að veita próflausum mönnum full kennararéttindi, en kjör þessara manna eru nú þegar þessi: Þeir fá full kennaralaun eftir þriggja ára starf. Þeir hafa óskert réttindi í lífeyrissjóði barnakennara.
   Okkur er ekki kunnugt um, að réttindalausir menn njóti þvílíkra kjara innan nokkurrar stéttar. Yrði frumvarp þetta að lögum, væri þar með einnig skapað fordæmi, hættulegt öðrum stéttum sérmenntaðra manna.
2. Aukin og bætt menntun kennara er og hefur einatt verið aðalbaráttumál stéttarinnar. Námstíminn hefur smám saman lengzt, og sama undirbúnings er nú

krafizt í kennaraskólann og í menntaskóla. Auk þess afla margir kennarar sér framhaldsmenntunar að loknu námi.

Ef umrætt frumvarp yrði að lögum, yrðu afleiðingarnar meðal annars þessar:

Menn gætu með fullu öryggi stefnt að því að afla sér kennararéttinda með því að starfa að kennslu í tíu ár. Í stað þess að leggja á sig 5 eða 6 ára nám með þeim kostnaði, sem því fylgir, ynnu menn fyrir fullu kaupi allan tímann. Sá, sem aflaði sér kennararéttinda með vinnu í stað náms, væri því „verðlaunaður", svo að næmi hundruðum þúsunda króna

Margur unglingurinn mundi fremur kjósa þennan greiða veg, aðsókn að kennaraskólanum minnkaði enn, og mætti svo fara, að hann legðist með öllu niður.

3. Þar sem kennarar, svo sem að framan segir, leggja sífellt áherzlu á aukna menntun stéttarinnar, kemur það okkur mjög á óvart, ef menn, sem lengi hafa starfað að kennslu og skilja ættu gildi sérmenntunar í starfi, leggja til, að stefnt sé að þeirri lausn málanna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
4. Samband íslenzkra barnakennara er því engan veginn andvígt, að mönnum þeim, er um ræðir í frumvarpinu, verði auðveldað að taka kennarapróf með því að fá að ljúka slíku prófi í áföngum. Gæti þá reynsla þeirra í starfi komið að einhverju leyti í stað kennsluæfinga, svo að þeir gætu að mestu stundað nám sitt utan skóla.

Samband íslenzkra barnakennara lítur svo á, að flutningsmenn þessa frumvarps hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir eðli málsins og afleiðingum þess, ef frumvarpið yrði að lögum.

Leggur sambandið eindregið til, að frumvarpið verði fellt.

Stjórn Samb. ísl. barnakennara,

Gunnar Guðmundsson. Frímann Jónasson. Kristján J. Gunnarsson.
Þórður Kristjánsson. Auður Eiríksdóttir.
Ingi Kristinsson. Ársæll Sigurðsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 291. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumv. og borið það saman við ríkisreikninginn og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.
Jóhann Þ. Jósefsson. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 292. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, kynnt sér, hve langt húsbygging sú, sem verið er að reisa við Hagatorg, er komin áleiðis, og gengið úr skugga um, að bændasamtökunum í landinu er nauðsyn húss fyrir samtök sín. Hún fellst á, að þau safni fé til byggingarinnar eins og ráð er gert fyrir í frumvarpinu. Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins. Einn nefndarmaður (SÓÓ) vill þó gera á því breytingu og skrifar því undir það með fyrirvara.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson, með fyrirvara.
Finnbogi R. Valdimarsson. Friðjón Þórðarson.

Ed. 293. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 294. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum“ komi: Á árinu 1958.

Sþ. 295. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um vinnuskilyrði og stofnun vist- og vinnuheimila fyrir aldrað fólk.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna á þskj. 52 til athugunar og sent hana til umsagnar Tryggingastofnun ríkisins og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Hafa báðir þessir aðilar mælt með því, að tillagan verði samþykkt.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa í sameinuðu Alþingi 5 manna nefnd til að athuga, á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína. Nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

Nefndin skal m. a. taka til athugunar þessi atriði:

1. Stofnun vinnuheimila fyrir aldrað fólk og þá, sem hafa skerta starfsorku.
2. Stofnun vist- og hjúkrunarheimila.
3. Aðild að greiðslu stofnkostnaðar.
4. Fyrirkomulag á rekstri þessara heimila

Að athugun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frv. um þetta efni.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Karl Guðjónsson, form. — Halldór Ásgrímsson, fundaskr. — Halldór E. Sigurðsson, frsm.

Áki Jakobsson. — Karl Kristjánsson. — Pétur Ottesen. — Magnús Jónsson. — Björn Björnsson. — Jón Kjartansson.

Nd. 296. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýr töluliður:

Á eftir C. 69 kemur nýr liður, svo hljóðandi:

Uppsveitarvegur: Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Kelduhverfi, um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.

Sþ. 297. Nefndarálit [63. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til þess að vinna með ríkisstjórninni að framgangi handritamálsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd stendur einhuga að samþykkt tillögu þessarar. Lítur hún svo á, að með skipun nefndarinnar sé lagður grundvöllur að fastmótaðri, samfelldri og óslitinni sókn í máli þessu, er eigi linni, fyrr en vér höfum fengið fullnægt þeim sanngirnis- og réttlætiskröfum vorum að fá handritin aftur heim.

Þá lítur nefndin svo á, að það gæti ekki orkað tvímælis, að ríkisstjórninni sé að því veigamikill stuðningur að njóta í þeirri skeleggu sókn, sem fram undan er í þessu máli, fulltingis nefndar, er skipuð sé á þann veg, sem hér er lagt til.

Alþingi, 2. marz 1959.

Karl Guðjónsson, form. — Halldór Ásgrímsson, fundaskr. — Pétur Ottesen, frsm.

Jón Kjartansson. — Karl Kristjánsson. — Magnús Jónsson. — Halldór E. Sigurðsson. — Björn Björnsson. — Áki Jakobsson.

Nd. **298. Frumvarp til laga** [123. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. september 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Kjörskrá til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 1. maí það ár til 30. apríl næsta ár á eftir.

2. gr.

Fyrri töluliður 1. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og voru heimilisfastir í sveitarfélaginu hinn 1. desember næst á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um kosningar til Alþingis: 1) Kjörskrár séu miðaðar við heimilisfesti manna undangenginn 1. desember, en ekki við heimilisfesti manna í febrúarmánuði, eins og er samkvæmt 15. gr. kosningalaga. 2) Fellt sé niður það ákvæði 14. gr., að samin skuli sérstök kjörskrá fyrir hverja kjördeild. 3) Gildistími kjörskrár reiknist frá 1. maí til jafnlengdar næsta ár, en ekki frá 15. júni til jafnlengdar árið eftir, eins og er samkv. 14. gr. kosningalaga. — Hér er um að ræða hliðstæðar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og ákveðnar voru síðastliðið ár á lögum um sveitarstjórnarkosningar (lög nr. 44/1958), að því undanskildu, að ekki er að svo stöddu lagt til, að kjörskrár til alþingiskosninga skuli því aðeins samdar, að kosningar eigi að fara fram. Svo var hins vegar ákveðið um kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga, með lögum nr. 44/1958.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir þeim rökum, sem liggja til grundvallar þeirri breytingu á alþingiskosningalögum, sem felst í frv.

Um 1. gr.

Samkvæmt hinu nýja orðalagi 14. gr., sem lagt er til, að lögfest verði, er fellt niður ákvæðið um, að sérstök kjörskrá skuli samin fyrir hverja kjördeild. Er þetta ákvæði óþarft að því er snertir þá kjörskrá, sem kosið er eftir á kjördegi, þar sem hún hlýtur samkvæmt eðli málsins að vera sniðin eftir þörfum þeirrar kjördeildaskiptingar, sem í gildi er í viðkomandi sveitarfélagi. En hins vegar er ástæðulaust að fyrirskipa, að **kjörskrá til framlagningar** samkvæmt 19. gr. laganna skuli vera sérstök fyrir hverja kjördeild. Nægilegt er, að kjörskrá sú, er lögð skal fram í hverri kjördeild — sem hér merkir kjörsvæði — samkvæmt 19. gr. laganna, sé heildarkjörskrá viðkomandi kaupstaðar eða hrepps. Þessu ákvæði hefur yfirleitt ekki verið framfylgt, þar sem þótt hefur nægja að leggja fram heildarkjörskrá fyrir hreppinn eða kaupstaðinn, þegar um kjörsvæðaskiptingu hefur verið að ræða. En aðalástæða þess, að nú er lagt til að fella niður þetta ákvæði, er sú, að það er ósamrímanlegt þeirri nýju tilhögun, að þjóðskráin láti sveitarstjórnum í té kjörskrárstofna, er síðar verða gildar kjörskrár, sbr. ákvæði 15. gr. laga nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu. Hins vegar samrímist það vel hinni nýju til-

högun kjörskrárgerðar, að á hverju kjörsvæði sveitarfélags sé lögð fram kjörskrá fyrir allt umdæmið, og er algerlega óþarft að gera meiri kröfur í því efni.

Hin breytingin, sem lagt er til, að gerð verði á 14. gr. alþingiskosningalaga, er sú, að gildistími kjörskrár reiknist frá 1. maí ár hvert til 30. apríl næsta ár á eftir, en ekki frá 15. júní til 14. júní, eins og nú er. Ef kjörskrár eru samdar í febrúarmánuði, eru tímafrestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningalögum, ekki því til fyrirstöðu, að kjörskrár taki gildi þegar 1. maí. Virðist því rétt að gera þessa breytingu, þar sem æskilegt er, að við alþingiskosningar, er að undangengnu þingrofi færu fram í maímánuði, væru notaðar kjörskrár miðaðar við næstliðinn 1. desember, en ekki við 1. desember hálfu öðru ári áður.

Um 2. gr.

Eina breytingin, sem lagt er til að gera á 15. gr. laganna, er sú, að kjörskrár séu miðaðar við heimilisfesti manna 1. desember, en ekki við heimilisfesti í febrúarmánuði. Núgildandi tilhögun var eðlileg, meðan prestar tóku manntal um hver áramót og ekki var um að ræða neina samræmingu manntalsskráningar milli sveitarfélaga, en eftir að hafin er gerð íbúðaskráa fyrir öll sveitarfélög landsins miðað við 1. desember ár hvert, eru viðhorfin gerbreytt í þessu efni. Nú virðist rétt og sjálfsagt, að kjörskrár séu miðaðar við sama tíma og íbúaskrár, þ. e. 1. desember. Skattskrár, iðgjaldaskrár Tryggingastofnunar og sóknargjaldaskrár eru lögum samkvæmt miðaðar við 1. desember, enda eru þær byggðar á íbúaskrám, og sama gildir í framkvæmd um aðrar árlegar skrár um mannfjöldann. Ef horfið væri að því ráði að miða kjörskrár við heimilisfesti manna 1. desember, þá mundi, í fyrsta lagi, sparast mikill kostnaður og umstang fyrir Hagstofuna, sveitarstjórnir og stjórnmálaflokka. Og í öðru lagi mundi hverfa mikið af þeirri óvissu og ringulreið við gerð kjörskráa, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja því, að viðmiðunartími þeirra er annar en gildir við hliðstæða skrárgerð.

Nd. 299. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1959.

Skúli Guðmundsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ólafur Björnsson, frsm.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 300. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. gr. orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórnum að ákveða, að innheimta skuli með álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitar-

sjóði. Þó má aldrei innheimta hærri gjöld af einstakri fasteign eftir þessum lögum en þau gátu orðið hæst fyrir 1. maí 1957. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til vatnsskatts.

Nd. 301. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til athugunar og leitað álits og tillagna forstjóra jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, sem báðir mæla með samþykkt frv.

Landbúnaðarnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1959.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Ágúst Þorvaldsson. Gunnar Jóhannsson.

Ed. 302. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Sama gildir í kaupstöðum og kauptúnum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, ef sjúkrasamlagsstjórn ákveður, að fengnu samþykki tryggingaráðs. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk Læknafélags Íslands. Með bréfi, dags. 16. febr. 1959, fór stjórn félagsins þess á leit, að nefndin flytti eftirfarandi breytingartillögu við lög um almannatryggingar frá 1956, 52. gr., b-lið:

„Í sjúkrasamlögum í kaupstöðum og kauptúnum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, getur sjúkrasamlagsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki tryggingaráðs, að samlagsmenn skuli greiða jafnhátt gjald og samlagsmenn á 1. verðlagssvæði."

Nefndin athugaði og ræddi þessa tillögu og leitaði umsagnar tryggingaráðs og landlæknis um hana. Tryggingaráð svaraði á þann veg, að það féllist á að mæla með breytingartillögunni, en frá landlækni hefur ekki borizt nein umsögn. Að athuguðu máli og fenginni umsögn tryggingaráðs ákvað nefndin að flytja frumvarpið. Framsögumaður var kosinn Alfreð Gíslason.

Beiðni stjórnar Læknafélags Íslands um flutning ofangreindrar breytingartillögu fylgdi svofelld skýring:

„Tilmæli þessi eru fram komin vegna eindreginna tilmæla praktiserandi lækna á Selfossi og í Njarðvíkum.

Samkvæmt fyrrgreindum lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir, að einungis samlagsmenn á 1. verðlagssvæði greiði sérstakt gjald fyrir vitjanir og viðtöl á lækningastofu.

Þetta hefur valdið óánægju í þéttbýlum læknishéruðum, þar sem auk héraðslæknis eru starfandi (praktiserandi) læknar, svo sem á Selfossi og í Njarðvíkum. Þá er þetta hvimleitt, þar sem sami læknir starfar í senn á 1. og 2. verðlagssvæði og svæðin liggja e. t. v. sitt hvorum megin við sömu götunua, svo sem t. d. hagar til um Reykjavík og Seltjarnarnes eða Keflavík og Njarðvík.

Þegar upp var tekið sérstakt gjald fyrir viðtöl og vitjanir með lögum um almannatryggingar frá 1956, var fastagjald til sjúkrasamlagslækna á 1. verðlagssvæði lækkað um 14%. Að sjálfsögðu mundu sjúkrasamlög á 2. verðlagssvæði verða aðnjótandi sams konar lækkunar á fastagjöldum, ef þau tækju upp þá greiðslutilhögun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eins og tillagan ber með sér, kemur umrædd breyting ekki til framkvæmda í sjúkrasamlagi á 2. verðlagssvæði, nema til komi samþykki Tryggingastofnunar ríkisins, og ætti þar með að vera tryggt, að hvorki væri gengið á hlut sjúkrasamlags né einstaklinga.

Þess skal getið, að greind breytingartillaga hefur verið borin undir forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og heilsugæzlustjóra ríkisins, og eru þeir henni samþykkir."

Sþ. 303. Þingsályktun [32. mál]

um vinnuskilyrði og stofnun vist- og vinnuheimila fyrir aldrað fólk.

(Afgreidd frá Sþ. 4. marz.)

Alþingi ályktar að kjósa í sameinuðu Alþingi 5 manna nefnd til að athuga, á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína. Nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

Nefndin skal m. a. taka til athugunar þessi atriði:

1. Stofnun vinnuheimila fyrir aldrað fólk og þá, sem hafa skerta starfsorku.
2. Stofnun vist- og hjúkrunarheimila.
3. Aðild að greiðslu stofnkostnaðar.
4. Fyrirkomulag á rekstri þessara heimila.

Að athugun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frv. um þetta efni.

Nd. 304. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, samkvæmt a-, c-, og d-lið 38. greinar greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils, samkv. fyrri málslið a-liðs kr. 37.000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis, samkv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu ..... — 7.000.00 til 21.000.00
3. Til foreldris, samkv. d-lið ..... — 7.000.00 — 21.000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 12.800.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tl. þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 12.800.00, sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

2. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Viðbótardánarbætur samkvæmt 39. grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. des. 1958. Jafnframt skal ráðherra setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkvæmt 43. gr. laganna og gilda þær frá og með 1. janúar 1959.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 3. janúar s. l. var undirritaður samningur milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands um fiskverð o. fl.

Önnur grein samnings þessa er svo hljóðandi:

„Aðilar eru sammála um að beita sér fyrir því við ríkisstjórn og Alþingi, að breyting verði samþykkt á yfirstandandi Alþingi á tryggingalöggjöfinni til hækkunar slysabóta sjómannatryggingarinnar um 100% á sama hátt og gert var með lögum nr. 50 frá 20. apríl 1954, sbr. 19. gr. laga nr. 38 frá 27. febrúar 1953, eða að kaupa viðbótartryggingu sbr. ofanritað."

Alþýðusamband Íslands ritaði félagsmálaráðuneytinu hinn 17. febrúar s. l. og óskaði eftir því að ráðuneytið hlutaðist til um að samið yrði og flutt á yfirstandandi Alþingi frumvarp í samræmi við nefnda samningsgrein. Samhljóða tilmæli bárust sjávarútvegsmálaráðuneytinu frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna í bréfi þess dags. 16. febrúar.

Ríkisstjórnin vill verða við þessum óskum sjómannasamtakanna og Landssambands íslenzkra útvegsmanna og hefur látið semja frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Í frumvarpinu felst það, að slysabætur vegna dauða lögskráðra sjómanna, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, hækka um 100% frá því sem nú er.

Ætlazt er til þess að hækkun þessi gildi frá s. l. áramótum þannig að þessar hækkuðu bætur greiðast vegna allra dauðaslysa lögskráðra sjómanna sem orðið hafa eftir þann tíma. Væntanlegar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna skulu og gilda frá sama tíma.

Nd. 305. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu.

Alþingi, 5. marz 1959.

Gunnlaugur Þórðarson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Gunnar Jóhannsson.
Björn Ólafsson. Bjarni Benediktsson.

Nd. 306. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 29. maí 1958, um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurði Ágústssyni, Eiríki Þorsteinssyni, Karli Guðjónssyni og Áka Jakobssyni.

Á undan 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
b-liður 1. gr. laganna orðist svo:
c-liður 1. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Sameignarfélög og samlög, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög. Slík tilkynning skal hafa borizt firmaskrá í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi, eða innan þriggja mánaða, eftir að félag hóf rekstur sinn. Að öðrum kosti skal öllum tekjum og eignum slíks félags skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra og/eða viðskiptaveltu í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. Félagi, sem skrásett hefur verið sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt framansögðu, er ekki heimilt að taka síðar upp þá reglu að skipta tekjum eða eign til skatts.

Nd. 307. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. komi nýr liður:
Á eftir B. 57 kemur nýr liður:
Krossnesvegur: Af Eyrarsveitarvegi utan Háls um Kvíabryggju að Krossnesi með álmu að Lárkoti.

Nd. 308. Frumvarp til laga [126. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Annemarie, húsmóðir að Arnórsstöðum á Barðaströnd, f. 17. maí 1930 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 22. sept. 1959).
2. Beckemeier, Christel-Marilse Irene Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. apríl 1924 í Þýzkalandi.
3. Borchmann, Dietrich, bústjóri að Helgavatni í Mýrasýslu, f. 22. júlí 1927 í Þýzkalandi.
4. Borowski, Kurt Paul, jarðýtustjóri, Reykjavík, f. 30. okt. 1931 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 29. júní 1959).
5. Carlsen, John Schou, járnsmiður í Reykjavík, f. 1. júlí 1932 í Danmörku. (Fær réttinn 5. sept. 1959).
6. Fivelsdal, Astrid, húsmóðir í Ljárskógum í Dalasýslu, f. 17. ágúst 1927 í Noregi. (Fær réttinn 11. nóv. 1959).
7. Gustafsson, Eja Ingeborg, húsmóðir á Selfossi, f. 20. okt. 1931 í Finnlandi. (Fær réttinn 9. sept. 1959).
8. Helgason, Börge Wilhelm, rennismiður í Reykjavík, f. 11. maí 1920 í Danmörku.
9. Henckell, Helga Guðrún, nemandi í Reykjavík, f. 9. maí 1937 í Þýzkalandi.
10. Henckell, Hilde Solveig, nemandi í Reykjavík, f. 6. ágúst 1939 í Þýzkalandi.
11. Herrmann, Elisabeth Charlotte Johanna, húsmóðir að Vogsósum í Selvogi, f. 28. des. 1927 í Þýzkalandi.
12. Jähnke, Hannelore Eva Helga, húsmóðir á Selfossi, f. 25. jan. 1931 í Þýzkalandi.
13. Jensen, Anders Johannes Sophus, bakarameistari í Reykjavík, f. 10. jan. 1903 í Danmörku.
14. Jón Sigurður Oddsson, útgerðarmaður í Reykjavík, f. 12. des. 1887 á Íslandi.
15. van Keppel, Willem, verzlunarmaður í Reykjavík, f. 13. júní 1926 í Hollandi.
16. Lange, Anna Annita, húsmóðir að Hnausi í Árnessýslu, f. 26. nóv. 1929 í Þýzkalandi.
17. Lemaire, Gottfried Friedrich, verkamaður á Eyrarbakka, f. 1. marz 1922 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 18. júlí 1959).
18. Lemaire, Jutta Marga Anneluise, húsmóðir á Eyrarbakka, f. 17. okt. 1927 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 4. des. 1959).
19. Mevs, August Friedrich, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1914 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 9. júlí 1959).
20. Mevs, Erika Johanna Else Gertrud, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. júlí 1925 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
21. Nielsen, Carl Ejler Theodor, tóvinnumaður í Reykjavík, f. 8. júní 1912 í Danmörku. (Fær réttinn 16. okt. 1959).
22. Oddsson, Ethel, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. ágúst 1896 í Englandi.
23. Pechar, Elfriede, ráðskona í Reykjavík, f. 18. nóv. 1921 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
24. Seidel, Emma Flora Erna, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. okt. 1930 í Þýzkalandi.
25. Splidt, Hilmar Ejvind Kristian, iðnverkamaður á Akureyri, f. 24. okt. 1928 í Færeyjum.
26. Övreby, Alf Magnus, vélamaður á Ísafirði, f. 3. apríl 1921 í Noregi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3 gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar, er dómsmálaráðherra fór fram á að nefndin flytti.

Frumvarpinu fylgdu umsóknir um ríkisborgararétt frá 26 mönnum. Auk þess höfðu nefndinni borizt frá ráðuneytinu umsóknir um ríkisborgararétt frá 5 mönnum.

Nefndin tók því þann kost að fela sérstakri nefnd, sem skipuð var 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis allar umsóknir um ríkisborgararétt, sem nefndinni hafa borizt.

Samvinnunefndin varð sammála um að flytja frumvarpið með þeim 26 umsækjendum, sem ráðuneytið lagði til að fengju réttinn. Samráð hefur verið haft við alla allsherjarnefndarmenn beggja deilda um þetta atriði.

Eins og á síðustu tveimur þingum hafa verið hafðar til hliðsjónar reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda komu sér saman um fyrir tveimur árum. Reglurnar eru þannig:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfshæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalið.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan föður eða móður, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Nefndin flytur því frumvarp þetta. Í frumvarpinu er lagt til, að 26 mönnum, 14 konum og 12 karlmönnum, verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar varðandi stafsetningu nafna. Nokkrir umsækjendur fullnægja ekki skilyrði um dvalartíma fyrr en síðar á árinu. Er greint aftan við nöfn þeirra, hvenær þeir öðlist ríkisborgararéttinn. Að öðru leyti er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi dómsmálaráðherra.

Nd. 309. Lög [106. mál]

um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Afgreidd frá Nd. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 258.

Nd. 310. Frumvarp til laga [103. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að ákveða, að innheimta skuli með álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóði. Þó má aldrei innheimta hærri gjöld af einstakri fasteign eftir þessum lögum en þau gátu orðið hæst fyrir 1. maí 1957. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til vatnsskatts.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 311. Nefndarálit [64. mál]

um till til þál. um upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað um hana álits Fiskifélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Mæla allir þessir aðilar með samþykkt tillögunnar.

Allsherjarnefnd vill mæla með samþykkt tillögunnar, þó með þeim skilningi, að ekki þurfi að setja upp nýja stofnun til framkvæmdarinnar, heldur geti stofnanir, sem fyrir eru, annazt verkefnið. — Alfreð Gíslason var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 9. marz 1959.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson.
Jón Sigurðsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Ólafsson.

Nd. 312. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Annar töluliður 37. gr. orðist þannig:
2. í læknadeild 9.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist þannig:

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækna- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geð- og taugasjúkdómafræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðis-

fræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta hafa heilbrigðismálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands haft samráð.

Staða yfirlæknis á Kleppi varð laus í ágústbyrjun 1958 við fráfall dr. Helga Tómassonar. Var yfirlæknisstaðan auglýst laus til umsóknar 1. október s. á. með umsóknarfresti til 1. janúar 1959. Landlæknir hafði gert tillögu um, að athugaðir yrðu möguleikar á að fá gerða skipulagsbreytingu á yfirlæknisstöðunni, áður en henni yrði ráðstafað til frambúðar, þannig að stofnað yrði við háskólann prófessorsembætti í geðveikifræðum, en því fylgdi jafnframt yfirlæknisstaðan við Kleppsspítalann.

Heilbrigðismálaráðuneytið átti frekari umræður um þetta málefni við landlækni, og féllst að því búnu á tillögu hans um, að meðferð þess verði beint inn á þá braut, er að framan getur. Var menntamálaráðuneytið síðan beðið að taka við máli þessu til frekari meðferðar á þeim grundvelli.

Í bréfi Vilmundar landlæknis Jónssonar til læknadeildar háskólans, dags. 21. ágúst 1958, segir m. a. svo um þetta efni:

„Nú, er framundan er að skipa yfirlæknisstöðuna við Kleppsspítalann, sem auð er orðin við fráfall dr. Helga heitins Tómassonar, má það vera íhugunarefni, hvernig framtíð þessarar mikilsverðu og vandskipuðu stöðu verði sem bezt tryggð, þannig að hún á hverjum tíma geti orðið skipuð hinum hæfasta geðsjúkdómafræðingi, sem völ er á. Kemur þá hvort tveggja til greina, að staðan verði eftir atvikum gerð sem eftirsóknarverðust framámönnum í hópi geðlækna, svo að nokkurs þyki um vert að búa sig sem allra bezt undir hana, og að þannig sé að veitingunni staðið, að nokkurn veginn örugglega megi vænta þess, að hinn hæfasti umsækjandi verði fyrir valinu.

Yfirlækninum á Kleppi er ekki eingöngu ætlað að sinna yfirlæknisstörfum á Kleppi í þágu sjúklinganna. Hann er einnig sjálfsagður til að kenna læknaefnum geðveikifræði við Háskólann. Í hans höndum verða nær allar geðheilbrigðisrannsóknir sakborninga í þágu réttvísinnar. Hann sleppur og tæplega við að vera höfuðráðunautur heilbrigðisstjórnarinnar varðandi geðveikimál yfirleitt. Hann á samkvæmt lögum sæti í læknaráði, þar sem hann gegnir hinu mikilverðasta hlutverki. Ekki hæfir annað en hann sé höfuðfræðimaður í grein sinni hér á landi með sérstöku tilliti til þekkingar á geðheilbrigði Íslendinga, en til þess þarf honum að vera sýnt um vísindaleg vinnubrögð. Til þess að rækja á viðunandi hátt hvert eitt þessara hlutverka þyrfti valinn mann, hvað þá til að hafa þau á sínum höndum öll í senn.

Yfirlæknisstöðum við ríkisspítalana, einum út af fyrir sig fylgja ekki þau kjör og kostir, að þær séu keppikefli dugandi sérfræðingum, miðað við hin gullnu kjör, sem þeim er auðsótt að búa sér við frjálst læknisstarf í skjóli sjúkratrygginganna. Frjálst læknisstarf samrýmist illa yfirlæknisstarfi við stórt sjúkrahús og þá einkum svo víðtæku starfi sem yfirlæknisstaða við Kleppsspítalann óhjákvæmilega krefst. Verður að stilla hinu fyrrnefnda starfi mjög í hóf, ef vel á að fara saman, enda af mjög skiljanlegum ástæðum hættara við, að á hið síðara halli. Má það helzt ekki koma fyrir, að yfirlæknisstaðan við Kleppsspítalann verði boðin og veitt með þeim kjörum, að nútímalæknar hljóti að líta svo á, að henni sé ætlað

að vera hliðarstarf við víðtækt frjálst læknisstarf. En þau hljóta að verða örlög hennar, ef hún verður nú auglýst laus til umsóknar án nokkurrar breytingar á skipun hennar.

Ég hef þegar hreyft því við yfirstjórn heilbrigðismálanna, að æskilegt væri, að rúmur tími yrði ætlaður til frambúðarráðstöfunar umræddrar yfirlæknisstöðu við Kleppsspítalann. Jafnframt hef ég látið uppi þá skoðun mína, að freista ætti þess, áður en staðan verður auglýst laus til umsóknar, að fá hana með lögum gerða hliðstæða yfirlæknisstöðunum við lyflæknisdeild og handlæknisdeild Landspítalans. Yrði þá stofnað við háskólann prófessorsembætti í geðveikifræði, en því fylgdi síðan yfirlæknisstaðan við Kleppsspítalann með samsvarandi launakjörum og á sér stað um fyrrnefndar yfirlæknisstöður, sem fylgja prófessorsembættum. Ef þessu fengist framgengt, yrði staðan auglýst með þeim fyrirvara, að umsækjendum, sem keppa vildu um hana, gæfist ríflegur frestur til undirbúnings."

Í bréfi læknadeildar til landlæknis, dags. 30. ágúst s. l., er upplýst, að um málið hafi verið fjallað ítarlega í deildinni, og séu deildarkennarar sammála landlækni um að gera verði sérstaklega miklar kröfur til þess manns, sem skipaður verði í stöðu yfirlæknis við geðveikrahælið á Kleppi. Sé háskólanum mikil nauðsyn á kennarastöðu í geðsjúkdómum. Að vísu væri eðlilegt, að stofnað verði á undan prófessorsembætti í kvensjúkdómum og fæðingarfræði. En þar sem yfirlæknisstaðan á Kleppi sé nú laus, þyki rétt að fara þess nú þegar á leit, að stofnað verði prófessorsembætti í geðsjúkdómum, enda verði frestað að skipa yfirlækni á Kleppi, þangað til því máli hafi verið ráðið til lykta. Læknadeild heitir málinu eindregnum stuðningi.

Læknafélag Íslands hefur ennfremur lýst yfir stuðningi við málið.

Ed. 313. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. — Friðjón Þórðarson var ekki á fundinum.

Alþingi, 9. marz 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, frsm.	Björn Jónsson, fundaskr.

Jón Kjartansson.

Ed. 314. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um brtt., er fram kunna að koma.

Einn nefndarm. (BjörnJ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. marz 1959.

Bernh. Stefánsson, form.	Gunnar Thoroddsen, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 315. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til laga um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 1969. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar hliðstæðrar félagsmálastarfsemi, enda fallist ráðherra á þörf framkvæmdanna.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annast endurskoðun ársreikninga happdrættisins, og skulu þeir birtir í Lögbirtingablaðinu.
Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Ed. 316. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sannfærzt um, að sú breyting á tveimur prestaköllum í Norður-Múlaprófastsdæmi, er frv. gerir ráð fyrir, er í samræmi við vilja viðkomandi safnaða. Er menntmn. samþykk þeirri breytingu.

Um heimild til flutnings prestsseturs frá Æsustöðum að Auðkúlu er ágreiningur heima fyrir. Mælir menntmn. með heimild til flutnings prestssetursins að því tilskildu, að samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu komi til.

Samkv. ósk þingmanns Suður-Þingeyinga tók menntmn. til athugunar frv., er hann flutti á síðasta Alþingi um flutning prestsseturs frá Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu á hentugri stað í prestakallinu. Óskaði hann eftir, að menntmn. flytti efni þess frv. sem brtt. við þetta frv. Ágreiningur er í söfnuðum Vatnsendaprestakalls um flutning prestssetursins. Menntmn. flytur þá viðbótartillögu við þetta frv., að heimilt skuli að flytja prestssetrið frá Vatnsenda að tilskildu samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

Samkv. þessu leggur menntmn. til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. c. Stafliðurinn orðist svo:
Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:
Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.
2. Aftan við 1. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi:
Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

Alþingi, 10. marz 1959.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Gunnar Thoroddsen. F. R. Valdemarsson.

Ed. 317. Lög [45. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 75.

Ed. 318. Lög [123. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 298.

Nd. 319. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og hefur það verið sent heimspekideild háskólans, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda til umsagnar. Að fengnum þeim umsögnum er nefndin sammála um að mæla með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „enda beri fyrirtækið íslenzkt nafn“ komi: enda beri fyrirtækið nafn, sem samrýmist íslenzku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1953.

Bjarni Benediktsson var ekki á fundi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 11. marz 1959.

Gunnlaugur Þórðarson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Björn Ólafsson.

Gunnar Jóhannsson.

Nd. 320. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og hefur það verið sent heimspekideild háskólans og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda til umsagnar. Að fengnum þeim umsögnum er nefndin sammála um að mæla með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „íslenzkt nafn“ komi: nafn, sem að dómi skrásetjara samrýmist íslenzku málkerfi. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1953.

Bjarni Benediktsson var ekki á fundi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 11. marz 1959.

Gunnlaugur Þórðarson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Björn Ólafsson.
Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 321. Þingsályktun [64. mál]

um upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.

(Afgreidd frá Sþ. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 113.

Ed. 322. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, sbr. lög nr. 125 30. desember 1943, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Stafliður e) í 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 orðist svo:

Einkaleyfið til að reka happdrætti má veita til 1. janúar 1974. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskóli Íslands hefur farið fram á, að einkaleyfi háskólans til happdrættisreksturs verði framlengt um 15 ára skeið. Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengja megi einkaleyfið til 15 ára, svo sem tíðkazt hefur, og skal áfram verja sjóðnum til þess að reisa byggingar á vegum háskólans.

Samkvæmt beiðni menntamálaráðuneytisins er nú bætt við heimild til þess að nota ágóða happdrættisins til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, fegrun háskólalóðar, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, og ennfremur til kaupa á rannsóknar- og kennslutækjum, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Er gert ráð fyrir því í hinni nýju háskólareglugerð frá 17. júní 1958, að komið verði á fót rannsóknarstöðvum eftir því sem fé sé til þess veitt.

Nd. 323. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki og verbúðir.

2. gr.

4. málsgrein 9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tveimur efnisbreytingum.

Hin fyrri er að kveða skýlaust á um það, að verbúðir skuli almennt taldar til kostnaðar við hafnargerðir.

Í gildandi lögum er sagt, „að verbúðir í viðleguhöfnum“ skuli telja til kostnaðar við hafnarframkvæmdir. Skilgreining þessi: „verbúðir í viðleguhöfnum“ — er nokkuð óljós og varla eðlileg. Engin glögg skil eru á því, hvaða hafnir teljast viðleguhafnir og hverjar ekki. Verbúðir þurfa að vera í öllum útgerðarhöfnum, og helzt af öllu þurfa þær að byggjast af hafnarstjórnunum, svo að þær séu haganlega settar á hafnarsvæðinu.

Ég tel eðlilegt að breyta gildandi lagaákvæðum í þessum efnum og heimila að telja til hafnarkostnaðar byggingu verbúða í öllum höfnum.

Hin síðari breytingin, sem felst í frumvarpi þessu, er að fella niður 4. málsgr. 9. gr. laganna, en hún er þannig:

„Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirkjum til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.“

Sú takmörkun á tekjuöflunarheimild hafnarsjóða, sem felst í þessari málsgrein, er mjög óeðlileg. Sjálfsagt virðist að heimila hafnarsjóði að innheimta venjuleg vörugjöld til framkvæmda hafnarinnar, þó að einstaklingur eða félag eigi enn hafskipabryggju í höfninni. Komið hefur í ljós, að þetta ákvæði torveldar hafnarstjórnum að ráðast í nauðsynlegar hafnarframkvæmdir. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir, að ákvæði þetta verði fellt niður.

Ed. 324. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:
Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:
Eiðar. Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Eiðar.

c. Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:
Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

d. Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 325. Breytingartillögur [51. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Fyrir orðin „Prestssetur: Kirkjubær ... hentara þykir“ í a-lið 1. gr. komi: Kirkjustjórnin skal láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal safnaðarmanna í sóknunum um það, hvar prestssetrið skuli vera.
2. Eftir b-lið sömu gr. bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:
   a. Aftan við VI. 28 (Skálholtsprestakall í Árnessprófastsdæmi) bætist:
   Kirkjustjórnin skal láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal safnaðarmanna í sóknunum um, hvort prestssetrið skuli heldur vera Skálholt eða Torfastaðir, og ákveða með hliðsjón af niðurstöðu hennar framtíðarprestssetur prestakallsins.
   b. Orðin „Hraungerði eða“ í VI. 31 (Hraungerðisprestakall í sama prófastsdæmi) falli niður.
   c. Í stað „Prestssetur: Hvanneyri“ í IX. 52 (Hvanneyrarprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi) komi: Prestssetur: Staðarhóll.
   d. XV. 79 (Ögurþingaprestakall í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi) orðist svo:
   Ögurþing: Ögur- og Eyrarsóknir.
   Prestssetur skal ákveðið af kirkjustjórninni að undangenginni atkvæðagreiðslu hjá kosningabærum safnaðarmeðlimum um þá staði, er kirkjustjórnin telur koma til greina sem prestssetur.

3. Stafliður c í sömu gr. orðist svo:
Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:
Kirkjustjórnin skal þegar láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal atkvæðisbærra sóknarmanna prestakallsins um, hvort rétt sé að flytja prestssetrið frá Æsustöðum að Auðkúlu, og ákveða síðan framtíðarprestssetrið með hliðsjón af atkvæðagreiðslunni.

Ed. 326. Breytingartillaga [51. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 1. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður:
Í stað orðanna „og Laugardælasóknir“ í VI. 31 (Hraungerðisprestakall í Árnesprófastsdæmi) komi: og Selfosssóknir.

Nd. 327. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 22. tölulið bætist nýr liður, svo hljóðandi:
Ohrtmann, Johanna Bertha Karoline Harriet, húsmóðir að Kársstöðum í Helgafellssveit, f. 1. nóv. 1928 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 10. júní 1959).

Nd. 328. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

8. grein laganna orðist svo:
Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið nafn, sem samrýmist íslenzku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1953.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 329. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

5. liður 3. gr. orðist svo:

Hefur meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnu, enda beri veitingastaðurinn eða gistihúsið nafn, sem að dómi skrásetjara samrýmist íslenzku málkerfi. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1953.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 330. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um afnám nauðungarvinnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu, sem gerð var á fertugasta þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 25. júní 1957, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT
um afnám nauðungarvinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 40. sinn þann 5. júní 1957, og eftir að hafa haft til meðferðar málið um nauðungarvinnu, sem var fjórða mál á dagskrá þessa þings, og eftir að hafa athugað ákvæði samþykktarinnar frá 1930, um nauðungarvinnu; og eftir að hafa athugað, að samþykktin frá 1926, um þrælahald, kveður svo á, að allar nauðsynlegar ráðstafanir skuli gerðar til þess að varna því, að þvingunarvinna eða nauðungarvinna komist á það sig, að hún samsvari þrældómi, og að viðaukasamþykktin frá 1956 um afnám þrælahalds og þrælaverzlunar og þess skipulags og þeirrar venju, er líkist þrælahaldi, kveður svo á, að

CONVENTION
Concerning the Abolition of Forced Labour.

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fortieth Session on 5 June 1957, and

Having considered the question of forced labour, which is the fourth item on the agenda of the session, and

Having noted the provisions of the Forced Labour Convention, 1930, and

Having noted that the Slavery Convention, 1926, provides that all necessary measures shall be taken to prevent compulsory or forced labour from developing into conditions analogous to slavery and that the Supplementary Convention on the Aboli-

algerlega skuli afnumin þvingun vegna skulda og öll ánauð; og eftir að hafa athugað að samþykktin frá 1949, um kaupverndun, kveður svo á, að kaup skuli greitt reglulega og leggur bann við þeim hætti á kaupgreiðslum, er á nokkurn hátt skerðir rétt hans til þess að skipta um húsbændur; og eftir að hafa ákveðið að samþykkja frekari tillögur varðandi afnám tiltekinna greina nauðungarvinnu, sem brjóta í bág við mannréttindi þau, er stofnskrá Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir og greind eru í hinni almennu mannréttindaskrá; og eftir að hafa ákveðið að tillögur þessar skuli gerðar að alþjóðlegri samþykkt,

gerir þingið í dag, þann 25. júní 1957, eftirfarandi samþykkt, er vitna má til sem samþykktarinnar frá 1957, um afnám nauðungarvinnu.

1. gr.

Sérhvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir hjá sér samþykkt þessa, skuldbindur sig til að láta ekki viðgangast, heldur uppræta, hvers konar nauðungarvinnu:

a) er beitt sé með pólitískri þvingun, fræðslu, eða sem refsingu gegn mönnum fyrir að hafa eða láta í ljósi stjórnmálaskoðun eða skoðanir hugsjónalega gagnstæðar hinu ríkjandi skipulagi, stjórnmálalegu, félagslegu eða efnahagslegu;
b) er beitt sé sem aðferð til þess að nota verkalýðinn til breytinga á efnahagskerfinu;
c) er beitt sé til þess að aga verkalýðinn;
d) er beitt sé til refsingar fyrir þátttöku í verkföllum;
e) er beitt sé til mismununar sökum uppruna, félagslegrar aðstöðu, þjóðernis eða trúarbragða.

tion of Slavery, the Slave Trade and Institutions and Practices Similar to Slavery, 1956, provides for the complete abolition of debt bondage and serfdom, and

Having noted that the Protection of Wages Convention, 1949, provides that wages shall be paid regularly and prohibits methods of payment which deprive the worker of a genuine possibility of terminating his employment, and

Having decided upon the adoption of further proposals with regard to the abolition of certain forms of forced or compulsory labour constituting a violation of the rights of man referred to in the Charter of the United Nations and enunciated by the Universal Declaration of Human Rights, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-fifth day of June of the year one thousand nine hundred and fifty-seven the following Convention, which may be cited as the Abolition of Forced Labour Convention, 1957:

Article 1

Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to suppress and not to make use of any form of forced or compulsory labour—

a) as a means of political coercion or education or as a punishment for holding or expressing political views or views ideologically opposed to the established political, social or economic system;
b) as a method of mobilising and using labour for purposes of economic development;
c) as a means of labour discipline;
d) as a punishment for having participated in strikes;
e) as a means of racial, social, national or religious discrimination.

2. gr.

Sérhvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir hjá sér samþykkt þessa, skuldbindur sig til að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að tryggja það, að þegar í stað og til fullnustu verði afnumin nauðungarvinna eins og hún er skilgreind í 1. gr. samþykktar þessarar.

3. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

4. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er fullgildingar þeirra hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur samþykkt þessi í gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

5. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Þess háttar uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en að ári liðnu frá skrásetningu hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í tíu ára tímabili, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Article 2

Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to take effective measures to secure the immediate and complete abolition of forced or compulsory labour as specified in Article 1 of this Convention.

Article 3

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 4

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 5

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the exspiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

6. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar senda honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

7. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

8. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

9. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:

a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 5. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist;

b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi;

enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

Article 6

1. The Derector-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 7

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 8

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 9

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—

a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 5 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

10. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 10

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á árunum 1951—1953 starfaði nefnd, skipuð af framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að rannsókn á nauðungarvinnu. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að nauðungarvinna ætti sér enn stað í ýmsum aðildarríkjum ILO, enda þótt vinnumálaþingið hefði þegar gert samþykktir sem fælu í sér bann við nauðungarvinnu, þ. á m. hina almennu samþykkt um þetta efni frá 1930, sem Ísland hefur fullgilt. Að fengnum upplýsingum nefndarinnar samdi Alþjóðavinnumálaskrifstofan uppkast að samþykkt og enn fremur uppkast að tillögu um breytingar á samþykktinnni frá 1930. Var þetta mál rætt fyrst á þinginu 1956.

Þar var samþykkt að fresta breytingum á samþykktinni frá 1930, en jafnframt ákveðið að taka það mál á dagskrá þingsins áður langt liði.

Um áðurnefnt samþykktarákvæði urðu miklar umræður, einkum um það, hversu víðtæk samþykktin skyldi vera. Samþykkt var að um þetta atriði skyldu fara fram umræður á milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna áður en gengið yrði frá uppkasti því, sem lagt yrði fyrir þingið 1957.

Mál þetta var svo til síðari umræðu á þinginu 1957 og var þá lagt fram nýtt uppkast að samþykkt. Þar er gert ráð fyrir banni við nauðungarvinnu, sem beitt er:

a. með pólitískri þvingun, fræðslu, eða sem refsingu gegn mönnum fyrir að hafa eða láta í ljósi stjórnmálaskoðanir eða skoðanir hugsjónalega gagnstæðar hinu ríkjandi skipulagi, stjórnmálalegu, félagslegu eða efnahagslegu;
b. sem aðferð til þess að nota verkalýðinn til breytinga á efnahagskerfinu;
c. til þess að aga verkalýðinn;
d. til refsingar fyrir þátttöku í verkföllum;
e. til mismununar sökum uppruna, félagslegrar aðstöðu, þjóðernis eða trúarbragða.

Í uppkasti því, sem gert var á þinginu 1956 var enn fremur ákvæði, er bannaði nauðungarvinnu, sem er afleiðing þess greiðslumáta að atvinnurekandinn frestar launagreiðslu til ákveðins dags eða fram yfir umsaminn tíma, svo að verkamaðurinn er sviptur möguleikanum til þess að hætta vinnunni, eða þar sem verkamenn eru látnir vinna af sér skuldir eða eru í ánauð. Þessu ákvæði var sleppt úr uppkastinu vegna andstöðu nokkurra ríkisstjórna.

Aftur á móti gerði þingið ályktun um þetta efni, sem fól í sér eindregna áskorun til aðildarríkjanna um að fullgilda samþykktina frá 1949 um vernd vinnulauna.

Á þinginu 1956 höfðu fulltrúar Danmerkur og Svíþjóðar borið fram tillögu um það, að í væntanlegri samþykkt yrði ákvæði um bann við notkun fangabúða og brottflutningi þjóðernisminnihluta þegar þessar þvingunarráðstafanir væru notaðar í stað nauðungarvinnu í pólitískum tilgangi.

Með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem aðalritari Sameinuðu þjóðanna hafði borið fram í áðurnefndum umræðum við Alþjóðavinnumálastofnunina svo og óska ýmissa ríkisstjórna um niðurfellingu þessa ákvæðis tóku flutningsmenn tillögunnar hana aftur. Í þess stað fluttu þeir ásamt fulltrúum Noregs tillögu til ályktunar, þar sem athygli Sameinuðu þjóðanna er vakin á nauðsyn þess að athugað sé hvað

hægt er að gera til þess að koma á raunhæfu banni gegn fangabúðum og brottflutningi þjóðernisminnihluta.

Það var skýrt tekið fram í nefndinni, sem fjallaði um þetta mál, að þessi samþykkt væri til uppfyllingar samþykktinni frá 1930, en væri ekki endurskoðuð útgáfa hennar.

Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykktina á þinginu 1957 greiddu 240 fulltrúar atkvæði með henni, enginn á móti, en einn sat hjá.

Alls hafa nú fimmtán aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fullgilt þessa samþykkt, þ. á m. Danmörk, Noregur og Svíþjóð, og gengur hún í gildi 17. janúar 1959.

Nauðungarvinna eins og ræðir um í samþykkt þessari þekkist ekki hér á landi og er andstæð hugsunarhætti og réttlætiskennd íslenzku þjóðarinnar. Það virðist því rétt og æskilegt að Ísland sýni vilja sinn og afstöðu í þessu máli á alþjóðavettvangi með því að fullgilda þessa samþykkt.

Sþ. 331. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um rannsókn á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við skipafélögin fram fara nákvæma athugun á hagnýtingu íslenzka farskipaflotans í millilanda- og strandferðasiglingum með það fyrir augum, að komizt verði hjá, svo sem frekast er unnt, að leigja erlend skip til vöruflutninga og að lestarrúm hinna íslenzku skipa sé notað á sem beztan hátt.

Leiði rannsókn þessi í ljós, að bæta megi til muna hagnýtingu íslenzka farskipaflotans, þá skorar Alþingi enn fremur á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að komið verði á fastri skipan þeirra mála, enda beri skipafélögin kostnað af slíkri starfsemi.

Greinargerð.

Íslenzka skipastólnum hafa á undanförnum árum bætzt mörg og glæsileg skip. Sérstaklega hefur þó borið á hinni stórfelldu aukningu íslenzka farskipaflotans. Almenningi kemur því einkennilega fyrir sjónir, að eyða þurfi árlega stórum fjárhæðum í erlendum gjaldeyri vegna leigutöku erlendra flutningaskipa með vörur að og frá landinu. Á s. l. ári voru t. d. yfirfærðar af bönkum rúmar 28 millj. íslenzkra króna í frjálsum gjaldeyri vegna slíkra leiguskipa. Þar með er þó ekki talin leiga rússnesks olíuskips, sem á árinu var einnig í förum.

Þessi gjaldeyrisyfirfærsla verður þó enn meiri ráðgáta, þegar jafnframt er vitað um, að íslenzku skipin sigla oft að og frá landinu lítið lestuð og hálflestuð eða stundum einungis með grjót og mold í kjölfestu, eða þau þurfa á undraverðan fjölda hafna til þess að fá fullfermi, þegar svo vel blæs. Þetta gerist, þótt vitað sé, að stórum meiri birgðir liggi fyrir á hverjum stað en teknar eru.

Hvað strandferðasiglingum við kemur, þá mun þar sömu söguna að segja, þótt erlendra leiguskipa gæti þar tiltölulega lítið. Þess munu dæmi, að tvö eða jafnvel þrjú farskip hafi á sama sólarhring viðkomu á sömu höfn til þess að ferma eða afferma allt niður í nokkur hundruð kíló varnings. Slíkt fyrirkomulag verður vægast sagt ekki talið „góð nýting“ hins glæsilega flota, og virðist full ástæða til þess, að fram fari ýtarleg endurskoðun þessara mála, ef verða mætti til betra skipulags og aukinnar hagnýtingar, án þess að dregið væri úr sem fullkomnastri þjónustu.

Íslenzka ríkið og þar með þjóðin sem heild hefur of mikið á sig lagt til endurnýjunar hins glæsilega skipastóls, til þess að algert hirðuleysi megi ríkja um nýtingu hans.

Nánar í framsögu.

Ed. 332. Frumvarp til laga [132. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, sbr. og lög nr. 2 1959, skal gilda til 1. maí 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 muni eigi verða lokið fyrir 1. apríl n. k., er með frv. þessu lagt til, að framlengd verði til 1. maí n. k. heimild sú, er felst í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, sbr. og lög nr. 2 1959, um framlengingu þeirra laga.

Nd. 333. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:
Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:
Eiðar. Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Eiðar.

c. Í stað orðanna „og Laugardælasóknir“ í VI. 31 (Hraungerðisprestakall í Árnesprófastsdæmi) komi: og Selfosssóknir.

d. Í stað „Prestssetur: Hvanneyri“ í IX. 52 (Hvanneyrarprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi) komi: Prestssetur: Staðarhóll.

e. Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:
Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

f. Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 334. Breytingartillaga [92. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir orðin „800 þúsund krónur“ í síðustu málsgr. 2. gr. laganna kemur: 1.6 millj. kr.

Ed. 335. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, sbr. lög nr. 125 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með leiðréttingu á fyrirsögn þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt um afstöðu til breytingartillagna.

Einn nefndarmanna, Jón Kjartansson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefnd vegna veikinda.

BREYTINGARTILLAGA:

Við fyrirsögn. Orðin „sbr. lög nr. 125 30. desember 1943, um breyting á þeim lögum“ falli niður.

Alþingi, 19. marz 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.	Björn Jónsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.
	Friðjón Þórðarson.	

Nd. 336. Frumvarp til laga [126. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Annemarie, húsmóðir að Arnórsstöðum á Barðaströnd, f. 17. maí 1930 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 22. sept. 1959).
2. Beckemeier, Christel-Marilse Irene Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. apríl 1924 í Þýzkalandi.
3. Borchmann, Dietrich, bústjóri að Helgavatni í Mýrasýslu, f. 22. júlí 1927 í Þýzkalandi.

4. Borowski, Kurt Paul, jarðýtustjóri, Reykjavík, f. 30. okt. 1931 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 29. júní 1959).
5. Carlsen, John Schou, járnsmiður í Reykjavík, f. 1. júlí 1932 í Danmörku. (Fær réttinn 5. sept. 1959).
6. Fivelsdal, Astrid, húsmóðir í Ljárskógum í Dalasýslu, f. 17. ágúst 1927 í Noregi. (Fær réttinn 11. nóv. 1959).
7. Gustafsson, Eja Ingeborg, húsmóðir á Selfossi, f. 20. okt. 1931 í Finnlandi. (Fær réttinn 9. sept. 1959).
8. Helgason, Börge Wilhelm, rennismiður í Reykjavík, f. 11. maí 1920 í Danmörku.
9. Henckell, Helga Guðrún, nemandi í Reykjavík, f. 9. maí 1937 í Þýzkalandi.
10. Henckell, Hilde Solveig, nemandi í Reykjavík, f. 6. ágúst 1939 í Þýzkalandi.
11. Herrmann, Elisabeth Charlotte Johanna, húsmóðir að Vogsósum í Selvogi, f. 28. des. 1927 í Þýzkalandi.
12. Jähnke, Hannelore Eva Helga, húsmóðir á Selfossi, f. 25. jan. 1931 í Þýzkalandi.
13. Jensen, Anders Johannes Sophus, bakarameistari í Reykjavík, f. 10. jan. 1903 í Danmörku.
14. Jón Sigurður Oddsson, útgerðarmaður í Reykjavík, f. 12. des. 1887 á Íslandi.
15. van Keppel, Willem, verzlunarmaður í Reykjavík, f. 13. júní 1926 í Hollandi.
16. Lange, Anna Annita, húsmóðir að Hnausi í Árnessýslu, f. 26. nóv. 1929 í Þýzkalandi.
17. Lemaire, Gottfried Friedrich, verkamaður á Eyrarbakka, f. 1. marz 1922 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 18. júlí 1959).
18. Lemaire, Jutta Marga Anneluise, húsmóðir á Eyrarbakka, f. 17. okt. 1927 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 4. des. 1959).
19. Mevs, August Friedrich, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1914 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 9. júlí 1959).
20. Mevs, Erika Johanna Else Gertrud, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. júlí 1925 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
21. Nielsen, Carl Ejler Theodor, tóvinnumaður í Reykjavík, f. 8. júní 1912 í Danmörku. (Fær réttinn 16. okt. 1959).
22. Oddsson, Ethel, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. ágúst 1896 í Englandi.
23. Ohrtmann, Johanna Bertha Karoline Harriet, húsmóðir að Kársstöðum í Helgafellssveit, f. 1. nóv. 1928 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 10. júní 1959).
24. Pechar, Elfriede, ráðskona í Reykjavík, f. 18. nóv. 1921 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
25. Seidel, Emma Flora Erna, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. okt. 1930 í Þýzkalandi.
26. Splidt, Hilmar Ejvind Kristian, iðnverkamaður á Akureyri, f. 24. okt. 1928 í Færeyjum.
27. Övreby, Alf Magnus, vélamaður á Ísafirði, f. 3. apríl 1921 í Noregi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 337. Lög [132. mál]

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

(Afgreidd frá Nd. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 332.

Ed. 338. Frumvarp til laga [133. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Árlega skal halda námskeið, ef nægilegt þátttaka fæst, á þeim stöðum, er ráðherra ákveður, til þess að búa menn undir verkstjórapróf, enda liggi fyrir beiðni frá Verkstjórasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands eða opinberri stofnun, sem þetta mál varðar sérstaklega, um að slíkt námskeið verði haldið.

Námskeiðin skal halda á kostnað ríkissjóðs í sambandi við iðnskóla. Stjórn námskeiðanna skal vera í höndum skólastjóra viðkomandi iðnskóla, að viðbættum tveimur mönnum, annar tilnefndur af Verkstjórasambandi Íslands en hinn af Vinnuveitendasambandi Íslands. Iðnaðarmálaráðherra fer með yfirstjórn þessara mála. Hvert námskeið skal standa allt að 6 mánuði, að prófum meðtöldum.

2. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri, nema hann hafi lokið sveinsprófi í þeirri starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í, eða fyrir liggi yfirlýsing atvinnuveitanda um, að umsækjandi sé ráðinn verkstjóri hjá honum að námi loknu.
b. Að hann hafi unnið tólf mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.
c. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða á annan hátt hlotið fullnægjandi menntun, að dómi námskeiðsstjórnar.
d. Að hann fullnægi öðrum inntökuskilyrðum, sem ráðherra setur með reglugerð.

3. gr.

Ráðherra setur ákvæði um það með reglugerð, að fengnum tillögum Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu, prófum og einkunnagjöf skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

Við samningu reglugerðar þeirrar, er um getur í 1. mgr., skal ráðherra leitast við að hafa samráð við þær opinberar stofnanir, sem mál þetta varðar sérstaklega.

4. gr.

Próf skulu haldin að loknu námskeiði.

Ráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum námskeiðsstjórnar.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem ráðuneytið

löggildir til þess. Prófdómendur og námskeiðstjórn skulu staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

Bækur þessar skal varðveita á þeim stað, sem ráðuneytið ákveður.

5. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, á rétt til að fá skírteini, á eyðublaði, sem ráðuneytið lætur gera. Skólastjóri viðkomandi iðnskóla undirritar skírteinin.

Um prófskírteini og frágang þeirra skal nánar ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Verkstjórar, sem lokið hafa prófi og verkstjórar, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi og starfað hafa þá sem verkstjórar a. m. k. 12 mánuði á síðustu þremur árum, ganga að öðru jöfnu fyrir um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 7. júní 1957 skipaði iðnaðarmálaráðherra þriggja manna nefnd til að semja drög að reglum um kennsluskipan á verkstjóranámskeiðum.

Í nefndina voru skipaðir þeir Brynjólfur Ingólfsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Jóhann Hjörleifsson, verkstjóri og Þór Sandholt, skólastjóri.

Nefndin taldi, að áður en slíkar reglur yrðu settar, væri nauðsynlegt að til kæmu lög, sem orðið gætu stoð undir nánari reglum um námskeið fyrir verkstjóra.

Nefndin samdi því fyrst frumdrög að frumvarpi til laga um verkstjóranámskeið og leitaði um þau álits 21 aðila, sem áhuga voru taldir hafa á þessu máli eða hagsmuna að gæta í sambandi við það.

Er svör höfðu borizt, samdi nefndin frumvarp þetta, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Verkleg menning okkar Íslendinga er mjög ung, í samanburði við verkmenningu ýmissa annarra þjóða.

Einangrun Íslendinga öldum saman olli því, að þeir drógust aftur úr öðrum þjóðum í þessum efnum og segja má, að allt fram um síðustu aldamót væri frekar um afturför að ræða í verklegum málum hér á landi heldur en framfarir. Hér er því fátt eða ekkert um gömul mannvirki, byggingar eða aðrar slíkar minjar um verklega kunnáttu landsmanna á liðnum öldum.

Laust fyrir síðustu aldamót tekur að örla á breytingu úr hinni aldagömlu kyrrstöðu í verklegum efnum hér á landi. Þá koma til sögunnar fyrstu lærðu mannvirkjafræðingar Íslendinga og var mikill fengur að störfum þeirra, enda þótt tvennt gerði þeim erfitt fyrir. Bæði var, að þeim hafði ekki gefizt tækifæri til að taka sjálfir virkan þátt í þeim störfum, sem þeir skyldu skipuleggja og þó var annað, sem hamlaði þeim meira, en það var skortur á verklærðum undirmönnum til daglegrar verkstjórnar, sem skiljanlega voru þá af skornum skammti.

Bústjórn bænda, sem var sú algengasta verkstjórn, sem hér þekktist öldum saman, var að sjálfsögðu annars eðlis en verkstjórn í nútíma skilningi. Og enda þótt verkhyggni og stjórnsemi skipti þá sem nú höfuðmáli, er ljóst, að verðmæti þau, sem verkstjórum nú eru fengin í hendur, við mannvirkjagerð og í verksmiðjum, eru margfalt meiri en hjá verkstjórum á liðnum öldum, sem höfðu fáa menn í vinnu með einföldum handverkfærum.

Verkstjórn, í nútíma skilningi, er því ung starfsemi hér á landi og um sérmenntaða stétt manna í verkstjórn er vart að ræða enn þá.

Það hlýtur þó að vera ljóst hverjum þeim, sem skyggnist nokkuð í þessi mál, að nokkur bóklega og verkleg sérmenntun er nauðsynleg og sjálfsögð trygging

fyrir, að þeir menn, sem trúað hefur verið fyrir verkstjórn, ræki skyldur sínar vel og stjórni með hagsýni þeim verðmætum, vinnu- og vélafli, sem þeim er fengin umsjón yfir.

Enda þótt þetta sé almennt viðurkennt, og mönnum sé ljós sú þjóðfélagslega hætta, sem því fylgir að ekki séu gerðar lágmarkskröfur til menntunar þeirra manna, sem verkstjórn annast, hefur þó jafnan verið látið reka á reiðanum í þessu efni og lítið eða ekkert gert til að gefa íslenzkum verkstjórum kost á hæfilegri og heppilegri menntun til munns og handa.

Verkstjórarnir sjálfir fundu vitaskuld manna bezt hvar skórinn kreppti að og fyrir forgöngu samtaka þeirra, Verkstjórasambands Íslands, hafa verið haldin nokkur námskeið fyrir verkstjóra og verkstjóraefni, með fjárstuðningi ríkissjóðs og Vinnuveitendasambands Íslands.

Eftir því sem tækni hefur aukizt hér og verklegar framkvæmdir orðið fjölþættari, hefur orðið augljósari nauðsyn þess, að verkstjórar hefðu nægilega góða menntun, bæði almenna undirstöðumenntun og einnig næga verklega menntun hver og einn í þeirri grein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.

Kennsla fyrir verkstjóra hefur hjá flestum menningarþjóðum verið tekin upp fyrir mörgum árum. Fyrst voru haldin námskeið, en þeim síðar breytt í fasta skóla eða fasta árlega kennslu.

Á Norðurlöndum eru víðast hvar starfandi sérstakir verkstjóraskólar, sem hafa með höndum hina almennu verkstjórakennslu og sums staðar einnig hina sérfræðilegu kennslu.

Í Finnlandi er aðalverkstjóraskólinn í Helsingfors og sækja hann verkstjóraefni víðs vegar að úr landinu. Skóli þessi hefur heimavist fyrir aðkomunemendur og er frábrugðinn öðrum verkstjóraskólum á Norðurlöndum að því leyti, að hann sækja bæði karl- og kvenverkstjórar, en í Finnlandi starfar mikill fjöldi kvenverkstjóra í hinum ýmsu iðngreinum. Skóli þessi starfar nær allt árið, eitt námskeiðið tekur við af öðru. Hver verkstjóri sækir fyrst sex vikna námskeið, þar sem aðaláherzlan er lögð á sálarfræði, það er þekkingu á manninum og hvernig verkstjóra beri að koma fram við starfsmenn sína og yfirmenn. Verkstjórafræðslan hefur á síðari árum í vaxandi mæli beinzt að því að undirbúa verkstjórana undir samvinnu við verkamenn og aðra þá, sem þeir eiga í vændum að stjórna.

Á eftir hinum almennu námskeiðum koma námskeið í ýmsum sérgreinum. Í finnskum verkstjóraskólanum eru þessi námskeið venjulega 2—3 vikur, og eru verkstjórunum þar kynntar ýmsar nýjungar í starfsgreinum þeirra, nýjar vinnuaðferðir o. fl.

Í Svíþjóð er verkstjórafræðslu hagað á svipaðan hátt og í Finnlandi. Þó hafa Svíar, venjulega árlega, námskeið í lýðháskólanum í Gripsholm fyrir starfandi verkstjóra og verkstjórakennara úr ýmsum starfsgreinum og sækja þessi námskeið einnig verkstjórar frá hinum Norðurlöndunum.

Í Danmörku hafa samband vinnuveitenda og verkstjórasambandið danska komið upp skóla fyrir verkstjóra. Aðalstöðvar skólans eru í Kaupmannahöfn, en þaðan eru einnig skipulögð námskeið, sem haldin eru víðs vegar um landið.

Í Noregi er svipað fyrirkomulag en einnig tíðkast þar, að verkfræðingar ferðist milli verkstjóranna á vorin, áður en sumarvinna hefst, t. d. við lagningu vega, síma, eða járnbrautar, leiðbeini þeim og kynni þeim ýmsar nýjungar í störfum þeirra.

Á Norðurlöndum hefur einnig tíðkazt, að starfandi verkstjórum, sem lokið hafa námi, hefur verið gefinn kostur á að ferðast erlendis, til landa, sem lengra eru komin um verklega menningu.

Eins og af þessu sést, hafa nágrannar okkar á Norðurlöndum tekið þessi mál föstum tökum. Verður vart um það deilt, að brýn nauðsyn er til að þessum málum verði einnig sinnt meira hér á landi en gert hefur verið.

Verkstjórar ráða oft yfir fjölda starfsmanna og vinnuvéla og veltur því að verulegu leyti á hagsýni þeirra og stjórnsemi, hver nýting vinnuafls og véla verður.

Margir verkstjóranna hafa einnig á höndum fjárreiður fyrir atvinnurekendur og því bókleg færni og þjálfun í bókhaldi og skýrslugerð nauðsynleg.

Frumvarp þetta miðar að því að koma á fót fastri kennslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni hér á landi, með árlegum 6 mánaða námskeiðum á kostnað hins opinbera.

Frumvarp til laga um verkstjóranámskeið hefur tvívegis verið lagt fyrir Alþingi, fyrst 1939 en síðar 1950, á 70. löggjafarþingi þskj. 174. Náði málið í hvorugt skipti fram að ganga.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af frumvarpi til laga um verkstjóranámskeið frá 1950.

Skulu nú einstakar greinar frumvarpsins skýrðar:

Um 1. gr.

Lagt er til, að námskeiðin verði haldin í sambandi við iðnskólana, þar eð talið er, að æskilegum starfsháttum og þörfum námskeiðanna henti vel þau starfsskilyrði, sem þegar eru fáanleg hjá iðnskólum. Iðnskólarnir eru nú kostaðir af opinberu fé, og er hér lagt til, að ríkissjóður kosti verkstjóranámskeiðin. Ætti því að vera hagkvæmast og ódýrast að nýta húsnæði og kennslukrafta iðnskólanna einnig fyrir verkstjóranámskeiðin, eftir því, sem tök eru á.

Stjórn námskeiðs er lagt til að verði í höndum þriggja mann, skólastjóra iðnskóla þess, er námskeið er haldið við og eins fulltrúa frá hvoru þeirra landssamtaka, sem hér hafa einna mestra hagsmuna að gæta, Verkstjórasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þótt iðnskólarnir eins og raunar flestir skólar, falli undir menntamálaráðherra, þykir réttara, að verkstjóranámskeiðin lúti yfirstjórn iðnaðarmálaráðherra, þar sem þjálfun og kennsla í vinnutækni er svo ríkur þáttur í námskeiðum, að þau eru vart sambærileg við venjulega skóla.

Gert er ráð fyrir, að námskeið verði ekki haldið, nema fyrir liggi óskir frá öðru hvoru þeirra landssamtaka, sem fyrr eru nefnd, eða þá frá einhverri opinberri stofnun, sem mál þessi varðar. Er hér átt við þær stofnanir, sem mikinn fjölda verkstjóra hafa í þjónustu sinni, bæði ríkisfyrirtæki og stofnanir bæjar- eða sveitarfélaga.

Má hér nefna t. d. vegagerð ríkisins, sem mun hafa um 80 verkstjóra í þjónustu sinni, sem nú stjórna vinnu fyrir yfir 70 milljónir króna árlega, rafmagnsveitur ríkisins, landssímann, vita- og hafnarmálastjórnina, og Reykjavíkurbæ, sem hefur fjölda verkstjóra í þjónustu sinni.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hversu margir þátttakendur verði að hafa skráð sig til að þátttaka teljist nægileg og námskeið verði haldið.

Um 2. gr.

Hér eru talin þau skilyrði, sem rétt þykir að setja til þátttöku í verkstjóranámskeiðunum.

Rétt þykir að setja það skilyrði, að þátttakendur hafi náð 22 ára aldri, og þá væntanlega nægilegum þroska til að geta, með viðunandi árangri, sagt fyrir verkum. Þó þykir rétt að krefjast ekki 22 ára aldurs, ef atvinnurekandi hefur ráðið umsækjanda til starfa hjá sér, að námi loknu. Sama gildir, ef umsækjandi hefur lokið sveinsprófi í þeirri grein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í. Var þetta ákvæði tekið upp í frumvarpið samkvæmt tillögu Vinnuveitendasambands Íslands.

Í b-lið greinarinnar er það skilyrði sett, að umsækjandi hafi unnið a. m. k. tólf mánuði við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í. Þykir rétt að krefjast þessa, og ekki líkur til, að nemandi hafi full not af sérkennslu námskeiðanna, nema hann sé kunnugur starfsháttum í umræddri grein.

Krafa c-liðs um almenna undirbúningsmenntun er ekki fast mótuð, því enda þótt æskilegt þyki að krefjast, er fram líða stundir, miðskólaprófs, er líklegt að til

að byrja með berist þátttökumsóknir frá ýmsum verkstjórum, sem komnir voru af skólaaldri, er núgildandi fræðslukerfi tók gildi og áttu því ekki jafn greiðan aðgang að framhaldsnámi og unglingar eiga nú. Ekki virðist æskilegt að meina slíkum mönnum aðgang að verkastjóranámskeiðum, en rétt að leggja það undir mat námskeiðsstjórnar, hvort henni þyki umsækjandi hafa aflað sér menntunar, sem sé fullnægjandi til að hann geti haft full not af hinni bóklegu kennslu á verkstjóranámskeiði.

Í d-lið er ráðherra fengin heimild til að setja fleiri inntökuskilyrði, ef þurfa þykir. Ljóst er, að vegna forgangsréttar þess, sem lagt er til í 6. gr. frumvarps þessa, að verkstjórar með prófi hafi til verkstjórnar í opinberri vinnu, er nauðsynlegt að gera all strangar kröfur til menntunar og mannkosta þátttakenda og því heppilegt að halda opinni leið til að bæta með reglugerð þá ágalla, sem síðar kunna að koma í ljós á frumvarpinu, ef að lögum verður, án þess að breyta þurfi lögum. Það er líka ljóst að gera verður til umsækjenda ýmsar kröfur, sem eðlilegt er að komi í reglugerð, t. d. um heilbrigði, sæmilegt málfæri, óflekkað mannorð o. fl.

Um 3. gr.

Eins og að líkum lætur eru störf þau, sem verkstjórar stjórna svo margvísleg, að varla er gerlegt að taka upp í lög um verkstjóranámskeið ákvæði um námsefni, kennslutilhögun og ýmislegt annað varðandi námið og prófin. Er því ætlazt til að ráðherra setji reglugerð um þessi efni. Gert er ráð fyrir að námskeiðin verði tvíþætt, annars vegar almennar námsgreinar, sem allir verkstjórar hafa gagn af, svo sem sálarfræði, stjórn á mönnum og vinnutilhögun, kennsla í meðferð uppdrátta og línurita, skýrslugerð, kostnaðaráætlanir og efnisreikningar, bókhald og vinnuskýrslugerð og hjálp í viðlögum. Hinn þáttur námskeiðanna er stórum fjölbreyttari og erfiðari í framkvæmd, en það er sérnám fyrir verkstjóra í ákveðnum starfsgreinum. Er ljóst að varla verður unnt að halda uppi sérkennslu í nema fáum greinum árlega og verður þá að sjálfsögðu að byrja þar sem þörfin er mest. Líka er hugsanlegt, að unnt sé að meira eða minna leyti að sameina sérkennslu í tveimur eða fleiri skyldum starfsgreinum.

Allt þetta er gert ráð fyrir að ákvæði komi um í reglugerð, en áður en slík ákvæði verða sett, verði þeim þremur aðilum og jafnvel fleirum, sbr. 2. mgr. 3. gr., gefið tækifæri til að fjalla um reglugerðina og koma fram tillögum sínum. Iðnaðarmálastofnun Íslands er talin vera sá opinberi aðili, sem gætt geti hagsmuna flestra aðila, sem málið kann að varða og ekki eru aðilar að hinum samtökunum, sem nefnd eru í greininni.

Í 2. mgr. er átt við þær opinberar stofnanir, sem flesta verkstjóra hafa í þjónustu sinni, svo sem vegagerð ríkisins, landssímann, rafmagnsveitur ríkisins, vita- og hafnamálastjóra o. fl.

Um 4. gr.

Vegna þess hve margar og ólíkar kennslugreinar getur verið um að ræða, eftir því fyrir hvaða starfsgrein námsskeið eru haldin hverju sinni, þykir rétt að prófdómendur séu skipaðir til aðstoðar kennurum og forstöðumönnum námskeiðanna í stað þess, að kennarar gefi einir einkunnir. Virðist eðlilegt að valdir verði sem prófdómendur menn sem búa eða dvelja sem næst námskeiðsstað, eftir því sem fáanlegir eru menn með nægilegri sérþekkingu.

Kennarar og prófdómendur skulu undirrita skýrslur um einkunnagjafir, hver í sinni grein, og afhenda námskeiðsstjóra, sem síðan færir í löggiltar bækur allar einkunnir og annað, er máli skiptir að prófi loknu.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að prófskírteini verði gefin út í samræmi við skýrslur námskeiðsstjórnar, sbr. 4. gr. 3. mgr., og að skólastjóri iðnskóla þess, sem próf er haldið við, undirriti skírteinin.

Gera verður ráð fyrir margs konar sérgreinum, sem kenndar verða og færslu einkunna í þeim á prófskírteinin.

Æskilegt er þó að sams konar prófskírteini verði notuð við öll verkstjóranámskeið, hvar sem er á landinu.

Um 6. gr.

Rétt þykir að veita þeim, sem lokið hafa námi á verkstjóranámskeiði forgangsrétt til verkstjórastarfa í opinberri vinnu, að öðru jöfnu, í þeirri starfsgrein, sem nám var stundað og prófi lokið í.

Slík réttindi eru, þótt þau séu, eins og orðalag greinarinnar sýnir, engan veginn fortakslaus, til þess fallin að gera námskeiðsþátttöku og próf eftirsóknarverðari en ella og ættu, ef að líkum lætur, að verða til að örva dugmikla menn til þátttöku.

Starfandi verkstjórar halda þó réttindum sínum, hafi þeir stundað verkstjórn í tiltekinn tíma samfleytt á síðustu 3 árum fyrir gildistöku laganna.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa."

Ed. 339. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stafliður e) í 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 orðist svo:

Einkaleyfið til að reka happdrætti má veita til 1. janúar 1974. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 340. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

FRV var ekki við, þegar ákvörðun var tekin í málinu.

Alþingi, 2. apríl 1959.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Sig. Ó. Ólafsson.

Friðjón Þórðarson.

Ed. 341. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til laga um lögheimili.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 14. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú velta úrslit einkamáls á því, hvar maður á lögheimili samkvæmt lögum þessum, og er þá aðilum þess máls heimilt að leita í samræmi við 2. málsgr. úrskurðar um lögheimilið.

Nd. 342. Frumvarp til laga [134. mál]

um kornrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. gr.

Einstökum bændum eða fleirum í sameiningu, sem mynda með sér félagsleg samtök um að taka kornrækt sem framleiðslugrein, þar sem bygg og hafrar er ræktað til þroskunar, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi, ef þeir uppfylla ákvæði 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagsleg samtök, kornræktarfélög, er skuldbindi sig til um 10 ára tímabil að framkvæma bygg- og hafrarækt til þroskunar á minnst 10 ha. lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum eða einstaklingum. Að frágengnum þessum aðilum er einstaklingi heimil aðild að stuðningi þeim, er lög þessi veita, enda uppfylli hann þá kröfu, sem gerð er til einnar félagsheildar.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur hafi yfirráð yfir landi, er sé minnst tvöföld stærð þess lands, er hann semur um kornræktun á, og að allt landið sé í því þurrkunarástandi, að fullnægjandi geti talizt til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru þess og meðferð alla til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.
5. Að þeir haldi skýrslur þær, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar tilkostnað og tekjur rekstrarins, enn fremur uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um alla framkvæmd ræktunarinnar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið að framleiðslunni.
6. Að samningsaðilum beri að skila aftur til þess aðila, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem hafa tekið að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af byggi og höfrum af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi ábyrgð seljenda um uppruna sáðkornsins, hreinleika þess og spírunarhæfni.

Ákveða skal í reglugerð, hverjar kröfur séu gerðar í þessu efni. Samningsbundnir aðilar skulu hafa forgang að taka að sér stofnræktun útsæðis eftir þeim reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Til styrktar kaupum á kornyrkjuvélum allt að 50% af kaupverði þeirra, þar í talinn samsetningarkostnaður vélanna kominna á ákvörðunarstað, enda sameinist hvert kornræktarfélag um vélarnar. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn, ef um 50 ha. akra eða meira er að ræða.
2. Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu njóta framlags úr ríkissjóði, kr. 200.00 á ha., við frumvinnslu lands, en síðan árlega kr. 100.00 á ha., hvort tveggja að viðbættu vísitöluframlagi jarðræktar, enda miðist framlagið við flatarmál þess lands, sem korni er sáð í.
3. Til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 ha. lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Með reglugerð skal ákveða nánari fyrirmæli um framkvæmd kornræktar og um eftirlit með henni. Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 6. gr., má vera allt að kr. 50000.00 til hvers samningsaðila. Almennt framlag samkvæmt jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Til verðlaunaveitinga er heimilt að verja alls árlega allt að kr. 10000.00.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk Búnaðarfélags Íslands. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Um forsögu máls þessa vísast til greinargerðar, er fylgdi með frumvarpi til laga um kornrækt, er lagt var fram á þessu búnaðarþingi, á þskj. nr. 60.

Það er álit jarðræktarnefndar, að tilraunir á Sámsstöðum og víðar hafi sannað fyllilega, að unnt sé að rækta fullþroskað korn í flestum árum í öllum veðursælli sveitum landsins og að uppskerumagn og gæði séu það mikil, að kornrækt geti verið vel hagkvæm hér á landi, sé byrjunarörðugleikum rutt úr vegi og ekki búið verr að þessari framleiðslugrein heldur en öðrum.

Sakir þeirra nauðsynja að framleiða hér á landi sem mestan hluta þess fóðurbætis, sem hér er notaður, og að auka afurðagetu búpeningsins með fjölbreyttara fóðri virðist sjálfsagt og skylt, að ríkið hvetji bændur til að hefja kornrækt með því að veita þeim fjárhagslega aðstoð. Jarðræktarnefnd telur, að til þess að fá menn til að hefja kornyrkju megi ekki gera mjög háar kröfur um stærð akurlendisins, og leggur því til, að lágmarksstærð kornakurs sé 10 ha. hjá hverjum aðila, er styrks nýtur.

Fyrir breytingartillögum jarðræktarnefndar skal gerð grein í stuttu máli.

Um 3. gr.

2. liður. Rétt þykir að veita ræktunarsamböndum og hreppabúnaðarfélögum rétt til að geta gerzt kornræktaraðilar samkvæmt lögum þessum, einstaklingar fái því aðeins aðild og stuðning ríkisins, að ekki hafi tekizt að hefja kornyrkju á félagslegum grundvelli.

3. liður. Samkvæmt reynslunni frá Sámsstöðum virðist nægjanlegt, að stærð lands þess, sem kornræktaraðili ræður yfir, sé tvöfalt stærri en land það, sem korni er sáð í árlega.

6. liður. Sjálfsagt sýnist að setja ákvæði um það, að kornræktaraðili skuli, ef hann hættir kornrækt á samningstímabilinu, skila aftur vélum og tækjum eða andvirði þeirra, sem svarar til framlags þess, er honum var veitt úr ríkissjóði til vélakaupanna.

Um 5. gr.

1. liður. Rétt þykir, að styrkur sé einnig veittur til kaupa á kornmyllum og enn fremur á þurrkunartækjum, ef um stóran akur er að ræða.

2. liður. Frumvinnsla lands er eðlilega erfiðust og kostnaðarsömust. Fyrir því er mest þörf á ræktunarstyrk á fyrsta ári, og er því lagt til, að hann verði jafnhár styrk, sem veittur er samkvæmt jarðræktarlögum til grasræktar.

Um 6. gr.

Til þess að reyna að koma einhverjum skriði á kornrækt mætti fjöldi þeirra aðila, er hana hæfu, ekki vera minni en 5 á ári, ef einhver verulegur árangur samkvæmt tilgangi þessara laga ætti að nást, og fyrir því er miðað við þessa tölu.

Aðrar breytingar ættu naumast að þurfa skýringar við.

Nd. 343. Frumvarp til laga [135. mál]

um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara.

2. gr.

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. ¼ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða sveitarhlutanum eða á afréttarlöndum innan hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúendur hreppsins eða hreppshlutans um málið. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans sækir fundinn. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu eða viðkomandi hreppshluta og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3. gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita. Slík krafa skal send viðkomandi hreppsnefnd, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

Nú fellir sá hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröfuna gerði, skotið málinu til Búnaðarfélags Íslands, sem fer þá með málið eftir því, sem segir í 10. gr. þessara laga.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkvæmt fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu

skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því aðeins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einu hrossi eða geldneyti á sama aldri eða tveimur mjólkurkúm. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans, þó er ítölunefnd heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, ef landið er mjög einhæft.

Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands, þar með talið ræktað land, sem notað er til beitar að meira eða minna leyti.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, skal undanþegin ítölu í heimaland. Nú er hluti jarðarinnar utan girðingar, og skal þá sá jarðarhluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur það sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétt í hlutfalli við beitiland sitt, eftir sömu reglum og um getur í 6. og 8. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölumat úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, það sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

8. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum úrskurð sinn, en hreppsnefnd tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá hreppsnefnd, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við hlutfall þess beitarpenings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat farið fram, ella skal miðað við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Nota skal elzta fasteignamat, sem við verður komið, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarþoli lands, eftir að fasteignamatið var gert. Vilji einhver ekki una úrskurði hreppsnefndar, má skjóta málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi færri fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum fjáreig-

endum innan sama hrepps, en eigi öðrum nema með samþykki viðkomandi hreppsnefndar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytja landsins, en hreppsnefnd synjar jarðeiganda að taka fénað utanhrepps, getur landeigandi krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

9. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að málið verði tekið upp á þann hátt, er segir í 10. gr. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landssvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa eftirlit og fylgjast vel með notkun afrétta og heimalanda. Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og séu líkur taldar fyrir því, að hún geti stafað af ofbeit á afréttum og öðrum sumarhögum, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka, hvort um ofbeit sé að ræða, enda hafi viðkomandi sýslunefnd ekki tekið málið fyrir.

Rannsókn þessi skal framkvæmd af þriggja manna nefnd. Í nefndinni eiga sæti: sandgræðslustjóri, eða maður tilnefndur af honum, einn maður tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi og einn maður tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður nefndarinnar.

Þyki nefndinni auðsætt, að um ofbeit sé að ræða, sem ekki er framkvæmanlegt að bæta úr með ræktun landsins, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands hlutast til um við viðkomandi sýslunefnd, að hún láti gera ítölu í landið.

Hafi viðkomandi aðilar vanrækt að taka málið fyrir eða liggi land það, sem um er að ræða, innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð. Skipar hún þá þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 9. gr.

11. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág, að Búnaðarfélag Íslands telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum.

12. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppnum síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

13. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölumat skuli fara fram. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfirítölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmat greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 12. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

14. gr.

Ef beitarþol lands breytist eða fimm ár eru liðin frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

15. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá krónum 500—50000, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 85 16. des. 1943 og ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk Búnaðarfélags Íslands. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Lög um ítölu hafa verið í gildi frá 1943, en hafa ekki komið til framkvæmda til þessa.

Árið 1958 kom fram beiðni um ítölu í einum hreppi landsins. Er það mál var tekið til athugunar, kom í ljós, að lögin voru nú þegar að nokkru leyti úrelt og að í þau vantaði nauðsynleg ákvæði.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands fól þá þeim ráðunautunum Ásgeiri L. Jónssyni og dr. Halldóri Pálssyni að endurskoða lögin, áður en búnaðarþing kæmi saman. Það gerðu þeir og lögðu fram breytingartillögur sínar á þingskjali nr. 17.

Þeir höfðu ekki samið greinargerð fyrir tillögum sínum, en gerðu búfjárræktarnefnd grein fyrir þeim, en hún fékk málið til meðferðar.

Búfjárræktarnefnd hefur haft málið til athugunar og rætt það á mörgum fundum sínum. Hún hefur að nær öllu leyti fallizt á breytingartillögur ráðunautanna og lagt til nokkrar fleiri. Hefur nefndin fellt allar breytingartillögurnar inn í frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Standa ráðunautarnir að frumvarpinu ásamt nefndinni, enda hafði hún náið samstarf við þá.

Á 1. gr. er gerð sú breyting, að gert er ráð fyrir, að ítölu megi gera í vissan hluta hrepps. Hreppshluti getur verið landfræðilega aðgreindur eða afgirtur og af þeim ástæðum væri þörf fyrir ítölu ekki sameiginleg öllum hreppnum.

Verður þetta ákvæði því að teljast nauðsynlegt.

Við 2. gr. er sú eina efnisbreyting, að ábúendur einir, hvort sem leiguliðar eru eða bændur á eignarjörð, eru atkvæðisbærir um, hvort ítölumat skuli gert, en í

gildandi lögum hafa jarðareigendur þennan rétt, þótt ekki séu bændur í hreppnum. Sýnist varhugavert, að þeir geti ráðið úrslitum um það, hvort ítala er gerð eða ekki, enda finnast í öðrum lögum hliðstæð ákvæði.

Í 4. gr. fellur síðari málsgrein niður vegna ákvæða 10. gr.

Við 6. gr. er lagt til að gerðar séu þessar breytingar:

Mjólkurkýr eru teknar með í ítölu lands, enda sé ítala gerð í ræktað land, þar sem það er að nokkru notað til beitar. Þá er ítölunefnd heimilað að ákveða, hversu margt af hverri búfjártegund skuli sett í land, sem mjög er einhæft til beitar, og loks er jörð eða hluti af jörð, sem girt er fjárheldri girðingu, undanþegin ítölu.

7. gr. er ný. Er hún sett inn í frumvarpið vegna þess ástands, sem skapazt hefur við vaxandi fénaðarhald í bæjum og þorpum og öðru þéttbýli. Felur greinin í sér þau ákvæði, sem á hefur skort, til þess að hægt hafi verið að framkvæma lögin við hinar breyttu aðstæður og þar sem þeirra er hvað mest þörf.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Við 8. gr. — áður 7. gr. — er í frumvarpinu lagt til að gerðar verði þessar breytingar:

Ágreiningi vegna úrskurðar hreppsnefndar skal skotið til ítölunefndar. Virðist það eðlilegra, þar sem hún hefur áður haft málið til meðferðar og kynnt sér aðstæður hverju sinni.

Þá er lagt til, að bannað verði að taka fénað í ítölu lands af utanhreppsmönnum, nema leyfi viðkomandi hreppsnefndar komi til, enda ekki æskilegt að færa fénað milli sveita og hagvenja sitt á hvað. Bætt er inn ákvæði varðandi eyðijarðir, og skýrir það sig sjálft.

9. gr. — áður 8. gr. — er óbreytt frá gildandi lögum að öðru en því, að vitnað er til ákvæða 10. gr. og orðalagi breytt til samræmis.

10. gr. — áður 9. gr. — frumvarpsins felur í sér nokkra breytingu frá gildandi lögum. Hér er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands hafi eftirlit með notkun lands varðandi ofbeit og geri ráðstafanir til úrbóta, þar sem þeirra kann að vera þörf, enda hafi málið ekki verið tekið til meðferðar heima fyrir. Virðist nauðsynlegt, að unnt sé að taka málið fyrir „ofan frá“, og eðlilegast, að Búnaðarfélag Íslands hafi þar frumkvæði — fremur en sandgræðslustjóri. Lagt er til, að sérstök nefnd athugi, hvort ítölu sé þörf. Sandgræðslustjóra er ætlað sæti í nefndinni, með tilliti til þess, að hann megi dæma um, hvort ofbeit sé svo, að hún valdi landskemmdum.

Við 11. gr. — áður 10. gr. — er sú breyting gerð, að felld eru niður orðin „vegna sandgræðsluframkvæmda“ og matið falið Búnaðarfélagi Íslands. Virðist ekki ástæða til að miða ákvæði laganna við sandgræðsluframkvæmdir, þar sem þau fjalla eingöngu um ítölu.

Við 14. gr. — áður 13. gr. — eru hér gerðar þær breytingar, að endurskoða megi ítölumat fimm árum eftir að ítala er gerð í stað þriggja ára áður, ef beitarþol lands breytist, en áður aðeins ef land spillist.

Í 16. gr. — áður 15. gr. — eru sektarákvæðin hækkuð vegna verðbreytinga.

Nd. 344. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Simmers, Richard Aage Ivar, verkamaður í Ólafsvík, f. 13. okt. 1931 í Færeyjum.
2. Tellefsrud, Hallsten Petter, bóndi á Flateyri við Reyðarfjörð, f. 13. maí 1929 í Noregi.

Sþ. 345. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um vinnslu kísilleirs við Mývatn og í Aðaldal.

Flm.: Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar á þessu ári ganga til hreins um það með fullnaðarrannsókn og áætlunum, hvort arðvænlegt sé að vinna til útflutnings kísilleir þann, sem er á botni Mývatns og meðfram Laxá í Aðaldal.

Komi í ljós að fullathuguðu máli, — svo sem líkur virðast benda til, — að vinnsla leirsins sé arðvænleg, þá leiti ríkisstjórnin úrræða til þess, að vinnslan verði hafin sem allra fyrst.

Greinargerð.

Íslenzkir vísindamenn, sem eru í þjónustu ríkisins, hafa uppgötvað, að á botni Mývatns eru miklar kísilleirsnámur. Enn fremur eru kísilleirsnámur meðfram Laxá, sérstaklega þó í landi jarðanna Ness og Árness í Aðaldal, en Laxá á upptök sín í Mývatni.

Víða um heim eru kísilleirsnámur, en leirinn, sem er að mestu skeljar dauðra kísilþörunga, er mjög misjafn að gæðum. Hann er til margra hluta nytsamlegur, en það fer eftir tegundum og því, hve hreinn hann er, hversu verðmætur hann er og til hvers hann er hæfur. Leirinn er þurrkaður og síðan brenndur í þar til gerðum ofnum. Verður hann þá að salla eða dufti. Hann er notaður á svo margvíslegan hátt, að hann hefur að sögn verið kallaður „efni þúsund þjala.“ Hann er jafnvel hafður í neyzluvörur, en mest mun hann þó í Evrópu notaður við framleiðslu tilbúins áburðar. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi er talin nota 6—8 hundruð lestir af kísilsalla í sína framleiðslu. Sá salli er keyptur frá útlöndum af því að hér er ekki kísilleir unninn enn þá.

Á s. l. ári var fengin tækniaðstoð frá Sambandslýðveldi Þýzkalands til þess að kanna kísilleirsnámurnar í Mývatni og Aðaldal. Var þetta gert í samráði við rannsóknarráð ríkisins og raforkumálaskrifstofuna, sem hefur jarðrannsóknir með höndum. Hinir þýzku fræðimenn, sem að könnuninni unnu, telja, að á botni Mývatns sé stærsta kísilleirsnáma Evrópu, og álita kísilleir hennar góða vöru. Kísilleirinn í Aðaldal telja þeir til ódýrari tegunda, en þó hæfan til áburðarhúðunar og margs fleira. Leggja þeir til, að kannað sé til hlítar, hvort hægt sé að framleiða hér kísilleir, sem sé hæfur til samkeppni á Evrópumarkaði, og telja líklegt, að svo muni vera.

Nú hagar svo vel til, að jarðhiti er við Námafjall, sem er í nánd við Mývatn. Er talið, að hægt sé að flytja leirleðjuna úr Mývatni þangað með dælu, þurrka hana þar við jarðhitann, brenna hana og mylja eftir því, sem við á.

Fróðir menn gizka á, að stofnkostnaður verksmiðju, sem þarna væri reist til þessara athafna og framleiddi 10 þús. tonn sem söluvöru á ári, mundi verða 10—15 millj. kr. En framleiðsluna á ári telja þeir að selja mætti fyrir erlendan gjaldeyri, er næmi a. m. k. milljónatug íslenzkra króna og jafnvel miklu meiru, ef dýrari tegundir leirsins yrðu framleiddar að verulegu leyti.

Allmikið er búið að vinna að rannsókn þessara mála, eins og að framan greinir. En lokarannsóknir á námunum og hráefnagæðunum er þó eftir að gera. Sömuleiðis er eftir að gera fullnaðaráætlanir um stofn- og rekstrarkostnað verksmiðju svo og að kanna til fullnustu markaðsskilyrði fyrir framleiðsluna. Ekki má rasa fyrir ráð fram. Hins vegar má heldur ekki draga skynsamlegar athafnir og láta þau járn kólna, sem elduð hafa verið.

Íslendingar þurfa að leggja á það áherzlu að auka gjaldeyrisöflun sína og fjölga atvinnugreinum. Í þeim efnum þarf að hafa hraðan á, af því að gjaldeyrisskortur þvingar athafnafjör og kapp þjóðarinnar og atvinnuöryggi hennar stendur ekki nægilega traustum fótum.

Einboðið er, að hagnýta ber ný verðmæti til útflutnings, ef til eru arðvænleg, og skapa atvinnu við þá hagnýtingu.

Eðlilegt er, að ríkisstjórninni verði falið að láta ljúka fullnaðarathugunum á þessu ári, að því er kísilleirinn snertir, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Það ætti að vera í lófa lagið, og því fremur sem Þjóðverjar bjóða enn aðstoð sína.

Ef sýnt þykir að loknum athugunum að um arðvænlegar framkvæmdir sé að ræða í þessum efnum, þá er líka rétt, að ríkisstjórnin leiti strax úrræða til þess að framkvæmdirnar geti hafizt. Að sjálfsögðu er ekki þar með sagt, að ríkið sjálft verði að leggja fram fé til stofnunar umræddS fyrirtækis né reki það.

Nd. 346. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins, og lántöku í því skyni.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að 3.5 milljónum dollara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á aðalfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, sem haldinn var í Indlandi í október s. l., var samþykkt tillaga um að stofnanirnar athuguðu, hvort ekki væri hægt að auka framlög þátttökuríkjanna til þeirra.

Að því er sjóðinn varðar voru meginástæður fyrir tillögunni þær, að alþjóðaviðskipti hafa aukizt stórlega frá stríðslokum, er framlög voru ákveðin. Er því talið nauðsynlegt að efla fjárhag sjóðsins, svo að hann geti gegnt því hlutverki sínu að veita aðildarríkjum aðstoð, þegar gjaldeyris- og viðskiptaerfiðleikar steðja að.

Útlán Alþjóðabankans hafa jafnt og þétt aukizt. Eftir að allt hlutafé bankans hafði verið notað, hefur fjár til þessara útlána fyrst og fremst verið aflað með verðbréfasölu, bæði í Bandaríkjunum og í Vestur-Evrópu. Trygging kaupenda þessara verðbréfa felst í óinnborguðum hlutafjárloforðum þátttökuríkjanna, og þá fyrst og fremst Bandaríkjanna. Er nú nauðsynlegt að auka hlutafjárloforð til þess að tryggja áframhaldandi verðbréfasölu.

Nú hafa framkvæmdastjórnir sjóðsins og bankans samþykkt tillögur um, að öll aðildarríkin skuli auka framlag sitt til sjóðsins um 50% og framlagið til bankans um 100%. Hefur þessi samþykkt verið staðfest af ráðum sjóðsins og bankans (Boards og Governors), en í þeim á sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarríki. Samkvæmt þessu myndi framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hækka úr $ 1.0 millj. í $ 1.5 millj. Af aukningunni þarf að greiða 25% eða $ 125.000 í dollurum til sjóðsins, en 75% eða jafnvirði $ 375.000 greiðast í íslenzkum krónum inn á reikning hans í Seðlabankanum. Framlagið til Alþjóðabankans myndi aukast úr $ 1 millj. í $ 2 millj. Hér er þó aðeins um hlutafjárloforð að ræða, og þarf ekki að greiða neitt af aukningunni, nema því aðeins að bankinn komist í greiðsluþrot.

Til þess að Ísland geti aukið framlag sitt þarf að auka lántökuheimild þá, er veitt var með lögum nr. 105, 21. desember 1945, úr jafnvirði 2 milljóna dollara í jafnvirði 3.5 milljón dollara, og er í frumvarpinu farið fram á þá heimild.

Nd. 347. Frumvarp til laga [138. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram 1 milljón Bandaríkjadollara sem stofnframlag í Evrópusjóðinn og að taka að láni innanlands samsvarandi fjárhæð vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, er nemi allt að 2 milljónum dollara.

Auk þess heimilast ríkisstjórninni að taka að láni samkvæmt gjaldeyrissamningnum jafnháa fjárhæð því, sem endurgreitt er á hverjum tíma af skuldum Íslands í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu, allt að 6 milljónum dollara. Jafnóðum og lántökuheimildir eru notaðar skal andvirðið í krónum greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, seðlabankann, og því varið til endurgreiðslu lánanna, og má ekki verja því til annars.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um endurgreiðslu á skuldum Íslands, sem urðu til í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu og stofnað var til samkvæmt heimild í lögum nr. 35, 13. apríl 1954, þannig að endurgreiðsla verði innt af höndum á allt að 7 árum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um mitt ár 1955 var gerður samningur um gjaldeyrismál meðal þátttökuríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu (OEEC), sem koma skyldi til framkvæmda um leið og Greiðslubandalag Evrópu (EPU) yrði lagt niður. Samningur þessi er nefndur Gjaldeyrissamningur Evrópu (á ensku: European Monetary Agreement).

Um síðustu áramót hætti Greiðslubandalag Evrópu störfum, en það hafði starfað síðan 1950.

Í hinum nýja samningi er gert ráð fyrir stofnun s. n. Evrópusjóðs (á ensku: European Fund). Stofnfé sjóðsins er 600 milljónir dollara, þar af er hinn gamli stofnsjóður Greiðslubandalags Evrópu 271.6 milljónir dollara. Til viðbótar skulu aðildarríki Greiðslusamnings Evrópu leggja fram 328.4 milljónir dollara, sem stofnfé Evrópusjóðsins. Framlag Íslands er 1 milljón dollarar og er heimildin í 1. gr. frumvarpsins um það. Ákveðið hefur verið, að framlag þeirra landa, sem búa við erfiða gjaldeyrisstöðu, skuli greiðast síðar en framlag annarra aðildarríkja og er hugsanlegt að nokkur ár líði þar til greiða þarf framlag Íslands.

Í samningnum er gert ráð fyrir s. n. marghliða greiðslukerfi, sem er í því fólgið, að seðlabankar aðildarríkjanna veita hver öðrum yfirdráttarréttindi upp að ákveðnu hámarki til eins mánaðar í senn. Þetta hámark er 2 milljónir dollara að því er Ísland snertir og gildir það bæði um þau yfirdráttarréttindi sem Seðlabankinn fær hjá öðrum þátttökuríkjum og þau yfirdráttarréttindi, er hann veitir þeim. Þetta greiðslukerfi kemur í stað greiðslujöfnunar Greiðslubandalags Evrópu, sem var að því leyti hagstæðari, að um sjálfkrafa yfirdráttarheimildir var að ræða og ¼ hluti yfirdráttarins gat orðið lán til langs tíma. Samkvæmt 1. málsgr. 2. gr. frumvarpsins er ríkisstjórninni veitt nauðsynleg lántökuheimild til þess að hægt sé að taka þátt í þessu greiðslukerfi.

Í viðbót við hinar gagnkvæmu yfirdráttarheimildir gerir samningurinn ráð fyrir, að aðildarríkin geti fengið lán til skamms tíma úr Evrópusjóðnum vegna sérstakra greiðsluerfiðleika. Gert er ráð fyrir að þessi lán endurgreiðist yfirleitt á 2 árum. Samkvæmt þessum hluta samningsins myndi Ísland geta fengið allt að 6 milljónir dollara að láni til skamms tíma og myndi heimild til slíkrar lántöku verða veitt samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. frumvarpsins. Ríkisstjórnin telur hins vegar ekki rétt, að lán verði tekin á þennan hátt nema að því skapi, sem skuldir Íslands við Greiðslubandalag Evrópu endurgreiðast. Þessar skuldir námu 7.2 milljónum dollara þegar Greiðslubandalagið hætti störfum. Eru þessar skuldir þannig til komnar, að í Greiðslubandalaginu var aðstaða til sjálfkrafa skuldamyndunar sem nam ¼ af þeim yfirdráttarskuldum, sem stofnað var til. Er nú unnið að samningum við hina einstöku kröfuhafa um greiðslu skuldanna og eru líkindi til að samningar náist um greiðslu þeirra á allt að 7 árum.

Nd. 348. Lög [51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 333.

Nd. 349. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þetta frumvarp um sauðfjárbaðanir var til meðferðar á síðasta Alþingi og afgreitt frá Nd., en stöðvað í Ed. og sent búnaðarþingi. Þar náðist ekki samkomulag um málið, og var það sent til umsagnar hreppsnefndum og sýslunefndum. Er ágreiningurinn aðallega um eitt atriði, en það er, hvort þrifabaðanir skuli lögskipaðar árlega eða aðeins annað hvort ár.

Svör hreppsnefnda og sýslunefnda eru mjög ósamstæð, svo sem vænta mátti. Þó mæla fleiri með því að baða aðeins annað hvort ár. Hefur nú Ed. Alþingis afgreitt málið frá sér í þeirri mynd.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt málið á nokkrum fundum, og eru skoðanir hennar óbreyttar frá því, sem verið hefur, á þá leið, að réttast sé að lögskipa þrifaböðun sauðfjár árlega, eins og verið hefur um áratuga skeið. En nefndin hefur spurnir af því, að þessar tillögur um böðun annað hvort ár hafa verkað mjög á þá leið, að lögunum hefur ekki verið fylgt eins og vera ber og ýmsir fjáreigendur vanrækt að baða fé sitt. Málið er því áríðandi að afgreiða, svo að enginn vafi sé á í þessu efni.

Nefndin hefur því ákveðið að leggja það til, ef orðið gæti til samkomulags við háttv. Ed., að þrifabaðanir séu lögskipaðar tvo næstu vetur, en eftir það sé heimilað, að þær fari fram aðeins annað hvort ár.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Skulu þær baðanir fara fram á tímabilinu 15. október til 1. marz veturna 1959—60 og 1960—61. Eftir það er heimilt að baða aðeins annað hvort ár, en á sama tímabili.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ef fjárkláða verður vart eða annarra óþrifa í sauðfé, skal landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa aukaskoðun fjár og útrýmingarböðun.

Einn nefndarmanna, Gunnar Jóhannsson, var farinn úr bænum, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 4. apríl 1959.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Pálmason, frsm.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Ed. 350. Frumvarp til laga [126. mál]

mu veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Annemarie, húsmóðir að Arnórsstöðum á Barðaströnd, f. 17. maí 1930 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 22. sept. 1959).
2. Beckmeier, Christel-Marilse Irene Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. apríl 1924 í Þýzkalandi.

3. Borchmann, Dietrich, bústjóri að Helgavatni í Mýrasýslu, f. 22. júlí 1927 í Þýzkalandi.
(Fær réttinn 29. júní 1959).
5. Carlsen, John Schou, járnsmiður í Reykjavík, f. 1. júlí 1932 í Danmörku. (Fær réttinn 5. sept. 1959).
6. Fivelsdal, Astrid, húsmóðir í Ljárskógum í Dalasýslu, f. 17. ágúst 1927 í Noregi. (Fær réttinn 11. nóv. 1959).
7. Gustafsson, Eja Ingeborg, húsmóðir á Selfossi, f. 20. okt. 1931 í Finnlandi. (Fær réttinn 9. sept. 1959).
8. Helgason, Börge Wilhelm, rennismiður í Reykjavík, f. 11. maí 1920 í Danmörku.
9. Henckell, Helga Guðrún, nemandi í Reykjavík, f. 9. maí 1937 í Þýzkalandi.
10. Henckell, Hilde Solveig, nemandi í Reykjavík, f. 6. ágúst 1939 í Þýzkalandi.
11. Herrmann, Elisabeth Charlotte Johanna, húsmóðir að Vogsósum í Selvogi, f. 28. des. 1927 í Þýzkalandi.
12. Jähnke, Hannelore Eva Helga, húsmóðir á Selfossi, f. 25. jan. 1931 í Þýzkalandi.
13. Jensen, Anders Johannes Sophus, bakarameistari í Reykjavík, f. 10. jan. 1903 í Danmörku.
14. Jón Sigurður Oddsson, útgerðarmaður í Reykjavík, f. 12. des. 1887 á Íslandi.
15. van Keppel, Willem, verzlunarmaður í Reykjavík, f. 13. júní 1926 í Hollandi.
16. Lange, Anna Annita, húsmóðir að Hnausi í Árnessýslu, f. 26. nóv. 1929 í Þýzkalandi.
17. Lemaire, Gottfried Friedrich, verkamaður á Eyrarbakka, f. 1. marz 1922 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 18. júlí 1959).
18. Lemaire, Jutta Marga Anneluise, húsmóðir á Eyrarbakka, f. 17. okt. 1927 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 4. des. 1959).
19. Mevs, August Friedrich, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1914 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 9. júlí 1959).
20. Mevs, Erika Johanna Else Gertrud, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. júlí 1925 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
21. Nielsen, Carl Ejler Theodor, tóvinnumaður í Reykjavík, f. 8. júní 1912 í Danmörku. (Fær réttinn 16. okt. 1959).
22. Oddsson, Ethel, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. ágúst 1896 í Englandi.
23. Ohrtmann, Johanna Bertha Karoline Harriet, húsmóðir að Kársstöðum í Helgafellssveit, f. 1. nóv. 1928 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 10. júní 1959).
24. Pechar, Elfriede, ráðskona í Reykjavík, f. 18. nóv. 1921 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
25. Seidel, Emma Flora Erna, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. okt. 1930 í Þýzkalandi.
26. Simmers, Richard Aage Ivar, verkamaður í Ólafsvík, f. 13. okt. 1931 í Færeyjum.
27. Splidt, Hilmar Ejvind Kristian, iðnverkamaður á Akureyri, f. 24. okt. 1928 í Færeyjum.
28. Tellefsrud, Hallsten Petter, bóndi á Flateyri við Reyðarfjörð, f. 13. maí 1929 í Noregi.
29. Övreby, Alf Magnus, vélamaður á Ísafirði, f. 3. apríl 1921 í Noregi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 351. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til laga um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. a. Liðurinn orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr sextíu og fimm þúsund árið 1960 og síðan — með leyfi ríkisstjórnarinnar — hækka árlega um 1/17 af tölu fólksfjölgunar í landinu næstu ár á undan.

Ed. 352. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á 7 fundum. Á einum fundinum mættu tveir menn úr hópi frumvarpshöfunda, þeir Zóphónías Pálsson skipulagsstjóri og Hallgrímur Dalberg deildarstjóri, og veittu nefndinni upplýsingar. Frv. sendi hún eftirtöldum aðilum til umsagnar: Bæjarráði Reykjavíkur, húsameistara ríkisins, Arkitektafélagi Íslands og Húseigendafélagi Reykjavíkur.

Svör hafa ekki borizt nema frá stjórn Húseigendafélagsins, er mótmælir ákvæðum í 52. og 53. gr. frv. um öflun tekna í skipulagssjóði. Hefur nefndin þó beðið mánuðum saman eftir umbeðnum álitsgerðum, er hún taldi óhjákvæmilegt að hafa til hliðsjónar í starfi sínu, og hefur þessi árangurslausa bið orðið mjög til tafar.

Við athugun á frv. komu fram allmörg atriði, sem einstökum nefndarmönnum eða nefndinni í heild þótti orka tvímælis, og eru fyrrgreind ákvæði um tekjuöflun skipulagssjóða þeirra á meðal. Þykir nefndinni ekki rétt að taka afstöðu til ýmissa þeirra án nánara samráðs við sérfróða aðila.

Í greinargerð, er fylgir frv., er bent á, að í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafi lög um skipulagsmál og byggingarmál verið felld saman í einn lagabálk, og telja frumvarpshöfundar þann hátt mjög til fyrirmyndar, jafnnátengd og þessi mál eru. Benda þeir á, að löggjöf sú um byggingarmál, er sett var hér á landi 1905, sé orðin úrelt og ófullkomin í alla staði og því nauðsynlegt að endurskoða hana sem allra fyrst, en til þess starfs töldu frumvarpshöfundar sig ekki hafa umboð.

Nefndin er fyllilega sammála því, sem í greinargerðinni segir um þetta efni. Telur hún jafnbrýna þörf á endurskoðun laga um byggingarmál sem um skipulagsmál og heppilegast, að endurskoðun beggja laga fari fram samtímis. Einnig er nefndin þeirrar skoðunar, að skipulagslög og lög um byggingarmál eigi að vera í einum lagabálki.

Af þessum sökum sérstaklega svo og vegna þeirra ófyrirsjáanlegu tafa, sem orðið hafa — af ástæðum, sem áður er getið — á afgreiðslu þessa mikilsverða máls í vetur, leggur nefndin til, að frv. **verði vísað til ríkisstjórnarinnar** með áskorun um að láta undirbúa löggjöf, er taki bæði til skipulagsmála og byggingarmála, og leggja frv. um hana fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 6. apríl 1959.

Alfreð Gíslason, form., frsm. — Karl Kristjánsson, fundaskr. — Sigurður Ó. Ólafsson.

Friðjón Þórðarson. — Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 353. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um að slíta stjórnmálasambandi við Breta.

Flm.: Jónas Árnason, Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kalla heim sendiherra Íslands í London og slíta stjórnmálasambandi við Breta, láti þeir ekki þegar í stað af ofbeldisaðgerðum sínum í íslenzkri fiskveiðalandhelgi.

Greinargerð.

Í viðtali, sem Alþýðublaðið átti við Eirík Kristófersson, skipherra á Þór, hinn 19. febr. s. l., var skipherrann spurður, „hvort hann áliti, að Bretar mundu gera alvöru úr þeirri hótun sinni að skjóta á íslenzku varðskipin, ef þau létu sér ekki segjast," — og þá „svaraði hann því til og lagði á það mikla áherzlu, að enginn vafi væri á því, að Bretar mundu standa við hótanir sínar, ef þeim þætti ástæða til."

Alþýðublaðið er sem kunnugt er málgagn utanríkisráðherra og eitt þeirra íslenzku blaða, sem leggja sig í líma við að sannfæra þjóðina um, að Bretar séu vinir okkar svo einlægir, traustir og góðir, að okkur sé það lífsnauðsyn að vera í hernaðarbandalagi við þá, bandalagi, sem er „stofnað í þeim tilgangi að afstýra árás og tryggja frið og frelsi," eins og utanríkisráðherra komst að orði í afmælisræðu sinni um þetta bandalag nú um daginn. Og skylt er að geta þess, að enda þótt Alþýðublaðið flytji lesendum sínum þessa ógnþrungnu yfirlýsingu hins reynda varðskipsmanns, þá er ástæðan ekki sú, að blaðið hafi breytt viðhorfi sínu til Breta, þeir eru að dómi þess eftir sem áður vinir okkar, traustir og góðir; þess er aðeins getið sem lítilfjörlegs aukaatriðis í viðtalinu, að þessir ágætu félagar Íslendinga í bandalagi til að „afstýra árás og tryggja frið og frelsi" séu þess albúnir að drepa Íslendinga, ef þeir þættust þess umkomnir að veita árás þeirra viðnám og halda til streitu frelsi sínu og réttindum gagnvart þeim. Eða með öðrum orðum: Við Íslendingar megum eiga vísa vináttu Breta meðan við látum þá traðka á rétti okkar, en þann dag, sem við kæmum fram við þá af þeirri reisn og festu, sem sæmir fullvalda þjóð, mættum við eiga jafnvísar fallbyssukúlur þeirra.

Kúlurnar sitja enn þá kyrrar í þeim fallbyssum þessara vina okkar, sem snúa gapandi kjöftum að okkur, enda ekki gefizt ástæða til að hleypa af. Bretar hafa farið öllu sínu fram á miðum okkar. Dag eftir dag veiða brezkir togarar tugum saman í íslenzkri landhelgi. Brezk herskip skerast hvarvetna í leikinn í krafti vopnaðra yfirburða og hindra löglegan framgang mála, þegar varðskip okkar taka einhvern þessara landhelgisbrjóta, jafnvel þótt brotið sé framið innan þeirra marka, sem Bretar hafa þó viðurkennt sem íslenzka landhelgi. Bretar hafa jafnvel ekki hikað við að fremja mannrán innan íslenzkrar lögsögu, eins og þegar Anderson flotadeildarforingi sendi skammbyssumenn sína um borð í einn landhelgisbrjótinn til að flytja þaðan með valdi hóp vopnlausra íslenzkra varðskipsmanna yfir í freigátuna og fullkomnaði loks svívirðuna með því að sigla í skjóli náttmyrkurs upp undir fjörugrjót við Keflavík og senda þar varðskipsmennina í land eins og hvert annað óskilagóss.

Þetta eru aðeins fá dæmi af fjölmörgum. Í átökunum við Breta höfum við Íslendingar mátt sæta smán á smán ofan. Og viðbrögð íslenzkra stjórnarvalda hafa verið þau ein að senda til London mótmælaorðsendingar, sem ráðamenn þar hafa svarað með fullyrðingum um, að Íslendingar ættu hér alla sök á, þegar þeir hafa þá ekki látið þögnina eina nægja sem svar.

Getum við verið þekktir fyrir að láta þetta viðgangast lengur?

Sannarlega er nóg komið af þeim mótmælaorðsendingum okkar, sem ráðamenn í London lesa með hæðnisglotti og fleygja síðan í bréfakörfuna. En liggur þá ekki

beinast við, að við hækkum álit okkar í augum heimsins með því að láta til skarar skríða gegn Bretum á miðum okkar, taka einhvern landhelgisbrjótinn og hopa hvergi, láta sem sé ráðast, hvort Bretar gera alvöru úr þeim hótunum sínum að svara löglegum aðgerðum okkar með manndrápum? Þeir, sem í alvöru segja, að Bretar séu vinir okkar ágætir, ættu að minnsta kosti ekki að vera hræddir við að stíga slíkt spor, þeir hljóta að treysta því, að hótanir Breta séu aðeins í nösunum á þeim og yrðu aldrei framkvæmdar, þegar til alvörunnar kæmi. Þeir, sem nú fara með stjórn á Íslandi, gætu sem sé sannað traust sitt á vináttu Breta með því að þora að leggja hana undir slíkt próf. Hinir, sem hafa mótað sér skoðanir í þessu efni út frá þeirri vitneskju, sem sagan geymir um framferði Breta gagnvart lítilsmegandi smáþjóðum allt frá upphafi heimsveldis þeirra og fram til þessa dags, munu aftur á móti meta líf íslenzkra varðskipsmanna of mikils til að vilja gera Bretum slíka vinátturaun.

En okkur stendur opin önnur leið til sæmdar í málinu, — sú leið, sem hér er lagt til að farin verði.

Á því leikur enginn vafi, að í sambandi við landhelgisdeiluna hefur sú staðreynd vakið hvað mesta furðu úti um heim, að þrátt fyrir margendurteknar ofbeldisaðgerðir Breta höfum við samt haldið óskertu stjórnmálasambandi við þá. Sendiherra okkar situr sem fastast suður í London, á sama tíma og stjórnarvöld þar láta herskip sín hóta að drepa löggæzlumenn okkar hér norður á Íslandsmiðum. Svona hagar sér engin þjóð, sem vill bera fullveldisheiti með sóma. Svona háttarlag er í augum umheimsins vottur þess, að við Íslendingar séum geðlaus smámenni, sem láti bjóða sér hvað sem er. Með þessu erum við að taka auðmjúklega ofan fyrir þeim aðila, sem notar hvert tækifæri til að svívirða okkur frammi fyrir þjóðum heims.

En svo mikla athygli sem það vekur úti um heim, að við skulum enn halda stjórnmálasambandi við Breta, þá mun það vekja engu minni athygli, ef við nú mótmælum ofbeldi þeirra með því að slíta sambandinu. Það yrði skilið sem vottur þess, að okkur sé full alvara í landhelgismálinu, að við hyggjumst standa fast á rétti okkar sem fullvalda þjóð. Þetta er sem sé leiðin til að hefja okkur aftur til reisnar og álits úr þeirri auðmýkingu, sem fram til þessa hefur verið hlutskipti okkar í átökunum við Breta. Og jafnframt mundi þetta afla okkur fylgis meðal hinna ýmsu þjóða heims. Með þessu mundum við öðlast aukinn styrk með virðingu til að heyja baráttuna fyrir landhelgisréttindum okkar á alþjóðavettvangi.

Eða er ekki kominn tími til, að við förum að ganga uppréttir?

Þó er það því miður ekki óhugsandi, að einhverjir verði til að beita sér gegn þessari tillögu og rökstyðja þannig afstöðu sína, að með því að slíta stjórnmálasambandi við Breta mundum við og slíta vináttu við þá, en slíkt væri meira en hin lífsnauðsynlega samstaða „frjálsra og friðelskandi þjóða“ gæti þolað. En ef svo reynist, að einhverjir láti sér sæma slíkan málflutning, þá má segja, að rækilega hafi sannazt það spakmæli, sem hraut af vörum hæstvirts utanríkisráðherra í áðurnefndri afmælisræðu um Atlantshafsbandalagið: „Árásaraðilinn hefur alltaf röksemdir á takteinum og þæga þjóna til að bera þær fram.“

Nd. 354. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um sameign fjölbýlishúsa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Þó er nefndinni ljóst, að um mörg atriði málsins er þörf nánari ákvæða en í frv. felast. Þar sem hér er um að ræða nýmæli í íslenzkri löggjöf, virðist skynsamlegt,

að slíkt verði gert með reglugerðum, sem ráðherra gefi út. Eitt slíkt atriði, sem ákvarða þarf nánar, er í 15. gr. frumvarpsins, og barst nefndinni um það erindi frá Verkfræðingafélagi Íslands (sbr. fylgiskjal).

Alþingi, 7. apríl 1959.

Steingr. Steinþórsson, form. Benedikt Gröndal, frsm. Jónas Árnason.

Ragnhildur Helgadóttir.

Fylgiskjal.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 20. febrúar 1959.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis,
c/o Steingrímur Steinþórsson, Reykjavík.

Vér leyfum oss hér með að senda yður meðfylgjandi umsögn hitaskiptanefndar Verkfræðingafélags Íslands um frumvarp til laga um sameign fjölbýlishúsa.

Virðingarfyllst,
Verkfræðingafélag Íslands.
Hinrik Guðmundsson.

Þér hafið sent okkur til umsagnar frumvarp til laga um sameign fjölbýlishúsa.

Telur nefndin löggjöf um þau mál, er frumvarpið fjallar um, sjálfsagða og mælir með því, að slíkt frumvarp verði gert að lögum.

Nefndin hefur ekki farið ýtarlega í frumvarpið sem heild, heldur svo til eingöngu rætt og athugað 15. grein þess, er fjallar um skiptingu á hitakostnaði í fjölbýlishúsum, enda er það einmitt það verkefni, er henni er ætlað af félagi okkar.

Er það niðurstaða nefndarinnar, að hún vill mæla með þeirri skiptingu á hitakostnaði sem aðalreglu, er frumvarpið gerir ráð fyrir, sem sé að skiptingin fari fram eftir rúmmáli, en bendir jafnframt á, að nauðsyn beri til að skilgreina, hvernig beri að reikna út rúmmál íbúðanna, betur en gert er í frumvarpinu, bæði að því er varðar skiptingu hitakostnaðar og eins skiptingu sjálfrar sameignarinnar, fjölbýlishússins, og má gera ráð fyrir, að þessi skipting eigi ekki að vera hin sama í báðum tilfellum. Bendir nefndin á, að þetta atriði sé rétt að ákveða nánar í reglugerð.

Jafnframt bendir nefndin á, að í sömu reglugerð sé einnig nauðsynlegt að skilgreina nánar heildarupphitunarkostnað þann, er skipta skal.

Nefndin telur rétt, að eftirfarandi rökstuðningur fylgi áliti hennar:

Hitanotkun íbúðar er mjög háð legu hennar í húsinu, gagnvart áttum og fleiru. Þannig eru til dæmis kjallara- og þakíbúðir mun hitafrekari en íbúðir á millihæðum. Íbúðir, er vita í norðurátt, eru kaldari en suðuríbúðir. Ekki mun þess gætt, að þessar íbúðir þyrfti að hitaeinangra betur en hinar. Að öllum jafnaði eru þær lakari, þótt yfirleitt sé ekki tekið tillit til þess við verðlagningu þeirra. Telur nefndin ekki rétt að láta íbúa þessara íbúða gjalda hinnar slæmu legu íbúðarinnar í húsinu með því að ætla þeim að greiða meira en hinum í hitunarkostnað.

Skiptingaraðferð sú, er frumvarpið gerir ráð fyrir, felur í sér, að íbúðum, sem eru í eðli sínu hitafrekar, er ívilnað á kostnað annarra, og um leið, að rétt mat á verðmæti íbúðanna, þ. e. í samræmi við hitakostnað þeirra, er auðveldað.

Lítur nefndin svo á, að sú skipting, sem þó víða hefur tíðkazt, að skipta hitanum í hlutfalli við fermetrafjölda ofna íbúðanna, sé óréttlát og mælir ekki með henni. Ástæðan er sú, að nokkur hluti af hitanotkun íbúðanna, kranavatnsnotkun og ýmis

fastur kostnaður, er óháður legu þeirra, en mundi samt með þessari aðferð leggjast sjálfkrafa á þær í sama hlutfalli sem á við hinn hlutann, sem er háður legunni. Þannig yrði þeim íbúum, sem hafa óhagstæða legu, íþyngt meira en nokkur efni gætu staðið til.

Sömuleiðis lítur nefndin svo á, að notkun varmamæla, eins og hún hefur sums staðar tíðkazt, svo nefndra uppgufunarmæla, sé hæpin, þar eð hún gerir þeim, er búa við óhagstæða legu, að greiða tiltölulega meira en hinum. Þessari aðferð mætti ef til vill mæla bót út frá því sjónarmiði, að sparnaðarviðleitni íbúanna mundi minnka upphitunarkostnað, og er slíkt frá þjóðhagslegu tilliti kostur. En því verður ekki neitað, að fólk sparar hitann misjafnt og að þeir, sem spara, taka frá hinum, er minna halda í við sig, því að hitaflutningur milli íbúða á sér oftast stað.

Það sama á sér auðvitað stað, þó að hver íbúð hafi sérupphitun. Þar verða þak- og kjallaraíbúðir hlutfallslega langverst úti. Telur nefndin, að slík sérupphitun íbúða sé ekki til fyrirmyndar, hvorki frá þjóðhagslegu sjónarmiði, því að slíkar lagnir eru miklu dýrari en sameiginlegar lagnir, né út frá því atriði, er varðar skiptingu hitakostnaðar, er verður ranglát, nema mat á verðmæti íbúða sé í samræmi við hitakostnaðinn, en slíku er yfirleitt ekki til að dreifa. Er viðbúið, að í þeim húsum telji hver og einn annað en það, er hann eyðir sjálfur, sér óviðkomandi, jafnvel þó að aðrir eyði tiltölulega meiru. Er því að vænta, að erfitt reynist að koma rúmmálsreglunni við þar og að það mæti andspyrnu sumra íbúanna.

Kranavatnsnotkun í íbúðum er ærið misjöfn, fer hún frekar eftir íbúafjölda en íbúðarstærð, en þetta tvennt fylgist ekki alltaf að. Kostnaður við kranavatnið mun nema um 30% af hitakostnaði í fjölbýlishúsum að meðaltali. Hlufallslega verður hann mestur, þegar um litlar íbúðir er að ræða með mörgum íbúum, en minnstur er hann í stórum íbúðum. Er talið, að hann nemi frá 25—50% alls hitakostnaðar í fjölbýlishúsum, upphituðum með eldsneyti.

Á hitaveitusvæði, þar sem heita vatnið er fengið beint úr götuæð, verður hlutur kranavatnsins nærri helmingi lægri, vegna þess að slík notkun hitaveituvatns jafngildir nýtingu á því niður í sama hitastig og kalda vatnið í vatnsveitu hefur. Kranavatnsnotkun á hitaveitusvæði mun nema um 15—20% eftir aðstæðum að meðaltali, og dreifingin hjá einstökum íbúðum yrði um 15—35%.

Af því, er hér hefur verið sagt, verður ljóst, að nákvæmni í skiptingu hitakostnaðar getur ekki verið til að dreifa. Verður því að teljast eðlilegt að notast við einhverja tiltölulega einfalda reglu um skiptinguna, og getur nefndin því fallizt á þá skiptingu, er frumvarpið gerir ráð fyrir, sem aðalreglu.

Í 2. málsgrein 15. greinar frumvarpsins er gert ráð fyrir, að sameiginlega upphitun skuli miða við 18° C lágmarksstofuhita frá klukkan 9 að morgni til kl. 11 að kvöldi.

Nefndin telur þetta hæpið ákvæði, er gæti orðið til þess, að þessi hiti, sem hér er hugsaður sem lágmarksstofuhiti, verði í reynd hámarkshiti. Teldi nefndin réttara, að þetta mark væri sett við 20° C, sem er sá stofuhiti, sem almennt er miðað við, bæði hérlendis og erlendis. Um leið bendir nefndin þó á, að hitakerfi séu sjaldnast það vel úr garði gerð, að fullkomið jafnvægi fáist á hita í hinum ýmsu herbergjum og íbúðum, og er þar mörgu um að kenna. Nefndin vill ekki mæla á móti slíku ákvæði, en telur réttara, að það verði miðað við þann hita, er venjulega er talinn henta í íveruherbergjum, eins og áður er sagt.

Reykjavík, 17. febrúar 1959,

í hitaskiptanefnd Verkfræðingafélags Íslands,

Jón Sigurðsson, Sigurður Thoroddsen, form., Jóhannes Zoëga,
Ólafur Jensson, Einar H. Árnason.

Til Verkfræðingafélags Íslands, Reykjavík.

Nd. 355. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Ragnhildur Helgadóttir og Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi, 6. apríl 1959.

Steingr. Steinþórsson, form. Benedikt Gröndal, frsm. Jónas Árnason.

Sþ. 356. Fyrirspurn [140. mál]

til ríkisstjórnarinnar um verðbætur bátaútvegsins.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin samþykkt skiptingu þá á verðbótum bátaútvegsins, sem um ræðir í 15. lið samnings ríkisstjórnarinnar um rekstrargrundvöll útvegsins við Landssamband ísl. útvegsmanna frá s. l. áramótum?
2. Hvaða fiskverð ber fiskkaupendum að greiða bátaútvegsmönnum samkvæmt þeim samningi?

Sþ. 357. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um kosningu milliþinganefndar um öryrkjamál.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Bernharð Stefánsson, Jóhann Jósefsson, Eggert Þorsteinsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka og gera heildartillögur um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu. Skal nefndin afla álits sérfræðinga og hafa samráð við samtök öryrkja.

Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er. Kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í sambandi við frv. til l. um framlengingu á vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga hefur fjárhagsnefnd efri deildar rætt öryrkjavandamálin í heild og fengið fróðlegar upplýsingar og umsagnir, munnlegar og skriflegar, frá Sambandi íslenzkra berklasjúklinga, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjörg — félögum fatlaðra á Siglufirði, Akureyri, Ísafirði, Reykjavík og Selfossi.

Nefndarmenn telja nauðsynlegt, að fram fari hið fyrsta heildarathugun á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu, og flytja því í sameinuðu þingi tillögu þessa um kosningu milliþinganefndar í málið.

Sþ. 358. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um, að bifreiðar ríkisins verði auðkenndar.

Flm.: Jónas Árnason, Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að bifreiðar, sem kostaðar eru af ríkisfé, verði auðkenndar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt hér á Alþingi fyrir 7 árum, en fékkst ekki samþykkt. Þá fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð, sem enn mun í fullu gildi:

„Flestar opinberar stofnanir hafa til umráða sérstakar bifreiðar, kostaðar af almannafé. Er í sjálfu sér ekki nema gott eitt um slíkt að segja, því að enginn getur ætlazt til, að í rekstri embætta frekar en á öðrum sviðum sé hægt að svara kröfum tímans um aukinn hraða án bíls. Hitt er verra, þegar einkaþarfir eru látnar sitja í fyrirrúmi fyrir embættisþörfum á þessu sviði, en slíks munu því miður dæmi og ekki allfá. Þannig hefur það komið fyrir, að bíll opinberrar stofnunar var hvergi nærri, þegar nauðsynlega þurfti á honum að halda, vegna þess að eiginkona forstjórans hafði fengið hann til að fara í búðir. Stundum sjást jafnvel bílar ríkisins bruna um fjarlæga landshluta með forstjóra, konur þeirra og börn í sumarleyfi. En þegar svo er komið, verður varla um það deilt, að bílar þessir eru farnir að svara næsta annarlegum kröfum um aukinn hraða, og öðrum en til var ætlazt.

Misnotkun opinberra bifreiða ber að sjálfsögðu að skoðast sem hver önnur óráðvendni í meðferð opinbers fjár og nauðsynlegt að koma í veg fyrir hana. Með ofanskráðri tillögu er bent á leið til slíks: allar bifreiðar, sem reknar eru fyrir ríkisfé, verði merktar sérstaklega. Þessi háttur tíðkast víða um lönd, t. d. í einu nágrannalandi okkar, Svíþjóð, og þykir hafa gefizt vel. Bifreiðar ríkisins eru með þessu settar undir eftirlit almennings, hver maður getur séð, hvar þær fara, og ráðamönnum þeirra þannig veitt það aðhald, sem ætti að fyrirbyggja, að þeir misnotuðu þær."

Nd. 359. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild. Í því er lagt til, að lagaákvæði um lækkun tekjuskatts af tekjum fyrir neðan ákveðið mark, sem voru í gildi s. l. ár, skuli framlengd um eitt ár. Nefndin mælir með því, að það verði samþykkt.

Nefndin hefur einnig fengið til athugunar tvö önnur frumvörp um breytingar á tekjuskattslögunum, sem bæði hafa fengið afgreiðslu í Ed., og mælir með því, að efni þeirra verði tekið inn í þetta frv. Frv. þessi eru:

1. Frumvarp á þingskjali 95 (54. mál þingsins) um breytingu á e-lið 7. gr. laganna. Í þeim staflið lagagreinarinnar er svo fyrir mælt, að ef skattþegn selur fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, skuli sölugróði hans ekki skattskyldur, ef hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda. — Í frumvarpinu er lagt til, að framangreind undanþága skuli gilda, þó að þrjú ár líði frá söludegi, þar til nýtt hús er fullbyggt og metið til fasteignaverðs. Er talið, að tveggja ára fresturinn sé of skammur, þar sem húsabyggingar taka oft langan tíma.
2. Frumvarp á þingskjali 250 (107. mál þingsins) um hækkun á tekjufrádrætti, er sjómenn á fiskiskipum njóta, og nemur hækkunin 650 kr. á mánuði. Nefndin flytur hér breytingartillögu við h-lið 10. gr. laganna, sem felur í sér þessa hækkun.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, þannig:
   a. (1. gr.) Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.
   b. (2. gr.) h-liður 10 gr. laganna orðist svo:

   Fæðiskostnað sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.

   Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

   Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsgr. þessa stafliðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.
2. 2. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:

   Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958. Jafnframt er úr gildi fallinn a-liður 4. gr. laga nr. 36/1958.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja aðrar breytingartillögur eða fylgja tillögum, er fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna, Jóh. H., var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. apríl 1959.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Ólafur Björnsson.	Einar Olgeirsson.

Ed. 360. Lög [105. mál]

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 245.

Sþ. 361. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um að stöðva útvarps- og sjónvarpsrekstur í herstöðvum Bandaríkjamanna hérlendis.

Flm.: Jónas Árnason, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stöðva nú þegar útvarps- og sjónvarpsrekstur í herstöðvum Bandaríkjamanna hérlendis.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum fluttu flm. hér á Alþingi þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að stöðva rekstur bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli; tillagan kom aldrei úr nefnd.

Um þær mundir höfðu gerzt þau tíðindi í siðferðismálum á Íslandi, að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafði verið sett blátt bann við orðinu dans í tilkynningum íslenzka útvarpsins, og er því banni enn framfylgt af einurð og festu. Vakti bannið á sínum tíma mikla athygli, enda ljóst, að þeir, sem að því stóðu, töldu sig hafa mjakað þjóðinni drjúgan spöl nær því marki að verða siðferðislega hólpin. — Í greinargerð, sem fylgdi nefndri tillögu, sagði meðal annars:

„Þó er hér því miður sá galli á, að eins og stendur virðist vafasamt, að siðferði þjóðarinnar frelsist í einum saman tilkynningum íslenzka útvarpsins. Auk hins íslenzka er nefnilega starfrækt í landinu útvarp erlendra manna, og þessum erlendu mönnum virðist síður en svo í mun að bægja orðinu dans né öðrum þvílíkum gleðskap frá hljóðnema sínum, þvert á móti virðist þetta vera þeim hugstæðara umtalsefni en flest annað ....

Bandaríkjamenn hófu starfrækslu útvarpsstöðvar sinnar á Keflavíkurflugvelli árið 1951, og nú er svo komið, að meginþorri ungs fólks hér í Reykjavík og nágrenni hlustar að staðaldri á dagskrá þessarar stöðvar, en sinnir lítt sem ekki dagskrá hinnar íslenzku. Þarf ekki langa rannsókn til að uppgötva þennan sannleik. Þar sem skólafólk situr saman í frístundum sínum, er hermannaútvarpið meðal hinna vinsælli umtalsefna. Komi maður í verksmiðju eða á annan fjölmennan vinnustað, eru allar líkur til, að á móti manni hljómi tónar þess. Á sjoppum og öðrum skyldum veitingastöðum glymur það frá morgni til kvölds. Sá helmingur íslenzks æskufólks, sem dvelst hér í Reykjavík og nágrenni, er undir stöðugum áhrifum frá dagskrá bandarísku útvarpsstöðvarinnar, en ber sig yfirleitt fremur illa, þegar fyrir kemur, að viðtæki er stillt á íslenzka ríkisútvarpið í áheyrn þess.

Hugsandi menn munu gera sér grein fyrir því, hver alvara er á ferðum, þegar útlendingar hafa náð slíkum tökum á andlegu viðhorfi æskunnar. Afleiðingar þessa fyrir íslenzkt þjóðerni mundu vera ærið háskalegar, jafnvel þó að til sæmilegrar menningar mætti teljast, en eins og málinu raunverulega háttar, er ekki ofsagt, að hér sé um að ræða alvarlega hættu. Það næsta, sem hermannaútvarpið kemst góðri menningu, er ein eða tvær sinfóníur á sunnudögum; þess á milli er dagskráin að mestu skipuð andlausum vaðli í orðum og tónum, en þó fyrst og fremst fáránlegum leikþáttum, þar sem rás viðburðanna lýsir sér einkum í dynkjum þeim og hvellum, sem verða, þegar fólk er slegið hnefahögg í andlit eða skotið til bana. Er ekki einu sinni svo vel, að hlustendur geti af þessu numið sér til gagns hina göfugu ensku tungu, því að orðsins list rís þarna yfirleitt ekki upp fyrir slanguryrði götunnar.

En á meðan æskulýður okkar elst upp í þessu andrúmslofti, starfar íslenzka útvarpið af hátíðleik og festu með fornsagnalestur og erindi gáfaðra manna, sem tákn þess, að við séum sérstök menningarþjóð. Og stjórnarvöldin eru á verði: orðið dans hefur til dæmis verið bannað í tilkynningum þessarar ágætu stofnunar — og banninu framfylgt skilyrðislaust af virðingu fyrir lögum og reglum.

Séu nú hins vegar útvarpslög athuguð nokkru nánar, kemur í ljós, að þar stendur m. a. þetta: „Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi.“ Það kemur sem sé upp úr dúrnum, að ríkisstjórnin fullnægir ekki fyrirmælum viðkomandi laga með því að banna orðið dans í tilkynningum íslenzka útvarpsins, heldur skal hún einnig gæta þess, að engum öðrum en henni sjálfri haldist uppi að reka hér útvarp.“

Ofanskráðar röksemdir eru enn í gildi, og þeim mun meira gildi sem lengri tími er nú liðinn við áhrif hermannaútvarpsins. En hér við bætist það, að nú hafa Bandaríkjamenn einnig hafið rekstur sjónvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Sendikraftur þeirrar stöðvar á flugvellinum er að vísu ekki mjög mikill, en þó virðist hann ná yfir svipað svæði og kraftur sjálfrar útvarpsstöðvarinnar, enda munu orðin talsverð brögð að því, að fólk hér við Faxaflóa verði sér úti um sjónvarpsviðtæki til þess að geta notið hinnar bandrísku menningarstarfsemi í þessu nýja formi.

Þeir, sem annast úthlutun lóða, segja t. d., að stundum biðji menn sérstaklega um þær lóðir, sem liggja hátt, með það fyrir augum að tryggja sem bezta aðstöðu í þessum efnum. Það er nefnilega nauðsynlegt, að sem minnst af Íslandi beri á milli híbýla manna og hinnar bandarísku herstöðvar, ef menn eiga að hafa full not dýrðarinnar. Þannig munu viss hverfi í Reykjavík liggja sérlega vel við áhrifum frá Keflavíkurflugvelli, og er sagt, að t. d. við Ægissíðu, þar sem orðið mun sérlega mikið um sjónvarpsviðtæki, séu móttökuskilyrðin hin ágætustu.

Ekkert skal um það fullyrt, hvort þetta hefur þegar spillt til mikilla muna menningarástandinu á þessum slóðum, en með vaxandi útbreiðslu sjónvarpsviðtækja eykst spillingarhættan, enda má telja eðlilegt, að æskulýðurinn heillist af þessari nýjung, og þar sem það mun samdóma álit þeirra, sem til þekkja, að enda þótt bandarísk útvarpsstarfsemi sé á lágu menningarstigi, þá sé þó menningarstig bandarískrar sjónvarpsstarfsemi enn þá lægra, má öllum vera ljóst, hver alvara er á ferðum.

Gagnvart Alþingi skiptir það þó ef til vill mestu máli, að öll þessi starfsemi er ólögleg. Að vísu mun ríkisstjórnin á sínum tíma hafa látið þáverandi útvarpsstjóra gefa út heimild handa bandarískra setuliðinu til útvarpsrekstrarins á Keflavíkurflugvelli, en þó með því skilyrði, að sendikraftur útvarpsstöðvarinnar takmarkaðist við herstöðina. Um efndir þess skilyrðis tala framanskráð dæmi sínu máli. Á æðri stöðum mun einnig litið svo á, að sú gamla heimild gildi líka um hina nýju starfsemi, sjónvarpið! Eftir því sem flutningsmenn tillögunnar hafa komizt næst, hefur bandarískra setuliðinu sem sé ekki verið gefin nein sérstök heimild til að reka sjónvarpsstöðina.

Loks er þess að geta, að Bandaríkjamenn hafa fært út kvíarnar með útvarpsstarfsemi sína. Flm. er kunnugt, að um eins árs skeið hafa þeir starfrækt útvarpsstöð í herstöð sinni austur á Stokksnesi, og nær sendikraftur hennar all víða um sveitir á Suðausturlandi. Til þessarar útvarpsstarfsemi hafa Bandaríkjamenn enga heimild fengið, svo að kunnugt sé, nema svo sé á litið, að heimildin til útvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli gildi fyrir allar herstöðvar þeirra hérlendis. En hve langt verður þess þá að bíða, að þeir hefji einnig útvarpsstarfsemi á Langanesi austur og í Aðalvík vestur? Eða m. ö. o.: Má ekki gera ráð fyrir, að ef fram heldur sem nú horfir, verði bandarískri herinn innan skamms búinn að spenna um allt Ísland útvarpsnet, sem geri honum fært að hella hinum sérstæðu menningaráhrifum sínum yfir allan íslenzkan æskulýð?

Það hlýtur að vera hlutverk Alþingis að bægja þessum ófögnuði frá.

Nd. 362. Lög [75. mál]

um sameign fjölbýlishúsa.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 243.

Ed. 363. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. apríl 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.
Björn Jónsson, fundaskr.
Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.
Friðjón Þórðarson.
Jón Kjartansson.

Ed. 364. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt og yfirfarið frumv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. apríl 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.
Björn Jónsson, fundaskr.
Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.
Friðjón Þórðarson.
Jón Kjartansson.

Ed. 365. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og hefur ekkert við gögn umsækjenda að athuga og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 10. apríl 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, form.
Björn Jónsson, fundaskr.
Páll Zóphóníasson, frsm.
Friðjón Þórðarson.
Jón Kjartansson.

Ed. 366. Frumvarp til laga [116. mál]

um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gildir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir.

Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri stöðum en einum í senn.

2. gr.

Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili.

Heimili manns er sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.

Það telst eigi heimili, þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubóta. Sama gildir um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Dvalarstaður manns á athafnasvæði varnarliðsins, meðan hann stundar vinnu á vegum þess, telst eigi heimili, nema hann tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili.

3. gr.

Nú á maður samtímis heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, og skal hann þá eiga þar lögheimili, sem aðalatvinna hans er og hefur verið 2 síðastliðin ár eða lengur. Það telst aðalatvinna í þessu sambandi, sem varir lengur en 6 mánuði á ári eða hefur gefið í tekjur meira en ⅔ af hreinum árstekjum mannsins. Verði eigi þannig greint á milli um atvinnu í ýmsum sveitarfélögum, skal maðurinn sjálfur ákveða, hvert heimila hans skuli vera lögheimili, en þjóðskráin ákveður, hvert heimilanna skuli vera lögheimili hans, hafi hann sjálfur ekki tilkynnt það.

4. gr.

Nú á maður hvergi heimili, og á hann þá lögheimili í sveitarfélagi, þar sem hann stundar atvinnu að staðaldri.

Það telst atvinna að staðaldri í sama sveitarfélagi, ef maður hefur stundað þar atvinnu samtals 6 mánuði eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

5. gr.

Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi heimili, á lögheimili þar, sem skip það, flugfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

6. gr.

Nú verður eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt ákvæðum 2.—5. gr. laga þessara, og skal hann þá eiga lögheimili í því sveitarfélagi, þar sem hann hefur síðast haft þriggja mánaða samfellda dvöl, sem fellur ekki undir 3. og 4. mgr. 2. gr.

7. gr.

Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sitt heimilið hvort samkvæmt 2. gr., skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna, sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn þeirra eru hjá báðum hjónanna eða þau eru barnlaus, skulu þau sjálf ákveða, á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin, á hvoru heimilinu telja skuli lögheimili þeirra. Sama gildir, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á barn eða börn saman.

Um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman síðastliðin 2 ár eða lengur eftir vígslu, fer sem um lögheimili einstaklinga.

8. gr.

Börn innan 16 ára eiga sama lögheimili og foreldrar þeirra, ef þeir búa saman. Ef foreldrar eru ekki samvistum, eiga börn þeirra lögheimili hjá því foreldranna, sem foreldraráðin hefur. Nú hefur foreldraráðum ekki verið skipt á milli foreldranna, og á þá barn sama lögheimili og það foreldri, sem það dvelst hjá, eða á dvalarheimili sínu, ef það dvelst hjá hvorugu foreldranna.

Sama gildir um kjörbörn og kjörforeldra og fósturbörn og fósturforeldra, sem annast framfærslu fósturbarna sinna án meðgjafar.

Munaðarlaus börn, sem ekki eiga fósturforeldra samkvæmt 2. mgr., eiga lögheimili í sveit þeirri, þar sem þau urðu munaðarlaus. Ef þau hafa verið munaðarlaus frá fæðingu, eiga þau lögheimili þar, sem móðir þeirra átti lögheimili, er þau fæddust.

9. gr.

Nú á maður, sem yngri er en 21 árs, lögheimili hjá foreldri sínu eða foreldrum, og heldur hann þá því lögheimili, unz hann verður 21 árs, nema hann eignist sjálfstætt heimili samkvæmt 2. gr., enda hafi hann þá ekki dvalizt á heimili foreldris síns eða foreldra einn mánuð eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Sama gildir um mann, þótt eldri sé en 21 árs, sem stundar nám sem aðalviðfangsefni, unz náminu lýkur.

10. gr.

Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott. Sama gildir um sjúklinga, sem dveljast erlendis vegna veikinda, svo og þá, sem eru erlendis í heimsókn hjá venzlafólki sínu um lengri eða skemmri tíma.

Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, þegar þeir fóru af landi brott.

Þeim, sem 1. og 2. mgr. tekur til, er þó rétt að telja lögheimili sitt hjá foreldrum sínum eða öðru venzlafólki hérlendis.

11. gr.

Þingseta alþingismanns breytir engu um lögheimili hans og ekki heldur dvöl hans vegna annarra tímabundinna trúnaðarstarfa, svo sem nefndarstarfa í þágu ríkisins. Sama gildir um ráðherra.

12. gr.

Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á.

Tilkynning um, að lögheimili sé að heimili annars manns, verður ekki tekin til greina, ef hann mótmælir því, að lögheimilið sé talið hjá honum.

13. gr.

Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkv. 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956.

14. gr.

Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara.

Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum, áður en úrskurður gengur.

Nú velta úrslit einkamáls á því, hvar maður á lögheimili samkvæmt lögum þessum, og er þá aðilum þess máls heimilt að leita í samræmi við 2. málsgr. úrskurðar um lögheimilið.

Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til hæstaréttar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

Nd. 367. Lög [101. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 236.

Nd. 368. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [144. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Flm.: Ólafur Thors, Emil Jónsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af:

a. 25 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 5 fimm manna kjördæmum:
Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.

b. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í 2 sex manna kjördæmum:
Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

c. 12 þingmenn kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.

d. 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þingmenn og landskjörna, vera svo margir sem til endist á listanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Greinargerð.

Lengi hefur verið ljóst, að óhjákvæmilegt væri að taka til gagngerðrar endurskoðunar ákvæði stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipun landsins, jafnhliða endurskoðun á ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

Kjördæmaskipunin hefur um langan aldur verið undirrót misréttis og ranglætis í íslenzkum stjórnmálum og torveldað heilbrigða, lýðræðislega þróun í landinu.

Af og til hafa mikil átök orðið á Alþingi um kjördæmaskipunina og síðustu áratugina verið gerðar á henni verulegar breytingar til bóta, en þó eigi svo gagngerar, að þær gætu til lengdar staðizt.

Nú hefur orðið samkomulag milli þriggja flokka þingsins, Sjálfstæðisflokksins, Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins, um að flytja þetta frv. til l. um breyt. á stjórnarskipunarlögunum.

Aðalatriði þessarar stjórnarskrárbreytingar er, að Alþingi verði skipað í sem fyllstu samræmi við þjóðarviljann. Lagt er til, að landinu sé skipt í 8 stór kjördæmi og alls staðar hlutfallskosningar: Kjördæmi utan Reykjavíkur verði 7 með 5—6 þingmönnum, en þingmönnum í Reykjavík fjölgað í 12. Jafnframt verði 11 landskjörnir þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Það er meginsjónarmið í frumvarpi þessu, að breytingarnar frá núverandi kjördæmaskipun fækki ekki þingmönnum dreifbýlisins í heild. Hefur þótt rétt að fjölga þingmönnum nokkuð til þess að geta fylgt þessari reglu. Leitazt er við að hafa sem jafnasta atkvæðatölu að baki hvers þingmanns í strjálbýli, en nokkru fleiri atkvæði að baki hvers þingmanns í þéttbýlinu. Með þessu er reynt að varðveita sérstöðu strjálbýlisins í þjóðfélaginu, en taka þó tillit til jafnréttar fólksins í þéttbýlinu til áhrifa á skipan Alþingis.

Auk breytinganna á sjálfri kjördæmaskipuninni og tölu þingmanna er í frv. sú breyting frá því, sem áður var, að tala landskjörinna þingmanna er fastákveðin og ákvæðin um landslista felld burt.

Nd. 369. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. allrækilega og rætt það á fundum sínum. Hún hefur einnig rætt málið við þá af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands, er undirbjuggu í frv. breytingar á gildandi lögum. Að þessari athugun lokinni leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðið „hreppsnefnd“ í 1. málsl. komi: sveitarstjórn.
   b. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður: En búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja.
   c. Á eftir 3. málsl. komi nýr málsliður: Enginn einn maður hefur þó fleiri en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri jörðum.
2. Við 3. gr.
   a. Aftan við 1. málsl. bætist: eða bæjarfélags.
   b. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ í 2. málsl. komi: sveitarstjórn.
3. Við 5. gr. Á eftir orðinu „hreppa“ í 4. málsl. komi: eða bæjarfélags.
4. Við 8. gr. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ í mismunandi föllum og tölu hvarvetna í greininni komi með sama hætti: sveitarstjórn.
5. Við 9. gr. Á eftir orðinu „nágrannahéraðs“ í 1. málsl. komi: eða bæjarfélags.
6. Við 12. gr.
   a. Á eftir orðunum „fleiri hreppa“ í 2. málsl. komi: eða bæjarfélags.
   b. Á eftir orðinu „hreppnum“ í sama málsl. komi: eða bæjarfélaginu.

Alþingi, 10. apríl 1959.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Jón Pálmason.	Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 370. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e.-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.

2. gr.

h-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.

Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum kr, 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsgr. þessa stafliðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

3. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1959.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958. Jafnframt er úr gildi fallinn a-liður 4. gr. laga nr. 36/1958.

Nd. 371. Frumvarp til laga [89. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Skulu þær baðanir fara fram á tímabilinu 15. október til 1. marz veturna

1959—60 og 1960—61. Eftir það er heimilt að baða aðeins annað hvort ár, en á sama tímabili.

Skulu sauðfjáreigendur eða umráðendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegun tækjanna leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða annarra óþrifa í sauðfé, skal landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa aukaskoðun fjár og útrýmingarböðun.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftirlitsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlanir hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjárböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á, að kind hafi sýkzt af fjárkláða, skal sá, er verður þess var, einangra hana án tafar frá öðru fé og tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra þegar í stað. Er þeim skylt að halda hinu kláðasjúka fé í einangrun á kostnað eiganda, unz úrskurður dýralæknis hefur fengizt um, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir gera ráðstafanir til útrýmingar sjúkdóminum, strax og fært þykir, í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi eftirlitsmann, sbr. 2. gr.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, veitt frest eða undanþágu frá lögboðinni sauðfjárböðun, ef heilbrigði fjárins er svo háttað að dómi héraðsdýralæknis, að hætta kunni að stafa af böðun, eða ef hann álítur hættu á, að böðun geti valdið útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir.

Nú fyrirskipar landbúnaðarráðherra böðun samkvæmt 2. gr., og greiðir þá ríkissjóður andvirði baðlyfsins eins og það kostar á næsta verzlunarstað, en fjáreigandi eða umráðamaður annan kostnað.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Er heimilt í slíkri reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og skal þá baða sauðfé á kostnað eiganda.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt numin úr gildi lög nr. 90 frá 3. maí 1935, um útrýmingu fjárkláðans, og lög um sauðfjárbaðanir, nr. 19 13. janúar 1938.

Nd. 372. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurði Ágústssyni, Eiríki Þorsteinssyni, Karli Guðjónssyni og Áka Jakobssyni.

1. Á undan 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   c-liður 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
   Sameignarfélög og samlög, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög. Slík tilkynning skal hafa borizt firmaskrá í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi, eða innan þriggja mánaða, eftir að félag hóf rekstur sinn. Að öðrum kosti skal öllum tekjum og eignum slíks félags skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra og/eða viðskiptaveltu í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. Félagi, sem skrásett hefur verið sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt framansögðu, er ekki heimilt að taka síðar upp þá reglu að skipta tekjum eða eign til skatts.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „er úr gildi fallinn a-liður 4. gr.“ komi: eru úr gildi fallnir b-liður 1. gr. og a-liður 4. gr.

Nd. 373. Frumvarp til laga [145. mál]

um byggingarsjóð Listasafns Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnfé sjóðsins er það fé, sem Alþingi hefur lagt fram til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara.

2. gr.

Þangað til bygging húss fyrir Listasafn Íslands hefst, skal sjóðurinn varðveittur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands.

Menntamálaráðuneytið birtir árlega í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði endurskoðaðan ársreikning sjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 2. marz 1945 samþykkti sameinað Alþingi ályktun um að verja allt að 300 þúsund krónum til þess að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara. Var nefnd skipuð til að hafa málið með höndum og áttu sæti í henni Sigurður Guðmundsson, húsameistari, formaður, Kristján Jónsson, kaupmaður og Valgeir Björnsson, hafnarstjóri. Húsameistara ríkisins, próf. Guðjóni Samúelssyni var einnig falið að fjalla um málið. Af framkvæmdum varð þó ekki, en það fé, sem til byggingarinnar var ætlað, var lagt til hliðar og er geymt í ríkissjóði. Árið 1957 tók menntamálaráðuneytið málið upp að nýju, að höfðu samráði við listamanninn, og samþykkti Alþingi 300 þúsund króna fjárveitingu til viðbótar hinni geymdu fjárhæð í fjárlögum fyrir árið 1958. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1959 er gert ráð fyrir 500 þúsund krónum til byggingar Kjarvalshúss. Miðað við að sú fjárhæð verði óbreytt, eru til ráðstöfunar vegna Kjarvalshúss 1.1 milljón króna.

Hinn 7. marz 1958 skipaði menntamálaráðherra nefnd „til þess að sjá um undirbúning og framkvæmd byggingar húss í Reykjavík, er Jóhannesi Sveinssyni Kjarval, listmálara, yrði boðið að búa og starfa í og miðað við að þar yrði komið upp til varðveizlu og sýnis safni af málverkum eftir hann". Í nefndinni áttu sæti Guðbrandur Magnússon, fyrrv. forstjóri, formaður, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Helgi Sæmundsson, formaður Menntamálaráðs Íslands, og Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins. Nefndin lét gera teikningu af húsinu, og gerði Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, hana. Reykjavíkurbær lét í té lóð undir húsið, og Innflutningsskrifstofan veitti fyrirheit um fjárfestingarleyfi. En eftir gaumgæfilega athugun málsins hefur Jóhannes Sv. Kjarval skýrt nefndinni og menntamálaráðherra frá því, að hann æski ekki að byggð verði handa sér vinnustofa. Hefur hann ritað menntamálaráðherra svo hljóðandi bréf:

„5. apríl 1959.

Listasafn íslenzka ríkisins.

Þeir peningar eða fjárupphæð, sem íslenzka ríkið hefur ánafnað í Kjarvalshús, finnst mér æskilegast að gangi sem stofnfé í byggingarsjóð málverkalistasafns íslenzka ríkisins.

Virðing og umhyggja,

Jóh. Sv. Kjarval.

Til menntamálaráðherra."

Með frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til, að orðið verði við þeirri ósk Jóhannesar Sv. Kjarval, að fé það, sem ætlað hefur verið til byggingar Kjarvalshúss, renni sem stofnfé í byggingarsjóð Listasafns Íslands.

Ed. 374. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Hansen, Alf Emil Peder Heide, garðyrkjumaður, Marbakka á Seltjarnarnesi, f. 26. maí 1912 í Danmörku.
2. Meyer, Gertrud Johanna, húsmóðir á Álafossi í Mosfellssveit, f. 26. sept. 1921 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
3. Meyer, Wolfgang, bifreiðastjóri, Álafossi í Mosfellssveit, f. 1. maí 1931 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).

Ed. 375. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita úr ríkissjóði til sýsluvega upphæð, sem eigi sé lægri en sem nemi 6‰ af samanlögðu fasteignamatsverði landa og lóða og 3‰ af samanlögðu fasteignamatsverði húsa í öllum sýslum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsgr., og skal við skiptinguna aðallega miða við lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundraðshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 11. gr. laganna komi tveir málsliðir, þannig:

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna eða hafa í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins, er samþykktin endursend án staðfestingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 150 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem samgöngumálanefnd flytur, er samið af vegamálastjóra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Frv. fylgdi greinargerð, svo hljóðandi:

„Með lögum nr. 40/1958 var frestað gildistöku laga nr. 33/1955, um samræmingu á fasteignamati, til ársloka 1958, að því er varðar innheimtu sýsluvegasjóðsgjalds. Með þessum lögum var jafnframt framlengd heimild sýslunefnda til þess að innheimta sýsluvegasjóðsgjöld miðað við gamla fasteignamatið með 70% álagi til 1. janúar 1959.

Að beiðni minni gekkst samgöngumálaráðuneytið fyrir því á s. l. hausti að láta alla sýslumenn senda útreikninga á skattmatsgrunni sýsluvegasjóðanna skv. hinu nýja fasteignamati. Á fylgiskjali I eru sýndar niðurstöður þessarar skýrslusöfnunar. Þar er jafnframt reiknað út, hverjar yrðu tekjur sýsluvegasjóðanna á þessu ári skv. hinu nýja fasteignamati skv. lögum nr. 102/1933 og breytingu á þeim lögum, nr. 50/1947. Kemur þá í ljós, að framlög sýslnanna og ríkissjóðs verða nær tvöfalt hærri en á s. l. ári, þegar framlög Kjósarsýslu hafa verið dregin frá, en í þeirri sýslu eru engir sýsluvegir. Á fylgiskjali I eru einnig reiknaðar út tekjur sýsluvegasjóðanna miðað við það, að hámarksálag á fasteignir lækki úr 12 og 6‰ í 6 og 3‰, þ. e. 50% lækkun á álaginu. Með því móti yrðu heildarframlög sýslnanna og ríkisins svipuð og á s. l. ári, en æði mikil röskun milli sýslna, þar sem 16 sýslur af 22 fengju minna ríkisframlag en áður. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að af þeim 4 sýslum, sem enn hafa ekki komið á hjá sér sýsluvegasjóðum, þá hafa 3 tilkynnt, að þær mundu stofna sýsluvegasjóð á þessu ári.

Á fylgiskjali II er sýnd skrá yfir skattmatsgrunn sýsluvegasjóðanna skv. gamla matinu, eins og hann var við innheimtu sýsluvegasjóðsgjalda á s. l. ári, svo og skattmatsgrunnur skv. nýja matinu eftir fskj. I. Þar er jafnframt reiknuð út hækkun á

land- og húsaverði frá gamla til nýja matsins, meðalhækkun á skattgrunni og hlutfallstölur milli einstakra sýslna. Sést þar ljóslega, hve mikil röskun verður milli einstakra sýslna. Þannig hækkar skattmatsgrunnur í Austur-Barðastrandarsýslu um 48%, en í Rangárvallasýslu um 409%. Af þessari skrá sést glöggt, hve mikil röskun hið nýja fasteignamat veldur á tekjustofnum sýsluvegasjóðanna skv. gildandi lögum.

Á fylgiskjali III er í töfluformi sýnd lengd sýsluvega í hverri sýslu og skipting þeirra í vegi, sem eru ekki akfærir, ruddir og lagðir. Þá eru þar einnig sýndar tekjur sýsluvegasjóðanna á s. l. ári, og þegar lægsti hugsanlegur viðhaldskostnaður hefur verið dreginn frá þeim tekjum, kemur fram, hve mikið fé er fyrir hendi til byggingar nýrra sýsluvega. Sést þá greinilega, hve mjög höllum fæti sumir sýsluvegasjóðirnir standa fjárhagslega og geta sýnilega ekki gegnt sínu hlutverki nema að litlu leyti.

Á fylgiskjali IV er í töfluformi sýnd lengd sýsluvega í hverri sýslu og jafnframt hundraðshluti veganna í hverri sýslu af öllum sýsluvegum. Þá eru og sýndar tekjur sýsluvegasjóðanna á s. l. ári og hundraðshluti ríkisframlagsins í hverri sýslu af öllu ríkisframlaginu. Þá er sami útreikningur sýndur fyrir árið 1959 miðað við nýja fasteignamatið og lækkun á hámarksskatti úr 12 og 6‰ í 6 og 3‰ til þess, að ríkisframlagið verði svipað og á s. l. ári. Sést þá t. d., að Gullbringusýsla, sem aðeins hefur 0.6% af öllum sýsluvegum, hafði á s. l. ári 3.0% af ríkisframlaginu og gæti að óbreyttum lögunum um lækkun á hámarki fengið 8.8% af ríkisframlaginu. Árnessýsla, sem hefur 11.1% allra sýsluvega, hafði á s. l. ári 21.9% af ríkisframlaginu, en fengi á næsta ári 25.9% af ríkisframlaginu. Norður-Múlasýsla, sem hefur 8.9% allra sýsluvega, fékk á s. l. ári 4.1% af ríkisframlaginu, en fengi á næsta ári aðeins 2.6%.

Af því, sem að framan greinir, og við athugun á þeim upplýsingum, sem sýndar eru á fskj. I—IV, virðist mér ljóst, að hið nýja fasteignamat sé með öllu ónothæfur grundvöllur fyrir skiptingu á ríkisframlagi til sýsluveganna eftir gildandi lögum.

Ég leyfi mér því að leggja til, að lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, verði breytt svo sem hér segir. [Sjá frv. að framan].

Með þessari breytingu yrði unnt að skipta ríkisframlaginu í samræmi við lengd og ástand sýsluveganna í hverri sýslu og fá mun réttlátari skiptingu en fást mun eftir óbreyttum lögunum. Ákvæði í 1. mgr. 1. gr. er sett til þess að tryggja sýsluvegasjóðunum lágmarksframlag, sem skv. fskj. IV yrði um 1.6 millj. kr. Ákvæðið í 2. mgr. 1. gr. er sett til þess að tryggja það, að sýslufélögin leggi verulega á móti ríkisframlaginu. Sýslufélögin geta eftir sem áður innheimt vegaskattinn með 12 og 6‰ hámarki, og þurfa flestar sýslur að fara verulega yfir 6 og 3‰ til þess að ná sama sýsluframlagi og á s. l. ári eftir gamla fasteignamatinu með 70% álagi.

Breytingin í 2. gr. er í því fólgin, að ráðherra er heimilt að synja um staðfestingu á nýjum sýsluvegum, ef sýnt er, að verið sé að lengja sýsluvegakerfið eingöngu til þess að ná hærra framlagi úr ríkissjóði skv. 1. gr.

Til þess að gefa hugmynd um það, hvernig þessi skipting yrði, þá hef ég á fskj. IV undir fyrirsögninni: „ný tillaga“ skipt ríkisframlaginu til sýsluvegasjóða og akfærra sýsluvega, eins og það var á s. l. ári, miðað við lengd og ástand veganna. Er þá skipt þannig, að á hvern km af lögðum vegi reiknast 500 kr., á hvern km af ruddum vegi 1000 kr. og á hvern km af ekki akfærum vegum afganginum af heildarupphæðinni, sem verður um 2750 kr. á hvern km. Sýsluframlögin eru í þessari tillögu reiknuð með 6% og 3‰ hámarki með viðbót við þær sýslur, sem með því móti fá lægra framlag en á s. l. ári. Viðbótin er víðast hvar ekki meiri en svo, að hún fengist með því að reikna með 12 og 6‰ hámarki við innheimtu vegaskattsins.

Í seinasta dálki á fskj. IV er reiknaður út hundraðshluti ríkisframlagsins í hverri sýslu af öllu ríkisframlaginu, miðað við ofangreinda tillögu, sem aðeins ber að skoða sem sýnishorn af því, hvernig skipta mætti ríkisframlaginu eftir lengd sýsluveganna með hliðsjón af ástandi þeirra.

Þegar þessi tillaga er borin saman við skiptinguna á s. l. ári og skiptingu þá, sem yrði að lögunum óbreyttum, en með sama heildarframlagi frá ríkissjóði, þá virðist hún vera til verulegra bóta.

Sýslur eins og Gullbringusýsla, Árnessýsla og Eyjafjarðarsýsla, sem komnar eru vel á veg með byggingu sýsluvega sinna, mundu fá verulega minna ríkisframlag en áður. Þar með er ekki sagt, að þessar sýslur hafi haft úr of miklu fé að spila til sýsluvega, en ef miða á við sama heildarframlag úr ríkissjóði og áður og jafna metin milli sýslna, þá verður ekki komizt hjá því, að þessar sýslur lækki.

Í greinargerð minni til samgöngumálanefnda Alþingis, dags. 2. marz þ. á., um tillögur til breytinga á vegalögum, er að því vikið, að mikil nauðsyn sé á því að hækka verulega framlög til sýsluvega, bæði úr héraði og frá ríkissjóði, ef bygging þeirra á ekki að dragast fleiri mannsaldra, og vil ég undirstrika það hér. En þó að eðlilegt geti talizt að innheimta aukin framlög frá sýslunum sem gjald miðað við fasteignamat, þá tel ég ófært að skipta auknu ríkisframlagi á sama grundvelli og verið hefur.

Ég leyfi mér því að leggja til, að ofangreind breyting verði gerð á sýsluvegasjóðslögunum og leyfi mér jafnframt að vekja athygli á því, að þá breytingu þarf að gera fyrir miðjan apríl vegna sýslufunda, sem þá hefjast."

Fylgiskjal I.

Lög nr. 102 19. júní 1933.
Lagabr. nr. 50 17. maí 1947.

Sýsluvegasjóðir.

Skattmat fasteigna árið 1958 (Nýja fasteignamatið).

Skattmat fasteigna til sýsluvegasjóða:

Sýsla:	Samkvæmt gamla matinu 1957—1958 Landverð hndr.	Húsaverð hndr.	Samkvæmt nýja matinu 1958 Landverð hndr.	Húsaverð hndr.
1. Gullbringusýsla	1 7664	9 8979	6 150 400	35 172 700
2. Kjósarsýsla	5 6000	8 4500	15 249 200	24 883 800
3. Borgarfjarðarsýsla	1 9868	4 1948	8 454 000	13 657 800
4. Mýrasýsla	1 6570	3 7211	5 916 500	12 128 600
5. Snæf.- og Hnappadalssýsla	1 4277	5 6386	3 780 600	14 413 800
6. Dalasýsla	9215	2 5171	1 871 300	3 784 500
7. A.-Barðastrandarsýsla	3956	6513	609 200	891 700
8. V.-Barðastrandarsýsla	7492	2 6363	1 213 800	4 479 600
9. V.-Ísafjarðarsýsla	7500	3 8000	1 167 600	6 246 100
10. N.-Ísafjarðarsýsla	1 2000	3 9000	2 029 400	6 829 200
11. Strandasýsla	9600	2 9000	1 927 300	5 858 600
12. V.-Húnavatnssýsla	1 0152	2 2736	2 954 500	5 106 950
13. A.-Húnavatnssýsla	1 4048	6 0659	4 012 350	10 815 650
14. Skagafjarðarsýsla	2 2754	8 0780	6 540 200	11 477 500
15. Eyjafjarðarsýsla	2 5327	9 3440	8 561 600	23 981 600
16. S.-Þingeyjarsýsla	1 5720	5 5190	5 362 100	13 820 800
17. N.-Þingeyjarsýsla	1 8000	5 2000	3 003 000	8 821 700
18. N.-Múlasýsla	1 5335	3 5616	3 528 800	7 330 200
19. S.-Múlasýsla	1 5713	4 3446	4 068 750	12 278 200
20. A.-Skaftafellssýsla	8077	2 2471	1 310 300	5 258 200
21. V.-Skaftafellssýsla	7561	2 1106	2 156 400	5 049 100
22. Rangárvallasýsla	1 9411	5 1629	10 749 000	21 673 500
23. Árnessýsla	6 8300	20 7047	32 512 500	73 691 600
Samtals	41 4540	122 9191	133 128 800	327 651 400

Skattmat fasteigna árið 1958 (Nýja fasteignamatið) (frh.).

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða skv. nýja matinu:

Sýsla:	Samkvæmt gildandi lögum 12 og 6‰ hámark Sýsluframlag kr. a.	Ríkisframlag kr. a.	Ný tillaga 6 og 3‰ hámark Sýsluframlag kr. a.	Ríkisframlag kr. a.	Ríkis-framlag 1958 þús. kr.
1. Gullbringusýsla	284 841.00	474 735.00	142 420.50	237 367.50	81
2. Kjósarsýsla	332 293.20	553 822.00	166 146.60	276 911.00	0*
3. Borgarfjarðarsýsla ..	183 394.80	305 658.00	91 697.40	152 829.00	139
4. Mýrasýsla	143 769.60	239 616.00	71 884.80	119 808.00	120
5. Snæf.- og Hnappadalss.	131 850.00	219 750.00	65 925.00	109 875.00	144
6. Dalasýsla	45 162.60	75 271.00	22 581.30	37 635.50	65
7. A.-Barðastrandars. ..	12 660.60	21 101.00	6 330.30	10 550.50	25
8. V.-Barðastrandars. ..	41 443.20	69 072.00	20 721.60	34 536.00	70
9. V.-Ísafjarðars.	51 487.80	85 813.00	25 743.90	42 906.50	60**
10. N.-Ísafjarðars.	65 328.00	108 880.00	32 664.00	54 440.00	49
11. Strandasýsla	58 279.20	97 132.00	29 139.60	48 566.00	64**
12. V.-Húnavatnss.	66 095.70	110 159.50	33 047.85	55 079.75	72
13. A.-Húnavatnss.	113 042.10	188 403.50	56 521.05	94 201.75	116
14. Skagafjarðarsýsla ...	147 347.40	245 579.00	73 673.70	122 789.50	215
15. Eyjafjarðarsýsla	246 628.80	411 048.00	123 314.40	205 524.00	245
16. S.-Þingeyjarsýsla	147 270.00	245 450.00	73 635.00	122 725.00	147
17. N.-Þingeyjarsýsla ...	88 966.20	148 277.00	44 483.10	74 138.50	65**
18. N.-Múlasýsla	86 326.80	143 878.00	43 163.40	71 939.00	112
19. S.-Múlasýsla	122 494.20	204 157.00	61 247.10	102 078.50	112
20. A.-Skaftafellssýsla ..	47 272.80	78 788.00	23 636.40	39 394.00	13**
21. V.-Skaftafellssýsla ..	56 171.40	93 619.00	28 085.70	46 809.50	66
22. Rangárvallasýsla	259 029.00	431 715.00	129 514.50	215 857.50	154
23. Árnessýsla	832 299.60	1 387 166.00	416 149.80	693 583.00	602
Samtals	3 563 454.00	5 939 090.00	1 781 727.00	2 969 545.00	2736

Gjaldahlutföll skv. gildandi lögum:

	Sýsla:	Ríki:
0— 2‰	2‰	0‰
2— 4‰	2‰	2‰
4— 6‰	2‰	4‰
6—10‰	4‰	8‰
10—12‰	2‰	6‰
	12 :	20
	= 3 :	5

Breytingartillaga:

	Sýsla:	Ríki:
0—4‰	4‰	4‰
4—6‰	2‰	6‰
	6 :	10
	= 3 :	5

\+ 70% álagsheimild.

Fylgiskjal II. **Sýsluvegasjóðir.**

Skattmatsgrunnur sýsluvegasjóða.

Sýsla:	Gamla fast.matið Landv. þús. kr.	Húsav. þús. kr.	Nýja fast.matið Landv. þús. kr.	Húsav. þús. kr.	Hækkun v.nýja fm Landv. %	Húsav. %	Meðalh á skattgr. %	Hlutfallst milli sýslna
Gullbringusýsla ..	1766	9898	6150	35173	248	255	250	521
Kjósarsýsla	5600	8450	15249	24884	172	194	179	373
Borgarfj.s..	1987	4195	8454	13658	325	226	292	608
Mýrasýsla	1657	3721	5917	12129	257	226	247	515
Snæf.- og Hnapp.	1428	5639	3781	14414	165	156	162	338
Dalasýsla	928	2517	1871	3785	102	50	85	177

* = Engir sýsluvegir.
** = Ekki sýsluvegasjóður 1958.

Sýsla:	Gamla fast.matið Landv. þús. kr.	Húsav. þús. kr.	Nýja fast.matið Landv. þús. kr.	Húsav. þús. kr.	Hækkun v.nýja fm Landv. %	Húsav. %	Meðalh á skattgr. %	Hlutfallst milli sýslna
A.-Barð.	396	651	609	892	54	37	48	100
V.-Barð.	749	2636	1214	4480	62	70	65	135
V.-Ísafj.s.	750	3800	1168	6246	56	64	59	123
N.-Ísafj.s.	1200	3900	2029	6829	69	75	71	148
Strandasýsla ..	960	2900	1927	5859	101	102	101	210
V.-Hún.	1015	2274	2955	5107	191	125	169	352
A.-Hún.	1405	6066	4012	10817	186	78	150	313
Skagafj.s.	2275	8078	6540	11478	187	42	139	290
Eyjafj.s.	2533	9344	8562	23982	238	157	211	440
S.-Þing.	1572	5519	5362	13821	241	150	211	440
N.-Þing.	1800	5200	3003	8822	67	70	68	142
N.-Múl.	1534	3562	3529	7330	130	106	122	254
S.-Múl.	1571	4345	4069	12278	159	183	167	348
A.-Skaft.	808	2247	1310	5258	62	134	86	179
V.-Skaft	756	2111	2156	5049	185	139	170	354
Rangárv.s.	1941	5163	10749	21674	454	320	409	852
Árnessýsla	6830	20705	32513	73692	376	256	336	700
	41461	122921	133129	327657		Meðaltal 203%		
	Heildarhækkun 221%		167%					

Fylgiskjal III.

Heildarkostnaður við að ljúka þeim sýsluvegum, sem í árslok 1958 voru ekki bílfærir eða ruddir, miðað við 80 þús. kr. kostnað á km og árlegan viðhaldskostnað sýsluvega 1000 kr./km.

Sýsla:	Ekki bílf. km	Rutt km	Lagt km	Bílf. alls km	Vegur alls km	Árl. viðh. 1000 kr. /km	Kostn. ljúka vegi m. kr.	Fé til ráðst. 1958 1000 kr.	Fé til nýb. umfr. viðb. 1000 kr.	Tími ljúka vegi ár
Gullbringusýsla	„	1.0	12.4	13.4	13.4	14	0.08	142	128	1
Kjósarsýsla	„	„	„	0.0	0.0	„	„	„	„	„
Borgarfjarðars.	4.8	38.0	40.4	78.4	83.2	78	3.42	222	144	24
Mýrasýsla	25.8	76.8	44.8	121.6	147.4	122	8.20	192	70	117
Snæf.- og Hnappads.	16.0	39.7	48.5	88.2	104.2	88	4.45	230	142	31
Dalasýsla	36.0	26.7	18.6	45.3	81.3	45	5.00	104	59	85
A.-Barðastrandars. .	26.0	11.5	0.0	11.5	37.5	12	3.00	40	28	107
V.-Barðastrandars. .	26.0	39.0	9.5	48.5	74.5	49	5.20	112	63	83
V.-Ísafjarðars.	17.0	35.6	3.5	39.1	56.1	40	4.21	120	80	54
N.-Ísafjarðars.	12.3	19.6	27.1	46.7	59.0	37	2.55	98	51	50
Strandasýsla	41.5	26.6	12.8	39.4	80.9	40	5.45	128	88	62
V.-Húnavatnss.	27.2	67.3	29.1	95.9	123.6	96	7.55	115	19	397
A.-Húnavatnss.	11.0	61.9	58.8	120.7	131.7	121	5.83	186	65	90
Skagafjarðars.	49.2	77.3	65.4	142.7	191.9	143	10.10	344	201	52
Eyjafjarðars.	0.0	24.8	58.3	83.1	83.1	83	1.98	392	309	6
S.-Þingeyjars.	4.8	56.3	56.8	113.1	117.9	113	4.90	235	122	40
N.-Þingeyjars.	27.2	41.9	43.7	85.6	112.8	86	5.53	130	44	126
N.-Múlasýsla	31.7	130.0	53.3	183.3	215.0	183	12.95	179	(÷4)	
S.-Múlasýsla	37.1	58.0	24.8	82.8	119.9	83	7.60	179	96	79
A.-Skaftafellss.	1.3	14.6	3.2	17.8	19.1	18	1.27	26	8	159
V.-Skaftafellss.	30.1	40.4	26.0	66.4	96.5	67	5.65	106	39	145
Rangárvallasýsla ...	23.6	76.1	105.0	181.1	204.7	181	7.98	244	63	126
Árnessýsla	13.7	35.4	221.0	256.4	270.1	257	3.93	965	798	6
	462.3	998.5	963.0	1961.5	2423.8	1956	116.83	4489	2527	46 m.tal.

Fylgiskjal IV.

Sýsla:	Sýsluv. alls km	Sýsluv. í % af öllum sýsluvegum	Tekjur sýsluvegasjóða 1958. Gamla matið: 12‰ og 6‰ + 70% Framlag ríkis þús. kr.	Framlag sýslu þús. kr.	Tekjur alls þús. kr.	Ríkisfrl. í % af öllum ríkisfrl.
Gullbringusýsla	13.4	0.6	81	61	142	3.0
Kjósarsýsla	0.0	„	„	„	„	„
Borgarfjarðarsýsla	83.2	3.4	139	83	222	5.1
Mýrasýsla	147.4	6.1	120	72	192	4.4
Snæf.- og Hnappadalss. .	104.2	4.3	144	86	230	5.3
Dalasýsla	81.3	3.5	65	39	104	2.4
A.-Barðastrandarsýsla ..	37.5	1.5	25	15	40	0.9
V.-Barðastrandarsýsla ..	74.5	3.1	70	42	112	2.6
V.-Ísafjarðarsýsla	56.1	2.3	60	60	120	2.2
N.-Ísafjarðarsýsla	59.0	2.4	49	49	98	1.8
Strandasýsla	80.9	3.3	64	64	128	2.4
V.-Húnavatnssýsla	123.6	5.1	72	43	115	2.6
A.-Húnavatnssýsla	131.7	5.4	116	70	186	4.2
Skagafjarðarsýsla	191.9	7.9	215	129	344	7.8
Eyjafjarðarsýsla	83.1	3.4	245	147	392	8.9
S.-Þingeyjarsýsla	117.9	4.9	147	88	235	5.4
N.-Þingeyjarsýsla	112.8	4.7	65	65	130	2.4
N.-Múlasýsla	215.0	8.9	112	67	179	4.1
S.-Múlasýsla	119.9	4.9	112	67	179	4.1
A.-Skaftafellssýsla	19.1	0.8	13	13	26	0.5
V.-Skaftafellssýsla	96.5	4.0	66	40	106	2.4
Rangárvallasýsla	204.7	8.4	154	90	244	5.6
Árnessýsla	270.1	11.1	602	363	965	21.9
	2 423.8	100.0	2 736	1 753	4 489	100.0

Nd. 376. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 310. — Einn nefndarmanna (JÁ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1959.

Steingr. Steinþórsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr.

Ragnhildur Helgadóttir.

Tekjur sýsluvegasjóða 1959. Nýja matið: 6 °/₀₀ og 3 °/₀₀ Framlag ríkis þús. kr.	Framlag sýslu þús. kr.	Tekjur alls þús. kr.	Ríkisfrl. í °/₀ af öllu ríkisfrl.	Breyting á sýslufrl. frá 1958 til 1959 +	+	Álag á f.mat 1959 til að ná frl. 1958 í °/₀	Ný till. ríkisframl. miðað við lengd sýsluv. Sýslaframl. 6 °/₀₀ og 3 °/₀₀ með álagi fyrir sýslur, sem lækka Framlag ríkis þús. kr.	Framlag sýslu þús. kr.	Tekjur alls þús. kr.	Ríkisfrl. í °/₀ af öllu ríkisfrl.
240	144	384	8.8	83	„	„	7	144	151	0.3
„	„	„	„	„	„	„	„	„	„	„
156	94	250	5.7	11	„	„	71	94	165	2.6
123	74	197	4.5	2	„	„	170	74	244	6.1
112	67	179	4.1	„	19	28	108	86	194	3.9
38	23	61	1.4	„	16	70	135	39	174	4.9
11	7	18	0.4	„	8	114	83	15	98	3.0
35	21	56	1.3	„	21	100	115	42	167	4.1
44	26	70	1.6	„	34	131	84	60	144	3.0
55	33	88	2.0	„	16	48	67	49	116	2.4
49	29	78	1.8	„	35	121	147	64	211	5.3
55	33	88	2.0	„	10	30	157	43	200	5.7
96	57	153	3.5	„	13	23	122	70	192	4.4
126	76	202	4.6	„	53	70	245	129	374	8.9
208	135	333	7.6	„	12	9	54	147	201	1.9
123	74	197	4.5	„	14	19	99	88	187	3.6
77	46	123	2.8	„	19	41	159	65	224	5.8
71	41	112	2.6	„	26	63	244	67	301	8.8
104	62	166	3.8	„	5	8	172	67	239	6.2
41	25	66	1.5	12	„	„	20	25	45	0.5
46	18	74	1.7	„	22	122	136	40	176	4.9
218	130	348	8.0	40	„	„	194	130	324	7.0
705	423	1 128	25.8	60	„	„	184	423	607	6.7
2 733	1 638	4 371	100.0	208	323	„	2 773	1 961	4 734	100.0

Nd. 377. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt samhljóða þskj. 302. — Einn nefndarmanna (JÁ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1959.

Steingr. Steinþórsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. **378. Frumvarp til laga** [135. mál]

um ítölu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara.

2. gr.

Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. ¼ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða sveitarhlutanum eða á afréttarlöndum innan hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúendur hreppsins eða hreppshlutans um málið. En búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans sækir fundinn. Enginn einn maður hefur þó fleiri en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri jörðum. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu eða viðkomandi hreppshluta og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3 gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita eða bæjarfélags. Slík krafa skal send viðkomandi sveitarstjórn, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

Nú fellir sá hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröfuna gerði, skotið málinu til Búnaðarfélags Íslands, sem fer þá með málið eftir því, sem segir í 10. gr. þessara laga.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkvæmt fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands

annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því aðeins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einu hrossi eða geldneyti á sama aldri eða tveimur mjólkurkúm. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans, þó er ítölunefnd heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, ef landið er mjög einhæft.

Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands, þar með talið ræktað land, sem notað er til beitar að meira eða minna leyti.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, skal undanþegin ítölu í heimaland. Nú er hluti jarðarinnar utan girðingar, og skal þá sá jarðarhluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur það sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétt í hlutfalli við beitiland sitt, eftir sömu reglum og um getur í 6. og 8. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölumat úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, það sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

8. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum úrskurð sinn, en sveitarstjórn tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá sveitarstjórn, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við hlutfall þess beitarpenings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat farið fram, ella skal miðað við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Nota skal elzta fasteignamat, sem við verður komið, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarþoli lands, eftir að fasteignamatið var gert. Vilji einhver ekki una úrskurði sveitarstjórnar, má skjóta málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi færri fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum fjáreig-

endum innan sama hrepps, en eigi öðrum nema með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytja landsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utanhrepps, getur landeigandi krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

9. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs eða bæjarfélags, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að málið verði tekið upp á þann hátt, er segir í 10. gr. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landssvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa eftirlit og fylgjast vel með notkun afrétta og heimalanda. Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og séu líkur taldar fyrir því, að hún geti stafað af ofbeit á afréttum og öðrum sumarhögum, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka, hvort um ofbeit sé að ræða, enda hafi viðkomandi sýslunefnd ekki tekið málið fyrir.

Rannsókn þessi skal framkvæmd af þriggja manna nefnd. Í nefndinni eiga sæti: sandgræðslustjóri, eða maður tilnefndur af honum, einn maður tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi og einn maður tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður nefndarinnar.

Þyki nefndinni auðsætt, að um ofbeit sé að ræða, sem ekki er framkvæmanlegt að bæta úr með ræktun landsins, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands hlutast til um við viðkomandi sýslunefnd, að hún láti gera ítölu í landið.

Hafi viðkomandi aðilar vanrækt að taka málið fyrir eða liggi land það, sem um er að ræða, innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð. Skipar hún þá þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 9. gr.

11. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág, að Búnaðarfélag Íslands telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum.

12. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppnum eða bæjarfélaginu síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

13. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölumat skuli fara fram. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn

til yfirítölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmat greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 12. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

14. gr.

Ef beitarþol lands breytist eða fimm ár eru liðin frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

15. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500—50000, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 85 16. des. 1943 og ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 379. Frumvarp til laga [126. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Annemarie, húsmóðir að Arnórsstöðum á Barðaströnd, f. 17. maí 1930 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 22. sept. 1959).
2. Beckemeier, Christel-Marilse Irene Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. apríl 1924 í Þýzkalandi.
3. Borchmann, Dietrich, bústjóri að Helgavatni í Mýrasýslu, f. 22. júlí 1927 í Þýzkalandi.
4. Borowski, Kurt Paul, jarðýtustjóri, Reykjavík, f. 30. okt. 1931 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 29. júní 1959).
5. Carlsen, John Schou, járnsmiður í Reykjavík, f. 1. júlí 1932 í Danmörku. (Fær réttinn 5. sept. 1959).
6. Fivelsdal, Astrid, húsmóðir í Ljárskógum í Dalasýslu, f. 17. ágúst 1927 í Noregi. (Fær réttinn 11. nóv. 1959).
7. Gustafsson, Eja Ingeborg, húsmóðir á Selfossi, f. 20. okt. 1931 í Finnlandi. (Fær réttinn 9. sept. 1959).
8. Hansen, Alf Emil Peder Heide, garðyrkjumaður, Marbakka á Seltjarnarnesi, f. 26. maí 1912 í Danmörku.

9. Helgason, Börge Wilhelm, rennismiður í Reykjavík, f. 11. maí 1920 í Danmörku.
10. Henckell, Helga Guðrún, nemandi í Reykjavík, f. 9. maí 1937 í Þýzkalandi.
11. Henckell, Hilde Solveig, nemandi í Reykjavík, f. 6. ágúst 1939 í Þýzkalandi.
12. Herrmann, Elisabeth Charlotte Johanna, húsmóðir að Vogsósum í Selvogi, f. 28. des. 1927 í Þýzkalandi.
13. Jähnke, Hannelore Eva Helga, húsmóðir á Selfossi, f. 25. jan. 1931 í Þýzkalandi.
14. Jensen, Anders Johannes Sophus, bakarameistari í Reykjavík, f. 10. jan. 1903 í Danmörku.
15. Jón Sigurður Oddsson, útgerðarmaður í Reykjavík, f. 12. des. 1887 á Íslandi.
16. van Keppel, Willem, verzlunarmaður í Reykjavík, f. 13. júní 1926 í Hollandi.
17. Lange, Anna Annita, húsmóðir að Hnausi í Árnessýslu, f. 26. nóv. 1929 í Þýzkalandi.
18. Lemaire, Gottfried Friedrich, verkamaður á Eyrarbakka, f. 1. marz 1922 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 18. júlí 1959).
19. Lemaire, Jutta Marga Anneluise, húsmóðir á Eyrarbakka, f. 17. okt. 1927 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 4. des. 1959).
20. Mevs, August Friedrich, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júní 1914 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 9. júlí 1959).
21. Mevs, Erika Johanna Else Gertrud, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. júlí 1925 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
22. Meyer, Gertrud Johanna, húsmóðir á Álafossi í Mosfellssveit, f. 26. sept. 1921 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
23. Meyer, Wolfgang, bifreiðastjóri, Álafossi í Mosfellssveit, f. 1. maí 1931 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
24. Nielsen, Carl Ejler Theodor, tóvinnumaður í Reykjavík, f. 8. júní 1912 í Danmörku. (Fær réttinn 16. okt. 1959).
25. Oddsson, Ethel, húsmóðir í Reykjavík, f. 7. ágúst 1896 í Englandi.
26. Ohrtmann, Johanna Bertha Karoline Harriet, húsmóðir að Kársstöðum í Helgafellssveit, f. 1. nóv. 1928 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 10. júní 1959).
27. Pechar, Elfriede, ráðskona í Reykjavík, f. 18. nóv. 1921 í Þýzkalandi. (Fær réttinn 8. júní 1959).
28. Seidel, Emma Flora Erna, húsmóðir í Reykjavík, f. 13. okt. 1930 í Þýzkalandi.
29. Simmers, Richard Aage Ivar, verkamaður í Ólafsvík, f. 13. okt. 1931 í Færeyjum.
30. Splidt, Hilmar Ejvind Kristian, iðnverkamaður á Akureyri, f. 24. okt. 1928 í Færeyjum.
31. Tellefsrud, Hallsten Petter, bóndi á Flateyri við Reyðarfjörð, f. 13. maí 1929 í Noregi.
32. Övreby, Alf Magnus, vélamaður á Ísafirði, f. 3. apríl 1921 í Noregi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 380. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur borið frv. saman við ríkisreikninginn og mælir með, að það verði samþykkt. — EOl var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 14. apríl 1959.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, með fyrirvara.
	Ólafur Björnsson, með fyrirvara.	

Nd. 381. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (EOl) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1959.

Skúli Guðmundsson, form.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Ólafur Björnsson, frsm.
	Jóhann Hafstein.	

Nd. 382. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (EOl) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1959.

Skúli Guðmundsson, form.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Ólafur Björnsson, frsm.
	Jóhann Hafstein.	

Sþ. 383. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um skjótar varnarráðstafanir gegn útbreiðslu mæðiveiki á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela sauðfjársjúkdómanefnd að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að hindruð verði útbreiðsla mæðiveiki á Vestfjörðum, en sá landshluti hefur átt ríkan þátt í að tryggja íslenzkum landbúnaði heilbrigðan fjárstofn.

Greinargerð.

Rétt fyrir páskana spurðust þau ótíðindi, að mæðiveiki hefði orðið vart í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu. Hafa þessar fregnir ekki aðeins vakið mikinn ugg meðal bænda á Vestfjörðum, heldur og um land allt. Frá Vestfjörðum hefur íslenzkur landbúnaður fengið hraustan fjárstofn á hinum mestu þrengingatímum, þegar sauðfjárpestirnar hafa herjað í svo að segja öllum öðrum landshlutum.

Í Reykhólasveit hefur mæðiveiki aldrei orðið vart áður, og fjárskipti hafa ekki farið þar fram. Kom því fregnin um, að mæðiveiki hefði orðið þar vart, sem reiðarslag yfir sveitina og nálæg byggðarlög.

Ekki er fyllilega vitað enn þá um útbreiðslu veikinnar á þessum slóðum. En í síðustu viku fór Guðmundur Gíslason læknir aftur þangað vestur til frekari rannsókna. Var að þeirri för lokinni slátrað nokkrum kindum til viðbótar þeim, sem áður hafði verið slátrað. Voru þær frá Miðhúsum og nokkrum nágrannabæjum. Kom þá í ljós, að sýktar kindur voru á nokkrum þessara bæja.

Hér er því vissulega um hin alvarlegustu tíðindi að ræða. Náinn samgangur er milli fjár í Reykhólasveit og næstu sveitum. Einnig hendir, að fé þaðan og úr Steingrímsfirði og Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp gangi saman. Í Steingrímsfirði hefur mæðiveiki að vísu orðið vart. En í sveitunum við norðanvert Ísafjarðardjúp hefur veikin aldrei komið upp, og að sjálfsögðu ekki heldur vestan varnargirðingarinnar úr Kollafirði í Ísafjörð. Á miklu veltur, að skjótar ráðstafanir verði gerðar til varnar gegn frekari útbreiðslu veikinnar í þessum landshluta, sem segja má að verið hafi líftaug sauðfjárbúskaparins í landinu, meðan sauðfjárpestirnar herjuðu sem ákafast um meginhluta landsins.

Hér skal ekki lagður endanlegur dómur á það, til hvaða ráðstafana skuli gripið. En tvennt virðist nærtækast:

Í fyrsta lagi að treysta sem mest má verða varnargirðinguna úr Kollafirði í Ísafjörð og verja þannig allan vesturhluta Vestfjarða.

Í öðru lagi að girða Reykjanesið af og freista þannig að takmarka útbreiðslu veikinnar við það byggðarlag.

Efling varnargirðingarinnar úr Berufirði í Steingrímsfjörð kæmi einnig til greina.

Tillaga þessi er flutt með það fyrir augum að leggja hina mestu áherzlu á, að ofangreindum og öðrum skynsamlegum ráðstöfunum verði hraðað eins og frekast er kostur á.

Nd. 384. Frumvarp til laga [148. mál]

um úthlutun listamannalauna.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun listamannalauna og val í listráð (sbr. 2. gr.), án tillits til aldurs, efnahags eða borgaralegra starfa. Búseta skiptir ekki heldur máli við úthlutun listamannalauna, en til setu í listráði skulu ekki aðrir eiga rétt en þeir, sem búsettir eru hérlendis.

Listamannalaunum skal úthluta sem hér segir:

Tíu listamenn skulu hafa föst heiðurslaun, 35000.00 kr. á ári. Skulu þeir skipa listráð og vera ríkisvaldinu til ráðuneytis um listmál. Árlega skal úthluta listamannalaunum í þrem flokkum: 20000.00 kr., 12000.00 kr. og 6000.00 kr. Ekki færri en 25 listamenn skulu njóta 20000.00 kr. launa.

2. gr.

Til listráðs sé í fyrsta sinn kosið af 12 manna kjörráði, er svo skal skipað, að menntamálaráðherra, háskólaráð, menntamálaráð og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna kjósi hvert um sig til þess 3 menn. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Þessir aðilar tilkynna kosningarétt í ábyrgðarbréfi til ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, er skipar kjörstjórn kjörráðs og listráðs ásamt ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis og skrifstofustjóra Alþingis. Óheimilt er kosningaraðilum og kjörstjórn að láta uppi við aðra, hvernig kosning féll. Ef tveir eða fleiri kosningaraðilar hafa kosið sama mann eða sömu menn, skal kjörstjórn úrskurða hvaða aðili eða aðilar endurkjósi, unz kjörráð er fullskipað. Kjörstjórn sendir í ábyrgðarbréfum tilkynningar þeim, sem til kjörráðs voru kosnir, en þeir séu bundnir um það þagnarskyldu. Ef einhver þeirra eða einhverjir hafna kjöri, skal sá aðili, er að kosningunni stóð, endurkjósa, unz kjörráð er endanlega fullskipað.

Hver hinna 12 kjörmanna kýs síðan 10 menn til listráðs og sendir ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis atkvæði sín í ábyrgðarbréfi. Kjörstjórn telur atkvæði. Eru þeir 10 menn rétt kjörnir til listráðs, sem flest atkvæði hlutu.

Ef jöfn atkvæði hafa fallið á 2 menn eða fleiri, svo að ekki sé úr því skorið, hverjir fylli tuginn, skal kjörráð kjósa um þá. Ef þá falla enn jöfn atkvæði á menn sitt hvorum megin við tugarmörk, skal kjörráð aftur kjósa um þá. Sé þá enn ekki úr því skorið, hverjir tuginn fylli, skal hlutkesti kjörstjórnar ráða.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn út kjörbréf þeim til handa, sem kosnir voru til listráðs. Kjörstjórn gefur einnig út opinbera tilkynningu um, hverjir kosningu hlutu til listráðs, án þess að geta atkvæðafjölda, svo og hverjir skipuðu kjörráð og fulltrúar hverra þeir voru.

3. gr.

Þegar sæti losnar í listráði, skal kosið um mann í það með sama hætti og frumkosning fór fram. Engan má þó kjósa, nema hann hafi einhvern tíma hlotið hæstu listamannalaun.

4. gr.

Árlegum listamannalaunum skal úthlutað af 5 manna nefnd, sem skipuð er til þriggja ára. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar og hina fjóra nefndarmennina samkvæmt tilnefningu þessara aðila: heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listráðs og fulltrúaráðs Bandalags íslenzkra listamanna. Þessum aðilum er jafnheimilt að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna eða félagsskapar. Menntamálaráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti og aðalmenn.

5. gr.

Listamannalaun skulu breytast í hlutfalli við þær breytingar, sem verða á kaupgjaldsvísitölu frá því er lög þessi eru samþykkt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 2. október 1956 skipaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna verði felld í fastara form og betur að skapi þeirra, er launanna njóta, en verið hefur. Formaður nefndarinnar var skipaður Helgi Sæmundsson, ritstjóri. En auk hans áttu sæti í nefndinni sjö listamenn, þeir Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur, Gunnlaugur Ó. Scheving, listmálari, Jón Leifs, tónskáld, Páll Ísólfsson, tónskáld, Snorri Hjartarson, skáld, Þorsteinn Hannesson, óperusöngvari og Ævar R. Kvaran, leikari, svo og prófessorinn í nútímabókmenntum við Háskóla Íslands, dr. Steingrímur J. Þorsteinsson.

Nefndin skilaði tillögum um skipan listamannalauna til ráðuneytisins 25. janúar 1957. Voru þær í frumvarpsformi og fylgdi greinargerð og skýringar á einstökum greinum frumvarpsins. Var nefndin sammála um tillögur sínar. Eftir að menntamálaráðuneytið hafði athugað frv. nefndarinnar rækilega og rætt það við ýmsa aðila, gerði það á því nokkrar breytingar og sendi Bandalagi íslenzkra listamanna frv. það, sem hér liggur fyrir, til umsagnar 17. september 1958. Stjórn Bandalagsins svaraði 22. október 1958 og lýsti sig í öllum höfuðatriðum samþykka frumvarpinu.

Heildartillögur nefndarinnar fylgja hér með sem fylgiskjal í því formi, sem þær bárust ráðuneytinu. Enn fremur fylgir með sem fylgiskjal áðurgreind umsögn Bandalags ísl. listamanna.

Skal nú rakið, að hvaða leyti frv. það, sem hér liggur fyrir, er frábrugðið upphaflegum tillögum nefndarinnar:

1) Ýmsum hefur þótt nefndin gera ráð fyrir of mikilli fækkun þeirra, sem njóta listamannalauna, en nefndin gerði ráð fyrir að flokkar listamannalauna skyldu vera þrír, og launin ákveðin upphæð í hverjum flokki. Þessi tillaga hefði þýtt það, að launþegum hefði fækkað úr rúmlega 100 í um það bil 60. Í frumvarpi því, sem hér er fram lagt, er þessari flokkun þannig háttað, að 10 listamenn skulu hljóta föst heiðurslaun, 35 þús. kr. á ári. Skulu þeir skipa listráð og vera ríkisvaldinu til ráðuneytis um listmál. Árlega skal úthluta listamannalaunum í þrem flokkum: 20 þús., 12 þús. og 6 þús. kr. Ekki færri en 25 listamenn skulu njóta 20 þús. kr. launa.

Er þannig leitazt við að taka tillit til þess sjónarmiðs, að aukin festa verði í úthlutuninni frá því, sem verið hefur, og að ákveðin tala listamanna sé á tilteknum launum, en hins vegar er tala launþega ekki bundin við neitt hámark, svo að algerlega er á valdi úthlutunarnefndar, svo sem verið hefur, hvort eða um hversu mikla fækkun launþega yrði að ræða.

2) Nefndin hafði ætlað 12 mönnum sæti í listráði, en ráðuneytið hefur fækkað listráðsmönnum í 10. Val manna í slíkt ráð þarf að sjálfsögðu vel að vanda, og virðist því varlegast að hafa ráðið ekki mjög fjölskipað, a. m. k. meðan starfsemi þess er að mótast. Með fækkun ráðsmanna er lögð áherzla á þennan skilning.

3) Í frumvarpi nefndarinnar er menntamálaráðherra ætlað sæti í kjörstjórn kjörráðs og listráðs. Ekki er venja, að ráðherrum sé gert lögskylt samkvæmt stöðu þeirra að eiga sæti í nefndum af þessu tagi, og er því í frv. því, sem hér liggur fyrir, ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis ætlað sæti í kjörráði, ásamt ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis og skrifstofustjóra Alþingis.

4) Nefndin gerði ráð fyrir, að listamannalaun skyldu vera skattfrjáls. Sú grein hefur verið felld niður, þar eð ekki þykir eðlilegt að breyta ákvæðum skatta-

laga í frumvarpi um úthlutun listamannalauna. Hins vegar hefur verið tekið í frumvarpið ákvæði um, að listamannalaun skuli breytast í hlutfalli við breytingar á kaupgjaldsvísitölu.

Fylgiskjal I.

Tillögur um frumvarp til laga um úthlutun listamannalauna.

1. gr.

Flokkar listamannalauna skulu vera þrír:
1. flokkur 20 þúsund krónur í grunnlaun.
2. flokkur 15 þúsund krónur í grunnlaun.
3. flokkur 10 þúsund krónur í grunnlaun.

Listamannalaunum til 2. og 3. flokks skal úthlutað árlega og skiptast þannig, að um 60% þess fjár, sem úthlutunarnefnd ráðstafar, renni til 2. flokks, en um 40% til 3. flokks.

Listamenn, sem fengið hafa laun í 2. flokki 5 ár í röð eða 8 sinnum alls, skulu þaðan í frá njóta fastra ævilauna. En laun í 3. flokki geta aldrei orðið föst.

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun listamannalauna og val í listráð (sbr. 2. gr.), án tillits til aldurs, efnahags eða borgaralegra starfa. Búseta skiptir ekki heldur máli við úthlutun listamannalauna, en til setu í listráði skulu ekki aðrir eiga rétt en þeir, sem búsettir eru hérlendis.

2. gr.

1. flokkur sé skipaður 12 mönnum ævilangt, og mynda þeir listaráð. Til þess sé í fyrsta sinn kosið af 12 manna kjörráði, er svo skal skipað, að menntamálaráðherra, háskólaráð Háskóla Íslands, menntamálaráð og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna kjósa hvert um sig til þess 3 menn. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Þessir aðilar tilkynna kosningaúrslit í ábyrgðarbréfi til ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, er skipar kjörstjórn kjörráðs og listráðs ásamt menntamálaráðherra og skrifstofustjóra Alþingis. Óheimilt er kosningaraðilum og kjörstjórn að láta uppi við aðra, hvernig kosning féll. Ef tveir eða fleiri kosningaraðilar hafa kosið sama mann eða sömu menn, skal kjörstjórn úrskurða, hvaða aðili eða aðilar endurkjósi, unz kjörráð er fullskipað. Kjörstjórn sendir í ábyrgðarbréfum tilkynningar þeim, sem til kjörráðs voru kosnir, en þeir séu bundnir um það þagnarskyldu. Ef einhver þeirra eða einhverjir hafna kjöri, skal sá aðili, er að kosningunni stóð, endurkjósa, unz kjörráð er endanlega fullskipað.

Hver hinna 12 kjörmanna kýs síðan 12 menn til listráðs og sendir ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins atkvæði sín í ábyrgðarbréfi. Kjörstjórn telur atkvæði. Eru þeir 12 menn rétt kjörnir til listráðs, sem flest atkvæði hlutu.

Ef jöfn atkvæði hafa fallið á 2 menn eða fleiri svo, að ekki sé úr því skorið, hverjir fylli tylftina, skal kjörráð kjósa um þá. Ef þá falla enn jöfn atkvæði á menn sitt hvorum megin við tylftarmörk, skal kjörráð aftur kjósa um þá. Sé þá enn ekki úr því skorið, hverjir tylftina fylli, skal hlutkesti kjörstjórnar ráða.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn út kjörbréf þeim til handa, sem kosnir voru til listráðs. Kjörstjórn gefur einnig út opinbera tilkynningu um, hverjir kosningu hlutu til listráðs, án þess að geta atkvæðafjölda, svo og hverjir skipuðu kjörráð og fulltrúar hverra þeir voru.

3. gr.

Þegar sæti losnar í listráði, skal kosið um mann í það með sama hætti og frumkosning fór fram. Engan má þó kjósa, nema hann hafi einhvern tíma hlotið listamannalaun 2. flokks.

4. gr.

Listamannalaunum 2. og 3. flokks skal úthlutað af 5 manna nefnd, sem skipuð er til þriggja ára. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar og hina fjóra nefndarmennina samkvæmt tilnefningu þessara aðila: heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listráðs og fulltrúaráði Bandalags íslenzkra listamanna. Þessum aðilum er jafnheimilt að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna. Menntamálaráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti og aðalmenn.

5. gr.

Öll listamannalaun skulu vera skattfrjáls.

Greinargerð og athugasemdir.

1.

Hinn 2. október 1956 skipaði menntamálaráðherra eftirtalda menn í nefnd „til þess að gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna yrði felld í fastara form og betur að skapi þeirra, er launanna njóta, en verið hefur um skeið“: Guðmund Gíslason Hagalín, rithöfund, Gunnlaug Scheving, listmálara, Helga Sæmundsson, ritstjóra, Jón Leifs, tónskáld og formann Bandalags íslenzkra listamanna, Pál Ísólfsson, tónskáld, Snorra Hjartarson, skáld, Steingrím J. Þorsteinsson, prófessor, Þorstein Hannesson, óperusöngvara, og Ævar Kvaran, leikara. Var Helgi Sæmundsson skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin kom fyrst saman á fund hinn 21. október, en alls hélt hún tólf fundi. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Guðmundur Gíslason Hagalín kosinn ritari hennar og Snorri Hjartarson vararitari. Fimm undirnefndir voru kosnar og þeim falin verkefni, sem þær unnu að á milli funda aðalnefndarinnar. Loks afgreiddi nefndin í einu hljóði tillögur þær um skipan listamannalauna, sem hér fara á undan.

2.

Þá er Alþingi tók að veita laun eða viðurkenningu fyrir listræn afrek, var fáum listamönnum til að dreifa hér á landi öðrum en skáldum og rithöfundum, og í vitund þjóðarinnar höfðu þeir algera sérstöðu. En á fyrsta og öðrum áratug aldarinnar tóku mjög athyglisverðir fulltrúar annarra listgreina að koma fram með þjóðinni, og hlutu þeir þá náms- og starfsstyrki af opinberu fé. Síðan hefur veigamiklum listamönnum á vettvangi myndlistar, tónlistar og leiklistar fjölgað mjög ört og þeir hlotið í vitund þjóðarinnar ekki óvirðulegri sess en skáld og rithöfundar.

Öll ákvörðun listamannalauna var fyrstu áratugina í höndum Alþingis. Svo var sá háttur upp tekinn, að Alþingi ákvarðaði á fjárlögum laun til fárra listamanna, en upphæð, sem þingið ákvað, var árlega úthlutað til þorra þeirra, sem þóttu verðugir launa. Úthlutun var stundum á valdi menntamálaráðherra, en oftast í höndum stjórnskipaðra eða þingkjörinna nefnda. Upp úr 1930 fjölgaði mjög þeim listamönnum, sem nutu launa á fjárlögum, og þótti ýmsum í hópi þingmanna of langt gengið á þeirri braut að festa þar slík laun, og var þá brugðið á það ráð að nema burt af fjárlögum laun til listamanna og hækka að sama skapi þá upphæð, sem árlega var úthlutað. Menntamálaráð skipti síðan upphæðinni milli listgreina, en úthlutun til einstakra listmanna var falin samtökum þeirra. Þessi skipan hélzt til ársins 1946. Þá var úthlutun falin nefnd, sem Alþingi kaus, og hefur hún síðan verið í höndum slíkrar nefndar, sem ýmist hefur verið skipuð þremur að fjórum mönnum.

Þá er Alþingi tók að veita listamannalaun, komu upp með þjóðinni margar óánægjuraddir. Þorra manna skorti í þann tíð skilning á gagnsemi og þá um leið réttmæti slíkra launa. En smátt og smátt hefur andúð almennings á listamannalaunum rénað, og má nú heita, að raddir hinna óánægðu meðal gjaldþegnanna séu jafnfáar og raddir listunnenda voru áður fyrrum.

Snemma kom í ljós, að njótendur launanna voru ekki allir ánægðir með þann skerf, sem þeir hlutu, og einnig gætti þess fljótlega, að listunnendum þætti þeim, er ákvarða skyldu launin, ærið mislagðar hendur. Og óánægja þessara aðila hefur ekki rénað. Ákvarðanir Alþingis um skipan þessara mála og gerðir úthlutunaraðila hafa sætt mikilli gagnrýni. Hennar hefur gætt í samtölum manna á milli, á fundum listmanna og í fjölmörgum blaðagreinum. Menn hafa verið óánægðir með fjárframlög Alþingis og skiptingu fjárins milli listgreina, hafa talið matið á verðleikum ótvíræðra listamanna skeikult og látið í veðri vaka, að ýmsum hafi verið úthlutað listamannalaunum, sem væru þeirra ekki verðugir. Á Alþingi hafa og verið mjög skiptar skoðanir um þessi mál, og síðan 1948 hafa komið fram þrjú frumvörp til breytinga á skipan þeirra.

Hið fyrsta þessara frumvarpa flutti núverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, árið 1948, og síðan flutti hann það ná ný 1949, 1950 og 1951. Var fyrirsögn þess Frumvarp til laga um laun skálda og rithöfunda og annarra listamanna og listarráð. Árið 1949 flutti Magnús Kjartansson Frumvarp til laga um úthlutun listamannalauna — og aftur árið 1950. Árið 1951 tóku þeir upp þetta frumvarp Jónas Árnason og Ásmundur Sigurðsson. Loks flutti Gunnar Thoroddsen Frumvarp til laga um listamannalaun á þinginu 1955—'56. Ekkert þessara frumvarpa var afgreitt.

3.

Hver einstakur nefndarmaður kynnti sér vandlega öll þessi frumvörp, og síðan ræddi nefndin þau á fundum sínum og gerði sér grein fyrir þeim höfuðsjónarmiðum, sem þar koma fram. Í frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar og frumvarpi þeirra Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar er gert ráð fyrir fækkun launaflokka frá því, sem verið hafði hjá úthlutnarnefnd. Í frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar eru þeir 4 og aðeins 3 í hinu frumvarpinu. Í frumvarpi Gunnars Thoroddsens eru ákvæði um 4 fasta launaflokka, sem í séu samtals 36 menn, en auk þeirra launa, sem þeir hljóti, er kveðið á um árlega úthlutunarupphæð. Í frumvarpi Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar eru engin ákvæði um upphæð listamannalauna, en hins vegar um hlutföll milli launaflokka, og eru þau 5:3:1, en í frumvörpum þeirra Gylfa Þ. Gíslasonar og Gunnars Thoroddsens eru tilnefndar ákveðnar upphæðir í hverjum launaflokki, kr. 18 þús., 9. þús., 6. þús. og og 3 þús. í frv. G. Þ. G. og kr. 20 þús., 15 þús., 12. þús. og 8 þús., að viðbættri vísitöluuppbót, í frumvarpi G. Th. Í frumvarpi G. Þ. G. er það ákvæði, að launin í 1. flokki, sem skulu vera veitt allt að 12 mönnum, skuli vera heiðurslaun. Skulu þeir, sem hafa hlotið þau í 5 ár, njóta þeirra ævilangt og skipa listarráð, sem sé menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir. Í frv. þeirra M. K., J. Á. og Á. S. er kveðið svo á, að listamaður, sem hafi komizt fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, verði ekki lækkaður í flokki úr því. Samkvæmt frv. G. Th. skal tekið tillit til tekna og efnahags listamanna, þegar þeim eru ákvörðuð laun, en slík ákvæði eru ekki í hinum frumvörpunum.

Samkvæmt frv. G. Þ. G. skal sameinað Alþingi ákveða, hverjir listamenn hljóti heiðurslaun, en árlega úthlutun listamannalauna annast menntamálaráð, sem þó skal leita umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands um tillögur sínar, áður en þær eru endanlega samþykktar. Í frumvarpi M. K., J. Á. og Á. S. er úthlutun falin nefnd, sem skipuð sé menntamálaráði, formanni Bandalags íslenzkra listamanna og einum manni, kosnum af háskólaráði. Samkv. frv. G. Th. skulu þeir sex menn, sem njóta hæstara launa, kosnir af sameinuðu Alþingi, en hina skal menntamálaráðherra ákveða eftir tilnefningu menntamálaráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands eða fimm manna, sem hún kýs. Listamannafé, sem veitt er í fjárlögum til úthlutunar árlega, skal, samkv. frv. G. Th., úthlutað af þingkjörinni nefnd, eftir nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum tillögum menntamálaráðs og 5 manna nefndar, kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslenzkra listamanna.

Auk þessara frumvarpa athugaði nefndin Frumvarp til laga um Akademíu Ís-

lands, sem Björn Ólafsson, þáverandi menntamálaráðherra, flutti 1950 og 1951 og hlaut ekki afgreiðslu. Það er eingöngu miðað við varðveizlu og ræktun íslenzkrar tungu og varð ekki haft til hliðsjónar við starf nefndarinnar, svo sem henni var markaður vettvangur.

Einstakir nefndarmenn og nefndin sem heild tók til náinnar athugunar úthlutun listamannalauna síðustu 6 árin, glöggvaði sig á skiptingu fjárins milli listgreina, launaflokkum, upphæðum og launþegum.

Árið 1951 var úthlutað kr. 501 000.00 til 89 einstaklinga í 6 flokkum:

39 skáld og rithöfundar ..	hlutu	255 000.00	eða	50.9%	Meðaltal kr.	6 538.00
29 myndlistarmenn	—	166 200.00	—	33.1%	—	— 5 731.00
11 tónlistarmenn	—	46 800.00	—	9.4%	—	— 4 255.00
10 leikarar	—	33 000.00	—	6.6%	—	— 3 300.00

Árið 1952 var úthlutað kr. 609 200.00 til 101 einstakl. í 6 flokkum:

49 skáld og rithöfundar ..	hlutu	324 200.00	eða	53.2%	Meðaltal kr.	6 616.00
31 myndlistarmaður	hlaut	207 600.00	—	34.1%	—	— 6 697.00
12 tónlistarmenn	hlutu	49 200.00	—	8.1%	—	— 4 100.00
9 leikarar	—	28 200.00	—	4.6%	—	— 3 133.00

Árið 1953 var úthlutað kr. 608 400.00 til 103 einstakl. í 5 flokkum:

41 skáld og rithöfundar ..	hlutu	286 800.00	eða	47.1%	Meðaltal kr.	6 995.00
36 myndlistarmenn	—	230 400.00	—	37.9%	—	— 6.400.00
18 tónlistarmenn	—	66 000.00	—	10.8%	—	— 3 666.00
8 leikarar	—	25 200.00	—	4.2%	—	— 3 150.00

Árið 1954 var úthlutað kr. 618 000.00 til 102 einstakl. í 5 flokkum:

47 skáld og rithöfundar ..	hlutu	314 400.00	eða	50.9%	Meðaltal kr.	6 689.00
32 myndlistarmenn	—	214 800.00	—	34.8%	—	— 6 713.00
16 tónlistarmenn	—	66 600.00	—	10.8%	—	— 4 162.00
7 leikarar	—	22 200.00	—	3.5%	—	— 3 171.00

Árið 1955 var úthlutað kr. 776 100.00 til 113 einstakl. í 5 flokkum:

56 skáld og rithöfundar ..	hlutu	409 200.00	eða	52.7%	Meðaltal kr.	7 307.00
35 myndlistarmenn	—	268.100.00	—	34.6%	—	— 7 660.00
16 tónlistarmenn	—	77 200.00	—	9.9%	—	— 4 825.00
6 leikarar	—	21 600.00	—	2.8%	—	— 3.600.00

Árið 1956 var úthlutað kr. 927 320.00 til 115 einstakl. í 5 flokkum:

56 skáld og ritöhfundar ..	hlutu	466 220.00	eða	50.3%	Meðaltal kr.	8 325.00
35 myndlistarmenn	—	329 700.00	—	35.6%	—	— 9 420.00
16 tónlistarmenn	—	93 000.00	—	10%	—	— 5 812.00
8 leikarar	—	38 400.00	—	4.1%	—	— 4 800.00

Öll árin var úthlutað samtals kr. 4 040 020.00 eða að meðaltali á ári kr. 673 334.00.

Þar af hlutu:

Skáld	2 055 820.00	eða	50.9%.	Meðalt. launþ. á ári 48.	Meðalupph.	7 078.00
Myndlistarmenn	1 416 800.00	—	35%.	— — — — 34.	—	7 103.00
Tónlistarmenn .	398 800.00	—	9.9%.	— — — — 14.	—	4 471.00
Leikarar	168 600.00	—	4.2%.	— — — — 8.	—	3 526.00

Tala einstaklinga, sem fengið hafa styrk þessi 6 ár, er 188.

Þar af skáld og rithöfundar 86.
Myndlistarmenn ..... 50.
Tónlistarmenn ..... 28.
Leikarar ..... 24.

4.

Nefndin varð fljótlega einhuga um ýmis þau atriði, er fram koma í þessu frumvarpi. Allir nefndarmenn voru þegar á einu máli um, að við veitingu listamannalauna bæri ekki að taka tillit til annars en skynsamlegs mats á listrænum störfum listamannsins og gildi þeirra fyrir listþróun og menningarlíf með þjóðinni. Ef ráðizt væri í mat á efnum og ástæðum listamannsins, mundi það leiða til ósamræmis og óréttlætis og vekja óánægju og úlfúð. Hvernig sem háttað væri högum listmannsins, væri æskilegt og vænlegt til árangurs, að hann fyndi sem gleggst, að þjóðfélagið vildi styðja hann og örva til starfa, launa honum og votta honum þakklæti fyrir unnin afrek. Þá var og nefndin þegar í upphafi starfa sinna öll á þeirri skoðun, að óviðurkvæmilegt væri, að ríkið skattlegði þau laun, sem það veitti listamönnum. Eins og það væri fjarstæðukennt að klípa af þeim starfsstyrk, sem veittur væri ungum listamanni, væri það ósæmandi að skerða þá upphæð, sem veitt væri til að votta þroskuðum listamanni virðingu og þakkir og örva hann til nýrra afreka, sem hann fær oft seint launað eða aldrei.

Þegar nefndin hafði kynnt sér ýtarlega úthlutun listamannalauna á undanförnum árum, komst hún brátt að þeirri sameiginlegu niðurstöðu, að fækka bæri bæði launþegum og launaflokkum. Henni þótti auðsýnt, að ýmsir þeir listiðkendur hefðu hlotið laun, sem hvorki hefðu unnið listræn afrek né sýnt þá kunnáttu eða þær listrænar gáfur, sem vektu vonir um slík afrek. Hún leit og þannig á, að launin í hinum lægstu launaflokkum hefðu verið of lág til þess að þau gætu breytt aðstöðu launþegans til listrænna starfa, og enn fremur mætti að nokkru rekja þá óánægju, sem ríkti út af úthlutun listamannalauna meðal listunnenda og listamanna, til hinna mörgu launaflokka.

Þó að nefndarmenn væru sammála um þessi atriði, komu fram í fyrstu ýmsar skoðanir um fjölda launaflokka, tölu launþega og hæð launa. Hafði Jón Leifs þar mesta sérstöðu. Hann vildi, að allir listamenn, sem til greina kæmu, fengju sömu launaupphæð, en 12 menn fengju hana ævilangt, aðrir til tveggja ára í senn, en á hverju ári yrði upphæðin veitt 5 listamönnum, sem hefðu ekki fengið laun á seinustu árum.

Eftir að undirnefnd hafði haft launaflokkana til athugunar, sameinaðist nefndin um þær tillögur, sem felast í 1. gr. frumvarps þessa, og er nánari grein gerð fyrir rökum hennar og afstöðu í skýringum við greinar frumvarpsins.

Þó að nefndin hafi ekki sett í frumvarpið ákvæði um fjölda launþega í 2. og 3. flokki, en aðeins gert tillögur um, að hlutfallið milli heildarupphæða launa í þessum flokkum verði um 60:40, miðaði hún tillögur sínar, eftir nána athugun á úthlutun listamannalauna, við það, að í hvorum þessara flokka yrðu 24 listamenn eða í báðum flokkunum samtals 48. Virðist henni úthlutun lítt framkvæmanleg, ef lægri tala listamanna kæmi til greina. Yrðu þá útgjöld ríkissjóðs til listamannalauna samkvæmt lögunum eins og hér segir, með þeirri vísitölu á laun, sem nú er (80):

Kr.	36 000×12	= kr.	432 000
—	27 000×24	= —	648 000
—	18 000×24	= —	432 000
		Samstals kr.	1 512 000

Það er því tillaga nefndarinnar, að þessi upphæð verði ákveðin á fjárlögum ársins 1957 til listamannalauna. Hún er hlutfallslega mun lægri en sú upphæð, sem var á fjárlögum til slíkra launa árið 1943, og miðað við hækkun á menntamálagreinum fjárlaga frá 1948—1957 (14. og 15. gr.), ætti hún að vera nokkru hærri en hér er lagt til. Var nefndin sammála um, að listamenn gætu ekki sætt sig við, að heildarupphæð til listamannalauna færi minnkandi, samtímis því sem fjöldi hlutgengra listamanna hefur aukizt og nýjar listgreinar komið fram hér á landi og náð þroska.

Um val listamanna í listráð og um úthlutun listamannalauna var fjallað ýtarlega á fundum nefndarinnar, og kom nefndarmönnum sama um það höfuðsjónarmið, að reisa yrði sem sterkastar skorður við því, að þetta yrði háð áhrifum kunningsskapar, skoðunum manna á stjórnmálum og meira og minna tímabundnum tískuviðhorfum við listum. Jón Leifs lagði áherzlu á, að stefna bæri að því í framtíðinni, að úthlutun listamannalauna yrði falin sérfræðingum í hinum ýmsu listgreinum. Undirnefnd var kosin til að gera tillögur um kjör listamanna í listráð og um úthlutun listamannalauna. Voru tillögur hennar, sem náðu samþykki með litlum breytingum, miðaðar við það heildarsjónarmið, sem hér hefur verið getið, og eru þau grundvöllur ákvæðanna um þessi efni í frumvarpinu. Er nánar vikið að þeim ákvæðum í skýringum nefndarinnar á greinum frumvarpsins.

Fram kom í nefndinni, að æskilegt væri, að bæði skapandi og túlkandi listamenn ættu kost á allháum upphæðum til að kynna sér listir erlendis eða kynna þar list sína. Nefndin taldi, að taka bæri fullt tillit til þessa, en samþykkti ekki að bera fram ákveðnar óskir í þá átt. Hins vegar samþykkti hún í einu hljóði að óska þess við menntamálaráðherra og Alþingi, að jafnframt úthlutun listamannalauna verði stofnað til verðlauna fyrir sérstök listafrek eða viðurkenningar til handa listamönnum, er unnið hafa merkilegt starf, sem megi verði æskilegt fordæmi. Skuli einnig miðað við það, að verðlaun þessi eða viðurkenning sé ungum listamönnum eggjun til dáða, og hún sé svo ríflega í té látin, að um muni.

Út af tillögum nefndarinnar í heild skal það að lokum fram tekið, að gott samkomulag hefur ríkt um störf og niðurstöður. Nefndin gerði sér far um að samræma ýmis sjónarmið og hafa það, sem kallazt gæti meðalvegur, en þó orðið framtíðargrundvöllur þessara mála. Vonar nefndin, að tillögur hennar komist í meginatriðum í framkvæmd í trausti þess, að þar með reynist skipan listamannalauna öruggari og sanngjarnari en verið hefur og íslenzkri list til eflingar og nýrra sigra og þjóðinni til vegsauka.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nefndin valdi orðið listamannalaun sem heildarheiti þeirra launa, sem gert er ráð fyrir að þjóðin veiti samkvæmt frumvarpi þessu, enda var þetta heiti notað í skipunarbréfi nefndarinnar. Þá valdi nefndin orðið listráð, en ekki listarráð, sem áður hefur verið notað í þeirri merkingu, sem þarna á við.

Um tölu launaflokka, upphæð launa og ákveðin hlutföll milli heildarlauna í 2. og 3. flokki réð það sjónarmið, að óbrotið form, en sem fastast, hentaði bezt og vel verði gert við þá listamenn, sem laun hljóta hverju sinni. Þessi skipan hefur í för með sér allmikla fækkun þeirra, sem hljóta árlega listamannalaun, en með þessu móti er unnt að tryggja, að meira muni en áður um listamannalaunin, einnig fyrir þá, sem þau hreppa annað eða þriðja hvert ár.

Það virðist óumdeilanlegt, að þeir listamenn, sem njóta í hæsta flokki fastra ævilauna, eigi að hljóta, að fenginni slíkri viðurkenningu, aðstöðu til að búa við sæmilegt fjárhagslegt öryggi, og liggur sú skoðun til grundvallar tillögu nefndarinnar um upphæðina í 1. flokki. Var hún og ákvörðuð með hliðsjón af þeim heiðurslaunum, sem Alþingi sjálft hefur samþykkt á fjárlögum til tveggja rithöfunda.

Vegna þess, að allir viðurkenndir listamenn þjóðarinnar geta ekki hlotið sæti í listráði, svo sem skipan þess er ætluð, er það ákvæði til orðið, að þeir listamenn, sem fengið hafa laun í 2. flokki 5 ár í röð eða 8 sinnum alls, skuli þaðan af njóta fastra ævilauna.

Fyrir fram er auðvitað allt á huldu um skipan listráðs, ef stofnað verður. Hins vegar telur nefndin sjálfsagt, að allir listamenn komi til álita við val manna

í það, jafnt og úthlutun í 2. og 3. flokki. Með þessu er eftir föngum reynt að koma í veg fyrir, að gert sé upp á milli listgreina. Hingað til hefur þótt við brenna, að sumar þeirra væru settar skör lægra við úthlutun listamannalauna en gild rök lægju til, og er tími kominn til leiðréttingar í þessu efni. Loks leggur nefndin áherzlu á, að listræn sjónarmið ein ráði vali manna í listráð og úthlutunarflokka.

Um 2. gr.

Hugmyndin um listráð er ekki ný, og hún er um margt álitleg. Nefndin taldi ekki rétt að setja inn í frumvarpið ákvæði um hlutverk ráðsins, enda var hún sammála um, að ekki bæri að ætla því mörg störf eða tímafrek. Hún gerir þó ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið feli því verkefni með reglugerð, sem samkomulag náist um með ráðuneytinu og listráði. Auk þess ætlar nefndin listráði að tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefnd (sbr. 4. gr.).

Ákvæðin um kjör listráðs eru svo ýtarleg, að naumast mun þörf á skýringum. Fyrirkomulagið kann að virðast flókið fljótt á litið, en þess ber að gæta, að hér þarf að vanda vel til, þar eð um verður að ræða framtíðarskipan, sem tryggi hlutaðeigendum föst ævilaun án þeirra skilyrða löggjafar og samfélags, sem venjulega eru sett í því sambandi. Hér eiga listræn sjónarmið ein að ráða úrslitum. Reynt er að finna dómbæra og óhlutdræga aðila til að velja innan og utan stofnana sinna menn, sem kjósa til listráðs, og þannig um búið, að þessir menn komi ekki saman á fund, þegar þeir kjósa, og þurfi ekki að verjast neinum áróðri. Þar með er leitazt við að tryggja, eins og unnt er, að annarleg sjónarmið komi hér ekki við sögu. Enn mun þess lítill kostur að fela hér þennan vanda mönnum, sem talizt geta sérfróðir um listir vegna náms eða prófa. Nefndin gerði sér hins vegar far um að taka til hins sérfræðilega viðhorfs það tillit, sem hún taldi fært.

Um 3. gr.

Kjörgengi í listráð, eftir að það hefur verið kosið í fyrsta sinn, er því bundið, að listamenn hafi einhvern tíma hlotið listamannalaun í 2. flokki. Með þessu ætti að vera tryggt, að til setu í listráði komi til greina þeir einir, sem þegar hafi notið viðurkenningar fyrir list sína. — Væntir nefndin þess, að þetta fyrirkomulag reynist sanngjarnt og nægilegar skorður við annarlegum sjónarmiðum.

Um 4. gr.

Um ákvæði varðandi val nefndar, er úthluti listamannalaunum 2. og 3. flokks, skal skírskota til þess, sem þegar hefur verið sagt um kjörráð listráðsins. Hæfilegt virðist, að nefndin sé skipuð 5 mönnum. Þriggja manna nefnd sýnist helzt til fámenn, og heppilegt mun, að nefndarmenn séu fleiri en 4 af þeirri ástæðu, að tveir á móti mega sín þá meira en tveir með við afgreiðslu mála. Enn fremur mun henta, að nefndin sé skipuð hverju sinni til þriggja ára. Undanfarið hefur Alþingi kosið úthlutunarnefnd til eins árs í senn. Það fyrirkomulag hefur augljósa ókosti. Úthlutunarnefnd er þá ekki unnt að gera ráð fyrir nema eins árs starfi, svo að hún getur ekki skipulagt úthlutun um eitthvert ákveðið árabil. Sá háttur mundi þó harla æskilegur, og slíkum vinnubrögðum verður komið við, ef úthlutunarnefnd fær þriggja ára starfstíma hverju sinni, eins og hér er gert ráð fyrir.

Um 5. gr.

Til skýringar þessari grein skal látið nægja að vísa til þess, sem fram kemur í 4. kafla greinargerðarinnar.

Fylgiskjal II.

Bandalag ísl. listamanna.

Reykjavík, 22. okt. 1958.

Herra menntamálaráðherra
Gylfi Þ. Gíslason,
Reykjavík.

Á fundi sínum, hinn 15. þ. m. tók stjórn B. Í. L. til meðferðar frumvarp það um úthlutun listamannalauna, er þér höfðuð sent henni til umsagnar, og var gerð um það eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn B. Í. L. er í öllum höfuð atriðum samþykk frumvarpinu og mælir með því, en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir:

a) Stjórnin telur áríðandi að ekki sé veitt til úthlutunar árlega lægri upphæð, en gert er ráð fyrir í tillögu nefndar þeirrar, er Menntamálaráðuneytið skipaði 2. okt. 1956, eða kr. 1 512 000.00.

b) Stjórnin telur að listamannalaun ættu að vera skattfrjáls, en þar sem ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að svo verði, telur hún rétt að athugaður verði sá möguleiki, að þeir listamenn, sem ekki fá föst laun geti, þá er þeir hljóta þau, dreift þeim á fleiri en eitt ár við framtal til skatts.

Virðingarfyllst,

Snorri Hjartarson (sign.)
form.

Þorst. Hannesson (sign.)
ritari.

Nd. 385. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 5. gr. komi orðið: Saksóknari ríkisins.

2. gr.

Við 2. málsgr. 8. gr. bætist nýr liður, sem verður 6. töluliður: 6. Saksóknari og fulltrúar hans.

3. gr.

Orðin „sækjanda og“ í 13. gr. falli niður. Í stað orðsins „áfrýjun“ í sömu gr. komi orðin: afgreiðslu dómsgerða.

4. gr.

Í stað orðanna „Sakadómari í Reykjavík“ í 4. málsgr. 18. gr. komi orðið: Saksóknari.

5. gr.

20. gr. orðist svo:

Forseti skipar embættismann, er nefnist saksóknari ríkisins og fer með ákæruvald. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Saksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar fulltrúa með lögfræðiprófi til aðstoðar saksóknara. Saksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Saksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Hann fyrirskipar höfðun opinberra mála, sbr. þó 112.—114. gr., kveður á um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun á hendur opinberum starfsmanni fyrir brot í starfi, skal hann jafnan leita umsagnar ráðuneytis þess, sem í hlut á. Ráðuneytinu ber að láta saksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Haldast skulu sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmálaráðherra saksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu.

Forseti getur sett saksóknara almenn eða sérstök fyrirmæli um framkvæmd starfa hans. Slík fyrirmæli skulu borin upp í ríkisráði samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds og getur krafið saksóknara skýrslna um einstök mál.

7. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar saksóknari er svo riðinn við mál eða aðilja, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, og skipar hann þá annan löghæfan mann sbr. 1. málsgr. 20. gr. til meðferðar þess máls. Sama gildir, ef saksóknari hefur lögmæt forföll.

8. gr.

23. gr. orðist svo:

Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal handhafi ákæruvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur málsaðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot, er sætir málshöfðun einstaks aðilja, getur saksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök að, ef hann krefst þess, unz dómur er upp kveðinn í héraði.

9. gr.

24. gr. breytist svo:

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 1. málsgr. komi orðið: saksóknara.
2. Á eftir fyrsta málslið 1. málsgr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Saksóknari getur bæði að tillögu héraðsdómara og af sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður.

10. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrri málslið 3. málsgr. 25. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.

11. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ á þremur stöðum í 27. gr. komi orðið: saksóknara.

12. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 28. gr. komi orðið: saksóknari.

13. gr.

1. Fyrsta málsgr. 29. gr. orðist svo:
   Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá leitað um það fyrirmæla saksóknara.
2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í fyrri málslið 2. málsgr. 29. gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.

14. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 30. gr. komi orðið: saksóknari.

15. gr.

3. málsgr. 32. gr. orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum saksóknara, sakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

16. gr.

Fyrri málsliður 2. málsgr. 33. gr. orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum saksóknara, sakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

17. gr.

Síðari málsliður 1. málsgr. 42. gr. orðist svo: Og getur kærandi þá borið málið undir saksóknara, sem tekur ákvörðun um, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

18. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 73. gr. komi orðið: saksóknari.

19. gr.

74. gr. orðist svo:
Dómari getur borið undir saksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá saksóknari ákvörðun um það atriði. Saksóknari getur og af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa saksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákæruvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari saksóknara kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu saksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafist í málum, er greinir í 3. og 4. málsgr. 21. gr.

20. gr.

1. Fyrsta málsgr. 79. gr. orðist svo:
   Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá saksóknari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opin-

berra mála í héraði. Rétt er þó saksóknara að sækja mál sjálfur eða láta fulltrúa sinn gera það. Ekki má sækjandi hafa þá afstöðu til máls eða aðilja, sem geri dómara óhæfan til að fara með málið.
2. Þriðja málsgr. 79. gr. falli niður.

21. gr.

84. gr. orðist svo:

Hæstaréttarlögmönnum og héraðsdómslögmönnum, sem fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skylt samkvæmt skipun saksóknara að sækja opinbert mál hvar sem er á landinu. Nú reynist sækjandi óhæfur að áliti dómara eða honum verða forföll, og skipar þá saksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

Það er borgaraskylda hverjum heilum, lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar þá dómari annan löghæfan mann í hans stað.

22. gr.

Fyrsti málsliður 2. málsgr. 87. gr. orðist svo:

Þóknun sækjanda, sem saksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun.

23. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 112. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fimmta málslið 4. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

24. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsgr. 113. gr. komi orðið: saksóknara.

25. gr.

Í stað orðanna „22. gr.“ í lok 1. málsgr. 114. gr. komi: 2. málsgr. 21. gr.

26. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 1. málsgr. 115. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

27. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 118. gr. komi orðið: saksóknari.

28. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 124. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

29. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 129. gr. komi orðið: saksóknari.

30. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. tölulið 1. málsgr. 130. gr. komi orðið: saksóknara, og í stað orðanna „22. gr.“ í sama tölulið komi: 2. málsgr. 21. gr.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

31. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrra málslið 131. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Síðari málsliður sömu gr. orðist svo: Saksóknari skipar því næst sækjanda og dómari (formaður) verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund til næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

32. gr.

1. málsgr. 143. gr. orðist svo:

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsgr. 87. gr. Saksóknari sækir mál í héraði og fyrir Hæstarétti svo og fulltrúi hans í héraði án sérstaks endurgjalds, en verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknarlauna, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

33. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. tölulið 154. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. tölulið sömu gr. komi orðið: saksóknara.

34. gr.

159. gr. orðist svo:

Ef sækjandi eða verjandi gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt frá 200—5000 krónur í dómi eða úrskurði.

35. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 171. gr. komi orðið: Saksóknari.

36. gr.

Þriðji málsliður 2. málsgr. 174. gr. orðist svo:

Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en saksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.).

37. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 175. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í upphafi 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. tölulið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.

38. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 177. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komið orðið: saksóknara.

39. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 179. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í fyrsta málslið 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
4. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
5. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
6. Síðasti málsliður sömu málsgr. orðist svo: Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær því næst saksóknara.

40. gr.

1. Í stað orðsins „Sækjandi“ í fyrra málslið 180. gr. komi orðið: Saksóknari.
2. Í stað orðsins „sækjanda“ í síðari málslið sömu gr. komi orðið: saksóknara.

41. gr.

1. Í stað orðsins „sækjandi“ í fyrsta málslið 181. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „sækjandi“ í þriðja málslið sömu gr. komi orðið: saksóknari.
3. Aftan við 181. gr. komi tvær nýjar málsgr. svohljóðandi:

Saksóknari sækir öll opinber mál í Hæstarétti án sérstaks endurgjalds, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hingað til hafa hvílt á sækjanda fyrir þeim dómi og samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum segir.

Nú er saksóknari settur samkvæmt 22. gr., og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

42. gr.

Í stað orðsins „sækjanda“ í 182. gr. komi orðið: saksóknara.

43. gr.

Í stað orðsins „sækjandi“ í 184. gr. komi orðið: saksóknari.

44. gr.

1. Í stað „200—2000 krónur“ í 1. málslið 1. málsgr. 186. gr. komi: 200—5000 krónur.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í öðrum málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í þriðja málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.
4. Í stað orðsins „Sækjanda“ í fyrra málslið 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknara.
5. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í síðari málslið sömu málsgr. komi orðið: saksóknari.

45. gr.

1. Í stað orðsins „sækjandi“ í 187. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað „200—2000 króna sekt“ í sömu gr. komi: 200—5000 króna sekt.

46. gr.

Í stað orðsins „sækjanda“ í 188. gr. komi orðið: saksóknara.

47. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 191. gr. komi orðið: saksóknara.

48. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 193. gr. komi orðið: saksóknara.

49. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. 194. gr. komi orðið: Saksóknari.

50. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 195. gr. komi orðið: saksóknari.

51. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 198. gr. komi orðið: saksóknara.

52. gr.

200 gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laganna um saksóknara ríkisins og störf hans koma til framkvæmdar 1. janúar 1960.

Lögmæti aðgerða, sem fram hafa farið fyrir þann tíma, skal meta eftir eldri lögum, en aðgerðir, sem síðar fara fram, lúta ákvæðum þessara laga.

53. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 201. gr. komi orðið: saksóknara.
2. Aftan við 201. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Dómsmálaráðuneyti afhendir saksóknara, þegar lög þessi koma til framkvæmda, þau skjöl opinberra mála, sem þar eru og embætti hans varða.

54. gr.

Á eftir 202. gr. komi ný grein (203. gr.) svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af gildistöku laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála leiddi mikla réttarbót á þessu sviði löggjafar. Um tvennt hefur samt þótt nokkuð á skorta, að æskilegt réttaröryggi sé fengið, þ. e. 1) að sami dómari eða hliðsettur fer enn bæði með rannsóknarvald og dómsvald í opinberum málum í héraði og 2) að dómsmálaráðherra hefur almennt með höndum ákæruvald í málum þessum, og hefur þar með að jafnaði æðsta ákvörðunarvald um rannsókn, höfðun og áfrýjun þessara mála. Að því er snertir fyrra atriðið, er á það bent, að með þessari skipan sé héraðsdómari oft að dæma um eigin gerðir, þar sem hann leggur dóm á þau sönnunargögn, sem hann hefur sjálfur aflað, auk þess sem nokkur hætta sé á, að afstaða hans sem dómara verði ekki eins hlutlaus og æskilegt sé, eftir að hann sem rannsóknardómari hafi a. m. k. á stundum átt í margs konar brösum við sakborning. Og víst sé um það, að býsna auðvelt sé að skapa tortryggni gagnvart dómara á þessu sviði. Að því er síðara atriðið varðar, er því haldið fram, að almenningi sé skapað meira réttaröryggi um meðferð þessa valds, ef „ópólitískur“ embættismaður fari með það, í stað þess, eins og nú er, að sá, er gegnir embætti dómsmálaráðherra, langan tíma eða stuttan, löglærður eða ekki, hafi með höndum meðferð þessa mikilvæga valds. Einnig er á það bent, að meiri líkur séu fyrir fullnægjandi málssókn í opinberum málum fyrir Hæstarétti, ef sami sérfróði maður, saksóknari, er fylgzt hafi með málum frá upphafi, sæki mál þessi þar.

Tillögur um breytingar í þessum efnum hafa áður verið lagðar fyrir Alþingi, en hafa eigi náð fram að ganga, þar sem talið var, að breytingarnar mundu hafa mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Málið hefur þó nýlega verið tekið til umræðu í Lögfræðingafélagi Íslands, og hefur stjórn þess síðan látið frá sér fara áskorun um, að hafizt yrði handa um breytingar í þessum efnum.

Í hinu upphaflega frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, sem lagt var fyrir Alþingi 1948, var gert ráð fyrir frekari aðgreiningu en nú er milli rannsóknarvalds og dómsvalds í opinberum málum. Enginn mun hafa mælt gegn því, að slík greining, og það jafnvel enn róttækari, væri æskileg, en kostnaðar vegna þótti þá eigi fært að taka upp þá skipan. Voru því numin burt úr frumvarpinu ákvæði þau, er að þessu lutu. Því miður munu enn og af sömu ástæðum og fyrr ekki vera tök á að koma meðferð opinberra mála í framangreint horf.

Nokkuð öðru máli er að gegna um nýja skipan á meðferð almenns ákæruvalds. Þótt sú skipan, sem ráðgerð er í frumvarpi þessu, yrði lögfest, er þess ekki að vænta, að um mjög aukinn kostnað umfram það, sem nú er, verði að tefla. Kemur það hvort tveggja til, að starfsmenn, sem nú vinna að þessum málum í dómsmálaráðuneytinu, mundu væntanlega hverfa til starfa hjá saksóknara ríkisins og svo, að saksóknari mun án sérstaks endurgjalds sækja öll opinber mál fyrir Hæstarétti, og mundu þá að mestu sparast þær greiðslur til sækjenda þar, sem nú eru inntar af hendi. Ætlast er til, að sakfelldir menn verði með sama hætti og nú dæmdir til að greiða kostnað af málssókn, og renna þær fjárhæðir í ríkissjóð, þegar saksóknari eða fulltrúi hans sækja mál. Þess má geta, að síðastliðin 5 ár hafa til jafnaðar verið greiddar árlega um 100 þús. kr. í málssóknarlaun vegna opinberra mála í Hæstarétti.

Og þar sem fallast má á rökin fyrir því, að mikil réttarbót muni verða að stofnun sérstaks embættis saksóknara, er frumvarp þetta borið fram. Einnig má á það benda, að þar sem gert er ráð fyrir, að saksóknari fylgist með rannsókn opinberra mála og geti gefið fyrirmæli um framkvæmd hennar, sbr. 19. gr. frumvarpsins, er og að nokkru stuðlað að því aukna réttaröryggi um rannsókn, sem alger greining rannsóknarvalds og dómsvalds á að tryggja.

Þær tillögur, sem fram hafa komið á Alþingi um skipun sérstaks saksóknara ríkisins, hafa verið bornar fram í formi frumvarpa til venjulegra laga. Af hálfu þeirra, sem hreyft hafa máli þessu, hefur verið lögð sérstök áherzla á, að þessi nýi embættismaður yrði sjálfstæður, óháður handhafi þessa mikilvæga valds. Hins vegar er þess að geta, að ekki verður komið á í formi venjulegra laga stofnun slíks nýs, algerlega sjálfstæðs, stjórnvalds. Slíkt mundi ekki samrýmast þeirri skipan um skiptingu ríkisvalds, sem stjórnarskráin byggir á, heldur mundi raunverulega vera um að ræða stofnun nýs stjórnvalds, sem ekki yrði stofnað til, nema með breytingu á stjórnarskránni. Þær þjóðir, svo sem Finnar og Svíar, sem hafa saksóknara ríkisins óháðan ráðherravaldi, hafa og ákvæði um slíka skipan mála í stjórnarskrám sínum, sbr. 37. og 46. gr. finnsku stjórnarskrárinnar og 27. gr. sænsku stjórnarskrárinnar. Sumar aðrar þjóðir, okkur skyldar um réttarskipan, hafa hins vegar með almennum lögum stigið skrefið skemmra á þessu sviði, en þó að allra áliti til aukins öryggis um þessi mál. Svo er t. d. um Dani og Norðmenn. Þeir hafa, að nokkru eftir fyrirmyndum úr frönskum og þýzkum rétti, lögfest sérstaka embættisstofnun til meðferðar ákæruvalds, þar sem dómsmálaráðherra er þó stjórnskipulega æðsti aðili. Með þessari skipan er og tvímælalaust tryggð samræmdari og öruggari meðferð þessa valds og að sjálfsögðu í mun ríkari mæli en við eigum nú við að búa. Á það má einnig benda, að nokkur hætta getur verið samfara því að hafa meðferð þessa mikilsvæga valds undantekningalaust í höndum eins einasta manns.

Að öllu þessu athuguðu er því í frumvarpi þessu gerð tillaga um stofnun nýs embættis saksóknara ríkisins, sem í reynd mun að jafnaði (sbr. þó 112.—114. gr. laga nr. 27/1951 og 3. málsgr. 5. gr. frv.) fara með ákæruvaldið í öllum myndum

þess. Stjórnskipulega séð verður dómsmálaráðherra þó enn æðsti handhafi þessa valds, en sú er reynslan annars staðar og verður væntanlega einnig hér, að ráðherra skiptir sér ekki af málum þessum, nema sérstaklega standi á. Og til að reyna að tryggja enn frekar, að ráðherra misnoti ekki þetta vald sitt, hafa í 4. málsgr. 6. gr. frumvarpsins verið sett ákvæði um, að ráðherra þurfi að bera upp slík fyrirmæli í ríkisráði svo sem gert er í Noregi, eða m. ö. o. að slíkar aðgerðir skuli teljast „mikilvægar stjórnarráðstafanir“ í skilningi 16. gr. stjórnarskrárinnar, en talið er, að með almennum lögum megi kveða svo á, að um tiltekin málefni skuli fara með þeim hætti, sbr. t. d. Frede Castberg: Norges Statsforfatning I, bls. 243.

Rétt þykir, að nefndar tillögur um nýskipan á þessu sviði séu bornar fram sem frumvarp til breytinga á núgildandi lögum um meðferð opinberra mála. Nokkrum ákvæðum annarra laga þarf einnig að breyta í samræmi við þessa nýskipan, og verða borin fram sérstök frumvörp af því tilefni.

Flestar af gr. frumvarps þessa, sem hafa að geyma ákvæði um, að saksóknari taki við ýmsum störfum, sem dómsmálaráðherra eru falin með núgildandi lögum, þurfa ekki nánari skýringar. Um aðrar gr. frumvarpsins er þessa að geta umfram það, sem áður er sagt:

Um 4. gr.

Eðlilegast er, að í skrifstofu saksóknara sé haldin og geymd sakaskrá sú fyrir land allt, sem fyrirskipuð er í 4. málsgr. 18. gr. laga nr. 27/1951. Skrifstofu hans ber og að annast útgáfu sakavottorða.

Um 5. gr.

Rétt þykir, að saksóknari njóti sömu launakjara og hæstaréttardómarar, enda er hér um mjög mikilvægt starf að tefla. Einnig er til þess ætlast, að hann njóti annarra lögkjara hæstaréttardómara, að því leyti sem slíkt verður ákveðið í almennum lögum. Um frávikningu saksóknara úr embætti gilda þannig sömu reglur og um þá, sbr. 61. gr. og 5. málsgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar, en hins vegar taka ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um aldurshámark hæstaréttardómara (61. gr. stjórnarskrár) og bann við kjörgengi þeirra (2. málsgr. 34. gr. stjórnarskrár) til saksóknara. Óneitanlega væri þó æskilegt, að síðasttalda ákvæðið tæki og til saksóknara, en því verður ekki við komið án breytinga á ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Um 6. gr.

Í 1. málsgr. er almennt kveðið á um störf saksóknara, og eru þau ákvæði að meginefni í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1951 um slík störf dómsmálaráðherra samkvæmt þeim lögum.

Ákvæði 2. málsgr. eru samsvarandi 22. gr. laga nr. 27/1951.

Í X. og XI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru nokkur sérákvæði um afskipti dómsmálaráðherra af tilteknum mikilvægum, viðkvæmum málum, er sum geta snert erlend ríki og eðlilegt þykir, að hann einn hafi ákvörðunarvald um, og því eru ákvæði 3. málsgr. sett.

Ákvæði 4. málsgr. eru sett til að stuðla að því, að dómsmálaráðherra grípi ekki fram fyrir hendur á saksóknara, nema sérstakt tilefni sé. Sjá að öðru leyti hinar almennu athugasemdir við frumvarp þetta.

Um 7. gr.

Eðlilegt þykir, að dómsmálaráðherra setji mann í stað saksóknara, ef hann forfallast eða er svo viðriðinn mál eða málsaðilja, að hann mætti eigi dæma í því. Staðgengill hans verður að sjálfsögðu að fullnægja sömu skilyrðum og hinn reglulegi saksóknari til skipunar í embættið.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru samhljóða 21. og 23. gr. laga nr. 27/1951, nema hvað saksóknara eru falin þau störf, sem dómsmálaráðherra fer nú með, þegar svo er ástatt, sem í gr. segir.

Um 9. gr.

Rétt þykir, að saksóknara sé veitt heimild til að gera tillögu til dómsmálaráðherra um, að saksókn verði felld niður.

Um 19. gr.

Ákvæði gr. eru efnislega samhljóða 74. gr. laga nr. 27/1951, en þær breytingar á gerðar, sem nauðsynlegar eru vegna hinnar nýju skipunar.

Um 20. gr.

Hér er sú breyting gerð frá því, sem nú er, að handhafa ákæruvalds, saksóknara, er falið að skipa sækjanda í héraði, enda verður að telja, að slíkt sé eðlilegast og í beztu samræmi við þá greiningu milli ákæruvalds og dómsvalds, sem að er stefnt. Saksóknari eða fulltrúi hans getur þó, ef sérstakt efni þykir til, sótt opinbert mál í héraði.

Um 21. gr.

Rétt þykir að hafa skyldu til að gegna málssóknar- og varnarstörfum í héraði svo víðtæka, sem hér greinir, enda getur borið nauðsyn til, að sérstaklega hæfur málflutningsmaður flytji slíkt mál í héraði, en slíks manns er ef til vill ekki kostur nema á fáum stöðum á landinu.

Um 32. gr.

Hér eru ákvæði um ákvörðun sakarkostnaðar í dómi eða úrskurði opinbers máls. Um þóknun til verjanda svo og til sækjanda í héraði, er saksóknari nefnir, fer eins og nú er. Ef hinn reglulegi saksóknari eða fulltrúi hans sækja opinbert mál, fá þeir enga sérstaka þóknun fyrir málssóknina, en verði ákærða dæmt að greiða sakarkostnað, skal í dómi kveða á um hæfilegan málssóknarkostnað, sem renni í ríkissjóð. Að öðru leyti vísast um þetta atriði til hinna almennu athugasemda við frumvarp þetta.

Um 41. gr.

Hér er kveðið á um skyldu saksóknara til að sækja öll opinber mál í Hæstarétti. Þetta starf verður saksóknari sjálfur að inna af hendi, nema svo sé ástatt sem segir í 7. gr. frumvarpsins. Þá skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann í hans stað.

Um 44. og 45. gr.

Þar sem breyta þurfti ákvæðum 186. og 187. gr. laga nr. 27/1951 vegna hins fyrirhugaða saksóknara, þótti um leið rétt að færa refsiákvæði gr. til samræmis við 159. gr. sömu laga.

Um 52. gr.

Rétt þykir, að ætlaður sé nokkur frestur, þar til ákvæði frumvarpsins um saksóknara og störf hans komi til framkvæmdar.

Nd. 386. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 22 3. maí 1955, um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

30. gr. laganna orðist svo:

Um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 24. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 27 frá 5. marz 1951.

2. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 3. gr. komi orðin: saksóknara ríkisins.
2. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 6. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
4. Í stað orðsins „ráðherra“ í 7. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

3. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málslið 2. málsgr. 5. gr. komið orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. málslið 2. málsgr. sömu gr. komi orðið: Saksóknari.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknari.

4. gr.

1. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. málsgr. 6. gr. komi orðið: saksóknari.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 3. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.
3. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 4. málsgr. sömu gr. komi orðið: saksóknara.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, þar sem gert er ráð fyrir stofnun nýs embættis, saksóknara ríkisins. Ef það frumvarp verður að lögum, þykir eðlilegt, að ákvarðanir varðandi skilorðsbundna frestun ákæru og atriði, sem snerta skilorðsdóma, verði lögð í hendur saksóknara, sem vegna starfs síns að rannsókn mála verður sérstaklega kunnugur þeim málefnum, sem hér að lúta.

Nd. 387. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 26. gr. komi orðið: Saksóknari ríkisins.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, þar sem gert er ráð fyrir stofnun nýs embættis, saksóknara ríkisins. Ef það frumvarp verður að lögum, er nauðsynlegt að gera þá breytingu á lögum nr. 57/1956, um prentrétt, sem í frumvarpi þessu greinir.

Nd. 388. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 4. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 5. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 6. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar. 7. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 8. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 9. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarbraut. 10. Þá lína í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar. 11. Þaðan í Lækjarbotna. 12. Þá í Gráhellu. 13. Þaðan í miðjan Ketshelli. 14. Eftir Selvogsmannaeða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 15. Þaðan bein lína í Markraka. 16. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 17. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns. 18. Með norðurbrún Kapelluhrauns að Keflavíkurvegi. 19. Meðfram Keflavíkurvegi suður fyrir Kapelluhraun til sjávar.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

Alþingi, 16. apríl 1959.

Pétur Pétursson, form., frsm.
Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Bjarni Benediktsson.
Gunnar Jóhannsson, með fyrirvara.
Björn Ólafsson.

Ed. 389. Lög [117. mál]

um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 328.

Ed. 390. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 329.

Sþ. 391. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá fjárveitinganefnd

1.	Við 10. gr.	I. 2. d. II. (Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins).		
		a. Við 1. (Grunnlaun).		
		Fyrir „766 773“ kemur		811 188
		b. Við 2. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „636 422“ kemur		673 286
2.	— 10. —	I. 2. i. (Viðskiptamálaráðuneytið).		
		a. Við 1. (Grunnlaun).		
		Fyrir „160 965“ kemur		204 435
		b. Við 2. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „133 599“ kemur		169 678
3.	— 10. —	I. 3. a. (Ríkisféhirzla og ríkisbókhald).		
		a. Við 1. (Grunnlaun).		
		Fyrir „704 651“ kemur		717 251
		b. Við 2. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „584 853“ kemur		595 318

4. Við 10. gr. II. 2. b. (Sendiráðið í Stokkhólmi, laun annarra starfsmanna).
   Fyrir „67 000“ kemur 76 300
5. — 10. — II. 31. Nýr liður:
   Tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna .. 10 000
6. — 11. — A. 3. a. (Borgarfógetaembættið).
   a. Við 1. (Grunnlaun).
   Fyrir „438 998“ kemur 446 534
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
   Fyrir „359 882“ kemur 366 136
7. — 11. — A. 7. b. (Embætti sýslumanna og bæjarfógeta, skrifstofukostnaður).
   a. Við 1. (Grunnlaun).
   Fyrir „2 666 126“ kemur 2 678 581
   b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
   Fyrir „2 183 201“ kemur 2 193 539
8. — 11. — A. 9. l. Nýr liður:
   Til löggæzlu í Grindavíkurhreppi 15 000
9. — 11. — B. II. b. 1. (Skattstofan í Reykjavík).
   a. Við a. (Grunnlaun).
   Fyrir „1 132 422“ kemur 1 297 386
   b. Við b. (Verðlagsuppbót).
   Fyrir „939 910“ kemur 1 076 830
10. — 12. — XXIX. Nýr liður:
   Til hælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði .. 100 000
11. — 12. — IV. A. 3. (Landsspítalinn). Nýr liður:
   Til áhaldakaupa í röntgendeild 63 000
12. Við 13. gr. A. II. a. Liðurinn orðist svo:
   Til nýrra akvega:

1.	Hafnavegur	70 000
2.	Grindavíkurvegur	80 000
3.	Eyrarfjallsvegur	50 000
4.	Kjósarskarðsvegur	110 000
5.	Skorradalsvegur	110 000
6.	Mófellsstaðavegur	20 000
7.	Lundarreykjadalsvegur	70 000
8.	Skálpastaðavegur	55 000
9.	Flókadalsvegur	50 000
10.	Reykdælavegur	95 000
11.	Hálsasveitarvegur	60 000
12.	Svínadalsvegur	60 000
13.	Melasveitarvegur	20 000
14.	Hvalfjarðarvegur	250 000
15.	Hvítársíðuvegur	110 000
16.	Þverárhlíðarvegur	65 000
17.	Varmalandsvegur	40 000
18.	Ferjubakkavegur	50 000
19.	Álftanesvegur	20 000
20.	Álftárósvegur	60 000
21.	Grímsstaðavegur	80 000
22.	Sauravegur	20 000
23.	Hraunhreppsvegur	150 000
24.	Hítarnesvegur	20 000
25.	Hnappadalsvegur	10 000

26.	Kolviðarnesvegur	10 000
27.	Skógarnesvegur	25 000
28.	Ölkelduvegur	10 000
29.	Lýsuhólsvegur	30 000
30.	Ólafsvíkurvegur	50 000
31.	Útnesvegur	170 000
32.	Fróðárhreppsvegur	20 000
33.	Eyrarsveitarvegur	280 000
34.	Framsveitarvegur	45 000
35.	Helgafellssveitarvegur	50 000
36.	Borgarlandsvegur	10 000
37.	Skógarstrandarvegur	130 000
38.	Langadalsvegur	10 000
39.	Heydalsvegur	150 000
40.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
41.	Vesturlandsvegur	185 000
42.	Miðdalavegur (fyrir ofan Fell)	30 000
43.	Haukadalsvegur	80 000
44.	Hörðudalsvegur	25 000
45.	Laxárdalsvegur	60 000
46.	Lauga- og Sælingsdalsvegur	20 000
47.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	185 000
48.	Efribyggðarvegur á Fellsströnd	30 000
49.	Staðarhólsvegur	30 000
50.	Gautsdalsvegur	30 000
51.	Reykhólavegur	90 000
52.	Gufudalsvegur	70 000
53.	Bæjar- og Svínanesvegur	90 000
54.	Fjarðarhlíðarvegur	90 000
55.	Litlanesvegur	45 000
56.	Barðastrandarvegur	90 000
57.	Rauðasandsvegur	80 000
58.	Örlygshafnarvegur	90 000
59.	Kollsvíkurvegur	90 000
60.	Bíldudalsvegur	90 000
61.	Hvammseyrarvegur	65 000
62.	Tálknafjarðarvegur	35 000
63.	Suðurfjarðavegur	50 000
64.	Dalahreppsvegur	50 000
65.	Suðureyrarvegur	80 000
66.	Flateyrarvegur	50 000
67.	Önundarfjarðarvegur	100 000
68.	Ingjaldssandsvegur	150 000
69.	Lokinhamravegur	50 000
70.	Álftamýrarvegur	20 000
71.	Mosdalsvegur	40 000
72.	Þingeyrarvegur	30 000
73.	Dýrafjarðarvegur	30 000
74.	Vestfjarðavegur	400 000
75.	Fjarðavegur	110 000
76.	Jökulfjarðavegur	15 000
77.	Snæfjallastrandarvegur	140 000
78.	Ögurvegur	400 000

79.	Vatnsfjarðarvegur	130 000
80.	Reykjarfjarðarvegur	250 000
81.	Selstrandarvegur	90 000
82.	Strandavegur	300 000
83.	Vesturárdalsvegur	30 000
84.	Austursíðuvegur	110 000
85.	Austurárdalsvegur	60 000
86.	Miðfjarðarvegur	15 000
87.	Vatnsnesvegur	85 000
88.	Hlíðardalsvegur	30 000
89.	Þorgrímsstaðadalsvegur	15 000
90.	Fitjavegur	35 000
91.	Víðidalsvegur	50 000
92.	Vatnsdalsvegur að austan	220 000
93.	Bugsvegur	50 000
94.	Svínadalsvegur	30 000
95.	Skagastrandar- og Skagavegur	50 000
96.	Reykjabraut	30 000
97.	Svartárdalsvegur	120 000
98.	Skagavegur	70 000
99.	Reykjastrandarvegur	40 000
100.	Sæmundarhlíðarvegur	40 000
101.	Skagafjarðarvegur	70 000
102.	Vesturdalsvegur	30 000
103.	Austurdalsvegur	40 000
104.	Efribyggðarvegur	60 000
105.	Hólavegur	60 000
106.	Hofsósvegur	60 000
107.	Siglufjarðarvegur	210 000
108.	Flókadalsvegur eystri	10 000
109.	Flókadalsvegur vestri	25 000
110.	Siglufjarðarvegur ytri	500 000
111.	Múlavegur	200 000
112.	Ólafsfjarðarvegur	85 000
113.	Ólafsfjarðarvegur eystri	40 000
114.	Hrísavegur	50 000
115.	Hörgárdalsvegur ytri	25 000
116.	Hörgárdalsvegur innri	35 000
117.	Vatnsendavegur	95 000
118.	Djúpadalsvegur	75 000
119.	Laugalandsvegur	25 000
120.	Svalbarðsstrandarvegur	50 000
121.	Fnjóskadalsvegur í Grýtubakkahreppi	160 000
122.	Fnjóskadalsvegir í Hálshreppi	220 000
123.	Bárðardalsvegur eystri	70 000
124.	Bárðardalsvegur vestri	55 000
125.	Út-Kinnarvegur	20 000
126.	Austurhlíðarvegur	25 000
127.	Laxárdalsvegur	25 000
128.	Tjörnesvegur	50 000
129.	Þingeyjarsýslubraut milli byggða	180 000
130.	Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	200 000
131.	Hólsfjallavegur	75 000

132.	Öxarfjarðarheiðarvegur vestan heiðar ..		15 000
133.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		80 000
134.	Þistilfjarðarvegur		90 000
135.	Langanesvegur utan heiðar (Skoruvíkurvegur)		80 000
136.	Bakkafjarðarvegur		30 000
137.	Sandvíkurheiði		160 000
138.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Strandhafnarvegur	20 000	
	b. Strandavegur	20 000	
	c. Vesturdalsvegur	10 000	
	d. Fjallasíðuvegur	30 000	
	e. Sunnudalsvegur	120 000	
			200 000
139.	Jökuldalsvegur efri		40 000
140.	Jökuldalsvegur eystri		90 000
141.	Jökulsárhlíðarvegur		30 000
142.	Hróarstunguvegur nyrðri		35 000
143.	Hróarstunguvegur eystri		25 000
144.	Hróarstunguvegur austan Lagarfljóts ..		20 000
145.	Kirkjubæjarvegur		25 000
146.	Fellavegur efri		25 000
147.	Fljótsdalsvegur		90 000
148.	Hjaltastaðavegur		20 000
149.	Borgarfjarðarvegur		80 000
150.	Hólalandsvegur		40 000
151.	Seyðisfjarðarvegur nyrðri		80 000
152.	Seyðisfjarðarvegur eystri		10 000
153.	Fjarðarheiðarvegur		150 000
154.	Austurlandsvegur		270 000
	Þar af til Fagradalsbrautar 85 þús. kr.		
155.	Skógavegur		65 000
156.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal		35 000
157.	Mjóafjarðarvegur		80 000
158.	Eskifjarðarvegur		30 000
159.	Vaðlavíkurvegur		15 000
160.	Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi		60 000
161.	Vattarnesvegur		15 000
162.	Fáskrúðsfjarðarvegur		110 000
163.	Stöðvarfjarðarvegur		260 000
164.	Breiðdalsvegur		60 000
165.	Breiðdalsvegur syðri		30 000
166.	Breiðdalsvíkurvegur		30 000
167.	Norðurdalsvegur		30 000
168.	Berufjarðarvegur		95 000
169.	Geithellnavegur		95 000
170.	Dalavegur í Fáskrúðsfirði		15 000
171.	Lónsheiðarvegur		270 000
172.	Hvalnesvegur		10 000
173.	Almannaskarðsvegur		115 000
174.	Mýravegur		75 000
175.	Suðursveitarvegur		75 000
176.	Öræfavegur		80 000

177.	Síðu- og Fljótshverfisvegur	75 000	
178.	Landbrotsvegur syðri	150 000	
179.	Meðallandsvegur	75 000	
180.	Búlandsvegur	30 000	
181.	Álftaversvegur	40 000	
182.	Mýrdalsvegur	90 000	
183.	Ásvegur	60 000	
184.	Hamravegur	25 000	
185.	Vetleifsholtsvegur	50 000	
186.	Heiðarvegur	160 000	
187.	Þykkvabæjarvegur	50 000	
188.	Landvegur	50 000	
189.	Árbæjarvegur	50 000	
190.	Gunnarsholtsvegur	45 000	
191.	Rangárvallavegur efri	45 000	
192.	Móheiðarhvolsvegur	10 000	
193.	Bakkabæjavegur	50 000	
194.	Út-Landeyjavegur	20 000	
195.	Landeyjavegur syðri	50 000	
196.	Oddavegur	20 000	
197.	Hólmavegur	25 000	
198.	Fljótshlíðarvegur	10 000	
199.	Skálavegur	100 000	
200.	Gnúpverjahreppsvegur	40 000	
201.	Langholtsvegur	65 000	
202.	Auðsholtsvegur	25 000	
203.	Gullfossvegur	40 000	
204.	Laugardalsvegur	100 000	
205.	Grafningsvegur	60 000	
206.	Sólheimavegur	75 000	
207.	Partavegur	25 000	
208.	Hamarsvegur	20 000	
209.	Þorlákshafnarvegur	100 000	
			15 980 000

13. Við 13. gr. A. II. c. Nýr liður:

Til millibyggðavega:

1.	Austurvegur	1 500 000	
2.	Hvalfjarðarvegur	300 000	
3.	Fróðárhreppsvegur (Búlandshöfði)	200 000	
4.	Heydalsvegur	200 000	
5.	Vestfjarðavegur	700 000	
6.	Siglufjarðarvegur ytri	200 000	
7.	Múlavegur	200 000	
8.	Norðurlandsvegur	400 000	
9.	Fnjóskadalsvegur (Dalsmynni)	200 000	
10.	Tjörnesvegur	200 000	
11.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	100 000	
12.	Vopnafjarðarvegur	100 000	
13.	Austurlandsvegur vestan Lagarfljóts	300 000	
14.	Austurlandsvegur austan Lagarfljóts	500 000	
15.	Mýrdalssandsvegur	100 000	
			5 200 000
	÷ Vegagjald af benzíni		5 200 000

14. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:			
1.	Hornsá, Borgarfjarðarsýslu	250 000	
2.	Norðurá hjá Króki, Mýrasýslu	380 000	
3.	Hítará á Stykkishólmsvegi, Snæfellsnessýslu	250 000	
4.	Flekkudalsá, Dalasýslu	65 000	
5.	Tungnaá, Dalasýslu	245 000	
6.	Bakkaá í Gautsdal, Barðastrandarsýslu	60 000	
7.	Þverá í Vattarfirði, Barðastrandarsýslu	195 000	
8.	Þverdalsá á Vestfjarðavegi	430 000	
9.	Selá í Selárdal, Barðastrandarsýslu	285 000	
10.	Heydalsá á Ögurvegi, Norður-Ísafjarðarsýslu	150 000	
11.	Reykjarfjarðará, Strandasýslu	200 000	
12.	Vesturá í Vesturdal, Vestur-Húnavatnssýslu	310 000	
13.	Svartá í Svartárdal, Austur-Húnavatnssýslu	210 000	
14.	Svartá í Svartárdal, Skagafjarðarsýslu	100 000	
15.	Hjaltadalsá, Skagafjarðarsýslu	570 000	
16.	Djúpá, Suður-Þingeyjarsýslu	150 000	
17.	Laxá í Laxárdal, Suður-Þingeyjarsýslu	100 000	
18.	Tungnaá í Þistilfirði, Norður-Þingeyjarsýslu	215 000	
19.	Fuglabjargaá, Norður-Múlasýslu	230 000	
20.	Sauðá hjá Möðrudal á Austurlandsvegi	320 000	
21.	Fjarðará í Loðmundarfirði, Norður-Múlasýslu	100 000	
22.	Haugá í Skriðdal, Suður-Múlasýslu	310 000	
23.	Selá hjá Starmýri, Suður-Múlasýslu	100 000	
24.	Smyrlabjargaá, Austur-Skaftafellssýslu	325 000	
25.	Fjallsá í Öræfum, Austur-Skaftafellssýslu	350 000	
26.	Skaftá hjá Skaftárdal, Vestur-Skaftafellssýslu	200 000	
27.	Háfsós, Rangárvallasýslu	100 000	
28.	Fossá í Hreppum, Árnessýslu	170 000	
29.	Dalsá í Hreppum, Árnessýslu	265 000	
30.	Virkjanabrýr, Vestur-Ísafjarðarsýslu og Suður-Múlasýslu	320 000	
31.	Smábrýr	3 000 000	
			9 955 000

15. — 13. — A. IV. Textinn orðist svo:
Til endurbyggingar gamalla brúa.

16. — 13. — A. VIII. Liðurinn orðist svo:

Til ræktunarvega:			
1.	Í Vestmannaeyjum	30 000	
2.	Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
3.	Í Flatey á Skjálfanda	10 000	
4.	Í Grímsey	10 000	
5.	Í Hrísey	8 000	
			68 000

17. — 13. — B. II. Nýr liður:
Styrkur til byggingar Norðurlandsflóabáts (fyrri greiðsla) 250 000

18. Við 13. gr. C. IX. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:

1.	Akranes	900 000
2.	Akureyri	400 000
3.	Akureyri, dráttarbraut	100 000
4.	Arnarstapi	50 000
5.	Bakkafjörður	100 000
6.	Blönduós	100 000
7.	Bolungavík	400 000
8.	Breiðdalsvík	150 000
9.	Brjánslækur	50 000
10.	Búðareyri	50 000
11.	Dalvík	300 000
12.	Djúpivogur	200 000
13.	Eskifjörður	100 000
14.	Eyrarbakki	100 000
15.	Flatey á Skjálfanda	50 000
16.	Gerðavör	50 000
17.	Grafarnes	400 000
18.	Grunnavík	50 000
19.	Hafnarfjörður	500 000
20.	Hafnir	150 000
21.	Hauganes	100 000
22.	Hellissandur	250 000
23.	Hjarðardalur	70 000
24.	Hnífsdalur	150 000
25.	Hofsós	200 000
26.	Hólmavík	450 000
27.	Hrísey	100 000
28.	Húsavík	350 000
29.	Hvammstangi	50 000
30.	Höfn í Hornafirði	100 000
31.	Ísafjörður	200 000
32.	Járngerðarstaðir	250 000
33.	Keflavík	300 000
34.	Kópasker	200 000
35.	Kópavogur	200 000
36.	Króksfjarðarnes	30 000
37.	Loðmundarfjörður	15 000
38.	Neskaupstaður	400 000
39.	Norðurfjörður	15 000
40.	Ólafsfjörður	200 000
41.	Ólafsvík	450 000
42.	Patreksfjörður	100 000
43.	Raufarhöfn	100 000
44.	Rif	700 000
45.	Sandgerði	300 000
46.	Seyðisfjörður	50 000
47.	Siglufjörður	200 000
48.	Skagaströnd	150 000
49.	Skarðsstöð	100 000
50.	Staður á Reykjanesi	50 000
51.	Stykkishólmur	200 000
52.	Tálknafjörður	100 000

53. Vestmannaeyjar 500 000
54. Vogar 100 000
55. Vopnafjörður 150 000
56. Þingeyri 100 000
57. Þorlákshöfn 500 000
58. Þórshöfn 350 000
59. Ýmsar lendingarbætur eftir ákvörðun vita- og hafnarmálastjórnarinnar 75 000

12 105 000

19. Við 13. gr. D. I. a. (Stjórn flugmála, laun).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „383 130“ kemur 385 335
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „266 674“ kemur 268 504

20. — 13. — D. IV. a. (Aðrir flugvellir og sjóflughafnir).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „83 160“ kemur 111 825
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „69 022“ kemur 92 813

21. — 13. — E. 1. B. (Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli).
a. Við c. (Þóknun veðurathuganamanna).
Fyrir „327 000“ kemur 345 000
b. Við d. (Annar kostnaður).
Fyrir „750 000“ kemur 766 000

22. — 13. — E. 1. E. (Áhaldadeild veðurþjónustunnar).
a. Við c. (Veðurathugunaráhöld).
Fyrir „125 000“ kemur 133 000
b. Við d. (Annar kostnaður).
Fyrir „110 000“ kemur 149 000

23. — 13. — F. I. 5. (Upplýsingaskrifstofa á Akureyri).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000

24. — 14. — A. I. a. (Háskólinn).
a. Við 16. (Eðlisfræðirannsóknir).
Fyrir „212 000“ kemur 312 000
b. Við 19. (Fasteignagjöld og tryggingar).
Fyrir „45 000“ kemur 72 000

25. — 14. — A. VIII. a. (Vélskólinn, laun).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „215 460“ kemur 225 540
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „178 830“ kemur 187 198

26. — 14. — A. X. 22. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:
a. Skólahús í smíðum:
1. Reykjavík, Breiðagerðisskóli 1 241 250
2. Reykjavík, Haga- og Voga-skóli 1 000 000
3. Reykjavík, Hamrahlíðarskóli 300 000
4. Keflavík, íþróttahús 81 250
5. Kópavogur, Kársnesskóli, 1. áfangi 128 500
6. Kópavogur, Digranesskóli .. 250 000

7.	Kópavogur, Kársnesskóli, 2. áfangi	350 000	
8.	Ísafjörður, íþróttahús	65 000	
9.	Siglufjörður	170 000	
10.	Akureyri	162 250	
11.	Húsavík	641 250	
12.	Seyðisfjörður	60 000	
13.	Njarðvíkur	288 000	
14.	Garðaskólahverfi	236 100	
15.	Kjalarnesskóli	15 750	
16.	Kjósarskóli	58 250	
17.	Varmaland I	51 750	
18.	Varmaland II (sundlaug)	190 000	
19.	Hvammsskóli	230 000	
20.	Reykhólar	110 000	
21.	Patreksfjörður	325 000	
22.	Rafnseyri	170 000	
23.	Suðureyri	200 000	
24.	Mosvallaskóli	18 250	
25.	Súðavík	45 000	
26.	Skagaströnd	200 000	
27.	Lýtingsstaðaskólahverfi	91 500	
28.	Dalvík	99 000	
29.	Svarfaðardalur	34 000	
30.	Aðaldalsskólahverfi	19 750	
31.	Keldunesskólahverfi	150 000	
32.	Torfastaðir	29 000	
33.	Eiðar	300 750	
34.	Egilsstaðir	44 500	
35.	Breiðdalur	70 000	
36.	Höfn í Hornafirði	192 500	
37.	Austur-Eyjafjallaskólahverfi	133 500	
38.	Holta-, Ása- og Landmannaskóli	656 250	
39.	Biskupstungur	159 375	
40.	Seyðisfjörður, íþróttahús	58 333	
41.	Sandgerði	200 000	
42.	Hvammstangi	110 000	
43.	Bárðardalur	115 000	
44.	Reyðarfjörður	146 000	
45.	Hafnarfjörður, viðb.	80 000	
46.	Vestmannaeyjar	442 500	
47.	Kleppjárnsreykir	564 500	
48.	Grafarnes	137 500	
49.	Vopnafjörður	22 500	
50.	Nesjaskólahverfi	298 750	
51.	Seltjarnarnes	459 500	
			11 208 308

b.	Ný skólahús:		
1.	Reykjavík, Laugalækjarskóli	200 000	
2.	Hafnarfjörður	150 000	
3.	Brúarland	100 000	
4.	Bíldudalur	50 000	

5. Mývatnssveit	100 000		
6. Þorlákshöfn	50 000		
7. Borgarfjörður sunnan heiðar	100 000		
		750 000	
c. Skólastjórabústaðir í smíðum:			
1. Kjalarnes	16 250		
2. Höfn í Hornafirði	30 202		
3. Bolungavík	30 750		
4. Vík í Mýrdal	56 250		
		133 452	
d. Nýir skólastjórabústaðir:			
1. Eskifjörður	100 000		
2. Blönduós	50 000		
		150 000	
e. Skólabíll í Ölfusi		36 000	
f. Ýmsir skólar, sem voru í smíðum 1946—1954 (lokaframkvæmdir)		200 000	
			12 477 760

27. Við 14. gr. A. XI. 8. f. (Héraðsskólinn á Laugarvatni). Nýr liður:
Til útgáfu afmælisrits vegna 30 ára afmælis skólans .. 15 000

28. — 14. — A. XI. 27. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:

a. Skólahús í smíðum:			
1. Reykjavík, Réttarholt	433 250		
2. Reykjavík, Austurbær	117 500		
3. Stykkishólmur, heimavist	329 250		
4. Ísafjörður, íþróttahús	60 000		
5. Siglufjörður	160 000		
6. Akureyri	122 000		
7. Vestmannaeyjar	108 500		
8. Reykholt	353 250		
9. Núpur	120 000		
10. Reykjanes	80 000		
11. Reykir	371 500		
12. Laugar	71 500		
13. Skógar	265 000		
14. Laugarvatn	314 939		
15. Eiðar	136 500		
16. Akranes	800 000		
17. Neskaupstaður	256 666		
18. Kópavogur	387 500		
		4 487 355	
b. Ný skólahús:			
1. Keflavík	100 000		
2. Reykjavík, Vogaskóli	200 000		
3. Laugar (endurb.)	100 000		
		400 000	
			4 887 355

29. — 14. — A. XVI. Textinn orðist svo:
Styrkur til heimavistarskóla áfengisvarnarnefndar kvenna að Hlaðgerðarkoti eða annarra hliðstæðra ráðstafana, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi frá Reykjavíkurbæ.

30. Við 14. gr. A. XXVI. (Jöklarannsóknarfélag Íslands).
Fyrir „30 000“ kemur 40 000
31. — 14. — A. XXX. (Lektorar í íslenzku við erlenda háskóla).
Fyrir „50 000“ kemur 75 000
32. — 14. — B. II. (Þjóðskjalasafnið).
a. Við 1. a. (Grunnlaun).
Fyrir „254 316“ kemur 275 625
b. Við 2. a. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „211 078“ kemur 228 768
c. Við 3. Nýr liður:
Til æviskrárritunar 5 000
33. — 14. — B. III. 10. (Þjóðminjasafnið). Nýr liður:
Til þjóðfræðasöfnunar 30 000
34. — 14. — B. IX. 2. (Safnahúsið, hiti, ljós og opinber gjöld).
Fyrir „80 000“ kemur 106 000
35. — 14. — B. X. b. 6. (Lesstofa sjómannaheimilis á Siglufirði).
Fyrir „5 000“ kemur 10 000
36. — 14. — B. XI. 26. (Íslenzk orðabók).
Fyrir „150 000“ kemur 225 000
37. — 14. — B. XI. 29. Nýr liður:
Til norræna félagsins vegna dvalarkostnaðar nemenda frá Norðurlöndum 14 000
38. — 14. — B. XI. 30. Nýr liður:
Til stúdentaráðs vegna námskeiðs í íslenzku máli og bókmenntum fyrir norræna stúdenta 40 000
39. — 14. — B. XI. 39. (Menningarsaga Norðurlanda).
Fyrir „25 000“ kemur 30 000
40. — 14. — B. XI. 40. Nýr liður:
Til séra Jóns Guðnasonar til útgáfu á æviskrám Dalamanna 10 000
41. — 14. — B. XXXV. 1. (Leikfélag Reykjavíkur).
a. Fyrir „70 000“ kemur 100 000
b. Nýr liður:
Til ungmennafélagsins Aftureldingar 8 000
42. — 14. — XXXV. 4. Nýr liður:
Til ungmennafélagsins Snæfells 8 000
43. — 14. — B. XXXVI. (Bandalag ísl. leikfélaga).
Fyrir „110 000“ kemur 125 000
44. — 14. — B. XXXVIII. (Söng- og tónlistarnám erlendis).
Fyrir „70 000“ kemur 78 000
45. — 14. — B. LII. Nýr liður:
Til söng- og óperuskólans í Reykjavík 15 000
46. — 14. — B. LX. (Æviskrár Vestur-Íslendinga).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
47. — 14. — B. LXXV. Nýr liður:
Til að reisa höggmynd af Ingólfi Arnarsyni í Rivedal í Noregi 100 000
48. — 15. — IV. (Til eflingar kirkjusöngs).
Fyrir „25 000“ kemur 45 000
49. — 16. — A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „2 828 700“ kemur 2 978 700
50. — 16. — A. 7. (Verkfæranefnd).
Fyrir „160 000“ kemur 200 000

51.	Við 16. gr.	24.	Í stað liðarins koma nýir liðir:	
			a. Til sjóvarnargarðs við Álftanes	100 000
			b. Til sjóvarnargarðs á Akranesi	100 000
			c. Til sjóvarnargarðs í Búðardal	30 000
			d. Til sjóvarnargarðs í Bessastaðaósi	100 000
			e. Til sjóvarnargarðs í Borgarfirði eystra	25 000
			f. Til sjóvarnargarðs í Borgarnesi	50 000
			g. Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka	100 000
			h. Til sjóvarnargarðs á Flateyri	250 000
			i. Til sjóvarnargarðs í Gerðum	50 000
			j. Til sjóvarnargarðs á Grenivík	55 000
			k. Til sjóvarnargarðs í Ólafsvík	100 000
			l. Til sjóvarnargarðs á Seltjarnarnesi	100 000
			m. Til sjóvarnargarðs við Eiðið í Vestmannaeyjum	300 000
52.	— 16. —	A.	25. Nýir liðir:	
			a. Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum	40 000
			b. Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum	40 000
53.	— 16. —	A.	45. Nýr liður:	
			Til Baldvins Jónssonar vegna dúnhreinsunartækja	80 000
54.	— 16. —	A.	46. b. 10. (Bændaskólinn á Hvanneyri framhaldsdeild).	
			Fyrir „150 000“ kemur	200 000
55.	— 16. —	A.	47. a. 4. (Húsmæðraskólinn að Varmalandi). Nýr liður:	
			Til viðgerðar á hitaveitu	25 000
56.	— 16. —	A.	49. (Heimilisiðnaðarfélag Íslands).	
			Fyrir „18 000“ kemur	25 000
57.	— 16. —	B.	1. (Fiskifélag Íslands).	
			Fyrir „2 817 000“ kemur	2 967 000
58.	— 16. —	B.	14. a. 1. b. (Fiskmat). Nýr liður:	
			Aukavinna	56 100
59.	— 16. —	B.	14. b. 1. b. (Síldarmat). Nýr liður:	
			Aukavinna	4 675
60.	— 16. —	C.	7. Nýir liðir:	
			a. Styrkur til byggingar iðnskólans í Hafnarfirði	50 000
			b. Styrkur til byggingar iðnskólans á Selfossi	50 000
61.	— 16. —	D.	XI. 6. (Rekstrarkostnaður jarðbors).	
			Fyrir „3 700 00“ kemur	5 000 000
62.	— 16. —	D.	XI. 7. Nýr (rómv.) liður:	
			Til vatnsmiðlunar við Tungulæk í Landbroti	10 000
63.	— 16. —	E.	II. 5. (Heymjölsverksmiðja).	
			Fyrir „80 000“ kemur	100 000
64.	— 16. —	E.	IV. 1. (Verzlunarskólinn).	
			Fyrir „440 000“ kemur	550 000
65.	— 16. —	E.	IV. 2. (Samvinnuskólinn).	
			Fyrir „320 000“ kemur	370 000
66.	— 17. —	I.	4. Nýr liður:	
			Til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi Vestmannaeyjakaupstaðar	150 000
67.	— 17. —	IV.	1. (Almannatryggingar).	
			Fyrir „54 100 000“ kemur	58 600 000
68.	— 17. —	V.	1. f. (Styrkur til sjúklinga).	
			Fyrir „25 497 200“ kemur	26 192 112

69. Við 17. gr. V. 3. b. Liðurinn orðist svo:
Til níu elliheimila utan Reykjavíkur, 40 þús. kr. til hvers 360 000
70. — 17. — V. 5. Nýr liður:
Til Björns Pálssonar til sjúkraflugs 100 000
71. — 17. — V. 9. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til barnaheimilis Vorboðans í Rauðhólum 25 000
72. — 17. — V. 10. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til Blindrafélagsins í Reykjavík 50 000
73. — 17. — V. 13. c. Nýr liður:
Til barnaheimilisins Sólheimum í Grimsnesi 50 000
74. — 17. — V. 17. a. Nýr liður:
Til Ungmennafélags Íslands til skógræktar í Þrastaskógi 15 000
75. — 17. — V. 17. b. (Bandalag ísl. skáta).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000
76. — 17. — V. 17. c. Nýr liður:
Til Æskulýðsráðs Íslands 15 000
77. — 19. — Í stað textans komi:
Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:
1. Launauppbætur að frádregnum vísitölulækkunum .. 17 200 000
2. Til óvissra útgjalda 6 500 000
78. — 20. — Út. V. (Til ræktunar á jörðum ríkisins).
Fyrir „135 000“ kemur 200 000
79. — 20. — Út. XIX. Nýr liður:
Til bygginga á skólajörðinni Eiðum 100 000
80. — 22 — IV. Í stað „10 blindum mönnum“ komi: 20 blindum mönnum.
81. — 22. — IX. Nýir liðir:
a. Að heimila Áfengisverzlun ríkisins að greiða Niels Örum Nielsen, Helga Jónassyni, Jóhannesi Björnssyni, Ingunni Kjartansdóttur, Magnúsi Sigurðssyni og Helga Jónssyni viðbótareftirlaun, þannig að ásamt lífeyrissjóðsgreiðslu séu eftirlaun þeirra jöfn fullum lífeyrissjóðsgreiðslum, frá því er þau láta af störfum.
b. Að ábyrgjast greiðslu úr ríkissjóði á ¼ hluta þeirra áfalla, sem lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna kann að verða fyrir vegna aðildar eftirtalinna verzlunarskólakennara að lífeyrissjóðnum: Jóns Gíslasonar, Þorsteins Bjarnasonar, Gísla Ásmundssonar og Sigurðar Guðjónssonar.
82. — 22. — X. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir síldarverksmiðjur ríkisins til að koma upp soðvinnslutækjum við síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.
83. — 22. — XI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar á Krossanesi við Eyjafjörð vegna kaupa á heilmjölsvinnslutækjum.
84. — 22. — XII. Nýr liður:
Að ábyrgjast 200 þús. kr. lán fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f til smíði báta úr „Deborine“-efni.
85. — 22. — XIV. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. rekstrarlán til Sementsverksmiðju ríkisins.
b. Að ábyrgjast fyrir stjórn stúdentagarðanna í Reykjavík allt að 200 þús. kr. lán til endurbóta á stúdentagörðunum.

86. Við 22. gr. XV. Aftan við liðinn bætist:
svo og aðflutningsgjald af sendiferðabifreið fyrir Blindravinafélag Íslands.

87. — 22. — XXIV. Nýr liður:
Að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi.

88. — 22. — XXIX. Nýr liður:
Að lána Bjargráðasjóði Íslands 1.5 millj. kr. til að aðstoða bændur við kjarnfóðurkaup vegna óþurrkanna s. l. sumar.

89. — 22. — XXXII. Nýr liður:
Að taka til viðbótar þeim lánum, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 94/1956, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1957, lán, er nemi allt að 14.5 millj. kr., og endurlána eigendum skipa þeirra, er þar um ræðir, með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður.

Nd. 392. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Karli Guðjónssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 2. gr. Framan við greinina bætist:

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna í þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa.

Sþ. 393. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959 og við brtt. á þskj. 391.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 1. (Tekju- og eignarskattur).
Fyrir „130 000 000“ kemur 145 000 000

2. — 2. — 2. (Vörumagnstollur).
Fyrir „35 000 000“ kemur 36 000 000

3. — 2. — 3. (Verðtollur).
Fyrir „270 000 000“ kemur 290 000 000

4. — 2. — 4. (Innflutningsgjald af benzíni).
Fyrir „17 000 000“ kemur 18 000 000

5.	Við 2. gr.	6. (Tekjur samkvæmt lögum um útflutningssjóð o. fl.). Liðurinn fellur niður.	
6.	— 2. —	9. (Aukatekjur). Fyrir „12 500 000“ kemur	13 500 000
7.	— 2. —	10. (Stimpilgjald). Fyrir „23 000 000“ kemur	25 000 000
8.	— 2. —	14. (Söluskattur). Fyrir „145 000 000“ kemur	150 000 000
9.	— 2. —	15. (Leyfisgjald). Fyrir „6 500 000“ kemur	7 800 000
10.	— 2. —	15. Nýir liðir: a. Tolla- og skattagreiðslur Sogsvirkjunar	30 000 000
		b. Greiðsluafgangur 1958	25 000 000
11.	— 3. —	A. Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlunin, tekjur). Fyrir „129 535 815“ kemur	150 535 815
12.	— 3. —	A. Sundurliðun. 4. I. (Tóbakseinkasalan, tekjur). Fyrir „88 500 089“ kemur	106 800 089
13.	— 5. —	(Óvissar tekjur). Fyrir „7 000 000“ kemur	10 000 000
14.	— 9. —	1. (Alþingiskostnaður). Fyrir „9 000 000“ kemur	8 500 000
15.	— 10. —	I. 2. m. (Ráðuneytin, annar kostnaður). Fyrir „3 326 000“ kemur	2 826 000
16.	— 11. —	B. I. b. 3. (Tollgæzla). Liðurinn orðist svo: Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar	1 555 378
17.	— 13. —	B. I. (Skipaútgerð ríkisins). Fyrir „16 000 000“ kemur	10 000 000
18.	— 13. —	D. VII. 2. (Flugmálaráðstefnur, ferðakostnaður). Fyrir „280 000“ kemur	160 000
19.	— 13. —	F. II. ÷ Tekjur. (Skipaskoðun ríkisins). Fyrir „600 000“ kemur	1 045 000
20.	— 15. —	XIII. (Framkvæmdir í Skálholti). Fyrir „1 000 000“ kemur	500 000
21.	— 16. —	A. 6. b. (Kaup á jarðræktarvélum). Liðurinn fellur niður.	
22.	— 16. —	B. 14. d. (Mat á sjávarafurðum). Nýr liður: ÷ Tekjur	500 000
23.	— 16. —	C. 7. (Iðnskóli í Reykjavík). Liðurinn fellur niður.	
24.	— 16. —	D. V. (Nýjar raforkuframkvæmdir). Liðurinn fellur niður.	
25.	— 17. —	III. 8. (Framkvæmd orlofslaga). Fyrir „650 000“ kemur	150 000
26.	— brtt. 391,77. 1.	(Við 19. gr. — Óviss útgjöld o. fl.). Nýr liður: Til útflutningssjóðs	154 000 000
27.	— — 391,77. 2.	(Við 19. gr. — Óviss útgjöld o. fl.). Nýr liður: ÷ 5% lækkun á ýmsum fjárfestingarliðum að upphæð samtals 165 950 000 kr.	8 297 500
28.	— 20. gr.	Út. II. (Ríkisábyrgðir). Fyrir „30 000 000“ kemur	20 000 000
29.	— 20. —	Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins). Fyrir „2 300 000“ kemur	1 800 000

30. Við 20. gr. Út. IX. Liðurinn orðist svo:
Til flugvallargerða og flugöryggistækja:

1.	Reykjavíkurflugvöllur	1 250 000
2.	Keflavíkurflugvöllur (blindlendingakerfi)	600 000
3.	Akureyrarflugvöllur	625 000
4.	Egilsstaðaflugvöllur	560 000
5.	Norðfjarðarflugvöllur	300 000
6.	Vestmannaeyjaflugvöllur	600 000
7.	Ísafjarðarflugvöllur	1 200 000
8.	Kópaskersflugvöllur	45 000
9.	Vopnafjarðarflugvöllur	40 000
10.	Húsavíkurflugvöllur	150 000
11.	Flugöryggisþjónusta	700 000
12.	Ýmislegt	50 000
		6 120 000

31. — 20. — Út. XII. 1. (Heimavistarhús við Menntaskólann á Akureyri).
Fyrir „300 000“ kemur 100 000

32. — 20. — Út. XII. 2. (Sjómannaskólinn).
Fyrir „800 000“ kemur 500 000

33. — 20. — Út. XII. 4. (Menntaskólinn í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

34. — 20. — Út. XVIII. (Lögreglustöð á Keflavíkurflugvelli).
Fyrir „360 000“ kemur 260 000

35. — 20. — Út. XX. (Lán til kaupa á dieselrafstöðvum).
Fyrir „405 000“ kemur 205 000

36. — 20. — Út. XXII. Liðurinn orðist svo:
Til atvinnu- og framleiðsluaukningar, eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi 10 000 000

37. — 20. — Út. XXIV. (Bygging stjórnarráðshúss).
Liðurinn fellur niður.

38. — 22. — XXVII. Liðurinn orðist svo:
Að gefa hlutaðeigandi útvegsmönnum eftir þær skuldakröfur, er ríkissjóður eignast á þá fyrir innlausn á lánum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

Ed. 394. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. apríl 1959.

Alfreð Gíslason, form. Karl Kristjánsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Friðjón Þórðarson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. **395. Lög** [89. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 371.

Sþ. **396. Nefndarálit** [21. mál]

um till. til þál. um athugun á aðbúnaði fanga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum og orðið ásátt um afgreiðslu þess.

Í trausti þess, að rík áherzla verði lögð á skjótar úrbætur í fanga- og betrunarhúsmálum þjóðarinnar og að um framkvæmdir verði leitað ráða færustu sérfræðinga, þ. á m. geðlæknis og sálfræðings, leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. apríl 1959.

Benedikt Gröndal, form.	Alfreð Gíslason, frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.
Jón Sigurðsson.	Ásgeir Bjarnason.	Steingr. Steinþórsson.
	Björn Ólafsson.	

Sþ. **397. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Alger samstaða er þó um breytingartillögur þær við gjaldabálk frv., er nefndin flytur sameiginlega á þskj. 391, með þeim fyrirvara, að sumir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til að styðja brtt., er fram kynnu að koma varðandi tiltekna liði. Um breytingar á tekjuliðum frv. og tillögur, sem fluttar voru af hálfu undirritaðra nefndarmanna, varð hins vegar ekki samkomulag. Eru því þær tillögur fluttar á sérstöku þingskjali af fulltrúum Sjálfstfl. og Alþfl., sem mynda 1. minni hl. n., en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins í n. munu skila sérstökum nefndarálitum.

Samkomulag varð um það í n., að í nefndaráliti 1. minni hl. nefndarinnar skyldi gerð grein fyrir vinnubrögðum í n. og þeim till., sem n. flytur sameiginlega.

Fjárlagafrv. var lagt fyrir Alþingi 13. okt. Frv. var vísað til fjárveitinganefndar 22. okt., og hóf nefndin þegar athugun frv. Nefndin hefur alls haldið 60 fundi, hún hefur haft til meðferðar 355 erindi og rætt við forstöðumenn ríkisstofnana og marga aðra, er óskað hafa að flytja mál sín fyrir nefndinni.

Stjórnarskiptin rétt fyrir áramótin seinkuðu eðlilega afgreiðslu fjárlagafrv. í nefndinni. Afgreiðsla fjárlaga hlaut að markast af þeirri stefnu, er mörkuð yrði í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Ljóst var, að víðtækar breytingar yrði að gera á frv., einkum með hliðsjón af því, að það er sameiginleg skoðun Alþfl. og Sjálfstfl., að þrátt fyrir mikla viðbótartekjuþörf vegna aðstoðar við útflutnings-

framleiðsluna beri að afla þeirra tekna án þess að hækka almenna skatta eða tolla. Var því m. a. nauðsynlegt, að fyrir lægju sem nákvæmastar upplýsingar um tekjuhorfur ríkissjóðs á þessu ári. Nefndin hefur haft samráð við ríkisstjórnina um vinnubrögð sín og hraðað störfum, svo sem frekast hefur verið kostur.

Að venju bíða ýmis atriði 3. umr., svo sem athugun á 18. gr. frv. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrk til flóabáta.

Hér verður næst gerð grein fyrir þeim till., sem nefndin flytur sameiginlega.

Um 10. gr.

Nokkru fyrir áramót ákvað fjármálaráðherra, að hækkaðir skyldu í launaflokki sex fulltrúar og bókari í ríkisféhirzlu, ríkisbókhaldi og endurskoðunardeild fjármálaráðuneytis og bætt við einum fulltrúa. Hækka grunnlaun í þessum stofnunum því um rúmar 60 þús. kr. Þá er og bætt við fulltrúa í viðskiptamálaráðuneyti. Er óumflýjanlegt að hækka fjárveitingar til stofnananna sem því nemur.

Lagt er til að veita 10 þús. kr. til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna. Er fjárveiting þessi aðeins lítill samúðarvottur af Íslands hálfu.

Um 11. gr.

Lagt er til að veita 15 þús. kr. til löggæzlu í Grindavík á vertíðum. Er það í samræmi við hliðstæðar fjárveitingar til sambærilegra staða.

Dómsmálaráðuneytið hefur heimilað bæjarfógetanum á Sauðárkróki að ráða að embættinu ritara hálfan daginn. Er óumflýjanlegt að hækka fjárveitingu til embættisins sem því nemur.

Við skattstofuna í Reykjavík hafa 9 starfsmenn verið hækkaðir í launafl. og fastráðnir 5 starfsmenn, sem verið hafa þar lausráðnir. Hækka því launagreiðslur sem því nemur, en lausavinna lækkar á móti um 250 þús. kr.

Um 12. gr.

Óumflýjanlegt er talið að kaupa handa röntgendeild landsspítalans tæki til filmuskoðunar. Er lagt til að verja 63 þús. kr. í þessu skyni.

Stjórn Náttúrulækningafélags Íslands hefur sótt um 500 þús. kr. ríkisstyrk til byggingarframkvæmda við heilsuhæli félagsins í Hveragerði. Hæli þetta hefur hlotið viðurkenningu sem sjúkrahús, en fær ekki styrk af fé því, sem veitt er til byggingar sjúkrahúsa. Er lagt til að veita félaginu 100 þús. kr. byggingarstyrk.

Um 13. gr.

Skipt er til nýbyggingar vega sömu fjárhæð og í fjárlögum 1958. Skipt er nú í fyrsta sinn í fjárlögum fjárveitingu af benzínskatti til millibyggðavega. Virðist eðlilegt, að Alþingi skipti því fé sem öðru vegafé.

Lagt er til, að framlög til brúargerða hækki um 115 þús. kr.

Í árslok 1958 var vangreitt framlag til hafnargerða rúmar 14 millj. kr., og miklar framkvæmdir áformaðar á þessu ári. Lagt er til að hækka framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 1 330 þús. kr.

Í smíðum er nú nýr flóabátur fyrir Eyjafjarðar- og Skagafjarðarhafnir. Sótt hefur verið um 500 þús. kr. styrk til þeirra framkvæmda. Lagt er til að verða við þeirri beiðni, en skipta fjárveitingunni á tvö ár.

Nokkrar smávægilegar breytingar eru gerðar á fjárveitingum til veðurstofunnar. Er þar um að ræða aukna veðurathuganaþjónustu fyrir sjómenn og aukin útgjöld vegna leiguhúsnæðis.

Lækkuð var í fjárlagafrv. fjárveiting til ferðaskrifstofu á Akureyri. Lagt er til, að fjárveiting verði hin sama og s. l. ár.

Um 14. gr.

Talið er óumflýjanlegt að hækka um 100 þús. kr. fjárveitingu til eðlisfræðirannsókna við Háskóla Íslands. Er hér um að ræða geislamælingastöð þá, sem ákveðið var með lögum frá 1957 að verkfræðideild háskólans starfrækti.

Vegna hækkunar fasteignagjalda í Reykjavík hækkar sá kostnaðarliður allmikið hjá háskólanum, og er lagt til að hækka framlag til þeirra útgjalda. Samsvarandi breytingar hafa verið gerðar varðandi fjárveitingar til nokkurra annarra stofnana.

Í fjárlagafrv. er fjárveiting til nýbyggingar skóla takmörkuð við þá fjárhæð, sem þarf til að greiða hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaði skóla, sem nú eru í smíðum. Óumflýjanlegt er að leyfa byggingu nokkurra nýrra skóla, og fer því þó fjarri, að þörfinni verði fullnægt með tillögum nefndarinnar. Er lagt til að hækka fjárveitingu til barnaskólabygginga um 1 176 750 kr. og 519 750 kr. til byggingar gagnfræðaskóla.

Sú nauðsyn verður æ brýnni að koma upp vistheimili fyrir afvegaleiddar stúlkur. Í athugun er sem bráðabirgðaráðstöfun að koma nokkrum stúlkum á skóla eða vistheimili erlendis. Í fjárlagafrv. er 120 þús. kr. fjárveiting til heimavistarskóla áfengisvarnanefndar kvenna í Hlaðgerðarkoti. Sá skóli hefur ekki starfað í vetur. Er lagt til, að fjárveitingu þessa megi nota til framannefndra bráðabirgðaráðstafana.

Til þess að gera Jöklarannsóknarfélagi Íslands kleift að gera mikilvægar athuganir á Kötlu- og Grímsvatnasvæði er lagt til að hækka nokkuð fjárveitingu til félagsins.

Vegna hækkunar þeirrar á yfirfærslugjaldi, sem varð á s. l. ári, er lagt til að hækka um 25 þús. kr. fjárveitingu til lektora í íslenzku við erlenda háskóla.

Mikil nauðsyn er að hefjast handa um skipulega þjóðfræðasöfnun. Hefur þjóðminjavörður rökstutt það mál rækilega fyrir nefndinni. Er lagt til að veita 30 þús. kr. í þessu skyni.

Núverandi fjárveiting til orðabókar háskólans hrekkur ekki til, að auðið sé að halda því verki áfram með eðlilegum hætti. Er því lagt til að hækka fjárveitinguna um 75 þús. kr.

Lagt er til að veita Norræna félaginu 15 þús. kr. styrk til þess að geta boðið hingað til dvalar í íslenzkum héraðsskólum einum unglingi frá hverju Norðurlandanna, þar eð íslenzkir námsmenn hafa um nokkur ár notið svipaðra hlunninda í þessum löndum.

Stúdentaráð háskólans hefur ákveðið að efna í ár til námskeiðs fyrir norræna stúdenta með sama sniði og verið hafa á Norðurlöndunum hinum undanfarin ár og fengið háskólaráð til samstarfs um það mál. Lagt er til að veita 40 þús. kr. til námskeiðs þessa.

Sýslunefnd Dalasýslu hefur leitað eftir styrk handa séra Jóni Guðnasyni til þess að vinna að æviskrám Dalamanna. Styrkur hefur áður verið veittur til sams konar fræðistarfa, og er lagt til að veita 10 þús. kr. í þessu skyni.

Vegna fjárhagserfiðleika Leikfélags Reykjavíkur og með hliðsjón af hinu mikilvæga menningarstarfi félagsins er lagt til að hækka styrk til þess um 30 þús. kr. — Þá er og lagt til að hækka með sömu röksemd styrk til Bandalags íslenzkra leikfélaga um 15 þús. kr.

Lagt er til að veita tvo nýja styrki til leikstarfsemi í samræmi við styrk til hliðstæðra aðila.

Stofnaður hefur verið söng- og óperuskóli í Reykjavík, og hefur erlendur söngkennari verið ráðinn til skólans. Lagt er til að veita 15 þús. kr. styrk til skólans.

Lagt er til að hækka um 20 þús. kr. styrk til æviskrár Vestur-Íslendinga vegna yfirfærslugjalds.

Samþykkt var á síðasta þingi þál. um að gefa Norðmönnum styttu af Ingólfi Arnarsyni. Er nauðsynleg 100 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni.

Um 15. gr.

Kirkjukórasamband Íslands heldur uppi mikilli og sívaxandi starfsemi. Er lagt til að hækka um 20 þús. kr. styrk til sambandsins.

Um 16. gr.

Óumflýjanlegt er talið að hækka framlag til Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands um 150 þús. kr. til hvors.

Verkfæranefnd hefur óskað eftir mikilli hækkun fjárveitingar. Er ekki talið auðið að verða við þeim tilmælum, en vegna óhjákvæmilegra útgjalda nefndarinnar er lagt til að hækka fjárveitinguna um 40 þús. kr.

Niður hafa fallið úr frv. fjárveitingar til landþurrkunar í Landeyjum, samtals 80 þús. kr. Er lagt til, að sú fjárhæð verði einnig veitt í ár.

Baldvin Jónssyni hefur áður verið veittur styrkur til smíði dúnhreinsunarvélar. Nú hefur sami maður smíðað dúnhreinsunarofn, sem hefur reynzt mjög vel, en þar sem notkun slíkra tækja er mjög takmörkuð, er lagt til að veita Baldvin 80 þús. kr. styrk vegna framleiðslu ofnsins.

Vegna aukinna jarðræktartilrauna og annarra búnaðarrannsókna á Hvanneyri er lagt til að hækka fjárveitingu til framhaldsdeildar bændaskólans um 50 þús. kr.

Hitaveitukerfi húsmæðraskólans á Varmalandi hefur orðið fyrir miklum skemmdum. Er lagt til að veita 25 þús. kr. til viðgerðar á hitaveitunni.

Fiskmatsmenn hafa búið við mjög slæm launakjör. Hefur nefndin talið sanngjarnt að fallast á þá tillögu atvinnumálaráðuneytisins, að þeim verði greidd nokkur launauppbót.

Komið hefur í ljós, að rekstrarkostnaður gufubors ríkisins og Reykjavíkurbæjar verður mun meiri en áætlað er í fjárlagafrv. Er óhjákvæmilegt að veita 1.3 millj. kr. til viðbótar vegna hluta ríkissjóðs af þessum kostnaði.

Teknir eru upp styrkir til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði og Selfossi.

Lagt er til að hækka rekstrarstyrk til verzlunarskólans um 110 þús. kr. og um 50 þús. kr. til samvinnuskólans vegna aukins kostnaðar.

Áætlanir hafa nú verið gerðar um vatnsöflun til fiskiðjuveranna og hafnarinnar í Vestmannaeyjum. Er lagt til að veita 150 þús. kr. styrk til þeirra framkvæmda.

Um 17. gr.

Framlag til almannatrygginga er áætlað 4.5 millj. kr. of lágt í fjárlagafrv.

Vegna nýrrar sjúkradeildar í dvalarheimili sjómanna hækkar framlag ríkisins vegna sjúklinga, annarra en berklasjúklinga, um tæpar 900 þús. kr. Í fjárlagafrv. er þessi liður of hátt áætlaður um 200 þús. kr., og verður því hækkunin minni af þeim sökum.

Elliheimili er tekið til starfa í Keflavík, og er lagt til, að fjárveiting til elliheimila hækki í samræmi við það.

Björn Pálsson telur sér ekki auðið að starfrækja áfram sjúkraflug nema fá verulega fjárhagsaðstoð. Augljóst er, að þessi starfsemi má með engu móti niður falla. Er lagt til, að Björn fái 100 þús. kr. styrk á þessu ári, en nauðsynlegt er jafnframt, að ríkisstjórnin taki upp samninga við Björn Pálsson um framtíðartilhögun þessarar mikilvægu þjónustu.

Lagt er til að veita nokkurn byggingarstyrk til barnaheimilis Vorboðans í Rauðhólum, Blindrafélagsins í Reykjavík og barnaheimilisins Sólheimum í Grímsnesi. Er hér um mjög nauðsynlegar framkvæmdir að ræða.

Margar beiðnir hafa borizt nefndinni um styrki til skógræktar við skóla. Nefndin hefur ekki talið auðið að sinna nú þeim óskum, enda nauðsynlegt að fella þá starfsemi á einhvern hátt inn í ramma skógræktarmálanna almennt. Ungmennafélag Íslands hefur ekki notið styrks sem skógræktarfélög þrátt fyrir mikla starfsemi á því sviði. Er því lagt til að veita félaginu 15 þús. kr. styrk vegna skógræktar í Þrastaskógi.

Styrkur til Bandalags ísl. skáta hefur lengi verið óbreyttur í fjárlögum og aðeins 10 þús. kr. Er lagt til að hækka styrkinn um 15 þús. kr. — Þá er og lagt til að veita Æskulýðsráði Íslands 15 þús. kr. styrk.

Um 19. gr.

Í fjárlagafrv. er reiknað með vísitölu 183 stig. Gildandi vísitala samsvarar 175 stigum. Samþykktar voru fyrir áramót 6—9% launabætur til opinberra starfsmanna. Launahækkunin, að frádreginni vísitölulækkun, nemur 17.2 millj. kr.

Um 20. gr.

Vegna áfallinna útgjalda er lagt til að hækka fjárveitingu til ræktunar á jörðum ríkisins um 65 þús. kr.

Óumflýjanlegt er að endurbæta verulega jarðarhús á skólajörðinni Eiðum. Er lagt til að veita 100 þús. kr. í því skyni.

Um 22. gr.

Heimildarliðir þessir skýra sig sjálfir.

Skal þá vikið að þeim atriðum, er valda sérstöðu okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum.

Það er yfirlýst stefna Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins að sporna gegn því dýrtíðarflóði, sem var að steypast yfir þjóðina, er fyrrverandi ríkisstjórn lét af völdum, og hlaut að stöðva allt atvinnulíf í landinu, ef ekki væri að gert. Fyrsta stig þeirrar viðreisnar hlaut að verða það að stöðva dýrtíðarhjólið. Í því sambandi er mikilvægt að reyna að leysa fjárhagsörðugleika útflutningsframleiðslunnar án nýrra skatta á almenning.

Afstaða undirritaðra nefndarmanna í fjárveitinganefnd markast af þessari stefnu. Afleiðingin er sú, að orðið hefur eigi aðeins að standa mun fastar en undanfarin ár gegn öllum útgjaldahækkunum, heldur er einnig óumflýjanlegt að leggja til að skera verulega niður ýmis útgjöld.

Tillögur okkar um niðurskurð útgjalda beinast að verulegu leyti gegn þeim útgjaldaliðum, sem ekki eru lögboðnir. Það er hins vegar skoðun okkar, að framkvæma megi verulegan sparnað í rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, en slíkar ráðstafanir verða ekki gerðar fyrirvaralaust. Er nauðsynlegt, að fyrir næsta þing verði allt rekstrarkerfið tekið til rækilegrar athugunar.

Sértillögur okkar snerta allar tekjuhlið frv. og lækkun útgjalda, að undantekinni tillögu um heimild handa ríkisstjórninni til að gefa eftir skuldakröfur vegna innleystra ábyrgða ríkissjóðs á lánum vegna þurrafúa í fiskiskipum. Sanngjarnt er, að lán þessi verði eftir gefin, og var um það samið milli ríkisstj. og útvegsmanna um síðustu áramót. Aðrir nefndarmenn hafa hins vegar ekki viljað fallast á að mæla með þessari tillögu.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir einstökum tillögum okkar:

Tekjur.

Gerð hefur verið ýtarleg áætlun um tekjuhorfur ríkissjóðs á þessu ári, miðað við innflutningsáætlun. Er áætlað, að tekjurnar muni nema 981.5 millj. kr. Er þá reiknað með 25 millj. kr. tekjum vegna verðhækkunar á áfengi og tóbaki, en jafnframt fellt niður 20 millj. kr. framlag útflutningssjóðs til ríkissjóðs. Í samræmi við þessa áætlun ríkisstjórnarinnar er lagt til að hækka tekjuliði 2., 3. og 5. gr. frv. um samtals 68.6 millj. kr. Eru þá 15 millj. kr. ætlaðar til að mæta umframgreiðslum.

Greiðsluhagnaður ríkissjóðs árið 1958 varð rúmar 48 millj. kr. Um 22 millj. kr. af þessu fé ganga til að mæta greiðsluhalla ríkissjóðs 1957. Lagt er til, að 25 millj.

kr. af greiðsluafgangi verði varið til að mæta aukaútgjöldum ríkissjóðs vegna útflutningsframleiðslunnar á þessu ári.

Þá er loks gert ráð fyrir því, að Sogsvirkjunin fái með skuldabréfaútboði á þessu ári 30 millj. kr. lán, er varið verði til að greiða opinber gjöld af efni og vinnu vegna hinnar nýju virkjunar Sogsins. Þar sem með þessu fé er ekki reiknað í hinni sundurliðuðu tekjuáætlun í 2. gr., er það fært undir sérstökum lið.

Lækkun útgjalda.

1. Lagt er til, að allir fjárfestingarliðir í fjárlagafrv., að undanteknum fjárveitingum til nýbyggingar vega, endurbyggingar vega, brúa og hafna, lækki um 5%. Fjárfestingarliðir þessir nema samtals 165 950 000 kr. og eru þessir:

3. gr.	2.	Eignabreytingar landssímans eru 11.8 millj. Af þessu eru 3.5 millj. afborganir af lánum, sem ekki er hægt að hreyfa. Hinir liðirnir, samtals 8.3 millj.	8.3 millj.
11. —	A.	11. Til byggingar fangahúsa	500 þús.
12. —	IX.	Styrkur til læknisbústaða, sjúkrahúsa o. þ. h.	3 000 —
12. —	X.	Til heilbrigðisstofnana í Reykjavík	1 500 —
12. —	XXIX.	Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri	300 —
13. —	A.	II. b. Viðhald	44 000 —
13. —	A.	IV. Til endurbyggingar gamalla brúa	1 500 —
13. —	A.	V. Fjallvegir	800 —
13. —	A.	VI. 1. Til verkfærakaupa	100 —
13. —	A.	VI. 2. Til kaupa á vegavinnuvélum	1 000 —
13. —	A.	X. Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti	100 —
13. —	C.	VII. Vitamál: til áhaldakaupa	1 000 —
13. —	C.	X. Til hafnarbótasjóðs	2 000 —
13. —	C.	XI. 2. Til kaupa á skóflubelti	600 —
13. —	D.	II. 5. e. Malbikun flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli	550 —
13. —	F.	VII. 4. Til kaupa á vélum í sjómælingabát	300 —
14. —	A.	X. 22. Framlag til byggingar barnaskóla og skólastjóraíbúða	12 476 —
14. —	XI.	27. Til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla	4 886 —
14. —	XI.	28. Til byggingar fjóss og hlöðu á Laugarvatni	200 —
14. —	XII.	Stofnkostnaðarframlag vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga, er smíðaðar voru 1954	2 000 —
14. —	XIII.	6. Til byggingar húsmæðraskóla	100 —
14. gr.	XIV.	1. g. Lagfæring íþróttavalla	105 þús.
14. —	XIV.	2. Til íþróttasjóðs	1 600 —
14. —	XIV.	3. Til sundlaugarbyggingar á Akureyri vegna menntaskólans þar	50 —
14. —	B.	III. 4. Til viðhalds gamalla bygginga á vegum þjóðminjasafns	300 —
14. —	B.	X. c. Til byggingar bókasafna og lesstofa	175 —
14. —	B.	LXVIII. Til umbóta á Þingvöllum	200 —
15. —	II.	4. Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum	600 —
15. —	X.	Lokagreiðsla af láni til kirkjubyggingarsjóðs	325 —
16. —	A.	5. B. a. Jarðræktarframlög 13 000 þús.	
16. —	A.	5. B. b. Til framræslu 12 000 —	
			25 000 —
16. —	A.	5. c. a. Til stofnkostnaðar samkvæmt III. kafla jarðræktarlaga 500 þús.	
16. —	A.	5. c. d. Til kaupa á nýjum skurðgröfum 350 —	
			850 —

16. gr.	A. 9. e. 2. Stofnstyrkur til sæðingarstöðvar			110 þús.
16. —	A. 12. b. Stofnkostnaður vegna jarðræktartilrauna			475 —
16. —	A. 18. Til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljót			500 —
16. —	A. 19. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará			150 —
16. —	A. 20. Til fyrirhleðslu í Miðskálaá og Írá			35 —
16. —	A. 21. Til fyrirhleðslu í Hólmsá á Mýrum, A.-Skaft.			500 —
16. —	A. 22. Til fyrirhleðslu í Steinavötnum, A.-Skaft.			70 —
16. —	A. 23. Til fyrirhleðslu gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:			
	a) Í Kúðafljóti	100 þús.		
	b) Í Laxá í Nesjum, A.-Skaft.	50 —		
	c) Í Skálm í Álftaveri	30 —		
				180 —
16. —	A. Landþurrkun í Landeyjum			80 —
16. —	A. 24. Til sjóvarnargarða			1 360 —
16. —	A. 26:			
	b) Til sandgræðslustöðva	1 650 þús.		
	c) Til nýrra sandgræðslugirðinga	500 —		
	g) Til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél	400 —		
				2 550 —
16. —	A. 27. Til skógræktar:			
	c) Til skógræktarfélaga	450 þús.		
	d) Til skóggræðslu	1 550 —		
	e) Til plöntuuppeldis	550 —		
	f) Til skjólbelta	60 —		
	g) Til skóggræðslu á jörðum einstaklinga	110 —		
	h) Til byggingar skógarvarðarbústaða	100 —		
				2 820 —
16. —	A. 30. Til mjólkurbúa og smjörsamlaga			100 —
16. —	A. 39. d. Nýjar girðingar á vegum sauðfjárveikivarna			400 —
16. —	A. 43. Til nautgriparæktarsambanda vegna stofnunar tilraunabúa til afkvæmarannsókna			300 —
16. —	A. 47. k. Til byggingar húsmæðraskóla			400 —
16. —	C. 4. Til iðnlánasjóðs			1 450 —
16. —	D. IV. Vatnamælingar			415 —
16. —	D. VI. Til virkjunarrannsókna í stórám			550 —
16. —	D. X. Til raforkusjóðs			15 000 —
16. —	D. XI. Jarðhitadeild:			
	3. Rannsóknarkostnaður	350 þús.		
	5. Til bortækjakaupa	100 þús.		
	7. Tilraunir á þungu vatni	300 —		
				750 þús.
17. gr.	I. 4. Til vatnsveitna			600 —
17. —	II. 1. b. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði			4 000 —
17. —	II. 2. Framlag til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna			4 000 —
17. —	III. 7. Orlofsheimili verkalýðssamtaka			500 —
20. —	V. Ræktun á jörðum ríkisins			200 —
20. —	VII. Sjúkrahús			5 190 —
20. —	X. Keldur			700 —
20. —	XI. Sjúkraflugvellir			518 —
20. —	XII. 5. Laugarvatn			450 —
20. —	XII. 6. Kennaraskóli Íslands			1 millj.
20. —	XII. 7. Hvanneyri			600 þús.
20. —	XIII. Byggingar á prestssetrum			1 700 —

20. gr. XV.	Útihús prestssetra	720 þús.
20. — XVI.	Héraðsdómarabústaðir	540 —
20. — XVII.	Lögreglustöð í Reykjavík	800 —
20. — XXI.	Breiðuvíkurheimili	350 —
20. — XXII.	Varmá	100 —
20. — XXVI.	Dýralæknisbústaðir	360 —

2. Gert er ráð fyrir nokkru styttra þinghaldi en í fyrra, enda þótt sumarþing verði. Lagt er til að lækka alþingiskostnað um 500 þús. kr., sem samsvarar um 2 vikna þinghaldi.
3. Lagt er til að lækka fjárveitingu til stjórnarráðsins um 500 þús. kr., bæði með hliðsjón af fækkun ráðherra og því, að annar kostnaður ráðuneytanna er í fjárlagafrv. hækkaður um 900 þús. kr. Ætti að mega spara einnig á þeim lið.
4. Lagt er til að lækka útgjöld vegna tollgæzlu um 500 þús. kr. Ekki er ætlunin, að dregið verði úr nauðsynlegu eftirliti á þessu sviði, en útþensla í starfsmannahaldi tollgæzlunnar að undanförnu hefur verið óhófleg.
5. Lagt er til að lækka ríkisframlag til skipaútgerðarinnar um 6 millj. kr. Útgjöld skipaútgerðarinnar umfram tekjur urðu um 4 millj. kr. hærri en áætlað var s. l. ár. Þá má og ætla, að um 2 millj. kr. sparist vegna breytinga á tryggingum skipa. Ekki er því gert ráð fyrir, að dregið verði úr nauðsynlegri þjónustu, er skipaútgerðin veitir. Rétt er þó að vekja athygli á endurteknum tillögum sparnaðarnefnda ríkisins um að selja Esju, sem er mjög dýr í rekstri.
6. Lagt er til að lækka framlag til bygginga í Skálholti um 500 þús. kr. Ætti það ekki að koma að sök, meðan ekki er vitað, hvaða stofnun eða stofnanir fá þar aðsetur.
7. Lagt er til að fella niður framlag til jarðræktarvéla. Lagaskyldu í þessu efni var fullnægt á s. l. ári, og enn eru 1.2 millj. kr. af þeirri fjárveitingu ónotaðar.
8. Lagt er til, að niður falli fjárveiting til iðnskóla í Reykjavík, 500 þús. kr., þar eð enn er óhafið 628 þús. kr. af fjárveitingum 1957 og 1958.
9. Lagt er til, að 10 millj. kr. framlag til nýrra raforkuframkvæmda falli niður. Byggist sú tillaga á því, að tryggt verði með lántöku, að hægt sé að fylgja áætlun um raforkuframkvæmdir.
10. Lagt er til, að kostnaður við framkvæmd orlofslaga lækki um 500 þús. kr. og hætt verði við orlofsmerkjakerfið, en orlofsfé greitt sem önnur laun.
11. Lagt er til, að áætluð fjárveiting vegna ábyrgðargreiðslna lækki um 10 millj. kr. og verði hin sama og í fjárlögum 1958. Er það mat fjármálaráðherra, að þessi lækkun sé ekki óvarleg.
12. Lagt er til, að framlag til bygginga á ríkisjörðum lækki um 500 þús. kr.
13. Lagt er til, að fjárveiting til flugvallargerða verði 120 þús. kr. hærri en í fjárlögum ársins 1958. Er jafnframt gerð tillaga um skiptingu þess fjár milli einstakra framkvæmda. Er hér um að ræða 2 millj. kr. lækkun frá fjárlagafrv., þar eð ferðakostnaður á 13. gr. D. er lækkaður um 120 þús. kr.
14. Lagt er til, að framlög vegna byggingar menntaskólanna í Reykjavík og Akureyri og sjómannaskólans lækki um samtals 1.7 millj. kr.
15. Lagt er til að lækka fjárveitingu til lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli um 100 þús. kr.
16. Lagt er til að lækka fjárveitingu til stórra dieselrafstöðva um 200 þús. kr., en séð verði fyrir því fé með láni, ef með þarf.
17. Lagt er til að lækka atvinnuaukningarfé um 3.5 millj. kr. með hliðsjón af auknum lánveitingum úr atvinnuleysistryggingasjóði til sömu þarfa. Jafnframt er lagt til, að 5 manna þingkjörin nefnd ráðstafi fé þessu.
18. Lagt er til, að 1 millj. kr. fjárveiting til stjórnarráðshúss falli niður. Allmikið fé er þegar geymt vegna þessarar fyrirhuguðu byggingar.
19. Lagt er til, að útgjöld vegna afurðamats lækki um 500 þús. kr. Mun ríkisstjórnin gera tillögur um gjaldahækkun af þessum sökum.

20. Lagt er til, að halli á skipaskoðun ríkisins falli niður. Er óeðlilegt, að slíkt eftirlit sé rekið með halla. Mun ríkisstjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessu sambandi.

Það skal að lokum tekið fram, að okkur er það ljóst, að lækkun á hinum ýmsu framkvæmdaliðum getur ekki verið til frambúðar, heldur er hér um óhjákvæmilega bráðabirgðaráðstöfun að ræða, enda augljóst, að allt fjármálakerfið þarf endurskoðun og lagfæringu.

Samkvæmt yfirliti, sem gert hefur verið um hag útflutningssjóðs, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður þurfi að leggja sjóðnum 154 millj. kr. á þessu ári, auk sérstakrar tekjuöflunar, sem gerð verður grein fyrir í sambandi við annað mál. Er lagt til, að sú fjárhæð verði veitt í 19. gr. fjárlaga.

Verði allar hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar samþykktar og einnig hinar sérstöku tillögu okkar, mundi niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi:

	Hækkun gjalda	kr. 184 094 785
÷	Lækkun gjalda	— 49 243 419
	Hækkun gjalda alls	kr. 134 851 366
	Hækkun tekna	kr. 123 600 000
+	Greiðsluafg. í frv.	— 1 716 929
	Tekjuauki alls	kr. 125 316 929

Niðurstöðutölur:

	Inn	kr. 1 023 960 000
	Út	— 1 033 494 437
	Greiðsluhalli	kr. 9 534 437

Þar eð enn eru óafgreidd ýmis mál hjá nefndinni og því ekki endanlega vitað um tekjuþörfina, munu við 3. umr. gerðar tillögur um jöfnun tekna og gjalda þannig, að fjárlög verði afgreidd greiðsluhallalaus.

Alþingi, 17. apríl 1959.

Magnús Jónsson, frsm. Áki Jakobsson. Pétur Ottesen.

Jón Kjartansson.

Nd. 398. Lög [126. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 379.

Sþ. **399. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959 og við brtt. á þskj. 391.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 1. I. (Póstsjóður, tekjur). Fyrir „25 640 000“ kemur	26 440 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun. 3. II. 5. (Áfengisverzlunin, útsvar). Fyrir „5 600 000“ kemur	560 000
3.	—	3. —	A. Sundurliðun. 4. II. 3. (Tóbakseinkasalan, útsvar). Fyrir „4 000 000“ kemur	400 000
4.	—	10. —	I. 2. m. (Ráðuneytin, annar kostnaður). Fyrir „3 326 000“ kemur	2 826 000
5.	—	10. —	I. 2. n. (Ráðuneytin, alþjóðaráðstefnur). Fyrir „481 000“ kemur	331 000
6.	—	10. —	II. 2. Liðurinn orðist svo: Sendiráðið í Stokkhólmi	352 000
7.	—	10. —	II. 3. Liðurinn orðist svo: Sendiráðið í London	631 000
8.	—	10. —	II. 6. Liðurinn orðist svo: Sendiráðið í Osló	355 000
9.	—	10. —	II. 9. Liðurinn orðist svo: Skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC ..	430 000
10.	—	10. —	II. 13. (Samningar við erlend ríki). Fyrir „900 000“ kemur	700 000
11.	—	10. —	II. 14. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn.). Fyrir „1 070 000“ kemur	770 000
12.	—	11. —	A. 9. b. Liðurinn orðist svo: Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli	2 197 332
13.	—	13. —	B. I. (Skipaútgerð ríkisins). Fyrir „16 000 000“ kemur	13 000 000
14.	—	15. —	X. (Kirkjubyggingarsjóður). Liðurinn fellur niður.	
15.	—	15. —	XIII. (Framkvæmdir í Skálholti). Liðurinn fellur niður.	
16.	—	16. —	A. 13. (Sýningarreitir og námskeið). Liðurinn fellur niður.	
17.	—	16. —	A. 34. (Eyðing refa og minka). Fyrir „2 500 000“ kemur	1 500 000
18.	—	17. —	I. 2. (Jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga). Fyrir „3 000 000“ kemur	700 000
19.	—	brtt. 391,77. 2.	(Við 19. gr. — Óviss útgjöld o. fl.). Nýr liður: Á gjaldaliðum stjórnarráðsins, utanríkismála, dómgæzlu, lögreglustjórnar og toll- og skattinnheimtu, eins og þeir eru ákveðnir í 10. og 11. gr., að upphæð samtals 121 470 404 kr., skal framkvæma 5% meðaltals niðurfærslu og færa til frádráttar útgjalda	6 073 520
20.	Við	20. gr.	Út. III. (Eignaaukning landssímans). Fyrir „8 330 000“ kemur	5 550 000
21.	—	20. —	Út IX. Liðurinn orðist svo: 1. Reykjavíkurflugvöllur ..... 1 200 000 2. Ísafjarðarflugvöllur 1 500 000	

3. Akureyrarflugvöllur	800 000	
4. Húsavíkurflugvöllur	150 000	
5. Kópaskersflugvöllur	50 000	
6. Vopnafjarðarflugvöllur	40 000	
7. Egilsstaðaflugvöllur	560 000	
8. Norðfjarðarflugvöllur	800 000	
9. Vestmannaeyjaflugvöllur	1 500 000	
10. Keflavíkurflugvöllur (vegna blindlendingakerfis)	600 000	
11. Flugöryggisþjónustan	750 000	
12. Ýmislegt	50 000	
		8 000 000

22. Við 20. gr. Út. XIII. (Byggingar á prestssetrum).
Fyrir „1 700 000“ kemur 700 000

23. — 20. — Út. XV. (Útihús á prestssetrum).
Fyrir „720 000“ kemur 360 000

24. — 20. — Út. XVI. (Embættisbústaðir héraðsdómara).
Fyrir „540 000“ kemur 270 000

25. — 20. — Út. XVII. (Lögreglustöð í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

26. — 20. — Út. XVIII. (Lögreglustöð á Keflavíkurflugvelli).
Liðurinn fellur niður.

27. — 20. — Út. XXVI. (Embættisbústaðir héraðsdýralækna).
Fyrir „360 000“ kemur 180 000

Sþ. 400. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í fjárveitinganefnd hefur ekki orðið samkomulag um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, og skiptist nefndin í 3 minni hluta um afgreiðslu þess.

Sá nefndarhlutinn, sem styður ríkisstjórnina, það eru fulltrúar Alþýðu- og Sjálfstæðisflokksins, hefur samstöðu um málið, og með því að þeir flokkar skipa meiri hluta á þingi, er í nefndinni ágreiningslaust litið svo á, að eðlilegt sé, að í þeirra áliti sé grein gerð fyrir tillögum þeim, sem nefndin öll stendur að.

En þótt alger samstaða sé í nefndinni um margar breytingartillögur, skiptist nefndin þó, svo sem fyrr segir, þegar til afgreiðslu kom á tillögum stjórnarstuðningsmanna um tekjuáætlun og lækkunartillögum á útgjaldaliðum. Til þess var raunar eðlilegt að koma mundi, enda var stjórnarliðið eitt í ráðum, þegar efnt var til allra hinna helztu útgjaldaliða, er gera niðurfærsluna og tekjuöflunina nauðsynlega, en sú útgjaldaaukning, sem hér er um að ræða, er einkum þessi:

1. Bótagreiðsluaukning útflutningssjóðs vegna nýrra samninga við útveginn um síðustu áramót	82.3	millj. kr.
2. Aukin niðurgreiðsla á vörum skv. stjórnarákvörðun um s. l. áramót	83.3	— —
3. Niðurgreiðsluaukning, er stjórnin ákvað enn frá 1. marz s. l. ..	25.8	— —
4. Hækkun á fyrri áætlunum um fjárþörf vegna niðurgreiðslnanna	7.6	— —
Samtals	199.0	millj. kr.

(Allar tölur eru hér tilfærðar samkvæmt mati ráðuneytisins.)

Þótt greiðslur þessar séu úr útflutningssjóði, hlýtur meginþungi þeirra að falla á ríkissjóð, þar eð ekki er ráðgerð stórfelld tekjuaukning í útflutningssjóðslögum.

Það liggur í augum uppi, að þeir aðilar, sem á eindæmi skuldbinda almannasjóði til greiðslna í upphæðum, er skipta hundruðum milljóna, hljóta að bera meginábyrgð á afgreiðslu fjárlaga og áætlana um rekstur útflutningssjóðs.

Engu að síður hefur sá nefndarminnihluti, er að þessu áliti stendur, tekið fyllsta tillit til þess, að þeir samningar og þær niðurgreiðslur, sem hér leggjast þyngst á ríkissjóð og hljóta óhjákvæmilega að sverfa mjög að ýmsu öðru, sem hið opinbera hefur á sinni könnu, eru lögmætar skuldbindingar, sem ekki verður fram hjá gengið.

Það hefðu orðið íslenzku þjóðinni harla þungar búsifjar, ef öll sú háa fjárhæð, sem hér hefur verið talin, ætti að leggjast á þjóðarbúskapinn af fullum þunga, annaðhvort sem nýir skattar eða skerðing á opinberri þjónustu við þjóðfélagsþegnana. En svo illt er hér þó ekki í efni. — Þjóðin jók framleiðslu sína mjög á s. l. ári, og tekjur hennar reyndust þá drýgri en útgjöldin.

Greiðsluhagnaður frá árinu 1958 er talinn (eftir að margs konar lán hafa verið af honum veitt) tæpar 50 millj. kr., og eftir að fyrri skuldir ríkissjóðs hafa verið af honum greiddar, eru þó 25 milljónir tiltækar til notkunar á þessu ári. Enn fremur gefur áramótauppgjör ríkissjóðs tilefni til þess, að hækkuð sé tekjuhlið fjárlaga. Alþýðu- og Sjálfstæðisflokksmenn hafa gert tillögur um, að inn á tekjuáætlunina verði teknar 25 milljónir af fyrra árs tekjuafgangi og að tekjuáætlunin, frá því sem hún er í frumvarpinu, verði hækkuð samtals um 68.6 millj. kr. Alþýðubandalagið telur eðlilegt, að svo verði gert, og mun styðja þær tillögur.

Á meðal tekjuhækkunartillagna stjórnarflokkanna er einnig innheimta 30 millj. kr. tolla, sem sumpart eru þegar á fallnir og liggja sem skuldir og að hinu leytinu væntanlegir þessa árs tollar á efnivörur raforkuframkvæmdanna, en þær hafa að undanförnu í fjárhagslegum þrengingum sínum fengið vörur afhentar án greiðslu tolla og skapað sér þannig skuld við ríkissjóð. Nú er haft á orði, að lán verði tekið til handa rafveitunum til að ljúka skuldum þessum og væntanlegum tollagreiðslum þessa árs. Hér skal ekki á móti þessu haft, ef lán væru tiltæk með skaplegum kjörum, en ekki hefur verið fram á þann möguleika sýnt til þessa, og verður hér því ekki tekin afstaða til þessa máls að sinni. En hitt skal tekið fram, að ef líklegt teldist, að ráðstöfun þessi geti valdið stöðvun virkjananna, þá mun Alþýðubandalagið beita sér gegn henni.

En þótt allar þessar ráðstafanir yrðu gerðar, horfir þó svo, að um 60 millj. kr. muni enn vanta, til þess að fjárlög með útgjaldahækkunum, er fjárveitinganefnd og stjórnarflokkamenn sérstaklega hafa lagt til og ætla má að samþykktar verði, nái jöfnuði í tekjum og gjöldum.

Þetta bil hefur verið lagt til af stjórnarvaldanna hálfu að verði brúað með niðurfærslu á gjaldaliðum. Það telur Alþýðubandalagið einnig eðlilegt að gert sé, eins og málum er komið.

En þær tillögur, sem af stjórnarvaldanna hálfu eru gerðar varðandi sparnað þennan, eru í mörgum atriðum óaðgengilegar, enda þótt sumar þeirra séu þess eðlis, að þær verði studdar af Alþýðubandalaginu. Að því leyti sem Alþýðubandalagið fellst ekki á tillögur þær, sem komið hafa fram í nefndinni um sparnað í ríkisútgjöldunum, hefur fulltrúi þess lagt fram sínar tillögur um það efni og miðað við, að fjárlagaafgreiðslan verði tekjuhallalaus, um það er lýkur, en til 3. umræðu bíða enn allmörg mál, og eru tillögur til 2. umræðu ekki endanlegar fremur um tekjur en gjöld.

Meginstefnan í sparnaðartillögum Alþýðu- og Sjálfstæðisflokksins er sú að lækka framlög til opinberra framkvæmda. Ekki skulu þær gerðar hér að umræðuefni hver og ein. Stefna þeirra verður bezt greind með því að líta á eina hina veigamestu þeirra. Sú á að spara um 84 millj. með því að lækka um 5% tiltekna framkvæmdaliði, alls að upphæð nálega 167.8 millj.

Hér er höggvið í framkvæmdir að jöfnu og enginn greinarmunur gerður á nauðsyn þeirra. Þannig er t. d. ólögbundin skuldagreiðsla milli tveggja sjóða í sömu stofnun lögð til jafns við viðhald þjóðvega eða útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Sá nefndarminnihluti, sem að þessu áliti stendur, telur hér rangt að farið. Í framkvæmdaliðunum ber auðvitað að meta, hvað er óhjákvæmilegt og hvað má bíða, og gera tillögur í samræmi við það mat.

En fyrst og fremst verður þó ríkisvaldið sjálft að sýna viðleitni í þá átt að spara og láta ekki við það eitt sitja að bjóða til sparnaðar upp á holóttari vegi og lengri setur fátækra manna í heilsuspillandi húsum. Í tillögum stjórnarinnar um sparnað hins opinbera er þó fátt að finna af því tagi, nema helzt breytingu á áætlunartölum, sem sumar hverjar eiga enga stoð í veruleika.

Það sýnir ekki hvað sýzt stefnumun Alþýðubandalagsins annars vegar og stjórnarflokkanna hins vegar, að hin almenna tillaga Alþýðubandalagsins er ekki varðandi hina almennustu framkvæmdaliði, heldur varðandi rekstur ríkisstofnana, sem óumdeilanlega hafa möguleika til að spara ekki síður en ýmsir aðrir, sem orðið hafa fyrir barðinu á núverandi valdhöfum, bæði í sambandi við kauplækkunarlagasetninguna í vetur og verða það einnig nú að fjárlagatillögum sömu aðila samþykktum.

En sú er hin almenna sparnaðartillaga Alþýðubandalagsins, auk tillagna við einstaka liði, að stjórnarráðið, utanríkisþjónustan, dómgæzlan, lögreglustjórnin og tolla- og skattastofnanirnar færi niður kostnað sinn að meðaltali um 5% og spari þjóðinni þannig um 6 millj. kr.

Alveg sérstaklega verður og að mótmæla niðurskurði stjórnarinnar á fé til flugmannvirkjagerðar. Allir aðrir meginþættir samgöngumála hafa fengið hækkanir frá síðasta ári, en flugið er haft í algerum sérflokki og lækkað.

Nýbygging vega fékk sérstaka hækkun á tekjum með útflutningssjóðslögum á síðasta ári. Brúargerð fékk hana einnig. Hafnargerðirnar hafa og fengið hækkun, þótt lítil sé. En flugið, sem stöðugt gegnir vaxandi hlutverki í samgöngukerfi okkar og yngst er og varbúnast, á eftir tillögum stjórnarflokkanna ekki einungis að fara á mis við sambærilegar hækkanir og önnur samgöngumannvirki fá, heldur beinlínis að lækka frá fyrra ári.

Á þetta vill Alþýðubandalagið ekki fallast og gerir tillögur um, að til flugvallargerða verði varið sömu upphæð og frumvarpið gerir ráð fyrir, en í tillögum um skiptingu þess fjár er fylgt þeirri reglu að leggja aðaláherzlu á flugvallargerð á þeim stöðum, sem ekki eru í sambandi við aðalakvegakerfi landsins. Hæstu framlögin eru því ætluð til Ísafjarðarflugvallar, sem nýlega er hafin bygging á, og til Vestmannaeyjaflugvallar, en þar þarf með raflýsingu að gera flugbrautina lendingarhæfa, þótt ekki sé hádagur, og hefja þverbrautarbyggingu.

Inn í afgreiðslu fjárlaga hljóta óhjákvæmilega að fléttast hugleiðingar um vandamál útflutningssjóðs. Í fjárlagatillögum stjórnarflokkanna er ráðgert, að í stað þess, að frumvarpið gerir ráð fyrir 20 millj. kr. tekjum ríkissjóðs úr útflutningssjóði, verði ríkissjóður, eins og nú er komið, að greiða útflutningssjóði 154 millj. Þetta virðist óhjákvæmilegt, og er þó vandi útflutningssjóðs hvergi nærri leystur.

Með því að lagafrumvarp liggur fyrir Alþingi um útflutningssjóð, verður hér sleppt að ræða hans mál að öðru en því, sem það beint tengist fjárlagaafgreiðslunni. En það er augljóst, þrátt fyrir þá aðstoð, sem ráðgerð er í fjárlagatillögum, að útflutningssjóð skortir mikið fjármagn.

Til viðbótar fjárhagsvanda útflutningssjóðs bætist svo það, að tekjur ríkissjóðs geta tæplega orðið öllu meiri en fjárlög áætla.

Til þess að komast að mestu eða öllu hjá umframgreiðslum þarf ráðdeildarsama og varfærna ríkisstjórn. Þeir, sem fylgzt hafa með frumvarpaflutningi núverandi stjórnar að undanförnu um ný embætti á embætti ofan og ýmsu spilunar-

sömu framferði hennar öðru, t. d. loforðunum um að taka í heilu lagi á ríkissjóð allar greiðslur þurrafúalána (16—20 milljónir), jafnt fyrir milljónara sem fátæklinga, samtímis því sem hún leggur til, að framlög úr ríkissjóði til greiðslu á ábyrgðarskuldum séu stórlega lækkuð, geta tæpast gert sér vonir um, að fjármálastjórninni verði haldið innan fjárlagarammans.

Af þessum ástæðum fer því fjarri, að fjárhagsvandi íslenzka þjóðarbúsins sé leystur, þótt fjárlög verði afgreidd hallalaus.

Til skýringar við þær breytingartillögur, sem fluttar eru af þeim minni hluta, er að þessu nefndaráliti stendur, skal þetta tekið fram:

Við 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að póstsjóður verði rekinn hallalaust. Á síðastliðnu ári var enginn halli á póstrekstrinum, og ætti reksturinn ekki að þurfa að verða óhagkvæmari nú.

Fyrir Alþingi hefur lengi vetrar legið frumvarp um breytingar á lögum um aukaútsvör ríkisstofnana, þar sem gert er ráð fyrir lækkun á útsvarsskyldu fyrirtækja þessara úr 5% í ½% af hagnaði. Samkvæmt þeim tölum, sem nú eru í fjárlagafrv. um áætlað útsvar áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar, mundu ríkinu við samþykkt þess frumvarps sparast í útsvörum 8 640 000 kr., sem að vísu er gert ráð fyrir að varið verði til húsnæðismála, — en að því samþykktu mætti spara á þeim fjárlagaliðum, og mundu tillögur fluttar um það að frumvarpinu og þessum tillögum samþykktum.

Við 10. gr.

Tillögur við einstaka liði 10. greinar eru tvær, önnur um hálfrar milljón króna niðurfærslu á öðrum kostnaði ráðuneytanna. Er í því komið til móts við jafnháa sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar, en annað og raunhæfara form á henni haft en fram kom í bréfi ráðuneytisins til fjárveitinganefndar. Hin tekur til alþjóðaráðstefna á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins, en til þess virðist ætlað óhóflega mikið fé samkvæmt frumvarpinu, og er lagt til, að á liðnum verði sparaðar 150 þús. kr.

Í einstökum atriðum utanríkisþjónustunnar er gert ráð fyrir að leggja niður sendiráðin í Osló og Stokkhólmi og hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum, í Kaupmannahöfn. Þá er lagt til, að sendiráðið í London verði lagt niður í tilefni af fjandsamlegri framkomu Breta við Ísland sem sjálfstætt ríki. Þá virðist fráleitt að hafa tvö sendiráð fyrir Ísland í París, svo sem nú er, og er því lagt til, að NATO-sendiráðið verði lagt niður. Til allra fjögurra sendiráðanna, sem niður eiga að leggjast samkvæmt þessum tillögum, er þó ætlaður helmingur þess fjár, er frumvarpið gerir ráð fyrir, þar eð nokkuð er liðið á árið og kostnaður þegar á fallinn af þeim sökum. Sparnaðurinn mundi þó nema 1 770 000 kr.

Þá er og lagt til, að sparaðar verði 500 þús. kr. á liðunum: Samningar við erlend ríki og alþjóðaráðstefnur, en áætlun frumvarpsins til þessara liða nemur hart nær tveimur milljónum króna.

Við 11. gr.

Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli er í frumvarpinu talin munu kosta hátt á 4. millj. kr. Það er óneitanlega rausnarleg upphæð til að vernda þjóðina fyrir „verndurum“ hennar, og er hér þó aðeins lögð til 1.5 millj. kr. lækkun, og væri þá enn nokkuð á 3 millj. kr. veitt í þessu skyni.

Við 13. gr.

Lagt er til, að framlag til Skipaútgerðar ríkisins lækki um 3 millj. kr. Ekki á það að þurfa að draga úr rekstri fyrirtækisins á nokkurn hátt, þar eð áætlunarupphæðin til strandferðanna nú er svipuð og í fyrra (16 millj.), en þá reyndist útgerðin ekki þurfa á að halda nema um 12 millj. kr. framlagi.

Framlag til skipaskoðunarinnar ætti að geta lækkað eitthvað, ef lagafrumvarp

það, sem fyrir liggur um það efni, yrði samþykkt. Hámark hugsanlegs sparnaðar gæti þó á þessu ári aldrei orðið yfir 200 þús. kr., og er tillaga hér gerð um það.

Við 15. gr.

Lagt er til, að niður verði felld greiðsla ríkissjóðs á láni prestakallasjóðs til kirkjubyggingarsjóðs, enda ríkissjóður óskuldbundinn í máli þessu, þótt tæpur helmingur skuldarinnar hafi verið greiddur úr ríkissjóði á s. l. ári.

Þá er lagt til, að endi verði bundinn á framlög ríkissjóðs til Skálholts, meðan enginn veit, við hvað framkvæmdir þar eiga að miðast.

Á liðum þessum er samtals lagður til sparnaður, er nemur 1 325 000 kr.

Við 16. gr.

Um skeið hefur verið veitt árlega ½ millj. kr. til sýningarreita í jarðrækt. Mjög þykir óvíst um nytsemi þeirrar starfsemi, og er hér lagt til, að sú fjárveiting falli niður.

Kostnaður við útrýmingu refa og minka hefur aukizt mjög að undanförnu, og er uppi nokkur grunur um, að fjárgreiðslur ríkisins á þessum lið renni ekki óskiptar til baráttu gegn meindýrunum, heldur að einhverju til að rækta upp refskap í mannskepnunni. Þykir því ekki ástæða til að hækka fjárveitingu þessa frá fyrra ári, og er hér gerð 1 millj. kr. sparnaðartillaga, og mundi þó enn standa hálfrar annarrar milljón króna fjárveiting á liðnum, eða sama upphæð og á s. l. ári.

Við 17. gr.

Hér er lagt til, að framlag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækki um 2.3 millj. kr. frá frumvarpi og hefði þá 700 þús. kr. ríkisframlag, eins og tiltekið er í lögum hans að ríkinu beri að greiða til sjóðsins.

Við 19. gr.

Um þá tillögu hefur þegar verið rætt í nefndaráliti hér að framan. Hún miðar að sparnaði á rekstrarliðum ríkisins og nemur samtals 6 073 520 kr.

Við 20. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður leggi landssímanum ekki fé til framkvæmda, heldur verði síminn sem fyrirtæki að annast sínar framkvæmdir á eigin reikning. Áætlað er, að rekstrarhagnaður símans verði rúmlega 9 millj. kr., en framkvæmdaáætlun hans nemur hátt á 12. millj. kr. í eignaaukningu. Mismunurinn, 2 780 000 kr., er ríkissjóði ætlað að greiða. Eðlilegt verður að telja, að landssíminn taki lán fyrir því, sem á vantar að framkvæmdir hans takmarkist við hagnaðinn. Með velvilja ríkisvaldsins ætti síminn að hafa hina beztu lánsfjármöguleika og ættu þeir hér að koma í stað framlaga úr ríkissjóði.

Lagt er til að framlög til allra embættisbústaða svo og útihúsa í sambandi við þá verði lækkuð um helming. Nemur sú lækkun 1 660 000 kr. — Þá er lagt til að framlag til lögreglustöðva í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli falli niður, en við það sparast samtals 1 160 000 kr.

Tillögurnar um skiptingu flugvallafjárins breyta ekki fjárhæðum frumvarpsins, og er þeirra áður getið.

Alþingi, 17. apríl 1959.

Karl Guðjónsson,
form.

Nd. **401. Lög** [115. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 274.

Sþ. 402. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa, eins og venja er, unnið saman að undirbúningi tillagna um framlög til flóabáta og vöruflutninga og notið til þess aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Augljóst er, að þau byggðarlög, sem njóta þeirrar þjónustu, er hér um ræðir, verða að hafa samgöngur á sjó og að þeim samgöngum verður ekki haldið í viðunandi horfi nema með framlögum úr ríkissjóði. En á það var bent í nefndinni, að rétt sé, að samgöngumálaráðuneytið í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins láti athuga, hvort hægt verði framvegis að auka þjónustu strandferðaskipa ríkisins við þá staði, sem flóabátar sigla nú til, og breyta jafnframt að einhverju leyti ferðum bátanna þannig, að leitt geti til sparnaðar á rekstrarkostnaði. Nefndin í heild viðurkennir þetta sjónarmið.

Um rekstur einstakra flóabáta og framlög til þeirra skal þetta tekið fram:

Faxaflóasamgöngur.

Á s. l. ári fékk Skallagrímur h/f vegna ferða Akraborgar um Faxaflóa 500 þús. kr. framlag og auk þess 50 þús. kr., sem greiddar voru samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga. Nefndin hafði með höndum umsókn um verulega hækkun á þessum greiðslum. Hún sá sér ekki fært að taka til greina þá fjárhæð, sem sótt var um, en leggur til, að Skallagrími h/f verði veittar kr. 650 000.00.

Nefndin leggur til, að Mýrabát verði veitt jafnhá fjárhæð og á s. l. ári, kr. 3 600.00.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Á s. l. ári var greitt til Stykkishólmsbáts 450 þús. kr. skv. 13. gr. fjárlaga, 50 þús. kr. skv. heimild í 22. gr. fjárlaga og 100 þús. kr. skv. sérstakri þál. sökum nauðsynlegra viðgerða á bátnum, þ. e. samtals 600 þús. kr. Nefndin leggur til, að veittar verði til Stykkishólmsbáts 500 þús. kr. sem rekstrarframlag og auk þess 75 þús. kr. til viðgerða á bátnum.

Flateyjarbátur naut á síðasta ári 170 þús. kr. rekstrarframlags. Lagt er til, að veitt verði jafnhátt rekstrarframlag nú og að því fé verði varið á sama hátt og gert var s. l. ár. Jafnframt sækir útgerðarmaður bátsins um 130 þús. kr. framlag til viðgerðar á bátnum. Lagt er til, að veittar verði í þessu skyni 65 þús. kr., og er miðað við, að það verði fyrri greiðsla af tveimur.

Lagt er til, að Langeyjarnesbátur fái 25 þús. kr.

Vestfjarðasamgöngur.

Samkvæmt fjárlögum síðasta árs var greitt úr ríkissjóði til Djúpbátsins 460 þús. kr. rekstrarframlag, 75 þús. kr. til viðgerðar á bátnum og 50 þús. kr. samkv. heimild í 22. gr., samtals 585 þús. kr. Nefndin leggur til, að útgerð þessa báts verði veittar 560 þús. kr. á þessu ári.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar haldast framlög til Arnarfjarðarbáts, Dýrafjarðarbáts og Patreksfjarðarbáts óbreytt frá fyrra ári.

Norðurlandssamgöngur.

Nefndin leggur til, að rekstrarframlag til Strandabáts verði sama fjárhæð og á síðasta ári, 100 þús. kr., en auk þess fái hann styrk til vélakaupa, 40 þús. kr.

Lagt er til, að Norðurlandsbátur fái 450 þús. kr. eins og á síðasta ári, Haganesvíkurbátur 7 þús. kr., Hríseyjarbátur 25 þús. kr. og Flateyjarbátur á Skjálfanda 40 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar fær Loðmundarfjarðarbátur 35 þús. kr. og auk þess 25 þús. kr. vegna kaupa á björgunartækjum.

Nefndin leggur til, að í heild verði framlög til Mjóafjarðarbáts óbreytt frá síðasta ári, og er ætlazt til, að ferðum bátsins verði hagað eins og þá.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur.

Lagt er til, að framlög vegna vöruflutninga til Öræfa og bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu verði 100 þús. kr., framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu 225 þús. kr. og framlag til Vestmannaeyjabáts 400 þús. kr. Nefndin ætlast til, að eiganda Vestmannaeyjabáts verði greitt þetta framlag, þó að hann hætti flutningum milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja síðustu mánuði ársins.

Samkvæmt tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema framlög til flóabáta og vöruflutninga samtals kr. 3 605 600.00. Er það 227 þús. kr. hærri fjárhæð en greidd var á s. l. ári í þessu skyni, þegar talið er með það, sem greitt var samkvæmt heimildum og sérstakri þingsályktun.

Nefndin leggur til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Til h/f Skallagríms vegna ferða um Faxaflóa	kr.	650 000
Mýrabátur í Faxaflóa	—	3 600
Stykkishólmsbátur	—	500 000
Sami, vegna viðgerðarkostnaðar	—	75 000
Flateyjarbátur á Breiðafirði	—	170 000
Sami, vegna viðgerðarkostnaðar	—	65 000
Langeyjarnesbátur	—	25 000
Patreksfjarðarbátur	—	3 000
Arnarfjarðarbátur	—	10 000
Dýrafjarðarbátur	—	10 000
Djúpbátur	—	560 000
Strandabátur	—	100 000
Sami, vegna vélakaupa	—	40 000
Norðurlandsbátur	—	450 000
Haganesvíkurbátur	—	7 000
Hríseyjarbátur	—	25 000
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	40 000
Loðmundarfjarðarbátur	—	35 000
Sami, vegna kaupa á björgunartækjum	—	25 000
Mjóafjarðarbátur	—	87 000
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	—	100 000
Suðurlandsskip	—	225 000
Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbátur	—	400 000
Samtals	kr.	3 605 600

Alþingi, 18. apríl 1959.

Páll Þorsteinsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Björgvin Jónsson, form. Ed.nefndar.
Karl Guðjónsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Sigurvin Einarsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Ingólfur Jónsson, með fyrirvara.
Jón Kjartansson.
Jón Pálmason.
Sigurður Bjarnason.
Eggert G. Þorsteinsson.
Eiríkur Þorsteinsson.

Sþ. 403. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
Fyrir „3 078 000“ kemur 3 605 600

Sþ. 404. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959 og við brtt. á þskj. 393.

Frá 3. minni hl. fjárveitinganefndar (KK, HÁ, HS, SvbH).

1. Við brtt. 393,1. (Við 2. gr. 1. — Tekju- og eignarskattur).
Fyrir „145 000 000“ kemur 135 000 000
2. — — 393,3. (Við 2. gr. 3. — Verðtollur).
Fyrir „290 000 000“ kemur 280 000 000
3. — 2. gr. 10. (Stimpilgjald).
Fyrir „23 000 000“ kemur 25 000 000
4. — 2. — 14. (Söluskattur).
Fyrir „145 000 000“ kemur 150 000 000
5. — 2. — 15 Nýr liður:
Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1958 ..... 25 000 000
6. — brtt. 393,11. (Við 3. gr. A. Sundurliðun. 3. I. — Áfengisverzlunin, tekjur).
Fyrir „150 535 815“ kemur 144 535 815
7. — — 393,12. (Við 3. gr. A. Sundurliðun 4. I. — Tóbakseinkasalan, tekjur).
Fyrir „106 800 089“ kemur 98 500 089
8. — 20. gr. Út. IX. Liðurinn orðist svo:
Til flugvallagerðar og öryggistækja:

1.	Reykjavíkurflugvöllur	1 000 000
2.	Sami, flugturnsbygging	200 000
3.	Keflavíkurflugvöllur (blindlendingakerfi)	600 000
4.	Akureyrarflugvöllur	575 000
5.	Egilsstaðaflugvöllur	560 000
6.	Norðfjarðarflugvöllur	800 000
7.	Vestmannaeyjaflugvöllur	600 000
8.	Ísafjarðarflugvöllur	1 350 000
9.	Húsavíkurflugvöllur	150 000
10.	Þórshafnarflugvöllur	100 000
11.	Kópaskersflugvöllur	100 000
12.	Þingeyrarflugvöllur	100 000
13.	Patreksfjarðarflugvöllur	200 000
14.	Vopnafjarðarflugvöllur	100 000
15.	Hólmavíkurflugvöllur	300 000
16.	Flugöryggisþjónustan	800 000
17.	Afborgun af radartækjum vegna Reykjavíkur- og Akureyrarflugvalla	365 000
18.	Ýmislegt	100 000
		8 000 000

9. Við 20. gr. Út. XXVII. Nýr liður:
Lán af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1958 til eftirtalinna stofnana:

a. Byggingarsjóðs ríkisins	15 000 000	
b. Byggingarsjóðs Búnaðarbankans	5 000 000	
c. Veðdeildar Búnaðarbankans	5 000 000	
		25 000 000

10. Við brtt. 393,38 (Við 22. gr. XXVII). Liðurinn orðist svo:
Að afhenda fiskimálasjóði til eignar þær skuldakröfur, sem ríkissjóður eignast fyrir innlausn á lánum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum. Skulu þau skilyrði sett við afhendinguna, að stjórn fiskimálasjóðs veiti lántakendum, er þess óska, ívilnanir um greiðslu afborgana og vaxta af lánum sínum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf, að fengnu áliti viðkomandi sveitarstjórna.

Sþ. 405. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá 3. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fyrrverandi fjármálaráðherra, Eysteinn Jónsson, lagði, svo sem venja hans jafnan var, frumvarp til fjárlaga fram á Alþingi fyrsta dag þingsins.

Fjárveitinganefnd hóf yfirlestur frumvarpsins og fylgiskjala þess litlu síðar. Jafnframt ræddi hún við ýmsa forstjóra ríkisfyrirtækja, eins og venjulegt er, og kynnti sér fjármál fyrirtækjanna, tók á móti erindum og átti viðtöl við sendinefndir víðs vegar að af landinu og einstaka menn, sem leituðu á fund hennar með málaleitanir, er snerta fjárlagaafgreiðslu.

En þar sem ekki varð samkomulag milli þeirra stjórnmálaflokka, er að fyrrverandi ríkisstjórn stóðu, um nauðsynlegar framhaldsaðgerðir í efnahagsmálunum, skorti fjárveitinganefnd grundvöll til þess að byggja afgreiðslu fjárlaga á. Stóð svo fram til 4. desember, að ríkisstjórnin baðst lausnar.

Að sjálfsögðu var ekki heldur við því að búast, að nefndin gæti hafizt handa, á meðan tilraunirnar til nýrrar stjórnarmyndunar stóðu yfir.

Hin nýja ríkisstjórn, sem settist að völdum rétt fyrir jólin, — stjórn Alþýðuflokksins undir vernd Sjálfstæðisflokksins, — var að vísu bjartsýn og trúuð á sjálfa sig, og hélt, að hún ætti ráð undir hverju rifi, svo sem heyra mátti af ávarpi hennar, þegar hún kynnti sig þjóðinni fyrst og „fagnaðarerindi“ sitt, sem fólst í því að létta byrðar almennings án tilkostnaðar.

Þó að ríkisstjórnin í veraldlegum jólafögnuði sínum hefði uppi tal um, að hún mundi verða fljót að ganga frá málunum, var ekki nema eðlilegt, að hún bað fjárveitinganefnd að doka enn litla stund, þar til henni gæfist ráðrúm til þess að leggja fyrir nefndina tillögur sínar um aðalafgreiðslu fjárlaganna.

Samhliða veitti Alþingi eftir beiðni ríkisstjórnarinnar heimild til greiðslna úr ríkissjóði til 1. febr., skv. fyrra árs fjárlögum.

Lengri frest til að kippa í liðinn taldi ríkisstjórnin sig þá ekki þurfa.

Svo leið janúarmánuður, og ekki bólaði á Barða.

Hins vegar fór ríkisstjórnin undir mánaðarlokin fram á það við þingið, að greiðsluheimildin yrði framlengd til 1. marz. En þegar góðviljaður og gamansamur maður úr stjórnarandstöðunni bauðst til að beita sér fyrir því, að heimildin yrði framlengd til 1. apríl, þá þáði stjórnin það með þökkum.

Raunveruleikinn var að renna upp.

Nú líður febrúar, og síðan dregur að lokum marzmánaðar. Og fjárveitinganefnd situr auðum höndum og bíður tillagna ríkisstjórnarinnar.

Þá leggur ríkisstjórnin enn fyrir Alþingi ósk um framlengingu greiðsluheimildarinnar til 1. maí. Um annað var ekki að gera fyrir Alþingi en veita þá heimild í þriðja sinn.

Stjórnin varð víst síður en svo með réttu ásökuð, því að það fréttist eftir dagblaði hennar, að hún hefði meira að segja um hverja helgi stritað við að hugsa um málefni sín.

Það var síðan ekki fyrr en fyrir nokkrum dögum, að tillögur ríkisstjórnarinnar lágu þannig fyrir í stórum dráttum, að fjárveitinganefnd gæti farið að taka sína afstöðu til þeirra og flestra annarra atriða, sem verulegu máli skipta.

Nefndin leggur fram sameiginlegar tillögur á þingskj. 391. Um margar þeirra komu að vísu fram skiptar skoðanir og breytingartillögur innan nefndarinnar við þær — eins og gengur — en fallizt var á að láta við svo búið standa, og stendur því öll nefndin að þessum tillögum, eins og þær liggja fyrir, og mælum við með samþykkt þeirra.

Að öðru leyti varð ekki samkomulag í nefndinni um breytingartillögur við frumvarpið, — og klofnaði nefndin í þrjá hluta, sem skila sínu álitinu hver. Allir eru þessir hlutar minni hlutar, en Alþýðuflokksmaðurinn og Sjálfstæðisflokksmennirnir þrír taka afstöðu sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, og verður að skoða tillögur þeirra í því ljósi sem nokkurs konar meirihlutatillögur — og tillögur hennar í aðalatriðum.

Við Framsóknarflokksmenn nefndarinnar, sem skipum 3. minni hl., getum alls ekki fallizt á tillögur stjórnarliðsins um óraunhæfa hækkun áætlunar á tekjum ríkissjóðs — og útflutningssjóðs — né niðurskurð þann á útgjaldaliðum fjárlaga, sem ýmist er óraunhæfur og kemur því strax í bakseglin sem skökk áætlun eða skerðir þá uppbyggingu atvinnulífsins í landinu, sem hafin hefur verið og er þjóðinni lífsnauðsyn.

Skal nú vikið að meginþáttum þessara mála.

Síðan núverandi ríkisstjórn tók við, hefur kaupgjald í landinu verið lækkað með lögum og niðurgreiðsluráðstöfunum samtals um 13.4%. Tekjur bænda hafa þó — svo sem kunnugt er — verið lækkaðar tiltölulega meira vegna tilhögunar á niðurgreiðslum og misréttis í löggjöfinni um niðurfærslu kaupgjalds og verðlags.

Stjórnarflokkarnir gerðu samninga við framleiðendur — án samráðs við Alþingi eða fjárveitinganefnd — og er áætlað, að þeir samningar auki útgjöld útflutningssjóðs um 82.3 millj. kr.

Niðurgreiðslur á vöruverði hækka um 116.7 millj.

Hafa útgjöld útflutningssjóðs þannig verið aukin samkv. áætlun fyrir þetta ár um a. m. k. 199 millj. kr.

Líklegt má telja, — svo að ekki sé meira sagt, — að þessi áætlun útgjaldaaukningar verði of lág, þegar til kastanna kemur. Ekki er t. d. sjáanlegt, að stætt geti orðið á því að greiða ekki meiri uppbætur á síldarafurðir en ráðgert er í áætluninni.

Hér við bætist svo áætlaður halli útflutningssjóðs að óbreyttum tekjum og útgjöldum, 20 millj. kr., og er þá miðað við tekjuáætlun, sem byggð er á innflutningsáætlun ríkisstjórnarinnar, en samkvæmt henni eru hátollavörur stórlega auknar, og eru engar líkur til, að sú áætlun standist (auk þess sem innflutningur slíkra vara í fyrirrúmi er háskalegur). Hallinn mun því verða meiri.

Þá þarf að taka á fjárlögin hækkanir vegna grunnlaunauppbóta og aukins kostnaðar við tryggingar, og loks eru svo hækkunartillögur við fjárlögin, sem fjárveitinganefnd er sammála um eða stuðningsmenn stjórnarinnar í nefndinni standa að og þess vegna er líklegt, að samþykktar verði, og nemur þetta samtals 30 millj. og 94 þús. kr.

Hér er því óbrúað bil, sem nemur a. m. k. 249 millj. kr., og þó sennilega mun meira í reynd vegna þess, eins og áður segir, að tekjur útflutningssjóðs eru í þessu dæmi miðaðar við hærri innflutning hátollavara en mögulegt mun reynast að framkvæma (hvað þá skynsamlegt), þrátt fyrir áætlun um meiri notkun lánsfjár en nokkru sinni áður.

Tekjuþörf útflutningssjóðs ætla stjórnarflokkarnir að mæta til málamynda með því að hækka leyfisgjald af bifreiðum úr 160% í 300% og telja, að það muni gefa 25 millj. kr., þótt alls ekki sé hægt að sjá, að svo mikið geti upp úr slíku hafzt. En því, sem þá verður eftir af hallanum, ætla stjórnarstuðningsmennirnir að demba á fjárlögin til útgjalda, eða hvorki meira né minna en 154 millj. kr. Augljóslega er stefnt að því að taka nauðsynlegt framkvæmdafé ríkissjóðs og önnur framlög til þjóðnytjamála og fleygja þessu í niðurgreiðslusvelginn, sumpart strax, sbr. tillögur 1. minni hl., og þó vafalaust meira síðar.

Þessu erum við undirritaðir algerlega mótfallnir og leggjum því til, að tillaga 1. minni hl. hér að lútandi verði felld.

Eins og að framan greinir, telja stjórnarstuðningsmennirnir, að mæta þurfi 229 millj. kr. útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði og útflutningssjóði samanlagt, því að þeir sleppa hreinlega úr því framtali 20 millj. kr. halla útflutningssjóðs.

Þörfinni telja þeir sig ætla að mæta þannig:

I. Með nýjum álögum:			
1. Hækkun á áfengi og tóbaki	25 millj. kr.		
2. Hækkun á leyfisgj. á bíla upp í 300%	25 — —		
			50 millj.
II. Með lækkunum:			
1. Niðurskurður verkl. framkvæmda	26.3 millj. kr.		
2. Lækkaðar útgjaldaáætlanir, sem engin áhrif hafa á raunveruleg útgjöld	21.4 — —		
3. Hækkuð skipaskoðunargjöld og greiðslur fyrir vörumat (framleiðslugjöld)	1.0 — —		
4. Raunverulegur sparnaður (afnám orlofsmerkja)	0.5 — —		
			49.2 millj.
III. Með hækkaðri tekjuáætlun, án þess að nokkuð nýtt komi til			63.6 —
IV. Með tolltekjum af Sogsvirkjuninni (ef lán fæst til greiðslu tollanna)			30 —
V. Með greiðsluafgangi 1958			25 —

Með þessum ráðstöfunum stjórnarflokkanna öllum og tillögum þeirra um afgreiðslu fjárlaganna er stefnt að stórfelldum greiðsluhalla, sem vafalaust nemur mikið á annað hundrað millj. kr.

Eins og að framan greinir, er ráðgert að kasta í þann halla 25 millj. kr. af greiðsluafgangi fyrra árs og 30 millj. kr. af tollum frá Sogsvirkjuninni, ef tekst að útvega virkjuninni lán til þess að greiða þá, en slíkt er alveg undir hælinn lagt.

En skammt mun þetta og annað, sem til er tínt, hrökkva í hallann, þótt reynt sé að láta líta svo út á pappírnum, að ekki vanti nema rúmlega 9 millj. kr. upp í hann til ríkissjóðs og 20 millj. til útflutningssjóðs.

Miklu af hallanum er sem sé reynt að leyna með því að hækka tekjuáætlun fjárlaganna og útflutningssjóðs og byggja þær áætlanir á áætlunum um stóraukinn innflutning hátollavara á kostnað annarra vara. Þetta er óverjandi, og þar að auki mun það ekki reynast framkvæmanlegt. Einnig á að fá þessa niðurstöðu með því að lækka ýmsa áætlunarliði ríkisútgjaldanna alveg út í bláinn, enda þótt vitað sé, að slíkt getur engin áhrif haft á hin raunverulegu útgjöld. Þessar fyrirhuguðu hagræðingar stjórnarliðsins á fjárlögunum nema að okkar áliti um 60 millj. kr.

Tími sá, sem ríkisstjórnin hefur haft til þess að endurskoða fjárlagafrumvarpið, er orðinn 3½ mánuður, svo sem í upphafi er á bent og rakið. Á þeim tíma

hefur oft heyrzt úr herbúðum hennar hávaði um, að hægt sé að spara útgjöld ríkissjóðs, — og oft hafði Sjálfstæðisflokkurinn hátt um það, að spara ætti, meðan hann var í stjórnarandstöðu. En hver er svo niðurstaðan, þegar tillögur ríkisstjórnarflokkanna eru komnar í dagsljósið eftir hina löngu umhugsun?

Skulu nú hér á eftir teknar til athugunar nokkrar helztu einstakar tillögur stuðningsmanna stjórnarinnaar, þ. e. 1. minni hl., til útgjaldalækkunar á þskj. 393.

14. till.: Lækkun alþingiskostnaðar 500 þús. kr. — Engar líkur benda til, að áætlun um þessa lækkun geti staðizt, þar sem gert er ráð fyrir aukaþingi í sumar og síðan reglulegu þingi með haustinu. Enn fremur stefna stjórnarflokkarnir að fjölgun þingmanna — og telja sig munu koma henni í kring fyrir haustþingið. Varla getur áætlun um fjölgun þingmanna leitt af sér lækkaða áætlun um þinghaldskostnað, ef rétt er á litið. — Tillagan er bæði furðuleg og brosleg, af því að stjórnarliðið stefnir að lengra þinghaldi en dæmi eru til.

15. till.: Lækkun hjá ráðuneytum, annar kostnaður, 500 þús. kr. — Tillögumennirnir tala um fækkun, sem orðin sé á ráðherrum, og háa áætlun „annars kostnaðar" sem rök fyrir tillögunni.

Fram að miðju ári eru samt 8 ráðherrar á launum (fjórir þeirra á biðlaunum skv. lögum). Ólíklegt er, að síðari hluta ársins verði færri ráðherrar á launum en venjulega. En hvað sem þessu líður, teljum við ekki ósanngjarnt, að stjórninni verði lofað að spreyta sig á því að sýna, hvað hún getur í því að lækka kostnað „á sínu heimili", — og þar af leiðandi mælum við ekki á móti tillögunni.

16. till.: Lækkun tollgæzlukostnaðar 500 þús. kr. — Ekki verður séð, að þessi tillaga sé raunhæf. Fjórir mánuðir eru liðnir af árinu, án þess að ráðstafanir hafi verið gerðar til framkvæmda á lækkun þessa liðar. Sé ætlunin að fækka tollvörðum, eins og látið hefur verið í skína, þarf að segja þeim upp með minnst sex mánaða fyrirvara.

Það sýnist líka vera mjög vafasamur búhnykkur að draga úr eftirliti, sem vitað er að hefur haft stórkostleg áhrif til aukningar á tekjum ríkissjóðs, vegna þess að það hefur verið eflt.

17. till.: Lækkun til Skipaútgerðar ríkisins 6 millj. kr. — Frumvarpið gerir ráð fyrir 16 millj. kr. rekstrarhalla. Stjórnarstuðningsmennirnir áætla hann 10 millj. kr.

Forstjóri skipaútgerðarinnar telur engar líkur til þess, að útkoma skipaútgerðarinnar geti á þessu ári orðið betri en svo, að áætlun frumvarpsins standist, nema dregið verði til muna úr þeirri þjónustu, er skipin veita. Færir hann fyrir því margar ástæður.

Skipin hafa að vísu, eins og tillögumenn benda á, verið tekin úr tryggingu nema fyrir algeru tjóni, en slíkur sparnaður er ekki ábyggilegur og furðudjarft af ríkisstjórninni að gera slíka ráðstöfun án samráðs við Alþingi.

Við teljum ekki fært að fallast á tillöguna, álítum hyggilegra að láta áætlunarupphæðina standa, eins og hún er í frumvarpinu. Fyrirtækið er áhættusamt að því er rekstur snertir og ekki sízt nú, vegna þess að tryggingar hafa verið niður felldar, eins og áður segir.

20. till.: Framkvæmdir í Skálholti lækki um 500 þús. kr. — Á fjárlögum 1958 var framlag til endurbyggingar Skálholtsstaðar lækkað um helming, eða úr 2 millj. kr. í 1 millj. Nú eru áfallnar skuldbindingar á þessu ári til þessara framkvæmda sem næst 760 þús. kr. og því alger stöðvun á framkvæmdum þar, ef fjárveiting er ekki eitthvað umfram þá upphæð. Getur áætlunin því tæpast verið minni en 1 millj., eins og hún er á frumvarpinu.

21. till.: Kaup á jarðræktarvélum, lækkun 2 millj. kr. — Búnaðarfélag Íslands hefur sýnt fram á brýna nauðsyn þess að halda áfram að styrkja ræktunarvélakaup og að innflutningsþörfin er slík, að fjárveitingin þarf að standa. Það sýnist hvorki meira né minna en vaka fyrir stuðningsmönnum stjórnarinnar að hætta að veita fé til stuðnings kaupum á ræktunarvélum. Mótmælum við alveg slíkri stefnu.

22. till.: Mat á sjávarafurðum, lækkun 500 þús. kr. — Hér mun vera átt við síldarmatið, og nýjar álögur fylgja á síldarsaltendur, er lækkuninni nemur. Undirritaðir eru á móti þeim álögum. Lagabreytingar mun og við þurfa, sem engin trygging er fyrir að afgreidd verði á þessu þingi, sem væntanlega fer að ljúka. Tillagan er þess vegna nýjar álögur eða markleysa.

24. till.: Nýjar raforkuframkvæmdir, 10 millj. kr., liðurinn falli niður. — Þetta jafngildir því að þurrka út fjárveitingar af ríkisfé til rafvæðingar úti um land, þar sem rekstrarhalli á rafveitum ríkisins og aðrar áhvílandi kröfur gleypa ríkistillagið að öðru leyti. Þó að einhverjum framkvæmdum kynni að verða haldið uppi með lántökum, t. d. fram yfir kosningar, þýðir þetta sama sem stöðvun, áður en langt líður.

Undirritaðir mæla harðlega gegn þessari tillögu, sem er illvíg í garð sveita og kauptúna, sem bíða rafvæðingar.

25. till.: Framkvæmd orlofslaga, lækkun 500 þús. kr. — Þetta er tillaga um að hætta við orlofsmerkjakerfið. Ekki gera undirritaðir ágreining um það, enda hreinn útgjaldasparnaður fyrir ríkið.

28. till.: Ríkisábyrgðir, lækkun 10 millj. kr. — Engar líkur benda til þess, að lækka megi áætlun ársins um greiðslur vegna ábyrgða. Ábyrgðirnar eru miklar og hafa hækkað árlega um langt skeið, áföll af þeim einnig farið ört hækkandi. Hér er um það að ræða að hafa fé til þess að standa við gerðar skuldbindingar. Það væri að brenna sig á baki að lækka þennan áætlunarlið.

29. till.: Byggingar á jörðum ríkisins, lækkun 500 þús. kr. — Til byggingarframkvæmda á jörðum ríkisins er á 20. gr. fjárlagafrumvarpsins ráðgert að verja 2 millj. kr. Hér er um lagaskyldur ríkisins sem landsdrottins að ræða.

Þegar fjárlagafrv. var samið í s. l. septembermánuði, námu útgefnar skuldbindingar tæpum 700 þús. kr. Vorið 1958 urðu 6 ábúendaskipti á ríkisjörðum, og er nú vitað, að samkv. lögum mun ríkið þurfa að kaupa mannvirki af fráfarandi ábúendum fyrir nál. 1.4 millj., og nema þá áfallnar skuldbindingar allt að 2.1 millj. Augljóst er því, að ekki verður of há áætlun frv. til þessara mála. Hún er sýnilega miklu frekar til muna of lág.

30. till.: Til flugvallargerða, lækkun nálega 2 millj. kr. — Hér er niðurskurðarhnífnum beint að viðkvæmu efni.

Flugvallargerð er mikið áhugamál þjóðarinnar, enda flugið orðið mikilsverður þáttur í samgöngumálum hennar. Enn fremur er þarna um að ræða bættan frágang á ýmsum flugvöllum til öryggis lífi fólks.

Við teljum þessa lækkun ekki mega eiga sér stað.

31.—35 og 37. till.: Í þessum tillögum leggur stjórnarliðið til, að framlög til eftirtalinna bygginga ýmist lækki eða falli niður:

1. Til menntaskólans á Akureyri.
2. Til sjómannaskólans í Reykjavík.
3. Til menntaskólans í Reykjavík.
4. Til lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli.
5. Til stjórnarráðshúss.

Við lítum svo á, að frestun á framlögum — því að ekki getur verið nema um frestun að ræða — til þessara framkvæmda sé mjög varhugaverð, af því að féð, sem fæst með frestuninni, á aðeins að nota í verðbólguginið, sem verður jafnhungrað eftir sem áður.

Ríkið hefur t. d. skaðað sig fjárhagslega með því að koma ekki upp stjórnarráðshúsinu og gjalda nú þess vegna háa húsaleigu til annarra. Á síðustu árum hefur þó verið safnað nokkru fé til þeirrar byggingar, en meira þarf með.

Hins vegar munu undirritaðir ekki bregða fæti fyrir þessar tillögur stjórnarliðsins, sem eru tilraunir þess að klóra í þann háa bakka, sem það hefur dottið niður fyrir.

36. till.: Atvinnuaukningarfé, lækkun 3.5 millj. kr. — Stjórnarflokkarnir

bera fram þá tillögu að lækka atvinnuaukningarféð úr 13.5 í 10 millj. kr., eða sem svarar 26%.

Atvinnuaukningarféð hefur á undanförnum árum verið undirstaða að verulegum framförum í kauptúnum og kaupstöðum víðs vegar um land. Er sú uppbygging, sem á þessu hefur grundvallazt, enn í miðjum klíðum á fjölmörgum stöðum og því sízt til þess nokkur ástæða að draga úr þeim stuðningi enn sem komið er. Væri þvert á móti fremur á því þörf að herða sóknina í uppbyggingarmálum margra kauptúna og kaupstaða víðs vegar um landið. Er blátt áfram á því hin mesta hætta, að það, sem þegar hefur verið gert, komi ekki að fullum notum, ef nú er farið að skera stórlega niður þau framlög, sem til þessa hefur verið varið að undanförnu. Á þessa tillögu höfum við því alls ekki getað fallizt og teljum hana beina árás á hagsmuni þeirra staða, sem hér eiga einkum hlut að máli.

Þá flytja stuðningsmenn stjórnarinnar till. um 5% niðurskurð á fjölda liða á frumvarpinu, er snerta mjög verklegar framkvæmdir. Gerir sá niðurskurður samtals 8297500 kr.

Eru sumar þessar lækkanir algerlega óraunhæfar, svo sem á framlögum til jarðræktarframkvæmda. Eru þau lögbundin og fara eftir jarðræktarframkvæmdum en ekki áætlun fjárlaga.

Þarna kennir margra grasa:

Framlag til viðbótarbyggingar landsspítalans er lækkað, en forustumenn í læknastétt hafa með miklum dugnaði staðið fyrir byggingu þessari. Þetta er mjög nauðsynleg framkvæmd, svo sem alþjóð er kunnugt, en fjárfrek að vonum. Okkur þykir of langt gengið, þegar teknar eru af þessari févana framkvæmd á þriðja hundrað þúsunda og hent í niðurgreiðslusvelginn.

Sama gildir um það, sem höggvið er af fjárveitingum til annarra sjúkrahúsa.

Sams konar útreið fá framlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og framlag til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Viðhaldsfé til vega er þarna skert, þó að allir viti, að það þolir engan frádrátt — og þyrfti að vera miklu hærra en frumvarpið gerir ráð fyrir. Fjárlagaáætlanir um viðhald veganna hafa að undanförnu aldrei reynzt nógu háar.

Fé til endurbyggingar gamalla brúa er lækkað, þó að vitað sé, að ýmsar gamlar brýr eru að verða lífshættulegar.

Íþróttasjóður annar ekki hlutverki sínu. Fjárþörf hans er talin 13.1 millj. kr., fjárveiting skv. frumvarpinu aðeins 1.6 millj. kr. Þá ófullkomnu fjárveitingu á samt að skera niður skv. tillögunni.

Sandgræðslan og skógræktin verða fyrir þessu líka. Undanfarandi ár hefur stöðugt verið að aukast skilningur þjóðarinnar á þeirri höfuðnauðsyn að vernda gróðurlandið og klæða auðnirnar, sem eru þegar allt of margar og miklar. Svo hefur og verið um þá myndarlegu sókn til að klæða landið skógi. Þetta hefur einnig komið fram í vaxandi fjárveitingum til þessara mála, þótt þar sé síður en svo, að enn sé um neina ofrausn að tala. Landeyðingarstefnan er nægilega augljós, þótt ekki birtist hún svo berlega í þessu formi.

Enn skal eitt dæmi nefnt:

Ný og ill tíðindi hafa borizt um óvænta útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Samt leggur stjórnarliðið til, að skert verði sú upphæð, sem frumvarpið frá í haust gerir ráð fyrir til varnargirðinga.

Fleiri dæmi teljum við óþarft að nefna. Allt er þetta á eina lund. — Þennan almenna niðurskurð verklegra framkvæmda teljum við vera ýmist óhæfu eða aðeins á pappírnum til að sýnast. Leggjum við því til, að tillagan verði felld.

Tekjuáætlun stjórnarstuðningsmannanna er byggð á því að auka að miklum mun innflutning hátollavara frá því, sem hann var í fyrra. Á sú aukning að fást fyrst og fremst með verulegum niðurskurði annars innflutnings. Þetta stenzt ekki. Með þessu er stefnt í ófærur.

Við erum alveg mótfallnir þessari stefnu — og teljum hana auk þess óframkvæmanlega.

Hins vegar teljum við, að hækka megi tekjuáætlun fjárlaganna um 49 millj. kr., m. a. með tilliti til þess, að nú er yfirlýst, að ríkisstjórnin ætlar að taka til framkvæmda lán það, sem fyrrv. stjórn hafði lagt drög að.

Tillögur okkar til breytinga á fjárlagafrumv. — auk þeirra, sem öll nefndin stendur að á þskj. 391 — skulu nú greindar með fáum orðum:

Breytingartillögur þær, sem við flytjum um hækkun á tekjuliðum frumvarpsins, nema samtals 49 millj. kr. Af því eru 24 millj. hækkun á sköttum og tollum. Eru þær tillögur gerðar með tilliti til reynslu síðasta árs. Verðhækkun, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið á áfengi og tóbaki, er áætluð 25 millj. kr.

Þá leggjum við til, að 25 millj. af tekjuafgangi ríkissjóðs frá fyrra ári verði teknar inn á fjárlögin tekjumegin. En jafnframt gerum við tillögur um, að gjaldamegin (á 20 gr.) verði sömu upphæð varið til þess að lána þremur stofnunum ríkisins:

1. Byggingarsjóði ríkisins	kr.	15 000 000
2. Byggingarsjóði Búnaðarbankans	—	5 000 000
3. Veðdeild Búnaðarbankans	—	5 000 000
	Kr.	25 000 000

Allar þessar stofnanir vantar tilfinnanlega fé til útlána sinna, sem eru mjög þýðingarmikil fyrir þá, er þeirra eiga að njóta. Framsóknarmenn lögðu fram í vetur um þetta þáltill., sem enn hefur ekki hlotið afgreiðslu.

Við flytjum tillögu til breytinga á 22. gr. XXVII í frumvarpinu varðandi þurrafúa ábyrgðarlán. Okkur virðist eðlilegast að fylgja sömu stefnu með þessi lán og mótuð var við ráðstöfun óþurrkalánanna til bænda árið 1957. Mundi þá stjórn fiskimálasjóðs veita lántakendum ívilnanir um greiðslu vaxta og afborgana, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti, lengja lánstímann eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef sjóðsstjórnin telur þess þörf.

Loks flytjum við tillögu til skiptingar á fé til flugvallagerðar og miðum við þá heildarupphæð, sem er í frumvarpinu og alls ekki má lægri vera, eins og við höfum áður fram tekið.

Samkv. okkar sérstöku tillögum, sem lýst hefur verið, og að meðtöldum tillögum þeim, sem fjárveitinganefnd stendur óskipt að — svo og þeim lækkunartillögum, sem við beitum okkur ekki á móti, — verður niðurstaða fjárlaganna á sjóðsyfirliti þessi:

Tekjur og aðrar innborganir:

Samkv. fjárlagafrv.	kr.	900 360 000	
÷ tekjur frá útflutningssjóði	—	20 000 000	
			kr. 880 360 000
Hækun tekna (skattar og tollar)			— 24 000 000
Hækkun tekna ríkisstofnana (verðhækkun á áfengi og tóbaki)			— 25 000 000
Af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1958			— 25 000 000
		Tekjur alls	kr. 954 360 000

Gjöld og aðrar útborganir:

Gjöld samkvæmt fjárlagafrv.	kr.	898 643 071	
÷ lækkanir	—	4 800 000	
			kr. 893 843 071
Hækkanir samkv. tillögum fjárveitinganefndar			— 30 094 785
Ráðstöfun á greiðsluafgangi 1958 skv. tillögum okkar			— 25 000 000
		Gjöld alls	kr. 948 937 856

Niðurstöðutölur:

Inn	kr.	954 360 000
Út	—	948 937 856
Greiðsluafgangur	kr.	5 422 144

Tillögur sínar um framhaldsaðgerðir í efnahagsmálunum lagði Framsóknarflokkurinn fram í fyrrverandi ríkisstjórn í nóv. s. l. Til þeirra tillagna skírskotum við um grundvallarstefnuna, sem við teljum að hafa hefði þurft við afgreiðslu efnahagsmálanna á þessum vetri, en er ekki hægt að koma við nú, af því að tillögunum var hafnað á sínum tíma. Þær tillögur miðuðust við, að vísitala yrði ekki látin hækka 1. des. og kaup yrði greitt áfram samkv. vísitölunni 185. Enn fremur yrði viðhaldið sama kaupmætti launa og var í október s. l.

Að okkar áliti hefðu þær tillögur, ef samkomulag hefði fengizt um þær, skapað með til þess að gera léttu móti grundvöll, sem nú hefði verið auðvelt að fóta sig á og standa á áfram.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd fara vafalaust í tillögum sínum eftir hennar línu og fyrirmælum þeirra þingflokka, sem að henni standa. Það er því „fagnaðarerindi“ stjórnarstefnunnar, sem kemur fram í tillögunum.

Ljóst er af því, sem við höfum rakið hér að framan, að þessar tillögur stjórnarstuðningsmanna fela í sér nýjar beinar álögur, sem nema a. m. k. 50 millj. kr., og mikinn niðurskurð verklegra framkvæmda. En auk þess er með þeim stefnt að stórfelldum halla hjá útflutningssjóði eða ríkissjóði eftir því, hvernig bókhaldi verður hagað.

Þessi halli liggur í augum uppi að því leyti, að étinn er upp afgangur frá fyrra ári. En að verulegu leyti er reynt að leyna hallanum með hækkuðum tekjuáætlunum úr hófi fram og lækkuðum gjaldaliðum, sem ekki hlýða lækkunum — svo og ráðagerðum um óvissar tekjur og öðrum þvílíkum brögðum til þess að komast frá þessu þangað til — hvenær? Auðvitað þangað til tvennar kosningar, sem boðaðar hafa verið, eru um garð gengnar og kjördæmabreytingin, sem áformuð hefur verið, er komin í kring.

Þá er hugsað að herða tökin. Ætlunin var að draga enn meira úr verklegum framkvæmdum úti um land, en mun ekki hafa þótt ráðlegt að fara með meira á bakinu en þetta út í kosningarnar að þessu sinni.

Þeir, sem telja sig nú í stjórn til „bráðabirgða“, munu ef til vill líka hugsa eins og þjóðhöfðinginn, sem sagði: „Syndaflóðið kemur ekki fyrr en eftir minn dag.“

Og syndaflóðið kemur, því er miður. Það bregzt ekki, ef fjárlög verða afgreidd eins og til er lagt af stjórnarflokkunum. Hver og einn, sem hefur kunnugleika á þessum málum, á hægt með að geta því nærri, hvernig verður að taka á málunum, þegar hvort tveggja verður að gera í senn: að jafna hallann, sem nú er til stofnað, og að borga óreiðusúpuna, sem í pottinn verður komin.

Með þessari afgreiðslu efnahagsmálanna er til þess stofnað, að þegar dregur að lokum ársins, rís geigvænleg verðbólgualda. Því fer svo víðs fjarri, að ráðstafanir núverandi ríkisstjórnar séu heilbrigðar aðgerðir gegn þeirri óheillaþróun, að þær geta ekki meira en (ef þær þá geta það) — eins og til virðist ætlazt — skapað svikalogn, sem boðar meira óveður — eftir stutta stund — en nokkru sinni kom áður.

Við mótmælum öllum tillögum slíkra aðgerða.

Alþingi, 19. apríl 1959.

Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Karl Kristjánsson, frsm.
Sveinbjörn Högnason.
Halldór E. Sigurðsson.

Nd. 406. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni, sem stjórnarskrárnefnd hefur haft til athugunar, fjallar um nýja kjördæmaskipun.

Fá eða engin landsmál hafa lengur verið til íhugunar og verið betur athuguð en kjördæmamálið. Á þessu þingi hefur það auk ýtarlegrar meðferðar í öllum flokkum þingsins verið viðræðuefni þeirra í milli, fyrst innbyrðis hjá stuðningsflokkum fyrrverandi ríkisstjórnar og síðan allt þangað til frumvarpið var flutt hinn 10. apríl af forvígismönnum Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags.

Áður en málið nú var tekið upp, höfðu langvinnar og rækilegar tilraunir verið gerðar til að leysa það. Heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem ráðgerð var eftir stofnun lýðveldisins 1944, stöðvaðist fyrst og fremst vegna ósamkomulags um þetta mál. Eftir að fulltrúar sjálfstæðismanna höfðu í nóvember 1952 lagt fram í stjórnarskrárnefndinni, sem þá starfaði, tillögur sínar um breytingar á stjórnarskránni og þar á meðal tjáð sig fúsa til samninga um nýja kjördæmaskipun, hvort heldur á grundvelli einmenningskjördæma um land allt eða hlutfallskosninga í nokkrum stórum kjördæmum, varð um það samkomulag í nefndinni eftir samráð við ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar, að áframhaldandi starf nefndarinnar þyddi ekki, á meðan ekkert samkomulag fengist um þetta grundvallaratriði. Í framhaldi þess bar Karl Kristjánsson fram tillögu um að taka málið úr höndum nefndarinnar á þann veg, að hún léti sér nægja að gera tillögu um að kjósa sérstakt stjórnlagaþing eftir núgildandi kosningareglum með þeim frávikum einum, að stjórnmálaflokkar mættu hvergi nærri kosningunum koma. Jafnframt því sem nefndarmenn viðurkenndu, að þeir gætu ekki, eins og á stóð, náð samkomulagi, ákváðu þeir, að nefndin skyldi koma saman til fundar, jafnskjótt og einhver einn nefndarmaður óskaði. Sú ósk hefur ekki borizt til þessa dags. Samkomulagið um, að nefndin skyldi hætta störfum, var staðfest af Steingrími Steinþórssyni, þáverandi forsætisráðherra, með því að hann tilnefndi engan mann í stað Ólafs prófessors Jóhannessonar, sem sagði sig úr nefndinni um áramótin 1952 og 1953. Þetta var síðan enn viðurkennt við stjórnarmyndun Hermanns Jónassonar í júlí 1956, þegar stuðningsflokkar hennar ákváðu, að þeir skyldu reyna að leysa málið með samningum sín á milli.

Kjördæmamálið er því þaulrætt í stjórnmálaflokkunum og á milli þeirra. Fulltrúar allra núverandi þingflokka hafa árum saman reynt að ná samkomulagi sín á milli, og síðan ýmist milli tveggja eða þriggja þeirra innbyrðis, en aldrei tekizt fyrr en nú. Það er fyrst eftir að Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag hófu samninga sín á milli án þátttöku Framsóknarflokksins, sem samkomulag fékkst.

Ágreiningsatriðin milli þeirra þriggja og Framsóknarflokksins eru þó nú orðin mun færri en fyrir skemmstu var. Nú orðið er ekki lengur deilt um fjölda þingmanna, nauðsyn uppbótarsæta né fjölda þingmanna í fjórðungi hverjum. Breytingartillögur þær, sem fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni lögðu þar fram, sýna, að nú er Framsóknarflokkurinn — að vísu gagnstætt því, sem flokksþing hans samþykkti fyrir skemmstu — sammála hinum flokkunum í öllum þessum atriðum, að undanteknu því einu, að hann vill hafa einum þingmanni fleira í Austfirðingafjórðungi og lækka fjölda uppbótarþingmanna sem því svarar. Hið eina ágreiningsatriði, sem eftir stendur að þessu frátöldu, er því, með hverjum hætti þingmenn, aðrir en uppbótarmenn, skuli kosnir.

Mjög er deilt um, hvort heppilegra sé að hafa einmenningskjördæmi eða hlutfallskosningar í allstórum kjördæmum. Hvor háttur hefur til sín ágætis nokkuð.

Í engilsaxneskum löndum hafa yfirleitt verið hafðar meirihlutakosningar í einmenningskjördæmum. En þar þykir þá sjálfsagt að skipta stórborgum niður í einmenningskjördæmi ekki síður en sveitahéruðum. Sú aðferð er ekki eingöngu höfð við kosningar til þinga, heldur og til bæjarstjórna.

Í öðrum löndum, sem ekki hafa síður reynzt lýðræði trygg en hin engilsaxnesku, eru aftur á móti hlutfallskosningar með ýmislegum hætti. Engin lönd þykja fremri í lýðræði né betra fordæmi um góða stjórnarhætti en skandinavísku löndin þrjú, Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Þar um slóðir mundu það þykja ódæmi, ef nokkur héldi því fram, að hlutfallskosningar, sem þar hafa lengi verið tíðkaðar, væru lýðræðinu hættulegar. Þvert á móti telja flestir þar, að þær séu þess styrkasta stoð.

Rétt er, að lýðræði hefur átt í vök að verjast í sumum löndum, þar sem hlutfallskosningar hafa verið, en svo er ekki síður sums staðar þar, sem kosið hefur verið í einmenningskjördæmum. Allt aðrar og veigameiri ástæður en kosningafyrirkomulagið urðu t. d. til þess, að Þýzkaland varð á sínum tíma nazismanum að bráð, enda hafa Vestur-Þjóðverjar ekki horfið frá hlutfallskosningum. Hlutfallskosningar urðu og ekki Frakklandi að falli 1940, því að þá var kosið þar í einmenningskjördæmum. Enn er ósýnt, hvernig til tekst um hina nýju kosningalöggjöf, er de Gaulle hefur nú komið á. Víst er, að valdataka hans var ekki með lýðræðislegum hætti. Þess er einnig að minnast, að Frakkar hafa nú eins og fyrr, þegar þeir hafa haft einmenningskjördæmi, þá aðferð, að einfaldur meiri hluti dugir ekki, heldur verður að kjósa upp aftur í kjördæmi, ef enginn hefur fengið algeran meiri hluta. Leiðir sú aðferð til allt annarrar niðurstöðu en sú, sem hér hefur ætíð tíðkazt, að láta einfaldan meiri hluta ráða úrslitum.

Meirihlutakosningar hafa yfirleitt reynzt betur með hinum stærri þjóðum og hlutfallskosningar með hinum minni. Þegar kjördæmin verða mjög mörg, eru meiri líkur til þess, að ekki skapist ranglæti, sem stafar af því, að flokkur, sem hefur lítinn meiri hluta í kjördæmi, nái þeim e. t. v. öllum eða flestum. Eftir því sem kjördæmin eru fleiri, aukast líkurnar fyrir, að þetta jafnist nokkurn veginn á milli flokka. Játa þó allir, að mismunurinn milli kjósendafylgis og þingmannafjölda hefur stundum bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum farið úr hófi.

Þá er ekki síður hins að gæta, að eftir því sem kjördæmin verða stærri, hverfa þeir ókostir, sem löngum hafa þótt fylgja einmenningskjördæmum, að áhrifa þeirra, sem ráða yfir atvinnu og fjármagni, gæti um of. Einmenningskjördæmi í Bretlandi og Bandaríkjunum eru yfirleitt svo fjölmenn, að allir íslenzkir kjósendur væru þar í einu eða tveim kjördæmum.

En hvorn kostinn sem menn hafa valið, einmenningskjördæmi eða hlutfallskosningar, þá er það utan Íslands regla að hafa sömu kosningaaðferðina hvarvetna sem er í landinu til þjóðþingsins, enda er augljóst, að annað skapar hróplegt misrétti milli borgaranna.

Hér á landi hefur þróunin aftur á móti orðið sú, að auk uppbótarsætanna, sem ekki er lengur ágreiningur um, er kosið til Alþingis með þrennum ólíkum hætti. 21 þingmaður er kosinn í einmenningskjördæmum, 12 í tvímenningskjördæmum með hlutfallskosningum og 8 í Reykjavík með hlutfallskosningum.

Með þessu er mönnum mjög mismunað eftir því, hvar þeir búa í landinu. Meiri hlutinn hefur mun minni rétt, þar sem hlutfallskosningar eru. Að sama skapi hefur minni hlutinn þar meiri rétt, og er þó mjög misjafnlega að mönnum búið eftir því, hvort þingmenn eru einungis tveir eða átta. Í upphafi var því mjög haldið fram, að hlutfallskosningar gætu ekki notið sín í tvímenningskjördæmum. Rétt er, að æskilegra er, að fleiri séu kosnir samtímis en tveir, ef hlutfallskosningum er beitt. Því eftirtektarverðara er, að fáir eða engir af kjósendum í tvímenningskjördæmunum mundu nú vilja hverfa til þess, sem áður var, enda leggja framsóknarmenn, sem hingað til — nú síðast á flokksþingi sínu í marz — hafa verið andvígir hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum, nú til, að þeim skuli haldið.

Af því misrétti einstaklinganna, sem hér er lýst, leiðir misrétti milli flokka eftir því, hvar þeir hafa fylgi í landinu, — misrétti, sem hefur hér á landi gersamlega skekkt þá mynd þjóðarviljans, sem á að birtast á Alþingi. Þegar fundin skal lausn kjördæmamálsins, er þess vegna frumskilyrði, að sömu meginreglur um kosningar gildi um allt land.

Hugmyndin um skiptingu Reykjavíkur í nokkur stór einmenningskjördæmi, sem mundu hafa orðið mannfleiri hvert um sig en nokkurt annað kjördæmi á landinu, hefur ekki fengið neinn hljómgrunn. Framsóknarflokkurinn, sem þó segist vera fylgjandi einmenningskjördæmum, hefur verið alveg óviðmælandi um að hafa þau í Reykjavík. Að sjálfsögðu hafa þeir, sem fremur kjósa hlutfallskosningar hvarvetna, einnig verið andvígir skiptingu Reykjavíkur í einmenningskjördæmi. En með því er hugmyndin um lausn kjördæmamálsins á grundvelli einmenningskjördæma úr sögunni, vegna þess að það er ærið nóg fyrir íbúa hinna fjölmennustu byggðarlaga að una því að njóta ekki fulls staðarlegs réttlætis, þó að því sé ekki bætt ofan á, að meiri hluti kjósenda eigi einn að ráða annars staðar, en ekki þar.

Fyrir þeirri sundurleitu skipun, sem nú gildir, tjáir ekki að færa þau rök, að hún sé fornhelg. Hún er vaxin upp af því sæði, sem erlendir einvaldskonungar sáðu á mestu niðurlægingartímum Íslands. Hinum beztu mönnum hefur ætíð verið ljóst, að á kjördæmaskipuninni og kosningaaðferðinni voru stórfelldir gallar, þó að ekki næðist samkomulag um breytingar. Breytingarnar, sem á hafa orðið, og þær eru margar, hafa ætíð verið hugsaðar sem bót á gamla flík, og þess vegna er komið svo sem komið er, að byggt er á gerólíkum meginreglum.

Sumir tala svo sem sýslurnar, hin gömlu skatthéruð konunganna, skipti Íslendingum í ámóta fjarskyldar þjóðir og aðilar samtaka Sameinuðu þjóðanna eru. Vitnað er til þess, að þar á þingi hafi allar þjóðir jafnan atkvæðisrétt, stórar og smáar. Í raun og veru eru úrslitaráðin í þeim samtökum hjá öryggisráðinu, þar sem stórveldin ráða öllu, meira að segja svo, að hvert þeirra um sig getur stöðvað öll mál með einfaldri synjun. Eftir sömu hugsun ætti t. d. Reykjavík að fá þá aðstöðu að geta synjað öllum meiri háttar málum um framgang, þó að fulltrúar hennar væru einir á móti, en allir aðrir væru með. Auðvitað kemur engum slíkt til hugar hér á landi. En þegar vitnað er til fordæma eða hliðstæðna, tjáir ekki að taka það eitt, sem hverjum um sig hentar, heldur verður að skoða heildarmyndina. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stefnir að því að vera málfundur allra þjóða heims, svo ólíkar sem þær eru að stærð, menningu og skoðunum. Er vart að finna ólíkari stofnanir en þá samkomu og Alþingi Íslendinga, löggjafarþing einnar hinnar minnstu þjóðar, sem er innbyrðis skyldust og samtengdust, þrátt fyrir allt, sem á milli ber.

Kjördæmaskipunin er nú og gerklofin frá sýsluskipuninni, eins og hún var og er. Dæmi þess þarf ekki að telja, þau sér hver maður í hendi. Enn augljósara er þó, að ómögulegt er að skipta landinu, jafnvel utan Reykjavíkur, í einmenningskjördæmi, án þess að þarna verði enn meiri aðskilnaður en orðinn er. Tillögur framsóknarmanna nú um að halda tvímenningskjördæmunum — þvert ofan í flokkssamþykktina í marz — sanna og, að þegar til átti að taka, hafa þeir ekki treyst sér til að gera neina frambærilega tillögu um þetta.

Ekki þarf að eyða orðum að þeirri fjarstæðu, að kjördæmi séu lögð niður með því að sameina þau og gera þau þannig sterkari. Sameinaðir stöndum við, sundraðir föllum við, á ekki síður við í þessu sambandi en öðru. Eyðing fjarlægða og breyttir þjóðfélagshættir hafa haft í för með sér, að byggðarlögin sjálf hafa án atbeina almannavaldsins meira og meira verið að leita samvinnu sín á milli. Nægir þar að nefna fjórðungasamtök, búnaðarsamtök, sameiginlega ráðningu manna til að annast tiltekin störf o. s. frv. Eftir því sem sveitirnar verða fámennari, verður íbúum þeirra sjálfum lífsskilyrði að einangrast ekki, heldur hafa aukna samvinnu sín á milli og við fólkið í þéttbýlinu. Með hinni nýju kjördæmaskipun eru sköpuð meiri líkindi á samvinnu og samhygð allra landsins barna. Með auk-

inni tölu þingmanna í hverju kjördæmi er tryggt svo sem við verður komið, að kjósandi eigi ætíð beinan aðgang á þingi að einhverjum skoðanabróður sínum, manni, sem hann fulltreystir. Með þeirri skipan, sem lögð er til í frumvarpinu, er tekinn upp þráðurinn, sem slitnaði, er þjóðveldi Íslendinga leið undir lok. Kjördæmin nú svara að ýmsu til hinna fornu þinga og fjórðunga á okkar fyrri frelsisdögum. Þá þurfti enginn að una því að vera í þingi með goða vegna þess eins, að þeir væru í sömu þinghá, heldur gat hann kosið hvern sem var í hinum sama fjórðungi. Þessi háttur reyndist þá ein bezta trygging fyrir frjálsræði búandmanna, á sama veg og stækkun kjördæmanna nú og fleiri þingmenn í hverju þeirra verða aukin trygging fyrir frelsi kjósendanna.

Frelsi kjósenda til að ráða vali frambjóðenda og una ekki skipun flokksstjórna verður bersýnilega því meira sem kjósa skal fleiri þingmenn í hverju kjördæmi. Þá er bæði um marga að velja á hverjum lista og möguleikar hinna óánægðu til að koma að sínum frambjóðendum meiri en ef aðeins skal kjósa einn. Viðurkenning þessa kemur fram í talinu um, að hætta skapist á smáflokkum. Öruggasta ráðið gegn þeim er, að fram séu boðnir þeir, sem flestra fylgi hafa innan hvers flokks.

Hvernig sem þetta mál er skoðað, verður ljóst, að öll rök hníga með því önnur en þau, ef menn vilja halda við þeirri skipan að veita einum flokki forréttindi á kostnað allra annarra flokka og þar með yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar.

Í þessu frumvarpi er ekki gert á hlut neins frá því, sem nú er. Engum er veittur réttur, sem hann ekki á fulla kröfu til. Hinu má miklu fremur halda fram, að fólkið í þéttbýlinu sitji enn við of skarðan hlut. En það vill una því og réttir fram bróðurhönd sína til fámennisins til einlægrar samvinnu um heill allra byggða Íslands í þeirri von, að þeir verði, þegar á reynir, fáir, sem ekki láti sér nægja að mega kjósa hlutfallslega fleiri þingmenn en aðrir, heldur heimti og, að þeir séu kosnir hver með sinni aðferðinni, svo að af hljótist magnað ranglæti.

Meiri hluti stjórnarskrárnefndar telur, að í frv. felist svo brýn réttarbót, að ekki megi dragast að samþykkja hana. Hann leggur þess vegna til, að frv. verði samþykkt, og getur ekki fallizt á till. að rökstuddri dagskrá um frestun málsins, sem fulltrúar Framsóknarflokksins lögðu fram í nefndinni. Úr því sem komið er, virðist og betur í samræmi við lýðræðislega stjórnarhætti, að önnur atriði stjórnarskrárinnar verði ekki tekin til endurskoðunar fyrr en réttlátari skipun Alþingis hefur verið tryggð en sú, sem nú er. Breytingartillögur þær við frv., sem fulltrúar Framsóknarflokksins báru fram í nefndinni, miða að því að auka enn misrétti milli flokka um þingmannafjölda og koma í veg fyrir, að upp séu teknar sams konar reglur um kjör þingmanna hvarvetna á landinu. Meiri hlutinn getur þess vegna ekki mælt með samþykkt þeirra.

Meiri hlutinn leggur með skírskotun til framanritaðs til, að frv. sé samþykkt. óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1959.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Einar Olgeirsson, fundaskr. Jón Sigurðsson.

Benedikt Gröndal. Jóhann Hafstein.

Ed. 407. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

13. gr. 2. mgr. orðist svo:
Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir, sbr. þó 22., 23. og 76. gr. 3. mgr.

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	kr. 21600.00	kr. 16200.00
Fyrir einstaklinga	— 12000.00	— 9000.00

2. gr.

15. gr. orðist svo:
Greiða má eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

16. gr. 4. mgr. orðist svo:
Árlegar fjölskyldubætur skulu vera sem hér segir:

	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
Með þriðja barni í fjölskyldu	kr. 1200.00	kr. 900.00
Með hverju barni umfram þrjú í fjölskyldu	— 2400.00	— 1800.00

4. gr.

17. gr. 6. og 7. mgr. orðist svo:
Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 6000.00 á 1. verðlagssvæði og kr. 4500.00 á 2. verðlagssvæði.
Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%.

5. gr.

18. gr. 2. mgr. orðist svo:
Árleg mæðralaun skulu vera helmingur óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt, og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri.

6. gr.

19. gr. orðist svo:
Fæðingarstyrkur skal vera kr. 1800.00 við hverja fæðingu.

7. gr.

20. gr. orðist svo:
Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns hennar, kr. 1200.00 mánaðarlega.
Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 900.00 mánaðarlega.

8. gr.

23. gr. 4. mgr. Í stað „7%“ komi: 10%.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.
Jafnframt falla úr gildi ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum, um bætur samkv. II. kafla almannatryggingalaga nr. 24/1956.

Svo falla og úr gildi ákvæði laga nr. 68/1958, um bætur samkv. 13., 14., 15., 17., 18., 21. og 23. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 16. júlí 1958 skipaði Guðmundur Í Guðmundsson, þáverandi ráðherra tryggingamála, nefnd samkvæmt þingsályktun samþykktri 16. apríl 1958, til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna.

Nefndin skyldi sérstaklega athuga hvort unnt væri:

1. að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris,
2. að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna,
3. að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður,
4. að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögunum.

Í nefndina voru þessir skipaðir: Adda Bára Sigfúsdóttir, veðurfræðingur, Gunnar Möller, hæstaréttarlögmaður, sem er ritari nefndarinnar, Helgi Jónasson, formaður tryggingaráðs, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Jóhanna Egilsdóttir, formaður V.K.F. Framsókn, Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður, og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Vegna forfalla Öddu Báru Sigfúsdóttur, var frú Þórunn Magnúsdóttir skipuð í nefndina með bréfi, dags. 30. okt. 1958, en hún forfallaðist vegna sjúkleika og tók þá Adda Bára Sigfúsdóttir sæti í nefndinni.

Með bréfi, dags. 19. nóv. 1958, var frú Aðalbjörg Sigurðardóttir skipuð í nefndina.

Tryggingastofnun ríkisins hefur veitt nefndinni aðstoð með því að útvega ýmsar upplýsingar og annast útreikninga.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að hlutur bótaþega verði bættur samkv. því, sem á var bent í áðurnefndri þingsályktun. Nefndin áleit þó ekki kleift að breyta þeim ákvæðum, sem nú gilda um lífeyri með barni látinnar móður, vegna hinnar miklu útgjaldaaukningar, sem tillögur nefndarinnar um hækkun ýmissa bótagreina hafa óhjákvæmilega í för með sér.

Auk þessara breytinga á almannatryggingalögunum, leggur nefndin til, að mæðralaun verði nokkuð aukin, að heimild Tryggingastofnunar ríkisins til greiðslu uppbótar, samkv. 23. gr. almannatryggingalaga verði nokkuð rýmkuð, svo og ýmsar aðrar smávægilegar breytingar til samræmis við þær breytingar, sem hér voru nefndar.

Bótaupphæðum er í frumvarpinu breytt til samræmis við grunnupphæðir, samkv. ákvæðum laga nr. 1 30. jan. 1959, um nýjan vísitölugrundvöll, en af því leiðir lítils háttar hækkun á fjölskyldubótum og fæðingarstyrk, þar eð rétt þótti, að láta bætur þessar standa á heilum hundruðum króna. Þess ber þó að gæta, að þessi samræming nær aðeins til lífeyristrygginganna, enda situr nú önnur nefnd á rökstólum, sem endurskoða skal slysabætur.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins og þá gerð nánari grein fyrir þeim breytingum, sem hér er um að ræða.

Um 1. gr.

Á síðasta ári voru ýmsar bótategundir almannatrygginganna, svo sem elli-, örorku-, barnalífeyrir o. fl. hækkaður tvisvar sinnum. Í fyrsta lagi voru bæturnar hækkaðar um 5%, sjá 53. gr. laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., sbr. lög nr. 69 23. des. 1958, um breyting á þeim lögum. Í öðru lagi, voru bætur hækkaðar frá 1. sept. 1958 um 9½% til samræmis við þær hækkanir, sem urðu á kaupgjaldi í september s. l. Loks má geta þess, að með lögum nr. 1 30. jan. 1959, 1. gr., er svo ákveðið, að lífeyrir skuli greiddur með vísitölu 185, en kaupgjald og önnur laun með vísitölu 175, en þetta þýðir raunverulega ca. 5.7% mismun launa og lífeyris. Með þessu frumvarpi er svo enn lagt til, að lífeyririnn verði hækkaður sem næst því um 20%.

Nefndin lét gera samanburð á bótaupphæðum hér á landi og á hinum Norðurlöndunum miðið við árslaun verkamanna í dagvinnu í sömu löndum. Bótakerfi hinna ýmsu landa er nokkuð misjöfn, svo að hlutfallstölurnar eru ekki fullkomlega sambærilegar.

Þrátt fyrir þetta gefa þessar hlutfallstölur nokkuð ljósa hugmynd um, hver aðstaða íslenzkra bótaþega var í október s. l. miðað við aðstöðu bótaþega í hinum löndunum.

Hér fer á eftir samanburður á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð, að því er varðar ellilífeyri til einstaklinga:

Ísland 17% af launum verkamanna
Danmörk 30.2% — — —
Svíþjóð 35% — — —

Rétt er að minna á, að samkvæmt 23. gr. almannatryggingalaganna er heimilt að tvöfalda lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega, sem ekki eiga aflögufæran framfæranda á lífi, en þessi heimild takmarkast af því framlagi, sem Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að verja í þessu skyni, þ. e. 7% af heildarlífeyri fyrra árs. Þess skal getið, að hlutfallstölurnar eru miðaðar við lífeyri í höfuðborgunum.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir að lögum, hækkar nefnd hlutfallstala, að því er Ísland varðar í 23.8%.

Í þessari grein frumvarpsins er einnig lagt til að aðstaðan milli hjóna og einstaklinga verði nokkuð jöfnuð. Samkv. gildandi lögum er hjónalífeyrir, þegar bæði hjón fá lífeyri, 20% lægri en lífeyrir tveggja einstaklinga. Með grein þessari er lagt til, að þessi munur verði aðeins 10%.

Samanburður varðandi hjón á áðurnefndum Norðurlöndum er þannig:

Ísland 27.3% af launum verkamanna
Danmörk 45.4% — — —
Svíþjóð 46.7% — — —

Verði frumvarpsgreinin að lögum breytist hlutfallstala Íslands í 42.8%

Vistgjald á elliheimilinu Grund í Reykjavík mun nú vera kr. 70.00 á dag, eða kr. 25550.00 á ári. Sé gert ráð fyrir, að heimild 23. gr. sé notuð, um tvöfaldan lífeyri, vantar kr. 1550.00 til þess, að vistgjaldið sé greitt. Þegar núgildandi almannatryggingalög voru sett, kom í hlut aðstandenda lífeyrisþegans eða hlutaðeigandi sveitarfélags að greiða kr. 5794.00 miðað við fulla uppbót, samkv. 23. gr. Verði umrætt frumvarpsákvæði að lögum nemur hliðstæð greiðsla kr. 25550.00 ÷ 24000.00 + 12000.00 × ⅔ eða kr. 6350.00, sem er nokkru hærra en var 1956, þegar almannatryggingalögin voru sett, þrátt fyrir þá hækkun lífeyrisins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Tryggingastofnun ríkisins hefur áætlað útgjaldaaukningu vegna þeirrar hækkunar, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. kr. 20.3 millj. á ári, sjá fskj.

Þar eð örorkulífeyrir skal vera jafnhár ellilífeyri, leiðir af hækkun þeirri, sem ráðgerð er, samkv. þessari grein frumvarpsins, að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna örorkulífeyris og örorkustyrks hækka nokkuð. Stofnunin hefur áætlað þessa hækkun samtals á kr. 6.0 millj., sbr. fskj.

Þar eð ekkjulífeyrir, samkv. 21. gr. er miðaður við ellilífeyri, verður að gera ráð fyrir nokkurri hækkun ekkjulífeyris. Hækkun þessi er áætluð 0.2 millj. króna á ári, sjá fskj.

Um 2. gr.

Hámark makabóta, 60% af einstaklingslífeyri, er við það miðað, að hlutaðeigandi eiginkona geti, þegar sérstaklega stendur á, hlotið svo háar makabætur, að bætur til hjónanna nemi samtals fullum hjónalífeyri.

Með frumvarpinu er lagt til að mismunur á hjónalífeyri og einstaklingslífeyri verði minnkaður um helming, sbr. athugasemdir við 1. gr. Af þessu leiðir, að hækka verður hámark makabóta úr 60% af einstaklingslífeyri í 80%.

Útgjöld stofnunarinnar af þessum sökum eru mjög óveruleg.

Um 3. gr.

Þess er áður getið, að vegna samræmingar bótaupphæða við hinn nýja vísitölugrundvöll, samkv. lögum nr. 1 30. jan. 1959, verður óhjákvæmilega smávægileg hækkun á fjölskyldubótum til þess að ákveða megi bæturnar í meðfærilegum upphæðum.

Þessi hækkun nemur 0.7 millj. króna á ári, samkv. áætlun stofnunarinnar, sjá fskj.

Um 4. gr.

Um hækkun þá á barnalífeyri, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, vísast til þess, sem sagt er í athugasemdum við 1. gr., um hækkun ellilífeyris.

Samanburður á barnalífeyri hér á landi og í Danmörku og Svíþjóð, samkv. núgildandi lögum, miðað við laun verkamanna, er þannig: (vegna mismunandi fjölskyldubóta, skatta- og útsvarsákvæða verður að gæta varúðar við samanburð)

Ísland 8.7% af launum
Danmörk 7.5% — —
Svíþjóð 5.1% — —

Ef umrædd hækkun barnalífeyrisins verður samþykkt, er hlutfallstalan fyrir Ísland 11.9%.

Með grein þessari er enn fremur lagt til, að heimilt verði að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um 100%. Hækkunarheimild þessi er 50%, samkv. núgildandi löggjöf.

Útgjaldahækkun Tryggingastofnunar ríkisins vegna ákvæða þessarar frumvarpsgreinar er áætluð 1.8 millj. kr., sbr. fskj.

Um 5. gr.

Lagt er til með grein þessari, að árleg mæðralaun verði *helmingur* óskerts ellilífeyris einstaklings með hverju barni umfram eitt og þó aldrei hærri en nemur fullum ellilífeyri, í stað *þriðjungur* eins og nú er.

Samanburður á barnalífeyri að viðbættum mæðralaunum við Danmörk og Svíþjóð, þegar um er að ræða einstæða móður með tvö börn, miðað við laun verkamanna er á þessa leið:

Ísland 23.2% af launum
Danmörk 15.0% — —
Svíþjóð 10.9% — —

Verði þessi breyting að lögum, hækkar hlutfallstalan fyrir Ísland í 35.7%.

Útgjaldaaukning vegna ákvæða þessarar greinar hefur Tryggingastofnun ríkisins áætlað 2.4 millj. króna á ári, sjá fskj.

Um 6. gr

Vísast til þess, sem sagt er í athugasemdum við 3. gr.

Hækkun vegna samræmingar er óveruleg, eða ca. 0.3 millj. króna á ári, sbr. fskj.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða sams konar samræmingu og samkv. 3. og 6. gr.

Hækkun af þessum sökum er alveg óveruleg.

Um 8. gr.

Vegna hámarksákvæðis 4. mgr. 23. gr. almannatryggingalaganna hefur orðið að skerða uppbót til þeirra lífeyrisþega, sem hér er um að ræða. Er því lagt til, að hámarksákvæðið verði hækkað úr 7% í 10% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs.

Kostnaðarauki af þessum sökum er áætlaður 2.1 millj. króna á fyrsta ári, sbr. fskj., en síðan verður þessi upphæð nokkru hærri.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt fylgiskjalinu nemur útgjaldaaukning Tryggingastofnunar ríkisins miðað við yfirstandandi ár samtals 33.8 millj. króna, ef frumvarp þetta verður að lögum. Þar af koma 33% í hlut ríkissjóðs, sbr. 24. gr. laga nr. 24/1956, eða kr. 11154000.00. Persónuiðgjöld hækka samtals um sömu fjárhæð, eða um ca. 19%. Samkvæmt því hækkar t. d. persónuiðgjald hjóna á 1. verðlagssvæði úr kr. 1250.00 í kr. 1490.00 miðað við iðgjöld ársins 1959.

Frá alþingismönnunum Jóhanni Þ. Jósefssyni og Karli Guðjónssyni hafa nefndinni borizt tilmæli um, að hún legði til, að niður verði felld skerðing lífeyris vegna annarra tekna en lífeyris, sbr. 22. gr. almannatryggingalaga.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að það öðlist gildi 1. jan. 1960, ef að lögum verður. Samkvæmt ákvæðum nefndrar 22. gr. falla skerðingarákvæðin úr gildi í árslok 1960. Nefndin sá því ekki ástæðu til að gera tillögu um neina breytingu á nefndum ákvæðum, þar sem hér er aðeins um eitt ár að ræða. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að frá 1. jan. 1961 hækka af þessum ástæðum útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins um ca. 20 millj. króna. Sú byrði skiptist á þá aðila, sem greiða eiga útgjöld stofnunarinnar, samkv. 24. gr. almannatryggingalaga.

Þeir Gunnar J. Möller, Helgi Jónasson, Hjálmar Vilhjálmsson og Sverrir Þorbjörnsson hafa sérstöðu varðandi aldursmarkið og telja hækkun þess nú mjög koma til álita. Óska þeir bókað:

Á síðustu áratugum hefur meðalævi 65 ára fólks lengst sem hér segir:

	Karlar	Konur
1931—1940	78.3 ár	80.5 ár
1941—1950	79.7 —	80.9 —
1946—1955	80.0 —	81.5 —

Þó að þessi lenging meðalævinnar stafi sjálfsagt að einhverju leyti af betri heilsugæzlu þeirra, sem misst hafa starfsþrek sitt að meira eða minna leyti, þá virðist óhætt að gera ráð fyrir því, að hún sýni einnig að starfsævi manna hafi lengzt. Í þessu sambandi má minna á, að aldurshámark opinberra starfsmanna er nú 70 ár. Með lögum nr. 5/1947 var það hækkað úr 65 í 70 ár.

Það er því álit þessara nefndarmanna, að rétt hefði verið að hækka aldursmarkið nú um eitt ár. Samkvæmt áætlun Tryggingastofnunar ríkisins hefði það sparað stofnuninni ca. 7 millj. kr. á ári. Þeir telja enn fremur, ef efnahagsástæður ríkissjóðs, sveitarfélaga, atvinnurekenda og einstaklinga leyfi raunverulega þá miklu útgjaldaaukningu, sem frumvarpið hefur í för með sér, eins og það nú liggur fyrir, þá hefði verið réttara að hækka aldursmarkið og verja því fé, sem þannig sparaðist, til enn meiri hækkunar elli- og örorkulífeyris en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning miðast við árið 1959 og vísitölu 100.

	Millj.
Hækkun ellilífeyris, sbr. 1. gr.	20.3
— örorkulífeyris, sbr. 1. gr.	5.5
— örorkustyrks, sbr. 1. gr.	0.5
— fjölskyldubóta, sbr. 3. gr.	0.7
— barnalífeyris, sbr. 4. gr.	1.8
— mæðralauna, sbr. 1. og 5. gr.	2.4
— fæðingarstyrks, sbr. 6. gr.	0.3
— ekkjulífeyris, sbr. 1. og 7. gr.	0.2
— skv. 23. gr. (7% í 10%), sbr. 8. gr.	2.1
Alls	33.8

Sþ. 408. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959 og við brtt. á þskj. 391.

I. Frá *Hermanni Jónassyni.*
Við brtt. 391,18. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnarmannvirki og lendingarbætur).
1. Við tölul. 12. Nýr liður:
Drangsnes 150 000
2. Við tölul. 26 (Hólmavík).
Fyrir „450 000“ kemur 600 000

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða allt að 90 þús. kr. til sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, sem bæjarstjórnin eða góðtemplarar þar beita sér fyrir að koma upp.

Sþ. 409. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959 og við brtt. á þskj. 391 og 399.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 11. gr. B. II. b. 3. (Skattstofan í Reykjavík, tímavinna).
Fyrir „1 600 000“ kemur 1 350 000
2. Við brtt. 391,12. (Við 13. gr. A. II. a.).
a. Við 98. (Skagavegur).
Fyrir „70 000“ kemur 90 000
b. Við 100. (Sæmundarhlíðarvegur).
Fyrir „40 000“ kemur 20 000
c. Við 102. (Vesturdalsvegur).
Fyrir „30 000“ kemur 70 000
d. Við 103. (Austurdalsvegur).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Kjartani J. Jóhannssyni.*
Við 13. gr. A. X. (Steyptir og malbikaðir vegir í kaupstöðum).
Fyrir „100 000“ kemur 1 100 000

III. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 391,18 3. (Við 13. gr. C. IX. — Akureyri, dráttarbraut).
Fyrir „100 000“ kemur 300 000
Til vara 200 000

IV. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 391,18. 47. (Við 13. gr. C. IX. — Siglufjörður).
Fyrir „200 000“ kemur 400 000

V. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 391,26. a. 10. (Við 14. gr. A. X. 22. — Barnaskóli á Akureyri).
Fyrir „162 250“ kemur 324 500

VI. Frá *Sigurði Bjarnasyni.*
Við brtt. 391,26. b. 4. (Við 14. gr. A. X. — Bygging barnaskóla). Nýr liður:
Bolungavík 150 000

VII. Frá *Ingólfi Jónssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 391,26. b. 5. (Við 14. gr. A. X. 22. — Bygging barnaskóla). Nýr liður:
Hella 60 000

VIII. Frá *Jóhanni Hafstein.*
Við 14. gr. A. XIV. 2. Nýr liður:
Til íþróttasjóðs til greiðslu upp í hluta hans af kostnaði við aðalíþróttaleikvang landsins í Laugardal í Reykjavík 500 000

IX. Frá *Ragnhildi Helgadóttur.*
Við 14. gr. A. XXV. Nýr liður:
Til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur 300 000

X. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 14. gr. B. XXXVII. 13. Nýr liður.
Til Tónskóla Siglufjarðar 40 000

XI. Frá *Ingólfi Jónssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 16. gr. A. 20. (Miðskálaá og Írá).
Fyrir „35 000“ kemur 100 000
Til vara 70 000

XII. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 16. gr. B. 14. Nýr liður:
Til byggingar á fiskirannsóknarskipi 1 500 000

XIII. Frá *Birni Jónssyni* og *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 17. gr. V. 5. Nýr liður:
Til Sjálfsbjargarfélaganna — félaga fatlaðra — til að koma á fót félagsheimilum og vinnustofum fyrir öryrkja 250 000
Til vara 100 000

XIV. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 399,21. 3. (Við 20. gr. Út. IX. — Akureyrarflugvöllur).
Fyrir „800 000“ kemur 1 000 000

XV. Frá *Kjartani J. Jóhannssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. XXXII. Nýr liður:
Að gefa eftir söluskatt af meiri háttar hafnargerðum, brúargerðum og vegaframkvæmdum, sem unnar eru í ákvæðisvinnu.

Ed. 410. Frumvarp til laga [153. mál]

um þinglýsingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

I. KAFLI
Þinglýsingardómarar.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli eru þinglýsingardómarar, hver í sínu umdæmi.

Í Reykjavík er borgarfógeti þinglýsingardómari, en þó færir lögreglustjórinn í Reykjavík þinglýsingabækur um skjöl, er varða skrásettar bifreiðar þar í lögsagnarumdæmi, og er þinglýsingardómari í þeim efnum. Þurfi af þessum sökum að þinglýsa skjali í Reykjavík bæði hjá borgarfógeta og lögreglustjóra, skal þó aðeins greiða þinglýsingargjald þar, sem skjali var fyrr þinglýst, hafi fullt þinglýsingargjald verið tekið þar.

Nú er sérstakur lögreglustjóri í kauptúni, og getur þá dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli vera þinglýsingardómari að nokkru eða að öllu leyti, eftir atvikum.

2. gr.

Þinglýsingardómari skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmæðga. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða greinda venzlamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber dómaranum jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum.

Fulltrúi dómara getur leyst úr þinglýsingamáli, þótt dómara bagi þau atvik, er í 1. málsgr. greinir.

3. gr.

Úrlausn dómara á þinglýsingamáli eftir lögum þessum sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt meginreglum XV. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Rökstuddar ástæður dómarans fyrir úrlausninni skulu fylgja skjölum máls til Hæstaréttar. Úrlausn skal kærð innan fjögurra vikna frá því, að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum. Dómara er þó kostur á að setja aðila rýmri frest, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Nú kærir aðili úrlausn, og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

II. KAFLI
Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

4. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

5. gr.

Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda dómara skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem dómara er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

Ákveða má í reglugerð, að skjali, sem snertir fleiri eign en eina, skuli fylgja fleiri en eitt samrit eða endurrit, ef það yrði talið hentugt vegna breytingar á vörzlu þinglýsingarskjala.

Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur dómari krafizt þess, að því fylgi íslenzk þýðing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalaþýðara, sé þess kostur.

6. gr.

Nú er skjal afhent til þinglýsingar í röngu þinglýsingarumdæmi, eða eigi er ótvírætt við hvaða eign skjal á, eða hvert efni þess sé að öðru leyti, eða skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta, eða annarra þeirra, er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf, eða skjal er aðeins afhent í einu eintaki, eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír, og skal þá vísa því frá þinglýsingu. Einnig má vísa skjali frá þinglýsingu, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti.

Sama máli gegnir, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri er svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörzlu.

Sömuleiðis skal vísa skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 52. gr., 3. málsgr.

Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 16. gr., og réttindunum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölin um það atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

7. gr.

Þegar þinglýsingardómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að eintök skjalsins séu samhljóða. Að því búnu ritar hann á skjalið móttökudag og stund og merkir eintök skjalsins á sama hátt. Frumritið skal afhent, ef endurrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

Þinglýsingardómari skal greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, er skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan viðlíka tryggilegan hátt.

8. gr.

Þinglýsingardómarar færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl, er varða fasteignir.
2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skráningarskyld eru.
3. Loftfarabók um skjöl, er varða loftför.
4. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðir varða og
5. Lausafjárbók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölulið, ef dómara þykir það hentara.

Bækur þessar skulu allar vera lausblaðabækur, og skal dómsmálaráðuneytið ákveða nánari tilhögun þeirra.

Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

Í bókum þessum skal ætla hverri fasteign, skráningarskyldu skipi, loftfari og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárbók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt. Þegar skjöl eru móttekin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi fasteignar, skips, loftfars, bifreiðar og réttsala almenns lausafjár, þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókarvottorð eftir því, sem þar er skráð um fasteign, skip, loftfar og bifreið.

9. gr.

Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta.

Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu þinglýsingardómara fulla viku. Í skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði. Utan kaupstaða og staða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er þinglýsingadómari, skal þinglýsingardómari enn fremur lesa á manntalsþingi ár hvert skrá um skjöl, sem færð hafa verið í þinglýsingabækur síðan síðasta manntalsþing var háð.

10. gr.

Þau eintök þinglýstra skjala, sem þinglýsingardómari heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahylkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn dómara og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla.

Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið þann hátt um geymslu skjala, að hverri eign sé ætlað eitt hylki og séu þar lögð öll skjöl, er þá tilteknu eign varðar, og sé þessi háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða öllum eftir því, sem henta þykir og fé verður til þess veitt.

11. gr.

Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli þinglýsingardómara sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

12. gr.

Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar vegna veðréttar síns. Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé afhent með áritun um veðbreytinguna ásamt endurriti af henni, ritaðri á löggiltan skjalapappír, eða veðbréfið sé sýnt þinglýsingardómara um leið og slík yfirlýsing er afhent til þinglýsingar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.

Undanþegnir ákvæði 1. málsgr. eru bankar, sparisjóðir og opinberir aðilar.

13. gr.

Nú er kaupmáli, sem varðar skrásetta bifreið, afhentur til skrásetningar hjá borgarfógetanum í Reykjavík, og skulu þá samrit og endurrit eða tvö endurrit, rituð

á þinglýsingapappír, fylgja þeim kaupmála. Þegar slíkur kaupmáli hefur verið skrásettur, skal borgarfógeti senda lögreglustjóranum í Reykjavík samrit eða staðfest endurrit af kaupmálanum og skal lögreglustjóri geta hans í bifreiðabók, en samritið eða endurritið geymir hann í sérstöku skjalahylki fyrir kaupmála. Um greiðslu skrásetningargjalds fer eftir reglum 1. gr. 2. málsgr.

14. gr.

Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem þinglýsingardómari varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

III. KAFLI

Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.

15. gr.

Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

Nú sendir eða afhendir sami aðili svo mörg skjöl samtímis, að það tæki dómara eða það starfsfólk hans, sem um þinglýsingar fjallar, verulegan hluta af afgreiðslutíma þess dags að kynna sér skjöl þessi, og má þá líta svo á, að þau séu ekki afhent fyrr en í lok afgreiðslutíma þess dags, er þau bárust.

Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

16. gr.

Skjali er þinglýst, þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá því, að skjal er afhent til þinglýsingar, sbr. þó 15. gr. 2. og 3. mgr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmzt, afhent samtímis til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elzta þeirra rétthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá sá réttur fyrir réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

Um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu fer eftir reglum 19. gr. laga nr. 18/1949.

17. gr.

Nú telur þinglýsingardómari sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við fjármálaráðuneytið. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta

þess, að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borizt dómara, tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal dómari bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. Að öðrum kosti dregur dómari strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

18. gr.

Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók, láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr. 2. málsgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingarbók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

A. að yngra rétthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlyti að þoka, og
B. að tjónið yrði þeim rétthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða myndi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

19. gr.

Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að rétthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki eða ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

IV. KAFLI

Þinglýsing, er varðar fasteignir.

1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.

a. Efni þess og form.

20. gr.

Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

21. gr.

Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests.

22. gr.

Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

23. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu sé greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

b. Um þinglýsta heimild að réttindum.

24. gr.

Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 52. gr. 3. málsgr.

Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Afsal (útlagning), er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá.

Skiptaafsali fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá, er afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar, en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði.

Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

25. gr.

Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flutzt til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

Nú skipta erfingjar búi einkaskiptum og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. málsgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi skiptaráðanda til búsetu.

Nú er eign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi gera ráðstafanir til þess, að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingargjald.

26. gr.

Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa.

Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

2. Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.

27. gr.

Nú verður dómari þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal dómarinn skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem dómari setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

28. gr.

Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar samkv. reglum XV. kafla laga nr. 85/1936.

Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.

29. gr.

Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa, til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.

Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fá ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

30. gr.

Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

31. gr.

Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.
2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði.

Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða, eru ekki háðir þinglýsingu.

Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

32. gr.

Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög skilji annað til. Réttarvernd eignarnámsgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

4. Réttaráhrif þinglýsingar.

a. Gildi þinglýstra gerninga. (Gildisáhrif þinglýsingar).

33. gr.

Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

Mótbára, er lýtur að því, að skjal samkvæmt 1. málsgrein sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki. Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir æsku.

Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

b. Heimildaráhrif þinglýsingar.

34. gr.

Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um, að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

5. Brottfall þinglýsingar.

a. Tímabundið gildi þinglýsingar.

35. gr.

Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 16. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því, að haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. málsgr., ef áritunin felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkun á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

36. gr.

Ef skjal tekur til ákveðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur, og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott, fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. málsgr. 35. gr.

37. gr.

Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögtak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott, fyrr en full fimm ár eru liðin frá því, að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbanns eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

Ákvæði 1. málsgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

38. gr.

Dómari fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. Dómari skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefir verið fyrir tuttugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getur þá dómari að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef

gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

Ef miða skal frest eftir 35.—37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

b. Aflýsingar

39. gr.

Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft.

Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

Nú er veðsett fasteign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhafa til eignar, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu úr fjárhæð þeirri, er fasteignin var seld eða lögð út fyrir, og skal þá má úr þinglýsingabók slík veðréttindi, þegar þinglýst er uppboðsafsali eða útlagningu, sem ber það með sér, að þau séu niður fallin. Til þess að slík veðskjöl verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal þinglýsingadómari þess með áritun á það eintak skjalsins, er hann varðveitti, hvers vegna það hafi verið afmáð.

Ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, skal synja um aflýsingu.

V. KAFLI

Þinglýsing um skip, 5 smálestir og stærri, og skrásett loftför.

40. gr.

Stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skipi, sem er 5 smálestir eða stærra, eða hluta slíks skips, lýtur reglunum um fasteignir, eftir því sem við verður komið. Hliðstæðar reglur gilda um skrásett loftför.

Nú er rétthöfum í fasteign veitt sérstakt hagræði í lögum við heimt krafna sinna, og njóta þá slíkir rétthafar í eignum þeim, er 1. málsgr. tekur til, hliðsetts hagræðis.

41. gr.

Þinglýsing skjala, er varða skip 5 smálestir eða stærra, svo og skrásett loftfar, skal fara fram þar í umdæmi, sem skipið eða loftfarið er skráð. 10. og 11. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

42. gr.

Til nafnbreytingar og flutnings á skrásettu skipi, 30 smálesta eða stærra, þarf samþykki þeirra, sem eiga þinglýst réttindi yfir því. Sama gildir um skrásett loftför. Nafnbreytingu og flutning skips frá 5 allt að 30 smálestum skal dómari tilkynna óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir. Tilkynningu um flutning annast dómari í þinglýsingaumdæmi því, sem skip er flutt úr.

Nú er skrásett flugfar eða skip, er þessi kafli laganna tekur til, flutt á milli umdæma. Skal þá þinglýsingadómari senda dómara í umdæmi því, sem flytja á í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um skipið eða loftfarið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Ber dómaranum í hinu nýja umdæmi að færa skjölin í skipabók sína eða loftfarabók innan frests þess, er greinir í 7. gr. 2. málsgr.

Fyrir þinglýsingu samkvæmt 2. málsgr. greiðist ekkert gjald.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips eða loftfars milli umdæma, sbr. 35.—37. gr.

VI. KAFLI

Þinglýsing um skráningarskyld skip, sbr. lög nr. 17/1948, minni en 5 smálestir, og skrásettar bifreiðar.

43. gr.

Skjali, er varðar skrásett, skráningarskylt skip minna en 5 smálestir, svo og skrásetta bifreið, skal þinglýst þar, sem skipið eða bifreiðin er skráð.

Eignarheimild fyrir skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 smálestir, og eignarheimild fyrir bifreið þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá eða bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skráningarskyldu skipi og bifreið skal þinglýsa til þess, að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

44. gr.

Veðbréf í skráningarskyldu skipi minna en 5 smálestir og í bifreið skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi dómaranum ekki borizt tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

45. gr.

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 smálesta eða skrásett bifreið flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingadómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, staðfest endurrit af þeim þinglýstu skjölum, sem í gildi eru um eignir þessar, og staðfest endurrit af eignarheimild svo og eignar- og veðbókarvottorð. Ber dómaranum í hinu nýja umdæmi að færa skjölin í bækur réttar.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips eða bifreiðar, sbr. 35.—37. gr.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips eða bifreiðar milli umdæma.

46. gr.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda um eignir þær, sem þessi kafli fjallar um, 21—23. gr., 25. gr. og, eftir því sem við á, ákvæði 27.—28. gr. og 29. gr. 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 44. gr.).

VII. KAFLI

Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, svo og skip og bifreiðar, sem ekki hafa verið skrásett.

47. gr.

Skjali, sem varðar lausafé þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskylt, skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna, sem haft er fellt á, eða þess,

er hlíta verður takmörkun á rétti. Eigi hann ekki varnarþing hérlendis, má þinglýsa skjalinu í Reykjavík.

Nú er skrásett firma eða félag eigandi muna, og skal þá þinglýsa skjali, er þá varðar, í því þinglýsingaumdæmi, sem þau eru skrásett. Ef önnur félög eru eigendur muna, skal þinglýsa skjali á varnarþingi formanns félagsstjórnar. Ef um sérstaka sameign er að ræða, skal þinglýsa skjali á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, ella á varnarþingi allra sameigenda.

Nú flytur eigandi úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að eign, og má þá þinglýsing fara fram að nýju, en hún er ekki nauðsynleg.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda 22.—23. gr., 29. gr. 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 48. gr.) eftir því, sem við á.

48. gr.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörzluveð í lausafé þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt, skal afhent dómara til þinglýsingar innan þriggja vikna frá því að það var gefið út, ef í kaupstað er eða þinghá, þar sem dómari sá, er fjalla á um þinglýsinguna, hefur skrifstofu, ella innan fjögurra vikna. Auk staðfestingar á undirritun og lögræði útgefanda að hætti 22. gr. skal einnig votta, að dagsetningin sé rétt.

Þinglýsing er forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Ef þinglýsing fer ekki fram innan frests þess, er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörzluveð í tilteknum lausafjármunum, skal máð úr þinglýsingabók. þegar tíu ár eru liðin frá þinglýsingu bréfsins, hafi dómara ekki innan þessa frests borizt tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu er háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna.

VIII. KAFLI
Bótaákvæði.

49. gr.

Nú hlýtur maður tjón, sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingadómara, en bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því, og á hann þá rétt á bótum úr ríkissjóði, ef tjónið stafar af því:

a. að hann hefur treyst þinglýsingarvottorði dómara, sbr. 9. gr., eða vottorði dómara um efni þinglýsingabóka (veðbókarvottorði), enda sé aðili grandlaus.
b. að skjali, sem borizt hefur til þinglýsingar, hefur ekki verið þinglýst, eða þinglýst of seint.
c. að skjal verður að þoka fyrir síðar þinglýstu skjali samkvæmt 18. gr.
d. að heimildarskjali, sem greint er í 2. málsgr. 33. gr., er þinglýst og aðili hefur gert samning um fasteign, skrásett loftfar og skip, 5 smálestir eða stærra, í trausti þess, að skjalið væri gilt.

50. gr.

Mál til bóta eftir 49. gr. skal höfða á hendur ríkissjóði innan 6 mánaða frá því að aðila varð kunnugt eða gat orðið kunnugt um tjón sitt. Bætur samkvæmt þessari grein geta aldrei farið fram úr kr. 100 000.00, að því er hvert einstakt bótamál varðar.

IX. KAFLI
Gildistaka o. fl.

51. gr.

Nú fer maður með eignarumráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara, en þinglýstri eignarheimild hans er nokkuð áfátt. Er honum þá rétt að snúa sér til þinglýsingadómara á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um, að hann sé eigandi eignarinnar. Skilyrði þess, að hann fái óskoraða eignarheimild á grundvelli yfirlýsingarinnar eru þessi:

a. að hann hafi í höndum heimildarskjal, sem áfátt er og þinglýst hefur verið a. m. k. 5 árum áður en heimildar þessarar er neytt eða
b. hafi í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta.

Nú telur dómari, að skilyrðum þessum sé fullnægt, og gefur hann þá út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að viðlögðum réttarmissi. Áskorun þessi skal birt þrisvar í Lögbirtingablaðinu á kostnað beiðanda. Ef enginn gefur sig fram innan frests þessa, skráir þinglýsingadómari athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt.

Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti eða skrásett loftför.

52. gr.

Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráningarskyldu skipi, skrásettri bifreið eða loftfari og hefðu réttindin haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá gild með sama hætti til 1. janúar 1963.

Reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr., laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstökum ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og skal þá ákvæðum 1. og 3. málsgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 51. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

1. málsgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

53. gr.

Skjöl, sem þinglýst er fyrir 1. jan. 1935, skal ekki má úr þinglýsingabók eftir 35. gr., sbr. 38. gr., fyrir 1. jan. 1965.

Skjöl þau, er greinir í 37. gr., 44. gr. og 48. gr. og þinglýst er fyrir gildistöku laganna skulu ekki máð úr þinglýsingabók fyrir 1. jan. 1967.

Á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna skulu þinglýsingadómarar rannsaka grandgæfilega þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Um réttindi, sem bersýnilega eru fallin brott, fer samkv. 38. gr. 1. málsgr. Ef vafi er um gildi einstakra réttinda, ber dómara að leita upplýsinga hjá réttum aðilum. Honum er og kostur að beita ákvæðum 2. málsgr. 38. gr. eftir því, sem við á.

Þinglýsingabækur þær, sem færðar eru við gildistöku laganna, skal nota, unz dómsmálaráðuneytið skipar fyrir um nýjar bækur. Þegar nýjar þinglýsingabækur eru teknar í notkun, skal ekki færa í þær réttindi, sem bersýnilega eru niður fallin.

54. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um þinglýsingapappír, útlit skjala og efni, endurrit skjala, um geymslu skjala,

fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, um þinglýsingavottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka. Enn fremur skal kveða nánar á um birtingu skjala, sem sætt hafa færslu í þinglýsingabækur.

55. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um þinglýsing skjala og aflýsing, nr. 30 7. maí 1928, 7. gr. veðlaga, nr. 18. 4. nóv. 1887, lög nr. 64 4. júlí 1942, 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 65 16. des. 1943, lög nr. 11 25. febr. 1957, lög nr. 65 13. marz 1957 og 5.—9. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 1. marz 1956, fól Bjarni Benediktsson, þáverandi dómsmálaráðherra, þeim Ármanni Snævarr, prófessor og Ólafi A. Pálssyni, fulltrúa borgarfógeta, að semja frumvarp til laga um þinglýsingar. Hafði dómsmálaráðherra áður falið hinum fyrrnefnda manni að vinna þetta verk, en hann óskaði síðar eftir því, að Ólafi A, Pálssyni yrði einnig falið að vinna að frumvarpinu. Hafa þeir gengið til fullnaðar frá því ásamt greinargerð þeirri, er því fylgir. Þess skal getið, að semjendur frv. hafa borið efni þess undir allmarga héraðsdómara svo og lögreglustjórann í Reykjavík og tekið tillit til ýmissa athugasemda, sem frá þeim hafa borizt.

I.

Þinglýsingar ýmiss konar munu snemma hafa tíðkazt hér á landi, eftir að þinghöld hófust. Voru ákvæði um lýsingu á löggerningum þegar í Grágásarlögum og síðar í Jónsbók. Síðast á 18. öld og í upphafi 19. aldar var ýmislegt gert til þess að koma á löggjöf um þinglýsingar, en það tókst þó ekki, fyrr en tilskipun 24. apríl 1833 var sett. Voru þar ákvæði um það, hvaða réttindi væru háð þinglýsingu, hvar þinglýsa skyldi skjölum og í hverju þinglýsing væri fólgin að efni til og formi. Enn fremur voru ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar, og voru í því efni lögfest ákvæði D.L. 5—3—28 til 30. Greint var um framkvæmd þinglýsingar og réttaráhrif milli þess, hvort þinglýsing fór fram í Reykjavík eða utan hennar. Skjöl skyldi færa orðrétt inn í þinglýsingarbækur.

Með tilsk. 28. apríl 1841 voru sett sérstök ákvæði um skjöl, sem menn afhentu fyrirfram til þinglýsingar, og í 7. gr. veðlaga nr. 18/1887 voru ákvæði m. a. um veðgildi veðgernings, sem vanrækt var að þinglýsa með þeim hætti, sem boðið er í ákvæðinu.

Í lögum nr. 20/1907 var gerð sú mikilvæga breyting, að eignarhöft yfir skipum, sem eru 5 smálestir eða stærri, skyldu hlíta fasteignarreglum, þ. á m. um þinglýsingar. Auk þess skyldi nú þinglýsa eignarhöftum, þar sem skipið var skrásett, en ekki á heimili veðþola. Þessar reglur voru numdar úr lögum með 281. gr. siglingalaga nr. 63/1913, en í stað þess voru settar reglur í II. kap. þeirra laga. Í 5. gr. þeirra (sbr. nú 5. gr. laga nr. 56/1914) var það ákvæði, að stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta yfir skrásettum skipum skulu fara eftir fasteignareglum. Í hrd. VII/239—241 er ákvæði 5. gr. skýrt svo, að það eigi við skip, 5 smálestir eða stærri.

Með lögum nr. 30/1928 voru sett ný lög um þinglýsing skjala og aflýsing. Í lögum þessum eru þrjú aðalnýmæli: 1. Samkv. 5. gr. laganna skyldu þinglýsingarbeiðendur afhenda skjöl í tveimur eintökum, og skyldi þinglýsingardómari þá halda öðru eintakinu. Greina skyldi í þinglýsingarbók frá aðalefni skjals, en ekki var þörf að færa það orðrétt í þær bækur. Horfðu þessir breyttu hættir til hagræðis og vinnusparnaðar fyrir þinglýsingardómara. 2. Samkv. 7. gr. er nægilegt, að lesið sé yfirlit yfir skjöl, sem borizt hafa til þinglýsingar, á manntalsþingum eða bæjar-

þingum, og losaði þetta ákvæði dómendur undan því vafstri að taka með sér þinglýsingarskjöl á þingstaði. 3. Þá var sett almenn regla um það í 8. gr. laganna, að gildi skjals skyldi telja frá því, að skjal var afhent dómara til þinglýsingar. Hér er það afhendingarstund, sem úrslitum ræður, en ekki sýnist það skipta máli, hvort skjali sé raunverulega lýst á næsta þingi eftir afhendingu (sbr. Alþ.tíð. 1928, A, bls. 181). Er lýsingin því aðeins birtingaraðferð.

Lögin nr. 30/1928 varða fyrst og fremst hinn formlega eða tæknilega þátt þinglýsingar. Efnisreglur laganna eru hins vegar af skornum skammti, og eru nánast eingöngu fólgnar í 8. gr., sem áður er að vikið. Þótt lögin skorti almennt reglur um gildi þinglýsingar, nam 16. gr. þeirra úr gildi þágildandi efnisreglur um þinglýsingar, D.L. 5—3—28 til 30 og tilsk. 24. apríl 1833. Þessi mistök — að fella úr gildi efnisreglurnar án þess að setja nýjar í staðinn að marki — eiga rót sína að rekja til þess, að á Alþingi 1928 var í sambandi við afgreiðslu frv. til laga um þinglýsingar samþykkt þingsályktun, þar sem skorað var á ríkisstjórnina „að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hvaða skjölum skuli þinglýsa og um þýðingu og gildi þinglýsinga“ (Alþ.tíð. 1928, A, þskj. 145). Slíkt frumvarp, sem hér ræðir um, hefur þó ekki verið lagt fyrir Alþingi, fyrr en nú. Þess skal getið, að þrátt fyrir skýlaust afnám eldri efnisreglna um þinglýsingar með 16. gr. laga nr. 30/1928, hafa fræðimenn verið á einu máli um, að beita beri svipuðum reglum um gildi þinglýsinga og fyrr tíðkaðist, og í lagaframkvæmdinni er eftir slíkum reglum farið (sbr. t. d. hrd. IX/41 og XXVI/39), og raunar byggja mörg yngri lög á þeim.

Lögin nr. 30/1928 hafa sætt efnisbreytingum með lögum nr. 65/1943, 3. gr., sem nema úr gildi 7. og 13. gr. laga nr. 30/1928, að því er varðar Reykjavík. Með þessum ákvæðum var lýsing skjala í Reykjavík afnumin, en í hennar stað skyldi semja skrá um skjöl, sem borizt hafa til þinglýsingar, og er boðið að skráin skuli liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta um viku tíma. Þá er þess að geta, að lög nr. 11/1957 bjóða, að lesa skuli á bæjarþingum í kaupstöðum utan Reykjavíkur skrá um þinglýst skjöl, sem borizt hafa, síðan síðasta þing var háð. Þá eru þar einnig fyrirmæli um þinglýsingu skjala fyrir hrepp, sem farinn er í eyði, en ekki hefur verið sameinaður öðrum hreppi. Skal lýsing skjala þá fara fram á sýsluskrifstofu á aukadómþingi. Loks er þess að geta, að lög nr. 65/1957 hafa breytt ýmsum frestum í sambandi við þinglýsingu á veðbréfum, er veita sjálfsvörzluveð í lausafé.

Auk þeirra þinglýsingarlaga, sem reifuð hafa verið hér að framan, er þess að geta, að nokkrum sinnum hafa verið sett lög hér á landi, sem heimila þinglýsingardómurum að afmá þinglýst skjöl, sem lokið hafa ætlunarverki sínu. Fyrstu lögin um þetta efni eru lög nr. 16/1893, sem raunar gerðu það einnig tvímælalust, að op. br. 22. apríl 1817 um afmáningu skuldbindinga á eign, sem seld var á uppboði, hefði lagagildi hér á landi. Lögunum frá 1893 var síðan breytt með lögum nr. 20/1897, en síðar hafa tvívegis verið sett lög um þessi efni, sbr. lög nr. 20/1933 og lög nr. 64/1942. Síðari lögin heimila að afmá veðskuldbindingar, sem stofnað er til fyrir 1. jan. 1920.

II.

Við samningu frv. þessa hefur verið reynt að kanna það eftir föngum, í hverju íslenzkum lögum um þinglýsingar sé helzt áfátt að því er tekur til efnisreglna og formreglna. Hefur og verið höfð hliðsjón af erlendri þinglýsingarlöggjöf, og þá einkum Norðurlandalöggjöf. Hafa semjendur frv. kynnt sér framkvæmd þinglýsinga í Noregi og Danmörku m. a. með athugunum á nokkrum þinglýsingarskrifstofum. Þess skal þegar getið, að gagngerð endurskoðun fór fram á danskri þinglýsingarlöggjöf árið 1926 að frumkvæði prófessors Fr. Vinding Kruse, sem raunar var aðalhöfundur þeirra laga, sem þá voru sett. Hefur sú löggjöf vakið mikla athygli, og meginreglur hennar voru lagðar til grundvallar við samningu finnsku laganna um þinglýsingar frá 1930 og sænskra og norskra laga um sama efni 1932 og 1935. Semjendur frv. þessa hafa vitaskuld reynt að virða það, hversu vel reglur hinna norrænu laga eigi við aðstæður hér á landi. Er ýmislegt í frv. þessu

reist á Norðurlandalögunum, en sumu er öðru vísi skipað, þar sem staðhættir, viðskiptavenjur og atvinnuhættir eru hér í mörgum greinum með öðrum hætti en í hinum Norðurlöndunum. Yfirleitt er það skipulag, sem lagt er til að lögfest verði með þessu frv., óbrotnara og einfaldara í sniðum en tilhögun sú, sem lögmælt er í hinum löndunum fjórum.

Í frv. þessu felast ýmis nýmæli, og þykir rétt að reifa þau helztu hér stuttlega, en síðar verður gerð nánari grein fyrir þeim í athugasemdum við einstaka kafla frv. og greinar þess.

1. Í I. kafla frv. um þinglýsingardómara er lagt til í 1. gr. 2. málgsr., að lögreglustjórinn í Reykjavík sé þinglýsingardómari, að því er varðar skjöl um bifreiðar þar í umdæmi. Enn fremur er dómsmálaráðherra heimilað í 3. málsgr. 1. gr. að kveða svo á, að lögreglustjóri í kauptúni sé þinglýsingardómari í umdæmi sínu. Þá er lagt til, að sérstakar reglur verði lögfestar í 2. gr. um vanhæfi dómara til að fjalla um þinglýsingu skjals vegna tengsla hans við þá, sem rétt fá samkv. skjali eða losna undan skyldu með skjali. Enn fremur er ákvæði í 3. gr. um það, með hvaða hætti aðili geti skotið úrlausn dómara á þinglýsingarmáli til Hæstaréttar.

2. Í II. kafla, sem fjallar um framkvæmd þinglýsingar, eru miklu fyllri reglur en nú eru í lögum. Í 5. gr. 3. málsgr. er dómara heimilað að krefjast þess, að íslenzk þýðing, sem löggiltur skjalaþýðandi hefur gert, fylgi skjali, ef það er ritað á erlendu máli. Í 6. gr. eru reglur um það, í hvaða tilvikum dómari megi eða skuli vísa skjali frá þinglýsingu, og gætir þar mjög nýmæla. Í 7. gr. 2. málsgr. er dómara settur frestur til að greiða úr þinglýsingarmáli, en slíkur frestur er ekki í núgildandi lögum. Í 8. gr. er rætt í heild sinni um þinglýsingarbækur. Samkvæmt því skal færa sérstaka bifreiðabók og sérstaka loftfarabók. Sérstaka skipabók skal einnig færa, og ber þar að færa skjöl um skip, 5 smálestir eða stærri, og auk þess má færa þar skjöl um öll skip. Þá segir, að bækur þessar skuli vera lausablaðabækur, enda er vafalaust hagræði að því, svo sem síðar verður reifað. Í 9. gr. er fjallað um birtingu á þinglýstum skjölum. Er þar lagt til, að í öllum kaupstöðum skuli viðhöfð sú birtingaraðferð, sem nú tíðkast í Reykjavík og áður er lýst. Í sýslum skal einnig gera vikulega skrá um þinglýst skjöl, en auk þess er lagt til, að slíkar skrár séu lesnar árlega á manntalsþingum. Í 10. gr. eru ákvæði um geymslu þinglýstra skjala hjá þinglýsingardómara. Er þar lagt til, að horfið sé frá því skipulagi, sem nú tíðkast, sem fólgið er í að binda skjölin í sérstakar bækur. Í stað þess skal taka upp sérstök skjalahylki, sem eru fulltryggilegar skjalageymslur, en svo er um búið, að unnt sé að nema skjal úr því, þegar því er aflýst eða það missir þinglýsingargildi sitt að öðru leyti. Í 12. gr. eru nýjar reglur um veðbandsleysingu og veðleyfi og horfa þær að því að auka réttaröryggi.

3. Ákvæði I. og II. kafla fjalla almennt um þinglýsingar, og hinu sama gegnir um ákvæði III. kafla, en þar er rætt um forgangsáhrif þinglýsingar og gildi grandleysis. Í 15. og 16. gr. er lagt til, að forgangsáhrif þinglýsingar séu talin frá því, er skjal er afhent dómara til þinglýsingar. Eru þó frávik frá því samkv. 2. og 3. málsgr. 15. gr. frv., og eru þau frávik nýmæli. Þegar skjöl eru afhent samtímis til þinglýsingar, eru skjölin talin jöfn að þinglýsingargildi, og skiptir ekki máli, hvort skjalið eða hvert er fyrr eða fyrst dagsett, svo sem er samkvæmt gildandi rétti. Frá þessari almennu reglu um jafnrétti samtímis afhentra skjala eru þó þau frávik, að aðfarargerðir og kyrrsetningargerðir ganga fyrir rétti, sem stafar frá öðru atviki, svo sem löggerningi, og eldri aðfarargerð gengur fyrir yngri, ef skjöl um þær eru afhentar samtímis til þinglýsingar. Eru þessar reglur nýmæli. Þá eru sérstök ákvæði um það, hvenær skjal telst afhent til þinglýsingar, sbr. 15. gr. 1. málsgr. og að nokkru 17. gr. Í 18. gr. er rætt um það, hvernig bregðast skuli við ýmsum mistökum þinglýsingardómara, svo sem því, ef efni skjals er fært ranglega í þinglýsingarbók eða láðst hefur að færa skjal innan réttra fresta eða skjal, sem berst síðar, er fært á undan skjali, sem fyrr hefur borizt. Er tekin afstaða til þess tvenns, hvort skjalið veiti betri rétt efnislega og hvernig fari um bótakröfu þess, sem hallað er

á með þessum aðgerðum, sbr. 49. gr. c-lið frv. Um þessi efni skortir algerlega ákvæði í íslenzkum þinglýsingarlögum.

4. Í IV. kafla er fjallað um þinglýsingu, er varðar fasteignir. Þar eru þó ýmis almenn ákvæði, sem einnig eiga við um þinglýsingar, er snerta aðrar eignir, og er til þeirra ákvæða vísað í V., VI. og VII. kafla. Í 21. gr. er það nýmæli, að skjali verði ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests. Skjölum, sem veita skilyrtan rétt, verður á hinn bóginn þinglýst sem kvöðum, að fullnægðum skilyrðum 23. gr. Í 22. gr. er það nýmæli, að afsali eða veðbréfi, sem útgefið er af öðrum en stjórnarvöldum eða öðrum opinberum aðiljum, verður ekki þinglýst, nema undirskrift sé staðfest af notario publico, löggiltum málflutningsmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasölum eða tveimur vitundarvottum. Stafar þessi áskilnaður m. a. af því, að skjöl, sem þinglýsingu sæta, eru talin rétt að efni til (sbr. 33. gr.), og tekst ríkissjóður á hendur tiltekna bótaábyrgð, ef svo reynist, að skjöl séu ógild, og tjón hlýzt af fyrir grandleysi aðilja.

Í 24.—26. gr. frv. eru ákvæði um þinglýsta heimild að réttindum.

Í 24. gr. er það nýmæli, að skjali, sem hvílir á löggerningi, verður ekki þinglýst, ef þann, sem gefur það út, skortir þinglýsta heimild til að ráðstafa eign með þeim hætti, sem í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, sem nýtur slíkrar heimildar. Samkvæmt núgildandi lögum og lagaframkvæmd varðar skortur á þinglýstri heimild því einu, að athugasemd er rituð á skjal um þetta efni, en eftir frv. ber að vísa skjali frá þinglýsingu, ef eignarheimild er ekki í lagi, sbr. 6. gr. 3. málsgr. Samkv. dönskum rétti gildir sama regla, er þinglýsa á aðfarargerð eða kyrrsetningargerð í eign — þeim verður ekki þinglýst, nema gerðarþoli hafi þinglýsta heimild til eignar. Ekki þótti fært að ganga svo langt — a. m. k. í þessum áfanga — sbr. 24. gr. 2. málsgr. frv. Um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði kemur heimildarskortur heldur ekki að sök, sbr. 3. málsgr. sömu greinar, en um annars konar skiptaafsöl gildir almenna reglan í upphafi 24. gr. Í 27. gr. er nýmæli, sem fólgið er í því að skylda þinglýsingardómara til að leiðrétta færslur í þinglýsingarbækur, sem rangar hafa reynzt, og gera aðiljum viðvart um þau mistök, en í 28. gr. er ákvæði um þinglýsingu á útdrætti á dómstefnu í máli, er varðar fasteign.

Í 29.—32. gr. frv. er tekin afstaða til þess meginatriðis, hvaða réttindi yfir fasteign séu háð þinglýsingu og hverra aðgerða sé þörf, svo að eldri óþinglýstum rétti sé rutt úr vegi. 29. gr. staðfestir gildandi reglur um þetta efni, sem þó eru hvergi skráðar í heild sinni. Í 31. gr. er greitt úr því, að hvaða marki afnotasamningar séu háðir þinglýsingu, en það atriði er ólögmælt nú og ekki fullskýrt, hvaða reglur um það gildi. Í 32. gr. er það nýmæli, að áskilið er, að réttindi, sem styðjast við eignarnámsgerð og hefð, séu háð þinglýsingu.

Í 33. og 34. gr. frv. er fjallað um réttaráhrif þinglýsingar, þ. e. gildisáhrif (sbr. 33. gr.) og heimildaráhrif (sbr. 34. gr.). 33. gr. er algert nýmæli. Er þar kveðið svo á í samræmi við það, sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum, að sá maður, sem hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þurfi ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, þetta gildir þó ekki, ef ógildi skjals byggist á fölsun eða meiri háttar nauðung eða lögræðisskorti útgefanda, sbr. 33. gr. 2. málsgr. Í síðastgreindum tilvikum getur svo farið, að grandlaus viðsemjandi bíði fjártjón fyrir það, að hann treystir því, að þinglýst réttindi séu gild, en þá á slíkur aðili bótakröfu á ríkissjóð samkv. ákvæði d-liðs 49. gr.

Því var fyrr lýst, að hér á landi hafa nokkrum sinnum verið sett lög, sem mæla fyrir um afmáningu skjala, einkum veðskjala, úr þinglýsingarbókum, og tekur það til skjala, sem gömul eru, og telja verður, að lokið hafi ætlunarverki sínu. Slík sérlög eru ekki alls kostar heppileg, og er miklu æskilegra að það sé ákveðið í sjálfum þinglýsingarlögunum, að þinglýsing veiti tímabundna réttarvernd. Í 35.—37. gr. frv. er lagt til, að þessi leið verði farin, og í 38. gr. er sú skylda lögð á þinglýsingar-

dómara, að hann fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók eða gera aðrar sérstakar ráðstafanir til þess að kanna, hvort þinglýsing muni ekki vera brott fallin, sbr. 38. gr. 2. mgr.

Í 39. gr. eru reglur um aflýsingu. Eru þær í megindráttum í samræmi við gildandi rétt, en þó er svo fyrir mælt í 2. málsgr. 39. gr., að kvittun eða samþykki til aflýsingar þurfi að vera ritað á veðskuldabréf eða tryggingarbréf, ef aflýsa eigi þeim.

5. Í V. kafla eru ákvæði um þinglýsingu varðandi skip, 5 smálestir eða stærri, og skrásett loftför. Um skipin er það gert vafalaust, að fasteignareglur eigi í megindráttum við um þau, ef þau ná þeirri stærð, sem þar er greind. Í 40. gr. 2. málsgr. er lagt til. að tekið sé af skarið um það, að rétthafar í þeim eignum njóti sams konar lagahagræðis um heimt krafna sinna sem kröfuhafar, er rétt hafa yfir fasteignum, sbr. einkum 15. gr. l. 29/1885. Þá er nokkur breyting fólgin í ákvæði 42. gr. Í fyrsta lagi er áskilið samþykki þeirra, sem þinglýst réttindi hafa yfir skrásettu loftfari, til nafnbreytingar og flutnings á því, og í öðru lagi er slíkt samþykki áskilið til nafnbreytingar og flutnings á skipi, 30 smálesta eða stærra, og er fólgin í því breyting frá ákvæði 9. gr. l. 56/1914 (samþykkis þarf við um hvers konar skip samkvæmt því ákvæði), sbr. þó 7. gr. laga 17/1948.

6. Í VI. kafla eru ákvæði um þinglýsingar varðandi skráningarskyld skip, minni en 5 smálestir, svo og um skrásettar bifreiðar. Samkvæmt 43. gr. 3. málsgr. er lagt til, að stofnun eignarhafta yfir þessum eignum sé háð þinglýsingu með svipuðum hætti og er um fasteignir, skip, stærri en 5 smálestir, og skrásett loftför. Er þetta nýmæli, sem styðst við það tvennt, að hér er oft um mjög verðmætar eignir að tefla og auk þess fer fram skráning á eignum þessum lögum samkvæmt. Reglur 24. gr. frv. um eignarheimildir gildir ekki fullum fetum um þessar eignir, sbr. 2. málsgr. 43. gr. Þá eru sérstakar reglur um tímabundið gildi þinglýsingar varðandi veðbréf í þessum eignum í 44. gr. og um flutning skipa og bifreiða í 45. gr., en í 56. gr. er tekin afstaða til þess, hverjar af hinum almennu reglum um þinglýsingu á fasteignum eigi við um þinglýsingar samkvæmt þessum kafla.

7. Í VII. kafla er fjallað um þinglýsingu varðandi lausafé almennt, sem ekki eru sérreglur um í fyrri köflum frv. Eru reglur frv. nokkru rækilegri en nú er í lögum. Þá er ákvæði 7. gr. veðlaga, svo sem því hefur verið breytt, tekið upp í 48. gr. frv. án verulegra breytinga, en ljóst er, að það ákvæði er þinglýsingareðlis og á því betur heima í þinglýsingarlögum en veðlögum.

8. Í VIII. kafla er bótaskylda lögð á ríkissjóð vegna tjóns, er hlýzt af þinglýsingarstarfsemi, enda eigi bótakrefjandi ekki sök á því eða sá aðili, sem hann leiðir rétt sinn frá eða þarf að svara til. Samkvæmt a-lið 49. gr. stafar tjón af því, að aðili hefur treyst þinglýsingarvottorði eða veðbókarvottorði, en samkv. b-lið hagar svo til, að skjali, sem borizt hefur til þinglýsingar, hefur annað tveggja ekki verið þinglýst eða þinglýst of seint. Um c-lið og d-lið greinarinnar hefur áður verið rætt. Hér er um algert nýmæli að tefla í þinglýsingarlöggjöf, en þó má vera, að stundum verði ríkissjóður sóttur til bóta í þessum tilfellum nú samkvæmt almennum reglum um fébótaábyrgð ríkissjóðs á mistökum starfsmanna í sýslu þeirra. Rétt þykir að setja bótaábyrgð ríkissjóðs nokkur mörk, og er því svo mælt í 50. gr., að bætur geti ekki farið fram úr 100000 kr., að því er hvert einstakt bótamál varðar, og auk þess er aðilja settur tiltölulega skammur frestur til höfðunar bótamáls.

9. Í IX. kafla eru m. a. ákvæði um gildistöku sbr. 56. gr., og um það, hversu einstökum ákvæðum frv. verði beitt um réttindi, sem stofnað er til (sbr. 52. gr.) eða sætt hafa þinglýsingu (sbr. 53. gr) fyrir gildistöku hinna nýju reglna, ef þær ná lögfestingu. Er reynt að hafa gildistökufrest svo rúman, að menn eigi þess kost að kynna sér hinar nýju reglur, áður en tekið er að beita þeim, og enn fremur er leitazt við að taka sanngjarnt tillit til eldri réttinda, þ. á m. þinglýstra réttinda. Í 51. gr. er nýmæli, sem stefnir að því að gera það hægara en nú er fyrir mann að afla sér eignarheimildar að eign, sem hann á, en skortir þinglýsta heimild að.

Þess skal getið, að nauðsyn hefur þótt bera til að breyta nokkrum lögum til samræmis við reglur frv. þessa, ef þær verða lögfestar, og eru borin fram samfara þessu frv. tíu önnur frv. til breytinga á þessum einstöku lögum.

Athugasemdir um einstaka kafla og greinar.

Um I. kafla.

Ákvæði þessa kafla fjalla um það, hverjir séu þinglýsingardómarar hér á landi og um úrlausnir þeirra í þinglýsingarmálum. Gætir hér talsvert nýmæla, eins og reifað verður við hverja einstaka grein.

Embættismenn þeir, sem sýsla um þinglýsingar hér á landi, eru stundum nefndir þinglýsingarvaldsmenn í lögum, sbr. t. d. l. 51/1937, 5. gr. Í þinglýsingarlögunum frá 1928 eru þeir jafnan nefndir dómarar, enda hefur verið talið hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, að störf þeirra væri dómsýsla. Í samræmi við þessi sjónarmið eru forstöðumenn þinglýsinga nefndir dómarar í frv. þessu. Þá er það og mjög á reiki í lögum, hvort heitið þinglýsing eða þinglestur er notað um starfsemi þá, sem frv. þetta fjallar um. Lestrar á skjölum gætir mjög lítið í gildandi lögum og mundi jafnvel skipta minna máli en nú er, ef ákvæði frv. þessa um birtingu þinglýstra skjala nær fram að ganga. Er því einsætt að nota hér heitið þinglýsingu, og nær það einnig yfir aflýsingu skjala.

Um 1. gr.

1. málsgr. er í samræmi við gildandi lög. Í 2. gr. laga 33/1954 felst það, að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli sé þinglýsingardómari þar í umdæmi, en það þykir allt um það gleggra til yfirlits að geta þessa sérstaklega í 1. málsgr. þessarar greinar.

Í 2. málsgr. felst sú breyting frá gildandi lögum, að hér er lagt til, að lögreglustjórinn í Reykjavík færi þinglýsingarbækur um skjöl, er varða bifreiðar í Reykjavík, og sé þinglýsingardómari í þeim efnum. Samkv. umferðalögum nr. 26/1958 er lögreglustjóra falið að skrásetja bifreiðar, og eru því flest gögn um bifreiðar hjá honum hér í Reykjavík, en ekki hjá borgarfógeta, sem fjallar um þinglýsingar á skjölum, er bifreiðar varða. Þessi tilhögun er ekki heppileg. Í fyrsta lagi vegna þess að þinglýsingardómara er oft þörf á að kynna sér þær almennu upplýsingar um bifreiðar (þ. á m. um eignarheimildir), sem tiltækar eru hjá skrásetningarvaldsmanni, og er þá raunar hætt við, að bifreið sé umskráð, þótt eignarhöft hvíli á henni, þegar skrásetning bifreiðar og þinglýsing skjala varðandi bifreiðina fara ekki fram á sama stað. Í öðru lagi er það að nokkru tvíverknaður að ætla tveimur mönnum að færa skrár um bifreiðar og réttindi yfir þeim, en ljóst er, að sérstakar þinglýsingarskrár þarf að færa, ef reglur VI. kafla frv. verða lögfestar. Er þá mikill hagur að því, að ein og sama skráin geti veitt upplýsingar bæði um atriði, sem snertir skráningu á bifreið, og um þinglýst réttindi yfir bifreiðinni. Þá getur það einnig verið til nokkurs hægðarauka fyrir almenning að geta gengið frá skráningu bifreiðar og þinglýsingu á skjölum, er hana varðar, á einum og sama staðnum. Að vísu er það ágalli á tilhögun þeirri, sem hér er stungið upp á, að þinglýsingarstarfsemin í heild sinni dreifist á tvö embætti, en varla mun þó hætta á því, að slíkt hafi í för með sér ósamræmi að marki í lagaframkvæmd. Til er, að skjali þurfi að þinglýsa bæði hjá borgarfógeta og lögreglustjóranum í Reykjavík, ef tillaga frv. nær fram að ganga. Væri þá ósanngjarnt, ef borga þyrfti tvisvar þinglýsingargjöld af skjalinu. Við þessu er séð með því ákvæði 2. málsgr., að þar skuli greiða þinglýsingargjald, sem skjali er fyrr þinglýst, en ekki að nýju, þegar svona stendur á.

Í sambandi við lokaákvæði 2. málsgr. er vert að minna á ákvæði 13. gr. frv. um kaupmála, sem varðar bifreið.

Í 3. málsgr. er dómsmálaráðherra heimilað að kveða svo á, að lögreglustjóri í kauptúni skuli vera þar þinglýsingardómari að nokkru eða öllu. Nú er lögreglustjóri í einu kauptúni á landi hér, þ. e. Bolungavík, sbr. l. 14/1934. Þeim embættismanni

er ekki falin þinglýsingarstarfsemi. Ýmis rök mæla með því, að lögreglustjóri í kauptúni sé þinglýsingardómari. Það er ótvírætt hagræði fyrir íbúa kauptúns að eiga aðgang að þinglýsingarbókum þar í kauptúni, enda kunna þeir að búa í nokkrum fjarska við aðsetur sýslumanns. Lögreglustjóra kann og að vera hagur að því að hafa þinglýsingarbækur, t. d. í sambandi við gjaldheimtu. Lögreglustjórar í kauptúnum hafa jafnan verið löglærðir menn, svo að þeir hafa sérþekkingu á þinglýsingarstarfsemi almennt. Oft mundu þeir og í reyndinni hafa fyllri staðar- og mannþekkingu en sýslumaður þar í umdæmi, sem kauptún er, og hafa þeir að því leyti betri tök á að gegna þessum störfum en sýslumennirnir. Eins og rakið hefur verið, mælir sitt hvað með því, að lögreglustjóra í kauptúni sé falið að fjalla um þinglýsingar. Aðstæður kunna á hinn bóginn að vera mismunandi, þar sem á það getur reynt að skipa lögreglustjóra. Þykir því réttara að láta dómsmálaráðherra það eftir að ákveða um hvert kauptún um sig, hvort lögreglustjóri skuli gegna störfum þinglýsingardómara eða ekki. Dómsmálaráðherra er ætlað að taka þessa ákvörðun þegar eftir að frv. þetta tekur gildi, ef því er að skipta, um Bolungavík, og síðan þegar er stofnað er til annarra lögreglustjóraembætta. Þegar af þessari ástæðu fer ákvæði 3. málsgr. 1. gr. ekki gegn ákvæði 59. gr. stjórnarskrár.

Ef lögreglustjóra í kauptúni er falin þinglýsingarstarfsemi, getur reynt á það, svo sem í Reykjavík, að þinglýsa þurfi skjali hjá tilteknum dómara, en geta þess hjá öðrum. Þegar svo stæði á, ætti þinglýsingarbeiðandi aðeins að gjalda þinglýsingargjöld hjá öðrum embættismanninum, sbr. ákvæði 1. gr. 2. málsgr. um slíkt tilvik í Reykjavík.

Um 2. gr.

Þinglýsing er dómsathöfn. Í 223. gr. laga nr. 85/1936 er þess ekki getið sérstaklega, að reglur þeirra laga taki til þinglýsinga, og í lögum um málskot dómsmála til æðri réttar er hvergi beinlínis vikið að þinglýsingarúrlausnum. Almenn ákvæði réttarfarslaga eiga raunar ekki allskostar vel við þinglýsingarmál, þar sem þau mál eru í reynd leyst með sama hætti og önnur skrifstofustörf, er bera undir embætti. Ákvæði l. 85/1936 um vanhæfi dómara til að leysa úr tilteknu máli eru of viðamikil við þinglýsingar. Er því lagt til í 2. gr. frv., að sérreglur séu lögfestar um þetta efni, að því er tekur til þinglýsingar. Samkv. þessu ákvæði ber dómara að víkja sæti, ef skjal, sem óskast þinglýst, veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja. Sama er, ef þinglýsing varðar fjárhag hans eða greindra venzlamanna verulega.

Ákvæðið getur átt við, ef félag eða önnur lögpersóna er aðili að skjali, ef horf dómara til t. d. félags eða fyrirsvarsmanna þess er með þeim hætti, er segir í greininni. Um skýringu á venzlasambandi svo og því, hvenær málefni varði verulega fjárhag dómara, vísast til rita um réttarfar.

Ljóst er, að hér er mun vægar farið í sakir en samkv. 37. gr. laga nr. 85/1936. Þinglýsingardómari getur t. d. þrátt fyrir 2. gr. fjallað um þinglýsingu, þótt bróðir hans sé þinglýsingarbeiðandi. Þessi mál eru yfirleitt brotalítil. Þau fara og eftir allákveðnum réttarreglum, og gætir miklu síður mats og virðingar en í ýmsum öðrum samböndum. Þykir því ekki varhugavert að slaka hér á klónni.

Eftir 37. gr. l. 85/1936 er fulltrúa dómara fyrirmunað að vinna dómstörf, sem dómari er óhæfur til að fjalla um, í skjóli löggildingar sinnar til fulltrúastarfa. Hins vegar hefur það tíðkazt að fela fulltrúa að gegna störfum setudómara, er svo hefur staðið á. Í 2. gr. 2. málsgr. er lagt til, að fulltrúi dómara geti farið með þinglýsingarmál án sérstakrar skipunar, þótt dómari sé óhæfur samkv. 1. málsgr. Verður þá að kanna sérstaklega og sjálfstætt horf fulltrúa við máli og meta það eftir reglum 1. málsgr., hvort hann geti leyst úr því. Ef fulltrúi væri t. d. sonur dómara, er vel hugsanlegt, að hann sé jafn óhæfur til að fara með mál sem faðir hans.

Samkv. 2. gr. getur komið til þess, að skipa þurfi sérstakan dómara til þess að fjalla um þinglýsingarmál, en dómara ber þó að gera ráðstafanir til þess að varna réttarspjöllum, t. d. að rita á skjal vottorð um viðtöku þess.

Þótt dómari hafi leyst úr þinglýsingu skjals andstætt ákvæðum 2. gr., er þinglýsingin ekki markleysa og ekki ógildanleg fyrir þá sök eina. Gerðum dómarans er unnt að skjóta til æðri réttar samkv. reglum 3. gr., og mundi Hæstiréttur meta gerðir dómarans sjálfstætt til úrlausnar um lögmæti þeirra án tillits til ákvæða 2. gr. Hitt er það, að dómarinn getur unnið sér til refsiábyrgðar fyrir glöp í starfi, ef hann skeytir ekki ákvæðum þessarar greinar.

Um 3. gr.

Ákvæði hefur skort í lögum um það, hvort og hversu úrlausn þinglýsingarmáls verði skotið til æðra réttar. Að jafnaði eru málefni fremur óbrotin, en þörf er hér á skjótri úrlausn. Er því lagt til í 3. gr., að mál sæti kæru eftir meginreglum XV. kafla l. nr. 85/1936. Hér er aðilja þó veittur fjögurra vikna frestur til kæru, og er það frávik frá reglu 199. gr. greindra laga. Dómara er og heimilað, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að setja aðilja rýmri frest.

Úrlausnum héraðsdómara í sambandi við þinglýsingu verður yfirleitt skotið til æðri réttar, ekki einungis synjun hans um að taka skjal til þinglýsingar, heldur og meðferð hans á öðrum efnum, svo sem skráningu hans á skjali í þinglýsingarbók, afmáningu hafta, leiðréttingu á bókunum, athugasemdum, sem hann skráir á skjöl. Hitt er ljóst, að ekki verður eftir þessari boðleið leyst úr efnisatvikum, sem liggja að baki skjali, svo sem um eignaréttindi eða eignarhöft.

Ef þinglýsingardómari ákveður að vísa skjali frá þinglýsingu vegna ágalla, sem á því eru, og aðili tilkynnir, að hann kæri þá úrlausn til Hæstaréttar, ber dómara að skrá athugasemd í þingbók um kæru, sbr. 2. málsgr. Mundi jafnframt vera heppilegt, að dómari hefði sérstaka bók, þar sem getið væri um kærur.

Þegar mál er kært til æðri réttar, skal búa það á hendur þinglýsingardómara í umdæmi, og þá að sjálfsögðu dómaranum sem embættismanni, en ekki gegn honum persónulega.

II. kafli.

Í þessum kafla eru ákvæðin um framkvæmd þinglýsingar, og eru ákvæði þessi flest formlegs efnis. Ákvæði 4.—13. gr. fjalla um þinglýsingu í öndverðu (frumlýsingu), en 14. gr. varðar aflýsingu. Eftir efni má skipa ákvæðunum saman sem hér segir:

1. Um það, *hvar í umdæmi* skuli þinglýsa skjali er rætt í 4. gr. frv.
2. Áskilnaður um, að *skjal sé afhent í tvíriti* er greindur í 5. gr.
3. Um ýmis atvik, sem varða *frávísun skjals* frá þinglýsingu er rætt í 6. gr. Flest af þessum atvikum varða form skjala, en þó er einnig vikið að því í þessu ákvæði, að heimildarbrestur geti orðið efni til frávísunar.
4. Um *rannsóknarskyldu dómara* er mælt í 7. gr.
5. Um *þinglýsingabækur,* hverjar séu og hversu þær skuli úr garði gerðar, er rætt í 8. gr.
6. Um *birtingu á þinglýstum skjölum* er fjallað í 9. gr.
7. Um *vörzlu* þinglýstra skjala á þinglýsingarskrifstofu er kveðið í 10. gr.
8. Nokkrar *sérreglur* eru settar um þinglýsingu, ef sérstaklega stendur á í 11., 12. og 13. gr.
9. Loks er fjallað um *aflýsingu* í 14. gr. frv.

Um 4. gr.

Í þessari grein er minnt á það frumatriði, hvar þinglýsingar skuli beiðast, en efnisreglurnar um það efni eru ekki í 4 gr., heldur í greinum þeim, sem í er vitnað í 4. gr. Greinin er sama efnis að sínu leyti og 3. gr. þinglýsingarlaganna frá 1928.

Um 5. gr.

Með þinglýsingarlögunum frá 1928 var lögfest sú mikilvæga breyting á þinglýsingarreglum, að skjal skyldi afhent í tveimur eintökum til þinglýsingar. Er að

sjálfsögðu mikill verkasparnaður að því fyrir þinglýsingardómara. Í 1. málsgr. er gert ráð fyrir, að þessari reglu sé haldið. Ekki er áskilið í frv., að þinglýsingarbeiðnin sjálf sé í sérstökum formbúningi, sbr. hins vegar beiðni um aðför o. fl. réttargerðir.

Ef skjal er ekki afhent í tvíriti eða það eintak, sem dómara er ætlað, er ekki ritað á löggiltan skjalapappír, varðar það frávísun samkv. 6. gr. 1. **málsgr. Dómara** ber samkv. 7. gr. 1 málsgr. að ganga úr skugga um, að skjöl séu samhljóða. Ef eintökin eru „í verulegum atriðum ósamhljóða" ber dómara að vísa skjali frá þinglýsingu, sbr. 6. gr. 2. málsgr. Hér er farið nokkru vægar í sakir en í 6. gr. þinglýsingarlaganna, en frv. er í þessu efni í samræmi við lagaframkvæmdina.

Samkvæmt norsku þinglýsingarlögunum getur þinglýsingarbeiðandi óskað þess, ef hann afhendir skjal í einu eintaki, að þinglýsingarskrifstofan taki afrit af skjali gegn borgun. Er þá afhending skjals ekki því til fyrirstöðu, er svo stendur á, að unnt sé að þinglýsa skjali. Þar sem mannfæð mikil er á þinglýsingarskrifstofum hér á landi, er ekki ráðlegt að taka upp slíkt ákvæði.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að ákveða megi í reglugerð, að fleiri en eitt samrit eða eftirrit skuli fylgja frumriti. Þykir rétt að lögfesta þessa heimild, til þess m. a. að skjóta ekki loku fyrir að taka upp þess konar geymslu á skjölum á þinglýsingarskrifstofum, sem tíðkuð er í Danmörku og fólgin er í að nota sérstaka möppu fyrir hverja eign um sig. Getur og verið heppilegt að hafa fleiri endurrit en eitt, ef skjal snertir fleiri eignir en eina. Í sambandi við 2. málsgr. er og rétt að vekja athygli á ákvæði 13. gr. frv., en samkv. því skulu endurrit vera tvö, þegar kaupmála er þinglýst hjá borgarfógetanum í Reykjavík, ef kaupmáli varðar bifreið.

Í 3. málsgr. er það nýmæli, að dómari geti krafizt þess, að íslenzk þýðing fylgi þinglýsingarskjali, sem ritað er á erlent mál, sjá til samanburðar 40. gr. laga 85/1936 um slík skjöl, sem lögð eru fram í dómsmáli. Fer það eftir atvikum, hvort ástæða er fyrir dómara að ganga eftir þýðingu. Heppilegt þykir vegna geymslu skjals að áskilja, að slíkt skjal sé ritað á löggiltan skjalapappír.

Um 6. gr.

Í þessari grein er rætt um ýmis atriði, sem leiða til þess, að dómari hlýtur að vísa skjali frá þinglýsingu eða er heimilt að gera það. Atriðin eru þessi:

1. Skjal er afhent í röngu þinglýsingarumdæmi, sbr. 4. gr.

2. Eigi er ótvírætt, við hvaða eign skjal á. Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði fyrir örugga þinglýsingarstarfsemi, að ekki orki tvímælis, hvert sé efni skjals, sem afhent er til þinglýsingar. Ef þinglýsingarbeiðandi kæmi sjálfur með skjal, mundi þinglýsingardómari jafnaðarlega kanna það með viðtali við beiðanda, hvert væri raunverulega efni skjals, en jafnvel þótt dómari kæmist að raun um það, hvað vekti fyrir aðila, þá væri oft frágangssök að veita skjalinu viðtöku óbreyttu að efni til.

Rétt er að vekja athygli á ákvæði 11. gr. frv. í þessu sambandi.

3. Skjal skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra, er staðfest geta undirritun skjals, ef þessa er þörf. Að jafnaði fer það ekki milli mála, hver eigi að gefa út skjal. Þegar samningur er gagnkvæmur, verða báðir aðiljar vitaskuld að rita undir skjal. Um nauðsyn þess, að undirritun skjals sé staðfest, segir í 22. 43., 46., 47. og 48. gr. frv. Ef skjal er staðfest af t. d. málflutningsmanni, er ljóst, að það er fullnægjandi eftir ákvæði 6. gr.

4. Skjal er aðeins afhent í einu eintaki eða reglum um ritun skjala á löggiltan skjalapappír er ekki hlýtt. Um þessi atriði er rætt í athugasemdum við 5. gr.

5. Þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti.

Í frv. er ekki sérstakt ákvæði um það, hvenær unnt sé að fá réttindum þinglýst. Í norsku og dönsku lögunum er hins vegar ákvæði, sem segir, að eingöngu sé unnt að þinglýsa skjali, sem stofni, breyti, yfirfæri eða ljúki rétti eða bindi rétt höftum. Frv. er á því reist, að svipuð regla skuli gilda um íslenzka þinglýsingar-

framkvæmd, ef frv. verður lögfest, en ekki þykir full ástæða til að lögfesta ákvæði um þetta efni og binda þannig beinlínis hendur dómara.

Allmikið er tíðkað eftir gildandi lögum hér á landi að þinglýsa umboðum. Á hinum Norðurlöndunum er umboðum ekki þinglýst. Dómari leggur þau og önnur slík fylgiskjöl með höfuðskjölum í sérstök skjalahylki. Þrátt fyrir greinda tilhögun á þessu atriði á Norðurlöndum, þykir ekki ástæða til að girða fyrir þinglýsingu á umboðum með frv. þessu, enda getur verið hagkvæmt fyrir aðila og dómara, að þessum gögnum sé þinglýst.

Leyfi um setu maka í óskiptu búi má þinglýsa á eign. Sama er um gögn frá dánarbúi um eigur hins látna.

Þegar svo stendur á, sem hér hefur verið reifað í 5. lið, er heimilt að vísa skjali frá þinglýsingu, en ekki er það skylt, svo sem oftast er við þau atriði, sem greinir í 1.—4. lið að framan. Skjali, sem fjallar um þau efni, sem greinir í 30. og 31. gr. frv., má vísa frá þinglýsingu, en dómara er heimilt að veita slíku skjali viðtöku og þinglýsa því.

6. Lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist. Hér skal þess getið, að skjal, sem ritað er með blýanti, mun ekki vera tækt til þinglýsingar (sbr. danskan dóm í U 1928, bls. 340). Sama máli gegnir, ef lesmál er ógreinilegt, t. d. vegna þess að setningum er skotið óskipulega inn í meginmál sem viðbót við texta eða til breytingar á honum eða letur máð og því óglöggt til lestrar.

7. Ef eintök skjala eru í verulegum atriðum ósamhljóða, sbr. athugasemdir við 5. gr. 1. málsgr.

8. Ef skjal er gallað að öðru leyti. Skjal á t. d. að vera ritað á löggiltan þinglýsingarpappír og broti svo háttað, að auðvelt sé að varðveita það. Ef þær formreglur eru ekki virtar, varðar það frávísun. Hér mætti einnig nefna það dæmi, að skjal væri mjög óhreint eða sóðalegt eða rifið að nokkru eða velkt og bögglað.

9. Ef útgefanda skjals brestur heimild til að ráðstafa eign með þeim hætti, er í skjali greinir. Höfuðreglurnar um heimild í þessu efni eru í 24.—26. gr., 40., 43. gr. sbr. 52. gr. frv., og verður þeirra getið í skýringum við þær greinar. Er hér um meginbreytingu að tefla frá gildandi lögum, eins og síðar greinir.

Í 1.—3. málsgr. er ekki beinlínis tekið fram, að dómari skuli synja skjali þinglýsingar, ef hann veit, að það er ógilt eða svo annmarkakennt, að varðað geti ógildi. Oft ber þó að synja þinglýsingar, þegar svo hagar til, svo sem ef sama rithönd er á undirskriftum margra manna án þess að umboðsreglur heimili slíkt eða fullur grunur liggur á að öðru leyti, að skjal sé falsað. Stundum gæti dómari þó ekki gengið úr skugga um, að t. d. staðhæfing manna um, að skjal væri fengið með svikum, væri á rökum reist, og getur hann þá ekki látið þá staðhæfingu standa fyrir þinglýsingu skjals. Ef skjal er andstætt lögum, á dómari ekki að taka það til þinglýsingar, en hins vegar er oft álitamál, hversu rík rannsóknarskylda verði lögð á dómara til að kanna það efni. Afsal fyrir fasteign er að sjálfsögðu ekki tækt til þinglýsingar, ef það skortir áritun lóðaskrárritara í Reykjavík eða Akureyri eða þegar ekki fylgir stjórnarsamþykki byggingarsamvinnufélags, ef ljóst er, að íbúð sú, sem afsal lýtur að, er reist á vegum slíks félags.

Til viðbótar þeim atvikum, sem leitt geta til synjunar þinglýsingar og nú hafa verið greind, má benda á það, að samkv. 15. gr. 1. málsgr. frv. telst skjal ekki afhent til þinglýsingar, nema lögmælt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins. Samkv. 12. gr. frv. verður veðbandsleysingu eða veðbandi, sem ekki stafar frá opinberum aðilum, ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé jafnframt afhent með áritun um veðbreytinguna. Ljóst er og, að skilorðsbundnum afsölum verður ekki þinglýst sem eignarheimild, nema skilyrðið lúti að greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests, og auk þess verður efni skjals almennt að vera endanlega ákveðið, sbr. 23. gr.

Hér að framan er rætt um tvenn tilvik, annars vegar um atriði, sem leiða til þess að skjali er vísað frá þinglýsingu, og hins vegar um atriði, sem valda því, að

heimilt er að vísa skjali frá þinglýsingu. Í 6. gr. 4. málsgr. er fjallað um þriðja úrræðið, þ. e. að dómari veiti skjali viðtöku og þinglýsi því með athugasemd. Á þetta við í þremur tilvikum, og vísast nánar til greinarinnar um það. Ef tvö skjöl eða fleiri eru afhent samtímis til þinglýsingar og réttindum, sem þau veita, lýstur saman, eru skjölin jafnstæð að þinglýsingargildi, ef þau stafa bæði frá löggerningi, og er þá brýn þörf á, að þessa sé getið með áritun á skjöl. Ef aðili nýtur aðeins skilorðsbundinnar heimildar að eign, og nefnir ekki skilorðið í skjali, getur svo farið, að dómari vísi því frá þinglýsingu. Hins vegar þykir of strangt að láta þenna ágalla varða skilmálalaust frávísun, og er dómara heimilað í 4. málsgr. að taka skjal til þinglýsingar, en honum ber þá að rita athugasemd á það um annmarka þenna.

Þegar athugasemd er rituð á skjal, ber að geta hennar í þingbók, sbr. 5. málsgr. 6. gr. Er það í samræmi við venjur nú.

Að lokum skal hér á það bent, að rannsóknarskylda dómara samkv. 6. gr. tekur til allra skjala, einnig þeirra, sem varða lausafé, eftir því sem föng eru á.

Um 7. gr.

Samkvæmt dönsku, norsku og sænsku þinglýsingarlögunum er gangur þinglýsingarmáls sá, að dómari kannar þegar er honum berst skjal, hvort nokkrir ytri, sýnilegir ágallar séu á því. Ef svo er ekki, færir dómari skjal í dagbók, og teljast forgangsáhrif þinglýsingarinnar frá dagbókarfærslu skjals. Eftir að skjal hefur verið fært í dagbók, skal dómari að nýju kanna, hvort skjal er haldið annmörkum, og verður skjalið ekki fært í þinglýsingarbók, fyrr en dómari hefur gengið úr skugga um það til þrautar, að skjal sé þinglýsingartækt. Með þessari tilhögun vinnst það, að færslan í dagbók veitir yfirleitt óbrigðula sönnun fyrir því, hvenær skjal hefur borizt til þinglýsingar. Við viðtöku skjals í upphafi þarf dómari aðeins að kanna ytri, áberandi ágalla á skjali, en fær síðan allgott tóm til að þrautkanna skjal, áður en til færslu á því kemur í þinglýsingarbók. Veitir þessi tilhögun mikið öryggi í þinglýsingarstarfsemi. Ágallarnir á þessu skipulagi eru þeir, að hér fer fram tvenns konar bókfærsla á skjali, dagbókarfærsla og þingbókarfærsla og auk þess tvenns konar könnun á því, hvort skjal sé þinglýsingartækt. Í þinglýsingarumdæmum, þar sem tiltölulega fá skjöl berast til þinglýsingar, er þetta skipuleg allt of brotamikið. Helzt kæmi til greina að taka það upp í Reykjavík og nokkrum hinna stærri kaupstaða en hvorttveggja er, að óheppilegt er að hafa mismunandi skipulag á þessum málum í ýmsum þinglýsingarumdæmum og hitt, að eftir skoðun þeirra, sem sömdu frv., er unnt að ná auknu öryggi í þinglýsingarstarfsemi með því að létta þeirri skyldu af þinglýsingardómara að afgreiða skjöl þegar í stað, svo sem nú er venja, en ætla honum þess í stað nokkurn tíma til athugunar á skjölum. Er lagt til, að svo sé gert í 2. málsgr. 7. gr. Telja verður það einnig ágalla við dagbókartilhögunina, að lögleiðsla hennar mundi að öllum líkindum draga til muna úr afgreiðsluhraða, og tekur það bæði til afgreiðslu á þinglýsingarskjölum svo og útgáfu veðbókarvottorða.

Þótt ekki sé lagt til í frv. þessu, að dagbókartilhögun sé lögfest, er einstökum dómurum heimilt að færa dagbók um móttekin skjöl, ef hagkvæmt þykir, en sérstök réttaráhrif eru þá ekki tengd við færslu slíkrar bókar.

Frumþáttur þinglýsingarstarfseminnar er viðtaka skjala. Samkv. 1. málsgr. 7. gr. skal dómari ganga úr skugga um, að eintök skjala séu samhljóða, en að því búnu ritar hann á skjalið móttökudag og stund. Ef bersýnilegir ágallar eru á skjali, sbr. einkum 6. gr. frv., getur dómari — og ber eftir atvikum — að neita skjali viðtöku, unz úr ágöllum er bætt. Að öðru leyti þarf náin könnun ekki að fara fram á skjali á þessu stigi, enda hefur dómari allt að tveggja vikna frest til að kanna skjal frekar og leysa úr, hvort það verði fært í þinglýsingarbók, sbr. 2. málsgr. 7. gr., þótt á því sé byggt hér, að afgreiðsla fari fram jafn hratt og tök eru á. Dómari verður að gæta þess vel að rita nákvæmlega á skjal um viðtökudag og stund, með

því að forgangsáhrif þinglýsingar teljast yfirleitt frá móttökustund, sbr. 16. gr. frv., en skjali telst ekki þinglýst, fyrr en það hefur verið bókfært í þinglýsingarbók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en dómari hefur þinglýst skjali, og má því vera, að þinglýsingarbeiðanda sé þörf á að fá sérstaka kvittun dómara fyrir viðtöku skjals. Mætti kveða á um slíkar kvittanir í reglugerð.

Í athugasemdum við 6. gr. er rætt um það, hvaða atriði geti varðað frávísun skjals frá þinglýsingu. Oft mundi dómari vísa skjali frá þinglýsingu þegar í stað vegna augljósra ágalla, og mundi þá nægja að tilkynna þinglýsingarbeiðanda það munnlega. Ef dómari tekur sér frest til athugunar, en synjar síðan þinglýsingar, þá ber honum að tilkynna réttum aðila um synjunina og greina rökstuddar ástæður fyrir henni og koma þeirri tilkynningu á framfæri í ábyrgðarbréfi eða á annan álíka tryggilegan hátt, sbr. 7. gr. 2. málsgr. Úrlausn dómara má kæra til Hæstaréttar samkv. 3. gr. frv. Ef Hæstiréttur fellir úrlausn þinglýsingardómara úr gildi og telur skjal tækt, þá ber að telja forgangsáhrif skjals frá þeim tíma, er skjal var afhent til þinglýsingar, enda ber dómara þá að færa skjalið í þinglýsingarbók. Ekki er það áskilið, að synjun dómara sé í úrskurðarformi, en það getur þó verið æskilegt, að dómari hafi þann hátt á.

Í frv. eru ekki ákvæði um það, að hverju marki eða hversu dómari megi breyta úrlausn sinni í þinglýsingarmáli, sbr. til hliðsjónar 195. gr. 2. málsgr. l. nr. 85/1936 um skuldbindingargildi dóms fyrir dómara sjálfan. Í 10. gr. norsku þinglýsingarlaganna segir, að dómara sé rétt að breyta úrlausn sinni, ef slíkt eigi sér stað innan málskotsfrests. Regla norsku laganna er raunhæf og eðlileg, en telja verður, að ákvæði l. nr. 85/1936 séu um of formföst, að því er tekur til úrlausna þinglýsingardómara. Ætlunin er hér sú, að dómari geti breytt úrlausn sinni allt fram til þess, að máli hefur verið skotið til æðra réttar, en ekki eftir það, þótt ekki sé orðað sérstakt ákvæði um það.

Svo sem reifað hefur verið hér að framan, er 2. málsgr. 7. gr. að nokkru nýmæli í íslenzkum rétti og felur í sér breytingu frá venjuhelgaðri framkvæmd. Um afleiðingar þess að láðst hefur að færa skjal í þinglýsingarbók innan frests þess, er greinir í 2. málsgr. 7. gr., segir í 18. gr. frv. Er þá tvennt til. Ákveða má, að hinn nýi rétthafi verði að þoka fyrir hinum, en jafnaðarlega hlyti þó hinn eldri rétthafi að vægja. Í báðum tilvikum getur komið til bótagreiðslna úr ríkissjóði, sbr. 18. og 49. gr. frv.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði um þinglýsingarbækur og tilhögun þeirra.

Þess er fyrr getið, að einsætt mun vera að taka upp lausblaðabækur, svo sem gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum, og hefur það raunar verið tekið upp hérlendis að nokkru. Tekur þetta einnig til bóka, er lausafjárþinglýsingar eru skráðar í. Það mun að sjálfsögðu taka nokkurn tíma að koma hinum nýju bókum í notkun, þar sem endurrita þarf eldri bækur, en einn af kostunum við lausblaðakerfið er einmitt sá, að unnt er að endurrita eldri bækur smám saman.

Í ákvæðum greinarinnar um þinglýsingarbækur eru nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Samkv. frv. skal færa sérstaka bifreiðabók, en eftir gildandi lögum er heimilt, en ekki skylt, að færa slíka bók, sbr. 11. gr. 3. mgr. l. 30/1928. Um þinglýsingu varðandi bifreiðar eru fyrirmæli í VI. kafla frv. Að því er skrásett loftför varðar, fer um stofnun eignarréttar og eignarhafta yfir þeim eftir hliðstæðum reglum sem um fasteignir, sbr. nú l. 49/1947 og 40 gr. frv. Þykir eðlilegast að hafa sérstaka þinglýsingarbók fyrir þau, en nú mun á reiki, hver háttur er á því hafður í ýmsum þinglýsingarumdæmum.

Um skipin er rétt að benda á, að í 40. gr. frv. er staðfest sú regla, sem fram kemur í 5. gr. l. 56/1914 og hrd. VII, 236, að um vernd eignarréttar og eignarhafta yfir skipi, sem er 5 smálestir eða stærra, fari í megindráttum sem um fasteign. Hefði því komið til greina að hafa sérstaka þinglýsingarbók fyrir skip, sem eru 5 smálestir eða stærri, en aðra bók fyrir minni skip. Öll skráningarskyld skip eru

yfirleitt bókfærð í sérstökum bókum hjá þinglýsingardómara. Er þá heppilegt að bókfæra einnig þinglýst skjöl í þær bækur, og er tvímælalaust að því verkasparnaður. Að vísu lúta skjöl, sem varða skip, 5 smálestir eða stærri, öðrum efnisreglum að nokkru en skjöl, er varða smærri skip. Verður dómari að sjálfsögðu að gæta þess, en það ætti ekki að valda mistökum, þótt sama bókin sé notuð í þessu sambandi. Skjöl, er varða skráningarskyld skip, sem ekki hafa verið skrásett, á að bókfæra í bók þá, er greinir í 2. tölulið 8. gr. Samkvæmt 5. tölulið er og heimilt að skrá í skipabók eftir 2. tölulið skjöl um skip, sem ekki eru skráningarskyld, ef unnt er að sérgreina þau, ella verður að geta skjala í lausafjárbók, svo sem fyrr greinir. Nánari tilhögun þinglýsingarbóka verður ákveðin með reglugerð, sbr. 2. málsgr. 8. gr.

Um 9. gr.

Í 1. málsgr. er kveðið á um það, hversu haga skuli færslu skjals í þinglýsingarbók. Í því ákvæði felst ekki breyting frá því, sem nú tíðkast. Um þau atriði skjals, sem greina skal í þinglýsingarbók, eru ekki önnur ákvæði í frv. en þau, að taka skuli upp „meginatriði úr skjali.“ Útdráttur úr skjali verður að vera svo rækilegur, að bæði sé skjalið sérgreint og ljóst sé, hverju hafi verið þinglýst. Ef tiltekið skjal stofnar til ýmiss konar réttinda, verður það að koma glöggt fram í færslu þingbókar. Í afsali getur t. d. verið ákvæði um veðrétt fyrir hluta af kaupverði, forkaupsrétt til handa seljanda, ítaksrétt til handa ákveðnum aðilja o. s. frv. Er þá nauðsynlegt að geta allra þessara réttinda í þingbók. Greina skal nöfn rétthafa, útgáfu skjals og hvenær því sé þinglýst. Við tímabundin réttindi skal nefna tímafresti og eftir atvikum skilorðið við skilorðsbundna gerninga. Greina skal fjárhæðir (kaupverð, leigu, fjárhæð veðskuldar), stöðu veðhafa í veðröð, ef veðbréfi er til að dreifa o. s. frv. Unnt væri að setja nánari fyrirmæli um færslu skjala í reglugerð, ef þörf krefur.

Kosta skal kapps um að hafa færslur allar svo stuttorðar í þinglýsingarbókum sem frekast eru föng á. Rétt er að benda á, að sums staðar erlendis eru færslur í þinglýsingarbækur vélritaðar, og verða þær þá yfirleitt læsilegri heldur en handskrifaðar færslur.

Í þinglýsingarbók ber að geta þess, ef skjali verður ekki þinglýst athugasemdalaust, sbr. 6. gr. frv. i. f.

Þegar skjal hefur verið fært í þinglýsingarbók, er skali þinglýst, sbr. 16. gr. frv. Þá ber dómara samkv. 2. málsgr. 9. gr. að rita á eintök skjals vottorð um þinglýsinguna. Samkv. þessu getur komið til þess, að dómari riti tvenns konar vottorð á skjölin, þ. e. vottorð um viðtöku skjals, sbr. 7. gr. frv., og vottorð það, sem greinir í 2. málsgr. 9. gr. Að formi til mundi vottorðum þessum oft vera steypt saman í eitt vottorð, þ. e. þegar dómari getur afgreitt skjal þegar í stað. Í þinglýsingarvottorði ber að geta athugasemda, ef skjali verður ekki þinglýst athugasemdalaust, sbr. 6. gr. frv. i. f. og 52. gr. 3. málsgr. Svo ber og að geta þess, ef tveimur skjölum lýstur saman, sem þinglýst er samtímis eða skilorðs hefur ekki verið getið, sbr. 6. gr. 4. málsgr. Að svo vöxnu máli, ber dómara að afhenda þinglýsingarbeiðanda skjal, og þá það eintak þess, er segir í 1. málsgr. 7. gr.

Í 3. málsgr. eru ákvæði um birtingu skjala, sem þinglýst hefur verið. Eins og fyrr greinir, hefur birtingu þinglýstra skjala verið hagað nú um hríð mismunandi í Reykjavík annars vegar og í öðrum þinglýsingarumdæmum hins vegar. Annars staðar en í Reykjavík skal semja skrá um þinglýst skjöl (og aflýst) og lesa þá skrá á manntalsþingi, sbr. 7. gr. l. 30/1928. Í l. 85/1936, 38. gr., er mælt fyrir um bæjarþing í kaupstöðum, og skal halda þau einu sinni í viku eða oftar. Í greinargerð er gert ráð fyrir því, að þinglýsingar skuli birta á bæjarþingunum. Þrátt fyrir þessi ákvæði var skrá um þinglýst skjöl birt á manntalsþingum í kaupstöðum lengi vel eftir gildistöku þessara laga. Samkvæmt lögum nr. 11 9. febr. 1957 var tekinn upp sá háttur á árinu 1957 að birta skrá um skjöl á bæjarþingum í kaupstöðum utan Reykjavíkur.

Í Reykjavík náði sú tilhögun festu skömmu eftir gildistöku l. nr. 85/1936 að

birta skrá um þinglýst skjöl á bæjarþingi. Með l. 65/1943 var þessari reglu breytt, að því er tekur til Reykjavíkur, á þá lund, að skrá um þinglýst skjöl skal gera vikulega og skal hún vera til sýnis almenningi í skrifstofu þinglýsingardómara í fulla viku, en auk þess var dómsmálaráðherra heimilað að mæla fyrir um birtingu skrár í opinberu blaði. Sú heimild hefur ekki verið notuð. Á það skal bent, að samband þessarar nýskipunar í Reykjavík við 7. gr. veðlaga er ekki skýrt.

Dönsku og norsku þinglýsingarlögin bregðast mismunandi við spurningunni um það, hversu kynna skuli almenningi þinglýst skjöl. Eftir dönsku þinglýsingarlögunum frá 1926 er boðin tvenns konar birting skjala. Skrá um þinglýst afsöl og veðbréf skal taka saman vikulega og skal hún vera til sýnis almenningi í skrifstofu þinglýsingardómara fulla viku. Í annan stað skal birta stuttan útdrátt úr skjölum þessum í opinberu þinglýsingarblaði, sem út er haldið þar í landi. Auk þess má raunar geta 14. gr. í tilskipun um þinglýsingar, er býður, að dómari skuli við þinglýsingu veðbréfa tilkynna eiganda þeirrar eignar, sem veðsett er, um veðsetningu.

Í Noregi er ekki hlutazt til um opinbera birtingu þinglýstra skjala af opinberri hálfu, hvorki með birtingu á dómþingi eða með birtingu skrár í skrifstofu dómara né með birtingu í opinberu blaði. Samkv. 28. gr. reglna um þinglýsingar frá 13. des. 1935 getur þinglýsingardómari gert samkomulag við blöð eða tímarit, sem kynnu að óska þess, að þau fái í hendur skrár um þinglýst skjöl. Óheimilt er að staðfesta skrá þessa af hálfu dómara, og ber hvorki hann né ríkissjóður ábyrgð á, að rétt sé frá skýrt í skrá þessari. Samkvæmt 27. gr. sömu reglna hefur almenningur rétt á að kynna sér þinglýsingarbækur og skrár á skrifstofu þinglýsingardómara og er mönnum heimilt að skrifa hjá sér einstakar athuganir, en ýtarlegar afskriftir eru óheimilar, nema með samþykki dómara. Í 12. gr. reglna þessara er dómara einnig boðið að skýra eiganda fasteignar frá veðsetningu, ef sérstaklega stendur á.

Veigamiklar ástæður eru fyrir því, að þinglýstir gerningar skuli sæta birtingu. Vitund manna um birtingu gerninga er fallin til að sporna við þinglýsingu á fölsuðum gerningum. Varnaráhrif slíkrar birtingar eru veruleg. Í annan stað stuðlar birtingin að því, að fljótt komist upp um slíkt misferli, og raunar einnig um ýmis mistök, sem átt geta sér stað við þinglýsingar. Ýmsa aðila, sem standa utan þinglýsingarinnar, varðar nokkru að fylgjast með því, hverjum gerningum sé þinglýst. Afsalsgerningar og veðsetningar eru meðal líftauga viðskiptalífsins. Þeir, sem sýsla við viðskipti, hafa réttmæta ástæðu til þess að fá að fylgjast með þinglýsingu þeirra gerninga. Ýmsum opinberum aðilum, svo sem skattyfirvöldum, er og hagur að hinu sama. Þeim, sem kunna að eiga forkaupsrétt að eign, kauprétt að henni eða innlausnarrétt, er það einnig hagsmunaefni að fá að fylgjast með slíkum gerningum, og svo mætti lengi telja.

Sú tilhögun að semja vikulega skrá um þinglýst skjöl og láta hana vera til sýnis í skrifstofu þinglýsingardómara er brotalítil og krefst ekki ýkja mikillar vinnu. Að vísu eru skrifstofur dómara hér á landi yfirleitt ekki rúmgóðar, en allt um það hafa menn nokkur tök á að kynna sér skrá um skjöl, sem þar eru til sýnis. Í Oslo og Kaupmannahöfn eru þessar skrár stundum festar upp á göngum í skrifstofuhúsnæði dómara eða við inngöngudyr að skrifstofu, og girðir orðalag 9. gr. frv. ekki fyrir þá tilhögun hér á landi.

Í 3. málsgr. 9. gr. er boðið að taka skuli upp hvarvetna í þinglýsingarumdæmum hér á landi þá tilhögun að semja slíka skrá vikulega og hafa hana til sýnis almenningi (þ. e. einnig í sýslum). Ljóst er, að bæjarþing í kaupstöðum og manntalsþing, sem þar eru háð, eru fremur fásótt, og hefur því ekki þótt taka því að halda þeirri tilhögun að birta skjöl á bæjar- eða manntalsþingum í kaupstöðum. Hins vegar eru manntalsþing í sveitum og kauptúnum talsvert betur sótt, og er því gert ráð fyrir því í 3. málsgr., að haldast skuli sú tilhögun að lesa þar skrá um þinglýst skjöl. Birting á þinglýstum skjölum í kaupstöðum er því eins konar samkv. þessu, en tvenns konar utan kaupstaða.

Í Reykjavík hefur það nokkuð tíðkazt að birta skrá um þinglýst afsöl og veð-

bréf í prentuðu blaði eða fjölrituðu. Eru það einstaklingar, sem að þessu hafa staðið. Virðist talsverður áhugi ríkja á því einkum meðal kaupsýslumanna að kynna sér slíkar skrár. Í 3. málsgr. 9. gr. er gert ráð fyrir því, að dómsmálaráðherra geti skipað fyrir um birtingu skráa um þinglýsta gerninga í opinberu blaði, og mundi það þá væntanlega verða gert í reglugerð. Til greina kæmi að birta slíkar skrár í Lögbirtingablaði eða sérstöku þinglýsingarblaði. Ekki er skotið loku fyrir það með ákvæðum frv., að dómari geti veitt einstaklingi heimild til að birta skrá um þinglýst skjöl. Ef til slíkrar opinberrar birtingar kæmi væri unnt að setja því skorður í reglugerð, hver atriði skjals væru birt. Almenning varðar það vissulega, að tiltekin eign hafi verið seld eða veðsett, en ekki er jafnan sagt, að almenningur hafi réttmæta ástæðu til að fá vitneskju um nánara efni þessara skjala, fjárhæðir eða greiðsluskilmála o. s. frv.

Í l. 11/1957 eru fyrirmæli um þinglýsingar í hreppi, sem lagzt hefur í eyði. Þegar svo stendur á, sýnist eðlilegast að láta sitja við, að skjal liggi frammi á skrifstofu þinglýsingardómara, svo sem boðið er í upphafi 3. málsgr.

Í reglugerð mun m. a. vera þörf á að setja ákvæði um aðgang almennings að þinglýsingarbókum og um fyrirspurnir til dómara í síma o. fl. um efni þinglýsingarbóka.

Um 10. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um geymslu skjala. Samkvæmt gildandi lögum og lagaframkvæmd eru þinglýsingarskjöl bundin í sérstakar bækur (afsals- og veðmálabækur), en strik er dregið yfir skjal, þegar því er aflýst. Afleiðingin af þessari lagaframkvæð er sú, að ekki er unnt að nema brott og leggja til hliðar þau skjöl, sem aflýst hefur verið eða hafa lokið ætlunarverki sínu. Í 10. gr. frv. er lagt til, að skjöl séu geymd í sérstökum skjalahylkjum og ákveði dómsmálaráðherra gerð þeirra, en í 2. málsgr. segir, að nema skuli skjal úr skjalahylki, þegar því sé aflýst.

Á Norðurlöndum var sú endurbót gerð á skjalageymslu með breytingum, sem gerðar voru á þinglýsingarlöggjöf þar rétt fyrir og eftir 1930, að skjöl eru nú geymd í sérstökum skjalahylkjum. Þegar skjali er aflýst, er auðvelt að nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn embættis og síðar til opinberra skjalasafna. Við slíka breytingu á vörzlu skjala er mikið unnið. Skjölum þeim, sem misst hafa gildi sitt, er þegar byggt út úr skjalahylkjunum. Í hylkjunum eru á hverjum tíma þau skjöl ein, sem þinglýsingargildi hafa. Er að því mikil spörun á skrifstofurúmi, auk þess sem skjalahylkin verða þá miklu þjálli í meðförum, fyrirferðaminni og hægara að handleika þau. Skjalahylki þessi eru traust og tryggileg, og er reynslan sú á Norðurlöndum, að engin sérstök hætta sé á, að skjöl glatist eða misfarist, þótt þessi háttur sé hafður við skjalavörzluna. Hér á landi þarf oft að geyma skjöl á fremur ótryggilegan hátt, meðan þess er beðið, að nógu mörg skjöl safnist saman fyrir í bók, og enn fremur er á það að líta, að nokkur bagi kann að vera að því að hafa skjöl hjá bókbindara, meðan unnið er að bókbandi.

Í Danmörku og Svíþjóð og að nokkru leyti í Noregi ryður það sér til rúms að ætla hverri fasteign sérstakt skjalahylki. Eru skjölin fest á baki í hylki þessu, en hylkin eru síðan geymd í sérstökum stálskápum, eldtraustum. Við aflýsingu skjala er það numið úr skjalahylki með sama hætti og lýst var hér áður. Sá kostur er við þessa skjalavörzlu, að tiltækileg eru á einum stað öll skjöl, sem þinglýsingargildi hafa um hverja einstaka eign. Er vissulega verulegt hagræði að því. Samkv. 10. gr. 3. málsgr. frv. er dómsmálaráðherra heimilað að mæla fyrir um þá geymslu skjala, sem hér hefur verið reifuð. Rétt er að benda á það í því sambandi, að í Noregi er það tíðkað, að hafa sérstök skjalahylki fyrir heimildarskjöl og aðra gerninga, sem ætlað er að gilda lengi, og önnur fyrir enn aðra gerninga, og þykir það gefast vel þar í landi.

Um 11. gr.

Þegar skjal fjallar um margs konar réttindi, má vera, að það vaki ekki fyrir þinglýsingarbeiðanda að fá öllum réttindunum þinglýst. Fyrir þá sök er sú skylda

lögð á þinglýsingarbeiðanda í þessari grein frv., að hann skuli vekja athygli dómara á því, til hverra réttinda þinglýsingin eigi að taka. Ef þinglýsingarbeiðandi lætur þetta undir höfuð leggjast og mistök verða við færslu skjals, getur hann fyrirgert rétti til bóta, sbr. upphaf 49. gr. frv.

Um 12. gr.

Í lagaframkvæmd hér á landi ríkir nokkur óvissa um það, hvernig þinglýsa eigi veðbandsleysingu eða veðleyfi. Tryggilegast sýnist vegna sérreglna um viðskiptabréf, að þinglýsingardómari gangi úr skugga um, að veðbandsleysingar eða veðleyfis eða annarra áþekkra yfirlýsinga, er varða veðrétt, sé getið á bréfinu sjálfu. Getur þetta orðið með tvenns konar hætti. Veðleyfi er t. d. ritað á veðbréf, en auk þess er dómara afhent endurrit af veðleyfi, sem ritað er á löggiltan þinglýsingarpappír. Hitt er það, að veðleyfi sé afhent í tvíriti með sama hætti og hver önnur þinglýsingarskjöl, en þá er áskilið að dómara sé sýnt veðbréf, og þinglýsir hann ekki skjölum þessum, nema hann hafi gengið úr skugga um, að veðleyfis sé getið með tryggilegum hætti á veðbréfinu sjálfu.

Rétt þykir að undanþiggja banka, sparisjóði og aðrar opinberar stofnanir þeirri skyldu að afhenda veðbréfið, og er þessi undanþága svipaðs eðlis eins og í upphafsákvæði 22. gr.

Um 13. gr.

Samkvæmt 1. gr. 2. málsgr. frv. er lögreglustjórinn í Reykjavík þinglýsingardómari um skjöl, sem varða bifreiðar. Ljóst er hins vegar að skráning kaupmála er í höndum borgarfógeta. Nú getur borið við, að í kaupmála sé fjallað um bifreið, t. d. með þeim hætti, að bifreið sé lýst séreign annars maka eða séreign að bifreið sé felld niður o. fl. Þegar svona hagar til, þarf að geta skráningar bæði í kaupmálabók hjá borgarfógeta, svo og í bifreiðabók, sem lögreglustjóri færir. Er þá hagkvæmt að kaupmálinn sé afhentur í þremur skráningarhæfum eintökum, svo sem gert er í þessari grein. Skráir borgarfógeti þá kaupmálann, en sendir síðan lögreglustjóra eitt eintak af kaupmálanum. Lögreglustjóri getur skjals þess í bifreiðabók, en varðveitir skjal í sérstöku skjalahylki fyrir kaupmála.

Um greiðslu gjalda, þegar svo stendur á sem í greininni segir, fer samkv. 1. gr. 2. málsgr., þ. e. gjöld ber að greiða aðeins einu sinni, þegar skjal er afhent borgarfógeta.

Um 14. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um formlega hætti við aflýsingu, þ. e. um formlega framkvæmd aflýsingar. Hins vegar er kveðið á um efnisreglur við aflýsingar í 39. gr. frv. Formreglur 14. gr. eru hinar sömu í öllum megindráttum og þær, sem nú tíðkast að lögum, sbr. 13. gr. l. 30/1928, og í lagaframkvæmd. Ljóst er, að skjal til aflýsingar þarf að vera eins úr garði gert formlega sem skjal, er afhent er til frumþinglýsingar.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frv. eru ákvæði um forgangsáhrif þinglýsingar og um grandleysi. Samkv. 16. gr. eru forgangsáhrif þinglýsingar við það tengd, er skjal er afhent til þinglýsingar, enda sé skjal tækt til þinglýsingar, sbr. 16. gr. Frá þessu eru þó tvær undantekningar, sbr. 2. og 3. málsgr. 15. gr. Ef tvö skjöl eða fleiri, sem ekki fá samrýmzt, eru afhent samtímis til þinglýsingar, er það meginregla, að þau eru jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó er nokkuð gert upp á milli skjala í 16. gr., með því að aðfarargerðir og kyrrsetningar ganga fyrir skjali, sem reist er á öðrum réttargrundvelli, og af tveimur aðfarargerðum, sem afhentar eru samtímis til þinglýsingar, er sú látin ganga fyrir, sem eldri er. Og eru raunar enn fleiri frávik frá þessari reglu um jafnrétti tveggja skjala, sem afhent eru til þinglýsingar samtímis.

Samkv. 15. gr. 1. málsgr. telst skjal ekki afhent til þinglýsingar í merkingu þessara laga, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar

eftir, enda fylgi lögmælt greiðsla fyrir þinglýsingu þinglýsingarbeiðni. Að því er varðar gjöld þau, sem fylgja eiga þinglýsingu, þá getur að sjálfsögðu vafizt fyrir dómara að ákveða þau. Þegar svo er, ber dómara að veita skjali viðtöku og færa það til bráðabirgða, meðan samráð eru höfð við fjármálaráðuneyti, sbr. 17. gr. frv., er kveður allnáið á um þetta efni.

Í 18. gr. frv. er mælt fyrir um það, er efni skjals er rangfært í þinglýsingarbók, og einnig um það, er láðst hefur að færa skjal í þinglýsingarbók innan fresta þeirra, sem dómara eru ætlaðir samkv. 7. gr. 2. mgr. frv. í þessu skyni o. fl. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, sem skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Nánari forsendur þessa eru greindar í 18. gr., en ákvæði þetta getur leitt til þess, að hvikað verði frá meginreglu frv. um forgengi þinglýstra skjala.

Í 19. gr. er síðan rætt um hugtakið grandleysi, og er það skýrgreint í sambandi við ákvæði þessa frv.

Um 15. gr.

Afhending skjals til þinglýsingar er atriði, sem miklu máli skiptir samkv. frv., sbr. upphaf 16. gr. Rétt þykir því að slá því föstu, að afhending skjals til þinglýsingar teljist ekki hafa átt sér stað í þeirri merkingu, sem á er byggt í frv. þessu, nema upplýsingar, sem dómari telur þörf á, séu látnar uppi, enda skal fylgja beiðni lögmælt gjöld fyrir þinglýsinguna. Skjal verður vitaskuld að vera þinglýsingartækt, til þess að sagt verði, að það hafi verið afhent til þinglýsingar í þessari tæknilegu merkingu orðanna samkv. frv. Ella vísar dómari því yfirleitt frá þinglýsingu, sbr. einkum 6. gr., og verður þá að sjálfsögðu ekki úr viðtöku skjals.

Samkv. 1. málsgr. ber yfirleitt að telja afhendingartíma skjals frá þeirri stundu, er dómari veitti skjali viðtöku. Frá þessari meginreglu eru tvö frávik í 2. og 3. málsgr. þessarar greinar. Í fyrsta lagi getur það borið við, að mörg skjöl berist frá sama aðila tiltekinn dag. Mundi það þá e. t. v. taka dómara og það starfsfólk hans, sem sýslar um þinglýsingar, verulegan hluta af afgreiðslutíma þessa dags að sinna þessum skjölum einum saman. Þegar svona stendur á, má líta svo á, að skjöl þessi hafi ekki borizt til þinglýsingar, fyrr en í lok afgreiðslutíma dags þess, sem skjölin bárust. Ætti dómari þá að greina það í vottorði sínu, að afhendingartími skjala sé t. d. kl. 16, ef skrifstofu hans er lokað á þeirri stundu dag þann, er skjölin bárust. Þetta ákvæði á fyrst og fremst að stuðla að því, að einstakir aðilar liggi ekki sjálfir lengi með skjöl, sem þinglýsa þarf, heldur þinglýsi þeir skjölum sínum smám saman án ástæðulauss dráttar.

Í öðru lagi er það ákvæði sett í 3. málsgr. 15. gr., að skjöl sem berast eftir auglýstan skrifstofutíma, skuli talin afhent næsta dag. Það er vitaskuld oft tíðkað, ekki sízt utan kaupstaða, að dómari veiti skjölum viðtöku af greiðasemi eftir lok skrifstofutíma. (Sbr. einnig það tilvik, er skjal berst í pósti eftir skrifstofutíma). Þinglýsingarbeiðandi á þó ekki að hljóta betri réttarstöðu með þessu heldur en aðili, sem bíður til næsta dags með að afhenda skjöl sín. Liggja þessi sjónarmið til grundvallar ákvæði 3. málsgr. Rétt þykir einnig að heimila dómsmálaráðherra að kveða svo á í reglugerð, að skjöl, sem berast ekki fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli teljast afhent næsta dag, þ. e. með upphafi skrifstofutíma næsta dags. Er þörf á slíkum ákvæðum í Reykjavík og e. t. v. í fleiri kaupstöðum, ef vinnubrögð á skrifstofu þinglýsingardómara eiga að vera leyst af hendi með fullt tryggilegum hætti. Er og hætt við, að ella þurfi að kosta til aukavinnu til úrvinnslu skjala.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að dómarar skuli afhenda þinglýsingarbeiðanda sérstaka kvittun fyrir viðtöku skjala til þinglýsingar. Þar sem þinglýsingarbeiðandi fær ekki ávallt í hendur skjal þegar í stað, getur honum verið þörf á slíkri kvittun. Einstakir dómarar gætu og tekið upp slíkan hátt, þótt reglugerðarákvæða nyti ekki um það efni.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru höfuðákvæðin um forgangsáhrif þinglýsingar. Meginreglan í því efni er hin sama sem í 8. gr. gildandi þinglýsingarlaga, þ. e. að tengja forgangsáhrif þinglýsingar við það atvik, er skjal er afhent til þinglýsingar. Hér að framan (í athugasemdum við III. kafla almennt og við 15. gr.) er rætt um skýringu á því orðatiltæki frv., að skjal sé afhent til þinglýsingar, og enn fremur er þar rætt um frávik frá þeirri meginreglu, að forgangsáhrif séu miðuð við afhendingu skjals til þinglýsingar.

Í norrænu þinglýsingarlögunum eru forgangsáhrif þau, sem þinglýsing veitir, miðuð við það, er skjal er fært í dagbók, en ekki við afhendingu skjals til þinglýsingar. Í athugasemdum við 7. gr. frv. er því lýst, að ekki þóttu næg rök til að leggja til í frv., að dagbókartilhögun verði lögfest hér. Er þá ekki annars úrkosti en að miða forgangsáhrif við afhendingu skjals til þinglýsingar. Samkv. upphafi 7. gr. frv. ber dómara að skrá á skjalið vottorð um viðtökustað og stund, og ætti því að vera fulltryggð sönnun fyrir því, hvenær skjal hefur verið afhent.

Við getur borið, að fleiri skjöl en eitt séu afhent samtímis til þinglýsingar varðandi sömu eignina og fái þessi skjöl ekki samrýmzt. Samkv. norrænu þinglýsingarlögunum eru slík skjöl, er berast samdægurs, öll jafnstæð að þinglýsingargildi, ef þau styðjast við löggerning. Er það rökstutt með því, að ekki sé réttmætt að gera upp á milli skjala, þegar svo skammt er á milli þess, að þeim sé leitað þinglýsingar. Samkvæmt 8. gr. þinglýsingarlaganna frá 1928 gengur það skjal fyrir, sem fyrr er dagsett (eða fyrst er dagsett), er svona stendur á. Er sú regla allgömul, og er hún m. a. greind í N. og D. L. Dagsetningar skjala eru langt frá því að vera áreiðanlegar hér á landi. Með áskilnaði um vottfestingu og aðra staðfestingu skjala, svo sem gert er í 22. gr. frv. þessa og fleiri ákvæðum þess, ætti að vísu að fást aukin trygging fyrir því, að dagsetningar skjala séu réttilega greindar, en full trygging fæst þó ekki með því. Hefur því ekki verið talið rétt að byggja á sömu reglu og þeirri, er fram kemur í 8. gr. l. 30/1928, en að auki má það að henni finna, að hún gerir engan greinarmun á einstökum flokkum skjala eftir því, með hverjum hætti er stofnað til réttinda þeirra, er skjöl fjalla um. Við mótun nýrrar reglu er einkum tveggja kosta völ, annars vegar er norræna reglan um, að öll skjöl, sem berast til þinglýsingar samdægurs, séu jafnrétthá, en hins vegar er sú regla, að láta afhendingartímann ráða hér úrslitum út í hörgul. Því verður naumast neitað, að síðari kosturinn *getur* leitt til óeðlilegra málaloka. A kemur með skjal á þinglýsingarskrifstofu kl. 10 árdegis, en B örlitlu síðar. Þeir eru báðir í skrifstofunni, er A afhendir skjal sitt, en skjal B varðar sömu eign og skjöl þeirra fá ekki samrýmzt innbyrðis. Hér gengur A með sigur af hólmi, ef hann er grandlaus um rétt B, eftir atvikum, þótt ástæðan til þess að B kom hóti síðar en A kunni að vera alls kostar tilviljunarkennd. Allt um það er þó óhjákvæmilegt að velja þenna kost í frv. þessu. Stafar það af því, að dagbók er ekki færð samkv. því, og af þeirri ástæðu er ekki til að dreifa yfirliti yfir skjöl, sem borizt hafa til þinglýsingar. Ef byggt væri hér á norrænu reglunni um, að öll skjöl, er berast samdægurs, séu jafnrétthá að þinglýsingargildi, þá væri raunverulega ekki gerlegt að afgreiða neitt þinglýsingarskjal fyrr en eftir lok skrifstofutíma þess dags, er skjalið barst, því að fyrr væri ekki unnt að ganga úr skugga um, að skjal hefði borizt, sem gengi í berhögg við fyrra skjalið.

Ef réttur sá, sem skjal veitir, byggist á löggerningi, skiptir það fyrst og fremst máli um mat á forgengi samkvæmt frv., hvenær skjal var afhent til þinglýsingar, ef það hefur reynzt þinglýsingartækt, sbr. þó 2. og 3. málsgr. 15. gr. Að sjálfsögðu verður þó að gæta hér ákvæða 19. gr. um grandleysi, svo að sá maður, sem öðlazt hefur réttindi með samningi við eiganda, eftir að annar maður hlaut þennan rétt, verður að standa að baki fyrri rétthafa, ef hann vissi eða mátti vita um rétt hans. Í 16. gr. er aðeins rætt um þinglýsingargildi skjala, en ekki um almennar reglur eins og grandleysi, sem grípa inn í þetta mál. Ekki er heldur vikið þar að ákvæði

í samningi, sem þinglýst er. Verið getur, að í samningi segi, að réttindi þau, sem hann veitir, skuli standa að baki réttindum samkv. öðrum samningi, t. d. nánar greindum veðrétti, sem síðar kynni að verða veittur.

Hér verður einnig að geta þess, að sum réttindi öðlast fulla lögvernd þótt þeim sé ekki þinglýst, svo sem t. d. ýmsir afnotasamningar, lögveðsréttindi o. fl. Gildi þeirra telst frá þeim tíma, er til þeirra var stofnað, og ganga þau því að öðru jöfnu framar réttindum, sem síðar er stofnað til, þótt þinglýst sé. Í þessu efni breyta ákvæði þessa frv. í engu eldri reglum.

Ef skjöl, sem byggjast á löggerningi, eru afhent til þinglýsingar samtímis, er það meginregla, að þau séu jafnstæð að þinglýsingargildi. Frá því er þó sú undantekning, auk frávika, sem þegar eru rædd, að hafi maður afhent öðrum eign sína, en jafnframt áskilið sér réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, þá gengur sá réttur fyrir réttindum, sem stafa frá yngra rétthafa. Fyrri eigandi hefur í þessu tilviki veitt síðara eiganda takmarkaða heimild yfir eign sinni, og er það eðlileg regla, að þeir, sem leiða rétt sinn frá þessum síðara eiganda, hljóti að virða rétt hins fyrra eiganda. Forsenda fyrir því er þó sú, að skjal, sem ber með sér rétt eldri rétthafa, þ. e. oftast kaupsamningur eða afsal, sé afhent til þinglýsingar í síðasta lagi samtímis og skjal, sem er grundvöllur undir rétti þeim, sem yngri eigandi hefur veitt þriðja manni. Þó er ljóst, að réttur eldri eiganda gengur fyrir, jafnvel þótt honum sé síðar þinglýst, ef þriðji maður, sem byggir rétt á löggerningi, vissi eða mátti um hann vita, er hann öðlaðist réttindi sín, sbr. áður um grandleysi.

Þegar skjöl þau, sem afhent eru samtímis til þinglýsingar, eru reist á mismunandi réttaratvikum, þ. e. annars vegar á löggerningi, en hins vegar á réttargerð, þá segir svo í greininni, að hin síðargreindu réttindi skuli ganga fyrir hinum fyrrnefndu. Gildir þetta t. d. um fjárnám, lögtak, löggeymslu og kyrrsetningu. Um réttmæð aðfarargerða sín á milli eða kyrrsetningargerða innbyrðis er sú regla sett, að hin elzta þeirra gengur fyrir, ef saman lendir. Hér styðst staðreynsla á aldri réttargerða við umsögn opinbers starfsmanns, og er því ekki varhugavert að byggja á aldri þessara gagna í þessu sambandi.

Í lok ákvæðisins er vikið að þeirri efnisreglu, að réttur sá, sem kyrrsetning veitir, hlýtur að þoka fyrir rétti, er stafar frá fjárnámi. Hins vegar er ekki kveðið hér á um þinglýsingarhlið þessa máls.

Rétt þykir hér að lokum að greina, hvað í því felist, að tvö skjöl séu jafnstæð að þinglýsingargildi. Tveimur veðbréfum í sömu eign, að fjárhæð kr. 15000 og kr. 30000, er þinglýst samtímis. Þegar til uppboðs kemur á eign, verður andvirði hennar ekki nema 21000 kr. Annar veðhafinn hlýtur þá 7000 kr., en hinn 14000 kr. Ef saman lendir afsali fyrir eign og veðbréfi, virðist veðbréfið aðeins tryggja veðrétt fyrir helmingi veðfjárhæðarinnar. Ef tveimur afsölum lendir saman, eiga þinglýsendur að verða sameigendur. Ef afnotaréttindum lendir saman við afsal, kemur helzt til greina, að afnotatíminn sé styttur um helming. Ef afnotaréttindum lendir saman við önnur afnotaréttindi, er helzt ráð að leyfa öðrum að leysa hinn út gegn fégjaldi, sem ákveðið sé eftir öllum atvikum máls, og yrði þá að kanna það, hvor aðilanna mundi hafa meiri hagsmuni af því að réttindin héldust, og þeim aðila væri þá veittur réttur til að leysa hinn út.

Um 17. gr

Þarfnast ekki athugasemda.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði fjallar um áreiðanleik þinglýsingarbóka á jákvæða vísu, þ. e. að hverju marki menn megi almennt treysta því, að þinglýst skjöl séu réttilega færð í þinglýsingarbók. Samkvæmt greininni geta menn ekki fulltreyst þessu. Aðalreglan er sú, að það er skjalið sem slíkt, en ekki greining þinglýsingardómara, sem hér sker úr. Ef veðbréf, sem A á, hefur t. d. verið afhent til þinglýsingar, en dómara

hefur láðst að færa það í þinglýsingarbók, eða hefur fært það ranglega, t. d. svo, að lægri fjárhæð sé greind en rétt er samkvæmt efni bréfs, þá er það meginregla, að maður sá, B, sem skiptir við þinglýstan eiganda og treystir þinglýsingarbók, verður allt að einu að sæta þeirri mótbáru, að veðréttindi samkv. greindu veðskjali A hvíli á eign. A nýtur hins vegar réttar síns óskerts. Veðbréf hans nam t. d. 30000 kr., og var I. veðréttarbréf, en dómara hefur láðst að geta þess. Síðar er þinglýst I. veðréttarbréfi B, að fjárhæð kr. 30000. Eign er seld á uppboði, og nemur andvirði hennar 35000 kr. Þá á A rétt á 30000 kr., en B fær aðeins 5000 kr. upp í sinn rétt, en hann á þá bótarétt á hendur ríkissjóði, að fjárhæð kr. 25000, ef skilyrðum 49. gr. er fullnægt.

Stundum getur verið mjög ósanngjarnt að láta yngri rétthafann, B, þoka fyrir hinum eldra, A. Vera má, að B sé það miklu meira hagsmunamál að njóta réttar síns heldur en A. Auk þess er á það að líta, að ýmsir fleiri kunna að hafa skipt við eigandann eftir að mistök dómarans áttu sér stað en B einn. Ef það væri óskoruð regla, að A gengi hér fyrir, gæti það haft miklar raskanir í för með sér fyrir síðari rétthafa. Af þessum sökum þykir rétt að lögmæla hér í 18. gr. frv. heimild til handa dómstólum til að kveða svo á í dómsmáli, að réttur samkv. skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, skuli víkja fyrir rétti samkv. hinu, er síðar barst, og er gert ráð fyrir, að í þessu efni skuli ríkja almennt hagsmunamat. Hugsum oss, að skjali, er veitir umferðarrétt um eignina A, sé þinglýst t. d. á eignina B. Síðan er eignin A seld, og er hinum nýja eiganda ókunnugt um umferðarréttinn, enda styðjist grandleysi hans við vottorð dómara um efni hennar. Hinum nýja eiganda (kaupanda) er hér tveggja kosta völ. Hann getur höfðað mál gegn þeim aðila, sem á umferðarréttinn, og krafizt þess samkv. 18. gr., að hinn síðarnefndi skuli þoka. Ef málalok yrðu þau, að sá aðili skyldi þoka, gæti hann aftur krafizt bóta af ríkissjóði samkv. 49. gr. Hin leiðin fyrir hinn nýja eiganda er sú að höfða bótamál gegn ríkissjóði samkv. 49. gr., en væntanlega geta fyrirsvarsmenn ríkissjóðs fengið það prófað fyrir dómstólum, hvort réttur umferðarrétthafans eigi ekki að víkja samkv. 18. gr., og ef svo verður, þá getur sá rétthafi aftur haft uppi bótakröfu á hendur ríkissjóði samkv. 49. gr. Ekki er ástæða til að ræða það hér, hvernig málasamlagi geti verið háttað í sambandi við slíkar kröfur.

Sá, sem krefst bóta samkv. þessum ákvæðum eða krefst þess, að réttur annars aðila skuli þoka, verður að sjálfsögðu að vera grandlaus um hinn eldra rétt.

Um 19. gr.

Samkv. núgildandi rétti getur sá aðili, sem fær réttindi með samningi við eiganda, útrýmt rétti eldra rétthafa, sem ekki hefur verið þinglýst, en er þó háður þinglýsingu, ef hann vissi hvorki né mátti vita um réttindi þessi á þeim tíma, er hann öðlaðist rétt sinn, enda þinglýsi hann þá rétti sínum, ef hann er háður þinglýsingu. Þótt yngri rétthafinn hafi ekki verið grandlaus, er hann fékk rétti sínum þinglýst, kemur það honum ekki í koll. Á hinn bóginn skiptir gandleysi ekki máli, þegar skuldheimtumenn ganga að eign þeirri, sem réttindi hafa verið stofnuð yfir, þ. e. skuldheimtumenn þurfa ekki að virða óþinglýst réttindi, jafnvel þótt þeim sé um þau kunnugt eða megi vera það, enda sé um réttindi að tefla, sem háð eru þinglýsingu almennt.

19. gr. frv. byggir á þeim reglum, sem nú eru taldar gilda. Grandleysi er skýrgreint hér með venjulegum hætti, þ. e. hér er almenn aðgæzluskylda lögð á aðila, en þess má geta, að í dönsku þinglýsingarlögunum er það eingöngu „stórfellt gáleysi“, sem getur komið hinum yngri rétthafa í koll og varnað því, að hann útrými óþinglýstum rétti eldri rétthafa. Ekki þykja næg rök standa til þess að breyta gildandi reglum um þetta atriði, enda er ekki kunnugt, að þær hafi sætt gagnrýni.

Í 19. gr. er það fólgið, að við mat á grandleysi á að leggja til grundvallar það tímamark, er aðili öðlast réttindi með samningi. Er sú regla í samræmi við reglur norskra laga. Í dönsku þinglýsingarlögunum og í þýzkum rétti er miðað við þann

tíma, er skjal er afhent til þinglýsingar (eða dagbókarfært), en á þessum tvenns konar reglum er talsvert mikill munur. Ýmis fræðileg rök má færa að hinum dönsk-þýzku reglum. Að svo stöddu þykir þó varhugavert að víkja frá rótgrónum réttarreglum hérlendis um þessi efni, enda er ekki sýnilegt, að þær hafi sætt gagnrýni hér á landi.

Ágreiningur út af óþinglýstum réttindum varðar oft umferðarréttindi og lóðarréttindi. Verður þá oft álitamál, hversu rík rannsóknarskylda verði lögð á kaupanda eignar. Hafa íslenzkir dómstólar gengið alllangt í því að krefjast þess af kaupanda, að hann kynni sér lóðarréttindi, sbr. einkum hrd. XX/407 og XXVII/27, og sérstaklega þó, að hann kynnti sér nánar tilvist réttinda, ef einhver ummerki á eign gætu gefið þau til kynna.

Um IV. kafla

Í þessum kafla er fjallað um þinglýsingu, er varðar fasteignir. Ákvæðum kaflans er skipað í fimm þætti, sem hér segir:

1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst (efni, form og heimild),
2. Leiðrétting á röngum færslum og bráðabirgðavernd réttinda,
3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu,
4. Réttaráhrif þinglýsingar (gildisáhrif þinglýsingar, heimildaráhrif þinglýsingar) og
5. Brottfall þinglýsingar (tímabundið gildi þinglýsingar, aflýsingar).

Hugtakið fasteign er ekki skýrgreint í frv. þessu, enda má telja, að það hafi fengið á sig festu í lögfræði og lagaframkvæmd, sjá t. d. hrd. V/1007 og VIII/243. Athuga ber í þessu efni ákvæði 3. málsgr. 52. gr. frv.

Um 20. gr.

Yfirleitt mun það ekki orka tvímælis, í hvaða þinglýsingarumdæmi eign sé. Hugsanlegt er, að skjal stofni til réttinda yfir fleiri en einni eign, sem liggja í mismunandi umdæmum. Er þá ljóst, að skjali verður að þinglýsa í öllum umdæmunum til þess að öðlast fulla lögvernd. Þinglýsing í tilteknu umdæmi hefur ekki gildi um eignir þær, sem eru í öðrum umdæmum. Rétt er þó að geta þess, að í l. 38/1940, um hitaveitu Reykjavíkur, 7. gr., segir, að þinglýsing á réttindum, er varða eignir hitaveitu, öðlist fullt gildi við þinglýsingu í Reykjavík, hvar sem eignir eru. Er ekki gert ráð fyrir, að ákvæði þetta verði fellt úr gildi með frv. þessu.

Ef skjal leggur aðeins kvaðir á eiganda fasteignar persónulega, þá er ekki unnt að þinglýsa þeirri kvöð eftir reglum IV. kafla. Ef kvöð varðar hins vegar bæði núverandi og væntanlega eigendur fasteignar, þá lýtur skjal ákvæðum þessa kafla.

Um 21. gr.

Samkv. þessu ákvæði verður afsali ekki þinglýst sem eignarheimild, nema það sé óskilyrt. Þó er afsal gild eignarheimild, ef það er bundið því skilyrði einu, að kaupverð verði greitt innan tiltekins frests. Ef fleiri skilyrði eru í afsali, svo sem um væntanlegt samþykki yfirvalda um eigendaskipti eða samþykki þriðja manns, svo sem forkaupsréttarhafa, eða skilyrði lúta t. d. að því, að afsalandi njóti aðhlynningar hjá afsalshafa, þá er afsalið ekki fullgild eignarheimild. Er mjög mikilvægt að skapa hreinar línur í þessum efnum. Að sjálfsögðu er ákvæði 21. gr. ekki því til fyrirstöðu, að afsal, sem svo er farið, sem hér er gert ráð fyrir, sé þinglýsingartækt, t. d. svo að því verði þinglýst sem kvöð á eign.

Um 22. gr.

Samkv. 33. gr. frv. eru sérstök gildisáhrif tengd við þinglýst skjöl, þannig að sá, sem semur við rétthafa samkv. þinglýstu bréfi, þarf ekki að hlíta þeirri viðbáru, að bréf þess manns, sem hann semur við, sé ógilt. Er því mikilvægt, að tryggja það svo sem föng eru á, að þau skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, séu gild. Í 22. gr. er fólgið það nýmæli (sbr. þó 7. gr. veðlaga), að afsal eða veðbréf, sem óskast þinglýst, skal vera staðfest af tilteknum aðilum, annaðhvort af opinberum starfs-

manni, notario publico, eða mönnum, sem fengið hafa sérstaka löggildingu til starfa, þ. e. lögmönnum og fulltrúum þeirra (og er hér átt við löglærða fulltrúa eina saman) eða löggiltum fasteignasölum. Þá er einnig nægilegt, að undirskrift sé staðfest af tveimur vitundarvottum. Enn er það nýmæli, að í staðfestingu skal taka skýlaust fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannazt við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, sem undirskriftina staðfestir, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Enn skulu vitundarvottar geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Staðfesting sú, sem hér er vikið að, er einskorðuð við afsöl og veðbréf, en samkv. 2. málsgr. þarf að staðfesta ritun undir samþykki (t. d. um veðleyfi) með sama hætti.

Virða verður það efnislega, hvort afsali sé til að dreifa, og sker nafn það, er aðilar velja gerningi sínum, ekki ávallt úr, sameignarsamningur eða yfirlýsing um eignarréttindi getur t. d. efnislega verið afsal, þ. e. falið í sér yfirlýsingu um yfirfærslu eignarréttar. Ef tveir aðilar eru frá öndverðu að t. d. lóðarréttindum og þeir láta síðar þinglýsa yfirlýsingu um eignarhlutföll, þá er slík yfirlýsing ekki afsal í merkingu þessa ákvæðis.

Framsal á veðbréfi þarf á hinn bóginn ekki að staðfesta með þessum hætti og ekki veðbandsleysingu eða skylda gerninga, og hinu sama gegnir um skjal, sem varðar kvöð eða ískyldur. Ekkert er því þó til fyrirstöðu, að dómari gangi eftir staðfestingu á undirskrift, ef honum virðist skjal að einhverju leyti tortryggilegt.

Að því er tekur til þeirra aðila, sem hæfir eru til að staðfesta undirskrift, þá er það ljóst, að íslenzkir sendifulltrúar og konsúlar erlendis fara stundum með nótaríalvald, og er staðfesting þeirra þá gild í þessu sambandi, sbr. l. 31/1941, 7. gr. Ekki eru orðaðar sérstakar reglur um vanhæfi þessara manna vegna hugsanlegra tengsla þeirra við málefnið eða aðila gernings. Ljóst er, að aðili getur ekki sjálfur verið vitundarvottur, þótt hann sé t. d. lögmaður. Um staðfestingarhæfi notarii publici mundi fara eftir venjulegum reglum um hæfi slíkra manna. Það tíðkast nú allmjög, að nánir venzlamenn staðfesti undirskrift. Mun ekki vera unnt að vísa skjali frá þinglýsingu samkv. þessu ákvæði, þótt slíkt komi fyrir, en hitt er það, að næsta óhyggilegt er að haga staðfestingu með þeim hætti vegna reglnanna um sönnunargildi skýrslu, sem slíkur aðili kann að láta uppi. Svipað er um kröfuhafa samkv. þinglýsingarskjali. Ekki er áskilinn neinn lágmarksaldur af vitni í þessu sambandi, en telja verður, að vitni þurfi að hafa náð 15 ára aldri til þess að geta vottað um undirskrift svo að gilt sé.

Afsal eða veðbréf, sem gefið er út af stjórnarvöldum eða öðrum opinberum aðilum, þarf ekki að staðfesta. Samkv. þessu er ekki þörf á staðfestingu, ef skjal stafar frá opinberum starfsmanni og varðar sýslu hans, og á þetta jafnt við um ríkisstarfsmenn sem starfsmenn sveitarfélaga, svo og um skjöl, sem stafa frá bönkum og sparisjóðum, og einstökum opinberum stofnunum, svo sem fyrirtækjum ríkis eða sveitarfélaga, opinberum sjóðum ýmiss konar o. fl.

Ef undirritun er ekki staðfest að hætti 22. gr., þegar slíks er þörf, ber dómara að vísa skjali frá þinglýsingu, sbr. 6. gr.

Um 23. gr.

Rétt er að minna hér á ákvæði 21. gr. um skilyrði í afsali, og hverju það varði, en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 24. gr.

Ákvæði 24.—26. gr. fjalla um eignarheimildir í sambandi við þinglýsingar, og eru þau meðal mikilvægustu ákvæða frv. þessa.

Samkv. núgildandi lögum og lagaframkvæmd getur aðili fengið skjali þinglýst, þótt útgefanda skjals bresti þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er skjal mælir fyrir um. Heimildarskortur veldur því einu, að dómari ritar athugasemd á skjal um heimildabrest. Sakir þessa er hætt við því, að ekki skapist hreinar línur

um eignarheimildir að fasteignum, og því er ekki að leyna, að við þessa hætti myndast aðstaða til misferlis í sambandi við skjöl um eignir. Er þegar af þessu ástæða til að breyta núgildandi lagareglum. Við það verður öryggi mun meira í viðskiptum út af eignum manna, og dregið er til nokkurra muna úr hættu á því, að fölsuðum gerningum sé þinglýst eða gerningum, sem ógildir séu vegna annarra atvika. Er lagt til í þessu ákvæði, að krafizt sé þinglýstrar heimildar hjá útgefanda skjals, svo sem um afsöl, kaupsamninga, afnotasamninga, kvaðir, veðbréf o. s. frv., sbr. þó 52. gr. frv. Í dönsku þinglýsingarlögunum er einnig svo fyrir mælt, að aðfarargerð eða kyrrsetningargerð í eign verði ekki þinglýst, ef gerðarþola skortir þinglýsta heimild að eign. Samkvæmt norsku þinglýsingarlögunum er það hins vegar ekki þinglýsingu til fyrirstöðu þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild, en uppboðsafsali (útlagningu) og skiptaafsali verður yfirleitt ekki þinglýst, nema þinglýst eignarheimild fyrra eiganda sé í lagi. Einsætt þykir, að heimila þinglýsingu á aðfarargerðum, þótt eignarheimild gerðarþola sé ekki í lagi, enda gæti önnur regla oft og einatt verið óskilvísum mönnum til framdráttar og leitt til óeðlilegs tjóns fyrir skuldheimtumenn. Þegar nauðungaruppboðs er krafizt á grundvelli aðfarargerðar, sem fram hefur farið í eign manna, sýnist einnig eðlilegt, að uppboðsafsali verði þinglýst, þótt eignarheimild sé ekki í lagi, með því að uppboðið á að auglýsa með eigi ótryggilegri hætti en títt er t. d. um stefnur í eignardómsmálum, og vinnst því rétthöfum að eign tækifæri til að koma andmælum á framfæri við uppboðsráðanda, ef því er að skipta. Ef veðbréf er grundvöllur uppboðs, má segja, að óeðlilegt sé, að þess sé krafizt skilmálalaust, að eignarheimild sé í lagi við þinglýsingu veðbréfs, en hins vegar sé unnt að þinglýsa uppboðsafsalinu, þótt eignarheimild sé ekki í lagi. Á það er þó að líta, að þessa agnúa gætir a. m. k. fyrst og fremst um veðbréf, sem þinglýst er fyrir gildistöku hinna nýju reglna í frv. þessu, og er ekki sanngjarnt að láta reglur í yngri þinglýsingarlögum koma eldri veðhöfum í koll. Í þessu efni er því lagt til, að ekki sé farið jafnstrangt í sakir um þinglýsta eignarheimild sem á hinum Norðurlöndunum.

Í 3. málsgr. er það áskilið, að eignarheimild þurfi að vera í lagi, svo að unnt sé að þinglýsa skiptaafsali, nema það stafi frá nauðungaruppboði.

Samkv. 21. gr. frv. verður afsal ekki metið gild eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests. Afsal getur lotið að öðrum skilyrðum, og verður það þá ekki gild eignarheimild. Ljóst er einnig, að skoða verður eignarheimild þess, er gefur út skjal, allrækilega til þess að kanna, hversu víðtæka heimild útgefandi hefur. Hver einstakur rétthafi er að sjálfsögðu bundinn við þá heimild, sem hann nýtur, og getur ekki ráðstafað eign í ríkari mæli en heimild hans lýtur að. Ef skjal felur í sér frekari ráðstöfun, þá ber yfirleitt að vísa skjali frá þinglýsingu samkv. reglum frv. þessa. Auk þess er ljóst, að veðbréfi ber að vísa frá þinglýsingu, ef eigandi hefur skuldbundið sig með þinglýstu skjali til að veðsetja ekki eignina. Ef veðbréf, sem óskast þinglýst, mælir veðhafa t. d. I. veðrétt, en eign er þegar veðsett fyrir með I. veðrétti, þá veldur þetta þó ekki frávísun skjals, heldur aðeins því, að athugasemd er skráð á skjal um fyrra veðrétt.

Þinglýsingardómari verður einnig í sambandi við heimildina að kanna það, hvort sá aðili, er undirritar skjal, hefur heimild til að binda aðilann. Ef það er t. d. lögpersóna, félag eða stofnun, sem hefur eignarheimild að eign, þá verður dómari að ganga úr skugga um, hvort sá maður, sem undirritar skjal, hafi heimild til þess. Ef skjal stafar frá ríki, þá mun vart verða lögð skylda á dómara til að kanna það, hvaða ráðuneyti málefni á undir og hvort skjal sé gefið út á vegum þess. Dómari þarf heldur ekki að ganga úr skugga um, hvort ráðuneyti hefur aflað sér löglegrar heimildar til útgáfu skjals, svo sem t. d. hvort lagaheimild sé til að dreifa um sölu tiltekinnar þjóðjarðar, sem seld er.

Ef hreppsnefnd selur fasteign hreppsfélags, mun þinglýsingardómara vera skylt að kanna það, hvort samþykki sýslunefndar sé fengið, sbr. 28. gr. l. 12/1927,

en vísa ætti hann skjali frá þinglýsingu, ef hann hefur grun um þenna brest, unz skilríki lægju fyrir um samþykkið. Ef venjulegur prókúruhafi ritar undir afsal um fasteign fyrirtækis þess, sem hann vinnur í, sýnist þinglýsingardómari eiga að kanna það mál nánar, áður en hann veitir atbeina sinn til þinglýsingarinnar, þar sem almennar lagareglur veita prókúruhafa ekki heimild til útgáfu slíks afsals, sbr. 25. gr. firmalaganna.

Ef hlutafélag tjáist vera útgefandi skjals, verður þinglýsingardómari að kanna, hvort þeir, er undirrita skjal, séu í stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagaskrá (firmaskrá). Hins vegar er dómara ekki skylt að ganga úr skugga um, hvort stjórnarmenn hafi efnislega heimild til ráðstöfunarinnar. Þinglýsingin eyðir að sjálfsögðu ekki efnislegum agnúa, sem kann að vera á t. d. afsali, og gæti félagið eftir atvikum fengið afsalinu hrundið vegna þess að stjórn hafi skort efnisheimild til löggerningsins.

Ef félag með ótakmarkaðri ábyrgð á t. d. fasteign, þá mun vera venja, að félagið sé talið eigandi í þinglýsingarbók. Munu þá allir félagar þurfa að standa að afsali, nema gilt umboð liggi fyrir til tiltekins manns, er undirritað hefur skjal, til útgáfu þess. Ef félag er skrásett í firmaskrá, kann hún þó að segja til um, hver geti skuldbundið félagið að þessu leyti. Þótt félagsmaður, A, setji annan mann í sinn stað í félaginu, þá er slíkur gerningur ekki háður þinglýsingu, enda þótt hinn nýi félagsmaður öðlist hlutdeild í félagseigninni með gerningi þessum. Ef félag, sem starfar að öðru en að afla félagsmönnum sínum fjárgróða, svo sem íþróttafélag, menningarfélag, bókmenntafélag eða fræðifélag á t. d. fasteign, þá er sýnilegt, að stjórn félags er þess yfirleitt ekki umkomin að selja fasteignina á eindæmi sitt, heldur þarf til að koma samþykki almenns félagsfundar, venjulega aðalfundar, eða annarra þeirra aðilja, sem félagssamþykktir segja fyrir um. Ætti dómari að aðgæta þetta, er hann veitir skjali viðtöku. Sjálfsagt mun dómari eiga að kanna það, ef skjal stafar frá ólögráða manni, og er undirritað af lögráðamanni, hvort lögráðamaður sé bær að gefa út skjal á eindæmi sitt eða hitt sé heldur, að samþykki yfirlögráðanda eða jafnvel dómsmálaráðuneytisins þurfi til að koma.

Um ákvæði 2. og 3. málsgreinar er áður rætt.

Í 4. málsgrein er rætt um dóma, sem fjalla um réttindi yfir fasteignum. Verið getur, að dómsmál varði það gagngert, hver sé eigandi fasteignarinnar. Ljóst er þá, að málinu verður að beina gegn þeim, sem er þinglýstur eigandi að eign (auk annars manns eftir atvikum), og er ekki unnt að fá dómi þinglýst, nema þessa sé gætt. Samkv. 28. gr. frv. er heimilt að þinglýsa stefnu í slíku máli eða útdrætti úr henni, og er það til öryggis fyrir stefnanda máls. Eignarréttur sá, sem stefnandi telur sér, getur vitaskuld verið reistur á mismunandi atvikum, svo sem því, að honum hafi verið seld eignin og hafi hann fullnægt öllum skilmálum eða hann hafi hefðað eignina. Enn fremur getur verið um hreinan eignardóm að tefla, sbr. 220. gr. l. nr. 85/1936. Þá gætu landamerkja- eða lóðamerkjadómar einnig komið hér til greina, svo og dómar, er varða óbein eignarréttindi yfir fasteign, svo sem umferðarrétt, veðrétt, ítaksrétt margs konar o. s. frv.

Á það skal bent, að 24. gr. hefur ekki sérstakt ákvæði um eignarnámsgerð. Hún hvílir ekki á löggerningi, og á 1. málsgr. 24. gr. því ekki við um hana. Eignarnámsgerð þarf að beina gegn þeim, sem heimild hefur til eignar samkv. þinglýsingarbók eða samþykkt hefur, að hún beinist gegn sér. Við þinglýsingu á eignarnámsgerð mun dómari eiga að ganga eftir skilríkjum fyrir því, að bætur séu greiddar eða samið hafi verið um greiðslu þeirra.

Hafa ber í huga ákvæði 25. gr., er 24. gr. frv. er beitt.

Um 25. gr.

1. málsgr. Ef þinglýstur eigandi er í hjúskap, þá getur skipt máli, hvort l. 3/1900 eða l. 20/1923 taki til hjúskaparins. Hér verða yngri lögin einkum höfð í huga. Er þá ljóst, að sá makinn, sem greindur er í þinglýsingarbók sem eigandi,

er réttur heimildarmaður, nema bæði hjón séu þar taldir eigendur. Ef talið er, að eignarréttur hafi horfið frá öðrum maka til hins, verður að færa sérstakar sönnur á, að svo hafi orðið með löggildum hætti, og einnig verður að skrá kaupmála eða þinglýsa afsali, nema hvorutveggja sé. Dómara ber ekki að kanna, hvort samþykki maka til afhendingar á eign, sbr. 20. gr. l. 20/1923, liggi fyrir, og þótt honum sé um það kunnugt, að samþykki skorti, þá getur hann ekki látið það standa fyrir þinglýsingu skjals.

2. málsgr. Hér er kveðið á um það, hvaða gögn séu fullnægjandi til þinglýsingar um yfirfærslu eignarréttar, er erfingjar skipta búi einkaskiptum eða maki situr í óskiptu búi. Í þessum tilvikum er ekki hvikað frá kröfunni í 3. málsgr. 24. gr. um, að hinn látni hafi verið þinglýstur eigandi.

3. málsgr. Það er efni hennar að leggja uppboðsráðanda eða skiptaráðanda á herðar að hlutast til um, að uppboðs eða skipta sé getið í þinglýsingarbók, og enn fremur er mælt fyrir um gjöld af þessu tilefni.

Um 26. gr.

Í þessari grein er m. a. kveðið á um tengslin milli eignarréttar að landi og eignarréttar að byggingum, er á landi standa, sbr. 1. og 3. málsgr. Í 2. málsgr. er nánast kveðið á um framkvæmdaratriði.

1. málsgr. er raunverulega aðeins staðfesting á reglum, sem ætla verður, að nú gildi. Það ber alloft við, að bygging sé reist á landi, án þess að húsbyggjandi hafi tryggt sér nokkurn rétt yfir landinu. Samkv. 1. málsgr. er það þá landeigandi (eða erfðafestuhafi, ef því er að skipta, sbr. 3. málsgr.), sem talinn er hafa þinglýsta heimild til eignar. Er miklum örðugleikum bundið fyrir húsbyggjanda eða þá, sem leiða rétt sinn frá honum, að koma við þinglýsingu á réttindum yfir eigninni, en ákvæði 52. gr. 3. málsgr. frv. geta þó komið hér að haldi.

Í 38. gr. dönsku þinglýsingarlaganna er gert ráð fyrir, að réttindi yfir efnivöru, sem skeyta á við fasteign, sé ekki unnt að stofna og hafi þau ekki gildi, þótt þeim sé þinglýst. Ekki þykir ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði, enda hefur ákvæði dönsku laganna sætt nokkurri gagnrýni upp á síðkastið. Ekki ætti að vera útilokað eftir frv. þessu að þinglýsa slíkum réttindum og afla þeim lögverndar með því.

Ýmis flókin tilvik getur borið að höndum út af réttindum í landi og yfir byggingum eða öðrum mannvirkjum bæði samkv. 1. og 3. málsgr., en ekki er unnt að víkja að þeim hér, og vísast til lögfræðirita um slík efni.

Um 27. gr.

1. málsgr. á við það, að skjal hafi verið fært ranglega í þinglýsingarbók, t. d. á þlað rangrar eignar í bók eða útdráttur úr skjali er efnislega rangur eða ófullnægjandi. Hins vegar á ákvæðið ekki við um ágalla, sem kunna að vera á skjali því, sem þinglýst er. Ef dómari kemst að raun um, að skjal, sem vísa skyldi frá þinglýsingu, hefur verið þinglýst, þá er ekki gerlegt að vísa skjalinu frá þinglýsingu á þessu stigi, heldur er dómara þá unnt að gera athugasemd um þetta efni í þinglýsingarbók. Vera má, t. d., að útgefanda afsals hafi skort þinglýsta heimild til eignar, en skjal hefur allt að einu verið tekið til þinglýsingar. Ber dómara þá að gera athugasemd um þetta í þinglýsingarbók, þegar er mistök þessi verða honum kunn. Sama er, ef dómari kemst að því, að skjal hefur verið gefið út af ólögráða manni án atbeina lögráðenda. Ef dómari uppgötvar, að skjal, sem þinglýst hefur verið, er falsað, getur hann ekki strikað yfir það fyrir þá sök, heldur ber honum að gera athugasemd um það, svo sem fyrr greinir. Nú er slík athugasemd gerð við eignarheimild, og nýtur þá aðili sá, sem skjal lýtur að, ekki fullnægjandi eignarheimildar upp frá því. Skjöl frá honum eru ekki tæk til þinglýsingar. Dómara ber hins vegar að skýra honum frá þessu, svo að hann geti gert ráðstafanir til að bæta úr annmörkum, ef því er að skipta. Samkv. 1. málsgr. greinarinnar ber dómara

og að skýra aðilum, sem kunna að hafa hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistaka, frá málavöxtum. Vera má, að grandlaus aðili hafi fengið réttindi í trausti þess, að þinglýsingarbók greindi rétt frá skjali, og koma þá til greina ákvæði 18., 33. og 49. gr. frv.

Vera má, að dómari treysti sér ekki til að leiðrétta færslu í fasteignabók, er aðili staðhæfir, að sé röng og horfi sér til réttarspjalla. Til er t. d., að aðili staðhæfi, að skjal sé ógilt, sakir þess að beitt hafi verið fölsun eða ofbeldi við útgáfu þess o. s. frv., eða útgefanda skjals hafi brostið heimild til útgáfu þess, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Nú er hugsanlegt, að dómari telji aðila ekki hafa fært fullnægjandi sönnur á staðhæfingu sína, og fellst hann þá ekki á að leiðrétta færslu samkv. 1. málsgr. Verður aðili þá að búa mál á hendur dómara. Ef tiltekinn þriðji maður ber brigður á kröfur aðila, t. d. um það, að kvöð hafi verið máð ranglega, þá kann að vera nauðsynlegt að fá dómsúrlausn um ágreining þessara manna, og verður þá kröfu ekki sinnt, fyrr en slíkur dómur liggur fyrir.

Þegar svo stendur á, sem hér segir, getur það verið brýnt hagsmunamál fyrir mann, að getið sé kröfu hans um leiðréttingu í þinglýsingarbók. Er dómara heimilt að fallast á tilmæli manns um þetta, í fyrsta lagi, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni að mati dómara eða í öðru lagi setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Úrlausn dómara um þessa kröfu sætir kæru samkv. 3. gr. frv. Er gert ráð fyrir, að dómari setji manni frest í þessu skyni, og ber þá að má athugasemd, ef aðila tekst ekki að færa sönnur á mál sitt innan hins mælta frests. Ef aðila auðnast að sanna staðhæfingu sína innan frestsins, ber dómara að framkvæma leiðréttingu þegar í stað.

Um 28. gr.

Ef stofnað er til dómsmáls út af réttindum yfir eign, annaðhvort hinum beina eignarrétti eða óbeinum eignarréttindum, er það ljóst, að stefnanda getur varðað miklu að fá þinglýst útdrætti úr stefnu, og eiga hér við sömu rök og í sambandi við 2. málsgr. 27. gr. Þegar svo hagar til, getur dómari samkv. 1. málsgr. 28. gr. ákveðið að þinglýsa megi stefnu eða útdrætti úr henni. Dómara mundi ekki rétt að ákveða þetta, nema aðstæður væru svipaðar því, sem 2. málsgr. 27. gr. gerir ráð fyrir. Dómari ræður því, hverju úr stefnu skuli þinglýst eða hvort þinglýsa skuli stefnu í heild sinni. Synjun dómara má kæra til Hæstaréttar, en ekki ákvörðun hans um að þinglýsa skuli stefnu eða útdrætti úr henni.

2. málsgr. gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 29. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við gildandi rétt.

Um ákvörðun á hugtakinu grandleysi er rætt í 19. gr. frv., og er efni 29. gr. frv. rætt í athugasemdum við þá grein.

Í 29. gr. er það áskilið, að réttindum yfir fasteign skuli þinglýsa, svo að þau haldi gildi gegn grandlausum viðsemjendum þess aðila, sem þinglýsta heimild hefur að eign, svo og gegn skuldheimtumönnum hans. Er það meginregla, að öll réttindi yfir fasteignum, hversu sem til þeirra er stofnað, séu háð þinglýsingu. Gildir þetta jafnt um samningsbundin réttindi sem um réttindi, er stafa frá skuldarsókn skuldheimtumanna. Mismunur er hins vegar sá milli þessara tveggja flokka rétthafa, að samningsaðilinn verður að vera grandlaus um hinn óþinglýsta rétt, er hann öðlaðist rétt sinn, en það skilyrði er ekki sett um skuldheimtumennina.

Í 2. málsgr. 29. gr. er það áréttað, að forsenda fyrir því, að grandlaus rétthafi samkvæmt samningi útrými eldra, óþinglýstum rétti, sé sú, að hann (yngri rétthafi) þinglýsi sjálfur sínum rétti, ef hann er háður þinglýsingu.

Í 30.—32. gr. frv. eru síðan ákvæði, er fela í sér frávik frá meginreglu 1. málsgr. 29. gr. Eru þar nokkur réttindi undanþegin þinglýsingu, þ. e. framsal veðbréfs eða annars konar yfirfærsla á rétti til þess, sbr. 30. gr., afnotaréttindi, sem ekki eru ýkja langvinn, sbr. 31. gr. og lögveðsréttindi, sbr. 32. gr.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru tvenns konar tilvik þegin undan þinglýsingu, annars vegar aðilaskipti að veðbréfi (eignaryfirfærsla) og hins vegar veðsetning á veðbréfi að nokkru leyti.

Aðilaskiptin, sem að er vikið í fyrra málslið greinarinnar, geta ýmist stuðzt við löggerning eða önnur réttaratvik, svo sem aðför. Sjálf veðréttindin, sem hér eru höfð í huga, geta og átt rót sína að rekja til samnings eða annarra atvika, svo sem aðfarar.

Um veðsetningu er sett sú regla í síðara málslið greinarinnar, að þinglýsingar sé ekki þörf, ef bréf sé sett að handveði, en endranær er stofnun veðréttar háð þinglýsingu, og skiptir þá ekki máli, með hvaða hætti stofnað er til veðréttarins, svo sem með samningi (sjálfsvörzluveð) eða fyrir aðför.

Um 31. gr.

Reglurnar um þinglýsingu á afnotasamningum eru naumast fullskýrar eftir gildandi rétti, og eru þær ólögfestar. Talið hefur verið, að réttarvernd slíkra samninga sé óháð þinglýsingu, ef um venjulega samninga er að tefla, þ. e. ef samningur geymir ekki nein sérstæð eða óvenjuleg samningskjör og er ekki gerður til langs tíma eða unnt er að slíta honum með uppsögn miðað við venjulega fardaga (sbr. hins vegar afnotasamninga með sérstæðu efni, hrd. XXVI/39). Þar sem afnotasamningar eru mjög tíðkanlegir og mikilvægir í viðskiptum manna á milli, þykir rétt að leggja til, að lögfestar verði reglur um þinglýsingu þeirra. Við mat á efni slíks ákvæðis er á það að líta, að reglur gildandi laga eru næsta óákveðnar og teygjanlegar. Er þarflegt að setja skýrari reglur um þetta efni, og er þar full ástæða til að gera greinarmun á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, svo sem lagt er til, að gert verði, sbr. 1. tölulið greinarinnar, sem fjallar um íbúðarhúsnæði, og 2. tölulið, sem varðar atvinnuhúsnæði.

Samkvæmt 1. tölulið er afnotasamningur um íbúðarhúsnæði ekki háður þinglýsingu, ef afnotatíminn er 12 mánuðir hið lengsta. Þótt afnotatíminn sé lengri, þá ber það að sama brunni, ef unnt er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi er lengri en 3 mánuðir, miðað við venjulega fardaga. Þar sem rætt er um íbúðarhúsnæði í 1. tölulið, er átt við íbúðir, en ekki einstök herbergi. Samningar um þau eru yfirleitt ekki háðir þinglýsingu, að því er til réttarverndar tekur.

Samkv. 2. tölulið er afnotasamningur um atvinnuhúsnæði eigi háður þinglýsingu, ef afnotatími fer ekki fram úr 2 árum eða unnt er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 6 mánuðir, þótt afnotatími sé lengri en 2 ár. Hér er það ekki áskilið, eins og í 1. tölulið, að uppsagnarfrestur sé einskorðaður við tiltekna fardaga. Um mat á því, hvort húsnæði sé atvinnuhúsnæði má vísa til hrd. XXV/367.

Ábúðarsamningar eru undanþegnir þinglýsingu samkv. 2. málsgr. án tillits til lengdar afnotatíma.

Í 3. málsgr. er rætt um fyrirfram greidda leigu og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi. Er lagt til, að fyrirfram greiðsla á leigu sé háð þinglýsingu, ef greiðslan miðast við meira en eitt ár fram í tímann. Ef getið er um fyrirfram greiðslu á leigu í þinglýstum leigusamningi, t. d. svo að leigusala sé áskilið að ganga eftir slíkri leigu, mun ekki þörf á þinglýsingu, því að þá vinnst viðsemjanda færi á að kynna sér, hversu framkvæmd samnings hefur orðið. Ef leigufjárhæð er greind í þinglýstum afnotasamningi, og síðan semst milli aðilja um lækkun hennar, þá er sá samningur háður þinglýsingu. Hins vegar er ekki getið um breytingar á öðrum greiðsluskilmálum um leigu, svo sem um gjalddaga á leigu.

Ákvæði 31. gr. taka ekki eingöngu til stofnunar afnotaréttinda, heldur varða þau einnig framsal á slíkum réttindum, svo sem framleigu húsnæðis. Væntanlega myndi þetta einnig gilda um veðsetningu á afnotaréttindum, eftir því sem við getur átt, þótt ekki sé vikið sérstaklega að þeim atriðum.

Um 32. gr.

Eftir gildandi réttarreglum, sem að sönnu eru ólögfestar, verður að telja, að réttindi, sem hefðuð eru, séu óháð þinglýsingu, að því er lögvernd varðar, og sama er um lögveðréttindi og réttindi samkvæmt eignarnámsgerð. Brýn ástæða er til að taka þessar réttarreglur til endurmats í frv. þessu.

1. *Lögveðréttindi.* Samkvæmt dönsku þinglýsingarlögunum eru lögveðréttindi háð þinglýsingu, en þau eru það hins vegar ekki samkvæmt norsku lögunum. Lögveðréttur fylgir ýmsum kröfum, einkum kröfum hins opinbera út af sköttum og gjöldum. Lögveðréttur getur raunar sprottið út af skiptum einstaklinga, einkum út af því, er eign tiltekins manns er að ólögum skeytt við eign annars, sbr. í því sambandi hrd. XX, bls. 410—411. Ljóst er, að talsvert brotamikið er að láta þinglýsa lögveðréttindum, og myndi það auka til muna störf þinglýsingardómara og raunar einnig störf innheimtumanna opinberra gjalda. Á hinn bóginn er það svo langoftast, en þó að vísu ekki ávallt, að það er alkunna, hvaða kröfum fylgi lögveðréttur, og er mönnum, er skipti eiga við eiganda fasteignar, oftast í lófa lagið að ganga úr skugga um það, hvort slíkar kröfur hvíli á eign. Ekki verður því almennt talið, að það höggvi mikið skarð í viðskiptaöryggið, þótt lögvernd lögveðréttinda sé óháð þinglýsingu, og er ekki kunnugt, að tilhögun gildandi laga hafi sætt gagnrýni. Rétt er að benda á, að sum lög árétta það sérstaklega, að þinglýsing lögveðréttinda sé óþörf, sbr. t. d. l. 38/1940, 3. gr. i. f. og l. 47/1948, 3. gr. i. f. Hins vegar eru dæmi þess, að boðin sé þinglýsing í einstökum lögum um lögveðréttindi, sbr. t. d. l. 3/1878, 62. gr., l. 56/1933, 2. gr., l. 77/1936, 2. gr. og l. 80/1947, 44. gr.

Rétt þykir að drepa á það, að við samningu frv. hefur það mjög verið hugleitt að áskilja þinglýsingu á lögveðréttindum, þegar 2 ár eru liðin frá eindaga þeirrar kröfu, sem lögveðrétturinn fylgir. Um lögveð í lausafjármunum er það meginregla í lögum, að tímagildi þeirra eru ekki sett nein mörk, sbr. þó t. d. l. 56/1927, 2. gr. Um hin almennu lögveð, sem svo eru nefnd, gegnir yfirleitt sama máli, en þó er þess að geta, að þinglýsing er áskilin í þeim tveimur tilvikum, þar sem þau hafa einna mest gildi, þ. e. samkv. 62. gr. skiptalaga 3/1878 og samkv. 44. gr. l. 80/1947. Stundum myndu aðstæður skapa aðhald um að fullnægja kröfu innan tveggja ára, sbr. um greiðslu útsvars atvinnurekenda, sem er erlendis, l. 66/1945, 32. gr. i. f., og í annan tíma verður kröfu auðveldlega lokið innan tveggja ára, sbr. l. 38/1947, 23. gr.

Um lögveð í skipum er það ekki einn veg, hver tímamörk sett eru kröfum, sem lögveðréttur fylgir. Stundum er lögveðrétturinn tímabundinn, sbr. t. d. l. 61/1947, 30. gr., (2 ár frá gjalddaga), sjá og 251. og 252. gr. siglingalaga 56/1914 (hámarkstími 2 ár), kröfur eftir 22. gr. sigll. (1 ár), l. 10/1946, 3. gr. (2 ár frá gjalddaga), l. 23/1921, 10. gr. og l. 29/1946, 9. gr., sbr. l. 41/1948, 2. gr., (2 ár án tilgreiningar á upphafstímamarki). Að jafnaði er þó ekki getið tímamarka, sbr. t. d. l. 42/1926, 26. og 30. gr., l. 66/1957, 7. gr., l. 17/1948, 24. gr., l. 58/1954, 33. og 34. gr., l 75/1917, 4. gr., tsk. 12. febr. 1872, 6. gr. Skoðun á þessum ákvæðum leiðir í ljós, að það er nánast hending, hvort lögveðréttindum eru sett tímatakmörk, og myndi áskilnaður um þinglýsingu réttinda eftir 2 ár skapa nokkurt jafnræði milli þessara réttinda, auk þess sem það stuðlar væntanlega að skjótri innheimtu þeirra gjalda, sem tryggð eru með lögveðrétti. Eins og fyrr greinir, er þó ekki tekin upp tillaga um slíka tilhögun í frv. þetta.

2. *Eignarnámsgerðir.* Þess er fyrr getið, að réttindi, sem fengin eru með eignarnámi, séu ekki háð þinglýsingu. Ef þinglýstur eigandi ráðstafar eign með afsalsgerningi eftir að eignarnám hefur átt sér stað, verður afsalshafi að hlíta þeirri viðbáru eignarnema, að réttindi þau, sem stoð eiga í eignarnámi, gangi framar hinum samningsbundnu réttindum, þótt eignarnámsgerð hafi ekki verið þinglýst. Þetta getur leitt til ósanngjarnra málaloka. Því er það, að bæði dönsk og norsk þinglýsingarlög áskilja, að eignarnám sé háð þinglýsingu. Eignarnemi verður

að þinglýsa eignarnámi fyrr en síðar, til þess af afla sér formlegrar þinglýstrar heimildar, og ákvæði frv. ýta undir það, að aðili hraði þinglýsingu gerðarinnar, en í sjálfu sér er það keppikefli, að aðiljaskiptanna sé sem fyrst getið í þinglýsingarbókum.

Eftir að sá aðili, sem nýtur eignarnámsheimildar, hefur tekið ákvörðun um að neyta hennar um tiltekna eign, getur liðið alllangur tími, unz eignarnámi er hrundið í framkvæmd. Getur það þá verið hagsmunamál fyrir eignarnema að fá þinglýst á eign yfirlýsingu, þar sem lýst sé hinu fyrirhugaða eignarnámi. Í 32. gr. er ekki veitt heimild til að þinglýsa slíkum fyrirætlunum né öðrum frumaðgerðum í sambandi við eignarnám — það er eignarnámsgerðin í fullri mynd og hún ein, sem getur verið grundvöllur þinglýsingar, — og rétt er að geta þess, að eigandi þarf ekki að þola þinglýsingu á eignarnámsgerð á eign sinni, fyrr en bætur eru greiddar.

Í 32. gr. er það fólgið, að þinglýsingar sé þörf bæði gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda þeirrar eignar, sem tekin er eignarnámi, svo og gagnvart skuldheimtumönnum hans, sbr. meginregluna í 29. gr. 1. málsgr. frv.

3. *Réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.* Eins og kunnugt er, kveður allmikið að því hér á landi, að réttindi yfir fasteignum stofnist fyrir hefð. Örðugt er fyrir þá, er semja við eiganda fasteignar, að sjá við því, að tilteknir menn hafi öðlazt réttindi yfir eign fyrir hefð. Lánastofnanir láta t. d. eiganda í té fé gegn tryggingu í fasteign, en síðan kemur það upp, að aðrir menn hafa öðlazt veigamikil réttindi yfir hluta af eign fyrir hefð, en þessa er þó að engu getið í þinglýsingarbók. Hér myndi það bæta að nokkru úr skák, ef áskilin væri þinglýsing hefðaðra réttinda.

Grundvöllur undir þinglýsingu á hefðuðum réttindum getur annaðhvort verið yfirlýsing frá eiganda þeirrar fasteignar, sem hefðin lýtur að, eða dómur, þar sem viðurkennt er, að réttindi hafi stofnazt yfir tiltekinni eign með hefð. Ef til dómsmáls er stofnað, þar sem krafizt er viðurkenningar á því, að réttindi hafi stofnazt yfir tiltekinni eign fyrir hefð, er unnt að þinglýsa til bráðabirgða stefnu í því máli, ef ákvæðum 1. málsgr. 28. gr. frv. er fullnægt.

Um 33. gr.

Áreiðanleiki þinglýsingarbóka veltur ekki sízt á því, að þeim, sem semja við eigendur fasteigna, sé óhætt að treysta því, að þau réttindi, sem skráð eru í þinglýsingarbækur, séu gild. Afsal er t. d. fært í þinglýsingarbók, og skapar það afsalshafa, A, eignarheimild. Afsalandi, B, telur, að t. d. svik eða brostnar forsendur séu fyrir hendi, og leiði til þess, að afsalið sé ógilt og óskuldbindandi fyrir sig. Nú hefur C samið við A sem eiganda eignarinnar samkv. þinglýsingarbók. Ef C, sem hvorki veit né má vita um framangreindan agnúa á afsali B til A, ætti að láta af rétti sínum þess vegna, myndi það leiða til mikils öryggisleysis í öllum viðskiptum. Grundvöllur myndi þá hrynja undan mörgum réttindum, og gæti slíkt haft víðtækar afleiðingar aftur í tímann. Í 33. gr. er því lagt til, að grandleysi þess, er semur við þinglýstan eiganda fasteignar, um annmarka á eignarheimild hans, valdi því, að hann þurfi ekki að sæta þeirri viðbáru, að afsal sé ógilt. Þinglýsingin hefur ekki í sjálfu sér þau réttaráhrif, að ógilt heimildarskjal verði gilt. Ef svikum hefur t. d. verið beitt til þess að fá eiganda til að gefa út afsal fyrir eign sinni, þá er afsalanda allt að einu unnt að höfða mál gegn kaupanda (afsalshafa) til ógildingar kaupunum. Í 33. gr. frv. felst það hins vegar, að maður, sem er grandlaus og hefur lánað hinum þinglýsta afsalshafa (A) fé og tekið veð í eigninni, þarf ekki að þoka, þótt seljandi (B) fái dóm fyrir því, að afsalið til A sé ógilt. Ákvæði þessarar greinar rétta hér hlut grandlausra viðsemjenda, en þau koma á hinn bóginn ekki skuldheimtumönnum afsalshafa að haldi almennt, þótt þeir hafi t. d. gert fjárnám í eign, áður en dómur sá gekk, er kvað á um ógildi afsalsins, og er það í samræmi við traustfangsreglur yfirleitt.

Reglan um, að grandlausum viðsemjendum sé rétt að treysta gildi þinglýstra heimildarskjala, er ekki algild. Samkvæmt 2. málsgr. glatar afsalandi ekki mót-

bárum, er lúta að því, að afsalsskjal sé falsað, fengið með beitingu nauðungar, er rúmast innan 28. gr. samningalaga nr. 7/1936, eða loks að útgefandi sé ólögráða sakir æsku. Það er sameiginlegt þessum undantekningartilvikum, að grandleysi viðsemjanda eyðir ekki annmörkum samkv. almennum reglum um fjármálasamninga. Rétt er að benda á það, að ákvæðið á aðeins við þann lögræðisskort, sem stafar af æsku útgefanda skjals, en á hins vegar ekki við, ef útgefandi er sviptur lögræði. Stendur þetta í sambandi við þá reglu lögræðislaga, að réttaráhrif lögræðissviptingar eru yfirleitt háð skráningu, birtingu og stundum þinglýsingu, og þykir rétt að láta ákvæði lögræðislaganna gilda óbreytt áfram um þetta efni.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, stefna ýmis ákvæði frv. að því að draga úr hættu á því, að skjöl, sem haldin eru þeim annmörkum, sem greinir í 2. málsgr. 33. gr. frv., nái þinglýsingu, sbr. einkum ákvæði 22. gr. frv., svo og ákvæðin um rannsóknarskyldu dómara almennt og um birtingu skrár um þinglýst skjöl.

Ljóst er, að þeim, er treyst hefur á gildi slíkra gerninga, sem falla undir ákvæði 33. gr. 2. málsgr., tjóar ekki að bera fyrir sig áreiðanleik þinglýsingarbóka, heldur hljóta þeir að víkja fyrir rétti þess, er sætt hefur misferlinu (þ. e. fyrri eiganda). En þessir aðiljar, sem verða af rétti sínum að öllu eða nokkru, eiga hins vegar bótarétt eftir 49. gr. frv., að fullnægðum þeim skilyrðum, er þar getur.

33. gr. frv. 1. og 2. málsgr. taka aðeins til heimildarskilríkja. Eigandi fasteignar þarf að sjálfsögðu ekki að sæta fölsuðu verðbréfi, sem þinglýst er á eign hans. Þótt veðhafinn sé grandlaus um fölsunina, þá á hann ekki bótarétt á hendur ríkissjóði, frekar en t. d. maður, sem veitir viðtöku fölsuðum víxli, grunlaus um fölsunina. Aðstaðan er hér öll önnur, ef heimildarskjalið sjálft er gallað, og sá, sem nýtur heimildar samkv. hinu falsaða eignarskilríki, gefur út veðskuldabréfið. Grandleysi veðhafans eða handhafa veðbréfs má þá að nokkru rekja til þess, er greinir í þinglýsingarbók um réttindi yfir eigninni.

Í 1. málsgr. 33. gr. er talað um, að samningur sá, er þar er fjallað um, stafi frá þinglýstum eiganda. Þetta ákvæði á einnig við um skjal, er stafar frá þinglýstum erfðafestuhafa eða rétthafa samkvæmt lóðarleigusamningi, og er þá hið sama um ákvæði 2. málsgr. að segja.

Ákvæði 3. málsgr. greiðir úr því, hversu fari, ef þinglýst skjal er haldið annmarka, er varðað getur ógildi, en svo fer, að annmarkinn eyðist síðar. Er þá reglan sú samkv. þessari málsgrein, að ekki er þörf á nýrri þinglýsingu. Við þessa aðstöðu hefur þinglýsingin þó ekki afturvirk áhrif, þar sem áhrif þinglýsingar koma ekki til greina, fyrr en annmarkanum léttir, en það getur einkum orðið fyrir það, að útgefandi skjals viðurkennir gildi skjalsins fyrir sig. Þegar svo hagar til, er það í raun réttri staðfesting útgefanda á gildi skjals, en ekki þinglýsingin, sem stofnar til réttarins. Hér yrði það hins vegar brotamikið úr hófi að áskilja nýja þinglýsingu að stofni til, en við ósanngjarnri niðurstöðu má hér sjá með því fyrirmæli, að réttaráhrif þinglýsingar — og þá einkum forgangsáhrif þinglýsingar — verði ekki virk, fyrr en ógildisannmarkinn eyðist. Rétthafi á að sjálfsögðu sönnunarbyrði um, að annmarki sé ekki lengur fyrir hendi. Því verður að vísu ekki neitað, að hér kann að vera nokkur hætta á sýndar-staðfestingu samnings af hendi fasteignareiganda, en þar á móti kemur það, að tilvik þessi eru mjög fátíð, svo að ástæða er til að velja þá tilhögun, sem brotaminnst er.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um heimildaráhrif þinglýsingar, þ. e. ákvæði um það, að þriðja manni sé yfirleitt rétt að skipta við þinglýstan eiganda sem raunverulegan eiganda eignar. Ákvæði um eignarheimildir eru í 24.—26. gr. frv., en þau horfa fyrst og fremst að þinglýsingardómara og aðstöðu hans, er honum berst skjal til þinglýsingar. 34. gr. veit hins vegar að þriðja manni og aðstöðu hans, er hann

þarf að kanna, hver sé réttbær um að veita viðtöku ýmsum greiðslum, er varða fasteign o. fl.

Í athugasemdum við 33. gr. frv. var því lýst, að gildisáhrif þinglýstra skjala eru ekki fullkomlega bundin við þinglýsingarbækurnar, því að þess eru dæmi, að þriðja manni sé ekki rétt að líta svo á, að þinglýst skjal sé gilt. Heimildaráhrifin horfa öðruvísi við. Í öllum viðskiptum er hin mesta þörf á því, að menn geti staðreynt, við hvaða aðilja sé öruggt að semja um tiltekna fasteign. Þau atvik, sem ráða eiga í því efni, þurfa að vera þessleg, að þau verði skjótkönnuð og því bundin við ytri, formleg auðkenni. Á þetta ekki sízt við, þegar nauðsyn ber til skjótra aðgerða, svo sem um viðskiptatilkynningar, uppsagnir og efndir á ýmsum samningsbundnum greiðslum. Færsla skjals í þinglýsingarbók sýnist vera heppilegasti grundvöllurinn undir þessum áhrifum þinglýsingarinnar, þannig að rannsókn á þinglýsingarbók ein sér sýni þá, hverjum sé rétt að inna greiðslur eða beina til yfirlýsingum, er eignina varða.

34. gr. fjallar fyrst og fremst um greiðslur til eiganda fasteignar. Leiga verður t. d. greidd til hans, afgjöld og aðrar slíkar greiðslur, svo sem vextir af skuld. Jafnframt er það fólgið í greininni, að t. d. eiganda fasteignar sé rétt að inna af hendi greiðslu, er honum ber að standa skil á, til þess aðilja, sem greindur er rétthafi í þinglýstu skjali. Heimildarákvæði þetta hefur einnig mikið gildi í sambandi við uppsagnir og svipaðar aðgerðir. Í 1. málsgr. 34. gr. er það sérstaklega áréttað, að almenna reglan á því aðeins við, að greiðandi viti hvorki né megi vita, að viðtökuheimild hafi horfið á hönd öðrum manni.

Um afborgun af veðskuldabréfi og t. d. uppsögn á slíkri skuld fer eftir sérreglunum um viðskiptabréf, sbr. 2. málsgr.

Á heimildaráhrif 34. gr. reynir ekki, fyrr en skjal hefur verið fært í þinglýsingarbók, og er það ekki nægilegt í þessu efni, að skjal hafi borizt dómara til þinglýsingar.

Greiðslur þær, er 34. gr. tekur til, eða aðgerðir, sem þar er rætt um, þurfa ekki að eiga stoð í þinglýstum samningi, svo að ákvæðið eigi við.

Um 35.—39. gr.

Þinglýstum réttindum er misjafnlega farið, að því er tekur til gildistíma réttindanna. Sumum réttindum er markaður aldur þegar frá upphafi samkv. efni skjals, t. d. þegar þinglýst er afnotasamningi, sem ætlað er að standa 5 ár, eða veðskjali er þinglýst, og þess er getið, að veðskuld skuli borga að fullu innan t. d. 10 ára. Öðrum réttindum er ætlað að standa langan aldur, og eru þau algerlega ótímabundin, svo sem ýmis ítök, afnotaréttindi og jafnvel veðréttindi.

Það er höfuðatriði í þinglýsingarlöggjöf allra landa að búa svo um að þinglýsingarbækur veiti glöggt yfirlit yfir réttindi yfir eignum, þau sem gild eru, en skjölum, sem mæla um brottfallin réttindi, sé byggt út. Þessu markmiði er að sjálfsögðu unnt að ná, ef aðiljar þeir, sem hér eiga hlut að máli, aflýsa skjölum jafnharðan, eftir því sem þau falla úr gildi. Eru þess dæmi, að aðiljum sé skapað aðhald í þessu efni í þinglýsingarlöggjöf með því að bjóða mönnum að viðlagðri refsingu að aflýsa skjölum sínum, sem ekki eru framar í gildi. Reynslan hefur sýnt, að menn hafa hér á landi ekki nægа hirðu á að aflýsa skjölum um gerninga, sem gengnir eru úr gildi. Hefur því verið gripið til þess ráðs hérlendis að setja sérstök lög um afmáningu veðskuldabréfa úr veðmálabókum, þ. e. að fyrirskipa eins konar allsherjarhreinsun á þeim bókum. Er laganna getið í upphafsþætti (I.) þessarar greinargerðar.

Lög þau, sem sett hafa verið hérlendis um afmáningu skjala, eru einskorðuð við veðskjöl. Víst er þó, að ýmis önnur skjöl eru seld undir sömu sök að þessu leyti sem veðskjöl. Er illt að þurfa að burðast með slík skjöl í þinglýsingarskrifstofunum von úr viti, og að geta ekki losnað við þau úr hinni lífrænu þinglýsingarstarfsemi.

Setning sérlaga um afmáningu þinglýstra skjala með nokkurra áratuga bili er ekki heppileg. Rétthafar vita þá ekki fyrirfram, hve langvinn réttaráhrif þinglýsingar séu, og birting á dómstefnum í Lögbirtingablaði getur auðveldlega farið fram hjá mönnum. Lögin bæta og einvörðungu úr gömlum syndum, en girða ekki fyrir nýjar. Hér mun heppilegast að stemma á að ósi, með því að kveða skýrt á í þinglýsingarlögum um tímabundið gildi þinglýsingar. Fellur þá réttarvernd þinglýsingar úr gildi án frekari aðgerða, þegar tími sá er liðinn, sem lögin taka til, nema rétti sé þinglýst að nýju, áður en tímabil þetta er úti. Rétthafar vita þá skil á réttarstöðu sinni frá öndverðu og hafa vitneskju um það, hvenær þeim sé þörf á að efna til endurlýsingar á réttindum sínum, ef því er að skipta. Slík regla er og til mikils hagræðis fyrir þinglýsingardómara — þegar gildistími þinglýsingar er liðinn án þess að til endurlýsingar hafi komið, getur dómari umsvifalaust dregið strik yfir bókfærslu skjals í þinglýsingarbók og farið með eintak skjalsins svo sem því hefði verið aflýst. Dómari ætti þá árlega, t. d. í lok árs, eða á öðrum tímum, þegar vel hentar, að kanna, hver þinglýst réttindi hefðu glatað gildi tímans vegna.

Í 35. gr. frv. er höfuðákvæðið um tímabundið gildi þinglýsingar. Samkv. upphafi greinarinnar hefur þinglýsing tímabundið gildi, nema hafti eða kvöð sé ætlað að vera ævarandi, en auk þess lúta skjöl, sem marka gildi hafts eða kvaðar ákveðinn aldur, ekki ákvæði 35. gr., sbr. upphafsákvæði 36. gr. frv. Samkv. almenna ákvæðinu í 35. gr. frv. eyðast áhrif þinglýsingar, þegar 30 ár eru liðin frá því að haftinu var þinglýst, nema því sé endurlýst innan þessa tímabils. Í 2. málsgr. 36. gr. eru sérreglur um þau skjöl, sem tiltaka lágmarkstíma um gildi skjals, og auk þess eru sérákvæði í 37. gr. um gildi þinglýsingar í sambandi við veðrétt, sem stofnast við réttargerðir. Í 2. málsgr. 35. gr. er sett skýringarregla um það, er þinglýst er áritun á áður þinglýst skjöl. Segir í ákvæðinu, að slík þinglýsing framlengi ekki réttaráhrif þinglýsingar, nema áritun þessi feli í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins.

Samkvæmt framangreindum greinum frv. eru það eignarhöft ein, sem verða máð úr þinglýsingarbók. Heimildarbréf geta ekki sætt afmáningu samkvæmt þeim, sbr. hins vegar ákvæði 51. gr. frv. og 220. gr. l. 85/1936. Í afsalsskjali eru stundum ákvæði, er fella höft á eign, t. d. stofna ítaksrétt, veðrétt eða áskilja forkaupsrétt. Ákvæði skjalsins um yfirfærslu eignarréttar lýtur ekki reglu 35. gr., en á hinn bóginn á ákvæði þetta við um óbein eignarréttindi, sem getur í afsalsskjali, þótt þau séu greind í því skjali, en ekki sérstöku skuldbindingarskjali öðru. Svipað sjónarmið kemur raunar til greina við aflýsingar. Ef kaupandi og seljandi verða sammála um að rifta kaupum og láta kaup ganga til baka, þá tjóar ekki, að seljandi kvitti afsalið og fái því aflýst. Seljandi fær ekki þinglýsta eignarheimild með þeim hætti, heldur verður kaupandi að gefa seljanda afsal og fá því þinglýst.

Eins og fyrr greinir, er rétthafa kostur að lýsa haftinu að nýju. Sé það gert áður en frestur sá, sem gildi þinglýsingar er settur, er á enda runninn, hefst nýr frestur, jafnlangur hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja, sbr. 37. gr. 2. málsgr., 35. gr. 2. málsgr., sbr. 38. gr. 1. málsgr. Til afmáningar á hafti getur einnig komið með stoð í ákvæðum XIX. kafla l. 85/1936, 20. gr. l. 14/1905 og samkv. 4. málsgr. 39. gr. frv. og 37. gr. l. 57/1949.

Í 35. gr. 1. málsgr. frv. er svo til orða tekið, að réttaráhrif þinglýsingar, þau er greinir í 16. gr. frv., falli brott, þegar liðinn sé tími sá, sem greinir í ákvæðinu. Í þessu orðalagi felst það, að réttarvernd sú ein, er samfara er þinglýsingu, fellur niður, en hins vegar haggar þetta ákvæði ekki við gildi kröfunnar sem slíkrar. Ákvæðið raskar t. d. í engu hinum almennu reglum fyrningarlaganna, enda eru ekki rökbundin tengsl með fyrningarfrestum og frestum til endurnýjunar á þinglýsingu. Persónuleg krafa eftir veðskuldabréfi getur t. d. verið fyrnd, þótt áhrif þinglýsingar standi, og hins vegar geta réttaráhrif þinglýsingar hafa eyðzt, þótt persónulega krafan sé enn í fullu gildi.

Samkv. ákvæðum frv. falla réttaráhrif þinglýsingar brott, þegar er tímaskeið það er á enda, er frv. tekur til um hina einstöku flokka krafna, án þess að réttindum sé endurlýst eða annað það gert, sem rofið getur fresti þessa. Þetta gildir jafnt, þótt dómari hafi ekki enn hafizt handa um að má haftið úr þinglýsingarbók. Verður að sjálfsögðu að skilja ákvæði 38. gr. 1. málsgr. með þetta í huga. Þegar skjali er þinglýst eftir að réttaráhrif þinglýsingar eru brott fallin, verður að sjálfsögðu að meta það sem nýja þinglýsingu að stofni til. Ef sami aðili er þinglýstur heimildarhafi að eign, þegar skjali er þinglýst að nýju, þarf ekki að leita samþykkis hans til þinglýsingar, en þessa er á hinn bóginn þörf, ef nýr aðili hefur þinglýsta heimild að eign, andstætt því sem vera myndi, ef um endurlýsingu væri að tefla innan réttra fresta samkv. t. d. 35. gr. Forgangsáhrif nýrrar þinglýsingar teljast að sjálfsögðu frá afhendingu skjals til þinglýsingar o. s. frv.

Um mistök, sem verða við afmáningu skjals, gilda sömu reglur sem um yfirsjónir þinglýsingardómara endranær. Þinglýsingargildi skjals, sem ranglega er máð, helzt að höfuðstefnu. Ef lýst er nýju hafti eftir afmáningu skjals, hlýtur það að þoka fyrir rétti þeim, er ranglega var máður, en tjónþoli á þá bótarétt eftir atvikum samkv. 49. gr. frv. Samkv. 18. gr. frv. getur þó svo farið, að réttur sá, sem máður var, þoki, en rétthafi að þeim rétti hljóti hins vegar bætur.

Í sambandi við ákvæði 35.—38. gr. verður að taka sérstaklega afstöðu til þess, hvernig fara eigi um gildistöku þessara ákvæða. Þar vegast á tvö sjónarmið. Annars vegar er það óneitanlega hagsmunamál almennt, að ákvæði þessi taki sem fyrst gildi. Á hinn bóginn verður hér að hafa í huga hagsmuni eldri rétthafa, er fengið hafa rétti sínum þinglýst.

Í 53. gr. frv. er sérstaklega kveðið á um gildistöku ákvæðanna í 35. og 37. gr. frv. Er þar gert ráð fyrir því, að ákvæði þessi komi ekki þegar í stað til framkvæmda og ekki fyrr en fimm eða eftir atvikum sjö árum eftir gildistöku laganna að öðru leyti. Regla sú, sem hér er lagt til, að lögfest verði, er svipuð reglunni í norska þinglýsingarfrumvarpinu frá 1935.

Í 53. gr. 3. málsgr. er þinglýsingardómurum lögð sú skylda á herðar að kanna grandgæfilega á næstu fimm árum eftir gildistöku laganna þinglýsingarbækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Þarf ekki að bíða þess, að fimm eða sjö ár (sbr. 1. og 2. málsgr. 53. gr.) líði frá gildistöku laganna til þess að hefjast handa um þessa endurskoðun, enda er augljóst, að ýmissa skjala er nú getið í þinglýsingarbókum, sem með öllu hafa glatað gildi sínu. Þarf hér að gæta ákvæðanna í 1. og 2. málsgr. 38. gr., þegar til afmáningar kemur. Er höfuðþörf á því, að slík allsherjarhreinsun fari fram, og nauðsynlegt að fylgzt verði betur með því nú en áður, að dómendur framkvæmi þessa rannsókn til hlítar.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um brottfall þeirra réttaráhrifa, sem þinglýsing veitir, þegar um þinglýst höft eða kvaðir er að ræða, sem ekki er ætlað að vera ævarandi, svo sem fyrr greinir. Í þessari grein koma fram meginreglurnar um þetta efni, og ber að skýra greinarnar hér á eftir með hliðsjón af meginreglum hennar.

Höft þau, sem hlíta ákvæðum greinarinnar, eru fyrst og fremst veðréttindi, enda er sjaldgæft, að þeim sé ætlað að vera ævarandi. Leigusamningar verða og máðir, ef þeir eru háðir uppsögn af hendi annars hvors aðiljans. Kaupsamningur, sem háður er öðrum skilyrðum en greiðslu kaupverðs, ber að færa í haftadálk, og geta þeir út af fyrir sig verið háðir afmáningu, þótt að líkindum komi sjaldan til þess að þeir verði máðir samkv. ákvæðum þessa frv. Forkaupsréttur (innlausnarréttur) myndi hins vegar tæpast vera háður afmáningu eftir greininni. Þegar forkaupsréttarins hefur verið neytt, myndi skjal um forkaupsrétt að jafnaði hafa lokið ætlunarverki sínu, og væri þá unnt að má það samkv. ákvæðum 38. gr. 1. málsgr. Hliðstæðu gegnir, ef skjal tilgreinir forkaupsréttarhafa og einskorðar forkaupsréttinn við hann persónulega. Þegar hann hefur látizt, er yfir-

leitt heimilt að má þetta skjal samkv. ákvæðum 38. gr. 1. málsgr. Ítök myndu stundum vera ævarandi og sama er um sum afnotaréttindi.

35. gr. varðar ekki einungis höft á sjálfum eignarréttinum að eign, heldur og höft á afnotarétti og öðrum óbeinum eignarréttindum yfir eigninni.

Eins og fyrr greinir, er unnt að slíta 30 ára fresti þeim, sem mælt er um í greininni, með því að þinglýsa réttindum að nýju innan þessa frests. Hefst þá nýr frestur jafnlangur hinum fyrri, að því er tekur til réttaráhrifa þinglýsingar.

Samkv. 2. málsgr. slítur áritun á þinglýst skjal ekki fresti eftir 35. gr. 1. málsgr., nema áritun feli í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Sú skýringarregla er látin uppi, að í hækkun á fjárhæð veðskuldabréfs felist slík viðurkenning. Áritanir á bréf um annars konar breytingar á efni bréfs myndu yfirleitt ekki fela í sér viðurkenningu á hafti, svo sem áritun um fjárhæð vaxta, nýir skilmálar um afborganir, ákvæði um nýjan gjalddaga o. s. frv.

Áritun á skjal um, að veðbréf taki til annarra eigna til viðbótar við þær, sem bréfið tók til í öndverðu, felur í sér nýja veðsetningu að stofni til á eignum þeim, er síðar voru veðsettar. Er því fullljóst, að 30 ára fresturinn um þá veðsetningu telst frá hinni síðargreindu þinglýsingu, en jafnframt sýnist vera eðlilegast að líta svo á, að í þessu felist einnig viðurkenning á gildi fyrri veðsetningarinnar, svo að hún sé endurnýjuð með þessum aðgerðum, og gildi því einnig í 30 ár frá síðari þinglýsingunni.

Um upphaf fresta samkv. 35. gr. er sett það skýringarákvæði í 38. gr. 4. málsgr., að frestur miðist við það, er skjal er fært í þinglýsingarbók, þ. e. ekki við afhendingu skjals til dómara. Skjal, sem á að endurlýsa, verður að afhenda dómara svo, að það skuli færa til þinglýsingarbókar í síðasta lagi samtímis því, að fresti lauk.

Um endurlýsingu skjals eftir að frest þraut samkv. 35. gr. er rætt hér að framan.

Um 36. gr.

Í 1. málsgr. er greind undantekning frá þeirri meginreglu 35. gr., að skjal skuli afmá, þegar 30 ár eru liðin frá þinglýsingu þess, og lýtur undantekningin að því tvennu, er skjal tilgreinir gildistíma sinn eða skjal er bundið við lífstíð rétthafa.

Ef skjal afmarkar ótvírætt það tímaskeið, sem því er ætlað að gilda um, er höfuðreglan sú, að skjal verður afmáð, þegar það tímaskeið er á enda runnið, sbr. 38. gr. 1. málsgr., án tillits til reglu 35. gr. 1. málsgr. Þegar skjal er bundið við lífstíð rétthafans, er rétt að má það, þegar sönnur eru færðar á andlát rétthafans.

Í 2. málsgr. er fjallað um réttindi, sem ekki er ætlað að vera ævarandi, þegar svo er, að lágmarkstími um gildi skjals er tilgreindur. Rétti verður t. d. sagt upp eftir andlát manns eða tilteknu árabili eftir stofnun réttindanna. Við þessa aðstöðu verður reglan sú, að unnt er að má haft eftir 30 ár samkv. ákvæði 1. málsgr. 35. gr., en þó með þeim fyrirvara, að 3 ár hljóta ávallt að líða frá lokum lágmarkstímans, sem skjali var ætlað að gilda um. Afnotarétti er t. d. þinglýst, og verður réttinum sagt upp eftir 20 ár. Er þá örugglega hægt að má skjal þetta, þegar 30 ár eru liðin frá þinglýsingu þess samkv. ákvæði 35. gr. 1. málsgr., en yfirleitt ekki fyrr, sbr. þó e. t. v. ákvæði 38. gr. 1. málsgr., ef þannig stæði á, að uppsagnar hefði sannanlega verið neytt og samningur væri því fallinn niður. Orðinu „aldrei“ í 2. málsgr. 36. gr. er ætlað að gefa til kynna, að hér verði að gæta 35. gr. 1. málsgr. Ef samningnum yrði ekki sagt upp, fyrr en 30 árum eftir þinglýsingu hans, er ekki unnt að má skjalið, fyrr en 33 ár hafa liðið frá þinglýsingu hans. Til er, að afnotaréttur sé óuppsegjanlegur í lífstíð tiltekins manns, en sé háður uppsögn eftir andlát hans. Er þá heimilt að má réttindi 3 árum eftir andlát við-

komandi manns, þó þannig að hann verður yfirleitt ekki máður, fyrr en 30 ár eru liðin frá þinglýsingu hans.

Í 3. málsgrein er sérákvæði um veðskuldabréf. Í slíkum bréfum eru oft ákvæði um, að lánið sé gjaldkræft eftir tiltekinn tíma. En veðrétturinn sjálfur er ekki tímabundinn fyrir þá sök. Samkv. ákvæðinu er unnt að má slík skjöl, þegar 5 ár eru liðin frá þinglýstum gjalddaga, en þó aldrei fyrr en 30 ár eru liðin frá gjalddaga samkv. 35. gr. 1. málsgr., sbr. þó 38. gr. 1. málsgr. Ef þinglýst er áritun á skjalið um nýjan gjalddaga, verður haftið ekki máð, fyrr en 5 ár eru liðin frá þinglýsingu þeirrar áritunar. Þess er getið í athugasemdum við 35. gr., að slík áritun felur ekki í sér viðurkenningu á tilvist haftsins í merkingu 2. málsgr. þeirrar greinar.

Oft er veðlánum svo fyrir komið, að inna skal af höndum föst árgjöld afborgana og vaxta af bréfi. Slík bréf verða ekki máð, fyrr en 5 árum eftir að síðasta afborgun skyldi greidd, en þó ekki fyrr en 30 árum eftir þinglýsingu bréfsins.

Um 37. gr.

Í þessari grein eru sérákvæði um brottfall á réttaráhrifum þinglýsingar við veðréttindi, sem stafa af aðför skuldheimtumanna. Er þar greint á milli fjárnámsgerða og lögtaks og svipaðra réttargerða, svo sem löggeymslu, annars vegar og kyrrsetningargerðar og lögbanns hins vegar. Í fyrra tilvikinu eyðast réttaráhrifin eftir 5 ár frá þinglýsingu, en í síðara tilvikinu, er 2 ár eru liðin frá þinglýsingu.

Samkv. 2. málsgr. er unnt að rjúfa þessa fresti með tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti, um, að haftið sé eigi niður fallið. Nægir þá að þinglýsa þessari tilkynningu, en ekki þarf endurlýsingar á skjali. Hefst síðan nýr frestur frá þessari þinglýsingu, og er hann jafnlangur frumfresti. Á það ber að benda hér, að samkv. 2. málsgr. 53. gr. frv. er lagt til, að lögfest verði sérákvæði um máningu þeirra skjala, sem ræðir um í 3. málsgrein 36. gr. og þinglýst hefur verið fyrir gildistöku þessa frv., ef það nær fram að ganga.

Um þinglýsta kyrrsetningargerð er þess að geta, að samkv. 20. gr. 1. málsgr. l. 18/1949 ber að halda kyrrsetningu til laga innan viku frá lokum gerðarinnar, sbr. þó 22. gr., að því viðlögðu samkv. 1. málsgr. 23. gr., að kyrrsetning sé niður fallin. Sama er, ef kyrrsetning er niður felld í staðfestingarmáli, en þá ber að gæta ákvæða 23. gr. 2. málsgr. um það, að kyrrsetning standi a. m. k. í 3 vikur frá uppsögn eða birtingu héraðsdóms, er fellir hana úr gildi. Að því er efnisreglur varðar, verður að hafa í huga ákvæði 19. gr. sömu laga um, að kyrrsetning víki fyrir fjárnámi og fleiri réttargerðum. Að sjálfsögðu hefur kyrrsetning heldur ekki efnislega hlutverki að gegna, þegar gerðarþoli hefur gert lögskil. Þegar svo fer, að kyrrsetning hefur glatað gildi sínu efnislega, svo sem hér hefur verið rakið, þá er unnt að má hana annaðhvort eftir ákvæði 38. gr. 1. málsgr. eða 39. gr. Gæta ber þó í sambandi við aflýsingu ákvæða 3. málsgr. 23. gr. laga nr. 18/1949, þar sem óheimilað er að aflýsa þinglýstri kyrrsetningu án samþykkis gerðarhafa, nema vottorð fógeta komi til um það, að máli hafi eigi verið áfrýjað. Um lögbann gilda hliðstæðar reglur þeim, sem hér hafa verið reifaðar um kyrrsetningu, sbr. 27. gr. l. 18/1949.

Auk reglna þeirra, sem vikið hefur verið að hér að framan og leitt geta til máningar þinglýsingar um kyrrsetningu, eyðast réttaráhrif kyrrsetningar- og lögbannsgerða tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst samkv. almenna ákvæðinu í 1. málsgr. 37. gr. frv., nema þinglýst sé tilkynningu um, að haftið sé eigi fallið niður, sbr. 2. málsgr. sömu greinar.

Þótt beiðzt sé nauðungaruppboðs á eign fyrir lok 5 ára frestsins samkv. 1. málsgr. 37. gr., er nauðsyn á nýrri þinglýsingu fjárnámsgerðar, til þess að forgangsáhrif þinglýsingar riftist ekki, ef uppboðsgerð er ekki lokið fyrir endi 5 ára tímans.

Um 2. málsgr. svo og þinglýsingu, sem hafizt er handa um að nýju innan loka fresta samkv. 1. málsgr. 37. gr., er áður getið.

Um 38. gr.

Greinin leggur dómara þá skyldu á herðar að má haft úr fasteignabók að eigin frumkvæði. Þess er fyrr getið, að réttaráhrif þinglýsingar samkv. 16. gr. frv. falla niður, þegar liðnir eru þeir frestir, sem greindir eru í 35.—37. gr. frv. Eru þau fallin brott jafnt fyrir því, þótt dómari hafi ekki í raun og veru máð haftið.

Dómari skal einnig má færslur ex officio, ef rétti er bersýnilega lokið. Á það getur reynt fyrst og fremst, eins og áður getur, þegar réttur er bundinn við lífstíð manns og ljóst er, að aðili er látinn. Þinglýsingardómara mundi oft vera kunnugt um andlátið sakir þess, að hann gegnir að jafnaði einnig störfum skiptaráðanda. En hér gæti einnig komið til hluttaka einstakra manna, sem óskuðu eftir því, að afmáning færi fram, og færðu sönnur á, að efnisskilyrði þess væru fyrir hendi. Oft væri og unnt að má tímabundin réttindi samkv. þessari heimild, þegar samningstími er úti án þess að samningur hafi verið framlengdur. Það er áskilið í greininni, að rétti sé „bersýnilega lokið", og hvetur það orðalag til varfærni í þessum sökum. Að sjálfsögðu er þessu fullnægt, ef lög kveða beinlínis á um hámarkstíma samnings, sbr. að nokkru 4. tölulið 2. gr. l. 53/1957.

Kaupsamningar verða oftast bókfærðir sem höft á eignum, sbr. 21. gr. frv. Oft mundi rétt að skýra slíkan samning svo, að hann væri ævarandi í merkingu 35. gr. 1. málsgr. frv. og því ekki háður afmáningu samkv. þeirri grein. Þegar afsali er þinglýst, ber hins vegar að má þau ákvæði kaupsamnings, er fjalla um skilmála við yfirfærslu eignarréttar. Ef samningur geymir ákvæði um ítök eða önnur réttindi yfir eign, ber ekki að má þau réttindi fyrir það eitt, að afsal leysir kaupsamning af hólmi.

Forkaupsréttur eða innlausnarréttur verður máður, þegar rétthafi hefur neytt réttar síns og fengið honum þinglýst. Þó er þess að gæta, að t. d. forkaupsréttur getur verið áskilinn mörgum aðilum, og þarf hann ekki að falla brott, þótt einn aðili hafi neytt réttarins. Þegar svo er, skal ekki má færslu um réttinn.

Við getur borið, að rétthafi að óbeinum eignarréttindum yfir eign verði eigandi þeirrar eignar. Óbeinu eignarréttindin geta staðið allt að einu. Samruni aðilda leiðir því ekki alltaf til þess, að má skuli réttindi.

Svo sem hér hefur verið reifað, ber að beita úrræðum 1. málsgr. 38. gr. með nokkurri varfærni. Til frekari öryggis er áskilið í lok 1. málsgr. að dómari skuli senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

Í 2. málsgr. er fjallað sérstaklega um eignarhöft, sem þinglýst eru fyrir 20 árum hið skemmsta og horfur eru á, að lokið sé. Er dómara þá heimilt samkvæmt tilmælum eiganda að gefa út áskorun, sem birta skal þrívegis í Lögbirtingablaði, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan tiltekins frests. Auk þess skal senda sérstaka tilkynningu í ábyrgðarbréfi þeim aðila, sem er rétthafi samkv. þinglýsingarbók. Ef enginn gefur sig fram, skal afmá eignarhaftið. Þessar reglur stefna að sama marki sem sérlög þau, sem greind voru hér að framan, um heimild til að má veðskuldbindingar úr þinglýsingarbókum, en að efni til eru ákvæði 2. málsgr. nokkru víðtækari en ákvæði sérlaga þessara. Aðferðin við afmáningu hafta er og nokkuð önnur en sú, sem mælt er fyrir um í sérlögum. Á það skal bent, að í 3. málsgr. 53. gr. er sérákvæði um hreinsun þinglýsingarbóka, sem framkvæma skal fyrstu 5 árin eftir að frv. þetta verður að lögum, ef því er að skipta.

Skilyrði þess, að eignarhaft verði máð samkv. 2. málsgr., eru tvenns konar. Annað er það, að horfur séu á, að eignarhafti sé lokið, en hitt, að eignarhafti hafi verið þinglýst fyrir 20 árum. Heimild 2. málsgr. er nauðsynleg viðbót við reglu 1. málsgr., sem beita verður jafnan af mikilli varúð.

Þótt færsla um t. d. veðréttindi sé máð samkv. 35.—38. gr., er ljóst, að veðrétt-

urinn fellur ekki brott fyrir þá sök eina saman. Afmáningin varðar aðeins réttaráhrif þinglýsingar, en ekki efnisleg réttindi.

Um þinglýsingu réttinda að nýju eftir lok fresta þeirra, er greinir í 35.—37. gr. frv., er vert að benda á, að síðari þinglýsingin er að höfuðstefnu til metin sem frumlýsing réttindanna, t. d. að því er varðar forgangsáhrif þinglýsingar. Eldri réttindin standa því að baki réttindum, sem þinglýst er á tímabilinu milli fyrstu þinglýsingar og endurlýsingar, þó að því athuguðu, að grandleysi þarf að vera til að dreifa hjá viðsemjendum fasteignareiganda.

Í síðustu málsgr. 38. gr. segir, að beita skuli ákvæðum 18. gr., er eignarhaft sé ranglega máð. Í þessu er fólgin sú höfuðregla, að röng afmáning hefur engin áhrif á gildi þinglýsingarinnar — skjalið heldur allt að einu þeirri lögvernd, sem því er búin með þinglýsingunni. Þegar upp kemur, að afmáning fór ranglega fram, ber dómaranum þegar í stað að bæta úr mistökunum, sbr. 27. gr. frv., með því að gera athugasemd um, að afmáning sé röng og haftið haldi þinglýsingargildi sínu til frambúðar. Samkv. þessu verður höfuðreglan sú, að réttindi, sem þinglýst er eftir að haft var máð og áður en úr mistökum var bætt, hljóta að standa að baki hafti, sem máð var ranglega. En rétthafi, sem treyst hefur þinglýsingarbók og er grandlaus um atvik þessi, á bótarétt samkv. 49. gr. frv. Hægt er þó að kveða svo á, að rétthafi þessi standi framar rétti þeim, sem afmáður var, sbr. ákvæði 18. gr. frv.

Um 39. gr.

Ákvæði 35.—38. gr. eiga það sammerkt, að réttaráhrif þinglýsingar falla yfirleitt brott án þess að þinglýst sé sönnun fyrir brottfalli þeirra, þar gætir mjög frumkvæðis dómara, og heimild dómara til að hefjast handa hefur stoð í almennum lagaákvæðum. 39. gr. fjallar hins vegar um það, er þinglýst er sönnun fyrir brottfalli hafts. Þar ræður frumkvæði einstaks rétthafa.

Grundvöllur undir aflýsingu, sem svo er nefnd, er yfirlýsing rétthafa um, að rétti sé lokið eða megi aflýsa. Þótt í yfirlýsingu um brottfall réttar, t. d. kvittun á þinglýst bréf, sé ekki ákvæði um, að rétti megi aflýsa, þá myndi hún að jafnaði verða talin nægur grundvöllur undir aflýsingu.

Yfirlýsing sú, sem getur verið grundvöllur undir aflýsingu, þarf að sumu leyti, en ekki öllu, að vera eins úr garði gerð um form og yfirlýsing, sem þinglýsa á í upphafi. Þess er þó ekki krafizt, að gætt sé ákvæða 22. gr. um aflýsingarskjal. Kvittun á þinglýst skjal þarf t. d. ekki að vera vottfest með þeim hætti, er greinir í því ákvæði. Ef sjálfstætt skjal er grundvöllur aflýsingar, þá verður sú yfirlýsing að sjálfsögðu að vera rituð á þinglýsingarpappír, svo sem er, ef kvittun er ekki rituð á sjálft þinglýsingarskjalið. Um veðskuldabréf og tryggingarbréf er það sérstaklega áskilið í 2. málsgr. 38. gr., að kvittun eða samþykki til aflýsingar sé rituð á þau sjálf og þau afhent þannig farin til aflýsingar. Þessi áskilnaður stendur í tengslum við almennu reglurnar um viðskiptabréf, enda er mjög heppilegt, að dómari riti á bréfið sjálft vottorð um aflýsingu. Sú regla felur ekki í sér neitt verulegt haft á viðskiptum, en er miklu tryggilegra en núgildandi reglur, sem raunar eru nokkuð á reiki. Ef slíkt bréf, sem greint er í 2. málsgr., er ógilt með dómi, er fullnægjandi að leggja fram endurrit dóms, enda er ákvæði 3. málsgr. almennt ákvæði, er tekur til allra skjala, þ. á m. skjala samkv. 2. málsgr. Í 3. málsgr. er krafizt skýrlega ógildingardóms, en ekki er nægilegt, að óvéfengjanlegar sönnur komi að öðru leyti fram fyrir því, að skjal sé ekki framar til. Rétt er að benda á, að ákvæði 2. málsgr. á við, þegar má á hluta af veðrétti, er veðskuldabréf tekur til, svo og er veðréttur sá, er skjal fjallar um, á að víkja fyrir öðrum. Veðréttur, sem veittur er í afsali, verður máður samkvæmt lausri kvittun, og sama er um veðrétt eftir fjárnáms-, lögtaks- og skiptagerðum.

Í 4. málsgr. 39. gr. er ákvæði, sem er hliðstætt 14. gr. núgildandi laga um þinglýsingar, en um þetta efni eru einnig fyrirmæli í 36. gr. laga nr. 57/1949 um uppboð, sbr. áður 39. gr. l. nr. 27/1921 og hrd. XVI/168. Ákvæði 4. málsgr. 39. gr. taka bæði

til þess, er eign er afsalað á uppboði, svo og til þess, er eign er lögð manni út sem ófullnægðum veðhafa. Þykir rétt að láta ákvæði frv. taka til þessara beggja tilvika andstætt því, sem virðist vera eftir 36. gr. laga nr. 57/1949, enda sýnist vera jafnbrýn þörf á ákvæði um afmáningu veðréttinda í báðum þessum tilvikum (sama regla og sú, sem greinir í frv., sýnist gilda í Noregi, sbr. N.Rt. 1936, bls. 617).

Samkvæmt 36. gr. uppboðslaganna nr. 57/1949 dugir eftir orðanna hljóðan „að sýna" uppboðsafsal, svo að veðbönd og höft verði máð. Í 39. gr. er hins vegar áskilið, að uppboðsafsali eða útlagningu sé beinlínis þinglýst, enda er ákvæði 36. gr. uppboðslaganna í ósamræmi við meginreglur um þinglýsingar.

Ekki skal dómari má úr þinglýsingarbók veðskjal það, sem var grundvöllur útlagningar, nema skjalið sé afhent til aflýsingar með árituðu samþykki rétthafa til aflýsingarinnar.

Skuldurum er stundum rétt að leysa sig undan kröfu með því að koma fé í geymslu í banka með þeim hætti, sem segir nú í l. 63/1957, 47. gr. og l. 34/1957, 30. gr. Efnisreglur um geymslufé skortir hér á landi, sbr. hins vegar sænsk lög frá 24/3 1927, finnsk lög 9/10 1931, dönsk lög frá 12/11 1932 og norsk lög frá 17/2 1939. Þar sem skortur er á settum réttarreglum um það, er kröfu lýkur fyrir „depositum", þykir varhugavert að setja sérstakt ákvæði um aflýsingu skjals á þeim grundvelli, að skuldari hafi komið peningum í banka.

Þá er skjal berst til aflýsingar, koma svipaðar reglur til greina um formlegan gang þinglýsingarmála sem um þinglýsingu frá upphafi. Auk þess er á það að líta, að vísa skal skjali frá, ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, sbr. 5. málsgrein 39. gr. Um framkvæmd aflýsingar segir í 14. gr. frv., og vísast til athugasemda við þá grein frv.

Á aflýsingar reynir, þegar um eignarhöft er að tefla. Heimildarskjölum um eignir verður ekki aflýst. Ef slík skjöl eru ranglega færð til bókar, ber að beita ákvæðum 27. gr., sbr. 18. gr. frv. A hefur t. d. gefið út afsal til B. Þótt aðiljar verði sammála um að láta kaupin ganga til baka, getur A ekki fengið eignarheimild með því, að afsalinu sé aflýst. Þar verður að koma til ný þinglýsing frá B til A, og er þessa getið fyrr.

Í sambandi við ákvæði 39. gr. er rétt að benda á hrd. IX/735, er fjallar um uppboðsafsal, sem leiddi til afmáningar veðréttinda, en svo fór, að uppboðið var ómerkt í Hæstarétti. Ákvæði þessa frv. hagga ekki við þeirri niðurstöðu, sem fram kemur í þessum dómi, þótt þau næðu lögfestingu.

Við aflýsingu á kyrrsetningar- og lögbannsgerð er að lokum rétt að benda á ákvæði 23. gr. 3. málsgr. l. nr. 18/1949.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þinglýsingu, er varðar skip, sem eru 5 smálestir eða stærri, svo og skrásett loftför.

Í 5. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 segir, að um stofnun og vernd eignarhafta á skrásettu skipi skuli fara eftir reglum um fasteignir, að svo miklu leyti sem við verður komið. Samkv. 3. gr. laga nr. 17/1948 eru öll skip 6 metrar á lengd eða stærri skráningarskyld. Hæstiréttur hefur skýrt ákvæði 5. gr. l. nr. 56/1914 svo, að í henni felist sú efnisregla, að ákvæði hennar eigi við skip, sem eru 5 smálestir að stærð og stærri, sbr. hrd. VII/236. Þessi dómur hefur haft nokkur áhrif á löggöf, sbr. t. d. lög nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, þar sem 12. gr. 2. málsgr. lætur skip, 5 smálestir eða stærri, lúta sömu reglum sem fasteignir, sbr. einnig 18. gr. laga 18/1949. Er lagt til, að sama regla verði lögfest almennt um skip í 40. gr. frv.

Samkv. lögum nr. 49/1947 um viðauka við lög um loftferðir nr. 32/1929 fer um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari sem um fasteignir, að svo miklu leyti sem við verður komið. Er lagt til í 40. gr. 1. málsgr. frv., að þessi regla verði lögfest, að því er tekur til þinglýsinga. Er heppilegra að skipa henni í þinglýsingarlög en í sérlög.

Samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 32/1929 um loftferðir sýnast öll loftför, svo sem það hugtak er skýrt í 1. gr. 2. málsgr. laganna, vera skrásetningarskyld, ef þau eiga að teljast íslenzk eign, og skiptir þá stærð loftfarsins ekki máli né hitt, til hverra nota þau séu ætluð. Við samningu frumvarpsins var tekið til athugunar, hvort unnt væri að þrengja regluna um skrásett loftför að einhverju leyti með svipuðum hætti og um skrásett skip, en ekki þótti þetta þó tiltækilegt, enda má á það benda, að flest flugför, sem notuð eru hér á landi, eru all-verðmæt.

Stundum veita lög rétthöfum í fasteign sérstakt hagræði við heimt krafna sinna. Í 2. málsgr. 40. gr. er fólgin sú skýringarregla, að rétthafar í eignum þeim, skipum og loftförum, er lúta ákvæðum V. kafla, njóti hliðstæðs hagræðis. Geta má hér til dæmis ákvæða 15. gr. laga nr. 29/1885 og ákvæða 3. gr. veðlaga nr. 18/1887 og 1. gr. laga 57/1949, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði.

Um 41. gr.

Í þessari grein er fjallað um það, hvar þinglýsa skuli skjölum, sem varða skip, 5 smálestir eða stærri, svo og skrásett loftför. Ræður skrásetningin í þessu efni, sbr. lög nr. 17/1948 og lög 32/1929, en þess er jafnframt getið, að ákvæði 10. og 11. gr. siglingalaga gildi áfram.

Um 42. gr.

Í 9. gr. siglingalaganna eru ákvæði um nafnbreyting á skipi og flutning þess á milli skrásetningarumdæma, og er þess getið þar, hvers þinglýsingardómarar þurfi að gæta við slíkan flutning.

Samkvæmt 9. gr. 1. málsgr. siglingalaga verður nafni skips ekki breytt og það ekki flutt á milli skráningarumdæma, nema samþykki allra þeirra, sem eiga þinglýst réttindi yfir því, komi til. Hliðstæð ákvæði eru ekki í skráðum lögum um loftför. Þetta ákvæði á fullan rétt á sér um allstór skip, en hins vegar þykir ekki ástæða til að láta það taka til smærri skipa. Er því lagt til í frv., að ekki sé þörf á slíku samþykki, ef skip er undir 30 smálestir að stærð. Ef skip, sem er 5—29,99 smálestir að stærð, er flutt milli umdæma eða breytt er nafni þess, þá ber dómara að skýra óbeinum rétthöfum frá því. Sýnist hagsmunum þeirra rétthafa vera fullborgið með þeirri reglu. Tekið er fram í ákvæði 42. gr., að það sé dómarinn í umdæmi því, sem skip flytur úr, sem hlutist til um tilkynningu þessa.

Í 2. málsgr. er þinglýsingardómara boðið að senda dómara í umdæmi því, sem skip eða loftfar flyzt í, staðfest endurrit af þinglýstum skjölum og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Er ákvæði þetta svipaðs efnis og 9. gr. 2. málsgr. siglingalaga. Dómaranum í hinu nýja umdæmi ber að færa skjöl í skipabók eða loftfarabók innan þeirra fresta, sem greindir eru í 7. gr. 2. málsgr. frv. Tekið er fram í 4. málsgr., að réttaráhrif þinglýsingar rofni ekki fyrir flutning skips eða loftfars milli umdæma. Það ákvæði verður þó að skýra með hliðsjón af lokamálslið 2. málsgreinar, því að ef svo fer, að skjal verður ekki fært til bókar innan frests samkv. 2. málsgr. 7. gr., þá rofna réttaráhrif þinglýsingar, og verða þá forgangsáhrif þinglýsingar talin frá því, er skjal var afhent dómara til þinglýsingar, sbr. 16. gr.

Ákvæði 3. málsgr. er í samræmi við ákvæði 9. gr. l. 56/1914.

Í 55. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að 5.—9. gr. siglingalaga verði numdar úr gildi.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skráningarskyld skip, sem eru minni en 5 smálestir, svo og skrásettar bifreiðar.

Að því er tekur til skipa, þá fer um þinglýsingu á skjölum, er þau varða, sem um fasteignir, sbr. V. kafla frv., ef skip er 5 smálestir eða stærra. Smærri skip eru oft og einatt skráningarskyld samkv. ákvæðum laga nr. 17/1948. Skráningarskyldan — og sú skráning, sem fram fer á grundvelli hennar — veldur því, að æskilegt er, að ýmsar sérreglur gildi um þau verðmæti framar því, sem almennt er um lausafé.

Gegnir svipuðu máli um bifreiðar, sem almennt eru skráningarskyldar samkv. umferðarlögum nr. 26/1958. Eftir gildandi lögum fer um þessar eignir að meginstefnu til sem um lausfé, sbr. ummæli í hrd. VII/236 varðandi skip. Við samningu frv. þessa hefur verið leitazt við að kanna, að hve miklu leyti fasteignarreglur geti komið til greina um þessar eignir, sem bæði eru oft verðmætar mjög og auk þess skráningarskyldar. Skal nú gerð grein fyrir þessari athugun í stórum dráttum:

1. *Að hve miklu leyti eiga réttindi yfir þessum eignum að vera háð þinglýsingu?*

Þegar tekið er tillit til verðmætis þessara eigna og skráningar þeirra, þykir rétt að mæla svo fyrir, að réttindi yfir þessum eignum séu almennt háð þinglýsingu með svipuðum hætti og er um fasteignir eða skip 5 smálestir eða stærri og skrásett loftför (sbr. 29. gr. 1. málsgr. og 40. gr. 1. málsgr. frv.). Kemur þessi regla fram í 3. málsgr. 43. gr. Er þetta nýmæli.

2. *Eignarheimildir.* Samkv. 24. gr. frv. er skjal, sem varðar fasteign og hvílir á löggerningi, ekki tækt til þinglýsingar, er útgefanda þess skortir þinglýsta heimild. Um skip þau, sem VI. kafli frv. fjallar um, og bifreiðar þykir of brotamikið að ganga eftir sérstakri þinglýstri eignarheimild, og er lagt til í 2. málsgr. 43. gr., að sá sé talinn lögbær um að gefa út skjöl um þessi verðmæti, sem er skráður eigandi í bifreiðaskrá eða skipaskrá. Ef útgefandi skjals er ekki greindur eigandi í þessum skrám, skal vísa skjali frá, nema dómara sé afhent skriflegt samþykki hins skráða eiganda og sé samþykkið þá svo úr garði gert, sem áskilið er í 22. gr. frv.

3. *Veðréttur í skipum og bifreiðum.*

Í 4. málsgr. 43. gr. er sérstaklega tekið fram, að afhenda skuli veðbréf, sem varða eignir þær, er VI. kafli fjallar um, til þinglýsingar innan þeirra fresta, sem til eru teknir í 48. gr. frv. Að þessu leyti gilda því sömu reglur um þessi verðmæti sem um annað lausafé. Ákvæði 40. gr. 2. málsgr. eiga ekki heldur við um þessar eignir.

Um tímabundin réttaráhrif þinglýsingar er lagt til, að sú sérregla verði sett í 44. gr. frv. um þessar eignir, að veðbréf skuli máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfs. Brottfalli þinglýsingar verður þó afstýrt með því að afhenda dómara tilkynningu um, að veðrétturinn sé enn í gildi. Ákvæði 36. gr. og 37. gr. frv. gilda að öðru leyti um þessi efni.

4. *Flutningur skipa, er lúta VI. kafla, og bifreiða milli umdæma.*

Í 45. gr. frv. eru ákvæði um þessi efni, og eru þau að öllu verulegu hin sömu sem um stærri skip, svo og loftför, sbr. 42. gr. frv. Hér þarf ekki við samþykkis þeirra, sem eiga óbein eignarréttindi yfir verðmætum þessum. Tekið er fram í 45. gr. 2. málsgr., að skip og bifreiðar verði ekki skráðar í hinu nýja umdæmi, fyrr en þinglýsingarskjöl berast dómara. Oftast er það svo brotalítið að afgreiða þinglýsingarskjöl — eða taka af þeim endurrit — að þessi áskilnaður ætti ekki að fela í sér mikið haft í þessu efni.

5. *Almenn ákvæði um þinglýsingu.* Samkv. 46. gr. frv. er lagt til, að flest almennu ákvæðin í IV. kafla frv. gildi einnig um þessar eignir (tilvísun til 35. gr. verður vitaskuld að skýra með hliðsjón af 44. gr.). Að sjálfsögðu er hér undanskilin 24. gr. um eignarheimild.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þinglýsingar á skjölum, sem varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, og bifreiðar, sem ekki eru skráðar. Athygli er vakin á því, að fara skal eftir fyrirmælum VI. kafla um skip, sem eru skráningarskyld, þótt ekki séu þau skráð, en ákvæðum VII. kafla ber hins vegar að beita um bifreiðar, sem ekki eru skráðar, þótt þær séu skráningarskyldar.

Þess er þó að geta, að stundum er beiðst þinglýsingar á skjölum, er varða skip, áður en þau eru skráð hér á landi, t. d. meðan skip eru í smíðum erlendis. Í Reykjavík er venja að þinglýsa slíkum skjölum sem hverjum öðrum lausafjárskjölum, og eru ákvæði þessa frv. ekki til fyrirstöðu slíkri lagaframkvæmd. Á

svipuð vandamál getur reynt um bifreiðar, sem komnar eru til landsins, en ekki hafa verið skrásettar.

Reglurnar um það, að hve miklu leyti þinglýsing sé forsenda fyrir lögvernd réttinda yfir lausafé, eru óbreyttar með frv. þessu. Samkv. því verður það meginregla, að lögvernd slíkra réttinda sé ekki háð þinglýsingu, sbr. þó veðréttindi, er veita sjálfsvörzluveð í lausafé, en reglurnar um þau eru tekin í 48. gr. frv. úr 7. gr. veðlaga (reglur um kaupmála falla ekki undir þinglýsingu samkv. frv. þessu). Verður að hafa þetta hugfast, þegar dæma skal um það, hvernig fari, er saman lendir réttindum yfir eign, sem háð er þinglýsingu, og réttindum yfir sömu eign, sem ekki er háð þinglýsingu.

Um 47. gr.

Í 1. og 2. málsgr. eru ákvæði um það, hversu þinglýsa skuli skjölum um eignir þær, sem lúta fyrirmælum þessa kafla frv. Eru reglur þessar sama efnis og ákvæði 4. gr. laga nr. 30/1928 svo langt sem þau ákvæði ná.

Samkv. 1. málsgr. ræður heimavarnarþing eiganda því, hvar í umdæmi skuli þinglýsa skjölum þessum. Ef eigandi á ekki heimavarnarþing hér á landi, er heimilt að þinglýsa skjali í Reykjavík. Er þetta ný regla, og svipar henni til reglu í réttarfarslögum, sbr. 76. gr. l. 85/1936. Regla þessi mun vera nothæf, þegar ekki tekst að grafa uppi, hvert sé varnarþing manns hér á landi.

Í 2. málsgr. eru ákvæði, sem ný eru í þinglýsingarlögum, og varða þau þinglýsingu á skjölum um eignir skrásettra firma svo og félaga, sem skrásett eru. Ræður skrásetningin þá, í hvaða umdæmi þinglýsa skuli skjali. Um önnur félög er reglan sú, að þinglýsa skal skjali á varnarþingi formanns. Skjölum, sem varða sérstaka sameign, skal þinglýsa á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, en ella á varnarþingi allra sameigenda.

Í 47. gr. er ekki rætt sérstaklega um það tilvik, er skjal varðar bæði fasteign, skrásett skip, 5 smálestir eða stærra, eða loftfar og auk þess lausafé eða mann persónulega með öðrum hætti. Þegar svona hagar til, þarf bæði að þinglýsa skjali t. d. þar í umdæmi, sem fasteign er, en auk þess á varnarþingi manns, sem vel getur verið annað en umdæmi það, er fasteign er í, sjá 5. málsgr. 4. gr. laga nr. 30/1928.

Í 3. málsgr. 47. gr. er tekin afstaða til þess, hvort ný þinglýsing sé nauðsynleg, ef eigandi lausafjármunar, er ákvæði VII. kafla taka til, flyzt úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að slíkri eign. Er þá heimilt að þinglýsa réttindum að nýju, en ekki er það nauðsynlegt samkv. því, er segir í þessari málsgrein. Gildir ákvæði 3. málsgr. einnig um veðbréf, sem stofna til sjálfsvörzluveðréttar yfir lausafé, enda hefur 48. gr. frv. ekki að geyma ákvæði, er hliðstætt sé 3. málsgr. 7. gr. veðlaga (sem lagt er til í 55. gr. frv. að fellt verði brott).

Í 4. málsgr. er vísað til þeirra greina í IV. kafla frv., sem við eiga um þinglýsingu samkvæmt VII. kafla frv.

Ákvæði I., II. og III. kafla frv. eiga yfirleitt jafnt við um þinglýsingu á skjölum þeim, er VII. kafli tekur til, sem um þinglýsingu á öðrum skjölum.

Um 48. gr.

Í þessari grein er tekið upp efni 7. gr. veðlaga, svo sem henni hefur nú verið breytt með lögum nr. 65/1957. Meginefni þeirrar greinar varðar þinglýsinguna, og þykir því réttara að skipa henni í þinglýsingarlög en í veðlög.

Í 1. málsgr. eru frestir til að afhenda dómara veðbréf til þinglýsingar allt að þrjár vikur eða fjórar vikur frá útgáfudegi þess. Fyrri reglan — um þriggja vikna frestinn — á við, þegar bréf er gefið út í kaupstað eða þinghá, þar sem dómari hefur skrifstofu. Eru þá yfirleitt hæg heimatök um skjóta þinglýsingu bréfs. Endranær er frestur þessi allt að fjórar vikur. Frestirnir eru nokkuð breyttir frá því, sem greinir í 1. gr. laga 65/1957, og lagt er til, að þeir séu bundnir við alveg ákveðin tímamörk. Geta má þess, að frestur þessi er ávallt 7 dagar eftir útgáfu skjals sam-

kvæmt dönskum rétti. Í 1. málsgr. eru efnislega tekin upp ákvæði 7. gr. veðlaga um staðfestingu á undirritun útgefanda og á dagsetningu bréfs.

Í 2. málsgr. er það áréttað sérstaklega gagnvart hverjum þinglýsingar sé þörf, en í 3. málsgr. er sama regla orðuð sem í 1. málsgr. 1. gr. laga 65/1957 um afleiðingar þess, ef menn láta undir höfuð fallast að þinglýsa veðbréfi innan hinna greindu fresta.

Í 4. málsgr. segir, að veðbréf samkv. 48. gr. skuli máð úr þinglýsingarbók, þegar tíu ár séu liðin frá þinglýsingu bréfs, ef dómara hefur ekki fyrr borizt tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi, 36. og 37. gr. gilda einnig um þessi bréf.

Í 5. málsgr. er nánast á það minnt, að réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs sé háð áritun á bréfið sjálft. Er þetta ákvæði sett til öryggis og mönnum til leiðbeiningar.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla frv. er fjallað um fébætur fyrir tjón, er rekja má til mistaka í störfum þinglýsingardómara (sbr. 49. gr. a—c-liði) eða til þess, að skjal, sem þinglýst er, reynist ógilt (sbr. 49. gr. d-lið). Þessar reglur eru nýmæli í íslenzkum rétti, en ákvæði frv. eru mjög svipuð að efni til og hliðstæð ákvæði í dönskum, norskum og sænskum þinglýsingarlögum. Í 50. gr. frv. er ábyrgð ríkissjóðs í þessum efnum þó sett nokkur mörk, þar sem ekki er unnt að dæma hærri fébætur en 100000 krónur í hverju einstöku máli — eða öllu heldur út af tilteknu tjóni, er hlýzt af þessum sökum. Slík takmörkun á bótaábyrgð ríkissjóðs er ekki í hinum norrænu lögunum, en rétt hefur þótt að lögmæla hana hér á landi, enda er örðugt að segja fyrir um, hve þungbær byrði slík bótaábyrgð muni verða fyrir ríkissjóð, og er þá hægurinn hjá að afnema takmörkunina síðar, ef því er að skipta. Hitt er ljóst, að þinglýsingarbeiðendur þurfa að greiða mjög há þinglýsingargjöld hér á landi, og má ætla, að tekjur ríkissjóðs af þinglýsingarstarfseminni séu mjög miklar. Ætla má einnig, að slík bótaábyrgð skapi starfsmönnum þinglýsingar aukið aðhald um að vanda verk sitt. Það er því eðlilegt í hvívetna að fella slíka bótaskyldu á ríkissjóð, sem um ræðir í þessari grein. Slík bótaábyrgð eykur traust manna á þinglýsingarstarfseminni, en slíkt traust er hvarvetna talin vera óhjákvæmileg forsenda fyrir því, að þinglýsingar geti gegnt meginhlutverki sínu — að stuðla að öruggum viðskiptum einkum með fasteignir og skapa grundvöll undir eðlilegri lánastarfsemi í þjóðfélagi. Benda má á það, að væntanlega getur ríkissjóður tryggt sig gegn tjóni af þessari bótaábyrgð að nokkru leyti eða öllu, ef slíkt telst hagkvæmt.

Upplýsingar um fjárhæð þinglýsingargjalda eru ekki tiltækilegar hjá ríkisbókhaldi, en þinglýsingargjöld, sem borgarfógetaembættið í Reykjavík hefur innheimt síðustu 6 árin, nema þessum fjárhæðum:

1952	kr.	681 942.00
1953	—	810 649.80
1954	—	1 354 541.60
1955	—	2 090 230.80
1956	—	2 289 690.60
1957	—	3 016 549.00

(Þinglýsingargjöld hækkuðu, er aukatekjulögin 40/1954 komu til framkvæmda 1. maí 1954, og nýtt fasteignamat kom til framkvæmda 1. maí 1957, og hefur það í för með sér hækkun gjalda.)

Samkv. 49. gr. er það forsenda fyrir bótaskyldu, að rekja megi tjón til mistaka þinglýsingardómara. Stundum stafar tjón manns af því, að hann verður að hlíta réttindum annarra yfir eign, þótt þau réttindi séu ekki háð þinglýsingu, svo sem er um ýmis afnotaréttindi, eða t. d. verður að sætta sig við það, að maður hafi hefðað hluta af eign. Slíkt tjón á að sjálfsögðu ekki rætur sínar að rekja til mistaka í þinglýsingarstarfsemi, heldur stafar það af almennum lagareglum. Rétt er að taka fram,

að í orðinu „mistök“ í upphafi 49. gr. felst ekki áskilnaður um, að dómarinn sjálfur hafi gerzt sekur um saknæmt atferli, heldur dugir, að starfsmaður hans sé sannur að slíku, og einnig má vera t. d., að svonefnt veðbókarvottorð sé algerlega í samræmi við efni þinglýsingarbókar, en röng færsla skjals hefur hins vegar átt sér stað eða skjal hefur ekki verið fært og veldur það því, að ekki er getið allra þeirra skjala, sem raunverulega hafa verið afhent um eign þessa. Aðalreglan um bótaskylduna sjálfa kemur raunverulega fram í því ákvæði 49. gr., að bótakrefjandi sjálfur eigi ekki sök á tjóni. Sú regla á einnig við, ef sá, er bótakrefjandi leiðir rétt sinn frá, á sök á tjóni, svo og t. d. ef starfsmaður bótakrefjanda á sök á þessum misfellum eða annar sá maður, sem bótakrefjandi ber að þessu leyti „ábyrgð“ á. Ef bótakrefjandi á að nokkru leyti sök á misfellum, en dómari öðrum þræði, mun 49. gr. ekki stemma stigu við því, að sök verði skipt, og fái þá bótakrefjandi bætur í samræmi við sakarhlutföll. Ef sá, sem t. d. fær veðbókarvottorð í hendur, veit eða má vita, að það er rangt að efni til, á hann ekki bótarétt, og er þetta sérstaklega áréttað í lok a-liðs 49. gr. frv.

Áskilið er í 49. gr., að tjón sé sennileg afleiðing af mistökum þinglýsingardómara, og er þessi regla í samræmi við almennar bótareglur.

Samkv. 49. gr. ber ríkissjóður bótaábyrgð, sbr. og 50 gr. Þinglýsing er dómsathöfn, og getur ríkissjóður því átt aðgangskröfu á hendur dómara samkvæmt ákvæðum 34. gr. laga nr. 85/1936. Með því að ákvæði VIII. kafla frv. eru sérákvæði, og þar er manni, sem verður fyrir tjóni, sérstaklega veittur aðgangur að ríkissjóði, er ætlazt til að ákvæðið verði skýrt svo, að tjónþoli geti ekki, eins og hér stendur á, höfðað mál gagngert gegn dómara samkv. 34. gr. l. nr. 85/1936.

Að sjálfsögðu verður tjónþoli að færa sönnur á það, að hann hafi beðið fjárhagslegt tjón vegna mistaka þinglýsingardómara. Ekki er heimilt að dæma bætur fyrir ófjárhagslegt tjón af þessu tilefni. Mistök þurfa auðvitað ekki alltaf að leiða til tjóns, t. d. er hugsanlegt, að sá, sem betri rétt fær fyrir mistök, vægi af sjálfsdáðum eða t. d. að veðskuld, sem forgangsrétt hefur fengið, sé greidd, og öðlist veðhafi samkv. bréfi því, sem mistök hafa orðið um, þá þann veðrétt, sem honum bar, með því að í bréfi hans hefur verið ákvæði um uppfærslurétt.

Ekki er nægilegt samkv. 49. gr., að tjón hafi orðið, er stafar af mistökum þinglýsingardómara, heldur verða að vera fyrir hendi einhver af þeim atvikum, er greind eru í a—d-liðum 49. gr. Skal nú fara nokkrum orðum um hvert þeirra um sig.

Um a-lið. Um veðbókarvottorð ber sérstaklega að geta þess, að forsenda fyrir bótarétti er sú, að slíkt vottorð hafi verið gefið út. Ef sá maður, sem tjón beið, hefur ekki fengið veðbókarvottorð heldur lætur við það sitja að kanna sjálfur þinglýsingarbók, þá getur hann ekki krafizt bóta.

Um b-lið. Í 2. málsgr. 7. gr. frv. er ákvæði, er leggur dómara þá skyldu á herðar að færa skjal í þinglýsingarbók innan tiltekinna tímamarka. Ef bókfærsla skjals ferst fyrir með öllu eða henni seinkar um skör fram, getur það leitt til tjóns. Ákvæði eru um það í 18. gr., hvor aðilinn, sá, sem fyrr afhendir skjal, eða hinn, er síðar afhendir skjal, sem ekki fá samrýmzt, eigi að ganga fyrir. Sá, sem tjón hlýtur af þessum sökum, getur krafizt bóta samkv. 49. gr. Sjá enn fremur athugasemdir við 7. og 18. gr. frv.

Um c-lið. Sjá athugasemdir við 18. gr. frv.

Um d-lið. Vísa má hér til athugasemda við 33. gr. 2. málsgr. frv.

Í 49. gr. er ekki sérstaklega vikið að þinglýsingarvottorðum eða veðbókarvottorðum, sem dómarar hafa gefið út fyrir gildistöku þessa ákvæðis frv., ef lögfest verður. Samkv. almennum lögskýringarreglum er það fullljóst, að þeim reglum verður ekki beitt um slík vottorð. Hins vegar getur verið, að ranghermi í vottorði, sem út er gefið eftir gildistöku ákvæðis þessa, stafi af mishermi í þinglýsingarbók, en mistök þessi hafa átt sér stað fyrir gildistöku ákvæðisins. Getur 49. gr. átt við, er svo stendur á.

Um 50. gr.

Í þessari grein felst takmörkun á bótaábyrgð ríkissjóðs samkv. 49. gr. Í athugasemdum við 49. gr. var gerð grein fyrir ástæðum til þessarar takmörkunar á bótafjárhæð. Samkv. þessu ákvæði verður aðili og að höfða mál á hendur ríkissjóði innan 6 mánaða frá því, er aðila varð kunnugt eða gat orðið kunnugt um tjón sitt. Upphafstímamark frests er hér miðað við það, er aðili fær vitneskju um tjón, en ekki við útgáfu vottorðs eða þinglýsingu skjals, og mælir sanngirni með þeirri lausn.

Aðili getur ekki sótt þinglýsingardómara til bóta persónulega, og þá heldur ekki fyrir þann hluta tjónsins, sem óbættur kann að verða vegna takmörkunar 49. gr. á bótafjárhæð.

Um IX. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um gildistöku og um það, hvernig einstökum ákvæðum verði beitt um atvik, sem gerzt hafa fyrir gildistöku laganna, ef frv. nær fram að ganga. Er brýn þörf á að taka afstöðu til þessa tvenns. Í ákvæðum frv. felst um margt veigamikil breyting frá gildandi lögum. Sum réttindi, sem ekki eru háð þinglýsingu samkv. gildandi lögum, verða það nú, ef frv. verður lögfest. Mæla þá sanngirni og lagavenjur með því, að þeim, er stofnað hafa til slíkra réttinda fyrir gildistöku laganna, verði veittur nokkur frestur til að þinglýsa réttindum sínum, og er lagt til, að svo verði gert með ákvæði 52. gr. 1. málsgr. Er einnig á það að líta, að væntanlega mun líða nokkur tími frá gildistöku slíkra laga sem þessara, unz almenningur hefur kynnzt efni þeirra.

Til er, að skjal sé gefið út fyrir gildistöku laganna, en það er ekki afhent til þinglýsingar, fyrr en eftir gildistöku þeirra. Vegna lagasamræmis er heppilegt að öllum þorra ákvæða í hinum nýju lögum verði beitt um slík skjöl, þ. á m. hinum almennu ákvæðum I., II. og III. kafla. Ef þessu sjónarmiði væri haldið afbrigðalaust til streitu, gæti það leitt til ósanngjarnra málaloka. Ef skjal væri t. d. ekki svo úr garði gert, sem boðið er í 22. gr. frv., er hætt við, að því yrði vísað frá þinglýsingu, og sama er, ef áskilnaði 24. gr. væri ekki fullnægt. Getur verið miklum vandkvæðum bundið og jafnvel ógerlegt að bæta úr slíkum ágöllum eftir að skjal hefur verið gefið út, svo sem t. d. ágöllum á formi eftir 22. gr. frv. Af þessum sökum er sett það ákvæði í 2. málsgr. 52. gr. frv., að reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr., verði ekki beitt um skjöl, sem út eru gefin fyrir gildistöku laganna. Af svipuðum ástæðum stafar sá fyrirvari 4. málsgr. 52. gr., að ákvæðum 1. málsgr. 33. gr. og d-liðs 49. gr. verði ekki beitt um önnur skjöl en þau, sem sætt hafa þinglýsingu eftir gildistöku laganna. Þar kemur það raunar til að auki, að könnun á skjölum var ekki jafnrækileg fyrir gildistöku laganna, en ákvæði þessi eru reist á þeirri forsendu, að slík rannsókn sé mjög ítarleg. Þykir því varhugavert að láta bótaregluna ná til skjala, sem þinglýst var í gildistíð eldri laga.

Í sambandi við ákvæði frv. um afmáningu skjala samkv. hinum almennu ákvæðum frv. um tímabundið gildi þeirra réttaráhrifa, sem þinglýsing veitir, mæla sanngirni og venjur í lagasetningu með því, að sérákvæði séu sett um afmáningu skjala fyrsta veifið eftir gildistöku laganna. Er þetta gert í 53. gr. Eru þau ákvæði á því reist, að rétt sé að veita rétthöfum nokkurn frest til að endurlýsa skjölum.

Í 53. gr. 3. málsgr. eru ákvæði, er skylda dómendur til að hreinsa grandgæfilega til í þinglýsingarbókum fyrstu 5 árin eftir gildistöku laganna. Er getið um þetta ákvæði í athugasemdum við 38. gr. frv.

Auk ákvæða, sem standa í tengslum við gildistöku laganna, eru ákvæði í 54. gr. um setningu reglugerðar um framkvæmd laganna, en sú grein gefur ekki tilefni til athugasemda.

Eins og reifað var í athugasemdum við 24. gr. frv., er það mjög rík krafa eftir frv., að útgefandi skjals hafi þinglýsta eignarheimild. Að undanförnu hefur

þessa hins vegar ekki verið krafizt. Skortur á þinglýstri eignaheimild hefur aðeins varðað því, að dómari hefur ritað athugasemd á skjal um heimildarskortinn. Af þessum sökum má búast við því, að margir þeir, sem fara með eignarráð yfir fasteignum og eru raunverulega eigendur þeirra, hafi ekki agnúalausa eignarheimild á eign sinni. Eru slíkir menn illa settir til frambúðar vegna fyrirmæla 24. gr. frv., ef lögfest verður. Í Noregi var tekið ákvæði í þinglýsingarlögin frá 1935 til þess að bæta hlut þessara manna. Er það ákvæði fyrirmynd 51. gr. frv. Eftir því getur aðili, sem fer með eignarráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara samkvæmt eignarheimild, sem er nokkuð áfátt, snúið sér til dómara á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um það, að hann sé eigandi hennar. Ef heimildarskjali aðilja hefur verið þinglýst a. m. k. 5 árum áður en hann ber upp erindi sitt við dómara eða hann hefur í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta, á hann tilkall til þess, að dómari gefi út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum. Skal birta áskorun í Lögbirtingablaði. Ef enginn gefur sig fram innan 4 mánaða frá síðustu (þriðju) birtingu áskorunar, þá skráir dómari athugasemd í þinglýsingarbók um, að eignarheimild sé ekki áfátt. Í ákvæði þessu er fólgin greið leið fyrir eiganda til þess að fá óskoraða eignarheimild, en tillitið til þeirra, sem kynnu að hafa betri rétt en beiðandi, er ekki borið fyrir borð, þar sem boðið er að birta áskorun þessa með tryggilegum hætti, enda er það langoftast svo, að sá, sem fer með eignarráðin, er raunverulega eigandi eignar.

Samkv. 51. gr. eyðast þeir agnúar einir, sem varða eignarheimild eiganda. Í 51. gr. felst ekki úrræði til að eyða ágöllum, sem stafa af því, að aðili hefur ekki fengið lóðarréttindi viðurkennd að eign sinni, eða ágöllum, sem varða skipulags- og byggingarmálefni kaupstaða eða kauptúna.

Erfingjar manns, bú hans eða maki, sem situr í óskiptu búi, geta að sjálfsögðu nýtt sér heimild 51. gr., svo og þrotabú hans. Sameigendur gætu einnig í félagi aflað sér heimildar samkv. þessum ákvæðum, en jafnframt er þess að geta, að einn einstakur sameigandi gæti orðið sér úti um agnúalausa heimild eftir þessum reglum, að því er eignarhlut hans varðar.

Úrlausn á því hvort maður fari með eignarráð eignar, á undir þinglýsingardómara. Skiptir könnun á hinni raunhæfu aðstöðu þar öllu máli, og þyrfti dómari vitanlega að ganga eftir skilríkjum um það efni. Ef einhver vafi er í því efni, ætti dómari að synja um atbeina sinn, en benda aðilja á úrræði 220. gr. l. 85/1936.

Þegar áskorun hefur verið gefin út, er tvennt til, annaðhvort gefur enginn rétthafi sig fram við dómara eða einhver kemur fyrir hann og andmælir tilkalli beiðanda. Í fyrra tilvikinu skráir dómarinn athugasemd um, að eignarheimild sé í lagi með stoð í ákvæðum 51. gr. Þetta ákvæði hefur verið framkvæmt svo í Noregi, að dómari hefur gefið út sérstaka yfirlýsingu um þetta efni í þinglýsingarformi, og hefur aðili síðan látið þinglýsa þeirri yfirlýsingu. Mun það vera heppileg framkvæmd mála. Ef tiltekinn maður gefur sig fram við dómara og kveðst hafa betri rétt en beiðandi, getur þinglýsingardómari ekki leyst úr máli, heldur verður það að fara venjulegu dómstólaleiðina.

Úrlausnir þinglýsingardómara út af 51. gr. sæta kæru til Hæstaréttar samkv. almennu ákvæðunum í 3. gr. frv.

Ef aðili fær óskoraða eignarheimild samkv. 51. gr., verður réttarstaða hans söm og verið hefði, ef hann hefði fengið eignarheimild sína skráða samkv. ákvæðum þessa frv., ef lögfest verða. Nú er hugsanlegt, að tiltekinn aðili gefi sig fram eftir að eignarheimild hefur verið lagfærð samkv. 51. gr. og telji sig hafa betra rétt á eigninni. Þinglýsingardómari getur þá ekki þinglýst neinu um þá kröfu, nema með samþykki hins þinglýsta eiganda. Ef hinn þinglýsti eigandi vill ekki sinna kröfunni, verður að fara dómstólaleiðina til að fá úrlausn á þessum ágreiningi. Dómsniðurstöðunni er síðan unnt að þinglýsa, ef dómur gengur stefnanda í vil. Þótt svo fari, að stefnandi vinni málið, er ljóst, að þeir, sem semja við hinn

þinglýsta eiganda og grandlausir eru, vinna rétt með þeim samningi, sbr. 33. gr. 1. málsgr. Aðili sá, sem talinn er eigandi með dómi, verður að standa að baki slíkum rétthafa, en til greina kæmi, að hann ætti bótarétt samkv. 49. gr. frv.

Ef aðili byggir rétt sinn til eignar á hefð, eiga ákvæði 51. gr. 1. og 2. málsgr. að sjálfsögðu ekki við.

Í 3. málsgr. 51. gr. er tekið fram, að fara skuli eftir ákvæðum 220. gr. l. 85/1936, ef mann brestur þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum. Dómur í eignardómsmálinu getur að sjálfsögðu verið grundvöllur undir þinglýsingu, ef því er að skipta. Athygli er vakin á því, að 51. gr. 3. málsgr. rýmkar svo efni 220. gr. l. 85/1936, að hún nær einnig til skrásettra loftfara.

Samkvæmt 52. gr. 3. málsgr. nýtur sá, sem fer með eignarráð að lóðarréttindalausri eign, ekki hagræðis af ákvæði 51. gr.

Um 52. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. málsgr. eru rædd hér að framan í almennum athugasemdum við IX. kafla.

Um efni 3. málsgr. skal á það bent, að í Reykjavík og sjálfsagt víðar á landinu eru margar húseignir, sem ekki fylgja venjuleg fullkomin þinglýst lóðarréttindi, og hefur eignum þessum fjölgað mjög á síðari árum. T. d. er svona ástatt um heil hverfi í Reykjavík, og stafar það m. a. af því, að skipulag á tilteknum svæðum hefur eigi verið endanlega ákveðið. Við gildistöku laga þessara myndi þinglýsingadómara oft vera mikill vandi á höndum í sambandi við meðferð skjala, er eignir þessar varðar, ef hann ætti oft við erfiða aðstöðu að skera úr um, hvort í viðkomandi tilfelli væri um fullkomna fasteign að lögum að ræða eða ekki, og mætti því búast við fjölmörgum kærumálum í sambandi við eignir þessar. Er brotaminna og hagkvæmara að skipa eignum þessum í sérflokk, og láta skjöl, er eignir þessar varða, sæta sömu meðferð og nú tíðkast, þ. e. að beita athugasemd í stað frávísunar, þar sem það á við. Eigendur ofangreindra eigna eru oft illa settir. Þeir geta t. d. ekki fengið venjuleg fasteignalán í lánastofnunum og venjulegast myndu eigendur þessara eigna ekki hafa eignir sínar án þinglýstra lóðarréttinda, ef þeir ættu annarra kosta völ.

Óeðlilegt þykir, að eigendur ofangreindra eigna geti notið hagræðis 51. gr. laganna.

Um 53. og 54. gr.

Sjá athugasemdir við 34. gr. frv. og í almenna þættinum um IX. kafla frv.

Um 55. og 56. gr.

Á það skal bent, að flutt hefur verið á Alþingi frv. til laga um breyting á siglingalögum nr. 56/1914, og er gert ráð fyrir breytingum á 5.—11. gr. laganna í því frumvarpi. Ekki þótti ástæða til að breyta 40.—42. gr. í þessu frv. þrátt fyrir tilkomu greinds frumvarps, enda gætir ekki mjög ósamræmis milli þessarra tveggja frv.

Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringa, en eins og fyrr greinir eru flutt 10 frv., sem standa í tengslum við þetta frv. og fela í sér breytingar á öðrum lögum.

Ed. 411. Frumvarp til laga [154. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

„Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifjár, sem jörð er lagt til eftir 2. gr.“

2. gr.

Lokaorð 30. gr. laganna orðist svo:

„Gerningur þessi er háður þinglýsingu.“

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Er lagt til, að orðalagi á tveimur greinum í lögum um ættaróðal og erfðaábúð sé breytt til samræmis við reglur þær, er felast í greindu frv. til laga um þinglýsingar.

Ed. 412. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

37. gr. 1. málsgr. 2. málsliður laganna orðist svo:

„Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á varnarþingi fasteignar, skrásetts skips, bifreiðar eða loftfars, og hennar skal getið á verzlanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verzlanaskrá.“

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til l. um þinglýsingar. Í því frv. er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. við ýmiss konar aðgerðir skuldheimtumanna, sbr. V. og VI. kafla frv. Þykir því rétt að leggja til, að 37. gr. laga nr. 19/1924 sé breytt til samræmis við þær reglur, er felast í frv. til þinglýsingarlaga.

Ed. 413. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:
„Skiptagerðum samkvæmt lögunum skal þinglýsa.“

2. gr.

Úr 2. málsgr. 16. gr. falla brott orðin:
„Skiptagerð þessari skal þinglýsa.“

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til l. um þinglýsingar. Felst í því sú breyting ein, að skiptagerðir eftir landskiptalögunum séu yfirleitt háðar þinglýsingu, en gleggra þykir að haga orðalagi svo, sem hér er lagt til, heldur en er eftir lögunum, eins og þau eru nú.

Ed. 414. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. marz 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

18. gr. 2. málsl. laganna orðist svo:
„Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skrásettu skráningarskyldu skipi, skrásettu loftfari og bifreið, nema kyrrsetningin hafi verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetninguna hafi verið á þau skráð.“

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Hér er lagt til, að lögum um kyrrsetningu og lögbann verði breytt til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu.

Ed. 415. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

11. gr. 3 málsgr., 2. málsl. laganna orðist svo:

„Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign, skrásett skip, bifreið eða loftfar, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða er getið í verzlanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn eftir atvikum á varnarþingi fasteignar, skips, bifreiðar eða loftfars og í verzlanaskrá. Enn fremur skal skrá athugasemd um úrskurðinn á viðskiptabréf, sem eru í eigu hins lögræðissvipta manns."

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar, og er efni þessa frv. að færa ákvæði laga um lögræði til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu. Aðalbreytingin er fólgin í því, að lagt er til, að greind verði í 11. gr. bæði bifreiðar og loftför, þannig að skrá skuli úrskurð á varnarþingi loftfars og bifreiðar, ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi slíkra verðmæta. Þótt efnisbreytingin í 11. gr. 3. málsgr. laga 95/1947 sé tiltölulega lítil, hefur þótt gleggra að taka málsgreinina alla upp í 1. gr. frv. þessa

Ed. 416. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

46. gr. laganna orðist svo: „Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign, skráningarskyldu skipi, skrásettum bifreiðum og loftförum er háður þinglýsingu samkvæmt lögum um þinglýsingar."

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv., sbr. einkum V. og VI. kafla þess, er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. þegar til réttinda er stofnað fyrir aðför. Þykir því rétt að leggja til, að 46. gr. aðfararlaganna sé breytt til samræmis við þær reglur, sem fram koma í frv. til þinglýsingarlaga.

Ed. 417. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

„Nú er beiðzt þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, unz sönnur eru færðar á, að leyfi sé veitt.“

2. gr.

Orðin „borizt skýrsla samkv. 3. gr., eða hefir á annan hátt“ í upphafi 4. gr. sömu laga falli brott.

3. gr.

4. gr. 2. málsgr. orðist svo:

„Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt, sem unnt er.“

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv. er reynt að sporna við því, að skjölum sé þinglýst, með því að rita á þau athugasemdir um agnúa, sem eru á þeim. Er lagt til í frv. þessu, að lögum nr. 63/1919 verði breytt til samræmis við þær tillögur, sem felast í framangreindu lagafrumvarpi um þinglýsingar.

Ed. 418. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi „í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.“

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv., sbr. einkum 22. gr., er gert ráð fyrir því, að þinglýsingarskjöl verði staðfest af þeim aðilum, er greinir í 1. gr. frv. þessa, og þykir þá rétt að leggja til, að 15. gr. lögtakslaganna verði breytt til samræmis við þinglýsingarreglurnar almennu.

Ed. 419. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

„Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.“

2. gr.

4. gr. 2. málsgr. sömu laga orðist svo:

„Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.“

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í frv. er lagt til, að orðalagi sé breytt lítið eitt á tveimur ákvæðum laga nr. 41/1919, og er það nánast til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu. Rétt er að benda á, að samkv. 2. gr. frv. er miðað við það, að dómi um landamerki sé þinglýst innan fjögurra mánaða frá uppsögn hans, og þykir sú regla heppilegri en regla 4. gr. laga 41/1919, eins og hún er nú.

Ed. 420. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 35. 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

8. gr. 5. málsl. laganna orðist svo:

„Leyfisbréfið sendir ráðherra þinglýsingardómara til þinglýsingar og skal dómari skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni, ef þeir eru kunnir.“

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. jan. 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingu. Í frv. er lagt til, að efni laga um bæjanöfn o. fl. verði fært til samræmis við þær reglur, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu.

Ed. 421. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

c-liður 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Sameignarfélög og samlög, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög. Slík tilkynning skal hafa borizt firmaskrá í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi, eða innan þriggja mánaða, eftir að félag hóf rekstur sinn. Að öðrum kosti skal öllum tekjum og eignum slíks félags skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra og/eða viðskiptaveltu í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. Félagi, sem skrásett hefur verið sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt framansögðu, er ekki heimilt að taka síðar upp þá reglu að skipta tekjum eða eign til skatts.

2. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.

3. gr.

h-liður 10 gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.

Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsgr. þessa stafliðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

4. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1959.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958. Jafnframt eru úr gildi fallnir b-liður 1. gr. og a-liður 4. gr. laga nr. 36/1958.

Nd. **422. Frumvarp til laga** [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna lagningar Siglufjarðarvegar (ytri), Strákavegar.

Flm.: Áki Jakobsson, Gunnar Jóhannsson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 12 millj. kr. til þess að greiða kostnað af lagningu Siglufjarðarvegar (ytri), Strákavegar, og þaðan að Stafá, og verði við það miðað, að lokið verði vegagerð þessari á næstu 4 árum.

2. gr.

Lán það, er um getur í 1. gr., skal greitt af framlögum til Siglufjarðarvegar (ytri), Strákavegar, og Siglufjarðarvegar á fjárlögum ár hvert. Til lántöku þessarar og vegalagningar skal þó eigi stofnað, nema því aðeins að Siglufjarðarkaupstaður og Skagafjarðarsýsla ásamt Sauðárkróki taki að sér allar vaxtagreiðslur af láninu samkvæmt samkomulagi þeirra sín á milli.

3. gr.

Til þess að standa undir vaxtagreiðslum er Siglufjarðarkaupstað og Skagafjarðarsýslu ásamt Sauðárkróki heimilt að leggja gjald á allar þær bifreiðar og vélknúin farartæki, sem fara um bílgöngin í Strákafjalli, og skulu gjöld þessi ákveðin með sérstakri gjaldskrá, sem þessir aðilar setja, en ráðherra sá, sem fer með samgöngumál, staðfestir.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. hvíla með lögveði á gjaldskyldum bifreiðum og öðrum vélknúnum farartækjum, og er heimilt að svipta þau skrásetningarnúmeri, þar til gjaldið er greitt.

Gjöld samkvæmt lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, eru lögtakskræf.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10000 kr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að því að leggja veg frá Siglufirði út fyrir Stráka og byggja þar bílgöng til þess að tryggja Siglufjarðarkaupstað samband við vegakerfi landsins árið um kring. Þetta mál er mjög aðkallandi, bæði fyrir Siglfirðinga og Skagfirðinga, og er ríkjandi mikill áhugi fyrir því, að þessu verki verði hraðað sem mest. Stærsta átakið við lagningu þessa vegar eru bílgöng þau, um 900 m löng, sem þarf að gera í fjallinu Strákar fyrir utan Siglufjarðarkaupstað. Gerð bílganganna er stórvirki, sem ekki er hægt að vinna í smápörtum, svo sem gera þyrfti, ef eingöngu væri unnið fyrir fjárveitingu hvers árs fyrir sig. Því hefur sú hugmynd komið upp, að leitazt verði við að afla lánsfjár til þess að vinna þetta verk fyrir, og vilja bæjar- og sýslufélög þau, sem hlut eiga að þessu máli, taka að sér að greiða vexti af væntanlegu láni, gegn því að þau fái að leggja skatt á hverja bifreið, sem fer um hin væntanlegu bílgöng, til þess að geta staðið undir vaxtagreiðslunni.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt í því skyni að afla nauðsynlegra heimilda til framangreindrar lántöku. Flm. hafa orðið sammála um að láta heimild laganna um lántöku ná til vegagerðarinnar allrar frá Siglufirði að Stafá á mörkum Fljóta og Sléttuhlíðar. Myndi þetta í framkvæmdinni verða þannig, að fjárveitingar til Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar) og Siglufjarðarvegar verði notaðar jöfnum höndum til þess að ljúka allri vegagerð þessari ásamt væntanlegu lánsfé. Þegar til lántökunnar kemur, þurfa svo bæjarstjórnirnar og sýslunefndin, sem hlut eiga að máli, að koma sér saman um, hvernig þær skipta ábyrgðinni á vaxtagreiðslunum milli sín.

Sem fylgiskjal með greinargerð þessari birtum við svo álitsgerð vegamálastjóra um byggingu Strákavegar og bréf það, sem bæjarstjórinn á Siglufirði hefur ritað flm. Þá er og birt sem fylgiskjal símskeyti, sem þingmönnum Skagfirðinga hefur borizt frá sýslumanni Skagfirðinga.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 11. marz 1959.

Siglufjarðarvegur ytri.

Með tilvísun til viðræðna alþingsmannanna Áka Jakobssonar, Gunnars Jóhannssonar og bæjarfulltrúanna Ragnars Jóhannessonar og Stefáns Friðbjarnarsonar við mig og Snæbjörn Jónasson verkfræðing á vegamálaskrifstofunni hinn 10. þ. m., þá hef ég látið athuga lauslega, hvernig heppilegast væri að haga framkvæmdum við Siglufjarðarveg ytri, ef lánsfé væri fyrir hendi til þess að vinna verkið á hagkvæman hátt.

Haustið 1956 var heildarkostnaður við byggingu Siglufjarðarvegar ytri áætlaður á 10.0 millj. kr., ef hægt væri að vinna verkið nokkurn veginn í samhengi, þ. e. vinna göngin strax í fullri breidd og halda nokkuð viðstöðulaust áfram. Miðað við þessa áætlun skiptist kostnaður þannig:

Jarðgöng	6.7	millj. kr.
Vegagerð	2.0	— —
Brýr	1.3	— —
Alls	10.0	millj. kr.

Árin 1957 og 1958 var unnið að vegagerð frá Siglufirði að mynni jarðgangnanna Siglufjarðarmegin, byggð brú á Selgil og unnið mikið við sprengingar og hreinsun á skriðum við mynni jarðgangnanna. Endanlegir reikningar um kostnað á s. l. ári liggja ekki fyrir enn þá, en heildarkostnaður bæði árin mun væntanlega vera þessi:

Brú á Selgil	200	þús. kr.
Vegagerð, sprengingar og undirbúningur	870	— —
Keypt bortæki o. þ. h.	120	— —
Alls	1190	þús. kr.

Til þessara framkvæmda hefur verið veitt fé, svo sem hér segir:

Í fjárlögum 1957 og 1958	1.0	millj. kr.
Af smábrúafé í Selsgil	0.2	— —
Af benzínfé 1958	0.1	— —
Alls	1.3	millj. kr.

Kostnaður við að ljúka því verki, sem eftir er, áætlast nú þannig, miðað við núverandi verðlag (vísit. 175):

Brýr (4 smábrýr + 2 stærri brýr)	1.2 millj. kr.
Jarðgöng	8.6 — —
Vegagerð	2.7 — —
	Alls 12.5 millj. kr.

Verðhækkanir, sem orðið hafa við framkvæmdir sem þessar síðan 1956, eru sem næst 25%. Þar við bætist, að nauðsynlegt hefur þótt að hækka kostnaðaráætlun um veginn nokkuð af fenginni reynslu við vegagerð í skriðunum út frá Siglufirði. Hefur komið í ljós, að skriður þessar eru mun erfiðari viðfangs en ætla mátti vegna þess, hve leirbornar og grýttar þær eru. Það samfara vatnsaga undan brekkunum hefur gert verkið mun erfiðara og dýrara en ætlað var. Búast má við því, að eitthvað af skriðunum handan við Stráka sé sama eða svipaðs eðlis. Þá má geta þess, að síðan áætlunin frá 1956 var gerð, hafa verið settar nýjar reglur um gerð vega, og er nokkur verðhækkun af þeim sökum. Þá er nú reiknað með því, að göngin verði höfð aðeins víðari en áður, til þess að hægt yrði að nota hentuga vélskóflu við að moka grjótinu.

Áður en ég vík að tilhögun framkvæmda, er rétt að taka það fram, að eitt mesta vandamálið við byggingu vegarins er það, að með öllum veginum er ekki vitað um neina hentuga námu af nothæfri möl í slitlag á veginn. Á Siglufirði er hvergi til hentugt efni í slitlag á vegi, og norðan Siglufjarðarskarðs er engin nothæf malargryfja fyrr en við Ketilás í Fljótum. Vonir standa til, að í Mánárskriðum sé eitthvað af nothæfu efni, en búast má við, að það sé svipaðs eðlis og skriðurnar innan við Stráka, þ. e. leirbornar og grýttar. Efni þetta mætti þó með töluverðum tilkostnaði mylja sem slitlag í veg. Af þessum sökum yrði ekki hægt að byrja að fullgera veginn frá Heljartröð að mynni jarðgangna norðan Stráka, fyrr en búið væri að undirbyggja veg út í Mánárskriður. Á leiðinni þangað frá Heljartröð má þó væntanlega fá eitthvað af malarrusli, svo að hægt yrði að gera undirbyggingu vegarins þannig úr garði, að komast mætti eftir henni með nauðsynlegustu flutninga af vélum, sem ynnu að undirbyggingu vegarins, og efni í brýrnar, sem byggja þarf.

Sjálf jarðgöngin, sem nú eru áætluð á 8.6 millj. kr., má vinna á einu ári með tvískiptum vöktum, og yrði það vafalaust ódýrasta lausnin á þeim hluta verksins. Þar sem vextir af þeirri upphæð nema um 600 þús. kr. á ári, sem er meira fé en veitt hefur verið til vegarins í fjárlögum undanfarin ár, þá væri sjálfsagt að byggja þau sem síðasta áfangann, og kæmist vegurinn þá í notkun, um leið og þeim væri lokið.

Kostnaður við að byggja veginn frá Heljartröð að jarðgöngum án brúnna er nú áætlaður á 2.4 millj. kr. Þar af er undirbygging með nauðsynlegum lagfæringum, eins og að framan greinir, um 1.5 millj. kr. Það verk væri hæfilegt að vinna á 2 árum. Þyrfti til þess 3 stórar jarðýtur, miðað við, að unnið væri í 4 mánuði á ári og í tvískiptum vöktum helminginn af þeim tíma. Eftir fyrsta árið mætti hefja vinnslu malar í slitlag í Mánárskriðum, ef mögulegt reynist, og byggja þá og á þriðja ári brýrnar. Á þriðja ári yrði síðan lokið mölburði vegarins og jarðgöngum.

Til þess að fylgja þessari áætlun þyrfti fjármagn að vera fyrir hendi á hverju ári svo sem hér segir:

	Til vegar	Til brúa
1. ár Undirbygging að Mánárskriðum ...	750 þús. kr.	
2. — Undirbygging Mánárskriðu—Strákar .	1000 — —	750 þús. kr.
3. — Yfirbygging vegar	950 — —	450 — —
Jarðgöng fullgerð	8600 — —	
	11300 þús. kr.	1200 þús. kr.

Ef fjárveitingar fengjust fyrstu 3 árin, sem svarar kostnaði við byggingu vegarins og brúnna, þyrfti seinasta árið að taka lán fyrir byggingu jarðgangnanna, eða 8.6 millj. kr.

Það skal tekið fram, að vegagerðin hefur eins og er ekki vélakost til þess að framkvæma þessa áætlun og mjög vafasamt, að hægt yrði að fá leigðar jarðýtur nægjanlega stórvirkar til verksins. Með því að vinna undirbyggingu vegarins frá Heljartröð að Strákum á 3 árum þyrfti 2 stórar ýtur, og yrði það trúlega mun auðveldara viðfangs.

Ef vinna ætti jarðgöngin í ákvæðisvinnu, sem gæti verið mjög hagkvæmt, þar sem til eru verktakar í landinu, sem hafa nauðsynleg tæki og reynslu til slíks verks, þá má væntanlega hækka áætlaðan kostnað við byggingu þeirra um 20%, eða í 10.3 millj. kr. Stafar það af því, að greiða yrði 9% gjald til framleiðslusjóðs, þar sem um ákvæðisvinnu er að ræða, og auk þess yrði verktaki að ætla sér a. m. k. 10% í áhættu og hagnað.

Ef um ákvæðisvinnu á jarðgöngunum yrði að ræða, er mjög nauðsynlegt, að unnt yrði að byrja aðeins á göngunum, áður en verkið yrði boðið út, til þess að glögg mynd fengist af gerð bergsins í göngunum. Bergið við mynni gangnanna Siglufjarðarmegin er mjög fúið og lélegt, en líkur eru fyrir því, að það sé mun betra, þegar komið er um 15—20 metra. Annars mundi væntanlegur verktaki ætla sér verulega hærra verð vegna lélegs bergs.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri.

Fylgiskjal II.

BÆJARSTJÓRINN SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 8. apríl 1959.

Hér með sendum vér yður, herra alþingismaður, ályktun, sem gerð var í bæjarráði Siglufjarðar þ. 3. apríl s. l. og samþykkt í bæjarstjórn Siglufjarðar þ. 6. apríl s. l.

Ályktunin er þannig:

Bæjarráð fellst á það álit vegamálastjóra, hr. Sigurðar Jóhannssonar, að heppilegt væri að ljúka við lagningu Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar) á næstu þrem árum.

Bæjarráð samþykkir því að leggja til við bæjarstjórn Siglufjarðar, að hún samþykki:

að fara þess á leit við ríkisstjórn og Alþingi, að tekið verði lán allt að kr. 10.3 milljónum til að greiða kostnað við gerð jarðgangnanna gegnum Stráka, en lán þetta endurgreiðist aftur af framlagi því, sem veitt verður á fjárlögum til vegarins á næstu árum, eftir að lánið verður tekið.

að bæjarsjóður Siglufjarðar taki á sig, einn eða ásamt öðrum, að greiða vexti af láni þessu, en ábyrgð þessi verði bundin því skilyrði, að bæjarsjóði Siglufjarðar verði með lögum heimilað að leggja vegarskatt á bifreiðar, er fara um jarðgöngin.

að fara þess á leit við þingmennina Áka Jakobsson, Gunnar Jóhannsson og þingmenn Skagfirðinga, að þeir í samráði við ríkisstjórnina og vegamálastjóra flytji á Alþingi frumvarp til laga um fyrrnefnda lántöku og vegaskatt.

Þá var einnig eftirfarandi ályktun gerð á fundi í Bílstjóradeild Verkamannafélagsins Þróttar þ. 5. apríl s. l.:

Fundur í Bílstjóradeild Þróttar, 5. apríl 1959, er því meðmæltur, að lagt verði aukagjald á allar bifreiðar, sem aka um Strákajarðgöngin. Lítur fundur-

inn svo á, að heppilegast væri, að eitt gjald væri sett fyrir hverja bifreið, sem um göngin fer hverju sinni, hvers konar bifreið sem um er að ræða.

Áhugi fyrir máli þessu er mjög mikill, og telja menn, að það sé eitt hið þýðingarmesta mál fyrir Siglufjörð og nágrannabyggðirnar, að Siglufjarðarvegur ytri komist sem fyrst í samband við þjóðvegakerfið. Væntum vér þess, að þér gerið það, sem í yðar valdi stendur, til þess að svo megi verða.

Virðingarfyllst,

bæjarstjórinn á Siglufirði,

Sigurjón Sæmundsson.

Fylgiskjal III.

(Símskeyti.)

Sauðárkrókur, 19. apríl 1959.

Þingmenn Skagfirðinga, Alþingi, Reykjavík.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samþykkti á fundi sínum í gær að veita ábyrgð sýslusjóðs fyrir greiðslu vaxta af lánum allt að kr. 1 000 000, er Vegagerð ríkisins ætlar að taka á þessu ári og næsta ári vegna framkvæmda á Siglufjarðarvegi frá Stafá að Haganesvík.

Ábyrgðin er bundin þessum skilyrðum:

1. Að á verði lagður skattur af umferð um fyrirhuguð jarðgöng á Siglufjarðarvegi og hluta af skattinum verði varið til að standa undir vöxtum af framangreindum lánum hlutfallslega eftir þeim kostnaði, sem fellur á vegakaflann frá Stafá að Haganesvík miðað við heildarkostnað vegagerðar frá Stafá að Siglufirði.
2. Að byrjað verði á framkvæmdum þessum á sumri komanda og þeim lokið á næsta ári.

Oddvita sýslunefndar falið umboð til að ganga frá ábyrgðinni f. h. sýslunefndar. Bæjarstjórn Sauðárkróks hefur tilkynnt sýslunefnd, að hún veiti einnig ábyrgð bæjarsjóðs fyrir téðum vaxtagreiðslum.

Sýslumaður.

Ed. 423. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni og Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsgr. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs, miðað við 6‰ fasteignamatsverðs lands og lóða og 3‰ fasteignamatsverðs húsa. Að öðru leyti skal við skiptinguna aðallega miðað við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundraðshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

Sþ. 424. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 391 og 393 [Fjárlög].

Frá Eysteini Jónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við brtt. 391,18. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnarmannvirki og lendingarbætur).
   a. Við 10. (Búðareyri).
      Fyrir „50 000“ kemur 150 000
   b. Við 13. (Eskifjörður).
      Fyrir „100 000“ kemur 150 000
2. Við brtt. 393,30. 5. (Við 20. gr. Út. IX. — Norðfjarðarflugvöllur)
   Fyrir „300 000“ kemur 800 000

Sþ. 425. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 391 [Fjárlög].

Frá Eysteini Jónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við tölul. 28,a. 15. (Við 14. gr. A. XI. 27. — Eiðaskóli).
Fyrir „136 500“ kemur 436 500

Nd. 426. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 4. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 5. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 6. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar. 7. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 8. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 9. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarbraut. 10. Þá lína í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar. 11. Þaðan í Lækjarbotna. 12. Þá í Gráhellu. 13. Þaðan í miðjan Ketshelli. 14. Eftir Selvogsmanna-

eða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 15. Þaðan bein lína í Markraka. 16. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 17. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns. 18. Með norðurbrún Kapelluhrauns að Keflavíkurvegi. 19. Meðfram Keflavíkurvegi suður fyrir Kapelluhraun til sjávar.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 427. Lög [124. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 302.

Sþ. 428. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um útgáfu á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar.

Flm.: Emil Jónsson, Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar, að gefið skuli út safn blaðagreina eftir Jón Sigurðsson forseta, er komi út árið 1961, á 150 ára afmæli hans. Felur Alþingi ríkisstjórninni að leita samninga við Menntamálaráð Íslands um, að Bókaútgáfa menningarsjóðs standi fyrir útgáfunni gegn ríkisstyrk, er nemi kr. 100000.00 á ári í þrjú ár. Hagnaður sá, sem verða kann af útgáfu þessari, renni óskiptur í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

Greinargerð.

Árið 1961 verða liðin 150 ár frá fæðingu Jón Sigurðssonar forseta. Hlýtur það að teljast sjálfsögð ræktarskylda við minningu hans, að þess afmælis sé minnzt með viðeigandi hætti. Kemur þar eigi sízt til greina, að gefið verði út eitthvað af þeim gagnmerku ritverkum, sem eftir hann liggja. Hefur Menntamálaráð Íslands lagt til, að fyrir valinu verði blaðagreinar, en hann ritaði sæg þeirra í innlend og erlend blöð. Eru þær dreifðar víðs vegar og ýmsar lítt kunnar hér á landi. Má í því sambandi vekja athygli á þeirri staðreynd, að á árunum 1862—1871 var Jón Sigurðsson leynilegur fréttaritari norska blaðsins „Christiania Intelligentssedler". Þetta blaðamennskustarf Jóns Sigurðssonar fór svo leynt, að aldrei komst upp um hans daga. Blaðagreinar þessar, sem eru á fjórða hundrað talsins, bregða að mörgu leyti nýrri birtu á pólitíska starfsemi Jóns Sigurðssonar. Þær fjalla margar um dönsk stjórnmál á þeim árum, sem Danir voru að missa hertogadæmin úr höndum sér, og fær Jón þarna tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar á dönskum stjórnmálum og utanríkisstefnu. Það verður einnig ljóst af greinum þessum, að Jón Sigurðsson hefur haft afar mikla þekkingu á evrópskum utanríkismálum og séð lengra og dýpra en flestir danskir stjórnmálamenn honum samtíða. Að öðru leyti fjalla greinarnar allmikið um íslenzk málefni, auk þess sem þar er vikið að flestu, sem fréttnæmt mátti

telja á sviði bókmennta, vísinda og lista. Greinar þessar eru ekki til hér á landi, og við þær hefur ekki verið stuðzt í hinni miklu ævisögu Jóns né öðrum ritum um hann. Er hér því um að ræða nálega alóþekkan þátt í ævi stjórnmálamannsins og rithöfundarins Jóns Sigurðssonar.

Auk þessa greinabálks er í fjölda erlendra og innlendra blaða að finna gagnmerkar greinar eftir Jón Sigurðsson, þar sem hann fjallar um margvísleg efni, er Ísland varða, stjórnmál, atvinnumál, menntamál, sögu, bókmenntir o. m. fl.

Gera má ráð fyrir, að blaðagreinar Jóns Sigurðssonar ásamt nauðsynlegum skýringum fylli þrjú allstór bindi, um 500 bls. hvert. Heildarkostnaður við útgáfu þessara þriggja binda er áætlaður kr. 750000.00—800000.00. Hefur stjórn Bókaútgáfu menningarsjóðs samþykkt að annast útgáfuna gegn fjárhagsstyrk þeim, sem tilgreindur er í þingályktunartillögu þessari.

Verði hagnaður á útgáfunni, þykir fara vel á því, að hann renni í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar". Tilgangur þess sjóðs er að verðlauna vel samin vísindarit, er lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum. Er þess full þörf, að sjóður þessi, sem var stofnaður með dánargjöf Jóns Sigurðssonar, verði efldur, svo að hann geti gegnt hlutverki sínu. Sjóðurinn er nú rúmar 30000.00, ársvextir rúmar 1500.00, en vöxtum einum má verja til verðlauna.

Sþ. 429. Skýrsla

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A. Skýrsla um tekjur og gjöld frá 1. jan. 1957 til 31. des. 1958.

Tekjur:

1. Eign 1. janúar 1957:			
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr.	14000.00	
Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
Verðbréf með ríkisábyrgð	—	5000.00	
Sparisjóðsinnstæða	—	8817.05	
			kr. 30817.05
2. Vaxtatekjur:			
Af veðdeildarbréfum	kr.	1400.00	
— ríkisskuldabréfum	—	300.00	
— verðbréfum með ríkisábyrgð	—	650.00	
— sparisjóðsinnstæðu	—	871.77	
			— 3221.77
			Kr. 34038.82

Gjöld:

1. Auglýsingakostnaður			kr. 345.80
2. Eign í árslok 1958:			
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr.	14000.00	
Ríkisskuldabréf	—	3000.00	
Verðbréf með ríkisábyrgð	—	5000.00	
Sparisjóðsinnstæða	—	11693.02	
			— 33693.02
			Kr. 34038.82

Menntamálaráðuneytið, 30. janúar 1959.

F. h. r

Birgir Thorlacius.

B. **Skýrsla frá verðlaunanefnd.**

Um störf verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar árin 1957 og 1958 er í stuttu máli það að segja, að hún auglýsti, svo sem venja hefur verið, eftir ritgerðum, er til greina gætu komið við úthlutun verðlauna úr gjafasjóðnum. Engin ritgerð eða umsókn barst nefndinni á tilskildum tíma, enda voru engin verðlaun veitt.

Reykjavík, 21. apríl 1959.

F. h. nefndarinnar,

Þorkell Jóhannesson

Nd. 430. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Minni hluti stjórnarskrárnefndar hélt því fram í nefndinni, að misráðið væri að breyta á þessu þingi 31. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um kjördæmaskipun, án þess að jafnframt væri lokið endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild. Færði minni hlutinn rök að því, að eðlilegast væri að gera nú gangskör að því á þessu ári að ljúka endurskoðunarstarfinu, svo að hægt væri að afgreiða nýja lýðveldisstjórnarskrá á Alþingi á öndverðu ári 1960 eða — sem minni hl. telur æskilegt — fela þá afgreiðslu sérstöku stjórnlagaþingi, sem kosið yrði til að fjalla um stjórnarskrána eina.

Stjórnarskrárbreyting sú, sem gerð var við stofnun lýðveldisins 1944, var bráðabirgðaráðstöfun. Þá voru þær breytingar einar gerðar á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, sem voru beinlínis óhjákvæmilegar þá þegar vegna slita sambandsins við Danmörku. Alveg samtímis var ákveðið að endurskoða stjórnarskrána í heild — semja lýðveldisstjórnarskrá — og voru til þess settar tvær nefndir, skipaðar 20 mönnum samtals. Fyrsta ríkisstjórnin, sem mynduð var á Alþingi eftir stofnun lýðveldisins, lýsti yfir því 21. okt. 1944 sem stefnu sinni, að endurskoðuninni yrði lokið „eigi síðar en síðara hluta næsta vetrar". Af því varð þó ekki. Árið 1947 var skipuð ný sjö manna nefnd til þess að framkvæma endurskoðunina eða ljúka henni. Sú nefnd hefur ekki beðizt lausnar og ekki heldur verið leyst frá störfum né önnur sett í stað hennar. Ekki er heldur neitt bókað um það í gerðarbókum hennar, að hún telji hlutverki sínu lokið. Tillögur komu fram í nefndinni og voru bókaðar, en hafa þar enga afgreiðslu hlotið. Má líta svo á, að þessi nefnd haldi enn umboði sínu og að henni beri að ljúka störfum, sérstaklega ef Alþingi lætur í ljós vilja sinn í þá átt.

Því hefur verið haldið fram, að ágreiningur eða áhugaleysi á Alþingi um lausn kjördæmamálsins (31. gr.) hafi tafið endurskoðunarstarfið. En snemma á þessum vetri var svo komið, að allir þingflokkar höfðu áhuga fyrir lausn kjördæmamálsins. Þá var sú stund upp runnin, að ekkert virtist lengur því til fyrirstöðu, að stjórnarskrárnefndin gæti tekið til óspilltra mála og bundið enda á starf sitt. Það ástand er óbreytt. Allir nefndarmenn væru nú án efa reiðubúnir til að vinna að lausn kjördæmamálsins í nefndinni og þá væntanlega stjórnarskrármálsins í heild, ef hún væri kölluð saman til fundar. Mikil undirbúningsvinna hlýtur að hafa verið leyst af hendi. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu, að nefndin geti lokið störfum í lok ársins 1959 eða jafnvel eitthvað fyrr.

Ef breytingar á 31. gr., um kjördæmaskipunina, verða samþykktar sérstaklega á þessu þingi, og færi svo, sem raunar er óvíst, að þær yrðu einnig samþykktar á

þingi í sumar og alþingiskosningar af þeirri ástæðu látnar fara fram tvisvar sinnum á þessu ári, er hætt við, að enn yrði löng bið á hinni marglofuðu endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild, þar sem aftur á móti nú er auðsætt, að hana mætti tryggja, ef breytingum væri frestað til næsta þings.

Á fundi í stjórnarskrárnefnd var hreyft því nýstárlega sjónarmiði, að rétt væri að slá heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á frest enn á ný, þangað til breytt hefði verið kjördæmaskipuninni og þar með skipun Alþingis frá því, sem nú er. Ekki var því hreyft af neinum, þegar endurskoðun var ákveðin á Alþingi 1944 og síðan hvað eftir annað af ríkisstjórnum. Þá var alltaf gengið út frá því, enda sjálfsagt, að Alþingi, eins og það er skipað, láti endurskoðunina fara fram og kveði á um hina nýju lýðveldisstjórnarskrá. Minni hlutinn telur því, að hér sé um undanbrögð að ræða, sem þjóðin geti ekki sætt sig við, enda ekki líkur til, að sú kjördæmaskipun, sem frv. gerir ráð fyrir, geti breytt svo flokkaskipun á Alþingi, að það geti haft áhrif, sem verulegu máli skipti, á meginefni stjórnarskrárinnar.

Minni hlutinn vill leggja áherzlu á það, að þjóðin hefur nú beðið eftir hinni nýju lýðveldisstjórnarskrá sinni í meira en 12 ár. Víðs vegar um land hefur verið mikill áhugi fyrir þessu máli og óánægja með dráttinn. Hreyft hefur verið nýmælum af ýmsu tagi á Alþingi og í ríkisstjórn, í stjórnarskrárnefndum, á fjórðungsþingum og í stjórnarskrárfélögum, sem og af mörgum einstaklingum, sem ritað hafa og rætt um málið. Slíkum nýmælum ber að sinna og taka afstöðu til þeirra við endurskoðun þá, sem heitið var fyrir löngu.

Það er ekki viðunandi, að eitt atriði, þótt áhrifaríkt megi teljast, sé tekið út úr endurskoðuninni og því ráðið til lykta með leynisamningum milli forustumanna þriggja þingflokka, eingöngu með tilliti til flokkssjónarmiða og í þeim tilgangi einum að stækka eða minnka þingflokka. Menn, en ekki flokkar, eiga þetta land og byggja það, og með tilliti til landsins og þeirra, sem byggja það nú og í framtíðinni, á að setja lýðveldinu stjórnarskrá og ákveða skipan þjóðþingsins.

Þeirrar skoðunar verður víða vart, að heppilegast sé, að Alþingi feli sérstaklega kjörnu stjórnlagaþingi að afgreiða stjórnarskrána, enda tæki hún þá gildi, þegar hún hefði hlotið samþykki við þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrir þeirri skoðun eru m. a. færð þau rök, að ef sérstaklega væri kosið til þings, sem ekki hefði öðrum málum að sinna en stjórnarskránni, mundu kjósendur taka afstöðu í þeirri kosningu með tilliti til stjórnarskipunarinnar einnar, — og sé það mjög frábrugðið því, sem á sér stað í alþingiskosningum, því að þá verði menn að taka afstöðu til margra mála í senn við kjör þingmanna, og vilji þá svo fara, að dægurmálin eigi meira rúm í hugum manna en stjórnarskipun ríkisins, sem þó er undirstaða allrar annarrar löggjafar og felur í sér m. a. hin almennu ákvæði um mannréttindi Íslendinga. En minni hlutinn er þess fýsandi, að stjórnarskrárnefndin athugi sérstaklega þær tillögur, sem fram hafa komið um þá aðferð við setningu stjórnarskrárinnar. Ef hún legði til, að sú aðferð yrði viðhöfð, — og Alþingi yrði sömu skoðunar, — mundi stjórnlagaþingið að sjálfsögðu fá í hendur þær tillögur að öðru leyti, sem nefndin kynni að vilja gera, — og gögn, sem í hennar vörzlu eru eða verða.

Um frv. það, sem fyrir liggur um breytingu á 31. gr. stjórnarskrárinnar (kjördæmaskipuninni), er það skoðun minni hlutans, að misráðið sé og varhugavert fyrir þjóðina að gera þær breytingar, sem það hefur í för með sér, ef að lögum verður í meginatriðum eins og það var lagt fram á Alþingi.

Með frv. er lagt til, að landinu öllu verði skipt í 8 stór kjördæmi, eitt 12 manna, tvö 6 manna og fimm 5 manna kjördæmi. Allir kjördæmakjörnir þingmenn, 49 talsins, verði kosnir hlutfallskosningu. Að lokinni kosningu í kjördæmum verði úthlutað 11 uppbótarsætum til þingflokka, en ekki „allt að 11“, eins og nú er ákveðið. Samkvæmt þessu verður tala þingmanna 60 í stað allt að 52 nú, og er ekki gert ráð fyrir, að sú tala geti lækkað. Hún yrði hin sama, þó að t. d. úrslit kosninga yrðu þau, að allir flokkar hefðu sömu atkvæðatölu á bak við kjörinn þingmann að meðaltali. Er með þessu stigið spor í þá átt að gera landið að einu

kjördæmi. Kom það og glöggt fram hjá þingmönnum, sem mæltu með frv. við 1. umr. þess, sem var útvarpsumræða, að þeir telja þetta frumvarp „áfanga“ á leið að takmarki, sem náð verði síðar. — Allir frambjóðendur á listum skulu vera löglega kjörnir varamenn.

Með frv., ef að lögum verður, eru 27 núverandi kjördæmi landsins lögð niður og þar með af þeim tekinn hinn sögulegi og heföbundni réttur þeirra til að eiga sérstaka fulltrúa á Alþingi, sem þau sjálf kjósa.

Þetta fyrirkomulag er — eins og það var orðað á Alþingi fyrir 17 árum — „rótfast frá byrjun stjórnskipunar þessa lands“. Þegar Alþingi var endurreist árið 1843, var landinu skipt í 20 einmenningskjördæmi, þ. e. 19 sýslukjördæmi og Reykjavík. Ekkert þessara kjördæma hefur misst rétt sinn til þingmanns. En sex af sýslunum eru nú tvímenningskjördæmi, og þrem sýslum hefur verið skipt í tvö einmenningskjördæmi hverri, bætt við fimm kaupstaðakjördæmum, en Reykjavíkurþingmönnum fjölgað úr einum í átta. Grundvöllur kjördæmaskipunarinnar frá öndverðri 19. öld er því óbreyttur enn þá, sýslurnar og stærsti kaupstaðurinn. En aðrir kaupstaðir, þéttbýlislandnám síðari tíma, hafa fengið kjördæmaréttindi smátt og smátt, hinir fyrstu 1903, hinn síðasti 1942, og höfuðstaðurinn nokkra fjölgun með tilliti til hins mikla fólksfjölda, sem þar hefur tekið sér bólfestu á síðari tímum.

Raddir hafa heyrzt um það, þótt fáar séu, að kjördæmaskipunin hafi við endurreisn Alþingis verið ákveðin af danskri stjórn og því ekki mikið upp úr henni að leggja. Athugasemdir af þessu tagi eru á misskilningi byggðar. Þessi kjördæmaskipun var svo sjálfsögð, að varla var um annað að ræða, enda engar líkur fyrir því, að Íslendingar hafi verið henni mótfallnir. Grundvöllur kjördæmaskipunarinnar hefur staðið óbreyttur, síðan Alþingi var endurreist. Kjördæmaskipunin er byggð á hinni fornu þinga- og goðorðaskipun þjóðveldistímans og íslenzkum staðháttum. Sum kjördæmanna svara til hinna fornu þinga, sum til eins eða tveggja goðorða, en bæði goðorðin og þingin voru ríki í ríkinu. Eftir þjóðveldistímann tóku sýslurnar við af hinum fyrri félagsheildum. Sýslu- og kaupstaðakjördæmi nútímans hafa í líkingu við hina fornu ríkishluta takmarkað sjálfstæði. Þau hafa sín landsréttindi. Eitt meginatriði þeirra landsréttinda — eða takmarkaðs sjálfstæðis — er rétturinn til að eiga sérstaka fulltrúa á Alþingi Íslendinga — og kjósa þessa fulltrúa sjálf án íhlutunar annarra landshluta.

Þetta fyrirkomulag hefur orðið til við sögulega þróun „neðan frá“, en er ekki sniðið eftir forskrift með valdboði „ofan frá“, eins og nú stendur til. Það er „rótfast“, hluti af hinum íslenzka þjóðlífsmeið, sem hefur staðið af sér eld og ísa og borið þau blöð, sem við köllum íslenzka menningu.

Þetta fyrirkomulag hefur reynzt skynsamlegt og hollt byggðarlögum landsins og þjóðinni í heild. Bent er á, að samt hafi verið fólksstraumur þaðan til höfuðborgarinnar og að víða hafi byggð ból lagzt í eyði. Þetta er rétt, en skortir rakagildi, því að samanburðinn vantar við það, sem hefði getað átt sér stað. En það er hægt að gera sér í hugarlund, hvernig farið hefði víða, ef byggðarlögin hefðu ekki endurheimt sín fornu landsréttindi, um leið og Alþingi endurheimti sín réttindi. Þetta hefur mönnum lengi verið ljóst. Þess vegna hafa menn af öllum flokkum í kjördæmunum óttazt það og kviðið fyrir, að koma kynni að því, að tekin yrðu upp fá stór kjördæmi eða landið gert að einu kjördæmi. Þess vegna hefur líka stærsti stjórnmálaflokkur þingsins vegna aðhalds úr kjördæmunum til skamms tíma lagt sig allan fram til að koma í veg fyrir, að því yrði trúað, að hann hefði í hyggju að leggja kjördæmin niður. Hefur við 1. umræðu þessa máls verið vitnað í ræður frá fyrri þingum þessu til sönnunar.

Þessi flokkur hefur nú slegið striki yfir fyrirheit sitt um andstöðu við stóru kjördæmin. Má telja, að einskis sé þá lengur örvænt úr þeirri átt, — á sínum tíma sé einnig hægt að gleyma því, að ástæða sé til að koma í veg fyrir, að landið verði gert að einu kjördæmi. Slíks er hollt að minnast við afgreiðslu þessa máls á Alþingi og annars staðar.

Ekki verður hjá því komizt að athuga nokkuð þau rök, sem færð eru fyrir afnámi núverandi kjördæma.

Í fyrsta lagi eru borin fram rök fyrir því, að breytingin sé nauðsynleg frá sjónarmiði þjóðarinnar í heild. Má það teljast skiljanlegt, að reynt sé að bera fram rök af því tagi.

Því er haldið fram, að fjölmennustu byggðarlögin, og þá einkum Reykjavík og önnur byggðarlög við Faxaflóa, eigi of fáa fulltrúa á Alþingi, miðað við fólksfjölda, og að þessi fulltrúafæð þeirra verði sérstaklega áberandi, þegar þess sé gætt, að tiltölulega mjög fámenn byggðarlög eigi þar fulltrúa. Varðandi síðara atriðið, fámennu kjördæmin, skal hér vísað til þess, sem sagt hefur verið hér að framan um hinn sögulega og hefðbundna rétt, takmarkað sjálfstæði eða landsréttindi innan ríkisheildarinnar. Um fyrra atriðið, fulltrúafæð hinna fjölmennustu byggðarlaga, er í fyrsta lagi það að segja, að það hefur til þessa verið viðurkennt af mörgum, og er jafnvel nú hálft í hvoru af flutningsmönnum frv., að ekki sé eðlilegt, að t. d. Reykjavík hafi fulltrúatölu algerlega í hlutfalli við fólksfjölda. En það er hægt að fjölga fulltrúum þéttbýlisins án þess að leggja niður núverandi kjördæmi. Það er hægt t. d. með því að taka upp ný kjördæmi, svipað því, sem fyrr hefur verið gert, og það er hægt að fjölga nokkuð þingmönnum í fjölmennustu kaupstöðunum. Þetta er ekki bylting. Þetta er söguleg þróun á þeim kjördæmaskipunargrundvelli, sem verið hefur. Breyting af þessu tagi væri mörgum að skapi, og með henni væri ekki verið að knýja fram réttarrán í fullri andstöðu við fjölda manna í landinu, sem nú telja ómaklega að sér vegið. Þessa leið vill minni hl. stjórnarskrárnefndar fara, ef málinu fæst ekki frestað. — Og til þess að reyna að vernda hinn forna íslenzka þingræðisgrundvöll vill hann til samkomulags fallast á, að uppbótum sé haldið, þó þannig, að tala þingmanna fari ekki yfir 60. Þá tölu getur hann sætt sig við til samkomulags, enda þótt hann telji varhugavert að fjölga þingmönnum til mikilla muna.

Nefnt hefur verið dæmi, sem á að sýna, að núverandi kjördæmaskipun sé óhafandi fyrir verkamenn og aðra launþega í landinu. Er þar fullyrt, að þótt allir verkamenn og aðrir, sem laun taka, stæðu saman í einum flokki við kosningar, gæti nú svo farið, að þeir fengju ekki nema svo sem ⅓ þingmanna, þótt launtakar væru ⅔ þjóðarinnar.

Þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að þessi fullyrðing fær engan veginn staðizt. Henni er slegið fram án athugunar. Samtök, sem allir launtakar væru í, mundu auðvitað fá meiri hluta. — Hitt er svo annað mál, að verkamenn og aðrir launþegar skiptast nú mjög milli stjórnmálaflokkanna allra. Og verði frv. þetta lögfest og hlutfallskosningar teknar upp í stórum kjördæmum, munu þær ýta undir fjölgun flokka og um leið auka, en ekki minnka skiptingu launþega milli flokka.

En af hálfu fylgismanna þessa frv. er borin fram önnur tegund raka, sem nokkurri furðu gegnir að beitt skuli vera: að afnám kjördæmanna og réttindamissir muni verða þeim sjálfum til hagsbóta. Rökum af þessu tagi hefur að vísu oft verið beitt af stórveldum gegn smáríkjum, sem ekki vilja láta sjálfstæði sitt af hendi. En Íslendingar hafa jafnan átt erfitt með að viðurkenna slík rök. Nokkur atriði skulu athuguð hér.

Vitnað hefur verið í franskt orðatiltæki, sem sagt er að hljóði á þessa leið: Lítil kjördæmi skapa litla þingmenn, en stór kjördæmi stóra þingmenn. Ekki var þess getið, hvort Frakkar séu enn á þessari skoðun. En varla fær þetta staðizt dóm sögunnar hér á landi. Ekki þarf mikillar athugunar við til að komast að raun um, að ýmsir helztu þingskörungar Íslendinga hafa hlotið kosningu í fámennum kjördæmum.

Reynt hefur verið að halda því að fólki, að betra sé að eiga fyrir fulltrúa 5—6 þingmenn úr stóru kjördæmi en 1—2 úr sýslu eða kaupstað. Slíkt er hægt að segja, en líklegt er það ekki. Ef koma þarf máli á framfæri, mun það reynast fyrirhafnarminna að flytja það mál á einum stað við einn þingmann, sem er þaulkunnugur

staðháttum á takmörkuðu svæði, en að snúa sér til sex þingmanna, sem e. t. v. eiga heima á mörgum stöðum í hálfum eða heilum landsfjórðungi. — Ef röksemdin fengi á annað borð staðizt, ætti að vera bezt að hafa landið allt eitt kjördæmi og eiga aðgang að 60 fulltrúum.

Því er haldið fram, að þegar búið sé að taka upp stóru kjördæmin, muni reynast auðveldara að fá efnilega menn, t. d. bændur, innan kjördæmanna til þingmennsku, en nú gangi það misjafnlega, sem satt er. Varla fær þetta staðizt. Sé þingmennska erfið og eigi menn erfitt með að sinna henni vegna heimastarfa, þótt þeir þurfi ekki að vera þingmenn nema fyrir eina sýslu eða einn kaupstað, hlýtur það þó að vera mun fyrirhafnarsamara að vera þingmaður fyrir mjög víðlent svæði, sem nær yfir margar sýslur og kaupstað eða kaupstaði, ferðast um þau svæði og kynna sér það, sem til þess þarf að geta leyst starf sitt vel af hendi fyrir kjördæmið. Varla mundi það létta bændum þingmennsku, svo að það dæmi sé aftur nefnt.

Vakin er athygli á því, að kosningabarátta sé hörð í fámennum kjördæmum, einkum einmenningskjördæmum, og stundum persónuleg. Vera má, að svo sé. En finnst mönnum ekki vera kapp í kosningum í Reykjavík, og falla þar ekki stundum óþvegin orð um frambjóðendur og aðra, þegar kosningabarátta stendur yfir? Þar er þó fjölmennið mest, og þar nýtur sín í ríkum mæli hin pólitíska stórútgerð landsmálaflokkanna, sem ráðgert er að koma á um land allt.

Bent er á, að viðfangsefni hafi stækkað og að hvert viðfangsefni nái nú til margra byggðarlaga, því sé tímabært að steypa kjördæmum saman og skapa samvinnu milli margra þingmanna, eins og þingmenn t. d. úr sama landsfjórðungi hafi ekki samstarf nú á þingi um sameiginleg mál fjórðungsins, þótt þeir séu kosnir hver í sínu kjördæmi. Ef þessi rök hafa eitthvert gildi, hafa þau það helzt sem rök fyrir því, að landið eigi allt að vera eitt kjördæmi. Þá má segja, að þjóðvegakerfi, símakerfi, rafmagnskerfi o. fl. sé sameiginlegt fyrir allt landið. Sumir segja, að stefna beri að því að koma upp ríkisútgerð fyrir allt landið o. s. frv. En þetta eru léttvæg rök fyrir því, að skipta beri landinu í 8 kjördæmi.

Vitnað hefur verið í kosningar til búnaðarþings og að þar eigi sér stað hlutfallskosningar í stórum kjördæmum. Það fyrirkomulag er raunar ekki mjög gamalt. Samt er það svo, að bændur, sem þarna eiga sjálfir allan hlut að máli, hafa nú í seinni tíð stöðugt stefnt að því að smækka kjördæmin og hafa sums staðar tekið upp einmenningskjördæmi í stað stórra kjördæma með hlutfallskosningu.

Reynt hefur verið að halda því að bændastéttinni í þessu máli, að hún sé vanmáttug og minnkandi og að henni sé hentast að koma sér vel við aðrar stéttir og gera sér þær hliðhollar. Hún megi því helzt fagna því, að lögð séu niður kjördæmi, sem að miklum hluta eru byggð sveitafólki, og stéttunum blandað saman í stærri kjördæmum. Rétt er það, að nauðsyn ber til, að skilningur og sambúð sé sem bezt milli atvinnustétta landsins. En ekki hefur það getað farið fram hjá mönnum, að flokkar þeir, sem að frv. standa, hafa með starfsemi sinni í seinni tíð á margan hátt lagt áherzlu á þýðingu hins stéttarlega samstarfs á ýmsum sviðum. Slíkt samstarf hlýtur þá að vera gagnlegt fyrir bændur eins og aðrar stéttir. En ef aðrar stéttir þurfa ekki á því að halda að koma sér í mjúkinn hver hjá annarri og við bændur, hvers vegna er þá verið að halda þessari aðferð að bændum alveg sérstaklega? Það mun ýmsum reynast torskilið. Sjálfir munu bændur hafa talið gagnlegt að vera stéttarlega sterkir. Og ekki er ástæða til þess fyrir þá stétt að láta koma inn hjá sér neinni minnimáttarkennd, þó að fólki í sveitum hafi fækkað á þessari öld. Allt bendir til þess, að fólkstala í sveitum eigi eftir að hækka aftur, þegar þjóðin er orðin miklu fjölmennari en hún er nú, og þess virðist ekki mjög langt að bíða, ef sú fólksfjölgun helzt, sem verið hefur undanfarið. Þá þarf til neyzlu í landinu sjálfu miklu meira af landbúnaðarafurðum en nú er framleitt í landinu — auk þess sem jafnan eru fyrir hendi meiri eða minni möguleikar til útflutnings þeirra vara. Og þá mun búskapur í sveitum landsins — ef ekki verður af hálfu þjóðarinnar slegið slöku

við þá uppbyggingu, sem hafin er — standa fastari fótum en hann áður gerði. — Með tilliti til þessa og margs annars virðist ekki ástæða til, að bændur taki upp neina sérstaka undirgefnisaðstöðu í þessu máli eða öðrum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að hlutfallskosningar verði upp teknar alls staðar í hinum fyrirhuguðu stóru kjördæmum. Er það í samræmi við það, sem tíðkazt hefur, að sú kosningaraðferð sé viðhöfð, þar sem kjósa skal marga fulltrúa í senn. Þótt ýmis rök megi færa fyrir hlutfallskosningum, telur minni hlutinn það ljóst af reynslu annarra þjóða, að þær geti reynzt nokkuð varhugaverðar fyrir lýðræðið í landinu. Er því að hans dómi hætt við, að hlutfallskosningafyrirkomulagið megi telja til þeirra ókosta, sem stóru kjördæmunum fylgja.

Reynslan er sú erlendis, að hlutfallskosningar ýta undir fjölgun flokka. Bent hefur verið á af stuðningsmönnum þessa frv., að þetta hafi ekki farið svo í Reykjavík, þótt þar hafi um langt skeið verið hlutfallskosning til 15 manna bæjarstjórnar. Flokkum hafi ekki fjölgað þar til muna. En þá er þess að gæta, að í Reykjavík hafa ekki myndazt neinir sérstakir bæjarmálaflokkar. Það eru landsmálaflokkarnir, sem taka þátt í bæjarstjórnarkosningunum. Og kjördæmaskipunarfyrirkomulagið við alþingiskosningar hefur til þessa takmarkað tölu landsmálaflokka.

Fjölgi flokkunum mjög, getur lýðræðinu verið hætta búin, eins og dæmi sanna. Mikill flokkafjöldi leiðir til sundrungar á þjóðþingum og vandkvæða á því, að þar myndist ábyrgur meiri hluti og ríkisstjórn. Andstæðingum lýðræðis gefst þá tækifæri til að halda því að fólki, að lýðræði sé óframkvæmanlegt. Margir reynast veikir fyrir áróðri af þessu tagi. Stjórnarskráin þarf að vera þannig gerð, að hún styrki lýðræðið, en veiki það ekki.

Kosningafyrirkomulag á Norðurlöndum, sem vitnað hefur verið til máli þessu til stuðnings, er ekki að öllu leyti hliðstætt því, sem löggilda á samkvæmt þessu frv. Í Svíþjóð er kosið til efri deildar þingsins með sérstöku fyrirkomulagi. Í Noregi eru engin uppbótarþingsæti, og þar kýs höfuðborgin aðeins 13 þingmenn af 150 o. s. frv.

Á það er skylt að benda, að hlutfallskosningar eru engan veginn full trygging fyrir því, að meiri hluti þingmanna í kjördæmi sé kjörinn af meiri hluta kjósenda. Því valda hin svonefndu dauðu atkvæði, sem alltaf eru einhver og stundum mörg. Framboðslisti getur hlotið svo mörg atkvæði, að nálega nægi til þess að fá þingmann kjörinn, en takist þó ekki. Líkur fyrir stærðfræðilegu óréttlæti af þessu tagi eru því meiri, sem flokkar eru fleiri. Þetta ber auðvitað ekki að skilja svo, að hlutfallskosning auki líkur fyrir því, að minni hluti kjósenda fái meiri hluta þingmanna. En slíkt getur hæglega komið fyrir, þótt hlutfallskosning sé viðhöfð, og hlýtur það að draga úr kostum hennar í augum þeirra, sem fyrst og fremst óska sér og gera sér von um, að hægt sé að tryggja stærðfræðilegt réttlæti í kosningum.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því, að ýmsir þeirra, sem beita sér nú fyrir hlutfallskosningum til Alþingis, eru mótfallnir þeirri kosningaaðferð í stéttarfélögum launþega. Er það þó kunnugt, að þar eigast oft við sömu flokkarnir og í alþingiskosningum, a. m. k. í hinum stærri félögum. Þar eru þess dæmi, að einn flokkur fái kjörna 20—30 fulltrúa, en annar engan, þótt hann hafi litlu færri atkvæði. Þetta bendir til þess, að þeir, sem kunnugastir eru stéttarfélögunum, hafi í því sambandi gert sér grein fyrir einhverjum þeim göllum á hlutfallskosningafyrirkomulaginu, sem geri það óæskilegt fyrir félögin. Ber hér að sama brunni og hjá bændum, sem stefnt hafa að því að smækka kjördæmin við kosningar til búnaðarþings og koma upp einmenningskjördæmum. — Svipað er að segja um ýmis önnur félagasamtök, að þar tíðkast ekki hlutfallskosning, þótt kjörnir séu margir menn í senn til starfa. — Á þessu og fleiru má sjá, að menn virðast á ýmsum sviðum hliðra sér hjá þessu kosningafyrirkomulagi, jafnvel þar sem það sýnist eiga við, þ. e. þegar kjósa skal marga í senn.

Sú breyting að taka upp margmenniskjördæmi með hlutfallskosningu í stað persónulegrar kosningar eins eða tveggja fulltrúa skapar út af fyrir sig nýjan grund-

völl þingræðis, þar sem hún er gerð, hvort sem þau kjördæmi, sem hlut eiga að máli, eru gömul eða ný, hvort sem þau eiga sögulegan uppruna eða ekki. Þingmaður, sem kosinn er persónulegri kosningu, einn í kjördæmi, ber ótvírætt ábyrgð, sem ekki verður á aðra lögð eða skipt að vild til hagræðis. Þessa ábyrgð ber hann persónulega, bæði að því er varðar meðferð mála fyrir kjördæmið og afstöðu til ríkisheildarinnar. Sjálfur hlýtur hann að finna glöggt til þessarar persónulega ábyrgðar og láta hana hafa áhrif á meðferð umboðs síns. Það er fráleitt, að slíkur þingmaður geti leyft sér að virða að vettugi vilja og óskir í héraðsmálum, þótt þar kunni að eiga í hlut kjósendur, sem ekki hafa greitt honum atkvæði. Eftir kosningu skoðar hann sig að jafnaði, a. m. k. að því er snertir staðbundin mál, fremur sem þingmann kjördæmis en flokks, þótt hvort tveggja komi til greina. — Í margmenniskjördæmi með hlutfallskosningu eru fyrst og fremst flokkar í framboði. Þar er í miklu ríkara mæli en í einmenningskjördæminu kosið milli flokka, en ekki manna. Hin persónulega ábyrgð breytist í flokksábyrgð. Það þingræði og það ríkisvald, sem áður hvíldi á herðum persónulega ábyrgra manna, tekur að hvíla á herðum flokka. Í stað samvizku manns kemur ópersónulegt sjónarmið flokks, þegar dæma skal um rétt og rangt.

Íslenzka þjóðin er því vön að þurfa að heyja baráttu fyrir sjálfstæði sínu. Í þeirri baráttu tókst þeim því miður oft ekki öllum að standa saman, sem saman áttu að standa, en þó yfirleitt það mörgum, að vel dugði. Innanlands verða hin sögulegu þróuðu byggðakjördæmi nú að heyja sína sjálfstæðisbaráttu fyrir sínum landsréttindum, sem ýmsir neita að virða og vilja með öllu af þeim taka. Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn, sem slíka sjálfstæðisbaráttu þarf að heyja í héruðunum. Snemma á þessari öld (1905—07) voru upp á Alþingi tillögur um að leggja kjördæmin niður. Að þeim tillögum stóðu ýmsir mætir menn, sem sennilega hafa ekki ætlað sér að draga úr áhrifamætti héraðanna, en höfðu hrifizt af erlendum nýjungum, sem þá voru lítt reyndar, en kenndar við mannréttindi. En í kjördæmunum um land allt voru menn yfirleitt á verði og tóku í taumana með þeim árangri, að tillögurnar voru felldar á Alþingi.

Nálega aldarfjórðungi síðar var enn gerð hríð að kjördæmunum, og fengu flokkar því þá ráðið, að þeir voru í stjórnarskránni viðurkenndir sem aðilar við þingkosningar og þeim fenginn nýr réttur, þ. e. réttur til að fá úthlutað sér til handa sérstökum þingmönnum, sem ekki höfðu náð kosningu í kjördæmi. En kjördæmin héldu þó rétti sínum til að kjósa sér fulltrúa.

Árið 1942 heimtu flokkar enn aukinn rétt sér til handa með því að knýja fram hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Gat flokkur þá fengið frambjóðanda á þing úr slíku kjördæmi, þótt fleiri kjósendur í kjördæminu vildu fremur eiga þar annan fulltrúa. Þá var það, sem gefin var af hálfu Sjálfstæðisflokksins skorinorð yfirlýsing um, að kjördæmin skyldu aldrei lögð niður með hans atbeina, og létu margir sér það vel líka.

En reyndin er önnur. Nú er það ráðið milli þriggja þingflokka, undir forustu Sjálfstæðisflokksins, að hið takmarkaða sjálfstæði hvers kjördæmis, sem felst í rétti þess til sérstaks fulltrúa á Alþingi, skuli brotið á bak aftur, hvað sem hver segir. Í stjórnarskrárnefnd var lýst yfir því berum orðum af hálfu stuðningsmanna þessa frv., að samkomulag um, að kjördæmunum yrði þyrmt, kæmi ekki til mála, jafnvel þótt til boða stæði að auka fulltrúatölu í þéttbýli til muna og halda núverandi uppbótum flokka að mestu. Við atkvæðagreiðslu í deildinni mun á það reyna, hvort þingmenn eru svo bundnir við þá hernaðaráætlun, sem hér er um að ræða, að þar verði engu um þokað. Verður þá að halda áfram sjálfstæðisbaráttu kjördæmanna á öðrum vettvangi.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, leggur minni hl. stjórnarskrárnefndar til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnarskrárnefndin, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun 24. maí 1947, taki stjórnarskrármálið í heild til endurskoðunar á árinu 1959 með það fyrir augum, að tillögur hennar verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í ársbyrjun 1960, og athugi sérstaklega tillögur þær, sem fram hafa komið um, að málið verði afgreitt á sérstöku stjórnlagaþingi (þjóðfundi), tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Verði dagskrártillagan felld, ber minni hl. fram *til vara* svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist svo:

Á 31. gr. stjórnarskrárinnar eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrir orðin „52 þjóðkjörnir þingmenn“ í 1. málsgr. komi: 60 þjóðkjörnir þingmenn.

2. Fyrir orðin „8 þingmenn í Reykjavík“ í a-lið sömu málsgr. komi: 12 þingmenn í Reykjavík.

3. Fyrir orðin „6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri“ komi: 8 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Akranesi, Ísafirði, Siglufirði.

4. Fyrsti málsl. 1. málsgr. c-liðar orðist svo:

30 þingmenn í þessum einmennings- og tvímenningskjördæmum:

Einmenningskjördæmi:

1. Borgarfjarðarsýsla.
2. Mýrasýsla.
3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
4. Dalasýsla.
5. Barðastrandarsýsla.
6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
7. Norður-Ísafjarðarsýsla.
8. Strandasýsla.
9. Vestur-Húnavatnssýsla.
10. Austur-Húnavatnssýsla.
11. Suður-Þingeyjarsýsla ásamt Húsavík.
12. Norður-Þingeyjarsýsla.
13. Austur-Skaftafellssýsla.
14. Vestur-Skaftafellssýsla.
15. Gullbringusýsla.
16. Kjósarsýsla.

Tvímenningskjördæmi:

1. Skagafjarðarsýsla ásamt Sauðárkróki.
2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Ólafsfirði.
3. Akureyri.
4. Norður-Múlasýsla.
5. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
6. Rangárvallasýsla.
7. Árnessýsla.

5. Fyrir orðin „11 þingmenn“ í d-lið komi: 10 þingmenn.

Alþingi, 20. apríl 1959.

Gísli Guðmundsson, frsm. Páll Þorsteinsson.

Alþt. 1958. A. (78. löggjafarþing). 103

Sþ. **431. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1959.

(Eftir 2. umr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1959 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur		145 000 000
2. Vörumagnstollur	36 000 000	
3. Verðtollur	290 000 000	
4. Innflutningsgjald af benzíni	18 000 000	
5. Gjald af innlendum tollvörum	11 000 000	
		355 000 000
6. Lestagjald af skipum	300 000	
7. Bifreiðaskattur	15 000 000	
		15 300 000
8. Aukatekjur	13 500 000	
9. Stimpilgjald	25 000 000	
10. Vitagjald	1 700 000	
11. Leyfisbréfagjald	400 000	
12. Útflutningsleyfagjöld	800 000	
		41 400 000
13. Söluskattur		150 000 000
14. Leyfisgjald		7 800 000
15. Tolla- og skattagreiðslur Sogsvirkjunar		30 000 000
16. Greiðsluafgangur 1958		25 000 000
Samtals ...	. . .	769 500 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður landssímans	9 050 000	
2. — áfengisverzlunar	133 000 000	
3. — tóbakseinkasölu	98 300 000	
4. — ríkisprentsmiðju	450 000	
		240 800 000
÷ Rekstrarhalli póstsjóðs		800 000
Samtals ...	. . .	240 000 000
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		25 640 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	1 300 000	
2. Pósthúsið í Reykjavík	10 511 000	
3. Önnur pósthús	5 997 000	
4. Póstflutningar	6 632 000	
5. Önnur gjöld	2 000 000	
		26 440 000
Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	800 000
2. Landssíminn.		
I. Tekjur		96 310 000
II. Gjöld:		
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	3250000	
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	8725000	
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	810000	
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	1720000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	27400000	
6. Birgðahúsið	1160000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri	2020000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	960000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	1340000	
10. Ritsímastöðin í Hrútafirði	725000	
11. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum	1285000	
12. Ritsímastöðin á Siglufirði	1145000	
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	12007000	
	62 547 000	
b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	2 300 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva	4 700 000	
d. Viðhald landssímanna	13 000 000	
e. Framhaldsgjald	563 000	
f. Ýmis gjöld	650 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum	1 050 000	
h. Vextir af lánum	1 600 000	

3. gr.

		kr.	kr.
	i. Almannatryggingar	720 000	
	j. Atvinnuleysistryggingasjóður	130 000	
			87 260 000
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	9 050 000
	Eignabreytingar landssímans.		
	Út.		
I.	Afborganir af lánum og til húsakaupa		3 500 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		2 800 000
III.	Til talstöðva í báta og skip		350 000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		280 000
XXXVII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 28500000 kr. og Sementsverksmiðju ríkisins allt að 14100000 kr.

XXXVIII. Að lána Bjargráðasjóði Íslands 1.5 millj. kr. til að aðstoða bændur við kjarnfóðurkaup vegna óþurrkanna s. l. sumar.

XXXIX. Að ákveða, að 387000 kr., sem geymdar eru í ríkissjóði, til byggingar æfingaskóla fyrir kennaraskólann, megi nota til greiðslu byggingarkostnaðar við kennaraskólann.

XL. Að kaupa af Flugfélagi Íslands h/f flugvélaverkstæði við flugskýli nr. 5 á Reykjavíkurflugvelli, ef samningar takast.

XLI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða áfallinn rekstrarhalla Þjóðleikhússins.

XLII. Að taka til viðbótar þeim lánum, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 94/1956, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1957, lán, er nemi allt að 14.5 millj. kr., og endurlána eigendum skipa þeirra, er þar um ræðir, með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður.

23. gr.

Á árinu 1959 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1958 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 432. Lög [103. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 310.

Ed. 433. Lög [125. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 304.

Ed. 434. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita úr ríkissjóði til sýsluvega upphæð, sem eigi sé lægri en sem nemi 6‰ af samanlögðu fasteignamatsverði landa og lóða og 3‰ af samanlögðu fasteignamatsverði húsa í öllum sýslum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsgr. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs, miðað við 6‰ fasteignamatsverðs lands og lóða og 3‰ fasteignamatsverðs húsa. Að öðru leyti skal við skiptinguna aðallega miðað við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundraðshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 11. gr. laganna komi tveir málsliðir, þannig:

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna eða hafa í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins, er samþykktin endursend án staðfestingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Ed. 435. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin sendi frumvarpið þremur aðilum og óskaði umsagnar þeirra og álits. Þessir aðilar voru:

Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og stjórn bjargráðasjóðs.

Tveir þessara aðila, Búnaðarfélag Íslands og stjórn bjargráðasjóðs, hafa sent umsagnir, en Fiskifélag Íslands hefur ekkert látið til sín heyra.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands lagði frumvarpið fyrir búnaðarþing, sem haldið var í vetur. Búnaðarþingið lýsti yfir, að það teldi frumvarpið „fela í sér svo gagngerðar breytingar á stjórn og starfsháttum sjóðsins, að ekki sé hægt að mæla með samþykkt þess, nema á því verði gerðar allmiklar breytingar". Þessa yfirlýsingu búnaðarþings gerði stjórn Búnaðarfélagsins að svari sínu til heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Stjórn bjargráðasjóðs svaraði með eftirfarandi ályktun:

„Stjórnin getur ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps, en vill þó beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún hlutist til um endurskoðun núgildandi laga um Bjargráðasjóð Íslands. Stjórnin álítur rétt, að við þá endurskoðun verði ekki stefnt að grundvallarbreytingu á starfsháttum sjóðsins."

Af því að ágreiningur er um áhrifamiklar breytingar, sem í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði á starfsemi sjóðsins, og liðið er svo á þingtímann, að sýnt er, að ágreiningsmál sem þetta getur ekki fengið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, þá hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að taka til greina bendingu stjórnar sjóðsins um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd leggur því til, að efri deild samþykki **að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar** með áskorun um, að hún láti endurskoða lög nr. 19 2. marz 1950, um Bjargráðasjóð Íslands, og þá um leið athuga frumvarp þetta, sem deildin að öðru leyti tekur ekki afstöðu til.

Alþingi, 24. apríl 1959.

Alfreð Gíslason, form. Karl Kristjánsson, fundaskr., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Eggert G. Þorsteinsson. Friðjón Þórðarson.

Nd. 436. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á mörgum fundum, sent það ýmsum aðilum til umsagnar og einnig kynnt sér þau erindi og áskoranir, sem Alþingi hafa um það borizt.

Ljóst er, að skoðanir eru skiptar um málið, bæði innan þings og utan.

Umsagnir og erindi, er þinginu hafa verið send um mál þetta, bera það með sér, að í mörgum fiskibæjum og þorpum eru hagsmunir sjómanna, verkafólks, útgerðar- og fiskiðjufyrirtækja mjög tengdir því, að mál þetta nái framgangi, og eru þeir aðilar, sem meðmæltir eru frumvarpinu, í miklum meiri hluta meðal þeirra, er sent hafa Alþingi erindi sín.

Þeir aðilar, er í bréfum sínum leggjast gegn framgangi málsins, virðast helzt óttast, að til ofveiði geti komið, ef málið næði fram að ganga.

Með því að frumvarpið gerir ráð fyrir því, að veiðarnar með dragnót verði takmarkaðar og stöðugt eftirlit haft með þeim, þannig að á vísindalegan hátt verði flatfisksstofnarnir og þeir aðrir fiskistofnar, sem dragnótin getur tekið til, verndaðir gegn annars hugsanlegri ofveiði, teljum við þann ótta óþarfan.

Hjá þeim, er mæla með framgangi málsins, gætir nokkurs skoðanamunar um einstök atriði málsins. Þannig telja aðilar þá hámarks-bátastærð, er veiðileyfið miðast við (35 brúttó-rúmlestir), ýmist of eða van, og eru fleiri, er vilja leyfa stærri bátum veiðarnar.

Allt frumvarpið er miðað við, að í engu verði rýmkað til um leyfi til veiðanna frá því, sem lögin um þetta efni, nr. 45 frá 13. júní 1937, ákváðu, en þar er miðað við sömu bátastærð og hér er gert. Þykir okkur því ekki fært að svo stöddu að gera tillögu um breytingu á þessu atriði frá því, sem í frumvarpinu er.

Í nefndinni hefur ekki orðið samstaða um málið. Þrír nefndarmenn telja sig ekki geta mælt með frumvarpinu og munu gefa út annað eða önnur nefndarálit.

Við undirritaðir teljum að öllum málavöxtum athuguðum rétt að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1959.

Karl Guðjónsson, fundaskr., frsm. Sigurður Ágústsson.

Nd. 437. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði aftur fært í sama form og það var upphaflega flutt í Ed., og flytur brtt. þar að lútandi á sérstöku þingskjali.

Fjárhagsnefndir beggja deilda héldu sameiginlegan fund um málið og fengu aðalbankastjóra Seðlabankans á þann fund. Nefndirnar óskuðu eftir umsögn framkvæmdastjórnar Seðlabankans um málið, og látum við bréf framkvæmdastjórnarinnar fylgja hér með sem fylgiskjal.

Með því að óhjákvæmilegt er að útvega Sogsvirkjuninni umræddar 30 millj. að láni og ekki er hægt að tryggja, að það lán fáist, nema skilmálar skuldabréfanna séu þeir, sem tilteknir voru í frv. í sinni upphaflegu mynd, þegar það var lagt fram í Ed., leggjum við til, að frv. verði aftur fært í sína upphaflegu mynd.

Alþingi, 24. apríl 1959.

Skúli Guðmundsson, form.	Pétur Pétursson, fundaskr., frsm.	Jóhann Hafstein, með fyrirvara.
	Ólafur Björnsson.	

Fylgiskjal.

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Reykjavík, 9. apríl 1959.

Hér með staðfestir framkvæmdastjórn Seðlabankans viðræður aðalbankastjóra Vilhjálms Þór við fjárhagsnefndir Alþingis á sameiginlegum fundi nefndanna, þriðjudaginn 7. þ. m., þannig:

Sogsvirkjunina vantar, að talið er, 30 millj. kr., til þess að hægt sé að ljúka framkvæmdum við Efra-Sog. — Þetta, sem vantar, er aðallega eða eingöngu til þess að mæta tollagreiðslum og söluskatti.

Allt annað fé til framkvæmdanna er fengið að láni frá Bandaríkjunum. Með sérstöku láni frá ICA-stofnuninni fást peningar til innkaupa á erlendu efni, þjónustu og vélum. Var um þetta lán samið 10. maí 1957. Til greiðslu á innlendum kostnaði, öðrum en tollum og sköttum, hafa fengizt peningar að láni frá Bandaríkjastjórn af peningum, sem hér hafa komið inn fyrir svokallaðar PL 480-vörur, sem Bandaríkjastjórn hefur selt Íslandi, en fyrsti samningur um þessi kaup var undirritaður í Washington 11. apríl 1957.

Talið er, að þær 30 millj. kr., sem vantar, verði að tryggja án tafar, svo að verkinu megi ljúka. Öllum má vera ljóst, að ekki má til þess koma, að nokkur stöðvun verði á framkvæmdum þessa verks. Bæði er, að Ísland hefur fengið svo vel útilátna hjálp til þessara framkvæmda í formi lána frá Bandaríkjunum, að það væri ekki vansalaust fyrir okkur, ef við sjálfir værum ekki færir um að leggja fram af eigin mætti þennan tiltölulega litla hluta allrar fjárhæðarinnar, og svo er hitt, að mjög er aðkallandi að fá rafmagn til ýmissar framleiðslu frá Efra-Sogi þegar á þessu ári. Skiptir það miklu máli gjaldeyrislega séð, að bæði Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan fái nóg rafmagn þegar á næsta vetri.

Eðlilegt virðist vera, að stofnunin sjálf, Sogsvirkjunin, leggi fram þessa fjárhæð, sem vantar, af eigin fé, eða þá eigendur Sogsvirkjunarinnar, ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur. Þetta hafa þessir aðilar þó ekki talið sig geta gert, Sogsvirkjunin vegna þess, að í lögum um starfrækslu hennar er þannig ákveðið, að hún

skuli selja rafmagn með framleiðslukostnaði að viðbættum aðeins 5 af hundraði. Meðan slík lagaákvæði eru enn í gildi, getur stofnunin ekki lagt fyrir fé, sem um munar, til framtíðaruppbyggingar. Ástæða er hér til að benda sérstaklega á, hvað þetta lagaákvæði er vafasamt og hve æskilegt væri, að fyrirtækinu væri gert kleift að leggja fyrir í sjóði til framtíðaruppbyggingar, svo að ekki þurfi alltaf að taka allt að láni. Fyrirsvarsmenn bæjarsjóðs Reykjavíkur og ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir, hvor í sínu lagi, að það sé ekki hægt, eins og nú er komið, að ríki eða bær leggi fram sinn helminginn hvor. Stafar þetta að sjálfsögðu af því, að báðir þessir aðilar hafa ráðgert og ráðgera svo miklar framkvæmdir, að þeir telja sig ekki geta meira nema með því að leggja á nýjar skattabyrðar, sem þeir vilja komast hjá að gera.

Þar sem þannig stendur á, virðist augljóst, að leita þurfi eftir láni, og hefur Seðlabankinn verið beðinn um fyrirgreiðslu í þessu efni. Bankastjórn Seðlabankans telur ekki gerlegt að lána þessa fjárhæð, þar sem hún í viðbót við svo margt annað mundi vafalítið skapa verðbólgu og auka óheppilega þenslu. Hefur seðlabankastjórnin því lýst því yfir, að hún geti ekki orðið við þeirri beiðni að lána 30 millj. kr. Fylgir hér með á sérstöku blaði samþykkt bankastjórnarinnar frá 30. jan. um þetta efni.

Hins vegar hefur Seðlabankinn talið rétt, að Sogsvirkjunin reyndi að gefa út stutt skuldabréf til mjög fárra ára og væru þau með þannig kjörum, að líklegt væri, að takast mætti að selja þau til almennings. Væri þetta og æskileg tilraun til þess að fá fólk til að leggja fé á vöxtu í þessu formi. Þannig fengjust e. t. v. auknir innlendir peningar til nauðsynlegra, heilbrigðra framkvæmda í landinu. Til þess að gera bréfin eftirsóknarverðari verður að teljast nauðsynlegt, að þau séu verðtryggð, og hefur framkvæmdastjórnin lagt til, að eigendum bréfanna yrði tryggð endurgreiðsla þeirra í réttu hlutfalli við hækkun rafmagnsverðs. Framkvæmdastjórnin hefur gefið í skyn, að hún mundi leggja til, að Seðlabankinn ábyrgðist sölu á nokkrum hluta bréfanna (eða e. t. v. á öllum bréfunum, eftir að hafa haft samráð og samstöðu við aðra banka um það).

Frumvarp til laga, sem nú liggur fyrir neðri deild Alþingis, heimilar aðeins að miða endurgreiðslu í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar. Seðlabankinn getur ekki tekið að sér, eins og nú er ástatt, að ábyrgjast sölu á skuldabréfum, sem gefin yrðu út samkvæmt þessu. Að sjálfsögðu mundi hann þó reyna sölu bréfanna, en án skuldbindinga um söluárangur.

Framkvæmdastjórn Seðlabankans mundi hins vegar enn leggja því lið, að bankinn tæki á sig ábyrgð á sölu nokkurs hluta Sogsvirkjunarbréfa, væru þau með endurgreiðsluskuldbindingu í hlutfalli við hækkað rafmagnsverð. Hér skal tekið fram, að eins mætti miða við heildsöluverð á rafmagni frá Sogsvirkjuninni til rafveitna Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, ef það þætti hentugra en að miða við heimilisrafmagnstaxta í Reykjavík, eins og áður var gert ráð fyrir. Framkvæmdastjórnin telur þannig löguð skuldabréf miklu líklegri til að seljast til almennings, en það er meginatriði í þessu máli, að bréfin seljist, en féð yrði ekki að miklu leyti tekið úr sjóðum Seðlabankans.

Hér skal tekið fram, að reynt hefur verið í öðrum löndum, með allgóðum árangri, að miða greiðslutryggingu á skuldabréfum við annað en hina almennu vísitölu. Kunnugt er um, að í öðrum löndum hefur þessi trygging verið miðuð við t. d. sementsverð, kolaverð eða framleiðslumagn kola, járnbrautarfragtir eða flutningsmagn o. fl.

Virðingarfyllst,

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Vilhjálmur Þór. Jón G. Maríasson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Samþykkt bankastjórnar Seðlabankans 30. jan. 1959 um lánsbeiðni Sogsvirkjunarinnar.

„Bankastjórnin telur eðlilegt, að eigendur Sogsvirkjunarinnar, ríkissjóður og Reykjavíkurbær, leggi sjálfir fram þær um það bil þrjátíu milljónir króna, sem talið er að vanti umfram lofuð lán, til þess að fullgera virkjun Efra-Sogs, en fjárhæð þessi er til greiðslu á tollum og sköttum.

Seðlabankinn getur ekki tekið að sér, eins og nú er ástatt, að ábyrgjast sölu á skuldabréfum, sem gefin yrðu út samkvæmt ákvæðum í lagafrumvarpi því, sem nú er fyrir neðri deild Alþingis.

Hins vegar mun bankastjórnin taka til athugunar möguleika á að lána Sogsvirkjuninni einhvern hluta fyrrnefndrar upphæðar, t. d. allt að 10 millj. króna til stutts tíma, eftir nánara samkomulagi, þegar eigendur hafa lagt fram sinn hluta og bankastjórninni hefur verið gerð viðunandi grein fyrir endurgreiðslu slíks láns innan eins, tveggja eða þriggja ára."

Nd. 438. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga. Þessa verðtryggingu má miða hvort sem er við einstaka rafmagnstaxta eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.

Sþ. 439. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 13. gr.	A. XII. (Byggð og gisting handa ferðamönnum).		
		Fyrir „100 000" kemur		120 000
2.	— 13. —	C. IX. (Hafnarmannvirki).		
		a. Við 7. Nýr liður:		
		Borgarfjörður eystra		50 000
		b. Við 10. (Búðareyri).		
		Fyrir „50 000" kemur		100 000
3.	— 14. —	A. II. b. (Lánasjóður stúdenta).		
		Fyrir „900 000" kemur		1 000 000
4.	— 14. —	A. X. 22. b. (Ný barnaskólahús).		
		a. Við 4. Nýir liðir:		
		1. Bolungavík		50 000
		2. Laugaland á Þelamörk		50 000
		b. Við 5. Nýr liður:		
		Hella		50 000
5.	— 14. —	A. X. 22. d. (Skólastjórabústaðir). Nýr liður:		
		Bessastaðahreppur		50 000
6.	— 14. —	A. XI. 2. f. Nýr liður:		
		Til viðhalds sögulegra minja í Reykholti		20 000

7.	Við 14. gr.		B. XII. Nýr liður:	
			Til Rithöfundasambands Íslands	15 000
8.	— 14.	—	B. XVIII. Nýr liður:	
			Til Árna G. Eylands til ritstarfa	8 000
9.	— 14.	—	B. XXXI. (Árni Björnsson tónskáld).	
			Fyrir „10 000“ kemur	15 000
10.	— 14.	—	B. LXVII. (Jón Guðmundsson, fyrrv. veitingamaður).	
			Liðurinn fellur niður.	
11.	— 16.	—	A. 20. (Miðskálaá og Írá).	
			Fyrir „35 000“ kemur	70 000
12.	— 16.	—	A. 23. c. Fyrir stafliðinn kemur nýr töluliður:	
			Til fyrirhleðslu í Skálm í Álftaveri	30 000
13.	— 16.	—	E. II. 5. Nýr liður:	
			Til kjarnfræðinefndar, til rannsókna á hagnýtingu kjarnorku	100 000
14.	— 17.	—	V. 16. d. Nýir liðir:	
			a. Til fávitahælis í Skálatúni	60 000
			b. Til styrktarfélags vangefinna	25 000
15.	— 17.	—	V. 16. e. Nýir liðir:	
			a. Til æfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	150 000
			b. Til Sjálfsbjargar, félags fatlaðra	100 000
16.	— 18.	—	II. a.	
			a. Niður falla þessir liðir:	
			1. Björn Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur.	
			2. Daníel Sveinsson, fyrrv. póstur.	
			3. Friðrik J. Rafnar, vígslubiskup.	
			4. Geir G. Zoëga, fyrrv. vegamálastjóri.	
			5. Jón Bach, fyrrv. dyravörður.	
			6. Jón Brandsson, fyrrv. sóknarprestur.	
			7. Jón Ólafsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður.	
			8. Kristján Jónsson, fyrrv. póstur.	
			9. Margrét Rasmus, fyrrv. skólastjóri.	
			10. Sama, húsaleigukostnaður.	
			11. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir.	
			b. Eftirfarandi liðir breytast:	
			1. Guðmundur Einarsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður.	
			Fyrir „2 018“ kemur	3 000
			2. Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri.	
			Fyrir „2 625“ kemur	3 125
			c. Við bætast í stafrófsröð:	
			1. Árni G. Eylands, fyrrv. stjórnarráðsfulltrúi	8 000
			2. Ásta Magnúsdóttir, fyrrv. ríkisféhirðir	3 000
			3. Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	2 500
			4. Eiður Sigurjónsson, fyrrv. kennari	1 500
			5. Guðmundur Hermannsson, fyrrv. kennari	2 000
			6. Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. yfirsaumakona	3 000
			7. Halldór Hansen, læknir	12 000
			8. Helgi Hjörvar, fyrrv. skrifstofustjóri	3 000
			9. Hervald Björnsson, fyrrv. skólastjóri	3 000
			10. Ingólfur Þorvaldsson, fyrrv. sóknarprestur	4 000
			11. Jón Guðnason, fyrrv. skjalavörður	3 000
			12. Jón Kristjánsson, fyrrv. kennari	1 000
			13. Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	2 000
			14. Kristbjörg Þorbergsdóttir, fyrrv. matráðskona	1 000

15. Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn 7 000
16. Kristján Albertsson, rithöfundur 10 000
17. Marselína Pálsdóttir, fyrrv. kennari 2 500
18. Ólafur E. Thoroddsen, fyrrv. skipaeftirlitsmaður 3 000
19. Ólafur Þorsteinsson, læknir 5 000
20. Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður 5 000
21. Rósa Finnbogadóttir, fyrrv. kennari 3 000
22. Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. verkstjóri 2 500
23. Sigmundur Þorgilsson, fyrrv. kennari 2 000
24. Sigríður Pétursdóttir, fyrrv. kennari 3 000
25. Sigrún Laxdal, fyrrv. símafulltrúi 1 500
26. Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari 7 000
27. Sigurður Sigurðsson, fyrrv. sýslumaður 3 500
28. Sigurjón Sigurðsson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður .. 6 000
29. Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri 2 500
30. Vilhjálmur Helgason, fyrrv. vitavörður 6 000

17. Við 18. gr. II. b.

a. Niður falla þessir liðir:
1. Anna Þorkelsdóttir.
2. Ásta Einarsson.
3. Davina Sigurðsson.
4. Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir.
5. Guðbjörg Hermannsdóttir.
6. Hansína Pálsdóttir.
7. Nielsína Ólafsdóttir.
8. Ragnheiður Straumfjörð.

b. Við bætast í stafrófsröð:
1. Ásdís G. Rafnar 6 000
2. Bergþóra Einarsdóttir 2 500
3. Björg Klemenzdóttir 2 500
4. Dagbjört Guðjónsdóttir 5 000
5. Elísabet Jónsdóttir 2 000
6. Estrid Falberg Brekkan 3 500
7. Guðný Magnúsdóttir 3 600
8. Gunnjóna Jensdóttir 2 000
9. Hólmfríður Zoëga 6 200
10. Ingibjörg Guðmundsdóttir 4 000
11. Ingunn Hlíðar 5 000
12. Jóhanna Linnet 4 000
13. Jónína Jónsdóttir 4 000
14. Margrét Björnsdóttir 4 000
15. Melitta Urbancic 5 000
16. Ragnheiður Brynjólfsdóttir 3 000
17. Una Guðmundsdóttir 2 000
18. Valgerður Jóhannsdóttir 3 600
19. Þóra Sigfúsdóttir 3 000

18. — 18. — Út. IX. (Flugvallargerðir).

a. Við 3. (Akureyrarflugvöllur).
Fyrir „625 000“ kemur 825 000

b. Við 5. (Norðfjarðarflugvöllur).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000

19. — 22. — XIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 1.5 millj. kr. lán fyrir Síldarbræðsluna h/f, Seyðisfirði, þó þannig, að

heildarábyrgðir ríkissjóðs verði ekki hærri en 80% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

20. Við 22. gr. XIV. Liðurinn orðist svo:
Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 10.8 millj. kr. lán, að meðtöldum þegar veittum ábyrgðum, fyrir Síldarvinnsluna h/f, Neskaupstað, þannig að heildarábyrgð ríkissjóðs verði þó ekki hærri en 80% af stofnkostnaðarverði.

21. — 22. — XV. Nýr liður:
Að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til 1. sept. n. k. með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur.

22. — 22. — XVI. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar. (Endurveiting).
b. Að ábyrgjast allt að 85% af andvirði þriggja 250 tonna fiskiskipa.

23. — 22. — XIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

24. — 22. — XX. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði.

25. — 22. — XXI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins til að bæta gistiaðstöðu í landinu.

26. — 22. — XXII. Aftan við liðinn bætist:
og bifreið til starfsemi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

27. — 22. — XXXII. Nýr liður:
Að semja um smíði eða kaup nýs vitaskips, og verði við þá samninga höfð hliðsjón af því, að skipið verði jafnframt nothæft til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa.

28. — 22. — XXXIX. Nýr liður:
Að endurkrefja ekki sérleyfissjóð um rekstrarhalla Ferðaskrifstofu ríkisins árin 1952—58, að upphæð 1 770 533 kr.

29. — 22. — XLI. Nýr liður:
Að veita allt að 200 þús. kr. til greiðslu innlends kostnaðar af áætlunargerð um saltverksmiðju við jarðhita hér á landi.

Nd. 440. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Síðasta málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:
Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar, verbúðir og sjómannastofur.

Ed. 441. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Birni Jónssyni og Sigurvin Einarssyni.

Við 3. gr. Framan við greinina bætist:

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa.

Ed. 442. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 443. Nefndarálit [120. mál]

um till. til þál. um athugun á nýjum björgunartækjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leitað um það álits Slysavarnafélags Íslands og skipaskoðunarstjóra.

Íslenzka þjóðin hlýtur að vera samhuga um að láta einskis ófreistað til að hagnýta fullkomnustu björgunartækni fyrir sjófarendur og fiskimenn. Ljóst er, að Skipaskoðun ríkisins hefur unnið mikið starf á þessu sviði, en skort nægileg fjárráð til þeirra framkvæmda, sem forráðamenn telja æskilegar. Allsherjarnefnd telur, að samþykkt tillögunnar sýni aukinn áhuga á þessum málum og hljóti að verða til að stuðla að því, að enn meira verði gert á þessu sviði en áður. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1959

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson.
Jón Sigurðsson.	Björn Ólafsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Alfreð Gíslason, með fyrirvara.	

Ed. 444. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Tveir nefndarmanna, Björn Jónsson og Páll Zóphóníasson, áskilja sér þó óbundin atkvæði um málið, þar til fyrir liggi landabréf af landi Hafnarfjarðar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Einn nm., Friðjón Þórðarson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.

Jón Kjartansson.

Nd. 445. Frumvarp til laga [65. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka skuldabréfalán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 30000000.00 — þrjátíu milljónum króna — enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga. Þessa verðtryggingu má miða hvort sem er við einstaka rafmagnstaxta eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 446. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um landhelgismál.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan

fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.

Greinargerð.

Utanríkismálanefnd hefur á fundi sínum 27. apríl 1959 ákveðið að flytja tillögu þá til þingsályktunar um landhelgismál, sem hér er fram borin. Voru allir nefndarmenn því samþykkir.

Sþ. 447. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (MJ, ÁkJ, PO, JK).

1. Við 2. gr. 3. (Verðtollur).
   Fyrir „290 000 000“ kemur 295 500 000
2. — 2. — 13. (Söluskattur).
   Fyrir „150 000 000“ kemur 151 400 000
3. — 2. — 14. (Leyfisgjald).
   Fyrir „7 800 000“ kemur 10 000 000
4. — 16. — C. 7. (Iðnskóli í Reykjavík).
   Fyrir „500 000“ kemur 250 000
5. — 17. — III. 8. (Framkvæmd orlofslaga).
   Fyrir „650 000“ kemur 150 000
6. — 19. — 2. (Útflutningssjóður).
   Fyrir „154 000 000“ kemur 152 100 000
7. — 19. — 3. (Óviss útgjöld).
   Fyrir „6 500 000“ kemur 5 000 000
8. — 22. — XLI. Nýr liður:
   Að verja af framlagi á 19. gr. til útflutningssjóðs fé til að koma í veg fyrir verðhækkun erlends áburðar vegna efnahagsráðstafananna á s. l. ári umfram þá verðhækkun, sem orðið hefur á innlendum áburði.

Sþ. 448. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 14. gr. A. X. 22. d. 1. (Skólastjórabústaðir). Nýr liður:
   Egilsstaðir 50 000
2. — 14. — A. XIV. 9. (Ferðakennsla í íþróttum).
   Fyrir „60 000“ kemur 80 000
3. — 14. — B. XI. 12. Nýr liður:
   Til Landssambands blandaðra kóra til útgáfu þjóðlaga 20 000

4. Við 16. gr. A. 55. (Landssamband ísl. hestamannafélaga).
   Fyrir „10 000“ kemur 20 000
5. — 18. — II. a. Við bætist í stafrófsröð:
   Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur 2 500
6. — 22. — XVII. Nýr liður:
   Að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4 320 000 kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins.
7. — 22. — XLI. Nýr liður:
   Að verja allt að 200 þús. kr. vegna stofnunar vistheimilis fyrir stúlkur, annaðhvort á vegum ríkisins eða í samvinnu við félagssamtök, sem að þessum málum vinna.
8. — 22. — XLII. Nýr liður:
   Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

Sþ. 449. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

I. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni* og *Ágústi Þorvaldssyni.*
   Við 12. gr. XXIX. Nýr liður:
   Til byggingar fjórðungssjúkrahúss Suðurlands, Selfossi 500 000

II. Frá *Birni Jónssyni.*
   Við 13. gr. C. IX. 3. (Akureyri, dráttarbraut).
   Fyrir „100 000“ kemur 200 000

III. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
   Við 13. gr. C. IX. 47. (Siglufjörður).
   Fyrir „200 000“ kemur 400 000
   Til vara 300 000

IV. Frá *Birni Jónssyni.*
   Við 14. gr. A. X. 22. 10. (Barnaskóli á Akureyri).
   Fyrir „162 250“ kemur 324 500

V. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
   Við 14. gr. B. XXXVII. 13. Nýr liður:
   Til Tónskóla Siglufjarðar 40 000
   Til vara 30 000

VI. Frá *Karli Guðjónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
   1. Við 17. gr. V. 6. Nýr liður:
      Til Björgunarfélags Vestmannaeyja til kaupa á björgunartækjum 200 000
   2. Við 20. gr. Út. IX. 6. (Vestmannaeyjaflugvöllur).
      Fyrir „600 000“ kemur 1 200 000

Sþ. 450. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).

1. Við 19. gr. 2. Textinn orðast svo:
   Til útflutningssjóðs, og skal þriðjungur upphæðarinnar falla í gjalddaga hinn 30. apríl og síðan 1/12 síðasta dag hvers mánaðar frá maí til desember.
2. — 20. — Út. XXIV. Textinn orðast svo:
   Til atvinnu- og framleiðsluaukningar eftir ákvörðun 5 manna nefndar, er kosin skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, og skulu allir umsækjendur án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á landinu, eiga jafnan rétt til lána eða framlaga eftir atvinnuþörf og möguleikum til framleiðsluaukningar.

Sþ. 451. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá 3. minni hl. fjárveitinganefndar (KK, HÁ, HS, SvbH).

Við 22. gr. XLII. Nýr liður:
Að taka erlent lán að upphæð allt að 6 millj. dollara. Af þeirri fjárhæð skulu eftirfarandi upphæðir endurlánaðar svo sem hér segir:

Til raforkusjóðs	45	millj. kr.
Til ræktunarsjóðs	30	— —
Til hafnarframkvæmda	50	— —
Til fiskveiðasjóðs	25	— —

og skal nefnd sú, er um getur í 20. gr. XXIV, skipta lánsfénu til einstakra hafna.

Sþ. 452. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

I. Frá *Sigurvin Einarssyni.*
   1. Við 16. gr. A. 53. d. (Sauðfjársjúkdómavarnir, girðingar).
      Fyrir „400 000“ kemur 440 000
   2. Við 20. gr. Út. IX. 6. Nýr liður:
      Patreksfjarðarflugvöllur 150 000
   3. Við 22. gr. IX. Nýr liður:
      Að greiða allt að 75 þús. kr. til nýs miðstöðvarkerfis í sjúkrahús Patreksfjarðar, þó ekki yfir helming kostnaðar.

II. Frá *1. minni hl. fjárveitinganefndar.*
   Við 22. gr. XLII. Nýr liður:
   Að taka erlent lán að upphæð allt að 6 millj. dollara. Af þeirri fjárhæð skulu eftirtaldar upphæðir endurlánaðar svo sem hér segir:

Til raforkusjóðs	45	millj. kr.
Til ræktunarsjóðs	25	— —
Til hafnarframkvæmda	28	— —

og skal nefnd sú, er um getur í 20. gr. XXIV, skipta lánsfénu til einstakra hafna.

Nd. 453. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

a. Orðin „með orlofsmerkjum“ í 3., 5. og 6. mgr. 4. gr. laganna falli niður.
b. Á eftir 6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Hver sá, sem á rétt til orlofs og ekki er í föstu starfi, getur krafizt þess að fá orlofsfé sitt greitt í orlofsmerkjum.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin hlutast til um, að póststjórnin gefi út orlofsmerki og orlofsbækur.

Orlofsmerki skulu vera til sölu og orlofsbækur til afhendingar í öllum póstafgreiðslum.

Merkin skulu seld vinnuveitendum á nafnverði og starfsmönnum afhentar ókeypis orlofsbækur.

Í bækurnar skal starfsmaður rita nafn sitt, stétt og heimili, um leið og bókin er afhent og í viðurvist þess, er afhendir honum bókina. Hver bók skal aðeins gilda fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint fremst í bókinni, og má aðeins festa í þær orlofsmerki fyrir vinnu á því orlofsári.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um gerð orlofsmerkja og orlofsbóka svo og önnur atriði varðandi framkvæmd þessara laga, er þurfa þykir.

Allur kostnaður við orlofsmerki og orlofsbækur greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

4. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, er vinnuveitandi ákveður samkvæmt 10. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns, ef hann er í sjúkrasamlagi, en annars héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs og greiðslu orlofsfjár á öðrum tímum en ákveðið er í 9. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá greitt orlofsfé sitt, ef hann sannar veikindaforföll sín á sama hátt og að ofan greinir.

5. gr.

12. gr. laganna falli niður.

6. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Þegar starfsmaður, sem fengið hefur orlofsfé sitt greitt með orlofsmerkjum, hyggst fara í orlof, snýr hann sér til einhverrar póstafgreiðslu og fær þar greidda í peningum samanlagða upphæð orlofsmerkja, sem fest eru í orlofsbók hans, gegn afhendingu bókarinnar með áritaðri kvittun fyrir móttöku fjárins.

7. gr.

14. og 17. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Orðin „og 17. gr.“ í 3. tölul. 18. gr. laganna falli niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um greiðslu orlofsmerkja, sem ekki hafa verið endurgreid orlofsþega, þegar lög þessi öðlast gildi, skal fara eftir sömu reglum og gilt hafa til þessa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. þessu felst sú ein breyting á núgildandi lögum um orlof, að mönnum er í sjálfsvald sett, hvort þeir taka orlofsfé sitt í orlofsmerkjum eða peningum.

Ákvæði orlofslaganna frá 1943 um notkun merkja og orlofsbóka munu hafa verið sett til þess að tryggja það, að orlof og orlofsfé væri notað í þeim tilgangi einum, sem þeim var með lögunum ætlað, og til þess að koma í veg fyrir, að launþegi fengi orlofsfé sitt greitt, nema tryggt væri, að hann notaði það til þess að veita sér árlega hvíld frá störfum.

Reynslan hefur sýnt, að þessi ákvæði laganna hafa verið sniðgengin í vaxandi mæli, þannig að orlofsfé hefur verið greitt í peningum samtímis launagreiðslum, og er það að sjálfsögðu gert með samþykki beggja, atvinnurekenda og verkamanna. Erfitt hefur reynzt að sporna við þessari þróun, enda mundi það kosta mjög umfangsmikið eftirlitskerfi, ef tryggja ætti fullkomlega, að farið væri eftir þessum reglum. Vitað er þó, að ýmsir starfsmenn kjósa fremur að fá orlofsfé sitt greitt í orlofsmerkjum, og þykir því ekki rétt að afnema með öllu greiðslu orlofsfjár með orlofsmerkjum.

Þá má og benda á það, að kostnaður ríkissjóðs við framkvæmd orlofslaganna er allmikill. Á s. l. ári var þessi kostnaður sem hér segir:

Prentkostnaður orlofsbóka, orlofsmerkja og eyðublaða	kr.	36 117.50
Greitt fyrir afhendingu orlofsbóka, 14910 stk. á 0/40	—	5 964.00
Greitt fyrir sölu orlofsmerkja, 1% af kr. 20 801 966.00	—	208 019.66
Greitt fyrir útborgun orlofsfjár, 2%	—	355 378.81
Annar kostnaður (burðargj., umsjón o. fl.)	—	18 000.00
Samtals	kr.	623 479.97

Í tillögum félagsmálaráðuneytisins til fjárlaga fyrir árið 1959 er þessi kostnaður áætlaður kr. 650 000.00.

Af framanritaðri sundurliðun á kostnaði við framkvæmd orlofslaganna má sjá, að hann stafar allur af ákvæðum þeirra um orlofsmerki og orlofsbækur.

Þar eð líklegt má telja, að tiltölulega fáir starfsmenn kjósi fremur að fá orlofsfé sitt greitt í orlofsmerkjum en peningum, má ætla, að þessi breyting á orlofslögunum

spari ríkissjóði veruleg útgjöld til starfsemi, sem kemur að mjög takmörkuðum notum, eins og ljóst er af framansögðu.

Þarfnast frumvarp þetta vart frekari skýringa.

Nd. 454. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um byggingarsjóð Listasafns Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Listamaðurinn Jóhannes Kjarval hefur sýnt stórbrotna rausn með því að afþakka byggingu, sem Alþingi samþykkti fyrir þjóðarinnar hönd að reisa honum, og gefa byggingarféð til Listasafns Íslands. Með þessari gjöf er lagður hornsteinn að væntanlegri listasafnsbyggingu, og staðfestir Alþingi viðtöku gjafarinnar með samþykkt þessa frv.

Nefndin mælir því með frv.

Einn nefndarmanna (EOl) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1959.

Páll Þorsteinsson, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.	Kjartan J. Jóhannsson.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Sþ. 455. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um flugsamgöngur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt og yfirfarið þingsályktunartillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 27. apríl 1959.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Alfreð Gíslason.
Steingr. Steinþórsson.	Jón Sigurðsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Björn Ólafsson.	

Sþ. 456. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959 og við brtt. á þskj. 439 og 452.

I. Frá *Friðjóni Þórðarsyni, Ásgeiri Bjarnasyni* og *Sigurði Ágústssyni.*

Við 13. gr. A. II. a. 39. (Heydalsvegur).

Fyrir „150 000“ kemur 300 000

II. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 134. Nýr liður:
Eiðisvegur 10 000

III. Frá *Björgvin Jónssyni.*
1. Við 13. gr. C. IX. 46. (Seyðisfjörður)
Fyrir „50 000“ kemur 150 000
2. Við 14. gr. A. X. 22. a. 12. (Seyðisfjörður, barnaskóli).
Fyrir „60 000“ kemur 100 000
3. Við 14. gr. A. X. 22. a. 40. (Seyðisfjörður, íþróttahús).
Fyrir „58 333“ kemur 100 000
4. Við 14. gr. A. X. 22. d. 1. (Skólastjórabústaðir). Nýr liður:
Seyðisfjörður 150 000

IV. Frá *Jóhanni Hafstein.*
Við 14. gr. A. XIV. 2. Nýr liður:
Til íþróttasjóðs til greiðslu upp í hluta hans af kostnaði við aðal-íþróttaleikvang landsins í Laugardal í Reykjavík 500 000

V. Frá *Ragnhildi Helgadóttur.*
Við 14. gr. A. XXV. Nýr liður:
Til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur 300 000

VI. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við brtt. 439,16 c. (Við 18. gr. II. a.).
1. Við 10. (Ingólfur Þorvaldsson).
Fyrir „4 000“ kemur 7 122
2. Við 12. (Jón Kristjánsson).
Fyrir „1 000“ kemur 2 400

VII. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 20. gr. Út. IX. 8. (Kópaskersflugvöllur).
1. Fyrir „45 000“ kemur 90 000
2. Nýr liður:
Þórshafnarflugvöllur 90 000

VIII. Frá *Eiríki Þorsteinssyni.*
Við 20. gr. Út. IX. 10. Nýr liður:
Þingeyrarflugvöllur 150 000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XXXI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 2.5 millj. kr. lán, er tekið verður erlendis til kaupa á vindu til djúpborunar á gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar.

X. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 22. gr. XXXIII. Nýr liður:
Að kaupa fyrir sanngjarnt verð jörðina Hólkot í Skarðshreppi í Skagafirði.

XI. Frá *Einari Olgeirssyni, Alfreð Gíslasyni* og *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 452, II. (Við 22. gr. XLII.). Aftan við till. bætist:
Af yfirfærslubótum lánsins verði byggingarsjóði ríkisins endurlánaðar 30 millj. kr. til almennra byggingarlána eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Sþ. 457. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða allt að 60 þús. kr. til þess, að lokið verði byggingu sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, sem verið er að reisa á vegum góðtemplarareglunnar.

Nd. 458. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt ásamt þeim breytingartill., sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali. Minni hl. (SkG og EOl) greiddi ekki atkvæði um málið í nefndinni.

Nefndinni þótti ekki tiltækilegt að afgreiða málið frá sér, fyrr en séð varð, hver fjárhagsafkoma sjóðsins mundi verða eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja. Þess vegna var m. a. beðið eftir því að sjá, hverjar tekjur útflutningssjóði væru ætlaðar á fjárlögunum.

Ríkisstjórnin hefur óskað eftir því, að fjárhagsnefnd flytti brtt. við frv. um hækkun á sérstöku gjaldi á innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Er það ein af þeim brtt., sem við flytjum.

Gert er ráð fyrir, að tekjur útflutningssjóðs vegna hækkunar á þessu gjaldi nemi rúmlega 30 millj. króna.

Meiri hl. nefndarinnar telur, að útflutningssjóði sé séð fyrir það miklum tekjum, að ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir öðru en að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Alþingi, 28. apríl 1959.

Pétur Pétursson, fundaskr., frsm. Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 459. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (PP, ÓB, JóhH).

1. Við 1. gr. Við 2. efnismálsgr. bætist:
   sem er sú kaupgreiðsluvísitala, sem skiptaverð á fiski til bátasjómanna og aflaverðlaun togarasjómanna skal miðast við frá 1. febrúar 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1 30. jan. 1959.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   8. gr. laganna orðist svo:
   Á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958 skal greiða bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, er séu hlutfallslega jafnháar þeim útflutningsbótum, sem greiddar eru í heild á afurðir bátaflotans af þorskveiðum á næsta almanaksári samkvæmt þessum lögum. Skal reiknuð hundraðstala bóta á bátafiskafurðir hvers almanaksárs frá ársbyrjun 1959 gilda við ákvörðun bóta á ull og mjólkurafurðir útfluttar á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958, en hvað snertir aðrar útfluttar landbúnaðarafurðir skal nefnd árleg hundraðstala gilda við ákvörðun útflutningsbóta á landbúnaðarvöruframleiðslu hvers 12 mánaða tímabils frá 1. september 1958.
   Hagstofan reiknar bætur þær, er greiddar skulu á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.
   Bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar skulu greiddar framleiðsluráði landbúnaðarins, og ráðstafar það bótafénu til verðbóta á þær landbúnaðarafurðir, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og seldar eru á lægra verði erlendis en nemur söluverði þeirra innanlands.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   1. málsgr. 44. gr. laganna orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 250% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls, þegar innflutningsskrifstofan úthlutar gjaldeyri til kaupanna, þó má gjaldið ekki vera nema allt að 225%, þegar úthlutað er gjaldeyri til kaupa á bifreiðum fyrir atvinnubifreiðarstjóra. Gjaldið má nema allt að 300% af fob-verðinu, þegar bifreiðin eða bifhjólið er flutt inn án þess, að gjaldeyri sé úthlutað. Innflutningsskrifstofan innheimtir gjaldið.

Sþ. 460. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 452 [Fjárlög].

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við II. (Við 22. gr. XLII.). Framan við upptalninguna komi:
Til fiskveiðasjóðs 50 millj. kr. og gangi helmingur þeirrar fjárhæðar til lána til togarakaupa.

Sþ. 461. Nefndarálit [96. mál]

um till. til þál. um birtingu skýrslna um fjárfestingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leitað umsagnar Hagstofu Íslands, Landsbanka Íslands (Seðlabankans) og Framkvæmdabanka Íslands. Nefndin gerir sér ljóst, að nauðsynlegt er, að sem gleggstar og áreiðanlegastar skýrslur séu fyrir hendi um fjárfestingu í landinu á hverjum tíma, hluta hennar af þjóðartekjum og fjáröflun til hennar. Unnið hefur verið að skýrslugerð um þetta efni, þótt talsvert skorti á, að þessi mál séu komin í viðunandi horf. Nefndin telur þó æskilegt, að birtar séu aðgengilegar, sundurliðaðar skýrslur um fjárfestingu síðustu ára, eftir því sem tök eru á, og vill því mæla með, að tillagan verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ásgeir Bjarnason og Alfreð Gíslason.

Alþingi, 27. apríl 1959.

Benedikt Gröndal, form. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr., með fyrirvara. Björn Ólafsson, frsm.
Steingr. Steinþórsson. Jón Sigurðsson.

Ed. 462. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1959.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 463. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1959.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen. Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. **464. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1959.

(Afgreidd 29. apríl.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1959 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur		145 000 000
2. Vörumagnstollur	36 000 000	
3. Verðtollur	295 500 000	
4. Innflutningsgjald af benzíni	18 000 000	
5. Gjald af innlendum tollvörum	11 000 000	
		360 500 000
6. Lestagjald af skipum	300 000	
7. Bifreiðaskattur	15 000 000	
		15 300 000
8. Aukatekjur	13 500 000	
9. Stimpilgjald	25 000 000	
10. Vitagjald	1 700 000	
11. Leyfisbréfagjald	400 000	
12. Útflutningsleyfagjöld	800 000	
		41 400 000
13. Söluskattur		151 400 000
14. Leyfisgjald		10 000 000
15. Tolla- og skattagreiðslur Sogsvirkjunar		30 000 000
16. Greiðsluafgangur 1958		25 000 000
Samtals ...	. . .	778 600 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	9 050 000	
2.	— áfengisverzlunar	133 000 000	
3.	— tóbakseinkasölu	98 300 000	
4.	— ríkisprentsmiðju	450 000	
			240 800 000
	÷ Rekstrarhalli póstsjóðs		800 000
	Samtals ...	. . .	240 000 000
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		25 640 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	1 300 000	
	2. Pósthúsið í Reykjavík	10 511 000	
	3. Önnur pósthús	5 997 000	
	4. Póstflutningar	6 632 000	
	5. Önnur gjöld	2 000 000	
			26 440 000
	Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	800 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		96 310 000
II.	Gjöld:		
	a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
	1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	3250000	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	8725000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	810000	
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	1720000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	27400000	
	6. Birgðahúsið	1160000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	2020000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	960000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	1340000	
	10. Ritsímastöðin í Hrútafirði	725000	
	11. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum	1285000	
	12. Ritsímastöðin á Siglufirði	1145000	
XI. Að heimila Áfengisverzlun ríkisins að greiða Niels Örum Nielsen, Helga Jónassyni, Jóhannesi Björnssyni, Ingunni Kjartansdóttur, Magnúsi Sigurðssyni og Helga Jónssyni viðbótareftirlaun, þannig að ásamt lífeyrissjóðsgreiðslu séu eftirlaun þeirra jöfn fullum lífeyrissjóðsgreiðslum, frá því er þau láta af störfum.

XII. Að ábyrgjast greiðslu úr ríkissjóði á ¼ hluta þeirra áfalla, sem lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna kann að verða fyrir vegna aðildar eftirtalinna verzlunarskólakennara að lífeyrissjóðnum: Jóns Gíslasonar, Þorsteins Bjarnasonar, Gísla Ásmundssonar og Sigurðar Guðjónssonar.

XIII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XIV. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir síldarverksmiðjur ríkisins til að koma upp soðvinnslutækjum við síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.

XV. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 1.5 millj. kr. lán fyrir Síldarbræðsluna h/f, Seyðisfirði, þó þannig, að heildarábyrgðir ríkissjóðs verði ekki hærri en 80% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

XVI. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 10.8 millj. kr. lán, að meðtöldum þegar veittum ábyrgðum, fyrir Síld-

arvinnsluna h/f, Neskaupstað, þannig að heildarábyrgð ríkissjóðs verði þó ekki hærri en 80% af stofnkostnaðarverði.

XVII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar á Krossanesi við Eyjafjörð vegna kaupa á heilmjölsvinnslutækjum.

XVIII. Að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til 1. sept. n. k. með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur.

XIX. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

XX. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar. (Endurveiting.)

XXI. Að ábyrgjast allt að 85% af andvirði þriggja 250 tonna fiskiskipa.

XXII. Að ábyrgjast 200 þús. kr. lán fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f til smíði báta úr „Deborine"-efni.

XXIII. Að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4 320 000 kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins.

XXIV. Að ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða til smíða á nýjum flóabát fyrir Eyjafjörð og nálægar hafnir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir 80% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)

XXV. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 3.5 millj. kr.

XXVI. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

XXVII. Að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. rekstrarlán til Sementsverksmiðju ríkisins.

XXVIII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði.

XXIX. Að ábyrgjast fyrir stjórn stúdentagarðanna í Reykjavík allt að 200 þús. kr. lán til endurbóta á stúdentagörðunum.

XXX. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins til að bæta gistiaðstöðu í landinu.

XXXI. Að gefa eftir aðflutningsgjald af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota svo og aðflutningsgjald af sendiferðabifreið fyrir Blindravinafélag Íslands og bifreið til starfsemi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

XXXII. Að endurgreiða aðflutningsgjald af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XXXIII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XXXIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XXXV. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er

ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1960.

XXXVI. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. (Endurveiting.)

XXXVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XXXVIII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXXIX. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XL. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 3 millj. kr. lán fyrir Vopnafjarðarhrepp til að reisa síldarverksmiðju á Vopnafirði.

XLI. Að ábyrgjast allt að 2.5 millj. kr. lán, er tekið verður erlendis til kaupa á vindu til djúpborunar á gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar.

XLII. Að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi.

XLIII. Að semja um smíði eða kaup nýs vitaskips, og verði við þá samninga höfð hliðsjón af því, að skipið verði jafnframt nothæft til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa.

XLIV. Að kaupa sanddæluskip, ef viðunandi samningar nást.

XLV. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XLVI. Að gefa hlutaðeigandi útvegsmönnum eftir þær skuldakröfur, er ríkissjóður eignast á þá fyrir innlausn á lánum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

XLVII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vísindatækjum, sem inn eru flutt í sambandi við rannsóknir alþjóðanefndar jarðeðlisfræðiársins. Sama gildir um nauðsynlegt rekstrarefni tækjanna.

XLVIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 28500000 kr. og Sementsverksmiðju ríkisins allt að 14100000 kr.

XLIX. Að lána Bjargráðasjóði Íslands 1.5 millj. kr. til að aðstoða bændur við kjarnfóðurkaup vegna óþurrkanna s. l. sumar.

L. Að ákveða, að 387000 kr., sem geymdar eru í ríkissjóði, til byggingar æfingaskóla fyrir kennaraskólann, megi nota til greiðslu byggingarkostnaðar við kennaraskólann.

LI. Að endurkrefja ekki sérleyfissjóð um rekstrarhalla Ferðaskrifstofu ríkisins árin 1952—58, að upphæð 1770533 kr.

LII. Að kaupa af Flugfélagi Íslands h/f flugvélaverkstæði við flugskýli nr. 5 á Reykjavíkurflugvelli, ef samningar takast.

LIII. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða áfallinn rekstrarhalla Þjóðleikhússins.

LIV. Að veita allt að 200 þús. kr. til greiðslu innlends kostnaðar af áætlunargerð um saltverksmiðju við jarðhita hér á landi.

LV. Að verja af framlagi á 19. gr. til útflutningssjóðs fé til að koma í veg fyrir verðhækkun erlends áburðar vegna efnahagsráðstafananna á s. l. ári umfram þá verðhækkun, sem orðið hefur á innlendum áburði.

LVI. Að taka til viðbótar þeim lánum, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 94/1956, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1957, lán, er nemi allt að 14.5 millj. kr., og end-

urlána eigendum skipa þeirra, er þar um ræðir, með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður.

LVII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

LVIII. Að taka erlent lán að upphæð allt að 6 millj. dollara. Af þeirri fjárhæð skulu eftirtaldar upphæðir endurlánaðar svo sem hér segir:

Til raforkusjóðs	45	millj. kr.
Til ræktunarsjóðs	25	— —
Til hafnarframkvæmda	28	— —

og skal nefnd sú, er um getur í 20. gr. XXIV, skipta lánsfénu til einstakra hafna.

23. gr.

Á árinu 1959 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1958 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 465. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til laga um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er samið af stjórnskipaðri nefnd og flutt að tilhlutan kirkjumálaráðuneytisins.

Leitað hefur verið umsagnar eftirtalinna aðila um málið: kirkjuráðs, skipulagsnefndar ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga, bæjarstjórnar Reykjavíkur og kirkjugarðsstjórnar Reykjavíkur.

Umsagnir bárust frá kirkjuráði, bæjarstjórn Reykjavíkur og kirkjugarðsstjórn Reykjavíkur.

Nefndin telur fyllstu þörf á því að endurskoða lög um kirkjugarða, svo að komið verði betri skipan á starfrækslu þeirra, stjórn og umhirðu.

Nefndin telur hins vegar, að frv. þurfi nánari athugunar við.

Mál þetta er viðkvæmt og snertir allan almenning í landinu. Sýnist nefndinni því rétt að gefa söfnuðum landsins kost á að segja álit sitt um frv. Það skiptir ekki mestu máli, hvort endurskoðun laga um kirkjugarða kemst í framkvæmd árinu fyrr eða seinna. Hitt er meira um vert, að málið fái vandlegan undirbúning og að afgreiðsla þess geti orðið í sem fyllstu samræmi við skoðanir safnaðanna í landinu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að kirkjumálastjórnin leiti umsagnar safnaðanna í landinu um frv. þetta og leggi málið síðan fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. apríl 1959.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.

Sig. Ó. Ólafsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 466. Lög [81. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 426.

Nd. 467. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. 2. málsl. orðist svo:

Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna eða hafa í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins miðað við þá venju, sem myndazt hefur í hverri sýslu, er samþykktin endursend án staðfestingar.

Alþingi, 29. apríl 1959.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Karl Guðjónsson, fundaskr. Ingólfur Jónsson.

Eiríkur Þorsteinsson. Jón Pálmason.

Nd. 468. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir, á fisk veiddan á vissum tímum árs og á fisk, sem fer í tiltekna vinnslu. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að sérstakar bætur skuli greiddar bátum, togurum og vinnslustöðvum á hvert kg fisks, sem framleitt er frá 1. til 31. janúar 1959. Bætur þessar skulu svara til þeirrar hækkunar á rekstrarkostnaði báta, togara og vinnslustöðva, sem af því leiðir, að kaupgjald og skiptaverð á fiski til bátasjómanna er í janúarmánuði 1959 miðað við kaupgreiðsluvísitölu 202, en ekki kaupgreiðsluvísitölu 175, sem er sú kaupgreiðsluvísitala, sem skiptaverð á fiski til bátasjómanna og aflaverðlaun togarasjómanna skal miðast við frá 1. febr. 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1 30. jan. 1959.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði niður verð á beitu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958 skal greiða bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, er séu hlutfallslega jafnháar þeim útflutningsbótum,

sem greiddar eru í heild á afurðir bátaflotans af þorskveiðum á næsta almanaksári samkvæmt þessum lögum. Skal reiknuð hundraðstala bóta á bátafiskafurðir hvers almanaksárs frá ársbyrjun 1959 gilda við ákvörðun bóta á ull og mjólkurafurðir útfluttar á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958, en hvað snertir aðrar útfluttar landbúnaðarafurðir skal nefnd árleg hundraðstala gilda við ákvörðun útflutningsbóta á landbúnaðarvöruframleiðslu hvers 12 mánaða tímabils frá 1. september 1958.

Hagstofan reiknar bætur þær, er greiddar skulu á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.

Bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar skulu greiddar framleiðsluráði landbúnaðarins, og ráðstafar það bótafénu til verðbóta á þær landbúnaðarafurðir, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og seldar eru á lægra verði erlendis en nemur söluverði þeirra innanlands.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði vátryggingariðgjöld fiskibáta (sjóvátryggingu og bráðafúatryggingu). Skal greiða fullt ársiðgjald, ef úthaldstími bátsins á árinu er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega. Greiðslur vátryggingariðgjalda skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno" hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—10. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr útflutningssjóði, valdsvið sjóðstjórnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Í samráði við Seðlabankann, gjaldeyrisbankana og stjórn útflutningssjóðs getur ríkisstjórnin ákveðið, að greiðsla útflutningsbóta, er nemi 55% á fob-verðmæti útfluttra vara, fari fram í bönkum, þegar gjaldeyri fyrir vörunum er skilað, en útflutningssjóður greiði eftirstöðvar bótanna. Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að bótum samkvæmt 3. gr. skuli skipt á milli útvegsmanna og vinnslustöðva, og einnig getur hún falið samtökum útvegsmanna og útflytjenda að annast ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

4. gr.

1. málsgr. 44. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 250% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls, þegar innflutningsskrifstofan úthlutar gjaldeyri til kaupanna, þó má gjaldið ekki vera nema allt að 225%, þegar úthlutað er gjaldeyri til kaupa á bifreiðum fyrir atvinnubifreiðarstjóra. Gjaldið má nema allt að 300% af fob-verðinu, þegar bifreiðin eða bifhjólið er flutt inn án þess, að gjaldeyri sé úthlutað. Innflutningsskrifstofan innheimtir gjaldið.

5. gr.

Hinar árlegu greiðslur útflutningssjóðs til ríkissjóðs, er um ræðir í 48. gr. laganna, skulu falla niður frá 1. janúar 1959.

6. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé til niðurgreiðslu vöruverðs. Frá 1. janúar 1958 skal útflutningssjóður standa straum af slíkri niðurgreiðslu, en ríkissjóður endurgreiði útflutningssjóði slíkar niðurgreiðslur eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárlögum hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 469. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin hefur flutt þetta frv. til þess að fá staðfest samkomulag, sem hún gerði um síðustu áramót við útvegsmenn og eigendur vinnslustöðva sjávarafurða um hækkun á bótum til þeirra. Áætlað er, að þetta valdi um það bil 80 millj. kr. hækkun á gjöldum útflutningssjóðs.

Hér skal ekki rætt um einstök atriði í hinum margbrotnu samningum ríkisstjórnarinnar við eigendur útflutningsafurða. En meðan sá háttur er á hafður, að ríkisvaldið skammtar framleiðendum verðið fyrir gjaldeyrinn, sem fæst fyrir útflutningsvörurnar, og það er ákveðið lægra en svo, að nægi til greiðslu á framleiðslukostnaðinum, verður ekki komizt hjá því að greiða bætur í einhverju formi til að jafna hallann. Hins vegar verður að telja óforsvaranlegt, að bráðabirgðastjórn, sem ekki nýtur stuðnings meiri hluta í báðum deildum Alþingis, skuli leyfa sér að gera svo fjárfreka samninga án þess að hafa um það samráð við Alþingi.

Núverandi ríkisstjórn hefur aukið stórkostlega niðurgreiðslur á vöruverði innanlands, nær eingöngu á landbúnaðarvörum. Hefur árlegur kostnaður við niðurgreiðslurnar verið aukinn um nokkuð á annað hundrað millj. kr.

Niðurgreiðsla á vöruverði hefur lengi átt sér stað, en aldrei fyrr í svo stórum stíl sem nú. Er mjög varhugavert að fara svo langt út á þá braut sem nú hefur verið gert. T. d. er nú svo komið, að útsöluverð á landbúnaðarvörum til neytenda er orðið lægra en það verð, sem framleiðendum sjálfum er reiknað til tekna við verðlagsútreikninginn. Er hlutur bændanna hér gerður verri en annarra, og þarf að fást leiðrétting á því.

Í lögunum um útflutningssjóð, sem samþykkt voru á Alþingi 29. maí s. l. ár, voru útflutningsbætur m. a. ákveðnar þannig:

a. Á allan fisk og fiskafurðir, að undanteknum síldarafurðum, 80%.
b. Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld 55%.
c. Á afurðir úr annarri síld (Faxasíld og smásíld) og loðnu 70%.

Allar aðrar útfluttar vörur átti að setja í einhvern þessara flokka. Ákveðið var, að ríkisstjórnin mætti, að fengnum tillögum stjórnar útflutningssjóðs, flytja einstakar vörur milli bótaflokka. Samkvæmt upplýsingum, er fjárhagsnefnd fékk hjá ríkisstjórninni, var þessi heimild notuð þannig s. l. ár, að á síld, sem talin er í c-lið (Faxasíld, smásíld og loðnu), var greidd 80% uppbót í stað 70%. Og á verulegan hluta af sumarveiddri síld, sem lögð var á land á Austfjörðum, var greidd 70% uppbót í stað 55%.

Enn hefur ríkisstjórnin ekki samið við síldarútvegsmenn um uppbætur á síldina á komandi sumri. En í athugasemdum með frv. þessu er áætlað, að hækkun bóta á sumar- og haustsíld, umfram greiðslu trygginga fyrir bátana, muni nema 5½ millj. kr. Er talið, að sú hækkun sé hlutfallslega hin sama og hækkun bóta til báta á þorskveiðum.

Ég tel, að hækkun útflutningsbóta til síldarútvegsins hljóti að verða meiri en hér er áætlað. Síldveiðarnar hafa gengið erfiðlega mörg undanfarin ár, svo að ýmsir þátttakendur í þeim hafa orðið fyrir tjóni. — Verðið fyrir síldina hefur heldur ekki hækkað eins mikið undanfarin ár og þurft hefði að vera til að mæta hækkun á útgerðar- og verkunarkostnaði. Síldarverksmiðjur hafa líka verið reknar með tapi. Þegar á þetta er litið, verður ekki séð, að sanngjarnt sé að hafa þann mun á útflutningsbótum á síld og aðrar vörur, sem nú er í lögunum. En eins og áður segir hefur ríkisstjórnin heimild til að flytja vörur á milli bótaflokka og getur því hækkað útflutningsbætur á síldina, þó að ekki verði gerð breyting á lögunum. Verður að

ætlast til, að sú heimild verði notuð til að mæta sanngjörnum óskum hlutaðeigandi atvinnugreinar.

Í lögunum um útflutningssjóð eru ákvæði um tekjuöflun til þess að mæta gjöldum hans. Upplýst er, að tekjur sjóðsins árið sem leið hafi reynzt nægar til að vega á móti gjöldunum. En nú er búið að auka ársútgjöld sjóðsins um nálægt 200 millj. kr. með auknum niðurgreiðslum vöruverðs og útflutningsbótum, og vafalaust hækka gjöldin enn, þegar ákveðnar verða bætur til síldarútvegsins. Á móti gjaldahækkuninni hefur verið samþykkt að greiða úr ríkissjóði rúmlega 150 millj. kr. til útflutningssjóðs, og meiri hluti fjárhagsnefndar ber fram, eftir tilmælum stjórnarinnar, tillögu um hækkun innflutningsgjalda af bifreiðum, sem flutningsmenn tillögunnar telja að muni auka tekjur sjóðsins um rúmlega 30 millj. kr. En þrátt fyrir þetta er verulegur halli á áætlun um tekjur og gjöld útflutningssjóðsins. Og fjárframlagið frá ríkissjóði er fengið með þeim hætti, að mjög aðfinnsluvert er. Skal í því sambandi bent á eftirfarandi:

1. Greiðsluafgangi ríkissjóðs frá 1958, 25 millj. kr., hefur ríkisstjórnin og stuðningslið hennar fleygt í verðbólgufenið, í stað þess að fallast á tillögu framsóknarmanna um að lána þetta fé byggingarsjóðum kaupstaða, kauptúna og sveita og veðdeild Búnaðarbankans.
2. Sami þingmeirihluti samþykkti að lækka stórlega framlög til nauðsynlegra verklegra framkvæmda, svo sem raforkuframkvæmdanna.
3. Stjórnin hefur ákveðið að auka mjög innflutning á hátollavörum til þess að ná meiri tekjum í ríkissjóð og útflutningssjóð, og má búast við, að það hafi í för með sér tilfinnanlegan skort á nauðsynlegum vörum.
4. Tekjuáætlanir á fjárlagafrv. eru hækkaðar mjög, svo að óvarlegt er, en ýmis útgjöld jafnframt áætluð lægri en þau fyrirsjáanlega verða, svo að stefnt er að verulegum greiðsluhalla hjá ríkissjóði.

Í s. l. nóvembermánuði lagði Framsóknarflokkurinn fram í fyrrv. ríkisstjórn ákveðnar tillögur um úrlausnir í efnahagsmálunum á þessu ári, þar sem stefna flokksins var skýrt mörkuð. Tillögur hans voru við það miðaðar, að kaupmáttur launa rýrnaði ekki frá því, sem hann var í októbermánuði s. l. (eða í febrúar 1958), tryggður væri hallalaus rekstur útflutningssjóðs og ríkissjóðs og framlög til framfaramála yrðu ekki minni á þessu ári en s. l. ár. — Því miður náðist ekki samkomulag um þær tillögur.

Núverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hafa ákveðið afgreiðslu málanna á þessu ári með allt öðrum hætti. Fjárlagaafgreiðsla þeirra er mjög glæfraleg, eins og áður er fram tekið. Og það er fyrirætlun þeirra að samþykkja þetta frv. án þess að gera ráðstafanir til að jafna þann greiðsluhalla útflutningssjóðs, sem áætlanir þeirra sýna, en eins og áður segir, er hann þar að auki of lágt áætlaður vegna síldaruppbótanna. Þessar fyrirætlanir þeirra komu glöggt fram í umræðum um frumvarpið í fjárhagsnefndinni.

Með þessari afgreiðslu efnahagsmálanna er vísvitandi stefnt að skuldasöfnun og vaxandi verðbólgu.

Alþingi, 30. apríl 1959.

Skúli Guðmundsson,
form.

Ed. 470. Lög [137. mál]

um breyting á lögum nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 346.

Ed. 471. Lög [138. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 347.

Nd. 472. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 5. gr. Við greinina bætist:

Ríkissjóður skal greiða útflutningssjóði 152 100 000 kr. á árinu 1959. Þriðjungur fjárhæðarinnar skal falla í gjalddaga 15. maí, en eftirstöðvarnar skulu greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Nd. 473. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 4. gr.

a. Fyrir „225%“ komi: 160%.

b. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Innflutningsskrifstofan skal á árinu 1959 veita 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til atvinnubifreiðarstjóra, enn fremur allt að 100 innflutningsleyfum fyrir bifreiðum til þeirra, er með vinnusamningum hafa gjaldeyristekjur, gegn 250% gjaldi samkvæmt 1. málsgr.

Ed. 474. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

Nefndarálit framsóknarmanna í stjórnarskrárnefnd Nd., þskj. 430, tekur fram meginatriðin í afstöðu Framsóknarflokksins til þessa frumvarps og gerir ýtarlega grein fyrir ástæðum flokksins fyrir andstöðunni gegn því. Jafnframt eru þar hraktar lið fyrir lið þær tilraunir til rökstuðnings, sem flytjendur frumvarpsins og stuðningsmenn hafa reynt að bera fram sem meðmæli.

Nefndarálit þetta á þskj. 430 er svo ýtarlegt og fullkomið að rökum, að við leyfum okkur að telja fullnægjandi að skírskota til þess um afstöðu til málsins almennt, þar sem röksemdafærsla okkar mundi að mestu leyti verða efnislega endurtekning á því, sem þar er sett fram.

Samkv. framansögðu teljum við eðlilegast að takmarka nefndarálit okkar við þær tillögur, sem við berum fram til afgreiðslu á málinu.

Við munum þess vegna í fyrsta lagi gera grein fyrir því áliti okkar, að vísa eigi þessu frumvarpi til nefndar þeirrar, er Alþingi 1947 gerði ráðstafanir til að skipuð var til þess að endurskoða stjórnarskrána og enn hefur ekki skilað áliti; enn fremur að Alþingi beini því um leið til nefndarinnar að taka til sérstakrar athugunar tillögu, sem hjá henni liggur óafgreidd, um, að þjóðinni verði afhent málið og hún kjósi stjórnlagaþing, er hafi það verkefni eitt að setja hinu íslenzka lýðveldi stjórnskipunarlög.

Vorið 1942, þegar Alþingi hafði ákveðið að gera ráðstafanir til, að þjóðin sliti konungssambandinu við Dani og endurreisti lýðveldi á Íslandi, var af því tilefni skipuð, samkv. ályktun þingsins, fimm manna nefnd til þess að gera breytingar á stjórnarskrá þeirri, er gilt hafði fyrir konungsríkið Ísland.

Haustið 1942 var nefndin endurskipuð og bætt í hana þrem mönnum, svo að í henni skyldu eiga sæti tveir fulltrúar frá hverjum þeirra fjögurra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa áttu á Alþingi. Varð nefndin þá átta manna nefnd.

Árið 1943 skilaði nefnd þessi frumvarpi til stjórnskipunarlaga fyrir hið væntanlega lýðveldi. Frumvarpinu fylgdi að sjálfsögðu greinargerð. Þetta frumvarp samþykkti Alþingi 8. marz 1944 og síðan þjóðin með almennri atkvæðagreiðslu.

Hin nýju stjórnskipunarlög voru lögð undir þjóðaratkvæði með þeim fyrirvara í ræðum og ritum, að þau væru bráðabirgðastjórnarskrá, sem yrði haldið áfram að endurskoða og fullkomna.

Á grundvelli þeirrar bráðabirgðastjórnarskrár var lýðveldi á Íslandi stofnað 17. júní 1944.

Nefndin, sem stjórnarskrárfrumvarpið samdi, skilaði því 7. marz 1943. Í greinargerð sinni segist nefndin aðeins hafa lokið fyrri hluta þess verkefnis, er sér hafi verið falið, en kveðst ætla að vinna áfram að seinni hluta verkefnisins, sem sé: „að undirbúa aðrar breytingar á stjórnarskránni, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt. Má ætla, að það starf verði öllu víðtækara ...

Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá, sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenzka ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis.“ (Þetta er orðrétt tekið upp úr nefndarálitinu.)

Nú líða stundir fram, og ekkert frásagnarvert ber til tíðinda í málinu þar til 3. marz 1945. Þá gerir Alþingi ráðstafanir til, að skipuð er tólf manna nefnd til ráðuneytis og aðstoðar átta manna nefndinni. Hefur þá Alþingi með því sett fram 20 manna sveit til þess að ljúka seinni hluta endurskoðunarinnar. Enn fremur heimilaði þingið þessum tuttugu mönnum að ráða sérfræðing í þjónustu sína.

Tvö ár líða enn — og engar tillögur koma frá tveggja-tuga-nefndinni. Hinn 24. marz 1947 tekur Alþingi sig til og fellir niður umboð hennar, en samstundis felur það ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd „til þess að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“, eins og segir í þar að lútandi þingsályktun. Tekið er einnig fram í ályktuninni, að stjórnmálaflokkarnir fjórir skuli tilnefna sinn manninn hver, en þrír mennirnir skipaðir án tilnefningar.

Hinn 14. nóv. sama ár var nefndin skipuð, og urðu í henni þrír sjálfstæðismenn, tveir framsóknarmenn, einn Alþýðuflokksmaður og einn sósialisti. Bjarni Benediktsson, 1. þingmaður Reykvíkinga, var skipaður formaður nefndarinnar, og er það enn. Nefndin hefur ekki enn þá skilað áliti. Hún hefur ekki verið leyst frá störfum, enda ekki óskað þess. Hins vegar hefur formaðurinn ekki boðað til fundar í nefndinni síðan nálægt áramótum 1953. En um það leyti lögðu sjálfstæðismennirnir fram sem umræðugrundvöll tillögur til breytinga á stjórnarskránni um 20 talsins, — aðeins ein þeirra er nú tekin út úr og lögð fram í frumvarpsformi á þskj. 368, — allar hinar látnar bíða. Út af tillögunum í heild lýsti fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, Karl Kristjánsson, yfir, að hann teldi „ýmislegt í þessum tillögum aðgengilegt“. Hins vegar lagði hann fram einnig um það leyti, sömuleiðis sem umræðugrundvöll, tillögu um, að nefndin legði til, að Alþingi gerði þá breyt-

ingu eina á gildandi stjórnarskrá, að sérstöku stjórnlagaþingi (þjóðfundi) skyldi falin endurskoðun hennar og setning nýrrar stjórnarskrár.

Sjálfstæðismennirnir tóku fram í niðurlagi tillöguskjals síns:

„Um þjóðfund verði ekki tekin endanleg ákvörðun, fyrr en sýnt er, hvort samkomulag verður um framkomnar tillögur (þ. e. tillögur þeirra). Að svo stöddu verði þess vegna ráðgert, að stjórnarskrárbreytingin verði gerð með venjulegum hætti."

Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, lét þess opinberlega getið, að hugmyndin um þjóðfund væri „aðlaðandi".

Tillaga Karls Kristjánssonar, lögð fram eftir áramótin 1952—53, ásamt greinargerð, var svo hljóðandi:

„Alþingi sjálft geri þá breytingu eina á stjórnarskránni, að sérstakt stjórnlagaþing, skipað 52 fulltrúum, skuli endurskoða núgildandi stjórnarskrá Íslands og setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá.

Kosningar til stjórnlagaþings verði á árinu 1956.

Kosningarnar fari fram eftir ákvæðum stjórnarskrár og gildandi lögum um kosningar til Alþingis.

Stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi eða hafa haft fulltrúa í kjöri til Alþingis, mega ekki bjóða menn fram til stjórnlagaþings.

Samtök frambjóðenda til stjórnlagaþings geti borið fram landslista og fengið jöfnunarsæti eftir sömu reglum og nú gilda um flokka, sem bjóða fram við kosningar til Alþingis.

Stjórnlagaþingið starfi samkv. reglum Alþingis, eftir því sem við verður komið.

Stjórnlagaþingið ljúki störfum eigi síðar en 1958.

Greinargerð.

1. Tillagan er byggð á þeirri skoðun, að Alþingi, sem fulltrúar eru kosnir til vegna margháttaðra verkefna, sé ekki líklegt til að ráða setningu stjórnarskrár jafngiftusamlega til lykta og stjórnlagaþing, sem eftir ýtarlegar umræður stjórnarskrármálsins í blöðum og á mannfundum væri sérstaklega til þess eina verkefnis kosið, enda hefur Alþingi beint og óbeint vikið sér undan að taka á málinu í nálega áratug.
2. Tillagan gerir ráð fyrir, að þjóðin fái þriggja ára tíma til þess að ræða stjórnarskrármálið og undirbúa val sitt á fulltrúum til stjórnlagaþingsins 1956.
3. Lagt er til, að jafnmargir menn eigi sæti á stjórnlagaþinginu og nú eiga sæti á Alþingi, kosnir í sömu kjördæmum og samkv. sömu reglum og alþingismenn.

   Er með því núgildandi venjum haldið og engum mönnum, er haft hafa samstöðu um kosningar til Alþingis, gert hærra en öðrum undir höfði við þessar kosningar en við hinar.
4. Lagt er til, að þeir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, — eða haft hafa menn í kjöri við alþingiskosningar, — megi ekki bjóða fram til stjórnlagaþings. Er það ákvæði réttmætt og nauðsynlegt, til þess að þjóðin fái tækifæri til að losa stjórnarskrármálið úr fléttu við önnur málefni, sem flokkarnir hafa með höndum, en ekki koma stjórnarskrá sérstaklega við. Flokkaskiptingu þjóðarinnar um kosningar til Alþingis er ekki þar með raskað.
5. Bandalag frambjóðenda, sem þjóðin — eftir að hafa rætt stjórnarskrármálið eitt sér í þrjú ár — hefur valið til framboðs við stjórnlagaþingskosningar, geti haft landslista í kjöri og hlotið uppbótarþingsæti. Þannig notist jöfnunarregla gildandi laga.
6. Það er meginstefna tillögunnar, að þjóðin fái sem bezt ráðrúm og aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig hún vill hafa lýðveldisstjórnarskrá sína til frambúðar og hverjum hún vill síðan fela umboð til þess að ganga frá setningu hennar út af fyrir sig."

Tillögurnar allar — bæði sjálfstæðismannanna og Karls Kristjánssonar — eru enn óafgreiddar hjá nefndinni og voru sama sem ekkert ræddar þar, en eins og að framan greinir, fengu þær þó alls ekki slæmar undirtektir og voru því ekki ólíklegar til samkomulags á einhvern hátt, ef nefndarstarfinu hefði verið stjórnað með eðlilegum hætti og tækifæra leitað.

Saga ráðstafana þeirra, sem Alþingi hefur gert með endurteknum nefndaskipunum, frá því að lýðveldið var stofnað fyrir hálfum öðrum áratug, og hér hefur verið í stuttu máli rakin, sýnir, að til þess hefur verið ætlazt af Alþingi, að heildarendurskoðun sú á stjórnarskránni, sem frestað var við stofnun lýðveldisins, yrði gerð og leitað yrði við framkvæmd endurskoðunarinnar í milliþinganefnd ýtrasta samkomulags allra stjórnmálaflokka, er Alþingi skipa.

Nú hafa þrír þingflokkar skyndilega tekið höndum saman og ruðzt fram á Alþingi með frumvarp þetta á þskj. 368 til einhæfrar breytingar á stjórnarskránni án nokkurra tilrauna til samkomulags eða samráðs við fjórða þingflokkinn, sem þó skipar nálega fullan þriðjung þingsæta.

Þessi starfsaðferð og framkoma öll er í algeru ósamræmi við þá hátíðlegu og virðulegu stefnu, sem mörkuð var með ákvörðunum Alþingis, þegar lýðveldið var stofnað, um heildarendurskoðun og samstarf allra við þá endurskoðun.

Frumvarpið er ekki borið fram í anda lýðveldisstofnunarinnar, heldur af tækifærissinnuðum hernaðarsamtökum, sem hyggjast „fara landið eldi", eins og formaður eins stjórnmálaflokksins, 1. flutningsmaður frumvarpsins, hefur komizt að orði. Frumvarpið felur í sér byltingu á grundvallarskipun kosninga í landinu. Gegn því hefur strax risið mjög sterk mótmælaalda meðal almennings úti um land, enda mundi það, ef að lögum yrði, raska ævafornum rétti héraða landsins.

Við lítum svo á, að endurskoðun þeirri á stjórnarskránni, sem frestað var 1944, sé skylt og sjálfsagt að ljúka allri í einu. Stjórnarskránni á ekki að síbreyta. Hún er grundvallarlög lýðveldis okkar, og þegar þeim lögum verður breytt, á að ganga þannig frá þeim, að ætla megi, að þau geti verið óhreyfð til frambúðar.

Enn fremur teljum við fyllstu skyldu við hið unga íslenzka lýðveldi að hvika ekki frá þeirri stefnu, sem mörkuð var í upphafi undir áhrifum hinna stóru stunda, þegar lýðveldið var stofnað, að hafa þau vinnubrögð við frágang stjórnarskrárinnar að láta milliþinganefnd allra stjórnmálaflokkanna fjalla um málið og fullreyna, hvort ekki fæst samstaða allra flokkanna um heilbrigða og giftusamlega afgreiðslu þess.

Þess vegna teljum við sjálfsagt, að frumvarpinu á þskj. 368 verði vísað til stjórnarskrárnefndarinnar, sem skipuð var skv. þingsályktun 24. maí 1947 og ekki hefur enn lokið störfum eða skilað áliti.

Jafnframt viljum við minna á tillöguna, sem fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram í nefndinni á sínum tíma, um, að málið verði afgreitt á sérstöku stjórnlagaþingi. Sú tillaga er hjá nefndinni, eins og áður er frá greint. Náist ekki eining meðal þingflokkanna um heildarafgreiðslu, er samþykkt þeirrar tillögu í fullu samræmi við vilja Alþingis 1944 um virðulega meðferð málsins. Enginn getur sagt, að málinu sé ekki fullur sómi sýndur með þeim sérstæða hætti að kjósa þing til þess eins að setja stjórnarskrána. Þvert á móti. Þá er stofnað til þess, að þjóðin hefji stjórnarskrármálið yfir öll sín dægurmál.

Þetta kostar nokkra fyrirhöfn, en ólíklegt er, að til séu Íslendingar, er telji of mikla fyrirhöfn að láta sérstakt þing þjóðarfulltrúa, sem til þess verks eins eru valdir, semja stjórnarskrá handa lýðveldi, sem er endurheimt eftir sjö aldir.

Í samræmi við það, er að framan segir, flytjum við tillögu til rökstuddrar dagskrár, sem er aðaltillaga okkar.

Ef svo skyldi fara, að háttv. efri deild felldi aðaltillögu okkar, berum við til vara fram breytingartillögur við frumvarpið.

Þessar breytingartillögur gera ráð fyrir fjölgun kjördæmakosinna þingmanna í þéttbýlinu. Fjölgunin er við það miðuð, að hlutur þéttbýlisins sé aukinn í sam-

ræmi við fólksfjölgun, sem þar hefur orðið síðustu árin. — Við höfum ekki reiknað það dæmi nákvæmlega, en okkur virðist, að hlutur þéttbýlisins sé aukinn álíka með breytingartillögum okkar og verða mundi, ef frumvarp það, sem fyrir liggur, yrði samþykkt.

Við berum þessar tillögur fram til samkomulags, svo sem auðsætt er, þar sem meginstefna Framsóknarflokksins hefur verið og er einmenningskjördæmi.

Okkur virðist augljóst, að ef tillögur okkar verða samþykktar, náist í höfuðatriðum sams konar réttlæti þéttbýlinu til handa og flokkarnir þrír telja takmark sitt að ná með frumvarpi sínu. — Munurinn á þessum leiðum, þ. e. stefnu frumvarpsins og stefnunni samkvæmt breytingartillögum okkar, er þá orðinn í aðalatriðum sá, að samkvæmt frumvarpinu eru öll núverandi kjördæmi nema eitt, þ. e. Reykjavík, lögð niður, en samkvæmt leið okkar er réttlætinu náð án þess að leggja kjördæmin niður og stofna til hlutfallskosninga í stórum kjördæmum, en það teljum við háskalega byltingu.

Okkur virðist því auðsætt, að ef þingmenn greiða atkvæði gegn breytingartillögum okkar, hafi þeir meiri áhuga á því að leggja niður kjördæmin en að ná réttlætinu fyrir þéttbýlið. — Og fer þá allt þetta mál að verða allmikið öðruvísi og tilgangur þess allt annar en túlkað hefur verið opinberlega.

Fari svo, að þessar breytingartillögur okkar verði einnig felldar, áskiljum við okkur rétt til að bera fram við þriðju umræðu málsins tillögu, þar sem ákveðið sé, að kjördæmunum, sem á að leggja niður, verði gefinn kostur á því að segja til um það með almennri atkvæðagreiðslu, hvort þau sjálf óski eftir því að verða lögð niður, og fái undanþágu frá afnámi sínu, ef meiri hluti kjósenda æskir hennar.

Með skírskotun til þess, sem að framan er greint, leggjum við, sem skipum minni hluta stjórnarskrárnefndar, til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnarskrárnefndin, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun 24. maí 1947, taki stjórnarskrármálið í heild til endurskoðunar á árinu 1959 með það fyrir augum, að tillögur hennar verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í ársbyrjun 1960, og athugi sérstaklega tillögur þær, sem fram hafa komið um, að málið verði afgreitt á sérstöku stjórnlagaþingi (þjóðfundi), tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Verði dagskrártillagan felld, ber minni hl. fram *til vara* svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist svo:

Á 31. gr. stjórnarskrárinnar eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrir orðin „52 þjóðkjörnir þingmenn“ í 1. málsgr. komi: 60 þjóðkjörnir þingmenn.

2. Fyrir orðin „8 þingmenn í Reykjavík“ í a-lið sömu málsgr. komi: 12 þingmenn í Reykjavík.

3. Fyrir orðin „6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri“ komi: 8 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Keflavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Akranesi, Ísafirði, Siglufirði.

4. Fyrsti málsl. 1. málsgr. c-liðar orðist svo:

30 þingmenn í þessum einmennings- og tvímenningskjördæmum:

Einmenningskjördæmi:

1. Borgarfjarðarsýsla.
2. Mýrasýsla.
3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

4. Dalasýsla.
5. Barðastrandarsýsla.
6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
7. Norður-Ísafjarðarsýsla.
8. Strandasýsla.
9. Vestur-Húnavatnssýsla.
10. Austur-Húnavatnssýsla.
11. Suður-Þingeyjarsýsla ásamt Húsavík.
12. Norður-Þingeyjarsýsla.
13. Austur-Skaftafellssýsla.
14. Vestur-Skaftafellssýsla.
15. Gullbringusýsla.
16. Kjósarsýsla.

Tvímenningskjördæmi:

1. Skagafjarðarsýsla ásamt Sauðárkróki.
2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Ólafsfirði.
3. Akureyri.
4. Norður-Múlasýsla.
5. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
6. Rangárvallasýsla.
7. Árnessýsla.

5. Fyrir orðin „11 þingmenn“ í d-lið komi: 10 þingmenn.

Alþingi, 5. maí 1959.

Karl Kristjánsson, frsm. Hermann Jónasson.

Nd. 475. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Nefndin rannsakaði það sérstaklega, hver ætla mætti að yrði hlutur Náttúrugripasafns Íslands varðandi framlög af happdrættisfénu. Það upplýstist við meðferð málsins, að samkomulag er um það milli allra aðila, er hlut eiga að máli, að lagt verði fé af happdrættistekjunum til byggingar safnsins. Í þessu sambandi leyfir nefndin sér að birta bréf menntamálaráðuneytisins til fjármálaráðuneytisins, dags. 4. marz s. l.

Alþingi, 4. maí 1959.

Skúli Guðmundsson, form. Pétur Pétursson, fundaskr. Ólafur Björnsson, frsm.

Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara. Jóhann Hafstein, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Tilmæli menntamálaráðuneytis til fjármálaráðuneytisins.

Hér með sendist fjármálaráðuneytinu frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, sbr. lög nr. 125 30. desember 1943, um breyting á þeim lögum, og er þess beiðzt, að fjármálaráðuneytið hlutist til um, að frv. verði lagt fyrir Alþingi.

Svo sem greinargerð frv. ber með sér, hefur háskólinn og menntamálaráðuneytið fjallað um frumvarpið, en ráðuneytið vill taka fram, að það leggur áherzlu á, að háskólinn leggi af happdrættistekjunum fram fé til að byggja hús yfir Náttúrugripasafn Íslands, þótt eigi hafi enn fengizt fjárfestingarleyfi til að hefjast handa um þá byggingu. Háskólinn hefur hins vegar lagt fram fé til að leysa brýna þörf safnsins á þann hátt að kaupa hæð í húsi við Laugaveg nr. 105, og er nú verið að innrétta húsnæði þetta fyrir safnið. Þá telur ráðuneytið æskilegt, að Náttúrugripasafnið fái hlutdeild í tekjum háskólans til kaupa á vísindaáhöldum, sérfræðiritum og hirzlum fyrir safngripi.

Ráðuneytið hefur þó eigi sett ákvæði um þetta í frumvarpið, enda var það eigi gert við síðustu framlengingu happdrættisleyfisins árið 1943, en hins vegar kom það fram við meðferð málsins, bæði í greinargerð og nefndaráliti, að hluti af happdrættisfénu væri ætlaður til náttúrugripasafnsbyggingar.

Ef frumvarpið verður að lögum, væntir ráðuneytið þess, að leyfisveiting til háskólans til happdrættisrekstrar verði bundin því skilyrði, að lagt verði fram fé eins og þarf til byggingar náttúrugripasafnshúss, til kaupa á nauðsynlegum vísindaáhöldum, sérfræðiritum og safnhirzlum fyrir Náttúrugripasafnið.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Ed. 476. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög. Einn nefndarmanna (FRV) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   og þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.
2. Við 14. gr. Í stað „sandgræðslustjóra“ komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.
3. Á eftir 14. gr. komi ný gr. (verður 15. gr.), svo hljóðandi:
   Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en 1963.
4. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 85 frá 16. des. 1943, um ítölu, lög nr. 43 frá 23. febr. 1945, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi, sbr. þó niðurlag 1. gr. þessara laga.
   Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkv. lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt, um ítölu í lönd einstakra manna eða viðkomandi sveitarfélaga.

Alþingi, 5. maí 1959.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. | Sigurvin Einarsson, fundaskr. | Sigurður Ó. Ólafsson.

Friðjón Þórðarson.

Sþ. **477. Tillaga til þingsályktunar** [168. mál]

um að steypa fjölfarna þjóðvegi.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vegamálastjóra undirbúa fyrir næsta þing framkvæmdaáætlun um að steypa fjölförnustu þjóðvegi á næstu árum. Verði jafnframt gerðar tillögur um fjáröflun til framkvæmdanna og stefnt að því, að vegagerð með þessum hætti geti hafizt á næsta ári.

Greinargerð.

Til fjárveitinganefndar var á öndverðu þessu þingi vísað tveimur tillögum þess efnis, að hafinn yrði undirbúningur að vegagerð úr steinsteypu. Önnur þessara tillagna er flutt af þm. G-K., Ólafi Thors. Er þar lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta gera fullnaðaráætlun um lagningu steinsteypts vegar frá Hafnarfirði yfir Keflavík og Garð til Sandgerðis og sé að því stefnt, að áætlunin verði tilbúin það snemma, að vegagerðin geti hafizt á árinu 1959. Að því leyti sem eigi þyki fært að veita fé til verksins, afli ríkisstjórnin sér heimildar til lántöku í þessu skyni. Hin tillagan er flutt af 1. þm. Rang., Ingólfi Jónssyni, og er efni hennar, að Alþingi feli vegamálaráðherra að láta fram fara rannsókn á því, hvort fært þyki að hefja á næstkomandi sumri vegagerð úr steinsteypu með því að fá sement frá Sementsverksmiðju ríkisins með niðursettu verði.

Fjárveitinganefnd leitaði umsagnar vegamálastjóra um málefni þetta. Sendi hann nefndinni mjög greinargott erindi um málið. Í erindi þessu, sem nefndin lætur prenta sem fylgiskjal með tillögunni, er á skilmerkilegan hátt gerð ljós grein fyrir því, hve mikilsverður þáttur það væri í vegagerð vorri á fjölförnum leiðum þrátt fyrir mikinn stofnkostnað, ef kleift væri að beina vegagerðinni inn á þessa braut. Með sérstöku tilliti til þess, hve hér er um að ræða stórtæka breytingu í vegagerð vorri, bæði hvað snertir framkvæmd verksins og þó einkum hve stofnkostnaður þessarar vegagerðar er mikill, þá hefur það orðið að samkomulagi í fjárveitinganefnd að leggja til við Alþingi, að fyrrgreindar tillögur verði afgreiddar með samþykkt framangreindrar tillögu um þetta efni. Hafa flutningsmenn fyrrnefndra tillagna, sem nefndin hefur rætt við um þessa afgreiðslu málsins, tjáð henni, að þeir séu henni samþykkir fyrir sitt leyti.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. janúar 1959.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vegagerð úr steinsteypu.

Fjárveitinganefnd hefur með bréfi, dags. 21. nóv. f. á., sent mér ofangreinda tillögu til umsagnar.

1. Ýmsar eldri tillögur og athuganir.

Árið 1952 kom fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar sama efnis og að ofan greinir (þskj. 59), og var hún send fyrrv. vegamálastjóra til umsagnar, og með bréfi til allsherjarnefndar, dags. 16. des. 1952, sendi hann ýtarlega greinargerð um tillöguna, en hún var þó ekki afgreidd frá Alþingi.

Hinn 14. marz 1956 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um varanlegar endurbætur á aðalvegum landsins. Tillaga þessi hafði áður verið send fyrrv.

vegamálastjóra til umsagnar, og skilaði hann ýtarlegri greinargerð til fjárveitinganefndar með bréfi, dags. 4. jan. 1956.

Ráðuneytið sendi mér síðar þessa tillögu með það fyrir augum að láta framkvæma þessa athugun. Hefur þegar verið lögð töluverð vinna í það, en verkinu þó ekki lokið, eins og síðar skal greint.

Hinn 26. marz 1958 var loks samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um heildarathugun á vegakerfi landsins, og var mér síðar af ráðuneytinu falið að framkvæma þessa athugun. Það verk er að sjálfsögðu mjög umfangsmikið, en á næstunni mun liggja fyrir yfirlit um þjóðvegi, sýslu- og hreppavegi, en heildargreinargerð mun væntanlega verða tilbúin á hausti komanda.

Ég hef litið svo á, að þingsályktunartillagan frá 14. marz 1956 væri aðeins einn liður í tillögunni frá 26. marz 1958, og hef því ekki gert ráð fyrir að skila sérstakri greinargerð um hana, heldur fella hana inn í greinargerð um heildarathugun á vegakerfinu.

Þar sem sú greinargerð verður fyrst tilbúin seint á þessu ári, skal hér gerð nokkur grein fyrir áætluðum kostnaði við steypta vegi og nokkur atriði í því sambandi, er snerta ofangreinda tillögu á þskj. 62.

2. Kostnaður við steypt slitlag og efnisnotkun.

Í framangreindum greinargerðum fyrrv. vegamálastjóra frá 16. des. 1952 og 4. jan. 1956 voru áætlanir um kostnað við að steypa slitlag á nokkra vegi í nágrenni Reykjavíkur og Akureyrar, sem hafa mesta og þyngsta umferð allra malarvega á landinu.

En þar sem verðlag hefur breytzt mjög mikið, frá því að þessar áætlanir hafa verið gerðar, hef ég látið gera nýjar kostnaðaráætlanir um steypt slitlag í sambandi við tillögu til þingsályktunar á þskj. 97, um steyptan veg milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur o. fl.

Samkvæmt þeirri kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir, að 7 m breitt og 20 cm þykkt steypt slitlag með mjög lítilli járnbendingu (2 kg/m²) kosti 1170 kr. á hvern metra vegar eða 1.17 millj. kr. hver km. Þessi kostnaður skiptist þannig:

Verkamannavinna	7.6%	89 þús. kr.
Vélavinna, önnur en flutningar	12.2%	143 — —
Flutningskostnaður á efni	23.7%	277 — —
Sement	33.6%	393 — —
Járn, mót og annað erlent efni	9.5%	111 — —
Verkam.kostnaður, ýmislegt og ófyrirséð	13.4%	157 — —
	100.0%	1170 þús. kr.

Hér er miðað við það, að vélar til þess að blanda steypuna, þjappa hana og leggja verði afskrifaðar á venjulegan hátt, þ. e. um 10000 klst., en ekki á einstöku verki.

Efnisnotkun í hvern km vegar yrði þessi:

Sement	525 tonn
Steypuefni	1230 m³
Járn	16.5 tonn

Hér er reiknað með, að sementið kosti 700 kr. tonnið við skipshlið skv. upplýsingum sementsverksmiðjunnar. Þar sem kostnaður við sementið er um ⅓ hluti af heildarkostnaði, er ljóst, að ef sementið fengist fyrir hálfvirði, þ. e. 350 kr. tonnið, mundi kostnaður á hvern km lækka um ⅙ hluta eða 196 þús. kr.

3. Vegir, sem fyrst yrðu steyptir, og nauðsynlegar aðgerðir á þeim.

Þeir vegir, sem vegna mikillar og þungrar umferðar væri nauðsynlegt að steypa, eru þessir:

I.	Reykjanesbraut (Álftanesvegamót—Keflavík)	40 km
II.	Suðurlandsvegur (Elliðaár—Selfoss)	57 —
III.	Vesturlandsvegur (Elliðaár—Kollafjörður)	15 —
IV.	Norðurlandsvegur næst Akureyri	10 —
		122 km

Á Reykjanesbraut og Vesturlandsvegi er meðalársumferðin um eða yfir 1000 bílar á dag, en á hinum tveimur nokkru minni, eða 500—800 bílar að meðaltali.

Þessi gífurlega umferð gerir það að verkum, að þrátt fyrir mikinn viðhaldskostnað, þá eru þessir vegir mestan hluta ársins mjög slæmir yfirferðar.

Ofangreindir fjórir vegir eru með elztu vegum landsins, og þó að þeir hafi verið endurbættir nokkuð hin síðari ár, þá eru þeir það veikbyggðir og bugðóttir, að ekki kemur til mála að setja á þá slitlag, sem kostar á aðra millj. kr. hver km, nema endurbyggja þá alveg eða lagfæra verulega.

Skal hér gerð stuttlega grein fyrir lauslega áætluðum kostnaði við nauðsynlegar umbætur á þessum vegum, sem gera þarf, áður en steypt yrði á þá slitlag.

I. Reykjanesbraut.

Frá vegamótum Álftanesvegar að vegamótum Krýsuvíkurvegar var tekinn í notkun nýr vegur ofan við Hafnarfjörð, og er þessi kafli tæpir 5 km að lengd. Þessi vegur er þannig byggður, að steypa má á hann slitlag án teljandi umbóta. En frá vegamótum Krýsuvíkurvegar að malbikaðri götu í Keflavík eru um 35 km, og á nær allri þessari leið þarf að byggja alveg nýjan veg, þar sem gamli vegurinn er allt of krókóttur og illa lagður, til þess að til mála komi að setja á hann steypt slitlag. Kostnaður við að endurbyggja þessa 35 km sem malarveg fullbúinn fyrir steypt slitlag er áætlaður á 21.3 millj. kr., og er þá miðað við núgildandi taxta á vinnuvélum og bifreiðum (vísitala 185).

II. Suðurlandsvegur (Elliðaár—Selfoss) = 57 km.

Árið 1946 voru samþykkt sérstök lög á Alþingi um endurbyggingu þessa vegar (lög nr. 32/1946, um Austurveg), en fé til þessa verks fékkst fyrst með benzínskatti árið 1956, og er nú búið að byggja um 5.5 km af þessum vegi, sem telja má að tilbúinn sé undir steypt slitlag. Eftir er að byggja um 52 km, og má áætla, að kostnaður við það verði tæpast undir 21 millj. kr.

III. Vesturlandsvegur: Elliðaár—Kollafjörður = 15 km.

Umferð um þennan veg hefur aukizt gífurlega á seinustu árum, og er það mest vegna þess, að nú er mestallt steypuefni, sem notað er í Reykjavík, flutt um þennan veg. Áætlaður kostnaður við nauðsynlegar umbætur undir steyptan veg eru 3.5 millj. kr.

IV. Norðurlandsvegur beggja vegna Akureyrar = 10 km.

Hér er um að ræða 1.4 km sunnan Akureyrar og 8.6 km frá Akureyri að vegamótum Dalvíkurvegar, eða alls 10 km. Þennan veg þyrfti aðallega að styrkja og breikka fyrir steypt slitlag, og er kostnaður við það áætlaður á 3 millj. kr.

Kostnaður við nauðsynlegar umbætur og steypt slitlag á ofangreindum fjórum vegum verður þá svo sem hér segir:

	Endurbygging km	Endurbygging kostn.	Steypt slitlag km	Steypt slitlag kostn.	Kostn. alls
1. Reykjanesbraut	35	21.3 m. kr.	40	46.8 m. kr.	68.1 m. kr.
2. Suðurlandsvegur	52	21.0 — —	57	66.7 — —	87.7 — —
3. Vesturlandsvegur	15	3.5 — —	15	17.6 — —	21.1 — —
4. Norðurlandsvegur	10	3.0 — —	10	11.7 — —	14.7 — —
	112	48.8 m. kr.	122	142.8 m. kr.	191.6 m. kr.

Meðalkostnaður á hvern kílómetra fullgerðs vegar er skv. þessu 1.57 millj. kr.

4. Beinn og óbeinn sparnaður við að steypa ofangreinda vegi.

Á árinu 1957 varð viðhaldskostnaður á ofangreindum fjórum vegarköflum sem hér segir:

1. Reykjanesbraut	1.5 millj. kr.
2. Suðurlandsvegur	1.9 — —
3. Vesturlandsvegur	0.5 — —
4. Norðurlandsv. næst Ak.	0.1 — —
Alls:	4.0 millj. kr.

Með verðlagi ársins 1958 samsvarar þetta 4.9 millj. kr., eða sem næst 40 þús. kr. á hvern km. Um það bil ¼ hluti þessa kostnaðar er vetrarviðhald, þ. e. snjómokstur.

Miðað við reynslu nágrannalandanna af steyptum vegum ætti viðhaldskostnaður á þeim ekki að verða yfir 2 þús. kr. á hvern km hér. Sparnaður á vetrarviðhaldi við það, að vegirnir yrðu endurbyggðir, yrði án efa mjög mikill, þótt erfitt sé að segja um það fyrir fram, þar sem búast má við auknum kostnaði við að bera salt og sand á hina steyptu vegi að vetrarlagi. Mér þykir þó ósennilegt, að þessi kostnaður yrði yfir 3 þús. kr. á hvern km, eða um 30% af því, sem nú er. Yrði þá beinn sparnaður í viðhaldi á þessum vegum um 35 þús. kr. á km, eða alls um 4.3 millj. kr. með núverandi verðlagi.

Hinn óbeina sparnað fyrir umferðina er erfitt að áætla með nokkurri nákvæmni. Hann er þó mjög mikill skv. erlendri reynslu. Árið 1954 fór fram í Noregi ýtarleg athugun á sparnaði umferðarinnar við það að aka á vegi með varanlegu slitlagi í stað malarvegar. Skv. þeirri athugun varð sparnaður á hvern ekinn km við það 7 aurar norskir. En ef tekinn var með sparnaður við það, að þessir vegir voru beinni og breiðari og leyfðu því hraðari og öruggari umferð, þá varð allur sparnaðurinn 12 aurar norskir á hvern ekinn km.

Ef reiknað er með sparnaði á ofangreindum vegum sem samsvarar 8 aurum norskum á hvern km, þá jafngildir það um 40 aurum ísl. á hvern ekinn km að áliti hagfræðinga.

Miðað við ofangreindan sparnað á ekinn km, yrði sparnaður umferðarinnar á ofangreindum vegum, ef þeir væru steyptir nú, eftirfarandi:

	Meðalársumferð	Vegalengd	Eknir km á dag
Reykjanesbraut	1000	40 km	40000
Suðurlandsvegur	500	57 —	28500
Vesturlandsvegur	1000	15 —	15000
Norðurlandsvegur	300	10 —	3000
			86500

Heildarumferðin á þessum vegum verður þá 86500×365 = 31.6 millj. km.

Með fjörutíu aura sparnaði á ekinn km yrði sparnaður umferðarinnar 31600000 · 0.40 = 12.6 millj. kr. á ári. Beinn og óbeinn sparnaður yrði þá, miðað við umferð og verðlag nú, þessi:

Sparnaður í vegaviðhaldi	4.3	millj. kr.
Sparnaður umferðarinnar	12.6	— —
Alls:	16.9	millj. kr.

Þó að ekki sé venja að reikna vexti af því fé, sem lagt er til vega, þá gegnir hér sérstöku máli, þar sem um svo háar upphæðir er að ræða og sparnaður sýnilega mjög mikill.

Ef reiknað er með því, að fé það, sem lagt er í sjálft steypulagið á framangreindum vegum, afskrifist á 30 árum, en það eru 143 millj. kr., en kostnaður við undirbyggingu og umbætur afskrifist ekki, yrði árlegur kostnaður þessi, miðað við 7% ársvexti:

Steypta slitlagið	11.5	millj. kr.
Undirb. og umbætur	3.4	— —
Alls:	14.9	millj. kr.

Ef kostnaðurinn við undirb. og umbætur væri einnig afskrifaður á 30 árum, hækkar árskostnaðurinn upp í 15.4 millj. kr. samtals. Hreinn hagnaður, miðað við umferðina í dag, yrði því 2 millj. kr. á ári.

Með svipaðri fjölgun bifreiða og verið hefur undanfarin ár má gera ráð fyrir því, að bílafjöldinn á öllu landinu verði orðinn um 40 þús. árið 1975 eða líðlega tvöfalt meiri en nú er og umferðin að sama skapi meiri á ofangreindum vegum. Yrði því hagnaður umferðarinnar á ofangreindu 30 ára tímabili að meðaltali um tvöfalt meiri en hér er gert ráð fyrir.

Það er því augljóst mál, að fjárhagslega yrði það mjög arðvænlegt fyrirtæki að steypa ofangreinda vegi, enda er það reynslan í nágrannalöndunum, að það borgi sig að setja varanlegt slitlag á veginn, þegar umferðin er orðin 200—300 bílar á dag.

5. Fjáröflun og framkvæmdir.

Ef stefnt væri að því að steypa ofangreinda 122 km af fjölförnustu vegum landsins á næstu 10 árum, þyrfti til þess árlega 19.2 millj. kr., ef sementið væri keypt á fullu verði. Árleg notkun af sementi til þess yrði 6400 tonn eða um 4.5 millj. kr. Ef sementið fengist fyrir hálft verð, þ. e. 350 kr. tonnið, sparast um 2.25 millj. kr. eða 11.7%. Yrði þá árlegur kostnaður um 17.0 millj. kr. eða sem næst þeirri upphæð, sem varið hefur verið árlega til nýrra akvega.

Má því segja, að lækkun á sementinu hafi ekki úrslitaáhrif á þetta, þó að það mundi óneitanlega létta mjög róðurinn. Yrði samt sem áður að afla 17.0 millj. kr. til framkvæmdanna árlega, en það fé mætti t. d. fá með 36 aura hækkun á benzínskatti.

Þá vil ég vekja athygli á því, að ef fé fengist tryggt til þessara framkvæmda næstu 10 ár, þá yrði ekki unnt að hefja steypu slitlags að marki fyrr en 1960 eða 1961, þar sem svo lítill hluti ofangreindra vega er þannig úr garði gerður, að hægt sé að steypa slitlag á þá.

Að lokum vil ég taka það fram, að nauðsyn þess að setja varanlegt slitlag á fjölförnustu þjóðvegina verður brýnni með hverju ári vegna sívaxandi umferðar. Þrátt fyrir gífurlegan tilkostnað verða malarvegir með um eða yfir 1000 bíla umferð á dag aldrei í viðunandi lagi og slit ökutækja því margfalt meira en á malarvegum með hóflegri umferð. Með því að láta reka á reiðanum í þessu efni verður

stöðugt hærri og hærri fjárhæðum þess opinbera og einstaklinga kastað á glæ. Tel ég því óhjákvæmilegt og þjóðhagslega sjálfsagt að hefjast handa um að setja varanlegt slitlag á fjölförnustu vegina. Er lítill vafi á því, að þegar lokið yrði við þá 122 km, sem getið er um hér að framan, verður umferðin á mörgum öðrum vegum orðin það mikil, að nauðsynlegt verður að halda áfram.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Alþingi.

Sþ. 478. Þingsályktun [166. mál]

um landhelgismál.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 446.

Ed. 479. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

Stjórnarskrárnefnd hefur rætt frv. þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, BjörnJ, EggÞ og GTh, leggur til, að frv. verði samþ. Minni hl., HermJ og KK, mun skila sérstöku áliti.

Tilgangur þessa frv. er að jafna kosningarréttinn meir en nú er og gera Alþingi Íslendinga réttari mynd af þjóðarviljanum. Miðar frv. að því að draga úr því mikla misræmi, sem er um áhrifavald byggðarlaga og stjórnmálaflokka í landinu á skipan Alþingis. Til þess að komast sem næst þessu marki virðist heppilegust leið og réttlátust að stækka kjördæmin, skipta landinu í nokkur kjördæmi með hlutbundnum kosningum og hafa auk þess þingsæti til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Er þessi tilhögun náskyld þeirri skipan, er um langan aldur hefur gilt hjá frændum okkar á Norðurlöndum, hinum traustu lýðræðisþjóðum, Norðmönnum, Svíum, Finnum og Dönum, og gefizt vel.

Meiri hluti stjórnarskrárnefndar telur, að sú kjördæmaskipun og kosningatilhögun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, muni verða til verulegra umbóta frá því úrelta og ósamstæða skipulagi, sem vér nú búum við.

Alþingi, 5. maí 1959.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm.
Björn Jónsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 480. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um framkvæmdir í raforkumálum.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að haga framkvæmdum í raforkumálum þannig, að auk þeirra sveita- og kauptúnaveitna, sem áformað er að koma upp árið 1959, verði einnig á þessu ári unnið við þær rafstöðvabyggingar og aðalorkuveitur, sem 10 ára áætlunin mælir fyrir um. Í framhaldi af því verði á næstu 4 árum unnið að því að ljúka framkvæmdum samkvæmt áætluninni eins og til var ætlazt.

Greinargerð.

Við 2. umr. fjárlagafrv. í síðari hluta aprílmánaðar lögðu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd fram tillögur á Alþingi um að lækka fjárframlög úr ríkissjóði til raforkuframkvæmda á þessu ári um 10 millj. 750 þús. kr., og voru þær tillögur samþykktar af stjórnarliðinu. Af hálfu flutningsmanna þessara tillagna var því lýst yfir, að með þessu væri ekki ætlunin að draga úr framkvæmd rafvæðingaráætlunar strjálbýlisins og að ekki hefði verið ákveðið að taka þessa fjárveitingu út úr fjárlagafrv., fyrr en sýnt þótti, að auðið væri að tryggja nægilegt lánsfé til framkvæmdanna.

En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu kom í ljós í sambandi við fullnaðarafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, að hér var nýtt á seyði. Ríkisstjórnin hefur látið gera nýja áætlun, þar sem horfið er frá því að ljúka framkvæmd 10 ára rafvæðingaráætlunarinnar. Samkvæmt hinni nýju áætlun mundi niðurskurður á fjárframlögum til raforkuframkvæmdanna á þessu ári nema 30—40 millj. kr. M. a. er fellt niður að taka lán hjá innlendum bönkum til framkvæmdanna á þessu ári, sem samið var um, þegar 10 ára áætlunin var gerð, en áætlunin var einmitt að verulegu leyti byggð á þeim samningi um árlegar lántökur hjá bönkunum.

Í hinni nýju áætlun er að vísu, að því er snertir sumar framkvæmdirnar, talað um frestun þeirra. En eftir þeim upplýsingum, sem um þetta hafa fengizt, er nú ætlunin að hætta við að tengja byggðarlög víðs vegar um landið við vatnsorkuver og aðalveitur, sem búið er að koma upp, en auka í staðinn við dísilstöðvar á ýmsum stöðum. Eitt m. a. í þessari nýju áætlun er, að yfir 100 sveitabýli, sem samkvæmt 10 ára áætluninni eiga að fá rafmagn frá samveitum, verði ekki tengd við þær, en ábúendum þeirra vísað á mótorstöðvar í staðinn.

Talað er um, að með hinni nýju tilhögun sé hægt að lækka verulega kostnaðinn við rafvæðinguna. Það liggur þó í augum uppi, að því aðeins verður dregið úr kostnaðinum, að hætt sé við að framkvæma eitthvað af því, sem áður var ákveðið að gera. Sé hins vegar um frestun að ræða, er ekki hægt að búast við lækkun á kostnaði, því að ekki bendir neitt til þess, að stofnkostnaður slíkra mannvirkja verði minni síðar. En frestunin hefði aukakostnað í för með sér vegna kaupa á dísilstöðvum, sem komast mætti hjá með því að halda áfram línulögnum frá vatnsaflsstöðvum. Á það er einnig að líta, að dísilstöðvarnar þurfa útlent brennsluefni, og er ekki hagkvæmt fyrir þjóðina að verja miklu fé til kaupa á því, en láta ónotað innlent vatnsafl. Mótorarnir endast líka mjög takmarkaðan tíma, eigi þeir að vera í stöðugri notkun, og vegna bilanahættu eru þeir langtum ótryggari orkugjafi en vatnsaflsstöðvarnar.

Hin nýja áætlun byggist blátt áfram á því að taka út úr 10 ára áætluninni framkvæmdir, sem með núverandi áætlun kosta nál. 110 millj. kr., og þessi verk eiga að vera ónunnin í lok áætlunartímabilsins 1963. Í staðinn á að reyna að bjargast við bráðabirgðaúrræði og leggja í kostnað í því sambandi.

Þetta kollvarpar alveg þeim fyrirætlunum að halda áfram að dreifa raforkunni frá aðallínum víðs vegar um landið á svipaðan hátt og áður var gert við lagningu landssímans. Með þessu er 10 ára áætlunin raunverulega numin úr gildi.

Um síðustu áramót, þegar liðin voru 5 af þeim 10 árum, sem raforkuáætlunin er miðuð við, var miklu meira en hálfnað að koma upp þeim orkuverum og aðalorkuveitum, sem rafvæðingin byggist á, og enn fremur var þá búið að leggja rafmagn í mörg kauptún og á hér um bil jafnmörg sveitabýli og 10 ára áætlunin gerði ráð fyrir, að á þeim tíma yrði búið að tengja við samveitur. Þegar svo langt er komið framkvæmdunum, er alveg fráleitt að hverfa frá 10 ára áætluninni. Það mundi valda mikilli og réttmætri óánægju hjá fjölda fólks víða um land, sem á eftir að fá rafmagnið og hefur treyst því, að framkvæmdum yrði haldið áfram eins og til var stofnað með áætluninni. Það ætti líka að vera framkvæmanlegt að ljúka því, sem eftir er, á þeim tíma, sem upphaflega var til þess ætlaður.

Með flutningi þessarar tillögu er reynt að afstýra því, að stigið verði það óheillaskref að hverfa frá framkvæmd 10 ára áætlunarinnar. Lagt er til, að þingið feli ríkisstjórninni að láta vinna á þessu ári að þeim framkvæmdum, sem 10 ára áætlunin mælir fyrir um. Og í framhaldi af því verði ályktað, að á næstu 4 árum verði unnið að því að ljúka framkvæmdunum eins og til var ætlazt samkv. áætluninni.

Sþ. 481. Þingsályktun [120. mál]

um athugun á nýjum björgunartækjum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 281.

Sþ. 482. Þingsályktun [84. mál]

um flugsamgöngur.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 174.

Nd. 483. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Seðlabanka Íslands skal falið að annast sölu bréfanna, og skal bankinn sjálfur kaupa það af skuldabréfunum, sem ekki selst til almennings innan missiris frá útgáfudegi.

Nd. 484. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita úr ríkissjóði til sýsluvega upphæð, sem eigi sé lægri en sem nemi 6‰ af samanlögðu fasteignamatsverði landa og lóða og 3‰ af samanlögðu fasteignamatsverði húsa í öllum sýslum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsgr. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs, miðað við 6‰ fasteignamatsverðs lands og lóða og 3‰ fasteignamatsverðs húsa. Að öðru leyti skal við skiptinguna aðallega miðað við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundraðshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 11. gr. laganna komi tveir málsliðir, þannig:

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna eða hafa í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins miðað við þá venju, sem myndazt hefur í hverri sýslu, er samþykktin endursend án staðfestingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Sþ. 485. Nefndarálit [136. mál]

um till. til þál. um vinnslu kísilleirs við Mývatn og í Aðaldal.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 6. maí 1959.

Karl Guðjónsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Áki Jakobsson, frsm. Karl Kristjánsson.

Halldór E. Sigurðsson. Sveinbjörn Högnason. Jón Kjartansson.

Pétur Ottesen. Magnús Jónsson.

Sþ. 486. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um stuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Niður falli orðin „og útsvars“ í niðurlagi tillögunnar.

Fjarstaddir voru, þegar málið var afgreitt, þeir Jón Kjartansson, Halldór Ásgrímsson og Sveinbjörn Högnason.

Alþingi, 6. maí 1959.

Karl Guðjónsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Áki Jakobsson. Karl Kristjánsson.
Halldór E. Sigurðsson. Pétur Ottesen.

Sþ. 487. Nefndarálit [141. mál]

um till. til þál. um kosningu milliþinganefndar um öryrkjamál.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. og er sammála um, að nauðsyn beri til, að fram fari gagngerð athugun á því, á hvern hátt hið opinbera geti bezt stutt samtök öryrkja og áhugamanna um málefni þeirra í því þjóðþrifastarfi, er þau vinna. Einnig fellst nefndin á, að rannsakað sé í samráði við sérfræðinga og samtök öryrkja, á hvaða þætti öryrkjavandamálanna beri að leggja mesta áherzlu til fyrirgreiðslu á næstu tímum og hvernig þeim samtökum, sem að þeim vinna, verði tryggðir fullnægjandi tekjustofnar til þeirra verkefna, sem brýnust verða talin.

Nefndin mælir því með samþykkt till.

Einn nefndarmaður (SvbH) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1959.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Magnús Jónsson. Áki Jakobsson.
Pétur Ottesen. Karl Kristjánsson. Halldór E. Sigurðsson. Jón Kjartansson.

Nd. 488. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðalandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Meginefni þessa frv. er að afnema að nokkru bann það við dragnótaveiðum íslenzkra skipa í fiskveiðilandhelginni, sem felst í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, og að slíkar veiðar skuli eftirleiðis heimilar íslenzkum fiskiskipum, allt að 35 rúml.,

á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. ár hvert, þó með þeim takmörkunum, sem ríkisstj. kann að setja samkv. heimild í 2. gr., að fengnum till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands.

Kolaveiðar með dragnót voru fyrst reyndar hér við land upp úr 1890. Hófu Danir þær veiðar hér. Þessi veiðiaðferð innan landhelgi hefur lengst af verið umdeilt mál hér á landi, og þykir rétt að rifja upp í fáum orðum helztu afskipti Alþingis og ríkisstjórna af þeim málum.

Með lögum nr. 27 27. júní 1923 veitti Alþingi ríkisstj. heimild til að banna dragnótaveiði í landhelgi, ef þurfa þætti. Var það upphaf hinna svonefndu héraðabanna, er sett voru í samráði við sveitarstjórnir. Samkv. þeim lögum voru þessar reglugerðir settar:

1. Reglugerð nr. 57 11. júlí 1923, um bann við dragnótaveiði við sunnanverðan Faxaflóa. Gilti bann þetta fyrir strandlengju Vatnsleysustrandar, Keflavíkur og Gerðahrepps í Gullbringusýslu. — Ákvæði þessarar reglugerðar voru að nokkru afnumin með reglugerðarbreytingum árið 1931.

2. Reglugerð nr. 71 2. nóv. 1927, um bann við dragnótaveiði fyrir Hafnahreppi í Gullbringusýslu.

Árið 1928 voru sett ný lög, nr. 55 7. maí þ. á., „um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi". Með þeim lögum var dragnótaveiði bönnuð hvarvetna í landhelginni níu mánuði ársins, en heimil í þrjá mánuði, í september, október og nóvember, þó þannig, að ríkisstj. skyldi heimilt að setja ákvæði um frekari takmörkun eða bann, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og Fiskifélags Íslands. Lög þessi höfðu ekki áhrif á gildi reglugerða þeirra, er settar höfðu verið samkvæmt lögum frá 1923. — Samkvæmt lögum frá 1928 voru þessar reglugerðir settar og fjölluðu allar um veiðibann á tímabilinu 1. sept. til 30. nóv., sem ella hefði verið leyfistími að lögum:

1. Reglugerð nr. 9 26. febr. 1932, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Þingeyjarsýslum.

2. Reglugerð nr. 88 17. ágúst 1933, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Vopnafirði.

3. Reglugerð nr. 98 12. okt. 1933, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Ólafsfirði.

4. Reglugerð nr. 49 1. júní 1934, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Dýrafirði.

5. Reglugerð nr. 51 5. júní 1934, um bann við dragnótaveiði í landhelgi fyrir Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.

6. Reglugerð nr. 97 27. ágúst 1934, um bann við dragnótaveiði það ár í landhelgi á svæðinu frá Gerpisflös að Vattarnestanga í Suður-Múlasýslu.

7. Reglugerð nr. 99 4. sept. 1934, um bann við dragnótaveiði á Arnarfirði.

Með bráðabirgðalögum árið 1932 var um stundarsakir nokkuð dregið úr ákvæðum laganna frá 1928, en Alþingi felldi þessi bráðabirgðalög árið 1933. Á næstu árum var þó með lagabreytingum allmikið úr hömlum dregið. Um tíma gilti sú lagaregla, að dragnótaveiði skyldi heimil í 6 mánuði (júní—nóv.) ár hvert sunnanlands og vestan, milli Hjörleifshöfða og Látrabjargs, þó þannig, að á Faxaflóa og Breiðafirði máttu ekki önnur skip veiða en þau, sem skrásett voru innan lögsagnarumdæma, er að þessum fjörðum liggja, öðrum eða báðum. Annars staðar við landið gilti 3 mánaða reglan (sept.—nóv.) ásamt héraðabönnum reglugerða.

Með lögum nr. 45 1937 (og lögum um breytingu á þeim lögum, nr. 26 og 65 1940) var svo ákveðið að leyfa dragnótaveiði í allri landhelginni sex mánuði ár hvert fiskiskipum allt að 35 smál., en ríkisstj. jafnframt heimilað að veita stærri skipum veiðileyfi í október og nóvember. Heimilt skyldi sýslunefnd eða bæjarstjórn að banna dragnótaveiði „innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði". — Með reglugerð skyldi ríkisstj. heimilt að ákveða möskvastærð og lengd

dráttartauga svo og lágmarksstærð fisks, „sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi“.

Með viðaukalögum nr. 83 22. okt. 1945 var ríkisstj. heimilað að banna dragnótaveiði á afmörkuðum svæðum „samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans“. — Samkv. þessum viðaukalögum voru gefnar út þessar reglugerðir:

1. Reglugerð nr. 175 23. okt. 1945, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

2. Reglugerð nr. 50 1. marz 1950, um bann við dragnótaveiði í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. Reglugerð nr. 64 1. marz 1950, um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Sandgerðisvita að Hraunsnesi (þ. e. fyrir strandlengju Gerðahrepps, Keflavíkurhrepps, Njarðvíkurhrepps og Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu).

Allar þessar reglugerðir bönnuðu veiði á hinu annars lögleyfða 6 mánaða tímabili (júní—nóv.).

Stóð svo, unz dragnótaveiði var með öllu bönnuð með reglugerðum samkv. landgrunnslögunum frá 1948 í sambandi við útfærslu landhelginnar. En reglugerðir þessar eru sem hér segir: Nr. 46 22. apríl 1950 (varðandi Norðurland), nr. 21 19. marz 1952, nr. 70 30. júní 1958 og nr. 87 (viðaukareglugerð) 29. ágúst 1958.

Sjávarútvegsnefnd hefur sent frv. þetta til umsagnar Fiskifélagi Íslands og sambandsdeildum þess, sjö að tölu, í einstökum landshlutum, enn fremur atvinnudeild háskólans og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Af 10 aðilum samtals, sem hér er um að ræða, má telja, að frá 4 hafi borizt jákvæðar umsagnir um frv. Frá hinum hafa borizt neikvæðar umsagnir eða engar.

Það kemur fram í sambandi við afgreiðslu — og vöntun — umsagna, að skoðanir eru enn skiptar um þetta mál. Víða kemur fram áhugi fyrir því, að dragnótaveiði verði leyfð með meiri eða minni takmörkunum og þannig sköpuð aðstaða til hagnýtingar verðmæta, sem ella verði að verulegu leyti ónotuð. Rétt er að taka fram í því sambandi, að kolaveiði í net hefur verið stunduð með nokkrum árangri sums staðar á landinu í seinni tíð. Hins vegar gætir nokkuð þeirra sjónarmiða, að þörf sé á að rannsaka kolamagn við strendur landsins, áður en ákvörðun er tekin, og að varhugavert geti verið að breyta til í þessum efnum nú með tilliti til útfærslu landhelginnar og yfirstandandi örðugleika í sambandi við það mál.

Telja má, að saga dragnótamálsins á Alþingi undanfarna 3—4 áratugi geti gefið ýmsar þarflegar bendingar um meðferð þess nú, — og yfirleitt er svo margs að gæta í þessu máli, að ekki er vanþörf á, að það hljóti athugun milli þinga. Er æskilegt, að þingmönnum gefist kostur á að ræða málið við þá, er að sjávarútvegi standa víðs vegar um land, og kynnast viðhorfum til málsins, eins og þau nú eru eða kunna að verða, eftir að það hefur legið fyrir Alþingi. Einnig væri æskilegt, að nefnd, sem fulltrúar frá stofnunum sjávarútvegsins ættu sæti í, gæti fjallað um málið.

Pétur Ottesen óskar að taka fram, að hann sé því mótfallinn, að leyfð sé veiði með dragnót innan fiskveiðilandhelginnar, og skrifar því undir með fyrirvara.

Að vandlega athuguðu máli leggur 2. minni hl. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki þykir tímabært, að Alþingi taki ákvörðun um það nú, hvort eða hvernig leyfa skuli dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelginni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1959.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Pétur Ottesen, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 14. marz 1959.

Vér höfum haft til athugunar bréf hv. sjávarútvegsnefndar Nd., dags. 7. f. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands á þskj. 208.

Vér lítum svo á, að mál það, sem frumv. þetta fjallar um, hafi ekki fengið þann undirbúning, sem nauðsynlegur er, áður en ákvörðun verður um það tekin, á hvern hátt beri að haga framkvæmdum bæði með tilliti til veiðanna sjálfra og hagnýtingar þess afla, aðallega flatfisks, sem í dragnótina veiðist.

Bent er á eftirfarandi atriði sérstaklega:

1) Vitað er, að mjög eru skiptar skoðanir víða um landið á dragnótaveiðum, gagnsemi þeirra og áhrifum á aðrar veiðar.
2) Í frv. er miðað við ákveðna hámarksstærð á bátum, 35 rúml., sem leyft yrði að stunda dragnótaveiðar. Er þar tekið upp óbreytt ákvæði fyrri laga um dragnótaveiðar, en þá var miðað við allt aðrar aðstæður og stærðarmarkið sett með það fyrir augum að útiloka útlendinga (Dani) frá því að stunda dragnótaveiðar í landhelgi. Aðstæður eru nú gerbreyttar, og yrði að taka tillit til þess, þegar ákveðin yrði hámarksstærð báta.
3) Vitað er, að veiðitímabilin fyrir flatfiskinn eru misjöfn á hinum ýmsu svæðum við landið, og þyrfti gaumgæfilegrar athugunar, áður en sett yrði í lög ákvæði um þann tíma, sem veiðar yrðu leyfðar. Er annars mikil hætta á, að handahófs mundi gæta í framkvæmdinni.
4) Enda þótt flatfiskveiði hafi verið lítil undanfarin ár, hefur þó komið fyrir, að veiðzt hefur töluvert magn á vissum svæðum. Hafa þá komið í ljós miklir annmarkar á vinnslu flatfisksins vegna lélegs hráefnis og þar af leiðandi söluvandræði.

Áður en horfið yrði að því að leyfa dragnótaveiðar almennt, eins og frv. gerir raunverulega ráð fyrir, yrði því óhjákvæmilegt að setja strangar reglur um alla meðferð flatfisksins o. fl. í sambandi við veiðar og vinnslu.

Vér getum því ekki fallizt á frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir, en leggjum til, að ríkisstjórnin láti fara fram gagngerða athugun á málinu í heild, áður en tekin yrði ákvörðun um að leyfa dragnótaveiðarnar, en sem einn lið í þeirri athugun teljum vér, að æskilegt væri, að gerðar yrðu víðtækar tilraunir með dragnótaveiðar sem víðast við landið og á ýmsum tímum, svo að fá mætti sem gleggstar upplýsingar um ástandið, eins og það nú er. Er þetta sameiginlegt álit meiri hluta stjórnar Fiskifélagsins, en einn stjórnarnefndarmanna, Pétur Ottesen, óskaði eftir, að það yrði tekið fram, að hann er andvígur frv. og jafnframt andvígur því, að dragnótaveiðar verði leyfðar.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.

Nd. 489. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Sig. Ágústsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 1959.

Gísli Guðmundsson, form.	Karl Guðjónsson, fundaskr.	Áki Jakobsson, frsm.	Pétur Ottesen.

Nd. 490. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um áætlunarráð ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um málið. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt, en áskilja sér rétt að flytja eða fylgja brtt. við frv.

Alþingi, 8. maí 1959.

Einar Olgeirsson, frsm.	Pétur Pétursson, fundaskr.

Nd. 491. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um olíuverzlun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um afstöðu til málsins. Við undirritaðir mælum með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1959.

Einar Olgeirsson, frsm.	Pétur Pétursson, fundaskr.

Nd. 492. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (EOl) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1959.

Páll Þorsteinsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson, frsm.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 493. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna lagningar Siglufjarðarvegar (ytri), Strákavegar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndarmenn eru sammála um, að vinna þurfi að því, að svo fljótt sem unnt er verði komið á varanlegu vegarsambandi milli Siglufjarðar og Skagafjarðarhéraðs. Telur nefndin, að til þess að reyna að flýta því nauðsynjaverki ætti að athuga möguleika til lánsútvegunar og þá með þeim hætti, eins og lagt er til í frv., að Siglufjarðarkaupstaður, Sauðárkrókskaupstaður og Skagafjarðarsýsla taki að sér allar vaxtagreiðslur af láninu, en til þess að standa undir þeim greiðslum verði heimilað að leggja gjald á vélknúin farartæki, sem um veginn fara.

Með frv. er birt bréf vegamálastjóra, dags. 11. marz s. l. Er þar áætlun um kostnað við vegagerðina og framkvæmd hennar á 3 árum. Samkvæmt þeirri áætlun yrði á fyrsta árinu unnið að undirbyggingu vegar að Mánárskriðum, sem talið er að muni kosta um 750 þús. kr. Á fjárlögum fyrir árið 1959 eru fjárveitingar til Siglufjarðarvegar ytri og Siglufjarðarvegar samtals nokkru meiri en þeirri fjárhæð nemur. Væri því hægt að ljúka þessum hluta verksins í ár án þess að taka lán. Aðalkostnaðurinn yrði á þriðja ári, þegar jarðgöngin yrðu gerð, og þyrfti þá á lánsfé að halda.

Nú er liðið að þinglokum og því ekki hægt að búast við, að frv. þetta geti orðið samþykkt sem lög á þessu þingi. Samþykkt þess er heldur ekki aðkallandi nú, þar sem ekki er þörf fyrir lántöku vegna vegagerðarinnar á þessu ári. Telur nefndin heppilegast, að ríkisstjórnin ásamt bæjarstjórnunum á Siglufirði og Sauðárkróki og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu taki til athugunar fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvaða möguleikar eru til öflunar lánsfjár til verksins. Og í trausti þess, að þannig verði unnið að málinu, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. maí 1959.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Pétur Pétursson, fundaskr. Ólafur Björnsson.

Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. **494. Nefndarálit** [83. mál]

um frv. til l. um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. maí 1959.

Steingr. Steinþórsson, form. Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson, frsm.

Benedikt Gröndal. Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. **495. Þingsályktun** [96. mál]

um birtingu skýrslna um fjárfestingu.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 223.

Sþ. **496. Þingsályktun** [141. mál]

um kosningu milliþinganefndar um öryrkjamál.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 357.

Ed. **497. Lög** [65. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 445.

Ed. **498. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga** [144. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

(Afgreitt frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 368.

Ed. **499. Frumvarp til laga** [135. mál]

um ítölu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara og þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

2. gr.

Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. ¼ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða sveitarhlutanum eða á afréttarlöndum innan hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúendur hreppsins eða hreppshlutans um málið. En búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans sækir fundinn. Enginn einn maður hefur þó fleiri en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri jörðum. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu eða viðkomandi hreppshluta og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3 gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita eða bæjarfélags. Slík krafa skal send viðkomandi sveitarstjórn, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

Nú fellir sá hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröfuna gerði, skotið málinu til Búnaðarfélags Íslands, sem fer þá með málið eftir því, sem segir í 10. gr. þessara laga.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkvæmt fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir

einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því aðeins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einu hrossi eða geldneyti á sama aldri eða tveimur mjólkurkúm. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans, þó er ítölunefnd heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, ef landið er mjög einhæft.

Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands, þar með talið ræktað land, sem notað er til beitar að meira eða minna leyti.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, skal undanþegin ítölu í heimaland. Nú er hluti jarðarinnar utan girðingar, og skal þá sá jarðarhluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur það sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétt í hlutfalli við beitiland sitt, eftir sömu reglum og um getur í 6. og 8. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölumat úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, það sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

8. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum úrskurð sinn, en sveitarstjórn tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá sveitarstjórn, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við hlutfall þess beitarpenings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat farið fram, ella skal miðað við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Nota skal elzta fasteignamat, sem við verður komið, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarþoli lands, eftir að fasteignamatið var gert. Vilji einhver ekki una úrskurði sveitarstjórnar, má skjóta málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna,

enda komi gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi færri fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum fjáreigendum innan sama hrepps, en eigi öðrum nema með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytja landsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utanhrepps, getur landeigandi krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

9. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs eða bæjarfélags, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að málið verði tekið upp á þann hátt, er segir í 10. gr. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landssvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa eftirlit og fylgjast vel með notkun afrétta og heimalanda. Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og séu líkur taldar fyrir því, að hún geti stafað af ofbeit á afréttum og öðrum sumarhögum, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka, hvort um ofbeit sé að ræða, enda hafi viðkomandi sýslunefnd ekki tekið málið fyrir.

Rannsókn þessi skal framkvæmd af þriggja manna nefnd. Í nefndinni eiga sæti: sandgræðslustjóri, eða maður tilnefndur af honum, einn maður tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi og einn maður tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður nefndarinnar.

Þyki nefndinni auðsætt, að um ofbeit sé að ræða, sem ekki er framkvæmanlegt að bæta úr með ræktun landsins, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands hlutast til um við viðkomandi sýslunefnd, að hún láti gera ítölu í landið.

Hafi viðkomandi aðilar vanrækt að taka málið fyrir eða liggi land það, sem um er að ræða, innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð. Skipar hún þá þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 9. gr.

11. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág, að Búnaðarfélag Íslands telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum.

12. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppnum eða bæjarfélaginu síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

13. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölu-

mat skuli fara fram. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfirítölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmat greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 12. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

14. gr.

Ef beitarþol lands breytist eða fimm ár eru liðin frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

15. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en 1963.

16. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500—50000, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 85 frá 16. des. 1943, um ítölu, lög nr. 43 frá 23. febr. 1945, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi, sbr. þó niðurlag 1. gr. þessara laga.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkv. lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt, um ítölu í lönd einstakra manna eða viðkomandi sveitarfélaga.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 500. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið, og leggja undirritaðir til, að frumv. verði samþykkt, en áskilja sér rétt um afstöðu til breytingartillagna.

Bernh. Stefánsson og Björn Jónsson tóku ekki afstöðu til málsins í nefnd.

Alþingi, 9. maí 1959.

Eggert G. Þorsteinsson, frsm. Gunnar Thoroddsen. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 501. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki séð mér fært að taka afstöðu til þessa máls í nefndinni. Mér virðist með öllu óvíst, að útflutningssjóður fái staðizt þau gjöld, er honum er ætlað að bera samkv. frv. Auk þess tel ég nauðsynlegt, að síldarafurðir norðurlandssíldar njóti meiri réttar en lögin og frumvarpið um útflutningssjóð gera ráð fyrir. Að öðru leyti vísast til nefndarálits frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar neðri deildar á þskj. 469, sem ég tek undir.

Alþingi, 9. maí 1959.

Bernh. Stefánsson,
form.

Ed. 502. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá Björgvin Jónssyni og Birni Jónssyni.

Við 4. gr.

a. Fyrir „225%“ komi: 160%.

b. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Innflutningsskrifstofan skal á árinu 1959 veita 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til atvinnubifreiðarstjóra, enn fremur allt að 100 innflutningsleyfum fyrir bifreiðum þeirra, er með vinnusamningum hafa gjaldeyristekjur, og allt að 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til báta- og togarasjómanna, gegn 250% gjaldi samkvæmt 1. málsgr.

Nd. 503. Frumvarp til laga [170. mál]

um heftingu sandfoks, græðslu lands og varnir gegn gróðureyðingu.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp stór svæði sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum. Fer um þessar framkvæmdir eftir því, sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum eða fjár aflað til þeirra á annan hátt.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Hann skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hafi eftirlit með störfum hans fyrir hönd landbúnaðarráðherra.

Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands.

Sandgræðslustjóra er heimilt, þar sem nauðsyn krefur og í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, að ráða sandgræðsluverði sér til aðstoðar, enda hafi þeir aflað sér starfsæfingar við þau verkleg störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra er enn fremur heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða og eftirlitsmanna sandgræðslunnar hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum og eftirlitsmönnum sínum hafa eftirlit, þar sem við verður komið, með afréttarlöndum, að því er varðar gróður og beit.

Sandgræðslustjóri nýtur enn fremur í þessu efni aðstoðar ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, héraðsráðunauta búnaðarsambandanna og annarra trúnaðarmanna landbúnaðarins, sem ber skylda til að fylgjast með því á ferðum sínum, svo sem ástæður leyfa, ef gróðri hnignar mjög í heimalöndum eða afréttum sökum ofbeitar eða land fer í örtröð.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði samkv. launalögum.

II. KAFLI

Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að áliti sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.

2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Áður en land er tekið til heftingar sandfoks og græðslu samkv. 1. eða 2. tölulið þessarar greinar, skal sandgræðslustjóri ásamt stjórn Búnaðarfélags Íslands leggja fyrir landbúnaðarráðherra rökstudda greinargerð og tillögur um málið, og má hvorki taka land með samningum samkv. 1. tölul. né eignarnámi samkv. 2. tölul. nema að fengnu samþykki hans.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar — eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þeim skal vel við haldið og þess gætt, að undirhleðsla hafi ekki bilað. Nú er skóglendi eða skjólbelti innan sandgræðslugirðingar, og skal þá girðingin fullnægja ákvæðum 16. gr. laga um skógrækt.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar eða eftirlitsmanns. Varðar það sektum, ef út af er brugðið. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er á, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði eða eftirlitsmanni aðvart.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsu samkomulagi, er svo fullgróið, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal heimilt að afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkið land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu samkv. 2. tölul. 6. gr., og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er landið hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því, en að honum frágengnum sveitarfélag það, er landið liggur í, og skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum þeirra jarða, sem áður nytjuðu það, eða sveitarfélagi eða sveitarfélögum, ef landið var áður í notum þeirra. Þessum aðilum skal skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því þurfa að fylgja að dómi sandgræðslustjóra, sbr. fyrri málsgr. 10. gr.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af viðkomandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan, að framförnu mati, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu landsins og viðhaldi greiðist að ⅔ úr ríkissjóði og ⅓ af landeiganda. Til tryggingar því, að landeigandi greiði sinn hluta kostnaðarins, skal hann setja að veði með 1. veðrétti land það, sem girt er, eða ábyrgð hrepps eða sýslu, ef sandgræðslustjóri telur þess þörf eða ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkv. 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnot af landinu nema að fengnu leyfi sandgræðslustjóra.

Verði vanefndir á umsömdum greiðslum af hendi landeiganda, getur sandgræðslustjóri gengið að veðinu fyrir hönd ríkissjóðs eða látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

13. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

14. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður eða eftirlitsmaður tilkynna það eigendum fjárins. Komist sömu skepnurnar þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslumaður eða eftirlitsmaður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðsla Íslands greiðir síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

III. KAFLI

Um eftirlit með eyðingu gróðurs í heimalöndum og á afréttum.

15. gr.

Sandgræðslustjóri og starfsmenn hans, ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, héraðsráðunautar og aðrir trúnaðarmenn landbúnaðarins skulu fylgjast með því á ferðum sínum, sbr. 4. gr., ef gróðri hnignar í heimalöndum eða afréttum sökum ofbeitar eða af öðrum ástæðum, sömuleiðis ef land fer í örtröð, t. d. í nágrenni afréttargirðinga, svo að landspjöll og afurðatjón er yfirvofandi. Héraðsráðunautar skulu einnig fylgjast með fjölda þess búfjár, sem á afréttum gengur, svo og vænleik þess og afurðum. Skylt er þessum starfsmönnum að gera sandgræðslustjóra viðvart, svo fljótt sem við verður komið, ef þeir verða varir við gróðurhnignun eða örtröð, sem hætta getur stafað af. Sandgræðslustjóri skal rannsaka þetta strax og ástæður leyfa. Telji hann hættu á eyðingu gróðurlendis af þessum sökum, skal hann gera tillögur til varnar því, ásamt greinargerð, og leggja fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Stjórn félagsins sendir samrit af hvoru tveggja til umráðanda þess lands, sem um er að ræða, ásamt ósk um umsögn hans um tillögur sandgræðslustjóra.

Að fenginni þessari umsögn og öðrum upplýsingum, er stjórn Búnaðarfélags Íslands þykir við þurfa, tekur hún ákvörðun um, hvað gera skuli.

16. gr.

Heimilt er stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða, ef þörf krefur:

1. að ítala skuli fram fara;
2. að upprekstrarfélög skuli skyld að halda uppi vörzlu við girðingar, sem fénaður af afréttum safnast við;
3. að sandgræðslan afli sér umráðaréttar yfir landinu, samkv. 6. gr., að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra;
4. að landeigendur eða umráðamenn þess lands, sem um er að ræða, myndi með sér félag um friðun og græðslu beitilandsins, samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga þessara, ef þeir kjósa það heldur en landið sé tekið samkv. fyrirmælum 6. gr.

Nú berst stjórn Búnaðarfélags Íslands engin umsögn frá landeiganda eða umráðamanni, og skal hún þá engu að síður að liðnum hæfilegum fresti fella úrskurð um, hvað gera skuli. Heimilt er að skjóta úrskurði stjórnar Búnaðarfélags Íslands til landbúnaðarráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu.

IV. KAFLI
Um félög til friðunar og græðslu beitilands.

17. gr.

Heimilt er sýslufélögum, sveitarfélögum eða bændum í einu eða fleiri byggðarlögum að setja sér samþykkt um að friða samfelld beitilönd, sem eru að komast í örtröð eða er í hættu að eyðist af öðrum ástæðum; enn fremur að græða örfoka sanda, mela eða aura og auka gróður til beitar á samfelldum svæðum og afréttum, þar á meðal með áburðargjöf.

18. gr.

Sandgræðslustjóri skal gera í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrirmynd að samþykktum þeim, er um ræðir í 17. gr.

19. gr.

Nú vilja menn stofna félag og setja sér samþykkt samkv. heimild 17. gr. og hafa leitað um það álits og tillagna sandgræðslustjóra, sem mælir með félagsstofnuninni, og skal þá boða til undirbúningsfundar á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Þar skal kjósa nefnd, er vinni að félagsstofnuninni í samráði við sandgræðslustjóra. Nefndin skal semja uppkast að samþykkt fyrir félagið og boða til stofnfundar.

Kveðja skal til fundar þinglýsta eigendur allra þeirra jarða, er ætla má að hafi not af félagsskapnum. Séu jarðir í erfðafestu, skal þó boða erfðafestuhafa í stað landeiganda. Nú á félag land, og skal þá boða formann félagsstjórnar. Nú verður landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, og skal þá boða leiguliða.

Fund skal boða skriflega eða með símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag — og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag.

20. gr.

Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 19. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið er til verðs í fasteignamati, skal koma eitt atkvæði. Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt. Hafi leiðuliði verið boðaður vegna fjarvistar landeiganda, skal hann teljast fullgildur aðili með tillögu- og atkvæðisrétt samkv. 22. gr.

Nú kemur til fundar ⅓ þeirra manna, sem boðaðir eru samkv. 19. gr. og atkvæðisbærir eru samkv. 2. mgr. þessarar greinar, og má þá stofna félag, ef ⅔ fundarmanna samþykkja.

Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, er búi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp að nýrri félagssamþykkt samkv. 23. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félagsins og leitar álits sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands og aflar þeirra gagna annarra, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

21. gr.

Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný, samkv. 19. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll gögn, er hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti atkvæðisbærra manna, sem fund sækja, samþykkir félagsstofnun, er öllum jarðeigendum á félagssvæðinu skylt að gerast félagar.

22. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði æskir þess og landeigendi mótmælir eigi. Nú sækir landeigandi eigi fund og nefnir eigi til umboðsmann, og skal þá leiguliði fara með umboð eiganda. Boða skal bæði landeiganda og leiguliða á fund.

23. gr.

Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Verkefni félags og félagssvæði.
c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
d. Reikninga félags og endurskoðun.
e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

24. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að staðfesta megi hana, og sendir hann þá samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, en ella þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti, enda mæli sandgræðslustjóri og Búnaðarfélag Íslands með staðfestingu. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Aldrei má samþykkt brjóta í bága við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

25. gr.

Nú hefur félag verið stofnað samkv. 17. og 21. eða 22. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

26. gr.

Aðalfund skal halda árlega og aukafundi, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þá þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna.

Nú verður breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt, og skal þess getið í fundarboði.

27. gr.

Nú verða eigendaskipti á jörð á félagssvæði eða ábúendaskipti á jörð í erfðafestu, og er þá hinum nýja eiganda eða ábúanda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi ábúandi gerist félagi á sama hátt og um getur í 22. gr.

28. gr.

Kostnaði af starfsemi félags við græðslu sameignarlands skal jafna niður að hálfu í hlutfalli við dýrleika jarða á félagssvæðinu, samkvæmt jarðamatinu 1861, en að hálfu miðað við tölu beitarpenings. Þar sem jörðum hefur verið skipt eða nýbýli reist í landi jarða, skal gjaldinu skipt í hlutfalli við stærð hvers býlis.

Nú er land það, sem tekið er til græðslu, séreign margra býla, og skal þá skipta kostnaðinum milli býlanna í réttu hlutfalli við stærð þess lands, sem græða skal og heyrir til hverju býli.

Gjöld félagsmanna má taka lögtaki. Fylgir þeim í eitt ár frá eindaga lögveð í jörð, og stendur það framar öllu samningsbundnu veði.

29. gr.

Land það, sem félag tekur til friðunar og græðslu samkvæmt þessum kafla, skal vera undir eftirliti sandgræðslustjóra og trúnaðarmanns hans, sem ber skylda til að fylgjast með framkvæmdum félagsins. Jafnframt er félagsstjórninni skylt að hlíta fyrirmælum sandgræðslustjóra að því er varðar friðun og græðslu þess lands, sem hér um ræðir.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að friðun og græðslu landsins er lokið að dómi sandgræðslustjóra, og fer þá um endurgræðslu þess lands samkvæmt ákvæðum 13. gr.

Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkvæmt þessum kafla, hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr.

30. gr.

Stjórn félags skal í lok hvers árs gera skýrslu um starfsemi félagsins á því ári. Henni skal fylgja:

1. Umsögn hlutaðeigandi héraðsráðunauts um girðingar og landgræðslu félagsins ásamt mælingum hans á því, sem unnið hefur verið það ár.
2. Sundurliðaður reikningur yfir kostnað við friðun og græðslu lands umrætt ár.

Skýrslu þessa sendir félagsstjórn sandgræðslustjóra. Þegar sandgræðslustjóri hefur yfirfarið skýrslur og reikning félagsins, sendir hann hvort tveggja ásamt athugasemdum sínum og tillögum til stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

31. gr.

Félag, sem hefur það verkefni að vinna að friðun og varanlegri græðslu beitilands samkvæmt 17. gr., skal njóta sérstaks landgræðslustyrks úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. Styrkurinn miðast við styrk til hliðstæðra framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum, þannig að styrkurinn sé í eðlilegu hlutfalli við þá styrki, miðað við vinnu og annan kostnað við ræktun lands svo og friðun og græðslu. Styrkurinn má þó aldrei vera hærri en allt að helmingi kostnaðar.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að félagið starfi samkvæmt ákvæðum laga þessara og fyrir liggi skýrslur um framkvæmdir félagsins, sem sandgræðslustjóri og stjórn Búnaðarfélags Íslands taka gildar. Styrkur til áburðardreifingar greiðist þó aðeins tvisvar á sama land.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir greiðslu landgræðslustyrks ásamt reglum um úthlutun hans skal setja með reglugerð.

32. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands annast um útreikning landgræðslustyrks til félaganna og útsendingu hans.

Á jarðabætur, sem styrks njóta samkvæmt 31. gr., greiðist ekki styrkur samkvæmt jarðræktarlögum. Nú er tekið til túnræktar land, sem grætt hefur verið upp með landgræðslustyrk, og greiðist þá aðeins styrkur á þá ræktun samkvæmt jarðræktarlögum sem mismuninum á landgræðslustyrk og jarðræktarstyrk nemur.

V. KAFLI

Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

33. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyra undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

34. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið að hætti opinberra mála.

36. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Greinargerð.

Fyrir því þingi, sem nú er að ljúka, hefur legið frumvarp til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Landbúnaðarnefnd hefur haft frumvarp þetta til athugunar.

Eftir ýtarlega athugun á máli þessu taldi nefndin sig ekki geta mælt með frumvarpinu nema gera á því verulegar breytingar.

Þar sem komið er mjög nálægt þingslitum og fyrirsjáanlegt, að málið verður ekki afgreitt á þessu þingi, varð niðurstaða nefndarinnar sú, að ekki hefði neina þýðingu að bera fram svo víðtækar breytingartillögur sem hún taldi sig verða að gera. Þess í stað samdi nefndin frumvarp það, er hér með fylgir, og getur þá nýtt

þing, sem kosið verður á næsta hausti, valið um, hvort frumvarpið það vill fremur lögfesta.

Með því að bera saman þessi tvö frumvörp geta menn gert sér grein fyrir þeim mun, sem á þeim er, og þarf ekki frekari greinargerð fyrir málinu af hálfu nefndarinnar, því að efnisatriði frumvarpsins skýra sig sjálf.

Gunnar Jóhannsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Nd. 504. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur á fundi sínum 9. maí s. l. rætt frumvarpið og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill fresta afgreiðslu frumvarpsins, en minni hl. leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1959.

Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm. Benedikt Gröndal.

Nd. 505. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaður minni hl. nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1959.

Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Benedikt Gröndal, frsm.

Ed. 506. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin sendi frv. Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar, og mælir tryggingaráð með samþykkt þess.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt. Nefndarmenn hafa þó fyrirvara um afstöðu sína, og verður greint frá honum í framsöguræðu.

Alþingi, 11. maí 1959.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Eggert G. Þorsteinsson. Friðjón Þórðarson.

Sþ. 507. Þingsályktun [113. mál]

um stuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort unnt sé að auka fjárhagsstuðning við mannúðar- og vísindastarfsemi á Íslandi með því að gera framlög fólks til þeirra mála frádráttarhæf við álagningu tekjuskatts.

Sþ. 508. Þingsályktun [136. mál]

um vinnslu kísilleirs við Mývatn og í Aðaldal.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 345.

Sþ. 509. Þingsályktun [168. mál]

um að steypa fjölfarna þjóðvegi.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 477.

Sþ. 510. Þingsályktun [63. mál]

um skipun nefndar til þess að vinna með ríkisstjórninni að framgangi handritamálsins.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 112.

Nd. 511. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um áætlunarráð ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar hafa í flestum löndum Evrópu verið starfandi í einhverri mynd stofnanir, er haft hafa með höndum það hlutverk að gera heildaráætlanir um rekstur þjóðarbúskaparins fyrir lengri eða skemmri tíma. Svo hefur einnig verið hér á landi. Má telja nýbyggingaráð fyrsta vísinn að slíkri stofnun, en síðan var komið á fót fjárhagsráði með mjög víðtæku valdi í þessum efnum. En síðan það var lagt niður að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins árið 1954, hefur slík áætlanagerð, að því leyti sem um hana hefur verið að ræða, verið í höndum Framkvæmdabanka Íslands.

Hlutverk „áætlunarráða“ er að jafnaði tvenns konar: Í fyrsta lagi að hafa með höndum yfirstjórn fjárfestingarmála í landinu, þannig að engin fjárfesting, er að verðmæti fer fram úr ákveðinni upphæð, sé heimil, nema til komi leyfi stofnunarinnar. Slíkt var meginhlutverk fjárhagsráðs, er það starfaði. En í öðru lagi getur það verið hlutverk slíkra stofnana að vera ríkisstjórn þeirri, er að völdum situr, til ráðuneytis um fjárfestingarmál og efnahagsmál almennt, gera tillögur um það, hvernig samhæfa beri afskipti ríkisvaldsins á ýmsum sviðum efnahagsmála, þannig að framkvæmd verði á sem hagkvæmastan hátt stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, hver sem hún er, gera tillögur um það, hve heildarfjárfesting megi vera mikil, hvaða fjárfesting eigi að sitja í fyrirrúmi o. s. frv.

Auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu, að sama stofnun gegni báðum þessum hlutverkum.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá er það andstætt stefnu Sjálfstæðisflokksins, að fjárfesting sé gerð háð leyfum opinberra stjórnarvalda, þannig að flokkurinn telur slíka skipan ekki eiga rétt á sér nema sem bráðabirgðaráðstöfun undir sérstökum kringumstæðum. Í samræmi við þessa stefnu beitti Sjálfstæðisflokkurinn sér fyrir afnámi fjárhagsráðs 1953.

Það mun hins vegar vaka fyrir flm. frv. þess, er hér liggur fyrir, að stofnun sú, er gert er ráð fyrir að koma á fót, verði fyrst og fremst ráðgefandi stofnun, er starfi á svipuðum grundvelli og slíkar stofnanir gera nú í Hollandi, Noregi og ýmsum fleiri löndum Vestur-Evrópu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur fullan skilning á nauðsyn þess að starfrækja slíkar stofnanir í einhverri mynd, enda átti hann hlut að stofnun Framkvæmdabanka Íslands á sínum tíma, en honum er a. m. k. að nokkru leyti ætlað að gegna því hlutverki, sem hér er um að ræða.

Sjálfstæðisflokknum er einnig ljós nauðsyn þess, að framkvæmd verði endurskipulagning þessara málefna, sérstaklega fjárfestingar- og bankamálanna. En með tilliti til ríkjandi stjórnmálaástands telur flokkurinn ekki koma til greina, að Alþingi það, sem nú situr, kveði á um frambúðarskipan þessara mála, enda þarf hún ýtarlegan undirbúning.

Með tilliti til þessa leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilliti til þess, að nú situr að völdum bráðabirgðastjórn, en tvennar kosningar til Alþingis eru fyrirhugaðar á næstu mánuðum, svo og þess, að mál þetta þarf frekari undirbúning, telur deildin ekki rétt, að Alþingi það, er nú situr, kveði á um skipan þeirra málefna, er frv. fjallar um, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1959.

Ólafur Björnsson, frsm. Jóhann Hafstein.

Ed. 512. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 14. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og fengið fulltrúa frá Bandalagi ísl. listamanna o. fl. til viðræðna. Nefndinni hafa borizt bréf frá Stefi, stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagi ísl. hljómlistarmanna um málið.

Það er vandamál, sem margar þjóðir glíma nú við að leysa, hvernig sameina megi eðlileg not almennings af segulböndum eða öðrum tækjum til upptöku talaðs orðs og tónlistar annars vegar og hins vegar hæfilegar og sanngjarnar greiðslur til höfunda, túlkenda og eigenda flutningsréttar. Telur nefndin rétt að stofna til vandlegrar rannsóknar á vandamáli þessu og beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún kveðji til þess fróða menn að undirbúa löggjöf um málið. Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, Stef, hefur með bréfi því, sem prentað er með nefndaráliti þessu, heitið því að innheimta ekki gjald af segulbandstækjum, meðan athugun þessi fer fram.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka til hlítar, hvernig bezt sé að haga löggjöf um rétt til upptöku talaðs máls eða tónlistar á segulband eða á annan vélrænan hátt, og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1959.

Sigurvin Einarsson, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. apríl 1959.

Í framhaldi af viðtali við háttvirta þingnefnd staðfestist hér með, að félagið mun ekki innheimta gjald af segulbandstækjum, meðan athugun sérfróðra manna fer fram á málefni því, sem hér um ræðir, enda verði þeirri athugun hraðað eftir föngum og ný löggjöf ekki sett um efni þetta, fyrr en niðurstöður slíkra athugana liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

STEF — Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar
e. u.
Jón Leifs, formaður.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 513. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um að reisa vita á Geirfugladrangi.

Flm.: Pétur Ottesen, Karl Guðjónsson, Halldór Ásgrímsson, Magnús Jónsson, Sveinbjörn Högnason, Jón Kjartansson, Karl Kristjánsson og Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera í samráði við vitamálastjóra ráðstafanir til þess, að reistur verði svo fljótt sem við verður komið viti á Geirfugladrangi.

Greinargerð.

Umhverfis Geirfugladrang eru aflasæl og fjölsótt fiskimið, auk þess sem drangurinn er á siglingaleið flutningaskipa. Er því nauðsynlegt til öryggis að reisa vita á þessum stað og yrði þar einnig komið fyrir radiomerkjum. Er hér um að ræða öryggisráðstöfun, sem brýna nauðsyn ber til að hrundið verði í framkvæmd sem allra fyrst.

Nd. 514. Lög [128. mál]

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 339.

Nd. 515. Frumvarp til laga [83. mál]

um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Styrktarsjóðum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Mótorvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægir, Reykjavík, Félags bryta, Kvenfélagsins Keðjan og Kvenfélagsins Hrönn er heimilt að taka húseignina Bárugötu 11 í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

Einnig er Trésmiðafélagi Reykjavíkur heimilt að taka þakhæð hússins nr. 8 við Laufásveg í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 516. Breytingartillaga [122. mál]

við brtt. á þskj. 441 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Birni Jónssyni og Sigurvin Einarssyni.

Við tillöguna bætist:

Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960.

Nd. 517. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.

2. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofs-

skyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa.

Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960.

h-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.

Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsgr. þessa stafliðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

3. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1959.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958. Jafnframt eru úr gildi fallnir b-liður 1. gr. og a-liður 4. gr. laga nr. 36/1958.

Nd. 518. Breytingartillaga [93. mál]

við frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði“ í 3. málsgr. komi: innan fiskveiðilandhelginnar fyrir landi hlutaðeigandi héraðs, á miðum, sem fiskibátar skrásettir í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi sækja á að staðaldri, þó ekki á þeim svæðum, þar sem slíkar veiðar eru leyfðar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 87 29. ágúst 1958.

Ed. 519. Breytingartillaga [86. mál]

við till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 465 [Kirkjugarðar].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Rökstudda dagskráin orðist svo:

Í trausti þess, að kirkjumálastjórnin leiti umsagnar safnaðanna í landinu um frumvarp þetta og leggi síðan frumvarp til laga um kirkjugarða, byggt á umsögn safnaðanna, fyrir næsta reglulegt þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 520. Lög [146. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 484.

Ed. 521. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 4. gr. Aftan við 2. efnismálslið greinarinnar bætist: og lækna.

Nd. 522. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um stofnun og rekstur verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur sem heild ekki talið tímabært að taka afstöðu til málsins. Minni hlutinn mælir hins vegar með samþykkt þess.

Alþingi, 12. maí 1959.

Karl Guðjónsson,
fundaskr.

Nd. 523. Breytingartillögur [92. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Síðasta málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:
   Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar, verbúðir og sjómannastofur.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   4. málsgrein 9. gr. laganna falli niður.

Nd. **524. Nefndarálit** [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Lög um hafnargerðir og lendingarbætur eru nú í endurskoðun og æskilegt, að sem minnstar breytingar séu á þeim gerðar, meðan sú endurskoðun stendur yfir. Nefndin getur þó eftir atvikum fallizt á, að á þessu þingi verði gerðar þær breytingar á lögunum, sem vitamálastjóri hefur mælt með, enda verði þá ekki gerðar aðrar breytingar.

Með þessum fyrirvara leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir orðin „800 þúsund krónur“ í síðustu málsgr. 2. gr. laganna komi: 1.6 millj. kr.

Einn nefndarmaður (KGuðj) tekur fram, að auk þess sem hann er meðmæltur breytingum þessum, muni hann flytja breytingartillögur við frv., er efnislega feli í sér stuðning við frv. á þskj. 323 og brtt. á þskj. 440.

Tveir nefndarmenn (ÁkJ og SÁ) voru fjarverandi, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 12. maí 1959.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Karl Guðjónsson, fundaskr.	Pétur Ottesen.

Fylgiskjal I.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 9. apríl 1959.

Mér hafa borizt til umsagnar frá háttvirtri sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 29 1946 á þingskjölum nr. 204, 334 og 323.

Ég hef þegar svarað háttvirtri sjávarútvegsnefnd efri deildar sams konar beiðni um frumvarpið á þingskjali 204, og fylgir svar mitt hér með.

Varðandi breytingartillöguna á þingskjali 334 er hér um að ræða leiðréttingar á lögunum til samræmis við breytt verðlag í landinu. Vildi ég mæla með breytingunum, þar sem upphæðin kr. 800000 mun hafa verið ákveðin með tilliti til mögulegra framkvæmda fyrir það fé, en síðan hefur sú rýrnun á orðið, að ég tel vafasamt, að takast megi að vinna tilsvarandi verk og hægt var að ljúka fyrir kr. 800000 árið 1946 fyrir kr. 1600000 nú í dag.

Þá kemur til framkvæmdahliðar málsins, hvernig umrædd breyting á að koma til framkvæmda. Margir þeirra staða, sem taldir eru undir B-lið 2. gr. hafnargerðalaganna, hafa nú þegar lokið framkvæmdum fyrir hærri upphæð en kr. 800000 og þá sumpart á þeim tíma, er verðlag var allmiklu hærra en 1946. Ef leiðrétta ætti það misræmi, mundi það kosta mikla fyrirhöfn og raunar alls ófært að gera með nokkurri nákvæmni. Þá mundi það og hafa í för með sér talsverð útgjöld fyrir ríkissjóð.

Ef aftur á móti yrði ákveðið, að breytingin tæki gildi þann dag, sem breytingin verður staðfest, er hægt um framkvæmdir, en hætt við, að nokkrum stöðum, sem nýlega hafa farið yfir markið kr. 800000, þætti sú meðferð kuldaleg. Þess er þó að gæta, að hér er aðeins um 80000 kr. framlagsmismun að ræða, þannig að í færri tilfellum hefur það úrslitaáhrif á afkomu hafnarsjóðs viðkomandi staðar.

Þá mætti láta breytinguna verka stuttan tíma aftur fyrir sig, t. d. til ársins 1955, en þá urðu miklar hækkanir á byggingarkostnaði hafna. Þá er það skammt um liðið, að auðvelt mun að endurskoða byggingarkostnað frá þeim tíma.

Að öllu athuguðu vildi ég þó leggja til við háttvirta sjávarútvegsnefnd, að breytingartillagan verði samþykkt óbreytt og þá skoðað sem svo, að hún nái til byggingarkostnaðar hafna, sem ekki hafa þegar náð að vinna fyrir kr. 1600000 við gildistöku laganna, þó þannig, að á þær upphæðir, sem þegar er búið að vinna fyrir umfram kr. 800000 við gildistöku laganna, verði sem hingað til reiknað með ⅔ hluta framlagi ríkissjóðs.

Varðandi breytingarnar á hafnargerðalögunum á þingskjali 323, þá er í fyrstu grein gert ráð fyrir, að niður falli á eftir orðinu „verbúðir" orðin „í viðleguhöfnum". Með tilliti til þess, að Alþingi hefur ákveðið að endurskoða lögin sem heild, svo og vegna þess, hve breytilegur skilningur er lagður í orðin verbúðir og viðleguhafnir, þá verði beðið með að taka afstöðu til nefndrar breytingar, þar til hið endurskoðaða frumvarp liggur fyrir og séð verður, hver háttur verður þar talinn heppilegastur í þessu efni.

Varðandi síðari breytinguna, niðurfellingu 9. greinar, hlýt ég að telja hana óeðlilega, það er, að hafnarsjóðir geti tekið bryggju- og vörugjöld af mannvirkjum, sem þeir hafa að engu kostað né geta boðið nokkra aðstöðu tilsvarandi einkabryggjunum. Með því að beita ákvæðum seinni hluta greinarinnar ætti hafnarstjórnum að vera í lófa lagið að knýja fram sölu á einkabryggjunum við hagstæðu verði, þar sem niðurfelling leyfis til innheimtu á bryggju- og vörugjöldum hlýtur að rýra mjög verðgildi bryggjanna.

Af stöðum þeim, sem á hafnalögum eru og ekki hafa komið sér upp bryggju til skipaafgreiðslu, en notast við bryggjur í einkaeign, veit ég aðeins um fjóra, þannig að algengt mun það ekki, að einkabryggjur standi í vegi fyrir bryggjusmíð hafnarsjóða.

Takist viðkomandi hafnarsjóði að koma sér upp einhverjum mannvirkjum, getur hann og þegar í stað farið að innheimta bryggju- og vörugjöld af þeim skipum og vörum, er nota einkabryggjurnar. Lestagjald hefur hafnarsjóður þegar leyfi til að innheimta, og ætti það að geta orðið vísir til hafnarsjóðs, er síðar getur staðið undir meiri háttar framkvæmdum.

Legg ég því til, að frumvarp þetta verði fellt.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Júlíusson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 16. febr. 1959.

Mér hefur borizt til umsagnar frá háttvirtri sjávarútvegsnefnd efri deildar Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Breytingin er þess efnis, að inn í 1. gr. laganna, þar sem talið er, hvaða framkvæmdir séu styrkhæfar samkvæmt lögunum, er bætt orðinu hafnsögubátar.

Tiltölulega fáar hafnir íslenzkar hafa fastráðna hafnsögumenn og skyldu skipa til að nota hafnsögumenn við siglingu til og frá höfn og því þörf fyrir hafnsögubát, þannig að aðeins fáar hafnir munu njóta góðs af breytingu þessari, ef að lögum verður. Hins vegar má telja hafnsögubáta, þar sem þeirra er þörf,

jafnnauðsynleg tæki eða nauðsynlegri til rekstrar hafnarinnar og t. d. hafnarkrana, sem styrktir eru samkvæmt áðurnefndum lögum.

Á fæstum stöðum er þörf stórra báta til að anna flutningum hafnsögumanna til og frá skipi og því tiltölulega auðvelt að afla og reka hafnsögubát, en á nokkrum stöðum, t. d. Vestmannaeyjum, þar sem oft þarf að fara út í skipin í vondum veðrum og þá út á opið haf, verða hafnsögubátar að vera mun öflugri en almennt gerist og því mjög dýrir í kaupi og rekstri.

Ástæðan fyrir frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi og samkvæmt greinargerð er flutt að ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja, er sú, að núverandi hafnsögubátur í Eyjum er gamall orðinn og ekki lengur talinn geta gegnt hlutverki sínu. Hafa Vestmannaeyingar látið gera uppdrætti að nýjum hafnsögubát, sem jafnframt yrði dráttarbátur til aðstoðar við skip og báta í höfninni. Verð þessa báts, en stærð hans er áætlað að samsvari um 90 rúmlesta fiskibát, yrði um 4 millj. króna með 55% álagi á erlendan gjaldeyri.

Vestmannaeyingar telja óhugsandi að ráðast í nefnd skipakaup, nema til komi hjálp frá ríkinu, bæði hvað snertir beinan styrk og ríkisábyrgð fyrir þeim lánum, er nauðsynlegt mun reynast að taka.

Rekstur hafnsögubáts af þessari stærð mun fyrst um sinn verða mjög erfiður Vestmannaeyingum, sérstaklega ef miklar afborganir bætast á annan útgerðarkostnað.

Jafnframt því að vera hafnsögubátur er ráðgert, að bátur þessi verði til aðstoðar skipum í höfninni, en fyrir því er mikil þörf, og mun öryggi skipa í höfninni stórlega aukast við tilkomu hans.

Að þessu athuguðu ásamt því, að svipaðar kringumstæður eru á nokkrum öðrum stöðum, leyfi ég mér að mæla með því, að nefnd breyting verði gerð á lögunum.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Júlíusson.

Til sjávarútvegsnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Sþ. 525. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. um skjótar varnarráðstafanir gegn útbreiðslu mæðiveiki á Vestfjörðum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og leggur til, að hún verði samþykkt með nokkurri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela sauðfjársjúkdómanefnd að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að hindruð verði útbreiðsla mæðiveiki á Vestfjörðum.

Alþingi, 12. maí 1959.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Magnús Jónsson.	Sveinbjörn Högnason.
Jón Kjartansson.	Karl Kristjánsson.	Áki Jakobsson.

Sþ. 526. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um útgáfu á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar.

Frá fjárveitinganefnd.

Það verður að teljast sjálfsagt, að Alþingi minnist Jóns Sigurðssonar forseta á einhvern hátt á 150 ára afmæli hans, sem verður á árinu 1961. Getur nefndin á það fallizt, að þetta verði gert með því móti, sem þingsályktunartillagan fer fram á.

Alþingi, 12. maí 1959.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Sveinbörn Högnason, frsm.
Magnús Jónsson.	Karl Kristjánsson.	Halldór E. Sigurðsson.
Jón Kjartansson.	Pétur Ottesen.	Áki Jakobsson.

Sþ. 527. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1956.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og ekkert fundið við það að athuga. Mælir nefndin því með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1959.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Halldór E. Sigurðsson.	Sveinbjörn Högnason.
Karl Kristjánsson.	Jón Kjartansson.	Áki Jakobsson.

Nd. 528. Lög [42. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 190.

Nd. 529. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um Listasafn Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hlutinn vill mæla með samþykkt frumvarpsins í heild sinni, en gerir þó breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Bygging og skipulag Listasafns ríkisins er nú eitt brýnasta verkefni í listmálum þjóðarinnar. Með setningu laga um þessi mál verður þeim tryggð fastari skipan, sem ætti að verða undirstaða farsællar þróunar í þessum málum. Takmarkið er, að íslenzka þjóðin eignist listasafn, sem gefi rétta mynd af þeirri myndlist, sem hér hefur þróazt, og þeirri umhyggju, sem þjóðin vill sýna þeirri list.

Alþingi, 12. maí 1959.

Páll Þorsteinsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.

Nd. 530. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um Listasafn Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar (BG, PÞ).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „a. m. k. 500 þús. krónur árlega“ komi: árlega a. m. k. ⅙ hluta.
2. Við 2. gr. Orðið „viðurkenndra“ í b-lið falli burt.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað 1.—2. málsgr. komi ein málsgrein, þannig:
      Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:
      Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, skulu kjósa úr sínum hópi fimmtán menn í nefnd, er velji úr hópi myndlistarmanna þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara, og er æskilegt, að þeir séu fulltrúar mismunandi liststefna, og einn myndhöggvara.
   b. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, þannig:
      Fimmta mann í safnráð skipar menntamálaráðherra svo og varamann hans eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar.
4. Við 7. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður:
   c. hvaða myndir eigi að vera til sýnis í safninu á hverjum tíma.
5. Við 14. gr. Í stað 3. málsl. komi tveir málsl., svo hljóðandi:
   Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess. Til eftirgerðar þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundaréttar, enda á hann rétt til þóknunar.

Ed. 531. Lög [135. mál]

um ítölu.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 499.

Nd. **532. Frumvarp til laga** [90. mál]

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði vinnslustöðvum sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir, á fisk veiddan á vissum tímum árs og á fisk, sem fer í tiltekna vinnslu. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að sérstakar bætur skuli greiddar bátum, togurum og vinnslustöðvum á hvert kg fisks, sem framleitt er frá 1. til 31. janúar 1959. Bætur þessar skulu svara til þeirrar hækkunar á rekstrarkostnaði báta, togara og vinnslustöðva, sem af því leiðir, að kaupgjald og skiptaverð á fiski til bátasjómanna er í janúarmánuði 1959 miðað við kaupgreiðsluvísitölu 202, en ekki kaupgreiðsluvísitölu 175, sem er sú kaupgreiðsluvísitala, sem skiptaverð á fiski til bátasjómanna og aflaverðlaun togarasjómanna skal miðast við frá 1. febr. 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1 30. jan. 1959.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að útflutningssjóður greiði niður verð á beitu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958 skal greiða bætur á fob-verð útfluttra landbúnaðarafurða, er séu hlutfallslega jafnháar þeim útflutningsbótum, sem greiddar eru í heild á afurðir bátaflotans af þorskveiðum á næsta almanaksári samkvæmt þessum lögum. Skal reiknuð hundraðstala bóta á bátafiskafurðir hvers almanaksárs frá ársbyrjun 1959 gilda við ákvörðun bóta á ull og mjólkurafurðir útfluttar á hverju 12 mánaða tímabili frá 1. september 1958, en hvað snertir aðrar útfluttar landbúnaðarafurðir skal nefnd árleg hundraðstala gilda við ákvörðun útflutningsbóta á landbúnaðarvöruframleiðslu hvers 12 mánaða tímabils frá 1. september 1958.

Hagstofan reiknar bætur þær, er greiddar skulu á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar.

Bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar skulu greiddar framleiðsluráði landbúnaðarins, og ráðstafar það bótafénu til verðbóta á þær landbúnaðarafurðir, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og seldar eru á lægra verði erlendis en nemur söluverði þeirra innanlands.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að útflutningssjóður greiði vátryggingariðgjöld fiskibáta (sjóvátryggingu og bráðafúatryggingu). Skal greiða fullt ársiðgjald, ef úthaldstími bátsins á árinu er 9 mánuðir eða lengri. Sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega. Greiðslur vátryggingariðgjalda skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettó-iðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno" hefur verið dregin frá brúttó-iðgjaldi.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—10. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr útflutningssjóði, valdsvið sjóðstjórnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Í samráði við Seðlabankann, gjaldeyrisbankana og stjórn útflutningssjóðs getur ríkisstjórnin ákveðið, að greiðsla útflutningsbóta, er nemi 55% á fob-verðmæti útfluttra

vara, fari fram í bönkum, þegar gjaldeyri fyrir vörunum er skilað, en útflutningssjóður greiði eftirstöðvar bótanna. Þá er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að bótum samkvæmt 3. gr. skuli skipt á milli útvegsmanna og vinnslustöðva, og einnig getur hún falið samtökum útvegsmanna og útflytjenda að annast ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

4. gr.

1. málsgr. 44. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 250% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls, þegar innflutningsskrifstofan úthlutar gjaldeyri til kaupanna, þó má gjaldið ekki vera nema allt að 160%, þegar úthlutað er gjaldeyri til kaupa á bifreiðum fyrir atvinnubifreiðarstjóra og lækna. Gjaldið má nema allt að 300% af fob-verðinu, þegar bifreiðin eða bifhjólið er flutt inn án þess, að gjaldeyri sé úthlutað. Innflutningsskrifstofan innheimtir gjaldið.

Innflutningsskrifstofan skal á árinu 1959 veita 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til atvinnubifreiðarstjóra, enn fremur allt að 100 innflutningsleyfum fyrir bifreiðum þeirra, er með vinnusamningum hafa gjaldeyristekjur, og allt að 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til báta- og togarasjómanna, gegn 250% gjaldi samkvæmt 1. málsgr.

5. gr.

Hinar árlegu greiðslur útflutningssjóðs til ríkissjóðs, er um ræðir í 48. gr. laganna, skulu falla niður frá 1. janúar 1959.

6. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé til niðurgreiðslu vöruverðs. Frá 1. janúar 1958 skal útflutningssjóður standa straum af slíkri niðurgreiðslu, en ríkissjóður endurgreiði útflutningssjóði slíkar niðurgreiðslur eftir því, sem fé er til þess veitt á fjárlögum hverju sinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 533. Nefndarálit [169. mál]

um till. til þál. um framkvæmdir í raforkumálum.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Hér er um það eitt að ræða, að haldið verði áfram við framkvæmdir í raforkumálum samkvæmt 10 ára áætlun.

Það er skoðun Framsóknarflokksins, eins og fram kemur í greinargerð þeirri, er tillögunni fylgir, að heildarframkvæmd hennar verði mun dýrari en ella, ef horfið verður að þeirri áætlun, sem núverandi ríkisstjórn hefur boðað, þar sem mörg verk verða þá framkvæmd til bráðabirgða. Hitt er þó líklegra, að framkvæmd áætlunarinnar verði látin falla niður að verulegu leyti á því, sem eftir er, og virðist okkur að því stefnt, þar sem breytingarnar eru rökstuddar sem sparnaður.

Þá liggur það fyrir, að sum svæði, er ákveðið var að fengju raforku samkvæmt 10 ára áætluninni, falla alveg út, ef farin er sú leið, sem núverandi ríkisstjórn boðar.

Við leggjum því áherzlu á, að Alþingi taki hér af skarið og komi í veg fyrir vanefndir á framkvæmd raforkumála, því að ekki mun ofsagt, þótt sagt sé, að þjóðin hefur treyst því, að 10 ára áætlun raforkuframkvæmdanna yrði framkvæmd.

Alþingi, 12. maí 1959.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Sveinbjörn Högnason.

Sþ. 534. Nefndarálit [169. mál]

um till. til þál. um framkvæmdir í raforkumálum.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Þegar ríkisstjórn Ólafs Thors hófst handa árið 1954 um framkvæmd þeirrar áætlunar að rafvæða landið á næstu 10 árum, var gert ráð fyrir, að heildarframkvæmdir samkvæmt áætluninni mundu kosta um 250 millj. kr. Var þegar í upphafi lagður fjárhagslegur grundvöllur að framkvæmd áætlunarinnar. Verðbólguþróunin hefur síðan valdið því, að allar kostnaðaráætlanir hafa farið úr böndunum, og er nú talið, að framkvæmd 10 ára áætlunarinnar muni kosta yfir 600 millj. kr.

Þessar stórkostlegu verðhækkanir hafa raskað mjög rekstrargrundvelli rafmagnsveitna ríkisins og rekstrarhalli þeirra vaxið ár frá ári. Er rekstrarhallinn í ár áætlaður um 15 millj. kr., og mundi hallinn verða svipaður næstu árin og jafnvel fara vaxandi, ef ekki verður að gert.

Raforkumálastjórnin vakti á síðastliðnu ári athygli ríkisstjórnarinnar á því, að óumflýjanlegt væri að endurskoða 10 ára áætlunina í því skyni að reyna að finna þann grundvöll undir afkomu rafmagnsveitna ríkisins, að ekki þyrfti að hækka rafmagnsverðið stórkostlega, sem ella var óumflýjanlegt, eða nota árlega stóran hluta af framkvæmdafénu til þess að greiða rekstrarhallann.

Fyrir nokkru sendu raforkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisstjórninni tillögur sínar um framkvæmd 10 ára áætlunarinnar þau fimm ár, sem eftir eru af tímabilinu. Er í þessari endurskoðuðu áætlun gert ráð fyrir því, að dreifingu raforku í sveitirnar verði lokið á 10 árum, eins og upphaflega var ákveðið, enda þótt enn hafi ekki verið lagðar 17 héraðsrafveitur, sem samkvæmt áætluninni átti að leggja árin 1957 og 1958. Kostar þessi framkvæmd 15 millj. kr. á ári, en á þessu ári er ætlunin að vinna fyrir töluvert hærri upphæð. Hins vegar verður frestað lagningu nokkurra tengilína milli héraða og settar upp dísilstöðvar, sem raforku verður síðan dreift út frá. Verð orkunnar frá þessum stöðvum verður hið sama og frá vatnsaflsstöðvum. Verða dísilstöðvar þessar síðan notaðar sem varastöðvar. Fæst með þessari skipan 4000 kw meiri orka en samkvæmt upphaflegu 10 ára áætluninni.

Með þessari endurskoðuðu áætlun vinnst það, að heildarkostnaður minnkar um 88 millj. kr. og rekstrarafkoma áranna 1960—64 batnar um 25 millj. kr. Verður rekstrarhallinn horfinn árið 1962. Jafnframt er talið, að frekari erlendar lántökur þurfi ekki til þess að tryggja framkvæmd áætlunarinnar.

Þegar þess er gætt, að með hinni endurskoðuðu áætlun er gert ráð fyrir að veita alla þá þjónustu við almenning, sem 10 ára áætlunin upphaflega gerði ráð fyrir,

traustur fjárhagsgrundvöllur er lagður að afkomu rafmagnsveitna ríkisins og komið í veg fyrir stórkostlega hækkun rafmagnsverðs, sem ella hefði verið óumflýjanleg, þá teljum við undirritaðir sjálfsagt að fallast á sjónarmið raforkumálastjórnarinnar í meginatriðum og leggjum því til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð tryggt er, að rafvæðingu strjálbýlisins verður lokið á tilsettum tíma, svo sem 10 ára áætlunin gerði ráð fyrir, og að með hinni endurskoðuðu framkvæmdaáætlun raforkumálastjórnarinnar er traustur grundvöllur lagður að heilbrigðum rekstri rafmagnsveitna ríkisins án þess að skerða í nokkru þjónustu við notendur og þannig komið í veg fyrir stórkostlegan hallarekstur eða mjög mikla hækkun raforkuverðs, telur Alþingi það ekki samrýmast hagsmunum þjóðarinnar að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1959.

Magnús Jónsson, frsm. Pétur Ottesen. Jón Kjartansson. Áki Jakobsson.

Ed. 535. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um byggingarsjóð Listasafns Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 12. maí 1959.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Gunnar Thoroddsen.

Ed. 536. Lög [83. mál]

um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 515.

Nd. 537. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um áætlunarráð ríkisins.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég tel það skynsamlega ráðstöfun að fela sérstakri nefnd manna eða ráði að semja heildaráætlun um verklegar framkvæmdir og framfarir í atvinnumálum til þess að tryggja næga atvinnu, aukningu framleiðslunnar og þjóðarteknanna.

Í lögum um slíka áætlunarstofnun ætti að ákveða í aðalatriðum, að hverju skuli stefna við samningu áætlana og framkvæmd þeirra. Þar þarf að marka þá stefnu, að öll byggileg svæði landsins verði setin og auðlindir þess notaðar, hvar sem þær eru, svo og fiskimiðin umhverfis landið. Á þeim grundvelli á að gera áætlanir um ræktun landsins, endurnýjun og aukningu fiskiskipaflotans, afurðavinnslustöðvar og aðrar iðnaðarstöðvar, byggingar og nauðsynlegar framkvæmdir vegna opinberrar þjónustu. Allir landsmenn, hvar sem þeir búa á landinu, eiga að njóta sem jafnastra lífskjara og lífsþæginda, og við það á að miða staðsetningu atvinnufyrirtækja, samgöngubætur, raforkuframkvæmdir, byggingu heilsuverndarstöðva og sjúkrahúsa, skóla og annarra menningarstofnana o. s. frv.

Að því leyti sem ríkið á hlut að uppbyggingu atvinnulífsins og öðrum framfaramálum með fjárframlögum eða á annan hátt, á Alþingi að taka ákvarðanir um þau mál, þó að sérstakri nefnd sé falið að gera áætlanir til undirbúnings framkvæmdunum.

Nú er liðið að þinglokum og ekki horfur á, að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög frá þessu þingi. En verði meðferð þess haldið áfram í þingdeildinni, mun ég bera fram breytingartillögur í samræmi við það, sem hér hefur verið fram tekið.

Alþingi, 12. maí 1959.

Skúli Guðmundsson,
form.

Nd. 538. Lög [122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 517.

Nd. 539. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Fyrir orðin „800 þúsund krónur“ í síðustu málsgr. 2. gr. laganna komi: 1.6 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **540. Lög** [145. mál]

um byggingarsjóð Listasafns Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 373.

Nd. **541. Lög** [90. mál]

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 532.

Sþ. **542. Þingsályktun** [165. mál]

um útgáfu á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 428.

Sþ. **543. Þingsályktun** [147. mál]

um skjótar varnarráðstafanir gegn útbreiðslu mæðiveiki á Vestfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela sauðfjársjúkdómanefnd að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að hindruð verði útbreiðsla mæðiveiki á Vestfjörðum.

Ed. **544. Lög** [92. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 539.

Sþ. **545. Fjáraukalög** [114. mál]

fyrir árið 1956.

(Afgreidd 14. maí.)

Samhljóða þskj. 273.

Sþ. **546. Þingsályktun** [171. mál]

um að reisa vita á Geirfugladrangi.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 513.

Sþ. 547. Nefndaskipun.

(78. löggjafarþing.)

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Halldór Ásgrímsson, fundaskrifari,[1])
Pétur Ottesen,
Karl Kristjánsson,
Karl Guðjónsson, formaður,
Jón Kjartansson,
Friðjón Skarphéðinsson,[2])
Halldór E. Sigurðsson,
Magnús Jónsson,
Sveinbjörn Högnason.[3])

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1959 (1, n. 397 (1. minni hl.), n. 400 (2. minni hl.), n. 405 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Karl Guðjónsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Karl Kristjánsson.
2. Fjáraukalög 1956 (273, n. 527).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Efling landhelgisgæzlu (5, n. 136).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
2. Lífeyrissjóður fyrir bátasjómenn (29).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Ríkisábyrgðir (31, n. 275).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
4. Námskeið í meðferð fiskileitartækja (37, n. 137).
   Frsm.: Karl Guðjónsson.
5. Vinnuheimili fyrir aldrað fólk (52, n. 295).
   Frsm.: Halldór E. Sigurðsson.
6. Niðursuðuverksmiðja á Akureyri (60, n. 146).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
7. Vegagerð úr steinsteypu (62).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Launabætur til starfsmanna ríkisins (101, n. 105).
   Frsm.: Karl Guðjónsson.
9. Steinsteyptur vegur frá Hafnarfirði til Sandgerðis (97).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Handritamálið (112, n. 297).
    Frsm.: Pétur Ottesen.

---

1) Í fjarveru hans, 12. janúar til 28. s. m., gegndi störfum hans í nefndinni Tómas Árnason.
2) Þegar hann varð ráðherra, 23. des., tók sæti hans í nefndinni Áki Jakobsson.
3) Í fjarveru hans, frá 20. febrúar til 8. marz, gegndi störfum hans í nefndinni Björn Fr. Björnsson.

11. Póstur og sími í Hafnarfirði (124).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Akvegasamband við Vestfirði (138).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Niðurgreiðsla á innfluttum áburði (157).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Lán til byggingarsjóða af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1958 (159).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Austurvegur (219).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Mannúðar- og vísindastarfsemi (272, n. 486).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
17. Lán vegna hafnargerða (226).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Útvegun lánsfjár (280).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Vinnsla kísilleirs við Mývatn (345, n. 485).
    Frsm.: Áki Jakobsson.
20. Milliþinganefnd um öryrkjamál (357, n. 487).
    Frsm.: Karl Guðjónsson.
21. Útgáfa á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar (428, n. 526).
    Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
22. Mæðiveikivarnir á Vestfjörðum (383, n. 525).
    Frsm.: Pétur Ottesen.
23. Framkvæmdir í raforkumálum (480, n. 533 (1. minni hl.), n. 534 (2. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Magnús Jónsson.
    Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:

Vegagerð úr steinsteypu (477).
Frsm.: Magnús Jónsson.

2. *Allsherjarnefnd:*

Eiríkur Þorsteinsson, fundaskrifari,
Jón Sigurðsson,
Ásgeir Bjarnason,
Benedikt Gröndal, formaður,
Björn Ólafsson,[1])
Alfreð Gíslason,
Steingrímur Steinþórsson.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Innflutningur varahluta í vélar til landbúnaðar og sjávarútvegs (7).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Votheysverkun (26, n. 253).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
3. Atómvísindastofnun Norðurlanda (64, n. 192).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
4. Aðbúnaður fanga (40, n. 396).
   Frsm.: Alfreð Gíslason.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 30. okt. til 7. des., tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Sigurðsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

5. Ábúðarlög (69, n. 186).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
6. Hagrannsóknir (49, n. 261).
   Frsm.: Björn Ólafsson.
7. Almannatryggingalög (50).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Læknishjálp sjómanna á fjarlægum miðum (104, n. 160).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
9. Þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk (113, n. 311).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
10. Bann gegn togveiðum í landhelgi (78).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Hagnýting síldaraflans (167).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Flugsamgöngur (174, n. 455).
    Frsm.: Eiríkur Þorsteinsson.
13. Hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri (230).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Fjárfesting (223, n. 461).
    Frsm.: Björn Ólafsson.
15. Björgunartæki (281, n. 443).
    Frsm.: Benedikt Gröndal.
16. Sögustaðir (252).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Farskipaflotinn (331).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Nauðungarvinna (330).
    Nefndarálit kom ekki.

3. Utanríkismálanefnd:

	Varamenn:
Gísli Guðmundsson, formaður,	Páll Zóphóníasson,
Ólafur Thors,	Jóhann Jósefsson,
Steingrímur Steinþórsson,	Halldór Ásgrímsson,
Emil Jónsson, fundaskrifari,[1])	Gylfi Þ. Gíslason,
Bjarni Benediktsson,	Björn Ólafsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,	Einar Olgeirsson,
Sveinbjörn Högnason.	Halldór E. Sigurðsson.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Skýrsla um Ungverjalandsmálið (36).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Uppsögn varnarsamnings (181).
   Nefndarálit kom ekki.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:

Landhelgismál (446).
Frsm.: Gísli Guðmundsson.

4. Kjörbréfanefnd:

Gísli Guðmundsson, formaður,
Bjarni Benediktsson,
Áki Jakobsson,
Alfreð Gíslason, fundaskrifari,
Friðjón Þórðarson.

1) Þegar hann varð ráðherra, 23. des., tók sæti hans í nefndinni Benedikt Gröndal.

Fastanefndir Sþ.: Kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Tómasar Árnasonar, 2. (vara)-þm. N-M., Björns Fr. Björnssonar, 2. (vara)þm. Rang., og Jónasar Árnasonar, 6. landsk. (vara)þm., og lét uppi munnleg álit um þau.

5. *Þingfararkaupsnefnd.*
Eiríkur Þorsteinsson, formaður,
Jón Pálmason,
Gunnar Jóhannsson,
Pétur Pétursson, fundaskrifari,
Kjartan J. Jóhannsson.

B.
Í efri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*
Bernharð Stefánsson, formaður,
Gunnar Thoroddsen,
Eggert Þorsteinsson,
Björn Jónsson, fundaskrifari,
Jóhann Jósefsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Tollskrá o. fl. (3, n. 24).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Bifreiðaskattur o. fl (4, n. 32).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
3. Skemmtanaskattsviðauki 1959 (19, n. 33).
   Frsm.: Björn Jónsson.
4. Gjaldaviðauki 1959 (2, n. 88).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (86, n. 98).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Útflutningssjóður o. fl. (96, n. 115).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
7. Tekjuskattur og eignarskattur (95, n. 133).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Niðurfærsla verðlags og launa (203, n. 212 (meiri hl.), n. 213 (1. minni hl.), n. 214 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eggert Þorsteinsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
9. Tekjuskattur og eignarskattur (250, n. 256).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
10. Ríkisreikningurinn 1956 (274, n. 291).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
11. Tekjuskattur og eignarskattur (284, n. 293).
    Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
12. Vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga (245, n. 314).
    Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
13. Gjaldeyrissjóður og alþjóðabanki (346, n. 462).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.
14. Gjaldeyrissamningur Evrópu (347, n. 463).
    Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

15. Útflutningssjóður o. fl. (468, n. 500 (meiri hl.), n. 501 (1. minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Eggert Þorsteinsson.
Frsm. 1. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Virkjun Sogsins (121).
Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
2. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959 (142).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959 (198).
Frsm. var ekki kosinn.
4. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (246).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Lagafrumvarp, er meiri hl. nefndarinnar flutti:

Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959 (332).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Sigurvin Einarsson, fundaskrifari,
Jón Kjartansson,
Friðjón Skarphéðinsson,[1])
Björgvin Jónsson, formaður,
Sigurður Bjarnason.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Vegalög (6).
Nefndarálit kom ekki.
2. Póstlög (73, n. 260 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Björgvin Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Veitingasala o. fl. (244).
Nefndarálit kom ekki.
4. Skipulagning samgangna (87).
Nefndarálit kom ekki.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Sýsluvegasjóðir (375).
Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 402 (frsm.: Páll Þorsteinsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Páll Zóphóníasson, formaður,
Friðjón Þórðarson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Sigurvin Einarsson, fundaskrifari,
Sigurður Ó. Ólafsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Útflutningur hrossa (22, n. 66).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Dýralæknar (59, n. 162).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.

---

1) Þegar hann varð ráðherra, 23. des., tók sæti hans í nefndinni Eggert Þorsteinsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

3. Sauðfjárbaðanir (184, n. 247).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
4. Búnaðarmálasjóður (75, n. 292).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
5. Sala Bjarnastaða í Unadal (236, n. 340).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
6. Ítala (378, n. 476).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
7. Kornrækt (342).
   Nefndarálit kom ekki.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Björgvin Jónsson,
Jóhann Jósefsson,
Björn Jónsson, formaður,
Eggert Þorsteinsson, fundaskrifari,
Sigurður Bjarnason.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Eftirlit með skipum (71, n. 183).
   Frsm.: Björn Jónsson.
2. Bann gegn botnvörpuveiðum (175, n. 182).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
3. Hafnargerðir og lendingarbætur (204, n. 269).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Björgvin Jónsson, fundaskrifari,
Gunnar Thoroddsen,
Eggert Þorsteinsson, formaður,
Björn Jónsson,
Jóhann Jósefsson.

Lagafrumvarp, er til nefndarinnar var vísað:

Verkstjóranámskeið (338).
Nefndarálit kom ekki.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*

Karl Kristjánsson, fundaskrifari,
Friðjón Þórðarson,
Alfreð Gíslason, formaður,
Eggert Þorsteinsson,
Sigurður Ó. Ólafsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Lífeyrissjóður togarasjómanna (27).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Atvinnuleysistryggingar (77, n. 100).
   Frsm.: Alfreð Gíslason.
3. Læknaskipunarlög (79).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Skipulagslög (106, n. 352).
   Frsm.: Alfreð Gíslason.
5. Sjúkrahúsalög (125, n. 191, frhn. 237).
   Frsm.: Alfreð Gíslason.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála-, menntamála- og allsherjarnefndir.

6. Aðstoð við vangefið fólk (99, n. 185).
   Frsm.: Alfreð Gíslason.
7. Fasteignagjöld til sveitarsjóða (240, n. 282 (minni hl.), n. 285 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Alfreð Gíslason.
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Ó. Ólafsson.
8. Bjargráðasjóður Íslands (267, n. 435).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
9. Almannatryggingar (304, n. 394).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
10. Almannatryggingar (407, n. 506).
    Frsm.: Alfreð Gíslason.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Almannatryggingar (144).
   Frsm.: Alfreð Gíslason.
2. Sameign fjölbýlishúsa (147, n. 234).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
3. Lögheimili (277).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
4. Almannatryggingar (302).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.

7. *Menntamálanefnd:*

Sigurvin Einarsson, formaður,
Gunnar Thoroddsen,
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskrifari,[1])
Finnbogi R. Valdimarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Skipun prestakalla (82).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Fræðsla barna (132, n. 290).
   Frsm.: Sigurvin Einarsson.
3. Skipun prestakalla (276, n. 316).
   Frsm.: Sigurvin Einarsson.
4. Rithöfundaréttur og prentréttur (55, n. 512).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
5. Byggingarsjóður Listasafns Íslands (373, n. 535).
   Frsm.: Sigurvin Einarsson.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Fræðslumyndasafn ríkisins (178).
   Frsm.: Sigurvin Einarsson.
2. Kirkjugarðar (179, n. 465).
   Frsm.: Sigurvin Einarsson.

8. *Allsherjarnefnd:*

Páll Zóphóníasson,
Friðjón Þórðarson,
Friðjón Skarphéðinsson, formaður,[1])
Björn Jónsson, fundaskrifari,
Jón Kjartansson.

---

1) Þegar hann varð ráðherra, 23. des., tók sæti hans í nefndinni Eggert Þorsteinsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Biskupskosning (114, n. 117 (meiri hl.), n. 118 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Friðjón Skarphéðinsson.
   Frsm. minni hl.: Friðjón Þórðarson.
2. Kosningar til Alþingis (298, n. 313).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Happdrætti háskólans (322, n. 335).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
4. Firmu og prókúruumboð (328, n. 363).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
5. Veitingasala o. fl. (329, n. 364).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
6. Veiting ríkisborgararéttar (350, n. 365).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
7. Þinglýsingar (410).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Ættaróðal og erfðaábúð (411).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Nauðasamningar (412).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Landskipti (413).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Kyrrsetning og lögbann (414).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Lögræði (415).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Aðför (416).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna (417).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Lögtak og fjárnám (418).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Landamerki o. fl. (419).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Bæjanöfn (420).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Bæjarstjórn í Hafnarfirði (426, n. 444).
    Frsm.: Eggert Þorsteinsson.

C.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Skúli Guðmundsson, formaður,
Jóhann Hafstein,
Einar Olgeirsson,
Emil Jónsson, fundaskrifari,[1])
Ólafur Björnsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Gjaldaviðauki 1959 (2, n. 43).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
2. Áburðarverksmiðja (20).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Þegar hann varð ráðherra, 23. des., tók sæti hans í nefndinni Pétur Pétursson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

3. Eftirlit með happdrættum (25).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Iðnlánasjóður (41).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Innlendar tollvörutegundir (42).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Tekjuskattur og eignarskattur (45).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Aukaútsvar ríkisstofnana (46).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Bifreiðaskattur o. fl. (4, n. 92).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.
9. Jafnvægi í byggð landsins (51).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Tollskrá o. fl. (3, n. 91).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
11. Skemmtanaskattsviðauki 1959 (19, n. 93).
    Frsm.: Emil Jónsson.
12. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (86, n. 134).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
13. Útflutningssjóður o. fl. (96, n. 126).
    Frsm.: Emil Jónsson.
14. Tekjuskattur og eignarskattur (48).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Virkjun Sogsins (151, n. 437 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Pétur Pétursson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
16. Tekjuskattur og eignarskattur (95).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Niðurfærsla verðlags og launa o. fl. (180, n. 188 (meiri hl.), n. 196 (1. minni hl.), n. 197 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Pétur Pétursson.
    Frsm. 1. minni hl.: Einar Olgeirsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
18. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959 (207, n. 210).
    Frsm.: Pétur Pétursson.
19. Útflutningssjóður o. fl. (187, n. 458 (meiri hl.), n. 469 (1. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Pétur Pétursson.
    Frsm. 1. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
    Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.
20. Áætlunarráð ríkisins (224, n. 490 (1. minni hl.), n. 511 (2. minni hl.), n. 537 (3. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Einar Olgeirsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. 3. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
21. Vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga (245, n. 287).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
22. Olíuverzlun ríkisins (225, n. 491 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
23. Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins (257).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

24. Sementsverksmiðja (268).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (258, n. 299).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
26. Tekjuskattur og eignarskattur (250).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Ríkisreikningurinn 1956 (274, n. 380).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
28. Tekjuskattur og eignarskattur (284, n. 359).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
29. Gjaldeyrissjóður og alþjóðabanki (346, n. 381).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
30. Gjaldeyrissamningur Evrópu (347, n. 382).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
31. Happdrætti háskólans (339, n. 475).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
32. Siglufjarðarvegur ytri (422, n. 493).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Eiríkur Þorsteinsson,
   Jón Pálmason,
   Karl Guðjónsson, fundaskrifari,
   Páll Þorsteinsson, formaður,
   Ingólfur Jónsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Vegalög (8).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Ferðaskrifstofa ríkisins (80).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Sýsluvegasjóðir (434, n. 467).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Veitingasala o. fl. (56).
   Nefndin skilaði áliti um málið á þskj. 172 (meiri hl.) og 176 (minni hl.).
   Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Ingólfur Jónsson.
2. Skipulagning samgangna (87).
   Nefndin skilaði áliti um málið á þskj. 166 (meiri hl.) og 173 (minni hl.).
   Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
   Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1109.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Ásgeir Bjarnason, formaður,
   Jón Sigurðsson, fundaskrifari,
   Gunnar Jóhannsson,[1])
   Ágúst Þorvaldsson,
   Jón Pálmason.

---

1) Í fjarveru hans, 2. til 15. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Jónas Árnason.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Útflutningur hrossa (22, n. 38).
   Frsm.: Jón Pálmason.
2. Dýralæknar (59, n. 119).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
3. Búnaðarmálasjóður (75, n. 127 (meiri hl.), n. 152 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Sigurðsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
4. Sala Bjarnastaða í Unadal (236, n. 301).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
5. Hefting sandfoks og græðsla lands (239).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Sauðfjárbaðanir (264, n. 349).
   Frsm.: Jón Pálmason.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Kornrækt (342).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
2. Ítala (343, n. 369).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
3. Hefting sandfoks og græðsla lands (503).
   Frsm. var ekki kosinn.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Gísli Guðmundsson, formaður,
Pétur Ottesen,
Áki Jakobsson,
Karl Guðjónsson, fundaskrifari,
Sigurður Ágústsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Verksmiðja til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði (74, n. 522 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Karl Guðjónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
2. Eftirlit með skipum (190, n. 489).
   Frsm.: Áki Jakobsson.
3. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi (208, n. 436 (1. minni hl.), n. 488 (2. minni hl)).
   Frsm. 1. minni hl.: Karl Guðjónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
4. Hafnargerðir og lendingarbætur (204, n. 524).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
5. Hafnargerðir og lendingarbætur (323).
   Nefndarálit kom ekki.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Siglingalög (140).
Frsm.: Áki Jakobsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Ágúst Þorvaldsson, fundaskrifari,
Bjarni Benediktsson,
Emil Jónsson, formaður,
Pétur Pétursson,
Ingólfur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:

Steingrímur Steinþórsson, formaður,
Ragnhildur Helgadóttir,
Benedikt Gröndal,
Gunnar Jóhannsson, fundaskrifari,[1])
Kjartan J. Jóhannsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Almannatryggingar (44).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Aðstoð við vangefið fólk (99, n. 122).
   Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
3. Almannatryggingar (108, n. 120).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
4. Atvinnuleysistryggingar (77, n. 158).
   Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
5. Húsnæði fyrir félagsstarfsemi (170, n. 494).
   Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
6. Sjúkrahúsalög (125, n. 504 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gunnar Jóhannsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
7. Sameign fjölbýlishúsa (243, n. 354).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
8. Sjúkrahúsalög (242, n. 505 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Benedikt Gröndal.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
9. Almannatryggingar (304, n. 355).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
10. Fasteignagjöld til sveitarsjóða (310, n. 376).
    Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
11. Almannatryggingar (302, n. 377).
    Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
12. Lögheimili (366).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Orlof (453).
    Nefndarálit kom ekki.

7. Menntamálanefnd:

Páll Þorsteinsson, formaður,
Ragnhildur Helgadóttir,
Benedikt Gröndal, fundaskrifari,
Einar Olgeirsson,
Kjartan J. Jóhannsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Ríthöfundaréttur og prentréttur (55, n. 235).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
2. Skipun prestakalla (85, n. 241).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
3. Listasafn Íslands (254, n. 529 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Benedikt Gröndal.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
4. Háskóli Íslands (312, n. 492).
   Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.

1) Í fjarveru hans, 2. til 15. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Jónas Árnason.

Fastanefndir Nd.: Menntamála- og allsherjarnefndir. — *Vinnunefndir.*

5. Byggingarsjóður Listasafns Íslands (373, n. 454).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
6. Úthlutun listamannalauna (384).
   Nefndarálit kom ekki.

8. Allsherjarnefnd:

Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Bjarni Benediktsson,[1])
Gunnar Jóhannsson,[2])
Pétur Pétursson, formaður,[3])
Björn Ólafsson.[4])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Biskupskosning (16, n. 57 (meiri hl.), n. 63 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Benediktsson.
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
2. Þingsköp Alþingis (65, n. 70 (meiri hl.), n. 72 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Ingólfur Jónsson.
3. Veltuútsvör (47).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Bæjarstjórn í Hafnarfirði (165, n. 388).
   Frsm.: Pétur Pétursson.
5. Firmu og prókúruumboð (278, n. 319).
   Frsm.: Gunnlaugur Þórðarson.
6. Veitingasala o. fl. (279, n. 320).
   Frsm.: Gunnlaugur Þórðarson.
7. Kosningar til Alþingis (298, n. 305).
   Frsm.: Gunnlaugur Þórðarson.
8. Meðferð opinberra mála (385).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Hegningarlög (386).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Prentréttur (387).
    Nefndarálit kom ekki.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Verðjöfnun á olíu og benzíni (103).
   Frsm.: Gunnar Jóhannsson.
2. Bann gegn botnvörpuveiðum (153).
   Frsm. var ekki kosinn.
3. Veiting ríkisborgararéttar (308).
   Frsm.: Gunnlaugur Þórðarson.

D.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

---

1) Í fjarveru hans sat Ingólfur Jónsson fund nefndarinnar 11. nóv.

2) Í fjarveru hans, 2. til 15. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Jónas Árnason.

3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 23. febrúar til 12. marz, tók sæti hans í nefndinni Gunnlaugur Þórðarson.

4) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 30. okt. til 7. des., tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Sigurðsson.

Lausanefndir Ed.: Stjórnarskrárnefnd. — *Nd.:* Stjórnarskrárnefnd.

II.
Lausanefndir.

A.
Í efri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Gunnar Thoroddsen, formaður,
Hermann Jónasson,
Eggert Þorsteinsson,
Björn Jónsson, fundaskrifari,
Karl Kristjánsson.

Lagafrumvarp, er nefndin var kosin til að íhuga: Stjórnarskrárbreyting (368, n. 474 (minni hl.), n. 479 (meiri hl.)).

Frsm. minni hl.: Karl Kristjánsson.
Frsm. meiri hl.: Gunnar Thoroddsen.

B.
Í neðri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Bjarni Benediktsson, formaður,
Gísli Guðmundsson,
Einar Olgeirsson, fundaskrifari,
Jóhann Hafstein,
Benedikt Gröndal,
Jón Sigurðsson,
Páll Þorsteinsson.

Lagafrumvarp, er nefndin var kosin til að íhuga: Stjórnarskrárbreyting (368, n. 406 (meiri hl.), n. 430 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl.: Bjarni Benediktsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.

Sþ. 548. Erindaskrá.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðbúnaður fanga. Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um till. til þál. um aðbúnað fanga. — Bréf 20. des. (Db. 305).

Aðflutningsgjöld af bifreið fyrir Blindravinafélag Íslands. Stjórn Blindravinafélags Íslands fer fram á, að fjvn. veiti heimild til þess, að gefin verði eftir aðflutningsgjöld af sendibifreið fyrir félagið. — Bréf 11. febr. (Db. 488).

Aflutningsgjöld af bifreið fyrir Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra fer fram á, að tekin verði upp í 18. gr. fjárl. 1959 heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af bifreið til starfsemi félagsins. — Bréf 24. apríl. (Db. 818).

Aðstoð við afbrotamenn. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands fer fram á, að veittar verði 100 þús. kr. til starfsemi til hjálpar afbrotamönnum. — Bréf 25. febr. (Db. 570).

Afmæli sænsku stjórnarskrárinnar. Gunnar Rocksén, vararæðismaður Svía, sendir forseta sameinaðs Alþingis boð frá forseta sænska ríkisþingsins um að vera viðstaddur hátíðahöld í sambandi við 150 ára afmæli sænsku stjórnarskrárinnar. — Bréf 4. maí. (Db. 863).

Akraneshöfn. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á, að framlag ríkissjóðs til Akraneshafnar hækki í 1 millj. kr. — Bréf 9. jan. (Db. 349). — Sjá einnig Hafnargerðir og lendingarbætur 3.

Akvegasamband við Vestfirði. Umsögn vegamálastjóra um till. til þál. um akvegasamband við Vestfirði. — Bréf 4. febr. (Db. 465).

Alfreð Gíslason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 17.

Almannatryggingar.

1. Baldur Baldvinsson sendir ályktun bændafélaga Þingeyinga, Eyfirðinga og Fljótsdalshéraðsbúa frá 13. ágúst, þar sem skorað er á Alþingi að gera tilteknar breytingar á lögum um almannatryggingar. — Bréf 15. ágúst. (Db. 12).
2. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands sendir ályktun fundar félagsins 21. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. fram komið frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar. — Bréf 22. apríl. (Db. 810).
3. Umsögn landlæknis um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1956, um almannatryggingar. — Bréf 5. marz. (Db. 604).
4. Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1956, um almannatryggingar. — Bréf 22. des. (Db. 306).
5. Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um erindi Læknafélags Íslands um breyt. á l. nr. 24 1956, um almannatryggingar. — Bréf 25. febr. (Db. 575).
6. Umsögn tryggingaráðs um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar. — Bréf 8. maí. (Db. 843).

— Sjá einnig Endurskoðun almannatryggingalaga.

Almenningsbókasöfn. Menntmrn. sendir fjvn. afrit af bréfum bókafulltrúa varðandi fjárveitingar til almenningsbókasafna. — Bréf 13. nóv. (Db. 172).

Alþingiskjósendafundur að Laugum, sjá Stjórnarskrárbreyting 29.

Alþingiskjósendur í Dalasýslu, sjá Stjórnarskrárbreyting 42.

Alþingiskjósendur í Eiðahreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 36.

Alþingiskjósendur í Fellnahreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 14.

Alþingiskjósendur í Fljótsdalshreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 18.

Alþingiskjósendur í Hjaltastaðahreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 31.

Alþingiskjósendur í Hlíðarhreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 26.
Alþingiskjósendur í Hofshreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 32.
Alþingiskjósendur í Jökuldalshreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 25.
Alþingiskjósendur í Norður-Þingeyjarsýslu, sjá Stjórnarskrárbreyting 7, 12.
Alþingiskjósendur í Skriðdalshreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 23.
Alþingiskjósendur í Tunguhreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 9.
Alþingiskjósendur í Vallahreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 21.
Alþingistíðindi. Forstjóri British Museum þakkar fyrir Alþingistíðindi frá árinu 1955 og fer fram á, að safninu verði send Alþt. frá árunum 1939—51. — Bréf 9. jan. (Db. 412).
Alþýðubandalag, sjá Niðurfærsla verðlags og launa 1.
Alþýðusamband Íslands, sjá: Lífeyrissjóður togarasjómanna 1, Verkstjóranámskeið 1.
Alþýðusamband Vestfjarða.
1. Björgvin Sighvatsson sendir ályktanir 15. þings Alþýðusambands Vestfjarða varðandi landhelgismál, raforkumál o. fl. — Bréf 30. sept. (Db. 21).
2. Björgvin Sighvatsson, sendir ályktun þings Alþýðusambands Vestfjarða varðandi flugmál Vestfirðinga. — Bréf 14. okt. (Db. 50).

Andersen, Annemarie, sjá Ríkisborgararéttur.
Anna Þorkelsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 78.
Anna Þórhallsdóttir. Menntmrn. sendir fjvn. erindi Önnu Þórhallsdóttur, þar sem farið er fram á, að ríkissjóður kaupi sumarbústað hennar við Elliðavatn. — Bréf 13. febr. (Db. 497).
Apótekarafélag Íslands, sjá Læknaskipunarlög 1.
Athugun á nýjum björgunartækjum.
1. Umsögn skipaskoðunarstjóra um till. til þál. um athugun á nýjum björgunartækjum. — Bréf 20. apríl. (Db. 798).
2. Umsögn stjórnar Slysavarnafélags Íslands um sömu þáltill. — Bréf 14. apríl. (Db. 768).

Atvinnudeild Háskóla Íslands, sjá: Efnarannsóknir á bergsýnishornum, Hagnýting síldaraflans 1, Hefting sandfoks og græðsla lands, Rannsóknaráð ríkisins 2, Tillögur.
Atvinnumálaráðuneytið, sjá: Brýr vegna raforkuvirkjana á Austur- og Vesturlandi, Eftirlaun og styrktarfé 3, Heymjölsverksmiðja, Jarðbor 1—3, Kjarnfræðinefnd Íslands, Rannsóknaráð ríkisins 1, Ríkisábyrgð á láni til kaupa á 650 lesta togara, Saltverksmiðja, Tillögur.
Aukaverk presta í Kirkjubæjar- og Hofteigsprestaköllum. Biskupinn yfir Íslandi sendir menntmn. Ed. upplýsingar um aukaverk presta í Kirkjubæjar- og Hofteigsprestaköllum á árinu 1957. — Bréf 20. jan. (Db. 402).
Austurvegur. Umsögn vegamálastjóra um till. til þál. um að hraða lagningu Austurvegar. — Bréf 21. febr. (Db. 550).
Áburðarsala ríkisins, sjá Tillögur.
Áburðarverð, sjá Áhrif áburðarverðs á verðlagsgrundvöll landbúnaðarins og vísitölu framfærslukostnaðar.
Áburðarverksmiðja.
1. Umsögn stjórnar Borgarvirkis h/f um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju. — Bréf 5. marz. (Db. 808).
2. Umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga um sama frv. — Bréf 19. febr. (Db. 531).

Ábúðarlög, sjá Endurskoðun ábúðarlaga.
Áfengisvarnaráð. Landssambandið gegn áfengisbölinu fer fram á, að fjárveiting til áfengisvarnaráðs verði hækkuð. — Bréf 26. jan. (Db. 421). — Sjá einnig Tillögur.

Áfengisvarnaráð kvenna, sjá Tillögur.
Áfengisverzlun ríkisins, sjá Tillögur.
Ágúst Þorvaldsson, sjá: Búnaðarsamband Suðurlands, Hitaveita í Hveragerði, Leirböð í Hveragerði 2, Ríkisábyrgð á láni fyrir Hveragerðishrepp, Sjóvarnargarður í Eyrarbakkahreppi, Styrkur til endurbóta á veitingaskála við Gullfoss.
Ágústa Sigurðardóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.
Áhaldakaup fyrir röntgendeild landsspítalans. Skrifstofa ríkisspítalanna fer fram á, að röntgendeild landsspítalans verði á fjárl. 1959 veittar 63 þús. kr. til áhaldakaupa. — Bréf 16. marz. (Db. 657).
Áhaldakaup þjóðskjalasafns. Menntmrn. fer fram á, að fjárveiting til áhaldakaupa þjóðskjalasafnsins hækki í 25—30 þús. kr. — Bréf 15. jan. (Db. 384).
Áhrif áburðarverðs á verðlagsgrundvöll landbúnaðarins og vísitölu framfærslukostnaðar. Viðskmrn. sendir endurskoðaða áætlun hagstofunnar um áhrif hækkaðs áburðarverðs á verðlagsgrundvöll landbúnaðarins og vísitölu framfærslukostnaðar. — Bréf 25. marz. (Db. 696).
Áki Jakobsson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 30, Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.
Árni Bjarnason, sjá Æviskráning Vestur-Íslendinga.
Árni Friðriksson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 3, Fjárlög 1959 7.
Árni G. Eylands fer fram á, að honum verði send frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa og fjárlög 1959. — Bréf 1. marz. (Db. 615). — Sjá einnig Eftirlaun og styrktarfé 2.
Ásdís G. Rafnar, sjá Eftirlaun og styrktarfé 72.
Ásgeir Bjarnason, sjá: Barnaskóli í Hvammsskólahverfi, Húsmæðraskóli að Staðarfelli, Stjórnarskrárbreyting 42.
Ásgeir Sigurðsson, sjá Varaþingmenn 1.
Ásmundur Sveinsson, sjá Byggingarstyrkur til Ásmundar Sveinssonar.
Ásta Magnúsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 4.

Baldvin Jónsson, sjá Dúnhreinsun.
Baldvin Trausti Stefánsson, sjá Sauðfjárbaðanir 23.
Bandalag íslenzkra leikfélaga fer fram á, að styrkur til bandalagsins hækki úr 115 þús. kr. í 160 þús. kr. — Bréf 2. des. (Db. 240).
Bandalag íslenzkra listamanna, sjá Rithöfundaréttur og prentréttur 1—2.
Bandalag íslenzkra skáta.
1. Félmrn. sendir fjvn. erindi Bandalags ísl. skáta, þar sem farið er fram á styrk til bandalagsins á fjárl. 1959. — Bréf 7. nóv. (Db. 149).
2. Jónas B. Jónsson fer fram á, að Bandalagi ísl. skáta verði veittar 50 þús. kr. á fjárl. 1959. — Bréf 18. febr. (Db. 520).

Bandalag kvenna. Stjórn Bandalags kvenna sendir ályktanir fundar bandalagsins varðandi tryggingarmál, skattamál og dýrtíðarmál. — Bréf 13. nóv. (Db. 178).
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sjá Sumartími 2.
Bann gegn botnvörpuveiðum.
1. Dómsmrn. sendir allshn. Nd. frv. til laga um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og fer fram á, að nefndin flytji frv. á yfirstandandi Alþingi. — Bréf 13. des. (Db. 286).
2. Sjútvmrn. fer fram á, að allshn. Nd. beiti sér fyrir því, að tilteknar breytingar verði gerðar á fram komnu frv. um bann gegn botnvörpuveiðum. — Bréf 12. jan. (Db. 371).

Bann gegn togveiðum í landhelgi.
1. Umsögn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda um till. til þál. um bann gegn togveiðum í landhelgi. — Bréf 24. jan. (Db. 416).
2. Umsögn fiskideildar atvinnudeildar háskólans um sömu þáltill. — Bréf 27. jan. (Db. 428).

3. Umsögn Fiskifélags Íslands um sömu þáltill. — Bréf 11. febr. (Db. 494).
4. Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps skorar á Alþingi að samþ. sömu þáltill. — Bréf ódags. (Db. 334).
5. Umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um sömu þáltill. — Bréf 9. marz. (Db. 628).

Barðastrandarhafnir, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 4.
Barnaheimili í Hafnarfirði. Sigríður Erlendsdóttir fer fram á, að veittur verði 50 þús. kr. byggingarstyrkur til barnaheimilis í Hafnarfirði. — Bréf 6. jan. (Db. 356).
Barnaheimili kvenfélagsins Hlífar. Félmrn. sendir fjvn. erindi kvenfélagsins Hlífar á Akureyri, þar sem farið er fram á 25 þús. kr. styrk til byggingar barnaheimilis félagsins. — Bréf 17. sept. (Db. 17).
Barnaheimili Vorboðans í Rauðhólum. Stjórn barnaheimilis Vorboðans fer fram á, að veittar verði 25 þús. kr. á fjárl. 1959 til endurbóta á húsnæði félagsins í Rauðhólum. — Bréf 28. okt. (Db. 146).
Barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi. Sesselja H. Sigmundsdóttir fer fram á, að veittar verði 100 þús. kr. á fjárl. 1959 til framkvæmda við barnaheimilið Sólheima í Grímsnesi. — Bréf 27. nóv. (Db. 227).
Barnalífeyrir. Stjórn Mæðrafélagsins í Reykjavík sendir heilbr.- og félmn. Ed. afrit af bréfi stjórnarinnar til félmrh., þar sem farið er fram á, að hann hlutist til um, að barnalífeyrir verði hækkaður þegar á þessu Alþingi um a. m. k. 30%. — Bréf 21. apríl. (Db. 801).
Barnaskóli Akureyrar. Bæjarstjórnin á Akureyri fer fram á, að fjárveiting á fjárl. 1959 til barnaskólabygginga á Akureyri verði 670 þús. kr. — Bréf 5. okt. (Db. 144).
Barnaskóli á Bíldudal. Sigurvin Einarsson, þm. Barð., fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 240 þús. kr. til byggingar nýs barnaskóla á Bíldudal og 325 þús. kr. til byggingar barnaskóla á Patreksfirði. — Bréf 21. marz. (Db. 677).
Barnaskóli í Hvammsskólahverfi. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., sendir erindi skólanefndar Hvammsskólahverfis í Dalasýslu, þar sem farið er fram á, að veittar verði 230 þús. kr. til byggingar barnaskóla að Laugum í Dalasýslu. — Bréflaust. (Db. 235).
Barnaskóli að Laugalandi.
1. Skólanefnd heimavistarbarnaskólans að Laugalandi í Holtahreppi í Rangárvallasýslu fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 1200 þús. kr. til byggingar skólans. — Bréf 13. marz. (Db. 641).
2. Húsameistari ríkisins skýrir frá því, að áætlun um byggingarkostnað heimavistarbarnaskóla að Laugalandi í Holtum hafi numið 3.6 millj. kr. — Bréf 16. marz. (Db. 655).

Barnaskóli að Reykhólum. Sigurvin Einarsson, þm. Barð., fer fram á, að veittar verði 307480 kr. til byggingar barnaskóla að Reykhólum. — Bréf 21. marz. (Db. 676).
Barnaskóli í Sandgerði. Menntmrn. sendir erindi formanns skólanefndar barnaskólans í Sandgerði, þar sem farið er fram á hækkun framlags á fjárlögum 1959 til byggingar barnaskólahúss þar. — Bréf 6. marz. (Db. 652).
Barnaskóli á Skagaströnd. Jón Pálmason, þm. A-Húnv. fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 134 þús. kr. til byggingar barnaskóla á Skagaströnd. — Bréf 15. des. (Db. 287).
Barnaskóli í Þorlákshöfn. Undirbúningsnefnd skólabyggingar í Þorlákshöfn og formaður skólanefndar Ölfusskólahverfis fara fram á, að veitt verði fé á fjárl. til byggingar skólahúss í Þorlákshöfn. — Bréf 25. nóv. (Db. 216).
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sjá Vistheimili fyrir afvegaleiddar stúlkur 1.
Barnaverndarráð Íslands, sjá Tillögur.

Barnavinafélagið Sumargjöf. Félmrn. mælir með því, að barnavinafélaginu Sumargjöf verði veittur 50 þús. kr. styrkur til að koma á fót leikskóla fyrir vangefin börn. — Bréf 26. sept. (Db. 19).
Beckmeier, Christel-Marilse Irene Luise, sjá Ríkisborgararéttur.
Bergþóra Einarsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.
Bernharð Stefánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 36, 40.
Bessastaðabúið, sjá Tillögur.
Bifreiðarkaup Blindravinafélags Íslands. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Blindravinafélags Íslands, þar sem farið er fram á 50 þús. króna styrk til kaupa á bifreið. — Bréf 14. okt. (Db. 54).
Birting skýrslna um fjárfestingu.
1. Umsögn Framkvæmdabanka Íslands um till. til þál. um birtingu skýrslna um fjárfestingu. — Bréf 15. apríl. (Db. 780).
2. Umsögn Hagstofu Íslands um sömu þáltill. — Bréf 14. apríl. (Db. 773).
3. Umsögn Landsbanka Íslands, seðlabankans, um sömu þáltill. — Bréf 17. apríl. (Db. 786).

Biskup Íslands, sjá: Aukaverk presta í Kirkjubæjar- og Hofteigsprestaköllum, Biskupskosning 1, Eftirlaun og styrktarfé 28, 72, 74, Skipun prestakalla 1—3.
Biskupskosning.
1. Umsögn biskupsins yfir Íslandi um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu. — Bréf 28. okt. (Db. 107).
2. Umsögn kirkjuráðs um sama frv. — Bréf 29. okt. (Db. 121).
3. Umsögn kirkjuþings um sama frv. — Bréf 29. okt. (Db. 120).
4. Umsögn Prestafélags Íslands um sama frv. — Bréf 31. okt. (Db. 125).

Bílstjórafélag Akureyrar, sjá Útflutningssjóður 1.
Bjargráðasjóður Íslands.
1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til laga um Bjargráðasjóð Íslands. — Bréf 23. marz. (Db. 688).
2. Umsögn Fiskifélags Íslands um sama frv. — Bréf 14. marz. (Db. 645).
3. Fiskimálastjóri tilkynnir, að heilbr.- og félmn. Ed. hafi verið send umsögn Fiskifélags Íslands um sama frv., dags. 14. marz s. l., og sendir afrit af umsögninni. — Bréf 5. maí. (Db. 837).
4. Umsögn stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands um sama frv. — Bréf 10. apríl. (Db. 751).

Bjarni Bjarnason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 53.
Bjarni Sigurðsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.
Björg Klemenzdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Björgunarfélag Vestmannaeyja. Stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja fer fram á, að félaginu verði veittur 400 þús. kr. styrkur á fjárl. 1959. — Bréf ódags. (Db. 180). — Sjá einnig Hafnsögubátur í Vestmannaeyjum.
Björgvin Jónsson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 50, Hafnargerðir og lendingarbætur 8, Ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h/f.
Björn Fr. Björnsson, sjá Varaþingmenn 2—4.
Björn Jónsson, sjá Sjálfsbjörg.
Björn Pálsson, sjá Sjúkraflug.
Björn Stefánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 72.
Blindflugslendingartæki á Keflavíkurflugvelli. Varnarmálanefnd utanrrn. fer fram á, að veittar verði 500 þús. kr. til rekstrar blindflugslendingartækja á Keflavíkurflugvelli. — Bréf 12. febr. (Db. 507).
Blindrafélagið fer fram á, að félaginu verði veittur 100 þús. kr. styrkur á fjárl. 1959. — Bréf 9. des. (Db. 282). — Sjá einnig Talsímatæki til blindra.
Blindravinafélag Íslands, sjá: Aðflutningsgjöld af bifreið fyrir Blindravinafélag Íslands, Bifreiðarkaup Blindravinafélags Íslands, Segulbandstæki fyrir blinda menn.

Borchmann, Dietrich, sjá Ríkisborgararéttur.
Borgardómari, sjá Tillögur.
Borgarfógeti, sjá Tillögur.
Borowski, Kurt Paul, sjá Ríkisborgararéttur.
Borgarvirki h/f, sjá Áburðarverksmiðja 1.
Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959.
1. Fjmrh. sendir fjhn. Ed. frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959 og fer fram á, að nefndin flytji það á yfirstandandi Alþingi. — Bréf 20. des. (Db. 299).
2. Fjmrn. sendir fjhn. Ed. frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, og fer þess á leit, að nefndin flytji það í deildinni. — Bréf 18. marz. (Db. 659).

Breiðafjarðarbátur, sjá Flóabátaferðir 1—3.
Brúa- og vegagerðir. Vegamálastjóri sendir tillögur og áætlanir um brúa- og vegagerðir 1959. — Bréf ódags. (Db. 664).
Brúagerð í Barðastrandarsýslu. Sigurvin Einarsson, þm. Barð., fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 800 þús. kr. til brúa í Barðastrandarsýslu. — Bréf 21. marz. (Db. 678).
Brúargerð við Háfsós. Vegamálastjóri leggur til, að á fjárl. 1959 verði veittar 100 þús. kr. til brúar á Háfsós við Þykkvabæ. — Bréf 21. marz. (Db. 682).
Bryggja á Hólmavík. Hreppsnefnd og hafnarnefnd Hólmavíkur fara fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 400 þús. kr. til bryggjugerðar á Hólmavík árið 1959. — Bréf 17. nóv. (Db. 183).
Bryggjugerð í Ögri. Vegamálastjóri fer fram á, að veittar verði 50 þús. kr. á fjárl. til greiðslu fyrir bryggjugerð í Ögri. — Bréf 8. nóv. (Db. 153).
Brýr vegna raforkuvirkjana á Austur- og Vesturlandi. Atvmrn. fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veitt fé til brúa á Austur- og Vesturlandi í sambandi við raforkuvirkjanir. — Bréf. 6. nóv. (Db. 148).
Búfjártryggingasjóður. Fjmrn. sendir fjvn. erindi atvmrn. o. fl. varðandi viðbótarfjárveitingu til búfjártryggingasjóðs. — Bréf 27. okt. (Db. 111).
Búnaðarfélag Andakílshrepps, sjá Stjórnarskrárbreyting 39.
Búnaðarfélag Hraungerðishrepps, sjá Stjórnarskrárbreyting 10.
Búnaðarfélag Íslands, sjá: Bjargráðasjóður Íslands 1, Endurskoðun ábúðarlaga 1, Holdanautabú í Gunnarsholti 1, Hreinræktun íslenzka hundakynstofnsins, Ítala, Jarðræktarlög, Kornrækt, Tillögur, Verkfæranefnd 1, Votheysverkun 1, Þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk 1.
Búnaðarmálasjóður. Jón Pálmason, þm. A-Húnv., sendir ályktun Búnaðarfélags Saurbæjarhrepps í Eyjafirði frá 23. jan., þar sem mótmælt er fram komnu frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs. — Bréflaust. (Db. 434).
Búnaðarsamband Eyjafjarðar, sjá: Niðurfærsla verðlags og launa 2, Stjórnarskrárbreyting 1.
Búnaðarsamband Suðurlands. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn., Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn., og Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang., fara fram á, að veittar verði 100 þús. kr. til Búnaðarsambands Suðurlands á fjárl. 1959. — Bréf 18. nóv. (Db. 191).
Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, sjá Stjórnarskrárbreyting 37.
Bygging prestsseturs og skóla fyrir Auðkúluhrepp. Forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 170 þús. kr. til þess að ljúka við prestssetur og skólahús fyrir Auðkúluhrepp. — Bréf 2. apríl. (Db. 713).
Byggingarframkvæmdir að Eiðum. Menntmrn. fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 150 þús. kr. til byggingar- og ræktunarframkvæmda að Eiðum. — Bréf 10. apríl. (Db. 777).
Byggingarsjóður myndlistarsafns. Gunnar S. Magnússon sendir ályktun fundar í

Félagi ísl. myndlistarnema varðandi byggingarsjóð myndlistarsafns o. fl. — Bréf ódags. (Db. 811).
Byggingarstyrkur til Ásmundar Sveinssonar. Menntmrn. sendir fjvn. erindi formanns Bandalags ísl. listamanna og formanns Félags íslenzkra myndlistarmanna o. fl., þar sem farið er fram á, að Ásmundi Sveinssyni verði veittur byggingarstyrkur. — Bréf 29. des. (Db. 317).
Byggingarstyrkur til Nínu Tryggvadóttur. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., sendir erindi Nínu Tryggvadóttur listmálara, þar sem hún fer fram á, að henni verði veittur byggingarstyrkur á fjárl. 1959. — Bréflaust. (Db. 78).
Byggingarstyrkur til Svavars Guðnasonar. Svavar Guðnason fer fram á byggingarstyrk á fjárl. 1959. — Bréf 2. jan. (Db. 399).
Bæjarstjóri Akureyrar, sjá Sjúkrahúsalög 1.
Bæjarstjóri Ísafjarðar, sjá Sauðfjárbaðanir 9.
Bæjarstjórinn á Akranesi, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 3.
Bæjarstjórinn á Húsavík, sjá Fasteignagjöld til sveitarsjóða 1.
Bæjarstjórinn í Keflavík, sjá Elliheimili Keflavíkur 1.
Bæjarstjórinn á Siglufirði, sjá: Fasteignagjöld til sveitarsjóða, Sjúkrahús á Siglufirði.
Bæjarstjórn Akraness, sjá Sauðfjárbaðanir 1.
Bæjarstjórn Akureyrar, sjá: Barnaskóli á Akureyri, Fasteignagjöld til sveitarsjóða 2—3, Ríkisábyrgð á láni fyrir síldar- og fiskimjölsverksmiðju í Krossanesi.
Bæjarstjórn í Hafnarfirði.
1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að samþ. nú þegar frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði. — Bréf 13. marz. (Db. 646, 651).
2. Umsögn sýslunefndar Gullbringusýslu um sama frv. — Bréf 9. marz. (Db. 631).

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sjá Bæjarstjórn í Hafnarfirði.
Bæjarstjórn Ísafjarðar, sjá Vestfjarðavegur.
Bæjarstjórn Keflavíkur, sjá Sauðfjárbaðanir 11.
Bæjarstjórn Reykjavíkur, sjá Kirkjugarðar 2.
Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, sjá Sauðfjárbaðanir.
Bæjarstjórn Siglufjarðar, sjá Verksmiðja til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði 1.
Bæjarstjórn Vestmannaeyja, sjá: Sauðfjárbaðanir 20, Takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðalandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti 1—2.
Bændafélag Eyfirðinga, sjá: Niðurgreiðsla á innfluttum áburði 1, Stjórnarskrárbreyting 43.
Bændafélag Þingeyinga, sjá Stjórnarskrárbreyting 28.
Bændafundur í Aðaldælahreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 40.
Bændafundur í Ásahreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 35.
Bændafundur í Borgarhreppi, sjá Stjórnarskrárbreyting 41.
Bændafundur að Brautartungu, sjá Stjórnarskrárbreyting 48.
Bændafundur að Sléttalandi, sjá Stjórnarskrárbreyting 38.
Bændaskólinn á Hólum, sjá Tillögur.
Bændaskólinn á Hvanneyri. Skólastjóri bændaskólans á Hvanneyri fer fram á, að fjárveitingar til skólans 1959 verði hækkaðar frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárl. — Bréf 13. jan. (Db. 365). — Sjá einnig Tillögur.

Carlsen, John Schou, sjá Ríkisborgararéttur.

Daníel Sveinsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 38.
Danska landmælingafélagið sendir Alþingi nýtt Íslandskort. — Bréf í júní. (Db. 13).
Dómsmálaráðuneytið, sjá: Bann gegn botnvörpuveiðum 1, Eftirlaun og styrktarfé 14, 37, Embættisbústaðir héraðsdómara, Fjárlög 1959 1, Fjársöfnun vegna

sjóslysa, Geislamælingar 1, Héraðshjúkrunarkonur, Lögreglubifreið fyrir Akureyrarkaupstað, Skýrsla fangelsisnefndar, Sumartími 1, Tillögur.

Dúnhreinsun.

1. Baldvin Jónsson fer fram á, að honum verði veittur 80 þús. kr. styrkur til að gera tilraunir með smíði dúnhreinsunarofns. — Bréf 8. nóv. (Db. 194).
2. Landbrn. mælir með því, að Baldvin Jónssyni verði veittur styrkur til tilrauna með dúnhreinsunartæki. — Bréf 12. nóv. (Db. 196).
3. Búnaðarfélag Íslands fer fram á, að Baldvin Jónssyni verði veittur 80 þús. kr. styrkur til þess að smíða og fullkomna dúnhreinsunarvél. — Bréf 3. apríl. (Db. 712).

Dýraverndunarfélag Íslands, sjá Útflutningur hrossa.

Dýralæknar. Umsögn yfirdýralæknis um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna. — Bréf 17. nóv. (Db. 184).

Dvalarheimili aldraðra sjómanna.

1. Stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna fer fram á, að heimilinu verði veittur 300 þús. kr. byggingarstyrkur á fjárl. ársins 1959. — Bréf 13. okt. (Db. 31).
2. Forstjóri Hrafnistu býður fjvn. að vera viðstadda opnun sjúkradeildar dvalarheimilisins 31. jan. — Bréf 27. jan. (Db. 426).

Efnarannsóknir á bergsýnishornum. Atvinnudeild Háskóla Íslands sendir fjvn. niðurstöður efnarannsókna á vissum bergsýnishornum. — Bréf 22. apríl. (Db. 842).

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Ágústa Sigurðardóttir. Póst- og símamálastjórnin fer fram á, að Ágústu Sigurðardóttur, ekkju Kristjáns Þórðarsonar símastjóra í Ólafsvík, verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 27. apríl. (Db. 825).
2. Árni G. Eylands fer fram á, að honum verði veitt viðbótareftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 3. nóv. (Db. 193).
3. Árni Friðriksson. Atvmrn. fer fram á, að Árna Friðrikssyni verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959 sem deildarstjóra við fiskideild atvinnudeildar háskólans frá næstu áramótum að telja. — Bréf 8. des. (Db. 263).
4. Ásta Magnúsdóttir. Fjmrn. sendir erindi Ástu Magnúsdóttur ríkisféhirðis, þar sem farið er fram á, að henni verði greidd viðbótareftirlaun skv. 18. gr. fjárl. — Bréf 14. nóv. (Db. 174).
5. Bergþóra Einarsdóttir. Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm., fer fram á, að Bergþóru Einarsdóttur verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. — Bréf 11. nóv. (Db. 167).
6. Bjarni Sigurðsson. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., fer fram á, að Bjarna Sigurðssyni verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárlaga 1959. — Bréf 8. nóv. (Db. 151).
7. Björg Klemenzdóttir. Sigtryggur Klemenzson fer þess á leit, að Björgu Klemenzdóttur verði veitt viðbótareftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 25. marz. (Db. 852).
8. Eggert Stefánsson fer fram á, að eftirlaun hans skv. 18. gr. fjárl. verði hækkuð. — Bréf 10. nóv. (Db. 156).
9. Eiður Sigurjónsson fer fram á, að honum verði greiddar 5314 kr. í viðbótareftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 29. okt. (Db. 124).
10. Estrid Falberg Brekkan. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður fer fram á, að Estrid Falberg Brekkan, ekkju Friðriks Á. Brekkans, verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 20. okt. (Db. 77).
11. Guðmundur Einarsson fer fram á, að eftirlaun hans skv. 18. gr. fjárl. verði hækkuð. — Bréf 5. nóv. (Db. 157).

12. Guðmundur Hermannsson fer fram á, að honum verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 13. okt. (Db. 132).
13. Guðný Magnúsdóttir frá Kollafjarðarnesi fer fram á, að henni verði greidd viðbótareftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 6. febr. (Db. 474).
14. Guðrún Teitsdóttir. Dómsmrh. sendir fjvn. erindi stjórnarnefndar ríkisspítalanna, þar sem farið er fram á, að Guðrúnu Teitsdóttur verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 23. marz. (Db. 692).
15. Guðrún Þorvarðsson. Bergur Gíslason fer fram á, að eftirlaun Guðrúnar Þorvarðsson verði hækkuð. — Bréf 19. nóv. (Db. 202).
16. Gunnjóna Jensdóttir. Magnús Björnsson fer fram á, að Gunnjónu Jensdóttur verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 27. jan. (Db. 424).
17. Halldór Hansen. Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm., fer fram á, að dr. Halldóri Hansen verði greidd 12 þús. kr. eftirlaun á fjárl. 1959. — Bréf 12. des. (Db. 279).
18. Helgi Hjörvar fer fram á, að fjvn. veiti heimild á fjárl. til þess, að honum verði greidd eftirlaun. — Bréf 14. jan. (Db. 376).
19. Helgi Hjörvar. Útvarpsráð mælir með því, að Helga Hjörvar verði veitt hæstu eftirlaun, sem unnt er að veita honum. — Bréf 4. marz. (Db. 597).
20. Helgi Jónasson fer fram á, að Áfengisverzlun ríkisins verði heimilað að greiða honum eftirlaun. — Bréf 5. des. (Db. 259).
21. Helgi Jónasson ítrekar beiðni sína um, að Áfengisverzlun ríkisins verði heimilað að greiða honum eftirlaun. — Bréf 8. des. (Db. 271).
22. Hervald Björnsson fer fram á, að honum verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959 að upphæð 10 þús. kr. — Bréf 24. okt. (Db. 110).
23. Hólmfríður Zoëga. Vegamálastjóri fer fram á, að Hólmfríði Zoëga verði greidd viðbótareftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 4. febr. (Db. 460).
24. Hulda Björnæs fer fram á, að eftirlaun hennar á 18. gr. fjárl. verði hækkuð frá því, sem nú er. — Bréf 6. nóv. (Db. 145).
25. Ingibjörg Guðmundsdóttir fer fram á, að henni verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárlaga 1958. — Bréf 14. okt. (Db. 57).
26. Ingibjörg Guðmundsdóttir sendir fjvn. upplýsingar varðandi fyrri umsókn hennar um eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 21. nóv. (Db. 210).
27. Ingibjörg Guðmundsdóttir. Fræðslumálastjóri fer fram á, að Ingibjörgu Guðmundsdóttur verði greidd eftirlaun, að upphæð 4147 kr. í grunnlaun, á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 26. nóv. (Db. 221).
28. Ingólfur Þorvaldsson. Biskupinn yfir Íslandi fer fram á, að Ingólfi Þorvaldssyni og Jakob Einarssyni verði greidd eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. — Bréf 10. marz. (Db. 632).
29. Ingólfur Þorvaldsson. Fjmrn. sendir erindi Ingólfs Þorvaldssonar og erindi Elísabetar Jónsdóttur, þar sem farið er fram á, að þeim verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 14. okt. (Db. 53).
30. Ingunn Hlíðar. Áki Jakobsson, þm. Siglf., fer fram á, að Ingunni Hlíðar verði veitt eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. ársins 1959. — Bréf 9. marz. (Db. 614).
31. Ingunn Kjartansdóttir fer fram á, að Áfengisverzlun ríkisins verði heimilað að greiða henni eftirlaun. — Bréf 8. des. (Db. 269).
32. Ingveldur Einarsdóttir. Einar Pálsson, f. h. Ingveldar Einarsdóttur prestsekkju, fer fram á, að styrkur sá, sem hún hefur notið skv. 18. gr. fjárl., verði hækkaður. — Bréf 25. okt. (Db. 98).
33. Jóhanna Linnet. Jónas Þorbergsson fer fram á, að Jóhönnu Linnet verði greidd 12 þús. kr. eftirlaun á 18. gr. fjárlaga 1959. — Bréf ódags. (Db. 198).
34. Jóhannes Björnsson fer fram á, að Áfengisverzlun ríkisins verði heimilað að greiða honum viðbótareftirlaun. — Bréf 10. des. (Db. 268).
35. Jón Guðnason fer fram á, að honum verði greidd viðbótareftirlaun samkv. 18. gr. fjárl. — Bréf 22. jan. (Db. 419).

36. Jón Kristjánsson. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., fer fram á, að Jóni Kristjánssyni verði greidd viðbótareftirlaun á 18. gr. fjárl. — Bréf 27. jan. (Db. 423).
37. Jóninna Pétursdóttir. Dómsmrh. sendir fjvn. erindi stjórnarnefndar ríkisspítalanna, þar sem farið er fram á, að Jóninnu Pétursdóttur verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 23. marz. (Db. 691).
38. Jónína Jónsdóttir. Fjmrn. tilkynnir, að eftirtaldir eftirlaunaþegar á 18. gr. fjárl. hafi látizt: Margrét Rasmus, Daníel Sveinsson, Geir Zoëga, Ragnheiður J. Straumfjörð, Jón Brandsson og Jón Bach. Ráðuneytið fer enn fremur fram á, að Jónínu Jónsdóttur og Jóhönnu Linnet verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 19. jan. (Db. 392).
39. Kristjana Jónsdóttir. Fræðslumálastjóri fer fram á, að eftirlaun Kristjönu Jónsdóttur á 18. gr. fjárlaga verði hækkuð á fjárlögum fyrir árið 1959. — Bréf 6. apríl. (Db. 731).
40. Kristján Albertsson. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., og Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., fara fram á, að Kristjáni Albertssyni verði veittur 20 þús. kr. styrkur til ritstarfa á fjárl. 1959. — Bréf 6. febr. (Db. 469).
41. Magnús Sigurðsson fer fram á, að Áfengisverzlun ríkisins verði heimilað að greiða honum eftirlaun. — Bréf 8. des. (Db. 270).
42. Margrét Björnsdóttir. Vita- og hafnamálastjóri fer fram á, að Margréti Björnsdóttur verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 29. okt. (Db. 114).
43. Markús Guðmundsson fer fram á, að honum verði veitt 2500 kr. eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 14. nóv. (Db. 171).
44. Markús Guðmundsson. Vegamálastjóri fer fram á, að eftirlaun Markúsar Guðmundssonar á 18. gr. fjárl. verði hækkuð. — Bréf 9. des. (Db. 260).
45. Marselína Pálsdóttir. Sigtryggur Klemenzson fer fram á, að Marselínu Pálsdóttur, Seyðisfirði, og Kristbjörgu Þorbergsdóttur verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárlaga ársins 1959. — Bréf 14. okt. (Db. 40).
46. Melitta Urbancic. Menntmrn. fer fram á, að Melittu Urbancic verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 13. febr. (Db. 536).
47. Melitta Urbancic. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar mælir með erindi Tónskáldafélags Íslands, að Melittu Urbancic verði veitt eftirlaun skv. 18. gr. fjárlaga. — Bréf 16. febr. (Db. 513).
48. Melitta Urbancic. Tónskáldafélag Íslands fer fram á, að Melittu Urbancic verði veitt eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. — Bréf 12. febr. (Db. 523).
49. Melitta Urbancic. Stjórn Þjóðleikhússkórsins í Reykjavík mælir með erindi Tónskáldafélags Íslands, að Melittu Urbancic verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 16. febr. (Db. 516).
50. Niels Örum Nielsen. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf., fer fram á, að Áfengisverzlun ríkisins verði heimilað að greiða Niels Örum Nielsen, fyrrverandi útsölustjóra á Seyðisfirði, eftirlaun. — Bréf 8. des. (Db. 256).
51. Ólafur E. Thoroddsen fer fram á, að honum verði veitt eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 19. febr. (Db. 504).
52. Ólafur Þorsteinsson. Ólafur Ólafsson fer fram á, að Ólafi Þorsteinssyni hálslækni verði greidd eftirlaun skv. 18. gr. fjárlaga 1959. — Bréf 6. apríl. (Db. 724).
53. Ólöf Sigurðardóttir. Bjarni Bjarnason, Laugarvatni, fer fram á, að Ólöfu Sigurðardóttur, ekkju Guðmundar Ólafssonar, verði greidd viðbótareftirlaun á 18. gr. fjárl. — Bréf 16. febr. (Db. 190).
54. Páll Ólafsson fer fram á, að honum verði greidd eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 1. okt. (Db. 79).
55. Ragnheiður Brynjólfsdóttir. Sveinbjörn Jónsson fer fram á, að Ragnheiði

Brynjólfsdóttur verði greidd viðbótareftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 31. des. (Db. 323).

56. Rósa Finnbogadóttir. Fræðslumálastjóri sendir fjvn. erindi Rósu Finnbogadóttur, þar sem farið er fram á viðbótareftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 26. nóv. (Db. 228).
57. Rögnvaldur Jónsson. Vegamálastjóri fer fram á, að Rögnvaldi Jónssyni verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. — Bréf 8. des. (Db. 261).
58. Sigfús M. Johnsen, fyrrv. bæjarfógeti, fer fram á, að honum verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 15. okt. (Db. 80).
59. Sigmundur Þorgilsson. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang., fer fram á, að Sigmundi Þorgilssyni verði greidd eftirlaun skv. 18. gr. fjárlaga. — Bréf 22. jan. (Db. 405).
60. Sigmundur Þorgilsson. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang., fer fram á, að Sigmundi Þorgilssyni verði greidd eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 16. apríl. (Db. 782).
61. Sigríður Pétursdóttir. Fjmrn. sendir fjvn. bréf menntmrn., dags. 3. apríl, varðandi viðbótareftirlaun til Sigríðar Pétursdóttur á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 8. apríl. (Db. 853).
62. Sigrún Laxdal. Póst- og símamálastjóri fer fram á, að Sigrúnu Laxdal verði greidd eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 22. des. (Db. 304).
63. Sigurborg Kristjánsdóttir. Kvenfélagið Hússtjórn fer fram á, að Sigurborgu Kristjánsdóttur verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 10. júlí. (Db. 122).
64. Sigurður Sigurðsson, fyrrv. sýslumaður, fer fram á, að honum verði greidd viðbótareftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 18. okt. (Db. 103).
65. Sigurjón Sigurðsson. Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm., fer fram á, að Sigurjóni Sigurðssyni, fyrrum yfirfiskmatsmanni, verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárlaga 1959. — Bréf 2. marz. (Db. 854).
66. Stefán Kristjánsson. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr., fer fram á, að Stefáni Kristjánssyni vegaverkstjóra verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. — Bréf 22. apríl. (Db. 806).
67. Stefán Kristjánsson. Vegamálastjóri fer fram á, að Stefáni Kristjánssyni verði greidd eftirlaun skv. 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 24. apríl. (Db. 820).
68. Stefán Stefánsson. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer fram á, að eftirlaun Stefáns Stefánssonar, fyrrv. húsvarðar menntaskólans í Reykjavík, skv. 18. gr. fjárl. hækki í 4 þús. kr. — Bréf 13. apríl. (Db. 765).
69. Una Guðmundsdóttir. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., fer fram á, að Unu Guðmundsdóttur verði veitt eftirlaun á 18. gr. fjárl. 1959. — Bréf 8. nóv. (Db. 150).
70. Valborg Einarsson fer fram á, að eftirlaun hennar á 18. gr. fjárlaga verði hækkuð. — Bréf ódags. (Db. 223).
71. Valgerður Jóhannsdóttir. Ólafur Björnsson fer fram á, að Valgerði Jóhannsdóttur verði veitt eftirlaun samkv. 18. gr. fjárlaga 1959. — Bréf 9. jan. (Db. 344).
72. Valgerður Jóhannsdóttur. Biskup Íslands tilkynnir, að eftirtaldir aðilar, sem laun tóku skv. 18. gr. fjárlaga, hafi látizt á s. l. ári: Björn Stefánsson, Jón Brandsson og Friðrik Rafnar. — Jafnframt er farið fram á, að Valgerði Jóhannsdóttur, Guðnýju Magnúsdóttur og Ásdísi G. Rafnar verði veitt eftirlaun skv. 18. gr. fjárlaga. — Bréf 8. apríl. (Db. 789).
73. Vilhjálmur Helgason. Vilhjálmur Hjálmarsson fer fram á, að Vilhjálmi Helgasyni verði greidd viðbótareftirlaun samkv. 18. gr. fjárlaga 1959. — Bréf 3. jan. (Db. 355).

74. Þorvarður Þormar. Biskup Íslands fer fram á, að Þorvarði Þormar, Sveini Víkingi og Jakob Einarssyni verði greidd eftirlaun skv. 18. gr. fjárlaga. — Bréf 8. apríl. (Db. 738).
74. Þóra Sigfúsdóttir. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., fer fram á, að Þóru Sigfúsdóttur verði veitt eftirlaun skv. 18. gr. fjárlaga 1959. — Bréf 8. des. (Db. 257).
76. Fjmrn. tilkynnir fjvn., að eftirtaldir aðilar hafi látizt, síðan frv. til fjárlaga fór til prentunar: 1) Guðbjörg Hermannsdóttir, 2) Hansína Pálsdóttir, 3) Ólafur Finsen. — Bréf 15. okt. (Db. 52).
77. Fjmrn. sendir fjvn. upplýsingar varðandi 18. gr. fjárl. — Bréf 11. nóv. (Db. 159).
78. Fjmrn. tilkynnir, að eftirtaldir styrkþegar á 18. gr. frv. til fjárl. ársins 1959 hafi látizt nýlega: 1) Jón Ólafsson, 2) Anna Þorkelsdóttir, 3) Friðrik Rafnar. — Bréf 24. marz. (Db. 695).
79. Fjmrn. tilkynnir, að tveir aðilar á 18. gr. frumvarps til fjárlaga hafi látizt á árinu. — Bréf 24. apríl. (Db. 851).

Eftirlit með skipum.
1. Umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum. — Bréf 20. febr. (Db. 554).
2. Samgmrn. fer fram á, að gerðar verði tilteknar breytingar á sama frv. — Bréf 18. nóv. (Db. 192).

Eftirlit með sparisjóðum, sjá Tillögur.
Eggert Stefánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.
Eiðaskóli, sjá: Byggingarframkvæmdir að Eiðum, Skógrækt við Eiðaskóla, Skógrækt við skóla. Tillögur.
Eiður Sigurjónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9.
Eimskipafélag Íslands, sjá Siglingalög 3.
Elínargarður á Blönduósi. Guðmundur Jónsson fer fram á, að hækkaður verði styrkur á næstu fjárl. til Elínargarðs á Blönduósi. — Bréf 1. okt. (Db. 104).
Elísabet Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 29.

Elliheimili í Keflavík.
1. Bæjarstjórinn í Keflavík fer fram á, að á fjárl. 1959 verði elliheimili Keflavíkur veittur sami styrkur og öðrum elliheimilum utan Reykjavíkur. — Bréf 2. jan. (Db. 328).
2. Félmrn. mælir með því, að elliheimili Keflavíkur verði veittur styrkur jafnhár öðrum elliheimilum utan Reykjavíkur. — Bréf 8. jan. (Db. 347).

Embættisbústaðir héraðsdómara. Dómsmrn. fer fram á, að fjárveiting á fjárl. 1959 til prestssetra hækki í 2500 þús. kr. og til embættisbústaða héraðsdómara úr 540 þús. kr. í 1190 þús. kr. — Bréf 12. nóv. (Db. 165).

Endurskoðun almannatryggingalaga.
1. Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um till. til þál. um endurskoðun almannatryggingalaga. — Bréf 18. des. (Db. 310).
2. Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um till. til þál. um endurskoðun almannatryggingalaga. — Bréf 16. des. (Db. 292).

Endurskoðun ábúðarlaga.
1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um till. til þál. um endurskoðun ábúðarlaga. — Bréf 22. des. (Db. 311).
2. Umsögn landbrn. um sömu þáltill. — Bréf 8. jan. (Db. 345).
3. Umsögn landnámsstjóra um sömu þáltill. — Bréf 18. des. (Db. 297).

Estrid Falberg Brekkan, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.

Evrópuráð.
1. Utanrrn. sendir tillögu til ályktunar ásamt nefndaráliti um endurskipulagningu Evrópuráðs o. fl. — Bréf 24. okt. (Db. 90).

2. Utanrrn. sendir skýrslu nefndar ráðgjafarþings Evrópuráðs um stjórnmálaástandið í Mið- og Austur-Evrópu. — Bréf 24. okt. (Db. 91).
3. Utanrrn. sendir samþykktir og nefndarálit frá fundum ráðgjafarþings Evrópuráðs í maí. — Bréf 24. okt. (Db 92).
4. Utanrrn. sendir skýrslu nefndar Evrópuráðsins um ástand mála í Austur-Þýzkalandi. — Bréflaust. (Db. 108).
5. Utanrrn. sendir ýmsar skýrslur varðandi samvinnu Evrópuráðs og þjóðþinganna. — Bréf 3. nóv. (Db. 135).
6. Utanrrn. tilkynnir, að aðalskrifstofa Evrópuráðs muni framvegis senda fimm eintök af samþykktum ráðgjafarþings Evrópuráðs og sé þess óskað, að skjöl þessi verði lögð fram í lestrarsal Alþingis. — Bréf 3. des. (Db. 248).
7. Utanrrn. sendir eyðublöð varðandi erindi Evrópuráðs um að leggja fram ýmis skjöl á lestrarsal Alþingis. — Bréf 3. des. (Db. 249).

Fangelsisnefnd, sjá Skýrsla fangelsisnefndar.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjá: Fiskvinnsluleiðbeinandi, Siglingalög, Útflutningssjóður 2.
Fasteignagjöld til sveitarsjóða.
1. Bæjarstjórinn á Húsavík skorar á Alþingi að hraða afgreiðslu frv. til l. um heimild til að innheimta fasteignargjöld til sveitarsjóða með álagi. — Bréf 25. marz. (Db. 860).
2. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að hraða afgreiðslu sama frv. — Símskeyti 25. marz. (Db. 859).
3. Bæjarstjórn Akureyrar mælir með sama frv. — Símskeyti 20. febr. (Db. 858).
4. Umsögn Húseigendafélags Reykjavíkur um sama frv. — Bréf 16. febr. (Db. 614).
6. Bæjarstjórinn á Siglufirði fer fram á, að honum verði send lög um fasteignaskatta til sveitarsjóða. — Bréf 31. okt. (Db. 129).

Fasteignaskattur til bæjar- og sveitarfélaga og jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
1. Félmrh. sendir frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 1945, um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fer fram á, að nefndin flytji frv. þetta á yfirstandandi Alþingi. — Bréf 22. des. (Db. 337).
2. Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um sama frv. — Bréf 7. febr. (Db. 477).

Ferðaskrifstofa Akureyrar. Jón Egilsson fer fram á, að styrkur til ferðaskrifstofu Akureyrar hækki í 40 þús. kr. — Bréf 15. nóv. (Db. 195).
Ferðaskrifstofa ríkisins, sjá Tillögur.
Félag frímerkjasafnara, sjá Póstlög 1.
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sjá Bann gegn togveiðum í landhelgi 1.
Félag íslenzkra einsöngvara, sjá Óperuflutningur.
Félag íslenzkra hljómlistarmanna. Stjórn Félags íslenzkra hljómlistarmanna sendir ályktun aðalfundar félagsins frá 7. marz. — Bréf 13. apríl. (Db 757). — Sjá einnig Rithöfundaréttur og prentréttur 3.
Félag íslenzkra iðnrekenda, sjá: Iðnlánasjóður 1, Innflutningur varahluta í vélar landbúnaðar og sjávarútvegs 1, Verkstjóranámskeið 2, Verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, Vöruhappdrætti SÍBS.
Félag íslenzkra myndlistarmanna. Menntmrn. mælir með erindi Félags íslenzkra myndlistarmanna, þar sem farið er fram á 75 þús. kr. fjárveitingu í fjárlögum 1959 vegna þátttöku íslenzkra myndlistarmanna í samnorrænni sýningu. — Bréf 7. apríl. (Db. 732). — Sjá einnig: Byggingarsjóður myndlistarsafns, Landhelgismál 4.
Félag stúdenta í íslenzkum fræðum, sjá Styrkur til útgáfu ritgerða stúdenta í íslenzkum fræðum 1.
Félag ungra framsóknarmanna við Axarfjörð, sjá Stjórnarskrárbreyting 13.

Félagsmálaráðuneytið, sjá: Barnavinafélagið Sumargjöf, Elliheimili í Keflavík 2, Fasteignaskattur til bæjar- og sveitarfélaga og jöfnunarsjóður sveitarfélaga 1, Fjárlög 1959 2—3, Lögheimili 1, Skyldusparnaður, Styrkur til Hauks Hrómundssonar, Styrkur til Sesselju Guðmundsdóttur.
Fiskideild atvinnudeildar háskólans, sjá: Bann gegn togveiðum í landhelgi 2, Niðursuðuverksmiðja á Akureyri 1.
Fiskideild Vestfjarða, sjá Takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti 5.
Fiskideild Vestmannaeyja, sjá Takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti 6.
Fiskideildir Austfirðingafjórðungs, sjá Takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti 4.
Fiskifélag Íslands. Fiskimálastjóri fer fram á, að fjárveiting á fjárl. 1959 til Fiskifélags Íslands hækki í 3133 þús. kr. — Bréf 26. nóv. (Db. 218). — Sjá einnig: Bann gegn togveiðum í landhelgi 3, Bjargráðasjóður Íslands 2—3, Hagnýting síldaraflans 2, Laun yfirfiskmatsmanna, Meðferð fiskileitartækja, Niðursuðuverksmiðja á Akureyri 2, Takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti 7—8, Tillögur, Verksmiðja til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði 2, Þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk 2.
Fiskifélagsdeild Reykjavíkur, sjá Takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti 9.
Fiskimálastjóri, sjá Fiskifélag Íslands.
Fiskmat. Yfirfiskmatsmaður Vestfjarða biður, að honum verði send lög um fiskmat. — Bréf 25. júní. (Db. 2).
Fiskmat ríkisins.
1. Sjútvmrn. fer fram á, að fjárveiting til fiskmats ríkisins hækki um 51425 kr. á fjárl. 1959 — Bréf 14. febr. (Db. 519).
2. Sjútvmrn. fer fram á, í framhaldi af bréfi sínu frá 14. febr., að fjárveiting á fjárl. 1959 til fiskmats ríkisins hækki um 56100 kr. í stað 51425 kr. — Bréf 7. marz. (Db. 636).

Fiskmatsstjóri, sjá Tillögur.
Fiskvinnsluleiðbeinandi. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands fer fram á, að sjútvn. Nd. beiti sér fyrir því, að starf fiskvinnsluleiðbeinanda verði gert að föstu opinberu starfi og veitt verði fé til þess á fjárl. 1959. — Bréf 15. des. (Db. 468).
Fivelsdal, Astrid, sjá Ríkisborgararéttur.
Fjárfestingarframkvæmdir. Innflutningsskrifstofan sendir skýrslu um fjárfestingarframkvæmdir 1957 og yfirlit um íbúðabyggingar á árunum 1954—1957. — Bréflaust. (Db. 11).
Fjárlög 1959.
1. Dómsmrn. fer fram á hækkanir á 11. gr. A. fjárlagafrumvarps ársins 1959. — Bréf 20. jan. (Db. 404).
2. Félmrn. fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárlaga ársins 1959. — Bréf 10. jan. (Db. 352).
3. Félmrn. fer fram á, að styrkur til sjúklinga annarra en berklasjúklinga verði hækkaður. — Bréf 15. jan. (Db. 382).
4. Fjmrn. fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárl. ársins 1959, að því er varðar kostnað við sendiráð í Stokkhólmi, stjórn flugmála og þjóðskjalasafnið. — Bréf 14. okt. (Db. 55).
5. Fjmrn. fer fram á, að fjvn. geri tilteknar breytingar á 22. gr. fjárlfrv. ársins 1959. — Bréf 9. des. (Db. 266).
6. Fjmrn. fer fram á, að á frv. til fjárl. 1959 verði gerðar tilteknar breytingar varðandi launagreiðslur nokkurra ríkisstofnana. — Bréf 27. jan. (Db. 429).

7. Fjmrn. fer þess á leit, að eftirtaldir liðir verði teknir inn á 22. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1959: 1) að dr. Árna Friðrikssyni verði greidd 60% af launum deildarstjóra í atvinnudeild, er hann lætur af störfum á árinu; 2) að ábyrgzt verði allt að 8 millj. kr. rekstrarlán til sementsverksmiðju ríkisins. — Bréf 19. marz. (Db. 850).
8. Flugmálastjóri fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárlaga ársins 1959. — Bréf 6. jan. (Db. 336).
9. Háskólarektor fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárl. ársins 1959. — Bréf 12. des. (Db. 284).
10. Jónas Haralz fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárlaga 1959. — Bréf 21. nóv. (Db. 203).
11. Kirkjuráð fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárlaga 1959. — Bréf 26. jan. (Db. 422).
12. Sakadómarinn í Reykjavík fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárlaga ársins 1959. — Bréf 20. jan. (Db. 395).
13. Skólastjóri vélskólans í Reykjavík fer fram á við fjvn., að framlag til sjómannaskólans verði ekki lækkað frá því, sem upphaflega var áætlað í frv. til fjárlaga fyrir árið 1959. — Bréf 22. apríl. (Db. 805).
14. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárl. árins 1959. — Bréf 17. des. (Db. 296).
15. Utanrrn. fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárl. fyrir 1959. — Bréf 30. des. (Db. 320).
16. Veðurstofustjóri fer fram á, að tilteknar hækkanir verði gerðar á frv. til fjárl. ársins 1959. — Bréf 23. febr. (Db. 551).

Fjármálaráðuneytið, sjá: Bifreiðarkaup Blindravinafélags Íslands, Búfjártryggingar, Eftirlaun og styrktarfé 4, 38, 61, 76—79, Fjárlög 4—7, Laun síldarmatsstjóra, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Ríkisábyrgð á láni til kaupa á fiskiskipum frá Austur-Þýzkalandi, Ríkisábyrgð á láni fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, Ríkisábyrgð á láni til stúdentagarðanna, Starfsmenn ríkisins, Tekjuáætlun ríkissjóðs árið 1959, Tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1958, Tillögur, Vegagerð í Hvalfirði vegna sementsverksmiðju 2, Virkjun Sogsins 1.

Fjársöfnun vegna sjóslysa. Dómsmrn. fer fram á, að fjvn. samþykki, að veittar verði 50 þús. kr. úr landhelgissjóði í fjársöfnun þá, sem nú stendur yfir til aðstandenda þeirra, sem fórust með skipunum Júlí og Hermóði. — Bréf 26. febr. (Db. 576).

Flóaáveitufélag, sjá Niðurgreiðsla á tilbúnum áburði 2.

Flóabátaferðir.

1. Breiðafjarðarbátur. Sigurvin Einarsson, þm. Barð., sendir samvn. samgm. erindi stjórnar Breiðafjarðarbátsins Norðra h/f, þar sem farið er fram á 130 þús. kr. styrk til greiðslu á kostnaði við viðgerð á bát félagsins. — Bréf 17. des. (Db. 293).
2. Breiðafjarðarbátur. Stjórn Breiðafjarðarbátsins Norðra h/f fer fram á, að veittur verði 175 þús. kr. styrkur til rekstrar m/b Konráðs á fjárl. 1959. — Bréf 31. okt. (Db. 154).
3. Breiðafjarðarbátur. Stjórn flóabátsins Baldurs h/f fer fram á, að veittur verði 500 þús. kr. styrkur til rekstrar bátsins og 75 þús. kr. styrkur til kaupa á ratsjá. — Bréf 1. des. (Db. 234).
4. Húnaflóabátur. Hermann Jónasson, þm. Str., fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittur 50 þús. kr. styrkur til vélarkaupa í flóabátinn á Húnaflóa og jafnframt að styrkur til bátsins hækki um 20 þús. kr. — Bréf 10. des. (Db. 267).
5. Húnaflóabátur. Oddviti Árneshrepps fer fram á, að styrkur Húnaflóabáts verði hækkaður. — Bréf 12. nóv. (Db. 204).

6. Mjóafjarðarbátur. Oddviti Mjóafjarðarhrepps fer fram á, að rekstrarstyrkur Mjóafjarðarbáts á árinu 1959 verði hækkaður frá því, sem nú er. — Bréf 4. jan. (Db. 364).
7. Vestmannaeyjabátur. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., og Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm., fara fram á, að ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja njóti sama styrks á fjárl. ársins 1959 og var á fjárl. 1958. — Bréf 10. febr. (Db. 485).

Flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna.
1. Utanrrn. fer fram á, að veittar verði 10 þús. kr. á fjárl. 1959 til flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. — Bréf 31. okt. (Db. 133).
2. Utanrrn. fer fram á, að á fjárl. 1959 verði veittar 10 þús. kr. til flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. — Bréf 21. jan. (Db. 418).

Flugmálastjóri, sjá: Fjárlög 1959 8, Flugsamgöngur.

Flugráð, sjá Tillögur.

Flugsamgöngur. Umsögn flugmálastjóra um till. til þál. um flugsamgöngur. — Bréf 15. apríl. (Db. 785).

Flugsamgöngur við Vestfirði. Samgmrn. sendir áætlanir og skýrslur varðandi flugsamgöngur og flugvallagerð á Vestfjörðum. — Bréf 15. des. (Db. 289) — Sjá einnig Alþýðusamband Vestfjarða 2.

Flugvallagerðir. Samgmrn. sendir fjvn. erindi flugráðs, þar sem farið er fram á, að till. um fjárveitingar til flugvallargerða á fjárl. 1959 hækki um 726285 kr. — Bréf 20. okt. (Db. 74).

Flugvallartryggingar á Keflavíkurflugvelli. Varnarmáladeild utanrrn. fer fram á, að fjárveiting til flugvallartrygginga á Keflavíkurflugvelli hækki um 38 þús. kr. — Bréf 4. febr. (Db. 473).

Forseti Íslands, sjá Bygging prestsseturs og skóla fyrir Auðkúluhrepp.

Forsætisráðuneytið, sjá: Íbúðarhús fyrir starfsfólk að Bessastöðum, Skóli í Skálholti, Tillögur.

Framkvæmdabanki Íslands, sjá: Birting skýrslna um fjárfestingu 1, Skipulagning hagrannsókna 1.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, sjá Niðurfærsla verðlags og launa 3.

Framsóknarfélag Fljótsdalshrepps, sjá Stjórnarskrárbreyting 16.

Fráfall frú Georgíu Björnsson. Ættingjar frú Georgíu Björnsson, fyrrv. forsetafrúar, þakka samúðarkveðjur Alþingis við fráfall hennar. — Bréf ódags. (Db. 20).

Fráfall forseta þings Ísraels.
1. Sendiherra Ísraels á Íslandi tilkynnir, að forseti þings Ísraels hafi látizt 28. jan. — Bréf 29. jan. (Db. 454).
2. Varaforseti þings Ísraels þakkar samúðarkveðjur Alþingis vegna fráfalls forseta þingsins þar. — Bréf ódags. (Db. 688).

Friðarverðlaun Nóbels. Nóbelsverðlaunanefnd norska Stórþingsins sendir dreifibréf varðandi úthlutun friðarverðlauna Nóbels árið 1959. — Bréf 4. nóv. (Db. 333).

Friðjón Þórðarson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 5, Sjóvarnargarður í Búðardal, Æviskrár Dalamanna.

Friðlýst land. Jónas Árnason o. fl., f. h. samtakanna „Friðlýst land", senda ályktanir frá fundum á Ísafirði, Bolungavík, Akureyri, Siglufirði, Neskaupstað og Kópavogi varðandi uppsögn herverndarsamningsins og úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu. — Bréf 15. okt. (Db. 45).

Fræðsla barna.
1. Umsögn Sambands ísl. barnakennara um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 1946, um fræðslu barna. — Bréf 19. jan. (Db. 393).
2. Stéttarfélag barnakennara í Hafnarfirði mótmælir sama frv. — Bréf 21. jan. (Db. 407).

3. Stjórn Kennarafélags Laugarnesskóla skorar á Alþingi að fella sama frv. — Bréf 21. jan. (Db. 408).
4. Stjórn Kennarafélags Laugarneskóla skorar á Alþingi að fella sama frv. — Bréf 21. jan. (Db. 409).
5. Umsögn fræðslumálastjóra um sama frv. — Bréf 22. jan. (Db. 410).
6. Kennarafélag Akraness mótmælir sama frv. — Bréf 26. jan. (Db. 427).
7. Stjórn Kennarafélags Skagfirðinga mótmælir sama frv. — Bréf 20. jan. (Db. 435).
8. Stjórn Kennarafélags Skagfirðinga mótmælir sama frv. — Bréf 20. jan. (Db. 436).
9. Umsögn skólastjóra kennaraskólans um sama frv. — Bréf 28. jan. (Db. 438).
10. Kennarar við barnaskóla Siglufjarðar mótmæla sama frv. — Bréf 24. jan. (Db. 440).
11. Félag barnakennara á Reykjanesi skorar á Alþingi að fella sama frv. — Bréf 31. jan. (Db. 451).
12. Stjórn Kennarafélags Kópavogsskóla mótmælir sama frv. — Bréf 2. febr. (Db. 452).
13. Stjórn Kennarafélags Eyjafjarðar mótmælir sama frv. — Bréf 26. jan. (Db. 461).
